

# SAMSTEYPTAR ÚTGÁFUR

SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ

OG

SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS

*Fyrirvari: Þýðing þessi, 2. útgáfa frá júní 2012, er birt með þeim fyrirvara að utanríkisráðuneytið áskilur sér rétt til að leiðrétta á síðari stigum texta þýðingarinnar ef tilefni er talið vera til þess, m.a. á grunni ábendinga um villur, æskilegri þýðingar einstakra hugtaka eða orðasambanda o.s.frv.*







## Efnisyfirlit

|  | Bls. |
|--|------|
| <b>SAMSTEYPT ÚTGÁFA SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ</b> .....  | 1    |
| INNGANGSORÐ .....  | 15   |
| I. BÁLKUR SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI .....   | 16   |
| II. BÁLKUR ÁKVÆÐI SEM VARÐA MEGINREGLUR LÝÐRÆÐISINS .....  | 20   |
| III. BÁLKUR STOFNANAÁKVÆÐI .....   | 22   |
| IV. BÁLKUR ÁKVÆÐI UM AUKNA SAMVINNU .....  | 27   |
| V. BÁLKUR ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM<br>UTAN ÞESS OG SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í<br>UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM ..... | 28   |
| 1. kafli Almenn ákvæði um aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess .....   | 28   |
| 2. kafli Sértæk ákvæði um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum .....   | 30   |
| 1. þáttur Sameiginleg ákvæði. ....   | 30   |
| 2. þáttur Ákvæði um sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum .....  | 38   |
| VI. BÁLKUR LOKAÁKVÆÐI .....  | 41   |
| <b>SAMSTEYPT ÚTGÁFA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS,</b> .....   | 47   |
| INNGANGSORÐ .....  | 49   |
| FYRSTI HLUTI MEGINREGLUR . ....  | 50   |
| I. BÁLKUR FLOKKAR OG SVIÐ VALDHEIMILDA SAMBANDSINS .....   | 50   |
| II. BÁLKUR ALMENN ÁKVÆÐI .....   | 53   |
| ANNAR HLUTI BANN VIÐ MISMUNUN OG SAMBANDSBORGARARÉTTUR .....   | 56   |
| ÞRIÐJI HLUTI STEFNUR SAMBANDSINS OG AÐGERÐIR Á VETTvangi ÞESS .....  | 59   |
| I. BÁLKUR INNRI MARKAÐURINN .....  | 59   |
| II. BÁLKUR FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR .....   | 59   |
| 1. kafli Tollabandalag .....   | 60   |

|              | Bls.   |
|--------------|--|
| 2. kafli     | Tollasamvinna ..... 61   |
| 3. kafli     | Bann við magntakmörkunum milli aðildarríkjanna ..... 61                                |
| III. BÁLKUR  | LANDBÚNAÐUR OG SJÁVARÚTVEGUR ..... 62  |
| IV. BÁLKUR   | FRJÁLS FÖR FÓLKS, FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FRJÁLSIR<br>FJÁRMAGNSFLUTNINGAR ..... 65 |
| 1. kafli     | Launafólk ..... 65   |
| 2. kafli     | Staðfesturéttur ..... 67   |
| 3. kafli     | Þjónusta ..... 70  |
| 4. kafli     | Fjármagn og greiðslur ..... 71   |
| V. BÁLKUR    | SVÆÐI FRELSIS, ÖRYGGIS OG RÉttlÆTIS ..... 73   |
| 1. kafli     | Almenn ákvæði. .... 73   |
| 2. kafli     | Stefnur er varða landamæraeftirlit, hæli og málefni innflytjenda ..... 75              |
| 3. kafli     | Dómsmálasamstarf í einkamálum ..... 78   |
| 4. kafli     | Dómsmálasamstarf í sakamálum ..... 79  |
| 5. kafli     | Lögreglusamvinna ..... 83  |
| VI. BÁLKUR   | FLUTNINGASTARFSEMI ..... 85  |
| VII. BÁLKUR  | SAMEIGINLEGAR REGLUR UM SAMKEPPNI, SKATTLAGNINGU OG<br>SAMRÆMINGU LAGA ..... 88        |
| 1. kafli     | Samkeppnisreglur ..... 88  |
| 1. þáttur    | Reglur sem gilda um fyrirtæki ..... 88   |
| 2. þáttur    | Ríkisaðstoð ..... 91   |
| 2. kafli     | Skattaákvæði ..... 93  |
| 3. kafli     | Samræming laga ..... 94  |
| VIII. BÁLKUR | STEFNA Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM ..... 96  |
| 1. kafli     | Efnahagsstefna ..... 97  |
| 2. kafli     | Peningamálastefna ..... 102  |
| 3. kafli     | Stofnanaákvæði ..... 105   |

|               |  |      |
|---------------|--|------|
|               |  | Bls. |
| 4. kafli      | Sértæk ákvæði varðandi aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil .....        | 106  |
| 5. kafli      | Umbreytingarákvæði .....   | 107  |
| IX. BÁLKUR    | ATVINNUMÁL .....   | 112  |
| X. BÁLKUR     | FÉLAGSMÁLASTEFNA .....   | 114  |
| XI. BÁLKUR    | FÉLAGSMÁLASJÓÐUR EVRÓPU .....  | 119  |
| XII. BÁLKUR   | MENNTUN, STARFSMENNTUN, ÆSKULÝÐSMÁL OG ÍPRÓTTIR .                            | 120  |
| XIII. BÁLKUR  | MENNINGARMÁL .....   | 121  |
| XIV. BÁLKUR   | LÝÐHEILSA .....  | 122  |
| XV. BÁLKUR    | NEYTENDAVERND .....  | 124  |
| XVI. BÁLKUR   | SAMEVRÓPSK NET .....   | 124  |
| XVII. BÁLKUR  | IÐNAÐUR .....  | 126  |
| XVIII. BÁLKUR | EFNAHAGSLEG SAMHELDNI, FÉLAGSLEG SAMHELDNI OG<br>SAMHELDNI MILLI SVÆÐA ..... | 127  |
| XIX. BÁLKUR   | RANNSÓKNIR OG TÆKNIÞRÓUN OG GEIMURINN .....                                  | 128  |
| XX. BÁLKUR    | UMHVERFISMÁL .....   | 132  |
| XXI. BÁLKUR   | ORKUMÁL .....  | 134  |
| XXII. BÁLKUR  | FERÐAÞJÓNUSTA .....  | 135  |
| XXIII. BÁLKUR | ALMANNAVARNIR .....  | 135  |
| XXIV. BÁLKUR  | SAMVINNA Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU .....   | 136  |
| FJÓRÐI HLUTI  | TENGL LANDA OG YFIRRÁÐASVÆÐA HANDAN HAFSINS .....                            | 137  |
| FIMMTI HLUTI  | AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS .....                         | 139  |
| I. BÁLKUR     | ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS<br>GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS .....     | 139  |
| II. BÁLKUR    | SAMEIGINLEG VIÐSKIPTASTEFNA .....  | 139  |
| III. BÁLKUR   | SAMSTARF VIÐ ÞRIÐJU LÖND OG MANNÚÐARAÐSTOÐ .....                             | 141  |
| 1. kafli      | Þróunarsamvinna .....  | 141  |
| 2. kafli      | Efnahagslegt, fjárhagslegt og tæknilegt samstarf við þriðju lönd .....       | 142  |
| 3. kafli      | Mannúðaraðstoð .....   | 143  |

|              |  |      |
|--------------|--|------|
|              |  | Bls. |
| IV. BÁLKUR   | TAKMARKANDI RÁÐSTAFANIR .....  | 144  |
| V. BÁLKUR    | ALÞJÓÐASAMNINGAR .....   | 144  |
| VI. BÁLKUR   | SAMSKIPTI SAMBANDSINS VIÐ ALÞJÓÐASTOFNANIR<br>OG ÞRIÐJU LÖND OG SENDINEFNDIR SAMBANDSINS ..... | 147  |
| VII. BÁLKUR  | SAMSTÖÐUÁKVÆÐI .....   | 148  |
| SJÖTTI HLUTI | STOFNANAÁKVÆÐI OG FJÁRHAGSÁKVÆÐI .....   | 149  |
| I. BÁLKUR    | STOFNANAÁKVÆÐI .....   | 149  |
| 1. kafli     | Stofnanirnar .....   | 149  |
| 1. þáttur    | Evrópuþingið .....   | 149  |
| 2. þáttur    | Leiðtogaráðið .....  | 152  |
| 3. þáttur    | Ráðið .....  | 153  |
| 4. þáttur    | Framkvæmdastjórnin .....   | 155  |
| 5. þáttur    | Dómstóll Evrópusambandsins .....   | 157  |
| 6. þáttur    | Seðlabanki Evrópu .....  | 167  |
| 7. þáttur    | Endurskoðunarrétturinn .....   | 169  |
| 2. kafli     | Réttargerðir Sambandsins, samþykktarferli og önnur ákvæði .....                                | 171  |
| 1. þáttur    | Réttargerðir Sambandsins .....   | 171  |
| 2. þáttur    | Málsmeðferð við samþykkt gerða og annarra ákvæða .....   | 173  |
| 3. kafli     | Ráðgjafarnefndir Sambandsins .....   | 177  |
| 1. þáttur    | Efnahags- og félagsmálanefndin .....   | 177  |
| 2. þáttur    | Svæðanefndin .....   | 178  |
| 4. kafli     | Fjárfestingarbanki Evrópu .....  | 180  |
| II. BÁLKUR   | FJÁRHAGSÁKVÆÐI .....   | 181  |
| 1. kafli     | Eigin tekjur Sambandsins .....   | 181  |
| 2. kafli     | Fjárhagsrammi til margra ára .....   | 182  |
| 3. kafli     | Árleg fjárlög Sambandsins .....  | 183  |
| 4. kafli     | Framkvæmd fjárlaga og staðfesting reikninga .....  | 186  |



|                |   |      |
|----------------|---|------|
|                |   | Bls. |
| 5. kafli       | Sameiginleg ákvæði .....  | 187  |
| 6. kafli       | Barátta gegn svikum .....   | 188  |
| III. BÁLKUR    | AUKIN SAMVINNA .....  | 189  |
| SJÖUNDI HLUTI  | ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI .....   | 192  |
| <b>BÓKANIR</b> | .....   | 201  |
| Bókun 1        | um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu .....  | 203  |
| Bókun 2        | um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar .....   | 206  |
| Bókun 3        | um stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins .....   | 210  |
| Bókun 4        | um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu .....   | 230  |
| Bókun 5        | um stofnsamþykkt Fjárfestingarbanka Evrópu .....  | 251  |
| Bókun 6        | um aðsetur stofnananna og tiltekinna aðila, skrifstofa, sérstofnana og þjónustudeilda<br>Evrópusambandsins .....  | 265  |
| Bókun 7        | um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins .....   | 266  |
| Bókun 8        | varðandi 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið um að Evrópusambandið<br>gerist aðili að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis .....   | 273  |
| Bókun 9        | um ákvörðun ráðsins að því er varðar framkvæmd 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um<br>Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins<br>á tímabilinu frá 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017 annars vegar og frá og með<br>1. apríl 2017 hins vegar ..... | 274  |
| Bókun 10       | um varanlegt, skipulegt samstarf sem komið er á með 42. gr.<br>sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 275  |
| Bókun 11       | um 42. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 278  |
| Bókun 12       | um málsmeðferð vegna óhóflegs fjármálahalla .....   | 279  |
| Bókun 13       | um viðmiðanir varðandi samleitni .....  | 281  |
| Bókun 14       | um evruhópin .....  | 283  |

|   | Bl. |
|---|-----|
| Bókun 15  |     |
| um tiltekin ákvæði er varða Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og<br>Norður-Írlands .....                                  | 284 |
| Bókun 16  |     |
| um tiltekin ákvæði er varða Danmörku .....  | 287 |
| Bókun 17  |     |
| um Danmörku .....   | 288 |
| Bókun 18  |     |
| um Frakkland .....  | 289 |
| Bókun 19  |     |
| um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn<br>í ramma Evrópusambandsins .....   | 290 |
| Bókun 20  |     |
| um beitingu ákvæðinna þátta 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins<br>gagnvart Breska konungsríkinu og Írlandi ..... | 293 |
| Bókun 21  |     |
| um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis,<br>öryggis og réttlætis .....                          | 295 |
| Bókun 22  |     |
| um stöðu Danmerkur .....  | 299 |
| Bókun 23  |     |
| um samskipti aðildarríkjanna við önnur ríki að því er varðar för yfir ytri landamæri .....  | 304 |
| Bókun 24  |     |
| um hæli til handa ríkisborgurum aðildarríkja Evrópusambandsins .....  | 305 |
| Bókun 25  |     |
| um beitingu sameiginlegra valdheimilda .....  | 307 |
| Bókun 26  |     |
| um þjónustu í almannabágu .....   | 308 |
| Bókun 27  |     |
| um innri markaðinn og samkeppni .....   | 309 |
| Bókun 28  |     |
| um efnahagslega samheldni, félagslega samheldni og samheldni milli svæða .....  | 310 |
| Bókun 29  |     |
| um útvarpsþjónustu í almannabágu í aðildarríkjunum .....  | 312 |
| Bókun 30  |     |
| um beitingu sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi gagnvart<br>Póllandi og Breska konungsríkinu .....                  | 313 |
| Bókun 31  |     |
| um innflutning til Evrópusambandsins á jarðolíuafurðum sem eru hreinsaðar<br>á Hollensku Antillum .....                           | 315 |
| Bókun 32  |     |
| um öflun eigna í Danmörku .....   | 318 |
| Bókun 33  |     |
| um 157. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 319 |

|  | Bls. |
|--|------|
| Bókun 34 um sérstakt fyrirkomulag vegna Grænlands .....  | 320  |
| Bókun 35 um gr. 40.3.3 í stjórnarskrá Írlands .....  | 321  |
| Bókun 36 um umbreytingarákvæði .....   | 322  |
| Bókun 37 um fjárhagslegar afleiðingar þess að sáttmálinn um Kola- og stálbandalag Evrópu<br>rennur úr gildi og um rannsóknasjóð fyrir kola- og stáliðnaðinn .....            | 327  |
| <b>VIÐAUKAR</b> .....  | 329  |
| I. VIÐAUKI Skrá sem um getur í 38. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 331  |
| II. VIÐAUKI Lönd og yfirráðasvæði handan hafsins sem ákvæði fjórða hluta sáttmálans<br>um starfshætti Evrópusambandsins gilda um .....                                       | 334  |
| <b>YFIRLÝSINGAR</b> sem fylgja með lokagerð ríkjaráðstefunnar þar sem Lissabonsáttmálinn<br>var samþykktur, en hann var undirritaður 13. desember 2007 .....                 | 335  |
| A. YFIRLÝSINGAR SEM VARÐA ÁKVÆÐI SÁTTMÁLANNA .....   | 337  |
| 1. Yfirlýsing vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi .....   | 337  |
| 2. Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 337  |
| 3. Yfirlýsing vegna ákvæða 8. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 337  |
| 4. Yfirlýsing varðandi skipan Evrópuþingsins .....   | 337  |
| 5. Yfirlýsing varðandi pólitískan stuðning leiðtogaráðsins við drög að ákvörðun<br>um skipan Evrópuþingsins .....  | 337  |
| 6. Yfirlýsing vegna ákvæða 5. og 6. mgr. 15. gr., 6. og 7. mgr. 17. gr. og 18. gr.<br>sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 338  |
| 7. Yfirlýsing vegna ákvæða 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið<br>og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....                            | 338  |
| 8. Yfirlýsing varðandi hagnýtar ráðstafanir sem skal gera þegar Lissabonsáttmálinn öðlast<br>gildi að því er varðar formennsku í leiðtogaráðinu og utanríkismálaráðinu ..... | 340  |
| 9. Yfirlýsing vegna ákvæða 9. mgr. 16 gr. sáttmálans um Evrópusambandið að því<br>er varðar ákvörðun leiðtogaráðsins um hvernig fara skuli með formennsku í ráðinu .....     | 341  |
| 10. Yfirlýsing vegna ákvæða 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 342  |
| 11. Yfirlýsing vegna ákvæða 6. og 7. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 342  |
| 12. Yfirlýsing vegna ákvæða 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....  | 342  |

|   | Bls. |
|---|------|
| 13. Yfirlýsing varðandi sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum .....  | 343  |
| 14. Yfirlýsing varðandi sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum .....  | 343  |
| 15. Yfirlýsing vegna ákvæða 27. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....   | 343  |
| 16. Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið .....   | 344  |
| 17. Yfirlýsing varðandi forgang .....   | 344  |
| 18. Yfirlýsing varðandi afmörkun valdheimilda .....   | 344  |
| 19. Yfirlýsing vegna ákvæða 8. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....   | 345  |
| 20. Yfirlýsing vegna ákvæða 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.....  | 345  |
| 21. Yfirlýsing varðandi vernd persónuupplýsinga á sviði dómsmálasamstarfs<br>í sakamálum og lögreglusamstarfs .....                                       | 345  |
| 22. Yfirlýsing vegna ákvæða 48. og 79. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 346  |
| 23. Yfirlýsing vegna ákvæða annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans<br>um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 346  |
| 24. Yfirlýsing varðandi réttarstöðu Evrópusambandsins sem lögaðila .....  | 346  |
| 25. Yfirlýsing vegna ákvæða 75. og 215. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 346  |
| 26. Yfirlýsing um að aðildarríki taki ekki þátt í ráðstöfun sem grundvallast á V. bálki þriðja hluta<br>sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins ..... | 346  |
| 27. Yfirlýsing vegna ákvæða annarrar undirgreinar 1. mgr. 85. gr. sáttmálans um starfshætti<br>Evrópusambandsins .....                                    | 347  |
| 28. Yfirlýsing vegna ákvæða 98. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 347  |
| 29. Yfirlýsing vegna ákvæða c-liðar 2. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti<br>Evrópusambandsins .....   | 347  |
| 30. Yfirlýsing vegna ákvæða 126. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 347  |
| 31. Yfirlýsing vegna ákvæða 156. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 348  |
| 32. Yfirlýsing vegna ákvæða c-liðar 4. mgr. 168. gr. sáttmálans um<br>starfshætti Evrópusambandsins .....   | 348  |
| 33. Yfirlýsing vegna ákvæða 174. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 349  |
| 34. Yfirlýsing vegna ákvæða 179. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 349  |
| 35. Yfirlýsing vegna ákvæða 194. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 349  |

|     |   |     |
|-----|---|-----|
| 36. | Yfirlýsing vegna ákvæða 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi rétt aðildarríkjanna til að taka upp viðræður um og ganga frá alþjóðasamningum er varða svæði frelsis, öryggis og réttlætis .....   | 349 |
| 37. | Yfirlýsing vegna ákvæða 222. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 349 |
| 38. | Yfirlýsing vegna ákvæða 252. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar fjölda lögsögumanna við Dómstólinn .....  | 350 |
| 39. | Yfirlýsing vegna ákvæða 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 350 |
| 40. | Yfirlýsing vegna ákvæða 329. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 350 |
| 41. | Yfirlýsing vegna ákvæða 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 350 |
| 42. | Yfirlýsing vegna ákvæða 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 351 |
| 43. | Yfirlýsing vegna ákvæða 6. mgr. 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....  | 351 |
| B.  | YFIRLÝSINGAR SEM VARÐA BÓKANIR ER FYLGJA MEÐ SÁTTMÁLUNUM .....  | 352 |
| 44. | Yfirlýsing vegna ákvæða 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins .....   | 352 |
| 45. | Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins .....   | 352 |
| 46. | Yfirlýsing vegna ákvæða 3. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins .....   | 352 |
| 47. | Yfirlýsing vegna ákvæða 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins .....   | 352 |
| 48. | Yfirlýsing vegna ákvæða bókunar um stöðu Danmerkur .....  | 353 |
| 49. | Yfirlýsing varðandi Ítalíu .....  | 353 |
| 50. | Yfirlýsing vegna ákvæða 10. gr. bókunar um umbreytingarákvæði .....   | 354 |
| C.  | YFIRLÝSINGAR AÐILDARRÍKJANNA .....  | 355 |
| 51. | Yfirlýsing Konungsríkisins Belgíu varðandi þjóðþing .....   | 355 |
| 52. | Yfirlýsing Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Búlgaríu, Sambandslýðveldisins Þýskalands, Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánar, Lýðveldisins Ítalíu, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Litháens, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Portúgals, Rúmeníu, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu varðandi tákni Evrópusambandsins ..... | 355 |
| 53. | Yfirlýsing Lýðveldisins Tékklands vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi .....  | 355 |

|   | Bls. |
|---|------|
| 54. Yfirlýsing Sambandslýðveldisins Þýskalands, Írlands, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Austurríkis og Konungsríkisins Svíþjóðar .....                        | 356  |
| 55. Yfirlýsing Konungsríkisins Spánar og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands .....  | 356  |
| 56. Yfirlýsing Írlands vegna ákvæða 3. gr. bókunar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis .....                | 356  |
| 57. Yfirlýsing Lýðveldisins Ítalíu varðandi skipan Evrópuþingsins .....   | 357  |
| 58. Yfirlýsing Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Ungverjalands og Lýðveldisins Möltu varðandi rithátt heitis sameiginlega gjaldmiðilsins í sáttmálunum .....         | 357  |
| 59. Yfirlýsing Konungsríkisins Hollands vegna ákvæða 312. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 357  |
| 60. Yfirlýsing Konungsríkisins Hollands vegna ákvæða 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 358  |
| 61. Yfirlýsing Lýðveldisins Póllands vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi .....   | 358  |
| 62. Yfirlýsing Lýðveldisins Póllands vegna ákvæða bókunar um beitingu sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi gagnvart Póllandi og Breska konungsríkinu ..... | 358  |
| 63. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands varðandi skilgreiningu á hugtakinu „ríkisborgarar“ .....                                   | 358  |
| 64. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands varðandi kosningarétt í kosningum til Evrópuþingsins .....                                 | 358  |
| 65. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands vegna ákvæða 75. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins .....                     | 359  |
| <b>Samsvörunartölur</b> .....   | 361  |
| Sáttmáli um Evrópusambandið .....   | 361  |
| Sáttmáli um starfshætti Evrópusambandsins .....   | 366  |

**SAMSTEYPT ÚTGÁFA**

**SÁTTMÁLANS**

**UM EVRÓPUSAMBANDIÐ**





## INNGANGSORÐ

HANS HÁTIGN KONUNGUR BELGA, HENNA HÁTIGN DROTTNING DANMERKUR, FORSETI SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS, FORSETI ÍRLANDS, FORSETI LÝÐVELDISINS GRIKKLANDS, HANS HÁTIGN KONUNGUR SPÁNAR, FORSETI LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS, FORSETI LÝÐVELDISINS ÍTALÍU, HANS KONUNGLEGA TIGN STÓRHERTOGINN AF LÚXEMBOURG, HENNA HÁTIGN DROTTNING HOLLANDS, FORSETI LÝÐVELDISINS PORTÚGALS, HENNA HÁTIGN DROTTNING HINS SAMEINADA KONUNGSRÍKIS STÓRA-BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS (<sup>1</sup>),

SEM HAGA EINSSETT SÉR að þróa enn frekar þann samruna sem hófst í Evrópu með stofnun Evrópubandalaganna,

SEM TAKA MIÐ af arfleifð Evrópu á sviði menningar, trúarbragða og mannhyggjustefnu, en af þeim grunni eru sprottin hin almennu gildi sem eru fólgin í friðhelgum og óafsalanlegum réttindum mannsins, frelsi, lýðræði, jafnrétti og réttarríkinu,

SEM HAGA HUGFAST sögulegt mikilvægi þess að skipting meginlands Evrópu er nú úr sögunni og þeirrar nauðsynjar að leggja traustan grunn að framtíðaruppbyggingu Evrópu,

SEM STAÐFESTA mikilvægi meginreglnanna um frelsi, lýðræði, virðingu fyrir mannréttindum og mannfrelsi og réttarríkið,

SEM STAÐFESTA mikilvægi félagslegra grundvallarréttinda eins og þau eru skilgreind í félagsmálasáttmála Evrópu, sem undirritaður var í Tórínó 18. október 1961, og í stofnskrá Bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega frá árinu 1989,

SEM HAGA HUG Á að auka samstöðu þjóða sinna en virða jafnframt sögu þeirra, menningu og hefðir,

SEM HAGA HUG Á að efla enn frekar lýðræðislega og skilvirka starfshætti stofnananna til að gera þeim kleift að sinna betur verkefnum sem þeim hafa verið falin innan sameiginlegs stofnanaramma,

SEM HAGA EINSSETT SÉR að styrkja efnahagskerfi landanna og auka samleitni þeirra og setja jafnframt á fót efnahags- og myntbandalag sem byggist á einum stöðugum gjaldmiðli samkvæmt ákvæðum þessa sáttmála og sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

SEM HAGA EINSSETT SÉR að ýta undir efnahagslega og félagslega þróun þjóða sinna, með hliðsjón af meginreglunni um sjálfbæra þróun og innan ramma framkvæmdar innri markaðarins, sem og aukinnar samheldni og umhverfisverndar, og hrinda í framkvæmd stefnum sem tryggja að frekari efnahagslegum samruna fylgi jafnframt hliðstæðar framfarir á öðrum sviðum,

---

(<sup>1</sup>) Eftir að upphaflegi sáttmálinn var gerður hafa Lýðveldið Búlgaría, Lýðveldið Tékkland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Rúmenía, Lýðveldið Slóvenía, Lýðveldið Slóvakía, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð gerst aðilar að Evrópusambandinu.

SEM HAFA EINSETT SÉR að koma á sameiginlegum borgararétti fyrir ríkisborgara landa sinna,

SEM HAFA EINSETT SÉR að koma til framkvæmda sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þar á meðal að móta í áföngum sameiginlega varnarstefnu er gæti leitt til sameiginlegra varna í samræmi við ákvæði 42. gr., og styrkja þannig ímynd Evrópu og sjálfstæði hennar með það fyrir augum að stuðla að friði, öryggi og framförum í Evrópu og heiminum öllum,

SEM HAFA EINSETT SÉR að greiða fyrir frjálsri för fólks en tryggja jafnframt öryggi þjóða sinna með því að koma á svæði frelsis, öryggis og réttlætis í samræmi við ákvæði þessa sáttmála og sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

SEM HAFA EINSETT SÉR að stuðla að enn nánari einingu meðal Evrópuþjóða þar sem ákvarðanir eru teknar eins nálægt borgurunum og kostur er í samræmi við nálægðarregluna,

SEM HAFA ÞAÐ AÐ MARKMIÐI að stíga frekari skref til að stuðla að samruna í Evrópu,

HAFA ÁKVÆÐIÐ að stofna Evrópusamband og hafa í því skyni tilnefnt sem fulltrúa sína, sem hafa fullt umboð:

*(Skrá yfir fulltrúa, sem hafa fullt umboð, er ekki birt hér)*

OG HAFA ÞEIR, eftir að hafa skipst á umboðsskjölum er reynst hafa gild og á réttu formi, orðið ásáttir um eftirfarandi:

## I. BÁLKUR

### SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

#### 1. gr.

(áður 1. gr. sáttmálans um Evrópusambandið) <sup>(1)</sup>

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR koma með þessum sáttmála á fót EVRÓPUSAMBANDI, hér á eftir nefnt „Sambandið“, sem aðildarríkin veita valdheimildir í því skyni að ná sameiginlegum markmiðum.

Þessi sáttmáli markar nýjan áfanga í ferli sem miðar að því að skapa nánari einingu meðal þjóða Evrópu þar sem ákvarðanir eru teknar á eins opinn hátt og eins nálægt borgurunum og kostur er.

Þessi sáttmáli og sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins (hér á eftir nefndir „sáttmálarnir“) skulu liggja til grundvallar Sambandinu. Þessir tveir sáttmálar skulu vera jafngildir að lögum. Sambandið skal leysa Evrópubandalagið af hólmi og taka við hlutverki þess.

<sup>(1)</sup> Þessar tilvísanir eru einungis til viðmiðunar. Nánari upplýsingar er að finna í samsvörunartöflum milli eldri og nýrri númeraraða í sáttmálunum.

## 2. gr.

Gildin, sem liggja til grundvallar Sambandinu, eru virðing fyrir mannlegri reisn, frelsi, lýðræði, jafnrétti, réttarríkið og virðing fyrir mannréttindum, þ.m.t. réttindum þeirra sem tilheyra minnihlutahópum. Þessi gildi eru sameiginleg aðildarríkjunum í samfélagi sem einkennist af fjölhyggju, banni við mismunun, umburðarlyndi, réttlæti, samstöðu og jafnrétti karla og kvenna.

## 3. gr.

(áður 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Markmið Sambandsins er að stuðla að friði, vinna að þeim gildum sem það byggist á og auka velsæld þjóða sinna.

2. Sambandið skal leggja borgurum sínum til svæði frelsis, öryggis og réttlætis án innri landamæra, þar sem fólki er tryggð frjáls för og viðeigandi ráðstafanir gerðar að því er varðar landamæravörslu á ytri landamærum, hæli, innflutning fólks og forvarnir og baráttu gegn afbrotum.

3. Sambandið skal koma á fót innri markaði. Það skal vinna að sjálfbærri þróun Evrópu á grundvelli jafnvægis í hagvexti og verðlagi, afar samkeppnishæfu, félagslegu markaðshagkerfi, þar sem markmiðið er atvinna fyrir alla og félagslegar framfarir, ásamt öflugri umhverfisvernd og auknum umhverfisgæðum. Það skal stuðla að framförum á sviði vísinda og tækni.

Það skal berjast gegn félagslegri útskúfun og mismunun og stuðla að félagslegu réttlæti og vernd, jafnrétti kvenna og karla, samstöðu kynslóðanna og verndun réttinda barnsins.

Það skal stuðla að efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða og samstöðu meðal aðildarríkjanna.

Það skal virða þann auð sem er fólgin í margbreytileika menningar og tungumála og sjá til þess að staðinn sé vörður um menningararfleifð Evrópu og henni gert hátt undir höfði.

4. Sambandið skal koma á efnahags- og myntbandalagi þar sem evra er gjaldmiðillinn.

5. Í samskiptum sínum við umheiminn skal Sambandið halda á lofti gildum sínum og hagsmunum og vinna að þeim, sem og stuðla að vernd borgara sinna. Það skal stuðla að friði, öryggi og sjálfbærri þróun á jörðinni, samstöðu og gagnkvæmri virðingu meðal þjóða, frjálsum og sanngjörnum viðskiptum, útrýmingu fátæktar og verndun mannréttinda, einkum réttinda barna, sem og að því að þjóðarétti sé fylgt að fullu og hann þróaður áfram, þar á meðal að meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna séu virtar.

6. Sambandið skal vinna að markmiðum sínum með þeim hætti sem samrýmist þeim valdheimildum sem því eru veittar í sáttmálunum.

## 4. gr.

1. Í samræmi við ákvæði 5. gr. fara aðildarríkin áfram með þær valdheimildir sem ekki eru veittar Sambandinu í sáttmálunum.
2. Sambandið skal virða jafna stöðu aðildarríkjanna gagnvart sáttmálunum og sjálfsmynd þjóða þeirra, sem samofin er pólitískum og stjórnskipulegum innviðum ríkjanna, m.a. að því er varðar sjálfsstjórn svæða og sveitarfélaga. Það skal virða grundvallarhlutverk ríkja, sem m.a. felst í því að tryggja friðhelgi eigin yfirráðasvæðis, að viðhalda lögum og reglu og standa vörð um þjóðaröryggi. Einkum er þjóðaröryggi alfarið á ábyrgð hvers aðildarríkis fyrir sig.
3. Í samræmi við meginregluna um samstarf af heilindum skulu Sambandið og aðildarríkin aðstoða hvert annað við að leysa af hendi þau verkefni, sem sáttmálarnir kveða á um, á grundvelli fullrar gagnkvæmrar virðingar.

Aðildarríkin skulu gera hvers konar ráðstafanir, almennar eða sértækar, sem þykja viðeigandi til að tryggja að staðið verði við þær skuldbindingar sem leiðir af sáttmálunum eða gerðum sem stofnanir Sambandsins samþykkja.

Aðildarríkin skulu greiða fyrir því að Sambandið geti leyst verkefni sín af hendi og ekki gera neinar þær ráðstafanir sem gætu stofnað markmiðum þess í hættu.

## 5. gr.

(áður 5. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Valdmörk Sambandsins ráðast af meginreglunni um veittar valdheimildir. Nálægðarreglan og meðalhófsreglan gilda um beitingu valdheimilda Sambandsins.
2. Samkvæmt meginreglunni um veittar valdheimildir skal Sambandið einungis aðhafast innan ramma þeirra valdheimilda sem aðildarríkin veita því í sáttmálunum til að ná markmiðum sáttmálanna. Aðildarríkin fara áfram með þær valdheimildir sem Sambandinu eru ekki veittar í sáttmálunum.
3. Samkvæmt nálægðarreglunni skal Sambandið grípa til aðgerða á sviðum þar sem það fer ekki með óskiptar valdheimildir því aðeins að, og einungis að því marki sem, aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum aðgerðarinnar, hvort heldur er á vettvangi ríkis, svæða eða sveitarfélaga, og þeim verður betur náð á vettvangi Sambandsins sökum umfangs aðgerðarinnar eða áhrifa af henni.

Stofnanir Sambandsins skulu beita nálægðarreglunni á þann hátt sem mælt er fyrir um í bókun um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar. Þjóðþingin tryggja að nálægðarreglunni sé fylgt í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í þeirri bókun.

4. Samkvæmt meðalhófsreglunni skulu aðgerðir Sambandsins ekki ganga lengra, að efni til eða formi, en nauðsynlegt telst til að ná markmiðum sáttmálanna.

Stofnanir Sambandsins skulu beita meðalhófsreglunni á þann hátt sem mælt er fyrir um í bókun um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar.

## 6. gr.

(áður 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sambandið viðurkennir þau réttindi, það frelsi og þær meginreglur sem kveðið er á um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi frá 7. desember 2000, eins og honum var breytt í Strassborg 12. desember 2007, og skal sá sáttmáli vera jafngildur sáttmálunum að lögum.

Ákvæði sáttmálans um grundvallarréttindi skulu ekki rýmka á neinn hátt valdheimildir Sambandsins eins og þær eru skilgreindar í sáttmálunum.

Túlka skal þau réttindi, það frelsi og þær meginreglur sem kveðið er á um í sáttmálanum um grundvallarréttindi í samræmi við almenn ákvæði VII. bálks sáttmálans um túlkun hans og beitingu og að teknu tilhlýðilegu tilliti til skýringanna, sem um getur í honum, þar sem gerð er grein fyrir uppruna þessara ákvæða.

2. Sambandið skal gerast aðili að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis. Slík aðild skal ekki hafa áhrif á valdheimildir Sambandsins eins og þær eru skilgreindar í sáttmálunum.

3. Grundvallarréttindin, sem tryggð eru með Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og eins og þau leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna, skulu teljast almennar meginreglur í lögum Sambandsins.

## 7. gr.

(áður 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Að fenginni rökstuddri tillögu þriðjungs aðildarríkjanna, Evrópuþingsins eða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins getur ráðið komist að þeirri niðurstöðu, með meirihluta er nemur fjórum fimmtu þeirra sem eiga setu í því og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, að raunveruleg hætta sé á að aðildarríki sniðgangi gróflega þau gildi sem um getur í 2. gr. Áður en ráðið kemst að slíkri niðurstöðu skal það hlýða á málflutning viðkomandi aðildarríkis og er ráðinu heimilt að beina til þess tilmælum í samræmi við sömu málsmeðferð.

Ráðið skal ganga úr skugga um það reglulega að þær ástæður, sem voru forsenda niðurstöðunnar, eigi enn við.

2. Leiðtogaráðið getur einróma komist að þeirri niðurstöðu, að tillögu þriðjungs aðildarríkjanna eða framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, að aðildarríki hafi ítrekað sniðgengið gróflega þau gildi, sem um getur í 2. gr., eftir að hafa boðið viðkomandi aðildarríki að leggja fram athugasemdir.

3. Verði komist að niðurstöðu í samræmi við 2. mgr. getur ráðið ákveðið, með auknum meirihluta, að svipta viðkomandi aðildarríki tímabundið einhverjum þeim réttindum sem leiðir af beitingu sáttmálanna, þ.m.t. atkvæðisrétti fulltrúa stjórnvalda þess aðildarríkis í ráðinu. Ráðið skal þá jafnframt taka tillit til mögulegra afleiðinga slíkrar tímabundinnar sviptingar á réttindi og skyldur einstaklinga og lögaðila.

Skuldbindingar viðkomandi aðildarríkis samkvæmt sáttmálunum skulu eftir sem áður vera bindandi fyrir það ríki í öllum tilvikum.

4. Ráðið getur ákveðið síðar, með auknum meirihluta, að breyta ráðstöfunum, sem gerðar eru skv. 3. mgr., eða afturkalla þær ef breytingar verða á þeim aðstæðum sem leiddu til þess að þeim var komið á.
5. Mælt er fyrir um tilhögun atkvæðagreiðslu, sem gildir fyrir Evrópuþingið, leiðtogaráðið og ráðið að því er varðar þessa grein, í 354. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*8. gr.*

1. Sambandið skal koma á sérstökum tengslum við nágrannalönd sín í því skyni að koma á svæði hagsældar og velvildar milli nágrannaríkja, sem er reist á gildum Sambandsins og einkennist af nánnum og friðsömum tengslum á grundvelli samvinnu.
2. Sambandinu er heimilt, í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr, að gera sérstaka samninga við viðkomandi lönd. Slíkir samningar geta falið í sér gagnkvæm réttindi og skyldur, sem og möguleika á sameiginlegum aðgerðum. Reglubundið samráð skal haft um framkvæmd þeirra.

**II. BÁLKUR**

**ÁKVÆÐI SEM VARÐA MEGINREGLUR LÝÐRÆÐISINS**

*9. gr.*

Sambandið skal í allri starfsemi sinni virða meginregluna um jafnrétti borgara sinna sem skulu njóta jafnræðis við afgreiðslu hjá stofnunum, aðilum, skrifstofum og sérstofnunum þess. Sérhver ríkisborgari aðildarríkis skal vera borgari Sambandsins. Sambandsborgararéttur skal koma til viðbótar við ríkisborgararétt í aðildarríki og kemur ekki í stað hans.

*10. gr.*

1. Starfshættir Sambandsins skulu byggjast á fulltrúalýðræði.
2. Beinir fulltrúar borgaranna á vettvangi Sambandsins sitja á Evrópuþinginu.

Þjóðhöfðingjar eða leiðtogar ríkisstjórna aðildarríkjanna eru fulltrúar ríkja sinna í leiðtogaráðinu en ríkisstjórnir þeirra eru fulltrúar þeirra í ráðinu, og bera lýðræðislega ábyrgð, annaðhvort gagnvart þjóðþingum sínum eða borgurum.

3. Sérhver borgari skal hafa rétt til þátttöku í lýðræðislegu starfi innan Sambandsins. Ákvarðanir skulu teknar á eins opinn hátt og eins nálægt borgurunum og kostur er.
4. Stjórn málaflakkar á Evrópuvettvangi stuðla að því að móta evrópska stjórn mála vitund og tjá vilja borgara Sambandsins.

*11. gr.*

1. Stofnanirnar skulu, með viðeigandi hætti, gefa borgurunum og hagsmunasamtökum kost á að koma skoðunum sínum á framfæri og skiptast opinberlega á skoðunum á öllum þeim sviðum sem Sambandið starfar á.
2. Stofnanirnar skulu eiga í opnum, gagnsæjum og reglulegum skoðanaskiptum við hagsmunasamtök og hið borgaralega samfélag.
3. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins skal hafa víðtækt samráð við hlutaðeigandi aðila til að tryggja að aðgerðir Sambandsins einkennist af samræmi og gagnsæi.
4. Hópur Sambandsborgara, sem eru ríkisborgarar í umtalsverðum fjölda aðildarríkja og að minnsta kosti ein milljón að tölu, getur tekið það frumkvæði að óska eftir því við framkvæmdastjórn Evrópusambandsins að hún leggi fram, innan ramma valdheimilda sinna, hvers konar viðeigandi tillögu varðandi málefni þar sem borgararnir telja að réttargerð Sambandsins þurfi til framkvæmdar sáttmálunum.

Ákveða skal nauðsynlega málsmeðferð og skilyrði vegna slíks borgaralegs frumkvæðis í samræmi við fyrstu málsgrein 24. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*12. gr.*

Þjóðþingin hafa virku hlutverki að gegna við að tryggja fullnægjandi starfshætti Sambandsins þar sem þau:

- a) taka við upplýsingum frá stofnunum Sambandsins og drögum að lagagerðum Sambandsins í samræmi við bókun um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu,
- b) sjá til þess að nálægðarreglan sé virt í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í bókun um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar,
- c) taka þátt, innan ramma svæðis frelsis, öryggis og réttlætis, í mati vegna framkvæmdar á stefnum Sambandsins á svæðinu, í samræmi við 70. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og koma að pólitísku eftirliti með Evrópulögreglunni (Europol) og mati á starfsemi Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust) í samræmi við 88. og 85. gr. þess sáttmála,
- d) taka þátt í endurskoðunarmeðferðum sáttmálanna í samræmi við 48. gr. þessa sáttmála,
- e) taka við tilkynningum um umsóknir um inngöngu í Sambandið í samræmi við 49. gr. þessa sáttmála,
- f) taka þátt í þingmannasamstarfi milli þjóðþinganna og við Evrópuþingið í samræmi við bókun um hlutverk þjóðþinga í Evrópusambandinu.

### III. BÁLKUR

#### STOFNANAÁKVÆÐI

##### 13. gr.

1. Sambandið skal starfa samkvæmt stofnanaramma sem skal miða að því að halda á lofti þeim gildum sem Sambandið stendur fyrir, vinna að markmiðum þess, þjóna hagsmunum Sambandsins, borgara þess og aðildarríkjanna og tryggja samræmi, skilvirkni og samfellu í stefnum þess og aðgerðum.

Stofnanir Sambandsins skulu vera:

- Evrópuþingið,
- leiðtogaráðið,
- ráðið,
- framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (hér á eftir kölluð „framkvæmdastjórnin“),
- Dómstóll Evrópusambandsins,
- Seðlabanki Evrópu,
- Endurskoðunarrétturinn.

2. Hver stofnun skal starfa innan þeirra valdheimilda sem henni eru veittar í sáttmálunum og í samræmi við þá málsmeðferð, þau skilyrði og þau markmið sem mælt er fyrir um í þeim. Stofnanirnar skulu starfa hver með annarri af heilindum.

3. Í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins er að finna ákvæði um Seðlabanka Evrópu og Endurskoðunarréttinn, svo og ítarleg ákvæði um hinar stofnanirnar.

4. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu njóta aðstoðar efnahags- og félagsmálanefndar og svæðanefndar sem gegna ráðgefandi hlutverki.

##### 14. gr.

1. Evrópuþingið skal fara með löggjafar- og fjárveitingarvald ásamt ráðinu. Það skal sinna pólitísku eftirliti og ráðgjöf, eins og mælt er fyrir um í sáttmálunum. Það skal kjósa forseta framkvæmdastjórnarinnar.

2. Evrópuþingið skal skipað fulltrúum borgara Sambandsins. Þeir skulu ekki vera fleiri en sjö hundruð og fimmtíu, auk forseta. Hlutfall fulltrúa borgaranna skal fara stíglækkandi eftir því sem íbúafjöldinn er meiri en aldrei skulu vera færri en sex þingmenn frá hverju aðildarríki. Engu aðildarríki skal úthlutað fleiri en níutíu og sex sætum.



Leiðtogaráðið skal samþykkja einróma, að frumkvæði Evrópuþingsins og með samþykki þess, ákvörðun um skipan Evrópuþingsins að virtum meginreglum sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Þingmenn á Evrópuþinginu skulu kjörnir til fimm ára í beinum almennum kosningum með frjálsri og leynilegri atkvæðagreiðslu.
4. Evrópuþingið skal kjósa sér forseta og forsætisnefnd úr hópi þingmanna.

*15. gr.*

1. Leiðtogaráðið skal vera drifkraftur þróunar í Sambandinu og skal það ákveða almenn pólitísk stefnumið þess og forgangsatíði. Það skal ekki fara með löggjafarvald.
2. Í leiðtogaráðinu skulu eiga sæti þjóðhöfðingjar eða leiðtogar ríkisstjórna aðildarríkjanna, ásamt forseta þess og forseta framkvæmdastjórnarinnar. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal taka þátt í starfi þess.
3. Leiðtogaráðið skal koma saman tvisvar á hverju sex mánaða tímabili, og skal forseti þess sjá um að kalla það saman. Ef þörf er á vegna fundardagskrár geta þeir, sem eiga sæti í leiðtogaráðinu, haft ráðherra sér til aðstoðar eða, í tilviki forseta framkvæmdastjórnarinnar, einn framkvæmdastjórnanna. Forsetinn skal kalla saman sérstakan fund í leiðtogaráðinu ef aðstæður krefjast þess.
4. Leiðtogaráðið skal taka ákvarðanir samhljóða nema sáttmálarnir kveði á um annað.
5. Leiðtogaráðið skal kjósa sér forseta, með auknum meirihluta, til tveggja og hálfis árs í senn og er skipunartími hans endurnýjanlegur einu sinni. Forfallist forseti eða gerist sekur um alvarlegt misferli getur leiðtogaráðið bundið enda á skipunartíma hans með sömu málsmeðferð.
6. Forseti leiðtogaráðsins skal:
  - a) sitja í forsæti og leiða starf þess,
  - b) tryggja góðan undirbúning og samfellu í starfi leiðtogaráðsins í samstarfi við forseta framkvæmdastjórnarinnar og á grundvelli starfs almenna ráðsins,
  - c) leitast við að stuðla að samheldni og samhljómi innan leiðtogaráðsins,
  - d) gefa Evrópuþinginu skýrslu eftir hvern fund leiðtogaráðsins.

Forseti leiðtogaráðsins skal, á sínum vettvangi og í krafti stöðu sinnar, tryggja fyrirvar Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess þegar um er að ræða málefni er varða sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum, sbr. þó valdsvið æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum.

Forseti leiðtoga ráðsins má ekki gegna embætti á vegum aðildarríkis.

*16. gr.*

1. Ráðið skal fara með löggjafar- og fjárveitingarvald ásamt Evrópuþinginu. Það skal annast stefnumótun og samræmingu eins og mælt er fyrir um í sáttmálunum.
2. Í ráðinu skal eiga sæti fulltrúi frá hverju aðildarríkjanna, á ráðherrastigi, sem hefur heimild til að skuldbinda ríkisstjórn viðkomandi ríkis og greiða atkvæði fyrir hennar hönd.
3. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta nema kveðið sé á um annað í sáttmálunum.
4. Frá 1. nóvember 2014 skal aukinn meirihluti skilgreindur sem a.m.k. 55% þeirra sem eiga sæti í ráðinu, þ.e. í það minnsta fimmtán, og skulu þeir vera fulltrúar aðildarríkja sem til teljast a.m.k. 65% af íbúafjölda Sambandsins.

Til þess að minnihluti geti stöðvað framgang mála verður hann að vera skipaður a.m.k. fjórum fulltrúum í ráðinu, en náist það ekki skal litið svo á að aukinn meirihluti hafi náðst.

Mælt er fyrir um annað fyrirkomulag varðandi aukinn meirihluta í 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Í bókun um umbreytingarákvæði er mælt fyrir um umbreytingarákvæði varðandi skilgreininguna á auknum meirihluta, sem skulu gilda til 31. október 2014 annars vegar og frá 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017 hins vegar.
6. Ráðið skal koma saman í mismunandi samsetningum og skal skrá yfir samsetningar þess samþykkt í samræmi við 236. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Almenna ráðið skal tryggja samræmi í starfi hinna ýmsu samsetninga ráðsins. Það skal undirbúa fundi leiðtoga ráðsins og tryggja eftirfylgni við þá í samráði við forseta leiðtoga ráðsins og framkvæmdastjórnina.

Utanríkismálaráðið skal móta aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess á grundvelli stefnumiða, sem leiðtoga ráðið mælir fyrir um, og tryggja samræmi í aðgerðum Sambandsins.

7. Nefnd fastafulltrúa ríkisstjórna aðildarríkja skal undirbúa starf ráðsins.
8. Fundir ráðsins skulu haldnir í heyranda hljóði þegar það tekur til umfjöllunar og greiðir atkvæði um drög að lagagerð. Hver fundur ráðsins skal því vera tvískiptur, þar sem annars vegar fara fram umræður um lagagerðir Sambandsins og hins vegar starf sem ekki tengist lagasetningu.
9. Fulltrúar aðildarríkja í ráðinu skulu fara með formennsku í samsetningum ráðsins til skiptis, að undanskildri þeirri sem fer með utanríkismál, í samræmi við skilyrðin sem sett eru í 236. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## 17. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal vinna að almennum hagsmunum Sambandsins og taka viðeigandi frumkvæði í því skyni. Hún skal tryggja beitingu sáttmálanna sem og ráðstafana sem stofnanirnar gera samkvæmt þeim. Hún skal hafa umsjón með beitingu laga Sambandsins undir eftirliti Dómstóls Evrópusambandsins. Hún skal hafa með höndum framkvæmd fjárlaga og stýra áætlunum. Hún skal gegna samræmingar- og stjórnunarhlutverki og fara með framkvæmdarvald eins og mælt er fyrir um í sáttmálunum. Hún skal tryggja fyrirsvar Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess nema að því er varðar sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum og önnur tilvik sem kveðið er á um í sáttmálunum. Hún skal eiga frumkvæði að gerð árlegra áætlana Sambandsins og áætlana þess til margra ára með það í huga að gera samstarfssamninga milli stofnana.

2. Lagagerðir Sambandsins má einungis samþykkja að tillögu framkvæmdastjórnarinnar nema kveðið sé á um annað í sáttmálunum. Aðrar gerðir skulu samþykktar að tillögu framkvæmdastjórnarinnar ef kveðið er á um það í sáttmálunum.

3. Skipunartími framkvæmdastjórnarinnar skal vera fimm ár.

Framkvæmdastjórnarnir skulu valdir úr hópi fólks sem er óvefengjanlega öðrum óháð á grundvelli almennrar hæfni sinnar og stuðnings við evrópskan málstað.

Framkvæmdastjórnin skal vera algjörlega óháð öðrum í störfum sínum. Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 18. gr. mega framkvæmdastjórnarnir í störfum sínum hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnnum eða frá annarri stofnun, aðila, skrifstofu eða einingu. Þeir skulu ekki gera neitt það sem ósamrýmanlegt er skyldum þeirra eða störfum.

4. Í framkvæmdastjórninni, sem skipuð er milli gildistökudags Lissabonsáttmálans og 31. október 2014, skulu eiga sæti einn ríkisborgari frá hverju aðildarríki, þ.m.t. forseti hennar og æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum sem skal vera einn af varaforsetum hennar.

5. Frá 1. nóvember 2014 skal fjöldi framkvæmdastjóra, að meðtöldum forseta framkvæmdastjórnarinnar og æðsta talsmanni stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, samsvara tveimur þriðju hlutum aðildarríkjanna nema leiðtogaáráðið ákveði einróma að breyta þeirri tölu.

Framkvæmdastjórnarnir skulu valdir úr hópi ríkisborgara aðildarríkjanna á grundvelli kerfis sem tryggir að aðildarríkin skiptist að öllu leyti jafnt á og endurspeglar lýðfræðilega og landfræðilega stöðu aðildarríkjanna. Kerfinu skal komið á með einróma ákvörðun leiðtogaáráðsins í samræmi við 244. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

6. Forseti framkvæmdastjórnarinnar skal:

- a) setja fram viðmiðunarreglur um störf framkvæmdastjórnarinnar,
- b) ákveða innra skipulag framkvæmdastjórnarinnar, tryggja að framgangi hennar einkennist af samræmi, skilvirkni og að hún tali einum rómi,

- c) skipa varaforseta, aðra en æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, úr hópi framkvæmdastjóranna.

Framkvæmdastjóri skal segja af sér að kröfu forseta. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal segja af sér, að kröfu forseta, í samræmi við málsmeðferðina sem sett er fram í 1. mgr. 18. gr.

7. Að teknu tilliti til kosninga til Evrópuþingsins og að höfðu viðeigandi samráði skal leiðtogaráðið leggja fyrir Evrópuþingið tillögu, sem samþykkt hefur verið með auknum meirihluta, um tilnefningu í stöðu forseta framkvæmdastjórnarinnar. Sá, sem tilnefndur er, skal kosinn af Evrópuþinginu með stuðningi meirihluta allra þingmanna. Hljóti hann ekki tilskilinn meirihluta skal leiðtogaráðið innan mánaðar leggja fram tillögu um nýjan frambjóðanda, sem samþykkt hefur verið með auknum meirihluta, og skal hann kosinn af Evrópuþinginu í samræmi við sömu málsmeðferð.

Ráðið skal með samhljóða samkomulagi við kjörinn forseta samþykkja skrá yfir aðra þá sem það leggur til að verði skipaðir framkvæmdastjórar. Þeir skulu valdir á grundvelli tillagna frá aðildarríkjunum í samræmi við viðmiðanir annars undirliðar 3. mgr. og annars undirliðar 5. mgr.

Evrópuþingið verður að samþykkja forsetann, æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og hina framkvæmdastjórana sem eina heild í atkvæðagreiðslu. Á grundvelli þessa samþykkis skal leiðtogaráðið skipa framkvæmdastjórnina með auknum meirihluta.

8. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð gagnvart Evrópuþinginu sem ein heild. Í samræmi við 234. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins getur Evrópuþingið greitt atkvæði um vantrauststillögu á framkvæmdastjórnina. Ef slík tillaga er samþykkt skal framkvæmdastjórnin segja af sér sem heild og æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal segja af sér því starfi sem hann gegnir innan framkvæmdastjórnarinnar.

### 18. gr.

1. Leiðtogaráðið skal skipa æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta og með samþykki forseta framkvæmdastjórnarinnar. Leiðtogaráðið getur bundið enda á skipunartíma talsmannsins með sömu málsmeðferð.

2. Æðsti talsmaðurinn skal framfylgja sameiginlegri stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum. Hann skal með tillögum sínum stuðla að þróun þeirrar stefnu og framfylgja henni í umboði ráðsins. Hið sama á við um sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum.

3. Æðsti talsmaðurinn skal veita utanríkismálaráðinu forstöðu.

4. Æðsti talsmaðurinn skal vera einn af varaforsetum framkvæmdastjórnarinnar. Hann skal tryggja samræmi í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Hann skal bera ábyrgð, innan framkvæmdastjórnarinnar, á þeim sviðum er heyra undir hana og varða samskipti við ríki utan Sambandsins sem og á samræmingu annarra þátta í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Æðsti talsmaðurinn skal, að því er varðar þessar skyldur innan framkvæmdastjórnarinnar, og aðeins þær, vera bundinn af verklagsreglum framkvæmdastjórnarinnar, að því marki sem slíkt samrýmist 2. og 3. mgr.

#### 19. gr.

1. Dómstóll Evrópusambandsins skal samanstanda af Dómstólnum, Almenna dómstólnum og sérdómstólum. Hann skal sjá til þess að túlkun og beiting sáttmálanna sé í samræmi við lög.

Aðildarríkin skulu leggja til fullnægjandi úrræði til að tryggja skilvirka réttarvernd á þeim sviðum sem falla undir lög Sambandsins.

2. Dómstóll Evrópusambandsins skal skipaður einum dómara frá hverju aðildarríkjanna. Hann skal njóta aðstoðar lögsögumanna.

Almenni dómstóllinn skal skipaður a.m.k. einum dómara frá hverju aðildarríkjanna.

Dómarar og lögsögumenn Dómstóls Evrópusambandsins og dómarar Almenna dómstólsins skulu kjörnir úr hópi fólks sem er óvefengjanlega öðrum óháð og uppfyllir skilyrði 253. og 254. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Þeir skulu skipaðir til sex ára með samhljóða samkomulagi ríkisstjórna aðildarríkjanna. Heimilt er að endurskipa dómara og lögsögumenn sem láta eiga af störfum.

3. Dómstóll Evrópusambandsins skal, í samræmi við sáttmálana:

- a) dæma í málum sem aðildarríki, stofnanir, einstaklingar eða lögaðilar höfða,
- b) kveða upp forúrskurði, að beiðni dómstóla í aðildarríkjunum, um túlkun laga Sambandsins eða lögmati gerða sem stofnanirnar hafa samþykkt,
- c) dæma í öðrum málum sem kveðið er á um í sáttmálunum.

## IV. BÁLKUR

### ÁKVÆÐI UM AUKNA SAMVINNU

#### 20. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríki, sem óska eftir því að koma á aukinni samvinnu sín á milli á sviðum þar sem Sambandið fer ekki með óskiptar valdheimildir, geta nýtt sér stofnanir þess og viðkomandi valdheimildir með því að beita viðeigandi ákvæðum sáttmálanna, með þeim takmörkunum og í samræmi við það ítarlega fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í þessari grein og í 326.–334. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Aukin samvinna skal miða að því að vinna að markmiðum Sambandsins, vernda hagsmuni þess og styrkja samrunaferli þess. Samvinna af þessu tagi skal ávallt opin öllum aðildarríkjum í samræmi við 328. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Ákvörðun um að heimila aukna samvinnu skal tekin af ráðinu sem lokaúrræði þegar komið hefur í ljós að Sambandið sem heild getur ekki náð markmiðum slíkrar samvinnu innan hæfilegs tíma og að því tilskildu að a.m.k. níu aðildarríki taki þátt í henni. Ráðið skal taka ákvörðun í samræmi við 329. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Öllum, sem eiga sæti í ráðinu, er heimilt að taka þátt í umfjöllun en einungis fulltrúar aðildarríkjanna, sem taka þátt í hinni auknu samvinnu, skulu greiða atkvæði. Reglur um atkvæðagreiðsluna koma fram í 330. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Gerðir, sem samþykktar eru innan ramma aukinnar samvinnu, skulu aðeins vera bindandi fyrir þau aðildarríki sem taka þátt í henni. Þær skulu ekki teljast hluti þeirra réttarreglna sem umsóknarlönd þurfa að samþykkja vegna inngöngu í Sambandið.

## V. BÁLKUR

### **ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS OG SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM**

#### 1. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS

##### 21. gr.

1. Framganga Sambandsins á alþjóðavettvangi skal samrýmast þeim meginreglum sem voru hvatinn að tilurð þess, uppbyggingu og stækkun og sem það leitast við að halda á lofti gagnvart umheiminum: lýðræði, réttarríkinu, algildum og ósundurgreinanlegum mannréttindum og mannfrelsi, virðingu fyrir mannlegri reisn, jafnræðisreglunni og meginreglunni um samstöðu sem og virðingu fyrir sáttmála Sameinuðu þjóðanna og þjóðarétti.

Sambandið skal leitast við að koma á tengslum og samstarfi við þriðju lönd og alþjóðlegar, svæðisbundnar eða hnattrænar stofnanir sem fylgja þeim meginreglum sem um getur í fyrstu undirgrein. Það skal hvetja til marghliða lausna á sameiginlegum vandamálum, einkum á vettvangi Sameinuðu þjóðanna.

2. Sambandið skal móta og framfylgja sameiginlegum stefnum og aðgerðum og vinna að umfangsmiklu samstarfi á öllum sviðum alþjóðatengsla með það fyrir augum að:

a) standa vörð um gildi sín, grundvallarhagsmuni, öryggi, sjálfstæði og áreiðanleika,

- b) efla og styðja við lýðræði, réttarríkið, mannréttindi og meginreglur þjóðaréttar,
- c) varðveita frið, koma í veg fyrir átök og efla alþjóðaöryggi í samræmi við markmið og meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna, meginreglur Helsinki-lokagerðarinnar og markmið Parísarsáttmálans, þar á meðal þau sem varða ytri landamæri,
- d) styðja við sjálfbæra þróun efnahagsmála, félagsmála og umhverfismála í þróunarlöndunum með það að meginmarkmiði að útrýma fátækt,
- e) ýta undir samþættingu allra landa inn í efnahagskerfi heimsins, meðal annars með því að aflétta smám saman höftum á alþjóðaviðskiptum,
- f) aðstoða við mótun ráðstafana á alþjóðavettvangi til að vernda og bæta umhverfið og sjálfbæra stjórnun náttúruauðlinda heimsins í því skyni að tryggja sjálfbæra þróun,
- g) aðstoða íbúa, lönd og svæði sem standa frammi fyrir náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum og
- h) stuðla að alþjóðlegu kerfi er byggi á öflugri marghliða samvinnu og góðum stjórnunarháttum á heimsvísu.

3. Sambandið skal virða þær meginreglur og vinna að þeim markmiðum, sem lýst er í 1. og 2. mgr., þegar unnið er að þróun og framkvæmd aðgerða gagnvart ríkjum utan þess, á mismunandi sviðum sem falla undir þennan bálk og fimmta hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, svo og þeirra þátta í öðrum stefnum þess er lúta að ríkjum utan Sambandsins.

Sambandið skal tryggja samræmi milli hinna ýmsu sviða aðgerða þess gagnvart ríkjum utan þess og milli þeirra og annarra stefna þess. Ráðið og framkvæmdastjórnin skulu tryggja slíkt samræmi með aðstoð æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og starfa saman að því markmiði.

## 22. gr.

1. Leiðtogaráðið skal skilgreina brýna hagsmuni og markmið Sambandsins á grundvelli þeirra meginreglna og markmiða sem lýst er í 21. gr.

Ákvarðanir leiðtogaráðsins varðandi brýna hagsmuni og markmið Sambandsins skulu snúa að sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum og öðrum sviðum aðgerða Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Slíkar ákvarðanir geta varðað tengsl Sambandsins við tiltekið land eða svæði, en nálgunin getur einnig verið þemabundin. Tilgreina skal í þeim hver gildistími þeirra er og hvaða úrræði Sambandinu og aðildarríkjunum ber að leggja til.

Leiðtogaráðið skal taka einróma ákvörðun, að fengnum tilmælum frá ráðinu, sem hið síðarnefnda hefur samþykkt samkvæmt því fyrirkomulagi sem mælt er fyrir um gagnvart hverju sviði. Um framkvæmd ákvarðana leiðtogaráðsins fer samkvæmt málsmeðferð sem kveðið er á um í sáttmálunum.

2. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, sem fulltrúi sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, og framkvæmdastjórnin, sem fulltrúi annarra sviða aðgerða gagnvart ríkjum utan Sambandsins, geta lagt sameiginlegar tillögur fyrir ráðið.

## 2. KAFLI

### SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM

#### 1. ÞÁTTUR

#### SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

##### 23. gr.

Framganga Sambandsins á alþjóðavettvangi, samkvæmt þessum kafla, skal samrýmast þeim meginreglum og miða að þeim markmiðum sem mælt er fyrir um í almennu ákvæðunum í 1. kafla og vera í samræmi við þau.

##### 24. gr.

(áður 11. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Valdheimildir Sambandsins á sviði sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum skulu ná til allra sviða utanríkisstefnu og allra álitafna er tengjast öryggi Sambandsins, þar á meðal mótunar í áföngum á sameiginlegri varnarstefnu er gæti síðar leitt til sameiginlegra varna.

Um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum gilda sértækar reglur og sérstök málsmeðferð. Leiðtogaráðið og ráðið skulu móta stefnuna og hrinda henni í framkvæmd og taka um slíkt einróma ákvarðanir nema sáttmálarnir kveði á um annað. Samþykkt lagagerða skal vera undanskilin þessu. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og aðildarríkin skulu koma sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum til framkvæmda í samræmi við sáttmálana. Sérstakt hlutverk Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar á þessu sviði er skilgreint í sáttmálanum. Dómstóll Evrópusambandsins skal ekki hafa lögsögu að því er varðar þessi ákvæði þegar frá er talin lögsaga hans til að fylgjast með því að farið sé að 40. gr. þessa sáttmála og til að sannreyna lögmæti tiltekinna ákvarðana, eins og kveðið er á um í annarri málsgrein 275. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Sambandið skal, innan ramma þeirra meginreglna og markmiða sem stýra aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess, framfylgja, móta og koma til framkvæmda sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, sem byggist á þróun gagnkvæmrar pólitískrar samstöðu meðal aðildarríkjanna, greiningu sameiginlegra álitafna og æ meiri samleitni í aðgerðum aðildarríkjanna.

3. Aðildarríkin skulu styðja stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum á virkan og afdráttarlausan hátt, í anda heilinda og gagnkvæmrar samstöðu og skulu hlíta aðgerðum Sambandsins á þessu sviði.



Aðildarríkin skulu vinna saman að því að efla og þróa gagnkvæma pólitíska samheldni sín á milli. Þau skulu forðast að gera nokkuð það sem vinnur gegn hagsmunum Sambandsins eða kynni að skaða áhrif þess sem samheldins afls í alþjóðasamskiptum.

Ráðið og æðsti talsmaðurinn skulu sjá til þess að þessum meginreglum sé fylgt.

*25. gr.*

(áður 12. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sambandið skal framfylgja sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum með því að:

- a) setja almennar viðmiðunarreglur,
- b) samþykkja ákvarðanir þar sem fram kemur:
  - i. til hvaða aðgerða Sambandið mun grípa,
  - ii. afstaða Sambandsins,
  - iii. fyrirkomulag varðandi framkvæmd þeirra ákvarðana sem um getur í i. og ii. lið,
 og með því að
- c) efla kerfisbundið samstarf aðildarríkjanna um framfylgd stefnunnar.

*26. gr.*

(áður 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Leiðtogaráðið skal skilgreina brýna hagsmuni Sambandsins, setja því markmið og ákveða almennar viðmiðunarreglur fyrir sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. í málefnum sem tengjast varnarstarfi. Það skal samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í því skyni.

Kalli þróun á alþjóðavettvangi á slíkt skal forseti leiðtogaráðsins boða til aukafundar þess til að móta stefnumið Sambandsins með tilliti til slíkrar þróunar.

2. Ráðið skal móta ramma að sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum og taka nauðsynlegar ákvarðanir um mótun og framkvæmd hennar á grundvelli almennu viðmiðunarreglnanna og stefnumiða sem leiðtogaráðið hefur skilgreint.

Ráðið og æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skulu tryggja að Sambandið komi fram sem ein heild og að aðgerðir þess séu vel samræmdar og árangursríkar.

3. Æðsti talsmaðurinn og aðildarríkin skulu koma sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum til framkvæmda og nota til þess úrræði sem aðildarríkin og Sambandið leggja til.

## 27. gr.

1. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, sem skal vera formaður utanríkismálaráðsins, skal stuðla að þróun sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum með tillögum sínum og tryggja að ákvarðanir leiðtogaráðsins og ráðsins séu framkvæmdar.
2. Æðsti talsmaðurinn skal fara með fyrirvar Sambandsins í málefnum er varða sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Hann skal stýra pólitískum skoðanaskiptum við þriðju aðila fyrir hönd Sambandsins og tjá afstöðu þess á vettvangi alþjóðastofnana og á alþjóðaráðstefnum.
3. Æðsti talsmaðurinn skal njóta aðstoðar utanríkisþjónustu Evrópusambandsins við að sinna þeim skyldum sem í umboði hans felast. Þjónusta þessi skal eiga samvinnu við utanríkisþjónustu einstakra aðildarríkja og hjá henni skulu starfa opinberir starfsmenn viðeigandi deilda aðalskrifstofu ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar, auk starfsmanna utanríkisþjónustu einstakra aðildarríkja sem lánaðir eru til starfa hjá henni. Kveðið skal á um skipulag og starfshætti utanríkisþjónustu Evrópusambandsins með ákvörðun ráðsins. Ráðið skal taka ákvörðun að tillögu æðsta talsmannsins, að höfðu samráði við Evrópuþingið og að fengnu samþykki framkvæmdastjórnarinnar.

## 28. gr.

(áður 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Kalli ástand alþjóðamála á að Sambandið grípi til aðgerða skal ráðið samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir í því skyni. Í ákvörðununum skal mælt fyrir um markmið og umfang, þau úrræði sem leggja skal Sambandinu til, tímamörk, ef nauðsyn krefur, og skilyrði fyrir framkvæmd.

Ef breyting verður á aðstæðum, sem hefur veruleg áhrif á álitaefni sem slík ákvörðun snerist um, skal ráðið endurskoða forsendur og markmið ákvörðunarinnar og taka nauðsynlegar ákvarðanir.

2. Ákvarðanirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu skuldbinda aðildarríkin hvað afstöðu þeirra og framgöngu varðar.
3. Sé ráðgert að taka afstöðu eða grípa til aðgerða á innlendum vettvangi samkvæmt ákvörðun af því tagi sem um getur í 1. mgr. skal viðkomandi aðildarríki miðla upplýsingum um það svo ráðrúm gefist til, ef nauðsyn krefur, að efna áður til samráðs í ráðinu. Slík skylda, að miðla upplýsingum áður en gripið er til aðgerða, skal ekki taka til ráðstafana sem eingöngu felast í því að taka ákvarðanir ráðsins upp í lög í aðildarríkinu.
4. Beri brýna nauðsyn til vegna breyttra aðstæðna og hafi ákvörðun ráðsins ekki verið endurskoðuð, eins og lýst er í 1. mgr., er aðildarríkjunum heimilt, við brýnar aðstæður, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana með hliðsjón af almennum markmiðum þeirrar ákvörðunar. Viðkomandi aðildarríki skal tilkynna ráðinu allar slíkar ráðstafanir án tafar.
5. Sé verulegum vandkvæðum bundið að hrinda í framkvæmd ákvörðun af því tagi sem um getur í þessari grein, ber aðildarríki að vísa málinu til ráðsins til umfjöllunar og úrlausnar. Úrlausn má ekki stríða gegn markmiðum þeirrar ákvörðunar sem um getur í 1. mgr. eða draga úr áhrifum hennar.

## 29. gr.

(áður 15. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Ráðið skal samþykkja ákvarðanir þar sem afstaða Sambandsins að því er varðar tiltekið landfræðilegt eða þemabundið málefni er skilgreind. Aðildarríkin skulu tryggja að stefnur þeirra á innlendum vettvangi séu í samræmi við afstöðu Sambandsins.

## 30. gr.

(áður 22. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sérhverju aðildarríki, æðsta talsmanni stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða æðsta talsmanninum með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar er heimilt að vísa til ráðsins álitamálum sem tengjast sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum og leggja fyrir ráðið, eftir því sem við á, framtaksverkefni eða tillögur.
2. Þegar mál þarfnast skjótrar úrlausnar skal æðsti talsmaðurinn boða, annaðhvort að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, til aukafundar í ráðinu með 48 klukkustunda fyrirvara eða, þegar brýna nauðsyn ber til, með enn skemmri fyrirvara.

## 31. gr.

(áður 23. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Leiðtogaráðið og ráðið skulu taka ákvarðanir einróma samkvæmt þessum kafla nema kveðið sé á um annað í honum. Samþykkt lagagerða skal vera undanskilin þessu.

Hverju því aðildarríki, sem á sæti í ráðinu og situr hjá við atkvæðagreiðslu, er heimilt að gera grein fyrir hjásetu sinni með formlegri yfirlýsingu samkvæmt þessari undirgrein. Skal því þá ekki skylt að beita ákvörðuninni þótt það skuli viðurkenna að Sambandið sé bundið af henni. Í anda gagnkvæmrar samstöðu skal viðkomandi aðildarríki ekki gera neitt það sem líklegt er að vinni gegn eða standi í vegi fyrir aðgerð Sambandsins á grundvelli ákvörðunarinnar og hin aðildarríkin skulu virða afstöðu þess. Ekki skal samþykkja ákvörðun ef þeir sem eiga sæti í ráðinu og gera grein fyrir hjásetu sinni á þennan hátt eru fulltrúar a.m.k. þriðjungs aðildarríkjanna og jafnframt a.m.k. þriðjungs íbúa Sambandsins.

2. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skal ráðið taka ákvörðun með auknum meirihluta þegar það:
  - samþykkir ákvörðun þar sem aðgerð eða afstaða Sambandsins er skilgreind á grundvelli ákvörðunar leiðtogaráðsins er varðar brýna hagsmuni og markmið Sambandsins, sbr. 1. mgr. 22. gr.,
  - samþykkir ákvörðun þar sem aðgerð eða afstaða Sambandsins er skilgreind samkvæmt tillögu æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum að framkominni sérstakri beiðni sem leiðtogaráðið hefur sent honum að eigin frumkvæði eða að frumkvæði æðsta talsmannsins,

- samþykkir ákvörðun um framkvæmd ákvörðunar þar sem aðgerð eða afstaða Sambandsins er skilgreind,
- tilnefnir sérstakan fulltrúa í samræmi við 33. gr.

Lýsi aðildarríki, sem á sæti í ráðinu, því yfir að það hafi í hyggju að leggjast gegn því að ákvörðun verði samþykkt með auknum meirihluta, af brýnum og nánar tilgreindum ástæðum er varða stefnu aðildarríkisins, skal atkvæðagreiðsla ekki fara fram. Æðsti talsmaðurinn skal þá, í nánú samráði við hlutaðeigandi aðildarríki, leita lausnar sem það telur viðunandi. Takist það ekki er ráðinu heimilt að fara fram á það, með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta, að málinu verði vísað til leiðtogaráðsins til einróma ákvörðunar.

3. Leiðtogaráðinu er heimilt að samþykkja einróma ákvörðun, þar sem kveðið er á um að ráðið skuli taka ákvarðanir með auknum meirihluta í öðrum tilvikum en þeim sem um getur í 2. mgr.
4. Ákvæði 2. og 3. mgr. gilda ekki um ákvarðanir sem tengjast hernaðar- eða varnarstarfi.
5. Ráðið skal taka ákvörðun með meirihluta atkvæða þeirra sem eiga sæti í ráðinu þegar um er að ræða vafaatriði varðandi málsmeðferð.

### 32. gr.

(áður 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Aðildarríkin skulu efna til samráðs sín á milli á vettvangi leiðtogaráðsins og ráðsins um hvert það atriði í stefnu í utanríkis- og öryggismálum er varðar almenna hagsmuni, til að ákvarða sameiginlega nálgun. Sérhvert aðildarríki skal hafa samráð við hin aðildarríkin á vettvangi leiðtogaráðsins eða ráðsins áður en það grípur til aðgerða á alþjóðavettvangi eða tekur á sig skuldbindingu sem gæti haft áhrif á hagsmuni Sambandsins. Aðildarríkin skulu sjá til þess, með samleitni aðgerða sinna, að Sambandið geti haldið fram hagsmunum sínum og gildum á alþjóðavettvangi. Aðildarríkin skulu sýna hvert öðru samstöðu.

Þegar leiðtogaráðið eða ráðið hefur skilgreint sameiginlega nálgun Sambandsins, í skilningi fyrstu málsgreinar, skulu æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og utanríkisráðherrar aðildarríkjanna samræma starf sitt innan ráðsins.

Sendiskrifstofur aðildarríkjanna og sendinefndir Sambandsins í þriðju löndum og hjá alþjóðastofnunum skulu hafa með sér samvinnu og leggja sitt af mörkum til þess að móta sameiginlega nálgun og vinna að framkvæmd hennar.

### 33. gr.

(áður 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Ráðinu er heimilt, að tillögu æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, að skipa sérstakan fulltrúa sem er falið umboð til að vinna að tilteknum stefnumálum. Þessi sérstaki fulltrúi skal sinna þeim skyldum, sem í umboði hans felast, undir stjórn æðsta talsmannsins.

## 34. gr.

(áður 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Aðildarríkin skulu samræma aðgerðir sínar á vettvangi alþjóðastofnana og á alþjóðaráðstefnum. Þau skulu halda á lofti afstöðu Sambandsins á þeim vettvangi. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal skipuleggja þessa samræmingu.

Þegar um er að ræða alþjóðastofnanir og alþjóðaráðstefnur án þátttöku allra aðildarríkjanna skulu þau aðildarríki, sem taka þátt í starfi á þeim vettvangi, halda á lofti afstöðu Sambandsins.

2. Í samræmi við 3. mgr. 24. gr. skulu aðildarríki, sem eiga fulltrúa hjá alþjóðastofnunum eða á alþjóðaráðstefnum án þátttöku allra aðildarríkjanna, upplýsa hin aðildarríkin og æðsta talsmanninn um hvert það málefni sem varðar sameiginlega hagsmuni.

Þau aðildarríki, sem einnig eiga sæti í öryggisráði Sameinuðu þjóðanna, hafa samráð sín á milli og upplýsa hin aðildarríkin og æðsta talsmanninn að fullu. Þau aðildarríki, sem eiga sæti í öryggisráðinu, munu í störfum sínum standa vörð um afstöðu og hagsmuni Sambandsins, sbr. þó skyldur þeirra samkvæmt ákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna.

Þegar Sambandið hefur mótað afstöðu sína til málefnis, sem er á dagskrá öryggisráðs Sameinuðu þjóðanna, skulu þau aðildarríki, sem eiga sæti í öryggisráðinu, fara fram á að æðsta talsmanninum verði boðið að kynna afstöðu Sambandsins.

## 35. gr.

(áður 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sendi- og ræðisskrifstofur aðildarríkjanna og sendinefndir Sambandsins í þriðju löndum og á alþjóðaráðstefnum, svo og fulltrúar þeirra hjá alþjóðastofnunum, skulu starfa saman að því að tryggja að ákvörðunum, sem fela í sér skilgreiningu á afstöðu og aðgerðum Sambandsins og sem samþykktar eru í samræmi við þennan kafla, sé fylgt og þeim hrundið í framkvæmd.

Þau skulu efla samstarfið með því að skiptast á upplýsingum og leggja sameiginlegt mat á viðfangsefni.

Þau skulu stuðla að því að rétti borgara Sambandsins til verndar á yfirráðasvæði þriðju landa, sbr. c-lið 2. mgr. 20. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sé framfylgt og að ráðstafanir, sem gerðar eru í samræmi við 23. gr. þess sáttmála, komist til framkvæmda.

## 36. gr.

(áður 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal hafa reglulegt samráð við Evrópuþingið um helstu þætti og grundvallarvalkosti sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum og sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum og upplýsa það um þróun þessara stefna. Hann skal tryggja að tekið sé tilhlýðilegt tillit til sjónarmiða Evrópuþingsins. Sérstökum fulltrúum kann að verða falið að veita Evrópuþinginu upplýsingar.

Evrópuþinginu er heimilt að beina fyrirspurnum eða tilmælum til ráðsins og æðsta talsmannsins. Tvisvar á ári skulu fara fram umræður í þinginu um það hvernig framkvæmd sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum miðar, þ.m.t. sameiginlegri stefnu í öryggis- og varnarmálum.

### 37. gr.

(áður 24. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sambandinu er heimilt að gera samninga við eitt eða fleiri ríki eða alþjóðastofnanir á sviðum sem heyrja undir þennan kafla.

### 38. gr.

(áður 25. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sérstök stjórn mála- og öryggisnefnd skal, með fyrirvara um ákvæði 240. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, fylgjast með ástandi alþjóðamála á þeim sviðum sem sameiginleg stefna í utanríkis- og öryggismálum tekur til og taka þátt í mótun stefna með því að skila álitum til ráðsins að beiðni þess eða æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, eða að eigin frumkvæði. Nefndin skal einnig fylgjast með framkvæmd þeirra stefna sem samþykktar hafa verið, sbr. þó valdheimildir æðsta talsmannsins.

Stjórn mála- og öryggisnefndin skal innan gildissviðs þessa kafla annast, á ábyrgð ráðsins og æðsta talsmannsins, pólitískt eftirlit og stefnumarkandi stjórn þeirra hættustjórnunaraðgerða sem um getur í 43. gr.

Ráðið getur heimilað nefndinni að taka viðeigandi ákvarðanir í tengslum við hættustjórnunaraðgerð og á meðan hún varir, samkvæmt ákvörðun ráðsins, að því er varðar pólitískt eftirlit og stefnumarkandi stjórn aðgerðarinnar.

### 39. gr.

Ráðið skal, í samræmi við 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og þrátt fyrir 2. mgr. hennar, samþykkja ákvörðun þar sem mælt er fyrir um reglur er varða vernd einstaklinga með hliðsjón af vinnslu persónuupplýsinga á vegum aðildarríkjanna vegna starfsemi sem fellur undir gildissvið þessa kafla, svo og reglur er varða frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Óháð yfirvöld skulu hafa eftirlit með því að þessum reglum sé fylgt.

## 40. gr.

(áður 47. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Framkvæmd sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum skal hvorki hafa áhrif á beitingu stofnananna á verklagsreglunum né á heimildir þeirra samkvæmt sáttmálunum, til að beita þeim valdheimildum Sambandsins sem um getur í 3.–6. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Á sama hátt skal framkvæmd stefnanna, sem taldar eru upp í þessum greinum, hvorki hafa áhrif á beitingu stofnananna á verklagsreglunum né á valdheimildir þeirra samkvæmt sáttmálunum til að beita valdheimildum Sambandsins samkvæmt þessum kafla.

## 41. gr.

(áður 28. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Stjórnunarkostnaður, sem til fellur hjá stofnununum vegna framkvæmdar þessa kafla, skal greiddur af fjárlögum Sambandsins.

2. Rekstrarkostnaður, sem til fellur vegna framkvæmdar þessa kafla, skal einnig greiddur af fjárlögum Sambandsins, að undanskildum kostnaði af því tagi sem til fellur vegna aðgerða sem tengjast hernaðar- eða varnarstarfi og í tilvikum þar sem ráðið tekur einróma ákvörðun um annað.

Sé kostnaður ekki greiddur af fjárlögum Sambandsins skulu aðildarríkin greiða hann í réttu hlutfalli við verga þjóðarframleiðslu, nema ráðið taki einróma ákvörðun um annað. Aðildarríkjum skal ekki skylt að leggja nokkuð af mörkum til að standa undir kostnaði sem til fellur vegna aðgerða sem tengjast hernaðar- eða varnarstarfi, ef fulltrúar þeirra í ráðinu hafa lagt fram formlega yfirlýsingu í samræmi við annan undirlið 1. mgr. 31. gr.

3. Ráðið skal samþykkja ákvörðun um sérstakar málsmeðferðir til að tryggja með hraði aðgengi að fjárveitingum af fjárlögum Sambandsins vegna áriðandi fjármögnunar framtaksverkefna innan ramma sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, einkum vegna undirbúningsstarfs fyrir verkefni sem um getur í 1. mgr. 42. gr. og í 43. gr. Ákvörðun ráðsins skal tekin að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Undirbúningsstarf fyrir verkefni sem um getur í 1. mgr. 42. gr. og í 43. gr., sem ekki er greitt af fjárlögum Sambandsins, skal fjármagnað úr stofnsjóði, sem myndaður er með framlögum aðildarríkjanna.

Ráðið skal samþykkja, með auknum meirihluta og að tillögu æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, ákvarðanir um:

- a) málsmeðferð sem fylgja ber við stofnun og fjármögnun stofnsjóðsins, einkum með tilliti til fjárhæða sem úthlutað verður til sjóðsins,
- b) málsmeðferð sem fylgja ber við stjórnun stofnsjóðsins,

c) málsmeðferð sem fylgja ber við fjármálaeftirlit.

Ef ekki er unnt að greiða fyrir verkefni, sem er skipulagt í samræmi við 1. mgr. 42. gr. og 43. gr., af fjárlögum Sambandsins skal ráðið heimila æðsta talsmanninum að nota sjóðinn. Æðsti talsmaðurinn skal gefa ráðinu skýrslu um framkvæmd þessa umboðs.

## 2. ÞÁTTUR

### ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í ÖRYGGIS- OG VARNARMÁLUM

#### 42. gr.

(áður 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sameiginleg stefna í öryggis- og varnarmálum skal vera óaðskiljanlegur hluti sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Hún skal tryggja Sambandinu athafnagetu á grundvelli borgaralegra og hernaðarlegra kosta. Sambandinu er heimilt að nýta þá til verkefna utan Sambandsins sem snúa að því að sinna friðargæslu, fyrirbyggja átök og efla alþjóðaöryggi í samræmi við meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þessi verkefni skulu unnin á grundvelli getu sem aðildarríkin láta í té.

2. Sameiginleg stefna í öryggis- og varnarmálum skal taka til mótunar í áföngum á sameiginlegri varnarstefnu Sambandsins. Sú stefna leiðir til sameiginlegra varna taki leiðtogaráðið einróma ákvörðun um það. Það skal þá beina þeim tilmælum til aðildarríkjanna að þau samþykki slíka ákvörðun í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

Stefna Sambandsins samkvæmt þessum þætti skal ekki hafa áhrif á sérstakt eðli stefnu tiltekinna aðildarríkja í öryggis- og varnarmálum og skal virða þær skuldbindingar sem aðildarríki, sem sjá sameiginlegum varnarhagsmunum sínum borgið innan Atlantshafsbandalagsins (NATO), hafa samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum, og hún skal samrýmast sameiginlegri stefnu í öryggis- og varnarmálum sem mörkuð er á þeim vettvangi.

3. Aðildarríkin skulu leggja Sambandinu til borgaralega og hernaðarlega getu til að koma sameiginlegri stefnu í öryggis- og varnarmálum til framkvæmda og vinna þannig að markmiðunum sem ráðið hefur skilgreint. Aðildarríki, sem saman mynda fjölþjóðleg lið, geta einnig haft þau til reiðu í þágu sameiginlegrar stefnu í öryggis- og varnarmálum.

Aðildarríkin skulu takast á hendur að efla hernaðargetu sína stig af stigi. Stofnunin á sviði þróunar varnargetu, rannsókna, innkaupa og vopnabúnaðar (hér á eftir nefnd „Varnarmálastofnun Evrópu“) skal skilgreina þörfina á aðgerðagetu, stuðla að ráðstöfunum til að fullnægja þeirri þörf, leggja sitt af mörkum til að greina hvaða ráðstafana er þörf til að styrkja iðnaðar- og tæknigrundvöll varnargeirans og, þar sem við á, koma þeim til framkvæmda, taka þátt í að móta evrópska stefnu á sviði hernaðargetu og vopnabúnaðar og aðstoða ráðið við að meta aukna hernaðargetu.



4. Ráðið skal samþykkja einróma, að tillögu æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum eða að frumkvæði aðildarríkis, ákvarðanir er varða sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum, þ.m.t. ákvarðanir um að ráðast í verkefni af því tagi sem um getur í þessari grein. Æðsti talsmaðurinn getur, ásamt framkvæmdastjórninni þar sem við á, lagt fram tillögu um að nota bæði úrræði aðildarríkjanna og fjármögnunarleiðir Sambandsins.

5. Ráðið getur falið hópi aðildarríkja að leysa af hendi verkefni, innan ramma Sambandsins, sem miða að því að standa vörð um gildi Sambandsins og þjóna hagsmunum þess. Framkvæmd slíkra verkefna heyrir undir 44. gr.

6. Aðildarríki, sem uppfylla strangari viðmiðanir um hernaðargetu og hafa tekið á sig ríkari skuldbindingar gagnvart hvert öðru á þessu sviði að því er varðar erfiðustu verkefni, skulu stofna til varanlegs, skipulegs samstarfs innan ramma Sambandsins. Slíkt samstarf heyrir undir 46. gr. Það skal ekki hafa áhrif á ákvæði 43. gr.

7. Verði aðildarríki fyrir vopnaðri árás á yfirráðasvæði sínu skal hinum aðildarríkjunum vera skylt að bjóða fram hjálp sína og aðstoð eins og þau frekast geta, í samræmi við 51. gr. sáttmála Sameinuðu þjóðanna. Þetta skal ekki hafa áhrif á sérstakt eðli stefnu tiltekinna aðildarríkja í öryggis- og varnarmálum.

Skuldbindingar og samstarf á þessu sviði skulu vera í samræmi við skuldbindingar gagnvart Atlantshafsbandalaginu, sem verður áfram grundvöllur sameiginlegra varna þeirra ríkja sem eru aðilar að því og vettvangur framkvæmdar á þeim vörnum.

#### 43. gr.

1. Til verkefna, sem um getur í 1. mgr. 42. gr. og Sambandinu er heimilt að nýta borgaraleg og hernaðarleg úrræði til að sinna, teljast sameiginlegar afvopnunaraðgerðir, mannúðar- og björgunaraðgerðir, hernaðarleg ráðgjöf og aðstoð, aðgerðir til að fyrirbyggja átök og friðargæsla, verkefni átakasveita í hættustjórnun, þ.m.t. aðgerðir til að koma á friði og koma á stöðugu ástandi í kjölfar átaka. Öll þessi verkefni geta verið liður í baráttunni gegn hryðjuverkum, s.s. með því að styðja þriðju lönd í baráttu gegn hryðjuverkum á yfirráðasvæðum sínum.

2. Ráðið skal samþykkja ákvarðanir í tengslum við verkefni sem um getur í 1. mgr. þar sem skilgreind eru markmið þeirra og gildissvið og almenn skilyrði fyrir framkvæmd þeirra. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal, undir stjórn ráðsins og í nánum og stöðugum tengslum við stjórn mála- og öryggisnefndina, tryggja samræmingu borgaralegra og hernaðarlegra þátta slíkra verkefna.

#### 44. gr.

1. Ráðið getur, innan ramma þeirra ákvarðana sem samþykktar eru í samræmi við 43. gr., falið framkvæmd verkefnis hópi aðildarríkja sem eru reiðubúin til þess og búa yfir nauðsynlegri getu til slíks verks. Þessi aðildarríki skulu koma sér saman um stjórnun verkefnisins, í samráði við æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum.

2. Aðildarríki, sem taka þátt í verkefninu, skulu, að eigin frumkvæði eða að beiðni annars aðildarríkis, upplýsa ráðið með reglubundnum hætti um framvindu þess. Þessi ríki skulu þegar í stað láta ráðið vita ef framkvæmd verkefnisins hefur víðtækar afleiðingar eða kallar á breytingar á markmiði, gildissviði eða skilyrðum, sem verkefninu höfðu verið ákveðin í ákvörðuninum sem um getur í 1. mgr. Í slíkum tilvikum skal ráðið samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir.

45. gr.

1. Varnarmálastofnun Evrópu, sem um getur í 3. mgr. 42. gr. og heyrir undir ráðið, skal hafa eftirtalin verkefni með höndum:

- a) eiga þátt í að móta hernaðargetumarkmið fyrir aðildarríkin og meta hvernig skuldbindingar þeirra varðandi slíka getu eru uppfylltar,
- b) stuðla að því að þörfin á aðgerðagetu sé samræmd og að skilvirkar, samhæfðar innkaupaaðferðir séu teknar upp,
- c) leggja fram tillögur að marghliða verkefnum í því skyni að uppfylla markmið um hernaðargetu, tryggja samhæfingu áætlana sem aðildarríkin hafa komið í framkvæmd og stjórnun tiltekinna samstarfsverkefna,
- d) styðja við rannsóknir á sviði varnartækni og samhæfa og skipuleggja sameiginlega rannsóknarstarfsemi og rannsóknir á tæknilausnum sem uppfylla þörf á aðgerðagetu í framtíðinni,
- e) eiga þátt í að skilgreina og, ef nauðsyn krefur, koma til framkvæmda hvers konar gagnlegum ráðstöfunum til að styrkja iðnaðar- og tæknigrundvöll varnargeirans og bæta nýtingu þeirra fjármuna sem renna til hernaðarmála.

2. Öllum aðildarríkjum, sem þess óska, skal heimil aðild að Varnarmálastofnun Evrópu. Ráðið skal samþykkja, með auknum meirihluta, ákvörðun þar sem samþykkt stofnunarinnar, aðsetur og starfsreglur eru ákveðin. Sú ákvörðun skal taka mið af raunverulegri þátttöku í starfsemi stofnunarinnar. Komið skal á fót innan stofnunarinnar sérstökum hópum aðildarríkja sem taka þátt í sameiginlegum verkefnum. Stofnunin skal sinna verkefnum sínum í samráði við framkvæmdastjórnina ef nauðsyn krefur.

46. gr.

1. Aðildarríki, sem óska eftir því að taka þátt í því varanlega, skipulega samstarfi, sem um getur í 6. mgr. 42. gr., uppfylla tilskildar viðmiðanir og hafa tekið á sig skuldbindingar að því er varðar hernaðargetu í samræmi við bókun um varanlegt, skipulegt samstarf, skulu tilkynna það ráðinu og ædsta talsmanni stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum.

2. Ráðið skal, innan þriggja mánaða frá tilkynningunni sem um getur í 1. mgr., samþykkja ákvörðun um að koma á fót varanlegu, skipulegu samstarfi og setja niður skrá yfir þau aðildarríki sem taka þátt í því. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta að höfðu samráði við ædsta talsmanninn.

3. Aðildarríki, sem óskar síðar eftir því að taka þátt í varanlegu skipulegu samstarfi, skal tilkynna það ráðinu og æðsta talsmanninum.

Ráðið skal samþykkja ákvörðun til staðfestingar á þátttöku viðkomandi aðildarríkis, enda uppfylli það tilskildar viðmiðanir og taki á sig þær skuldbindingar sem um getur í 1. og 2. gr. bókunar um varanlegt, skipulegt samstarf. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta að höfðu samráði við æðsta talsmanninn. Aðeins fulltrúar þátttökuaðildarríkjanna í ráðinu skulu taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

4. Uppfylli þátttökuaðildarríki ekki lengur tilskildar viðmiðanir eða geti það ekki lengur staðið við þær skuldbindingar, sem um getur í 1. og 2. gr. bókunarinnar um varanlegt, skipulegt samstarf, getur ráðið samþykkt ákvörðun um að stöðva tímabundið þátttöku þess aðildarríkis.

Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta. Aðeins fulltrúar þátttökuaðildarríkjanna í ráðinu, að undanskildu viðkomandi aðildarríki, skulu taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Þátttökuaðildarríki, sem óskar eftir því að draga sig út úr varanlegu, skipulegu samstarfi, skal tilkynna það ráðinu sem skal taka mið af því að viðkomandi aðildarríki hefur hætt þátttöku.

6. Ráðið skal samþykkja einróma ákvarðanir og tilmæli innan ramma varanlegs, skipulegs samstarfs, önnur en þau sem kveðið er á um í 2.–5. mgr. Einróma samþykki skal, að því er þessa málsgrein varðar, teljast fengið með atkvæðum fulltrúa þátttökuaðildarríkjanna eingöngu.

## VI. BÁLKUR

### LOKAÁKVÆÐI

#### 47. gr.

Sambandið skal hafa réttarstöðu lögaðila.

#### 48. gr.

(áður 48. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Heimilt er að gera breytingar á sáttmálunum í samræmi við hefðbundna endurskoðunarmeðferð. Þeim má einnig breyta með einfaldaðri endurskoðunarmeðferð.

### *Hefðbundin endurskoðunarmeðferð*

2. Ríkisstjórn hvaða aðildarríkis sem er, Evrópuþingið og framkvæmdastjórnin geta lagt fyrir ráðið tillögur að breytingum á sáttmálunum. Slíkar tillögur geta m.a. miðað að því að auka eða draga úr valdheimildum þeim sem Sambandinu eru veittar í sáttmálunum. Ráðið skal leggja þessar tillögur fyrir leiðtoga ráðið og tilkynna þær þjóðþingunum.

3. Samþykki leiðtoga ráðið ákvörðun um að taka breytingartillögurnar til umfjöllunar með einföldum meirihluta, að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina, skal forseti leiðtogaráðsins boða til fundar með fulltrúum þjóðþinganna, þjóðhöfðingja eða leiðtoga ríkisstjórna aðildarríkjanna, Evrópuþingsins og framkvæmdastjórnarinnar. Þá skal haft samráð við Seðlabanka Evrópu um breytingar er varða stofnanir á sviði peningamála. Á fundinum skulu breytingartillögurnar teknar til umfjöllunar og tilmæli til ráðstefnu með fulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna samþykkt samhljóða, eins og kveðið er á um í 4. mgr.

Leiðtogaráðið getur, með einföldum meirihluta og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, ákveðið að boða ekki til fundar gefi umfang fyrirhugaðra breytinga ekki tilefni til þess. Leiðtogaráðið skal þá skilgreina það umboð sem ráðstefna fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna hefur.

4. Forseti ráðsins skal boða til ráðstefnu fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna í því skyni að ákveða með samhljóða samkomulagi þær breytingar sem gerðar skulu á sáttmálunum.

Breytingarnar öðlast gildi þegar öll aðildarríkin hafa fullgilt þær í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

5. Ef fjórir fimmtu hlutar aðildarríkjanna hafa fullgilt sáttmála, sem breytir sáttmálunum, þegar tvö ár eru liðin frá undirritun hans, en eitt eða fleiri aðildarríki hafa átt í erfiðleikum með að ganga frá fullgildingu, skal vísa málinu til leiðtogaráðsins.

### *Einfölduð endurskoðunarmeðferð*

6. Ríkisstjórn hvaða aðildarríkis sem er, Evrópuþingið og framkvæmdastjórnin geta lagt fyrir leiðtoga ráðið tillögur að endurskoðun á sumum eða öllum ákvæðum þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem varða innri stefnur Sambandsins og aðgerðir á vettvangi þess.

Leiðtogaráðið getur samþykkt ákvörðun um að breyta öllum eða sumum ákvæðum þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Leiðtogaráðið skal taka ákvörðun einróma, að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina svo og Seðlabanka Evrópu, ef um er að ræða breytingar er varða stofnanir sem starfa á sviði peningamála. Ákvörðunin öðlast ekki gildi fyrr en aðildarríkin hafa samþykkt hana í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

Ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein má ekki auka við valdheimildir þær sem Sambandinu eru veittar í sáttmálunum.

7. Kveði sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins eða V. bálkur þessa sáttmála á um að ráðið skuli taka einróma ákvörðun á tilteknu sviði eða í ákveðnu tilviki getur leiðtogaráðið samþykkt ákvörðun um að heimila ráðinu að taka ákvörðun með auknum meirihluta á því sviði eða í því tilviki. Þessi undirgrein skal ekki gilda um ákvarðanir sem tengjast hernaðarstarfi eða eru á sviði varnarmála.

Kveði sáttmálinn um starfshætti Evrópusambandsins á um að ráðið skuli samþykkja lagagerðir í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð getur leiðtogaráðið samþykkt ákvörðun um að heimila að slíkar lagagerðir séu samþykktar í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð.

Hvers konar frumkvæði af hálfu leiðtogaráðsins á grundvelli fyrstu eða annarrar undirgreinar skal tilkynnt þjóðþingunum. Ekki skal samþykkja ákvörðun samkvæmt fyrstu eða annari undirgrein ef þjóðþing hreyfir andmælum innan sex mánaða frá dagsetningu slíkrar tilkynningar. Leiðtogaráðinu er heimilt að samþykkja ákvörðunina ef enginn hreyfir andmælum.

Leiðtogaráðið skal taka ákvarðanir samkvæmt fyrstu og annari undirgrein einróma, að fengnu samþykki Evrópuþingsins sem fengið er með stuðningi meirihluta allra þingmanna.

#### 49. gr.

(áður 49. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sérhvert Evrópuríki, sem virðir þau gildi sem um getur í 2. gr. og einsetur sér að stuðla að þeim, getur sótt um að gerast aðili að Sambandinu. Tilkynna skal Evrópuþinginu og þjóðþingunum um slíka umsókn. Umsóknarríkið skal senda umsókn sína til ráðsins, en það skal taka einróma ákvörðun, að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og að fengnu samþykki Evrópuþingsins með stuðningi meirihluta allra þingmanna. Taka skal tillit til skilyrða sem leiðtogaráðið hefur samþykkt að þurfi að uppfylla vegna aðildar.

Skilmálar aðildar og sú aðlögun á sáttmálunum, sem Sambandið byggir á, sem slík aðild felur í sér, skulu byggjast á samningi milli aðildarríkjanna og umsóknarríkisins. Þann samning skal leggja fyrir öll samningsríkin til fullgildingar í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

#### 50. gr.

1. Sérhvert aðildarríki getur ákveðið að segja sig úr Sambandinu í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

2. Aðildarríki, sem ákveður að segja sig úr Sambandinu, skal tilkynna það leiðtogaráðinu. Í ljósi viðmiðunarreglna leiðtogaráðsins skal Sambandið ganga til samningaviðræðna og gera samning við viðkomandi ríki um það hvernig staðið skuli að úrsögn þess með hliðsjón af því hvernig framtíðartengslum þess við Sambandið verður hagað. Samningurinn skal gerður í samræmi við 3 mgr. 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Ráðið skal gera samninginn fyrir hönd Sambandsins og taka um hann ákvörðun með auknum meirihluta, að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

3. Sáttmálarnir hætta að taka til viðkomandi ríkis á gildistökuþingi samnings um úrsögn eða, að öðrum kosti, þegar tvö ár eru liðin frá tilkynningunni sem um getur í 2. mgr., nema leiðtogaráðið ákveði einróma, með samþykki viðkomandi aðildarríkis, að framlengja þetta tímabil.

4. Sá sem á sæti í leiðtogaráðinu eða ráðinu fyrir hönd aðildarríkis sem segir sig úr Evrópusambandinu, skal, að því er 2. og 3. mgr. varðar, ekki taka þátt í umræðum leiðtogaráðsins eða ráðsins eða í ákvörðunum sem varða það.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur í samræmi við b-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Óski ríki, sem hefur sagt sig úr Sambandinu, eftir því að ganga í það aftur gildir málsmeðferðin sem um getur í 49. gr.

*51. gr.*

Viðaukar og bókanir við sáttmálana eru óaðskiljanlegur hluti þeirra.

*52. gr.*

1. Sáttmálarnir gilda um Konungsríkið Belgíu, Lýðveldið Búlgaríu, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörku, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Eistland, Írland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spán, Lýðveldið Frakkland, Lýðveldið Ítalíu, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Möltu, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Rúmeníu, Lýðveldið Slóveníu, Lýðveldið Slóvakíu, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands.

2. Gildissvæði sáttmálanna er tilgreint í 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*53. gr.*

(áður 51. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Sáttmáli þessi er gerður til ótakmarkaðs tíma.

*54. gr.*

(áður 52. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Hinir háu samningsaðilar skulu fullgilda sáttmála þennan í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Lýðveldisins Ítalíu til vörslu.

2. Sáttmáli þessi öðlast gildi 1. janúar 1993 að því tilskildu að öll fullgildingarskjöl hafi verið afhent til vörslu, en að öðrum kosti fyrsta dag næsta mánaðar eftir að síðasta undirritunarríkið hefur afhent fullgildingarskjál sitt til vörslu.

55. gr.

(áður 53. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sáttmáli þessi, sem gerður er í einu frumriti á búlögörsku, dönsku, eistnesku, ensku, finnsku, frönsku, grísku, hollensku, írsku, ítölsku, lettnesku, litháísku, maltnesku, portúgölsku, pólsku, rúmensku, slóvakísku, slóvensku, spænsku og sænsku, tékknesku, ungversku og þýsku, en allir þessir textar eru jafngildir, skal afhentur til vörslu í skjalasafni ríkisstjórnar Lýðveldisins Ítalíu og sendir hún ríkisstjórnnum hinna undirritunarríkjanna staðfest endurrit.

2. Samkvæmt ákvörðun aðildarríkjanna má einnig þýða sáttmála þennan á hvert það tungumál annað sem hefur, samkvæmt stjórnskipan þeirra, stöðu opinbers tungumáls á öllu yfirráðasvæði þeirra eða hluta þess. Hlutaðeigandi aðildarríki skulu afhenda staðfest endurrit slíkra þýðinga til vörslu í skjalasafni ráðsins.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað sáttmála þennan.

Gjört í Maastricht sjöunda dag febrúarmánaðar á árinu nítján hundruð níutíu og tvö.

*(Skrá yfir undirritunaraðila er ekki birt hér)*

—





**SAMSTEYPT ÚTGÁFA**

**SÁTTMÁLANS**

**UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS**



## INNGANGSORÐ

HANS HÁTIGN KONUNGUR BELGA, FORSETI SAMBANDSLÝÐVELDISINS ÞÝSKALANDS, FORSETI LÝÐVELDISINS FRAKKLANDS, FORSETI LÝÐVELDISINS ÍTALÍU, HENNAR KONUNGLEGA TIGN STÓRHERTOGAYNJAN AF LÚXEMBORG OG HENNAR HÁTIGN DROTTNING HOLLANDS <sup>(1)</sup>,

SEM ERU EINHUGA um að leggja grunn að nánari einingu meðal Evrópuþjóða,

SEM Hafa EINSETT SÉR að tryggja efnahagslegar og félagslegar framfarir í ríkjum sínum með því að taka höndum saman um að ryðja úr vegi þeim tálum sem aðskilja ríki Evrópu,

SEM STAÐFESTA að höfuðmarkmið þeirra er að bæta stöðugt lífskjör og vinnuskilyrði hjá þjóðum sínum,

SEM GERA SÉR LJÓST að sameiginlegt átak þarf til að afnema núverandi hömlur og með því tryggja stöðugan vöxt, jafnvægi í viðskiptum og sanngjarna samkeppni,

SEM ER UMHUGAÐ UM að efla efnahagslega einingu meðal ríkja sinna og tryggja samstillta þróun þeirra með því að draga úr aðstöðumun milli svæða og bæta hag þeirra sem verr eru sett,

SEM Hafa HUG Á að vinna að því að afnema stig af stigi höft á alþjóðaviðskiptum með sameiginlegri viðskiptastefnu,

SEM Hafa Í HYGGMJÓ að styrkja þá samstöðu sem ríkir með Evrópuríkjum og löndum handan hafsins og hafa hug á að tryggja að hagur þeirra dafni í samræmi við meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

SEM ERU STAÐRÁÐIN Í að varðveita og efla frið og frelsi með því að sameina krafta sína og hvetja aðrar þjóðir Evrópu, er aðhyllast sömu hugsjónir, til að leggja sér lið í því efni,

SEM Hafa EINSETT SÉR að stuðla að því að þjóðir þeirra afli sér mestu mögulegrar þekkingar með greiðum aðgangi að menntun og stöðugri endurnýjun hennar,

og Hafa í þessu skyni TILNEFNT sem fulltrúa sína sem hafa fullt umboð:

*(Skrá yfir fulltrúa, sem hafa fullt umboð, er ekki birt hér)*

OG Hafa ÞEIR, eftir að hafa skipst á umboðsskjölum er reynst hafa gild og á réttu formi, orðið ásáttir um eftirfarandi:

<sup>(1)</sup> Eftir að upphaflegi sáttmálinn var gerður hafa Lýðveldið Búlgaría, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörk, Lýðveldið Eistland, Írland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Lýðveldið Ungverjaland, Lýðveldið Malta, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Rúmenía, Lýðveldið Slóvenía, Lýðveldið Slóvakía, Lýðveldið Finnland, Konungsríkið Svíþjóð og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands gerst aðilar að Evrópusambandinu.

## FYRSTI HLUTI

## MEGINREGLUR

*1. gr.*

1. Í sáttmála þessum eru settar reglur um starfshætti Sambandsins og ákveðið hvaða svið falla undir valdheimildir þess, hver valdmörk þess eru og nánari ákvæði um hvernig það skuli fara með valdheimildir sínar.
2. Sáttmáli þessi og sáttmálinn um Evrópusambandið eru sáttmálarnir sem Sambandið er byggt á. Þessir tveir sáttmálar, sem eru jafngildir að lögum, skulu nefnast „sáttmálarnir“.

## I. BÁLKUR

## FLOKKAR OG SVIÐ VALDHEIMILDA SAMBANDSINS

*2. gr.*

1. Þegar Sambandinu eru veittar óskiptar valdheimildir á tilteknu sviði í sáttmálunum er því einu heimilt að setja lög og samþykkja lagalega bindandi gerðir en aðildarríkjunum er því aðeins heimilt að gera slíkt að Sambandið veiti þeim umboð til þess eða í því skyni að koma gerðum Sambandsins til framkvæmda.
2. Þegar Sambandinu eru veittar valdheimildir sem það deilir með aðildarríkjunum á tilteknu sviði er bæði Sambandinu og aðildarríkjunum heimilt að setja lög og samþykkja lagalega bindandi gerðir á því sviði. Aðildarríkin skulu beita valdheimildum sínum að því marki sem Sambandið hefur ekki beitt sínum valdheimildum. Aðildarríkin skulu auk þess beita valdheimildum sínum að því marki sem Sambandið hefur ákveðið að hætta að beita sínum valdheimildum.
3. Aðildarríkin skulu samræma efnahags- og atvinnustefnur sínar í samræmi við þá tilhögun sem ákveðin er í þessum sáttmála og Sambandið skal hafa vald til að ákveða.
4. Sambandið skal, í samræmi við ákvæði sáttmálans um Evrópusambandið, hafa vald til að móta og koma til framkvæmda sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þar á meðal að móta í áföngum sameiginlega varnarstefnu.
5. Sambandið skal, á tilteknum sviðum og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálunum, hafa vald til að grípa til aðgerða til að styðja við aðgerðir aðildarríkjanna, samræma þær eða koma þeim til viðbótar, án þess þó að yfirtaka með því valdheimildir þeirra á þessum sviðum.

Lagalega bindandi gerðir Sambandsins, sem eru samþykktar á grundvelli ákvæða í sáttmálunum er varða þessi svið, skulu ekki fela í sér samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

6. Að hve miklu leyti og með hvaða hætti Sambandið getur beitt valdheimildum sínum ákvarðast af ákvæðum um hvert þessara sviða í sáttmálunum.

## 3. gr.

1. Eftirtalin svið skulu falla undir óskiptar valdheimildir Sambandsins:
  - a) tollabandalag,
  - b) setning nauðsynlegra samkeppnisreglna vegna starfsemi innri markaðarins,
  - c) peningamálastefna fyrir þau aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil,
  - d) varðveisla líffræðilegra auðlinda hafsins innan ramma sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar,
  - e) sameiginleg viðskiptastefna.
2. Sambandið skal einnig hafa óskiptar valdheimildir þegar kemur að gerð alþjóðasamninga ef kveðið er á um gerð þeirra í lagagerð Sambandsins eða hún telst nauðsynleg til að gera Sambandinu kleift að beita valdheimildum sínum á vettvangi sínum eða að því marki sem gerð slíkra samninga er til þess fallin að hafa áhrif á sameiginlegar reglur eða breyta gildissviði þeirra.

## 4. gr.

1. Sambandið skal deila valdheimildum með aðildarríkjunum í þeim tilvikum þegar því eru veittar valdheimildir í sáttmálunum sem varða ekki sviðin sem um getur í 3. og 6. gr.
2. Eftirtalin meginsvið skulu falla undir valdheimildir sem Sambandið deilir með aðildarríkjunum:
  - a) innri markaðurinn,
  - b) félagsmálastefna, að því er varðar þá þætti sem eru skilgreindir í þessum sáttmála,
  - c) efnahagsleg samheldni, félagsleg samheldni og samheldni milli svæða,
  - d) landbúnaður og sjávarútvegur, að frátalinni varðveislu líffræðilegra auðlinda hafsins,
  - e) umhverfismál,
  - f) neytendavernd,
  - g) flutningastarfsemi,
  - h) samevrópsk net,
  - i) orkumál,

- j) svæði frelsis, öryggis og réttlætis,
- k) sameiginleg viðfangsefni er varða öryggi á sviði lýðheilsu, að því er varðar þætti sem eru skilgreindir í þessum sáttmála.

3. Sambandið hefur valdheimildir til að sinna starfsemi á sviðum rannsókna, tækniþróunar og geimvísinda, einkum til að skilgreina áætlanir og koma þeim til framkvæmda; beiting Sambandsins á þessum valdheimildum kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti sínum heimildum.

4. Sambandið hefur valdheimildir til að sinna starfsemi og framfylgja sameiginlegri stefnu á sviði þróunarsamvinnu og mannúðaraðstoðar; beiting Sambandsins á þessum valdheimildum kemur þó ekki í veg fyrir að aðildarríkin beiti sínum heimildum.

#### 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu samræma efnahagsstefnur sínar innan Sambandsins. Ráðið skal samþykkja ráðstafanir í þessu skyni, einkum almennar viðmiðunarreglur um slíkar stefnur.

Sértæk ákvæði skulu gilda um þau aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil.

2. Sambandið skal gera ráðstafanir til að tryggja samræmingu á atvinnustefnum aðildarríkjanna, einkum með því að skilgreina viðmiðunarreglur um þær.

3. Sambandið getur tekið frumkvæði að því að tryggja samræmingu á félagsmálastefnum aðildarríkjanna.

#### 6. gr.

Sambandið skal hafa vald til að grípa til aðgerða er styðja við aðgerðir aðildarríkjanna, samræma þær eða koma þeim til viðbótar. Á Evrópuvettvangi skal gripið til slíkra aðgerða á sviðum er varða:

- a) heilsuvernd og bættu lýðheilsu,
- b) iðnað,
- c) menningarmál,
- d) ferðaþjónustu,
- e) menntun, starfsþjálfun, æskulýðsmál og íþróttir,

- f) almannavarnir,
- g) samvinnu á sviði stjórnsýslu.

## II. BÁLKUR

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 7. gr.

Sambandið skal tryggja samræmi milli starfsemi sinnar og stefna, að teknu tilliti til heildarmarkmiða sinna og í samræmi við meginregluna um veittar valdheimildir.

#### 8. gr.

(áður 2. mgr. 3. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)<sup>(1)</sup>

Sambandið skal miða að því í allri starfsemi sinni að koma í veg fyrir ójöfnuð og stuðla að jafnrétti karla og kvenna.

#### 9. gr.

Við mótun og framkvæmd á stefnum sínum og starfsemi skal Sambandið taka tillit til krafna um að stuðlað skuli að háu atvinnustigi, tryggð verði fullnægjandi félagsleg vernd, unnið gegn félagslegri útilokun og stuðlað að háu menntunar-, starfsþjálfunar- og heilsuverndarstigi.

#### 10. gr.

Við mótun og framkvæmd á stefnum sínum og starfsemi skal Sambandið setja sér það markmið að vinna gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

#### 11. gr.

(áður 6. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Umhverfisverndarkröfur ber að samþætta mótun og framkvæmd á stefnum Sambandsins og starfsemi, einkum með það í huga að stuðla að sjálfbærri þróun.

---

<sup>(1)</sup> Þessar tilvísanir eru einungis til viðmiðunar. Nánari upplýsingar er að finna í samsvörunartöflum milli eldri og nýrri númeraraða í sáttmálunum.

*12. gr.*

(áður 2. mgr. 153. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Við mótun og framkvæmd á öðrum stefnum og starfsemi Sambandsins skal taka tillit til neytendaverndarkrafna.

*13. gr.*

Sambandið og aðildarríkin skulu, við mótun og framkvæmd á stefnum Sambandsins á sviði landbúnaðar, sjávarútvegs, flutningastarfsemi, innri markaðarins, rannsókna og tækniþróunar og geimvísinda, taka fullt tillit til velferðar dýra, sem skyni gæddra skepna, en virða jafnframt laga- eða stjórnsýsluákvæði og venjur í aðildarríkjunum, einkum að því er varðar trúarlegar athafnir, menningarhefðir og menningararfleifð tiltekinna svæða.

*14. gr.*

(áður 16. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 93., 106. og 107. gr. þessa sáttmála og með hliðsjón af því hve þjónusta í almannabágu, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, gegnir veigamiklu hlutverki að því er varðar sameiginleg gildi Sambandsins, sem og þætti hennar í að stuðla að félagslegri samheldni og samheldni milli svæða, skulu Sambandið og aðildarríkin, hvert á sínu valdsviði og innan gildissviðs þessara sáttmála, sjá til þess að slík þjónusta sé veitt í samræmi við meginreglur og skilyrði, einkum efnahagsleg og fjárhagsleg, sem gera þeim kleift að leysa verkefni sín af hendi. Evrópuþingið og ráðið skulu setja slíkar meginreglur og skilyrði með reglugerðum, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, sbr. þó valdheimildir aðildarríkjanna, samkvæmt sáttmálunum, til að veita, bjóða út og fjármagna slíka þjónustu.

*15. gr.*

(áður 255. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Til að stuðla að góðum stjórnunarháttum og tryggja þátttöku hins borgaralega samfélags skulu stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins starfa á eins opinn hátt og auðið er.
2. Fundir Evrópuþingsins skulu haldnir í heyranda hljóði sem og fundir ráðsins þegar það fjallar um drög að lagagerð og greiðir atkvæði um þau.
3. Sérhver borgari Sambandsins og sérhver einstaklingur og lögaðili, sem hefur fasta búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, skal hafa rétt til aðgangs að skjölum stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins, óháð því á hvaða miðli þau eru geymd, með fyrirvara um meginreglur og skilyrði sem mælt verður fyrir um í samræmi við þessa málsgrein.



Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja með reglugerðum almennar meginreglur og takmarkanir varðandi þennan rétt til aðgangs að skjölum, með vísan til almannahagsmuna og einkahagsmuna.

Sérhver stofnun, aðili, skrifstofa eða sérstofnun skal ganga úr skugga um að málsmeðferðir sínar séu gagnsæjar og setja sértæk ákvæði í starfsreglur sínar um aðgang að skjölum í samræmi við reglugerðirnar sem um getur í annarri undirgrein.

Dómstóll Evrópusambandsins, Seðlabanki Evrópu og Fjárfestingarbanki Evrópu falla einungis undir þessa málsgrein að því er varðar stjórnslustörf þessara stofnana.

Evrópuþingið og ráðið skulu sjá til þess að skjöl, er varða lagasetningarmeðferð, séu birt í samræmi við þau skilyrði sem mælt er fyrir um í reglugerðunum sem um getur í annarri undirgrein.

### 16. gr.

(áður 286. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Allir eiga rétt á að persónuupplýsingar um þá njóti verndar.
2. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, mæla fyrir um reglur er varða vernd einstaklinga með hliðsjón af vinnslu persónuupplýsinga á vegum stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins og á vegum aðildarríkjanna vegna starfsemi sem fellur undir lög Sambandsins, svo og reglur er varða frjálsa miðlun slíkra upplýsinga. Óháð yfirvöld skulu hafa eftirlit með því að þessum reglum sé fylgt.

Reglur, sem eru samþykktar á grundvelli þessarar greinar, gilda með fyrirvara um sértækar reglur sem mælt er fyrir um í 39. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

### 17. gr.

1. Sambandið virðir þá stöðu sem kirkjudeildir og trúarsamtök eða trúfélög hafa í aðildarríkjunum samkvæmt landslögum og dregur hana ekki í efa.
2. Á sama hátt virðir Sambandið þá stöðu sem lífsskoðunarfélög og samtök, sem ekki eru trúarlegs eðlis, hafa samkvæmt landslögum.
3. Sambandið viðurkennir slíkar kirkjudeildir, félög og samtök og sérstakt framlag þeirra og skal halda uppi opnum, gagnsæjum og reglubundnum skoðanaskiptum við þau.

## ANNAR HLUTI

**BANN VIÐ MISMUNUN OG SAMBANDSBORGARARÉTTUR***18. gr.*

(áður 12. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hvers konar mismunun á grundvelli ríkisfangs er bönnuð innan gildissviðs sáttmálanna nema annað leiði af einstökum ákvæðum þeirra.

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að samþykkja reglur um bann við slíkri mismunun.

*19. gr.*

(áður 13. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna og innan marka þeirra valdheimilda sem Sambandinu eru veittar í þeim er ráðinu heimilt, með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, að grípa til viðeigandi aðgerða til að berjast gegn mismunun á grundvelli kynferðis, kynþáttar eða þjóðernis, trúarbragða eða skoðana, fötlunar, aldurs eða kynhneigðar.

2. Þrátt fyrir 1. mgr. er Evrópuþinginu og ráðinu heimilt, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að samþykkja grundvallarreglur hvetjandi ráðstafana Sambandsins, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna, til að styðja við aðgerðir aðildarríkjanna sem miða að þeim markmiðum, sem um getur í 1. mgr.

*20. gr.*

(áður 17. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandsborgararétti er hér með komið á fót. Sérhver einstaklingur, sem hefur ríkisfang í aðildarríki, skal vera borgari Sambandsins. Sambandsborgararéttur skal koma til viðbótar við ríkisborgararétt í aðildarríki og kemur ekki í hans stað.

2. Borgarar Sambandsins hafa þau réttindi og þær skyldur sem kveðið er á um í sáttmálunum. Þeir skulu m.a. hafa:

- a) rétt til frjálsrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
- b) rétt til að greiða atkvæði og bjóða sig fram í kosningum til Evrópuþingsins og í sveitarstjórnarkosningum í aðildarríkinu, þar sem þeir eru búsettir, með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara í því ríki,

- c) rétt til að njóta, á yfirráðasvæði þriðja lands þar sem aðildarríki ríkisborgara er án fyrirvars, verndar sendiráða og ræðisskrifstofa hvaða aðildarríkis sem er, með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis,
- d) rétt til að leggja beiðni fyrir Evrópuþingið og senda erindi til umboðsmanns Evrópusambandsins, sem og til stofnana og ráðgjafarnefnda Sambandsins, á hvaða tungumáli sáttmálans sem er og fá svar á sama tungumáli.

Nýta má þessi réttindi með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og ráðstöfunum sem eru samþykktar til að framfylgja þeim.

### 21. gr.

(áður 18. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sérhver borgari Sambandsins skal eiga rétt til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna, sbr. þó þær takmarkanir og skilyrði sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og ráðstöfunum til að koma þeim til framkvæmda.
2. Ef aðgerð af hálfu Sambandsins reynist nauðsynleg til að ná þessu markmiði og sáttmálarnir veita ekki nauðsynlegar heimildir er Evrópuþinginu og ráðinu heimilt að samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákvæði sem miða að því að gera það auðveldara að nýta réttinn sem um getur í 1. mgr.
3. Ráðinu er heimilt, í þeim tilgangi sem um getur í 1. mgr. og ef sáttmálarnir veita ekki nauðsynlegar heimildir, að samþykkja ráðstafanir er varða almannatryggingar og félagslega vernd í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð. Ráðið skal taka ákvörðun einróma að höfðu samráði við Evrópuþingið.

### 22. gr.

(áður 19. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sérhver borgari Sambandsins, sem er búsettur í aðildarríki sem hann er ekki ríkisborgari í, skal eiga rétt til að greiða atkvæði og bjóða sig fram til sveitarstjórnarkosninga í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur, með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis. Nýting þessa réttar er með fyrirvara um nánara fyrirkomulag sem ráðið samþykkir einróma í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið; í slíku fyrirkomulagi er heimilt að mæla fyrir um undanþágur þegar sértæk vandamál aðildarríkis réttlæta slíkt.
2. Með fyrirvara um 1. mgr. 223. gr. og ákvæði sem eru samþykkt til framkvæmdar henni skal sérhver borgari Sambandsins, sem er búsettur í aðildarríki sem hann er ekki ríkisborgari í, eiga rétt til að greiða atkvæði og bjóða sig fram í kosningum til Evrópuþingsins í aðildarríkinu þar sem hann er búsettur með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis. Nýting þessa réttar er með fyrirvara um nánara fyrirkomulag sem ráðið samþykkir einróma í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið; í slíku fyrirkomulagi er heimilt að mæla fyrir um undanþágur þegar sértæk vandamál aðildarríkis réttlæta slíkt.

## 23. gr.

(áður 20. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sérhver borgari Sambandsins skal eiga rétt á vernd sendiráða og ræðisskrifstofa hvaða aðildarríkis sem er, með sömu skilyrðum og eiga við um ríkisborgara þess ríkis, á yfirráðasvæði þriðja lands þar sem aðildarríkið, sem hann er ríkisborgari í, er án fyrirsvars. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg ákvæði og hefja nauðsynlegar samningaviðræður á alþjóðavettvangi til að tryggja slíka vernd.

Ráðinu er heimilt, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið, að samþykkja tilskipanir um nauðsynlegar samræmingar- og samstarfsráðstafanir til að greiða fyrir slíkri vernd.

## 24. gr.

(áður 21. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja með reglugerðum ákvæði um tilskilda málsmeðferð og skilyrði vegna borgaralegs frumkvæðis í skilningi 11. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þ.m.t. þann lágmarksfjölda aðildarríkja sem hlutaðeigandi borgarar skulu koma frá.

Sérhver borgari Sambandsins skal eiga rétt til að leggja beiðni fyrir Evrópuþingið í samræmi við 227. gr.

Sérhverjum borgara Sambandsins er heimilt að senda erindi til embættis umboðsmanns sem komið er á fót í samræmi við 228. gr.

Sérhverjum borgara Sambandsins er heimilt að senda skriflegt erindi til stofnana eða aðila sem um getur í þessari grein eða í 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið á einu þeirra tungumála sem um getur í 1. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og fá svar á sama tungumáli.

## 25. gr.

(áður 22. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal gefa Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrslu á þriggja ára fresti um beitingu ákvæðanna í þessum hluta. Í skýrslunni skal taka mið af þróun Sambandsins.

Á grundvelli þessa og með fyrirvara um önnur ákvæði í sáttmálunum er ráðinu heimilt að samþykkja einróma, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, ákvæði til að efla eða auka við réttindin sem eru talin upp í 2. mgr. 20. gr. Slík ákvæði öðlast gildi þegar aðildarríkin hafa samþykkt þau í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

## ÞRIÐJI HLUTI

## STEFNUR SAMBANDSINS OG AÐGERÐIR Á VETTVANGI ÞESS

## I. BÁLKUR

## INNRI MARKAÐURINN

## 26. gr.

(áður 14. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal samþykkja ráðstafanir í því skyni að koma innri markaðnum á fót eða tryggja starfsemi hans í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálanna.
2. Innri markaðurinn skal ná til svæðis án innri landamæra þar sem tryggð er frjáls för fólks, frjálsir vöruflutningar, frjáls þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar í samræmi við ákvæði sáttmálanna.
3. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, kveða á um nauðsynlegar viðmiðunarreglur og skilyrði til að tryggja jafnar framfarir í öllum viðkomandi geirum.

## 27. gr.

(áður 15. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Við gerð tillagna, sem settar eru fram til að vinna að markmiðum 26. gr., skal framkvæmdastjórnin taka tillit til þess að aðildarríkin þurfa að hafa misjafnlega mikið fyrir því að koma innri markaðnum á fót, eftir því hversu þróuð hagkerfi þeirra eru, og er henni heimilt að gera tillögur um viðeigandi ákvæði í því tilliti.

Feli þessi ákvæði í sér undanþágur skulu þau gilda tímabundið og valda eins lítilli röskun á starfsemi innri markaðarins og unnt er.

## II. BÁLKUR

## FRJÁLSIR VÖRUFLUTNINGAR

## 28. gr.

(áður 23. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal mynda tollabandalag sem tekur til allra vöruviðskipta og hefur í för með sér bann við innheimtu inn- og útflutningstolla í viðskiptum milli aðildarríkjanna, svo og allra gjalda sem samsvarandi áhrif hafa, auk þess sem tekin er upp sameiginleg tollskrá gagnvart þriðju löndum.

2. Ákvæði 30. gr. og 2. kafla þessa bálks skulu gilda bæði um framleiðsluvörur upprunnar í aðildarríkjunum og framleiðsluvörur frá þriðju löndum sem eru í frjálsri dreifingu í aðildarríkjunum.

*29. gr.*

(áður 24. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framleiðsluvörur frá þriðju löndum skulu teljast vera í frjálsri dreifingu í aðildarríki ef formsatriðum vegna innflutnings hefur verið fullnægt og innheimtir hafi verið allir tollar eða önnur gjöld sem samsvarandi áhrif hafa og greiða ber, enda hafi tollarnir eða gjöldin ekki verið endurgreidd í heild eða að hluta.

1. KAFLI

TOLLABANDALAG

*30. gr.*

(áður 25. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Tollar á innflutning og útflutning, svo og gjöld sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðir milli aðildarríkjanna. Þetta skal einnig eiga við um fjáröflunartolla.

*31. gr.*

(áður 26. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal ákvarða tolla, sem eru innheimtir samkvæmt sameiginlegu tollskránni, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

*32. gr.*

(áður 27. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirfarandi að leiðarljósi við framkvæmd þeirra verkefna sem henni eru falin í þessum kafla:

- a) þörfina á að efla viðskipti milli aðildarríkjanna og þriðju landa,
- b) þróun samkeppnisskilyrða innan Sambandsins, að því marki sem sú þróun styrkir samkeppnisgetu fyrirtækja,
- c) þarfir Sambandsins að því er varðar hráefni og hálfunnar vörur; framkvæmdastjórnin skal í því efni gæta þess að skilyrðum til samkeppni milli aðildarríkjanna sé ekki raskað að því er fullunnar vörur varðar,
- d) nauðsyn þess að forðast alvarlega röskun á efnahagslífi aðildarríkjanna og tryggja að framleiðsla þróist með skynsamlegum hætti og neysla aukist innan Sambandsins.

## 2. KAFLI

## TOLLASAMVINNA

## 33. gr.

(áður 135. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu gera ráðstafanir innan gildissviðs sáttmálanna, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, til að efla tollasamvinnu milli aðildarríkjanna annars vegar og milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar hins vegar.

## 3. KAFLI

## BANN VIÐ MAGNTAKMÖRKUNUM MILLI AÐILDARRÍKJANNA

## 34. gr.

(áður 28. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Magntakmarkanir á innflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli aðildarríkjanna.

## 35. gr.

(áður 29. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Magntakmarkanir á útflutningi, svo og allar ráðstafanir sem hafa samsvarandi áhrif, eru bannaðar milli aðildarríkjanna.

## 36. gr.

(áður 30. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði 34. og 35. gr. skulu ekki koma í veg fyrir að leggja megi á innflutning, útflutning eða umflutning vara bönn eða höft sem réttlætast af almennu siðferði, allsherjarreglu, almannaoýruggi, vernd lífs og heilsu manna eða dýra eða gróðurvernd, vernd þjóðarverðmæta, er hafa listrænt, sögulegt eða fornfræðilegt gildi, eða verndar eignarréttinda á sviði iðnaðar og viðskipta. Slík bönn eða höft mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á viðskipti milli aðildarríkjanna.

## 37. gr.

(áður 31. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríkin skulu tryggja breytingar á ríkiseinkasölum í viðskiptum, þannig að enginn greinarmunur sé gerður milli ríkisborgara aðildarríkja hvað snertir skilyrði til aðdrátta og markaðssetningar vara.

Ákvæði þessarar greinar gilda um hvern þann aðila sem hefur, fyrir hönd aðildarríkis, að lögum eða í reynd, beint eða óbeint, eftirlit með, ræður eða hefur umtalsverð áhrif á inn- eða útflutning milli aðildarríkjanna. Þessi ákvæði gilda einnig um einkasölur sem ríki hefur fengið öðrum í hendur.

2. Aðildarríkin skulu ekki grípa til neinna nýrra ráðstafana sem brjóta í bága við meginreglur 1. mgr. eða þrengja gildissvið þeirra greina sem varða bann við tollum og magntakmörkunum í viðskiptum milli þeirra.

3. Ef ríkiseinkasala, sem stundar almenn viðskipti, er háð reglum, sem ætlað er að greiða fyrir sölu á landbúnaðarafurðum eða tryggja að sem best verð fáiast fyrir þær, ber við framkvæmd reglnanna í þessari grein að gera samsvarandi ráðstafanir til að tryggja atvinnu og lífskjör hlutaðeigandi framleiðenda.

### III. BÁLKUR

## LANDBÚNAÐUR OG SJÁVARÚTVEGUR

### 38. gr.

(áður 32. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal móta og framkvæma sameiginlega stefnu í landbúnaðar- og sjávarútvegsmálum.

Innri markaðurinn tekur einnig til landbúnaðar, sjávarútvegs og viðskipta með landbúnaðarafurðir. Með landbúnaðarafurðum er hér átt við afurðir akuryrkju, búfjárræktar og fiskveiða, ásamt afurðum sem tengjast þeim beint og komnar eru af fyrsta vinnslustigi. Lítið skal svo á að vísanir til sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar eða landbúnaðar og notkun hugtaksins „landbúnaður“ varði einnig sjávarútveg, með hliðsjón af sérstökum einkennum þess atvinnuvegar.

2. Ef ekki er kveðið á um annað í 39.–44. gr. gilda reglurnar, sem mæla fyrir um stofnun og starfsemi innri markaðarins, um landbúnaðarafurðir.

3. Afurðir, sem ákvæði 39.–44. gr. gilda um, eru skráðar í I. viðauka.

4. Starfsemi og þróun innri markaðarins fyrir landbúnaðarafurðir verður að haldast í hendur við mótun sameiginlegrar landbúnaðarstefnu.

### 39. gr.

(áður 33. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Markmið sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar skulu vera:

a) að auka framleiðni í landbúnaði með því að stuðla að tækniframförum og tryggja skynsamlega þróun landbúnaðarframleiðslunnar og sem hagkvæmasta nýtingu framleiðsluþátta, einkum vinnuafls,



- b) að tryggja á þennan hátt viðunandi lífskjör í landbúnaði, einkum með því að auka tekjur þeirra einstaklinga sem stunda landbúnað,
- c) að sjá til þess að stöðugleiki ríki á mörkuðum,
- d) að tryggja vöruframboð,
- e) að sjá til þess að neytendur fái vörur á sanngjörnu verði.

2. Við móttöku sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og hinna sérstöku aðferða sem beitt verður við framkvæmd hennar skal hafa hliðsjón af eftirtöldu:

- a) hinu sérstaka eðli landbúnaðarins, sem stafar af félagslegum aðstæðum landbúnaðar og mismun á atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum og náttúrufari eftir landbúnaðarsvæðum,
- b) nauðsyn þess að viðeigandi aðlögun fari fram stig af stigi,
- c) þeirri staðreynd að nán tengsl eru milli landbúnaðar aðildarríkjanna og efnahagslífsins í heild.

#### 40. gr.

(áður 34. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Koma skal á sameiginlegu markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir til þess að ná þeim markmiðum sem kveðið er á um í 39. gr.

Kerfið skal vera eitt af eftirtöldu, eftir því um hvaða afurðir er að ræða:

- a) sameiginlegar samkeppnisreglur,
- b) skyldubundin samræming á ólíkum markaðskerfum aðildarríkjanna,
- c) evrópskt markaðskerfi.

2. Sameiginlegt kerfi skv. 1. mgr. getur falið í sér allar ráðstafanir sem þörf er á til að ná þeim markmiðum sem tilgreind eru í 39. gr., einkum að því er varðar verðstýringu, styrki til framleiðslu og markaðssetningar ýmissa afurða, fyrirkomulag á geymslu og tilflutningi, og sameiginlega umgjörð til að koma á jafnvægi í inn- eða útflutningi.

Sameiginlega kerfið skal einskorðað við þau markmið sem tilgreind eru í 39. gr. og skal ekki fela í sér neina mismunun milli framleiðenda eða neytenda innan Sambandsins.

Sameiginleg verðlagsstefna skal byggð á sameiginlegum viðmiðunum og samræmdum reikningsaðferðum.

3. Í því skyni að vinna að markmiðum sameiginlega kerfisins skv. 1. mgr. má stofna einn eða fleiri þróunar- og ábyrgðarsjóði fyrir landbúnaðinn.

*41. gr.*

(áður 35. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Til þess að ná þeim markmiðum, sem tilgreind eru í 39. gr., má meðal annars setja ákvæði um eftirfarandi ráðstafanir innan marka sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar:

- a) samræmdar ráðstafanir á sviði starfsmenntunar og rannsókna og til að miðla þekkingu á landbúnaðarmálum; í þessu getur falist að fé sé lagt sameiginlega til verkefna eða stofnana,
- b) samræmdar ráðstafanir til að ýta undir neyslu á tilteknum afurðum.

*42. gr.*

(áður 36. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði kaflans sem fjallar um samkeppnisreglur gilda aðeins um framleiðslu og viðskipti með landbúnaðarafurðir að því marki sem Evrópuþingið og ráðið ákveða innan þess ramma og með þeim hætti sem kveðið er á um í 2. mgr. 43. gr., svo og með hliðsjón af markmiðum þeim sem tilgreind eru í 39. gr.

Ráðið getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, heimilað styrkveitingar:

- a) til að vernda atvinnurekstur sem stendur höllum fæti vegna erfiðra atvinnu- og uppbyggingarskilyrða eða náttúruferars,
- b) innan ramma hagþróunaráætlana.

*43. gr.*

(áður 37. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögur um mótun og framkvæmd sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar, þ.m.t. um hvernig innlend markaðskerfi verði leyst af hólmi með sameiginlegu kerfi með einhverju því sniði sem kveðið er á um í 1. mgr. 40. gr., og hvernig staðið skuli að framkvæmd ráðstafana sem tilgreindar eru í þessum bálki.

Í tillögunum skal tekið mið af samhengi þeirra þátta landbúnaðarmála sem fjallað er um í þessum bálki.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu koma á, í samræmi við almenna lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, sameiginlegu markaðskerfi fyrir landbúnaðarafurðir, eins og kveðið er á um í 1. mgr. 40. gr. og setja önnur nauðsynleg ákvæði til að ná markmiðum sameiginlegu landbúnaðarstefnunnar og sameiginlegu sjávarútvegsstefnunnar.

3. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja ráðstafanir sem lúta að ákvörðun verðs, álagningar, styrkja og magntakmarkana, svo og ákvörðun og úthlutun veiðiheimilda.
4. Í samræmi við 2. mgr. er heimilt að láta sameiginlega kerfið, sem kveðið er á um í 1. mgr. 40. gr., leysa af hólmi markaðskerfi einstakra aðildarríkja ef:
- sameiginlega kerfið veitir aðildarríkjum, sem eru ráðstöfuninni andvíg og hafa eigið kerfi fyrir þær afurðir, sem um er að ræða, sambærilega tryggingu fyrir atvinnu og sambærilegum líf skjörum hlutaðeigandi framleiðenda, jafnframt því sem höfð er hliðsjón af hugsanlegri aðlögun og þeirri sérhæfingu sem þörf kann að verða á er frá líður,
  - tryggt er með þessu kerfi að aðstæður til viðskipta innan Sambandsins verði svipaðar þeim sem ríkja á innanlandsmarkaði.
5. Ef komið er á sameiginlegu kerfi vegna tiltekinna hráefna áður en slíku kerfi er komið á fyrir vörur sem eru unnar úr þeim, má flytja hráefnin inn frá þriðju löndum séu þau notuð til að framleiða unnar vörur sem flytja skal út til landa utan Sambandsins.

*44. gr.*

(áður 38. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef vara fellur undir markaðskerfi í aðildarríki, eða innri reglur sem samsvarandi áhrif hafa, með afleiðingum sem snerta samkeppnisstöðu svipaðrar framleiðslu í öðru aðildarríki, skulu aðildarríkin leggja á vöruna jöfnunargjald við innflutning frá því aðildarríki þar sem kerfið eða reglurnar gilda, nema það ríki leggi jöfnunargjald á útflutning vörunnar.

Framkvæmdastjórnin ákveður fjárhæð þessara gjalda þannig að jafnvægi sé náð að nýju; hún getur einnig heimilað aðrar ráðstafanir og kveðið á um með hvaða skilyrðum það skuli gert og nánari tilhögun þar að lútandi.

IV. BÁLKUR

**FRJÁLS FÖR FÓLKS, FRJÁLS ÞJÓNUSTUSTARFSEMI OG FRJÁLSIR  
FJÁRMAGNSFLUTNINGAR**

1. KAFLI

LAUNAFÓLK

*45. gr.*

(áður 39. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Frjáls för launafólks skal vera tryggð innan Sambandsins.

2. Umrætt frelsi felur í sér afnám allrar mismununar milli launafólks í aðildarríkjunum sem byggð er á ríkisfangi og lýtur að atvinnu, launakjörum og öðrum starfs- og ráðningarskilyrðum.
3. Með þeim takmörkunum sem réttlætast af allsherjarreglu, almannaöryggi og lýðheilsu felur þetta í sér rétt til þess að:
  - a) þiggja atvinnutilboð sem raunverulega eru lögð fram,
  - b) fara að vild í þeim tilgangi um yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
  - c) dveljast í aðildarríki í atvinnuskyni í samræmi við ákvæði í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um starfskjör ríkisborgara þess ríkis,
  - d) dveljast áfram á yfirráðasvæði aðildarríkis eftir að hafa starfað þar, með fyrirvara um þau skilyrði sem framkvæmdastjórnin setur í reglugerðum.
4. Ákvæði þessarar greinar eiga ekki við um störf í opinberri þjónustu.

#### 46. gr.

(áður 40. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, gefa út tilskipanir eða setja reglugerðir með fyrirmælum um ráðstafanir til að koma á frjálstri för launafólks, eins og hún er skilgreind í 45. gr., einkum með því að:

- a) sjá til þess að náð samstarf sé á milli vinnumiðlana í einstökum aðildarríkjum,
- b) afnema þá stjórnsýslumeðferð og -venju, svo og hvers konar tímabil sem þarf að vera lokið til að uppfylla kröfur um ráðningu í starf, sem geta torveldað launafólki að flytjast milli landa, hvort sem þau eiga sér uppruna í landslöggjöf eða samningum sem áður hafa verið gerðir milli aðildarríkjanna,
- c) afnema hvers konar tímabil sem þarf að vera lokið til að uppfylla kröfur um ráðningu í starf og aðrar takmarkanir, sem kveðið er á um í landslöggjöf eða áður gerðum samningum milli aðildarríkjanna og setja launafólki frá öðrum aðildarríkjum önnur skilyrði um frjálst val á atvinnu en gilda um launafólk hlutaðeigandi ríkis,
- d) koma á hentugu skipulagi til að færa saman atvinnutilboð og atvinnuumsóknir og stuðla að jafnvægi milli framboðs og eftirspurnar á vinnumarkaði með þeim hætti að lífskjörum eða atvinnuástandi á einstökum svæðum eða í einstökum atvinnugreinum sé ekki verulega ógnað.

## 47. gr.

(áður 41. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu stuðla að gagnkvæmum skiptum á ungu launafólki samkvæmt sameiginlegri áætlun.

## 48. gr.

(áður 42. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, samþykkja þær ráðstafanir á sviði almannatrygginga sem nauðsynlegar eru vegna frjálstrar farar launafólks; þau skulu í þessu skyni gera ráðstafanir til að tryggja farandlaunþegum og sjálfstætt starfandi farandfólki, ásamt þeim sem eru á framfæri þeirra, að:

- a) lögð verði saman öll tímabil sem taka ber til greina samkvæmt lögum hinna ýmsu landa til að öðlast og viðhalda bótarétti, svo og reikna fjárhæð bóta,
- b) bætur séu greiddar fólki sem er búsett á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna.

Ef aðildarríki sem á sæti í ráðinu lýsir því yfir að drög að lagagerð af því tagi sem um getur í fyrstu undirgrein myndi hafa áhrif á mikilvæga þætti í almannatryggingakerfi viðkomandi ríkis, þ.m.t. gildissvið þess, kostnað eða fjárhagslegt skipulag, eða fjárhagslegt jafnvægi kerfisins, getur það farið fram á að málinu verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal fresta almennri lagasetningarmeðferð. Að umræðum loknum skal leiðtogaráðið, innan fjögurra mánaða frá því að frestun er ákveðin, annaðhvort:

- a) vísa drögunum aftur til ráðsins, sem skal rjúfa frestun almennrar lagasetningarmeðferðar, eða
- b) gera engar ráðstafanir eða fara fram á það við framkvæmdastjórnina að hún leggi fram nýja tillögu; gerðin, sem tillaga var gerð um í upphafi, telst þá ekki hafa verið samþykkt.

## 2. KAFLI

## STAÐFESTURÉTTUR

## 49. gr.

(áður 43. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Innan ramma þeirra ákvæða sem hér fara á eftir er bannað að setja höft á rétt ríkisborgara aðildarríkis til að öðlast staðfestu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis. Hið sama gildir einnig um höft á því að ríkisborgarar aðildarríkis, sem hafa staðfestu á yfirráðasvæði einhvers aðildarríkis, setji á stofn umboðsskrifstofu, útibú eða dótturfélag.

Staðfesturéttur felur í sér rétt til að hefja og stunda sjálfstæða atvinnustarfsemi og til að stofna og reka fyrirtæki, einkum félög eða fyrirtæki í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr., með þeim skilyrðum sem gilda að landslögum um ríkisborgara þess ríkis þar sem staðfestan er fengin, þó með fyrirvara um ákvæði kaflans um fjármagn.

## 50. gr.

(áður 44. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, setja tilskipanir um að koma á staðfesturétti í tilteknum atvinnugreinum.
2. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu inna af hendi verkefni sín samkvæmt undanfarandi ákvæðum, einkum með því að:
  - a) láta þær atvinnugreinar njóta forgangs þar sem staðfesturéttur stuðlar verulega að þróun í framleiðslu og viðskiptum,
  - b) sjá til þess að lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum hafi með sér nána samvinnu um að ganga úr skugga um aðstæður hinna ýmsu atvinnugreina innan Sambandsins,
  - c) afnema þá stjórnáætlunarmeðferð eða -venju sem myndu hindra nýtingu staðfesturéttarins ef þeim væri viðhaldið, hvort sem þau eiga sér uppruna í landslöggjöf eða samningum sem áður hafa verið gerðir milli aðildarríkjanna,
  - d) tryggja að launafólk frá einu aðildarríki, sem starfar á yfirráðasvæði annars aðildarríkis, geti dvalist þar áfram til að hefja sjálfstæða atvinnustarfsemi, enda fullnægi það öllum skilyrðum sem því bæri að fullnægja ef það væri að koma til ríkisins á þeim tíma sem það hyggst hefja starfsemina,
  - e) gera ríkisborgara aðildarríkis kleift að eignast og nýta landareignir og byggingar í öðru aðildarríki, svo fremi það brjóti ekki í bága við meginreglur 2. mgr. 39. gr.,
  - f) afnema smám saman höft á staðfesturétti í öllum viðkomandi atvinnugreinum, bæði að því er varðar skilyrði fyrir því að koma á fót umboðsskrifstofum, útibúum eða dótturfélögum á yfirráðasvæði aðildarríkis og skilyrði fyrir því að starfsmenn höfuðstöðva getið tekið að sér stjórnunar- eða eftirlitsstörf í slíkum umboðsskrifstofum, útibúum eða dótturfélögum,
  - g) samræma eins og þörf krefur þær verndarráðstafanir, sem aðildarríki krefjast af félögum eða fyrirtækjum í skilningi annarrar málsgreinar 54. gr., til verndar hagsmunum félagsmanna jafnt sem þriðju aðila, með það fyrir augum að slíkar verndarráðstafanir verði jafngildar alls staðar innan Sambandsins,
  - h) ganga úr skugga um að skilyrðum fyrir staðfestu sé ekki raskað með aðstoð sem aðildarríkin veita.

## 51. gr.

(áður 45. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði þessa kafla gilda ekki um starfsemi sem í aðildarríki fellur undir meðferð opinbers valds, jafnvel þótt svo sé aðeins í einstökum tilvikum.

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að ákveða, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að ákvæði þessa kafla skuli ekki eiga við um tiltekna atvinnugreinar.

*52. gr.*

(áður 46. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ákvæði þessa kafla og ráðstafanir í samræmi við þau útiloka ekki að beitt verði ákvæðum í lögum eða stjórnslufyrirmælum um sérstaka meðferð á erlendum ríkisborgurum er grundvallast á sjónarmiðum um allsherjarreglu, almannaöryggi eða lýðheilsu.
2. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að gefa út, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, tilskipanir til samræmingar á framangreindum ákvæðum.

*53. gr.*

(áður 47. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Til að auðvelda sjálfstætt starfandi einstaklingum að hefja og stunda starfsemi skulu Evrópuþingið og ráðið gefa út, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, tilskipanir um gagnkvæma viðurkenningu á prófskírteinum, vottorðum og öðrum vitnisburði um formlega menntun og hæfi, svo og samræmingu ákvæða í lögum og stjórnslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi rétt sjálfstætt starfandi einstaklinga til að hefja og stunda starfsemi.
2. Höftum skal smám saman létt af störfum heilbrigðisstétta, tengdra starfsstétta og starfsstétta á sviði lyfjafræði, eftir því hvernig miðar við samræmingu skilyrða fyrir leyfum til slíkra starfa í hinum ýmsu aðildarríkjum.

*54. gr.*

(áður 48. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með félög eða fyrirtæki, sem stofnuð eru í samræmi við lög aðildarríkis og hafa skráða skrifstofu, yfirstjórn eða aðalstarfsstöð innan Sambandsins, skal farið, að því er þennan kafla varðar, á sama hátt og einstaklinga sem eru ríkisborgarar í aðildarríkjunum.

Með félögum eða fyrirtækjum er átt við félög eða fyrirtæki, stofnuð á grundvelli einkamálaréttar eða verslunarréttar, þar með talin samvinnufélög, svo og aðra lögaðila sem lúta opinberum rétti eða einkarétti, þó að frátöldum þeim sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni.

*55. gr.*

(áður 294. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða sáttmálanna skulu aðildarríkin sjá til þess að ríkisborgarar annarra aðildarríkja sitji við sama borð og eigin ríkisborgarar að því er varðar hlutdeild í stofnfé félaga eða fyrirtækja í skilningi 54. gr.

## 3. KAFLI

## ÞJÓNUSTA

## 56. gr.

(áður 49. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Innan ramma þeirra ákvæða sem hér fara á eftir er bannað að leggja höft á frelsi ríkisborgara aðildarríkjanna til að veita þjónustu innan Sambandsins enda þótt þeir hafi staðfestu í öðru aðildarríki en sá sem þjónustan er ætluð.

Evrópuþingið og ráðið geta ákveðið, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að láta ákvæði þessa kafla einnig ná til ríkisborgara þriðju landa sem veita þjónustu og hafa staðfestu innan Sambandsins.

## 57. gr.

(áður 50. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með „þjónustu“ er í sáttmálunum átt við þjónustu sem að jafnaði er veitt gegn þóknun, að því leyti sem hún lýtur ekki ákvæðum um frjálsa vöruflutninga, frjálsa fjármagnsflutninga og frjálsa för fólks.

Undir „þjónustu“ fellur einkum:

- a) starfsemi á sviði iðnaðar,
- b) starfsemi á sviði viðskipta,
- c) starfsemi handverksmanna,
- d) sérfræðistörf.

Sá sem veitir þjónustu getur, með fyrirvara um ákvæðin sem sett eru í kaflanum um staðfesturétt, í því skyni stundað starfsemi sína tímabundið í því ríki þar sem þjónustan er veitt, með sömu skilyrðum og það ríki setur eigin ríkisborgurum.

## 58. gr.

(áður 51. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Frelsi til að veita þjónustu á sviði flutninga skal falla undir ákvæði bálksins um flutningastarfsemi.
2. Samhliða því sem frelsi í fjármagnsflutningum er aukið skal auknu frelsi komið á í þeirri þjónustustarfsemi banka og váttryggingafélaga sem varðar fjármagnsflutninga.



*59. gr.*

(áður 52. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu auka frelsi innan tiltekinna þjónustugreina með útgáfu tilskipana, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina.
2. Með tilskipununum, sem um getur í 1. mgr., skal almennt tekið fyrst á þjónustu sem hefur bein áhrif á framleiðslukostnað eða þjónustu á sviðum þar sem aukið frelsi myndi stuðla að auknum vöruviðskiptum.

*60. gr.*

(áður 53. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu leitast við að auka frelsi í þjónustustarfsemi umfram það sem krafist er í tilskipunum sem kunna að verða gefnar út skv. 1. mgr. 59. gr., ef almennt efnahagsástand í ríkjunum og staða viðkomandi atvinnugreinar leyfir.

Framkvæmdastjórnin skal í þessu skyni beina tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkja.

*61. gr.*

(áður 54. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hafi höft á þjónustustarfsemi ekki verið afnumin skulu aðildarríkin beita þeim án greinarmunar gagnvart öllum þeim sem stunda þjónustustarfsemi í skilningi fyrstu málsgreinar 56. gr., óháð ríkisfangi eða dvalarstað.

*62. gr.*

(áður 55. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði 51.–54. gr. gilda um málefni sem fjallað er um í þessum kafla.

## 4. KAFLI

## FJÁRMAGN OG GREIÐSLUR

*63. gr.*

(áður 56. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Innan ramma ákvæða þessa kafla er bannað að leggja hvers konar höft á fjármagnsflutninga milli aðildarríkja annars vegar og milli aðildarríkja og þriðju landa hins vegar.
2. Innan ramma ákvæða þessa kafla er bannað að leggja hvers konar höft á greiðslur milli aðildarríkjanna annars vegar og milli aðildarríkjanna og þriðju landa hins vegar.

## 64. gr.

(áður 57. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ákvæði 63. gr. skulu ekki hafa áhrif á beitingu neins konar hafta gagnvart þriðju löndum sem eru í gildi 31. desember 1993 samkvæmt samþykktum landslögum eða lögum Sambandsins að því er varðar fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum sem fela í sér beina fjárfestingu, þ.m.t. í fasteignum, stofnun, veitingu fjármálaþjónustu eða skráningu verðbréfa á fjármagnsmörkuðum. Að því er varðar gildandi höft samkvæmt landslögum í Búlgaríu, Eistlandi og Ungverjalandi skal dagsetningin vera 31. desember 1999.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir varðandi fjármagnsflutninga til eða frá þriðju löndum er fela í sér beina fjárfestingu, þ.m.t. í fasteignum, stofnun, veitingu fjármálaþjónustu eða skráningu verðbréfa á fjármagnsmörkuðum en leitast jafnframt við að ná markmiðinu um frjálsa fjármagnsflutninga milli aðildarríkjanna og þriðju landa eftir því sem frekast er unnt, sbr. þó aðra kafla sáttmálanna.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. er ráðinu einu heimilt, með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið, að samþykkja ráðstafanir sem teljast vera afturför í lögum Sambandsins að því er varðar aukið frelsi í fjármagnsflutningum til eða frá þriðju löndum.

## 65. gr.

(áður 58. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ákvæði 63. gr. skulu ekki hafa áhrif á rétt aðildarríkjanna til að:

- a) beita viðeigandi ákvæðum í skattalöggjöf sinni sem gera greinarmun á skattgreiðendum eftir búsetustað eða þeim stað þar sem þeir hafa fest fjármagn sitt,
- b) gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að koma í veg fyrir brot á lögum og reglum viðkomandi ríkis, einkum á sviði skattamála og varfærniseftirlits með fjármálastofnunum, eða mæla fyrir um með hvaða hætti gera skuli grein fyrir fjármagnsflutningum vegna stjórnsýslulegrar eða tölulegrar upplýsingaöflunar, eða gera ráðstafanir sem réttlæta má með skírskotun til allsherjarreglu eða almannaöryggis.

2. Ákvæði þessa kafla skulu ekki hafa áhrif á beitingu hafta á staðfesturétti sem eru í samræmi við sáttmálana.

3. Þær ráðstafanir og það fyrirkomulag, sem um getur í 1. og 2. mgr., mega þó ekki leiða til gerræðislegrar mismununar eða til þess að duldar hömlur séu lagðar á frjálsa fjármagnsflutninga og greiðslur, líkt og tilgreint er í 63. gr.

4. Ef ekki eru gerðar ráðstafanir skv. 3. mgr. 64. gr. er framkvæmdastjórninni, eða ráðinu hafi hún ekki tekið ákvörðun innan þriggja mánaða frá því að hlutaðeigandi aðildarríki lagði fram beiðni, heimilt að samþykkja ákvörðun þess efnis að takmarkandi skattaráðstafanir, sem aðildarríki hefur samþykkt vegna eins eða fleiri þriðju landa, skuli teljast samrýmanlegar sáttmálunum, enda séu þær rökstuddar með einu af markmiðum Sambandsins og samrýmist eðlilegri starfsemi innri markaðarins. Ráðið skal taka ákvörðun einróma fari aðildarríki fram á það.

*66. gr.*

(áður 59. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þegar þannig stendur á, í undantekningartilvikum, að fjármagnsflutningar til eða frá þriðju löndum valda, eða eru til þess fallnir að valda, alvarlegum erfiðleikum í starfsemi efnahags- og myntbandalags er ráðinu heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, að grípa til verndaráðstafana gagnvart þriðju löndum í allt að sex mánuði, ef brýna nauðsyn ber til.

## V. BÁLKUR

### SVÆÐI FRELSIS, ÖRYGGIS OG RÉTTLÆTIS

#### 1. KAFLI

#### ALMENN ÁKVÆÐI

*67. gr.*

(áður 61. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og 29. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sambandið skal mynda svæði frelsis, öryggis og réttlætis þar sem grundvallarréttindi eru virt, sem og ólík réttarkerfi og lagahefðir aðildarríkjanna.
2. Það skal sjá til þess að ekki sé haft eftirlit með einstaklingum á innri landamærum og setja ramma um sameiginlega stefnu um hæli, málefni innflytjenda og landamæravörslu á ytri landamærum sem byggist á samstöðu aðildarríkjanna og er sanngjörn gagnvart ríkisborgurum þriðju landa. Að því er varðar þennan bálk skulu ríkisfangslausir einstaklingar hljóta sömu meðferð og ríkisborgarar þriðju landa.
3. Sambandið skal leitast við að tryggja fyllsta öryggi með ráðstöfunum til að koma í veg fyrir og berjast gegn afbrotum, kynþáttamisrétti og útlendingahatri og ráðstöfunum til að koma á samræmingu og samstarfi lögregluþyrvalda og dómsmálayfirvalda og annarra lögbærra yfirvalda, sem og með gagnkvæmri viðurkenningu dóma í sakamálum og, ef nauðsyn krefur, samræmingu hegningarlaga.
4. Sambandið skal auðvelda aðgang að réttarkerfinu, einkum á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu á ákvörðunum dómstóla og ákvörðunum utan réttar í einkamálum.

*68. gr.*

Leiðtogaráðið skal móta stefnumið í tengslum við áætlanir um löggjöf og aðgerðir innan svæðis frelsis, öryggis og réttlætis.

*69. gr.*

Þjóðþingin sjá til þess að tillögur og frumkvæði að löggjöf, sem fram koma á grundvelli 4. og 5. kafla, samrýmist nálægðarreglunni, í samræmi við það fyrirkomulag sem mælt er fyrir um í bókuninni um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar.

*70. gr.*

Með fyrirvara um 258., 259. og 260. gr. er ráðinu heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að samþykkja ráðstafanir um fyrirkomulag þar sem aðildarríkin láta fara fram, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, hlutlægt og óhlutdrægt mat á framkvæmd stefna Sambandsins sem um getur í þessum bálki af hálfu yfirvalda í aðildarríkjunum, einkum í því skyni að auðvelda fulla beitingu meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu. Evrópuþingið og þjóðþingin skulu upplýst um efni og niðurstöður matsins.

*71. gr.*

(áður 36. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Koma skal á fót fastanefnd innan ráðsins til að tryggja að meiri áhersla sé lögð á samstarf um aðgerðir vegna innra öryggis og það styrkt innan Sambandsins. Hún skal, með fyrirvara um 240. gr., auðvelda samræmingu aðgerða á vegum lögbærra yfirvalda aðildarríkjanna. Fulltrúum hlutaðeigandi aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins er heimilt að taka þátt í störfum nefndarinnar. Upplýsa skal Evrópuþingið og þjóðþingin um störf hennar.

*72. gr.*

(áður 1. mgr. 64. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins og 33. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Þessi bálkur hefur ekki áhrif á það með hvaða hætti aðildarríkin sinna skyldum sem á þeim hvíla að því er varðar lög og reglu og innra öryggi.

*73. gr.*

Aðildarríkjunum er heimilt að skipuleggja sín á milli og á eigin ábyrgð samstarf og samræmingu milli þar til berra stjórnsýslustofnana sinna sem bera ábyrgð á þjóðaröryggi, með því fyrirkomulagi sem þau telja viðeigandi.

## 74. gr.

(áður 66. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal samþykkja ráðstafanir til að tryggja samvinnu á sviði stjórnsýslu milli hlutaðeigandi yfirvalda í aðildarríkjunum á þeim sviðum sem falla undir þennan bálk, svo og á milli þessara yfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar. Það skal taka ákvörðun að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, með fyrirvara um 76. gr. og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

## 75. gr.

(áður 60. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, þegar slíkt er talið nauðsynlegt til að ná markmiðum 67. gr. um að koma í veg fyrir og berjast gegn hryðjuverkum og áþektri háttsemi, setja reglugerðir í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð sem mæla fyrir um ramma um stjórnvaldsathafnir vegna fjármagnsflutninga og greiðslna, s.s. kyrrsetningu fjármuna, fjáreigna eða efnahagslegs ávinnings sem tilheyra, eru í eigu eða í vörslu einstaklinga eða lögaðila, hópa eða aðila annarra en ríkja.

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkja ráðstafanir til framkvæmdar þeim ramma sem um getur í fyrstu málsgrein.

Í gerðunum, sem um getur í þessari grein, skulu einnig vera nauðsynleg ákvæði um lagalega réttarvernd.

## 76. gr.

Gerðirnar, sem um getur í 4. og 5. kafla, skulu, ásamt þeim ráðstöfunum sem um getur í 74. gr. og tryggja samvinnu á sviði stjórnsýslu á þeim sviðum sem falla undir þessa kafla, samþykktar:

- a) að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða
- b) að frumkvæði fjórðungs aðildarríkjanna.

## 2. KAFLI

## STEFNUR ER VARÐA LANDAMÆRAEFTIRLIT, HÆLI OG MÁLEFNI INNFLYTJENDA

## 77. gr.

(áður 62. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal móta stefnu sem miðar að því að:

- a) tryggja að ekki sé haft eftirlit með einstaklingum við för þeirra yfir innri landamæri, óháð ríkisfangi,

- b) hafa eftirlit með einstaklingum við för þeirra yfir ytri landamæri og vakta slíka umferð með skilvirkum hætti,
  - c) taka í áföngum upp samþætt kerfi fyrir stjórnun á ytri landamærum.
2. Með tilliti til 1. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir varðandi:
- a) sameiginlega stefnu um vegabréfsáritanir og önnur dvalarleyfi til skamms tíma,
  - b) eftirlit sem fólk, sem fer yfir ytri landamærin, þarf að gangast undir,
  - c) skilyrði sem gilda um frelsi ríkisborgara þriðju landa til ferða innan Sambandsins í stuttan tíma,
  - d) hverja þá ráðstöfun sem nauðsynleg telst til að taka í áföngum upp samþætt kerfi fyrir stjórnun á ytri landamærum,
  - e) það að ekki sé haft eftirlit með einstaklingum við för þeirra yfir innri landamæri, óháð ríkisfangi.
3. Ef aðgerð af hálfu Sambandsins reynist nauðsynleg til að auðvelda nýtingu réttarins, sem um getur í a-lið 2. mgr. 20. gr., og sáttmálarnir veita ekki nauðsynlegar heimildir, er ráðinu heimilt að samþykkja, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, ákvæði varðandi vegabréf, kennivottorð, dvalarleyfi eða önnur slík skjöl. Ráðið skal taka ákvörðun einróma og að höfðu samráði við Evrópuþingið.
4. Þessi grein hefur ekki áhrif á valdheimildir aðildarríkjanna til að afmarka landamæri sín landfræðilega í samræmi við þjóðarétt.

*78. gr.*

(áður 1. og 2. liður 63. gr. og 2. mgr. 64. gr. sáttmálans um Evrópubandalagið)

1. Sambandið skal móta sameiginlega stefnu um hæli, viðbótarvernd og bráðabirgðavernd með það í huga að ríkisborgarar þriðju landa, sem þarfnast alþjóðlegrar verndar, fái viðeigandi stöðu og að fylgt sé meginreglunni um að vísa fólki ekki aftur þangað sem líf þess eða frelsi kann að vera í hættu. Þessi stefna verður að vera í samræmi við Genfarsáttmálann frá 28. júlí 1951, bókunina um réttarstöðu flóttamanna frá 31. janúar 1967 og aðra viðeigandi sáttmála.
2. Með tilliti til 1. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir varðandi samevrópskt hæliskerfi sem felur í sér:
- a) samræmda réttarstöðu vegna hælís, sem gildir alls staðar í Sambandinu, til handa ríkisborgurum þriðju landa,
  - b) samræmda réttarstöðu vegna viðbótarverndar til handa ríkisborgurum þriðju landa sem þarfnast alþjóðlegrar verndar ef þeir fá ekki hæli í Evrópu,

- c) sameiginlegt kerfi bráðabirgðaverndar fyrir fólk sem hefur neyðst til að yfirgefa heimili sín og heimahaga þegar um er að ræða stórfellt innstreymi flóttamanna,
- d) sameiginlega málsmeðferð við veitingu og afturköllun samræmdrar réttarstöðu vegna hælís eða viðbótarverndar,
- e) viðmiðanir og fyrirkomulag við að ákvarða hvaða aðildarríki skuli taka til meðferðar umsókn um hæli eða viðbótarvernd,
- f) reglur um móttöku umsækjenda um hæli eða viðbótarvernd,
- g) samstarf og samvinnu við þriðju lönd með það að markmiði að stýra innstreymi fólks sem sækir um hæli eða viðbótarvernd eða bráðabirgðavernd.

3. Ef neyðarástand skapast í einu eða fleiri aðildarríkjum vegna skyndilegs innstreymis ríkisborgara þriðju landa er ráðinu heimilt að samþykkja bráðabirgðaráðstafanir, í þágu hlutaðeigandi aðildarríkis eða aðildarríkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ráðið skal taka ákvörðun að höfðu samráði við Evrópuþingið.

#### 79. gr.

(áður 3. og 4. liður 63. gr. sáttmálans um Evrópubandalagið)

1. Sambandið skal móta sameiginlega stefnu í málefnum innflytjenda með það að markmiði að tryggja skilvirka stjórn, á öllum stigum, á straumi innflytjenda, sanngjarna meðferð ríkisborgara þriðju landa sem dveljast löglega í aðildarríkjunum og að komið sé í veg fyrir og efldar séu ráðstafanir til að berjast gegn ólöglegum innflutningi fólks og mansali.
2. Með tilliti til 1. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir er varða eftirfarandi:
  - a) komu- og dvalarskilyrði og reglur um útgáfu aðildarríkjanna á vegabréfsáritunum og dvalarleyfum til langrar dvalar, þ.m.t. til handa þeim sem koma til að sameinast fjölskyldum sínum,
  - b) skilgreiningu á réttindum ríkisborgara þriðju landa sem dvelja löglega í aðildarríki, þ.m.t. skilyrði fyrir frjálstri för og dvöl í öðrum aðildarríkjum,
  - c) ólöglegan innflutning fólks og dvöl í leyfisleysi, þ.m.t. brottflutning og heimsendingu fólks sem dvelur í landi án leyfis,
  - d) baráttu gegn mansali, einkum þegar konur og börn eiga í hlut.
3. Sambandinu er heimilt að gera samninga við þriðju lönd um endurvíðtöku á ríkisborgurum þriðju landa í upprunalandi þeirra eða landinu sem þeir koma frá ef þeir uppfylla ekki eða uppfylla ekki lengur skilyrði fyrir komu, veru eða dvöl á yfirráðasvæði eins aðildarríkjanna.

4. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að ákveða ráðstafanir, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, til hvatningar og stuðnings aðgerðum aðildarríkjanna með það fyrir augum að stuðla að aðlögun ríkisborgara þriðju landa sem dvelja með löglegum hætti á yfirráðasvæðum þeirra, þó ekki með neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

5. Þessi grein hefur ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að ákveða í hvaða mæli þau leyfa komu ríkisborgara þriðju landa, sem koma frá þriðju löndum, inn á yfirráðasvæði sitt til atvinnuleitar, hvort sem um er að ræða launafólk eða sjálfstætt starfandi einstaklinga.

*80. gr.*

Stefnur Sambandsins, sem um er fjallað í þessum kafla, og framkvæmd þeirra falla undir meginregluna um samstöðu og sanngjarna skiptingu ábyrgðar, þ.m.t. kostnaðar, milli aðildarríkjanna. Þegar þörf krefur skulu gerðir Sambandsins, sem samþykktar eru samkvæmt þessum kafla, fela í sér viðeigandi ráðstafanir til að koma þessari meginreglu til framkvæmda.

3. KAFLI

DÓMSMÁLASAMSTARF Í EINKAMÁLUM

*81. gr.*

(áður 65. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal koma á dómsmálasamstarfi í einkamálum, sem teygja anga sína yfir landamæri, á grundvelli meginreglunnar um gagnkvæma viðurkenningu dóma og ákvarðana í málum utan réttar. Slíkt samstarf getur tekið til samþykktar ráðstafana um samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

2. Með tilliti til 1. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir er miða að því að tryggja, einkum þegar slíkt er nauðsynlegt til að innri markaðurinn starfi sem skyldi:

- a) að aðildarríkin viðurkenni með gagnkvæmum hætti dóma og úrskurði í málum utan réttar og fullnusti þá,
- b) að réttarskjöl og utanréttarskjöl séu birt erlendis,
- c) að samræmi ríki milli gildandi reglna í aðildarríkjunum varðandi lagaskil og lögsögu,
- d) að samstarf sé haft um öflun sönnunargagna,
- e) að skilvirkur aðgangur sé að réttarkerfinu,
- f) að hindrunum á fullnægjandi framkvæmd í einkamálum verði rutt úr vegi, ef nauðsyn krefur með því að stuðla að auknu samræmi milli gildandi reglna í aðildarríkjunum um meðferð einkamála,



- g) að mótaðar verði fleiri leiðir til að leysa deilumál,
- h) að stutt sé við menntun dómara og starfsmanna dómstóla.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal ráðið ákveða ráðstafanir, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, varðandi fjölskyldurétt sem hefur áhrif yfir landamæri. Ráðið skal taka ákvörðun einróma og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að samþykkja ákvörðun þar sem tilgreindir eru þeir þættir fjölskylduréttar sem hafa áhrif yfir landamæri og heimilt er að samþykkja gerðir um með almennri lagasetningarmeðferð. Ráðið skal taka ákvörðun einróma og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Tilkynna skal þjóðþingunum um tillöguna sem um getur í annarri undirgrein. Ekki skal samþykkja ákvörðunina ef þjóðþing hreyfir andmælum innan sex mánaða frá dagsetningu slíkrar tilkynningar. Ráðinu er heimilt að samþykkja ákvörðunina ef enginn hreyfir andmælum.

#### 4. KAFLI

### DÓMSMÁLASAMSTARF Í SAKAMÁLUM

#### 82. gr.

(áður 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Dómsmálasamstarf í sakamálum innan Sambandsins skal byggt á meginreglunni um gagnkvæma viðurkenningu dóma og ákvarðana dómstóla og skal það fela í sér samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna á þeim sviðum sem um getur í 2. mgr. og í 83. gr.

Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ráðstafanir:

- a) þar sem mælt er fyrir um reglur og málsmeðferð til að tryggja að dómar og ákvarðanir dómstóla, á hvaða formi sem er, séu viðurkennd alls staðar í Sambandinu,
- b) til að koma í veg fyrir og leysa ágreining um lögsögu milli aðildarríkjanna,
- c) til að styðja við menntun dómara og starfsmanna dómstóla,
- d) til að greiða fyrir samstarfi dómsmálayfirvalda eða sambærilegra yfirvalda í aðildarríkjunum í tengslum við meðferð sakamála og fullnustu ákvarðana.

2. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, með samþykkt tilskipana í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að setja lágmarksreglur að því marki sem þurfa þykir til að greiða fyrir gagnkvæmri viðurkenningu dóma og ákvarðana dómstóla, lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfi í sakamálum sem teygja anga sína yfir landamæri. Í slíkum reglum skal taka tillit til þess munar sem er á lagahefðum og réttarkerfum aðildarríkjanna.

Í þeim skal fjallað um:

- a) gagnkvæma viðurkenningu sönnunargagna milli aðildarríkjanna,
- b) réttindi einstaklinga við meðferð sakamála,
- c) réttindi brotþola,
- d) aðra sértæka þætti við meðferð sakamála sem ráðið hefur tilgreint fyrir fram í ákvörðun; ráðið skal taka slíka ákvörðun einróma að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

Með samþykkt þeirra lágmarksreglna, sem um getur í þessari málsgrein, er ekki komið í veg fyrir að aðildarríkin geti viðhaldið eða tekið upp öflugri vernd fyrir einstaklinga.

3. Líti aðildarríki sem á sæti í ráðinu svo á að drög að tilskipun, sem um getur í 2. mgr., myndu hafa áhrif á grundvallarþætti í refsivörslukerfi þess getur það farið fram á að drögunum verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal fresta almennri lagasetningarmeðferð. Náist samstaða skal leiðtogaráðið vísa drögunum aftur til ráðsins að umræðum loknum, innan fjögurra mánaða frá frestuninni, og lýkur þá frestun almennrar lagasetningarmeðferðar.

Ef ekki næst samkomulag og minnst níu aðildarríki óska eftir því að koma á aukinni samvinnu á grundvelli viðkomandi draga að tilskipun skulu þau tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni innan sama frests. Í því tilviki skal litið svo á að fyrir liggi heimild til að hefja þá auknu samvinnu sem um getur í 2. mgr. 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1. mgr. 329. gr. þessa sáttmála og gilda þá ákvæðin um aukna samvinnu.

### 83. gr.

(áður 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, með samþykkt tilskipana í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að setja lágmarksreglur varðandi skilgreiningu refsiverðra brota og viðurlaga þegar um er að ræða sérlega alvarleg afbrot sem teygja anga sína yfir landamæri, vegna eðlis síns eða afleiðinga eða ef sérstök þörf er á að berjast sameiginlega gegn þeim.

Um er að ræða eftirtalin svið afbrota: hryðjuverk, mansal og kynferðislega misneytingu kvenna og barna, ólögleg viðskipti með fíkniefni, ólögleg vopnaviðskipti, peningabætti, spillingu, fölsun greiðslumiðla, tölvuglæpi og skipulagða afbrotastarfsemi.

Ráðinu er heimilt, með vísan til þróunar afbrota, að samþykkja ákvörðun þar sem tilgreind eru önnur svið afbrota sem uppfylla þær viðmiðanir sem um getur í þessari málsgrein. Það skal taka ákvörðun einróma að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

2. Ef nauðsynlegt reynist að samræma lög og reglur aðildarríkjanna á sviði refsiréttar til að tryggja skilvirka framkvæmd stefnu Sambandsins á sviði þar sem samræmingarráðstafanir hafa verið gerðar, er heimilt að setja með tilskipunum lágmarksreglur um skilgreiningu refsiverðra brota og viðurlaga á viðkomandi sviði. Samþykkja skal slíkar tilskipanir í samræmi við sömu almennu eða sérstöku lagasetningarmedferð og fylgt var við samþykkt viðkomandi samræmingarráðstafana, sbr. þó 76. gr.

3. Líti aðildarríki sem á sæti í ráðinu svo á að drög að tilskipun, sem um getur í 1. og 2. mgr., myndu hafa áhrif á grundvallarþætti í refsivörslukerfi þess getur það farið fram á að drögunum að tilskipuninni verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal fresta almennri lagasetningarmedferð. Náist samstaða skal leiðtogaráðið vísa drögunum aftur til ráðsins að umræðum loknum, innan fjögurra mánaða frá frestuninni, og lýkur þá frestun almennrar lagasetningarmedferðar.

Ef ekki næst samkomulag og minnst níu aðildarríki óska eftir því að koma á aukinni samvinnu á grundvelli viðkomandi draga að tilskipun skulu þau tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni innan sama frests. Í því tilviki skal litið svo á að fyrir liggji heimild til að hefja þá auknu samvinnu sem um getur í 2. mgr. 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1. mgr. 329. gr. þessa sáttmála og gilda þá ákvæðin um aukna samvinnu.

#### 84. gr.

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að ákveða ráðstafanir, í samræmi við almenna lagasetningarmedferð, til hvatningar og stuðnings aðgerðum aðildarríkjanna á sviði forvarna gegn afbrotum, þó ekki með neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

#### 85. gr.

(áður 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Hlutverk Evrópsku réttaraðstoðarinnar (Eurojust) er að styðja og efla samræmingu og samstarf yfirvalda sem fara með rannsókn mála og ákærvald í aðildarríkjunum vegna alvarlegra afbrota sem hafa áhrif á tvö aðildarríki eða fleiri eða þegar saksókn byggist á sameiginlegum grunni, á grundvelli aðgerða af hálfu yfirvalda aðildarríkjanna og Evrópulögreglunnar (Europol) og upplýsinga frá þeim.

Evrópuþingið og ráðið skulu í þessu tilliti ákveða skipulag Evrópsku réttaraðstoðarinnar, starf hennar, verksvið og verkefni, með samþykkt reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Verkefnin geta verið:

- a) að hefja rannsókn sakamáls, svo og að leggja til að lögbær yfirvöld í aðildarríki hefji saksókn, einkum þegar um er að ræða afbrot sem skaða fjárhagslega hagsmuni Sambandsins,
- b) að samræma rannsóknir og saksóknir sem um getur í a-lið,
- c) að styrkja dómsmálasamstarf, þ.m.t. með lausn ágreiningsmála varðandi lögsögu og með náinni samvinnu við Evrópunet dómstóla (European Judicial Network).

Í reglugerðunum skal enn fremur ákveða með hvaða hætti leita skuli eftir þátttöku Evrópuþingsins og þjóðþinganna við mat á starfsemi Evrópsku réttaraðstoðarinnar.

2. Í þeim saksóknum, sem um getur í 1. mgr., og með fyrirvara um 86. gr., skulu þar til bærir embættismenn í aðildarríkjunum annast allar formlegar athafnir við málsmeðferð fyrir dómstólum.

#### 86. gr.

1. Í því skyni að berjast gegn afbrotum, sem hafa áhrif á fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, er ráðinu heimilt, með samþykkt reglugerða í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að koma á fót embætti saksóknara Evrópusambandsins við Evrópsku réttaraðstoðina. Ráðið skal taka ákvörðun einróma að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

Liggi einróma ákvörðun ekki fyrir í ráðinu er hópi a.m.k. níu aðildarríkja heimilt að fara fram á að reglugerðardrögunum verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal fresta málsmeðferð ráðsins. Náist samstaða skal leiðtogaráðið vísa drögunum aftur til ráðsins að umræðum loknum, innan fjögurra mánaða frá frestuninni, og lýkur þá frestun almennrar lagasetningarmeðferðar.

Ef ekki næst samkomulag og minnst níu aðildarríki óska eftir því að koma á aukinni samvinnu á grundvelli viðkomandi draga að reglugerð skulu þau tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni innan sama frests. Í því tilviki skal litið svo á að fyrir liggi heimild til að hefja þá auknu samvinnu sem um getur í 2. mgr. 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1. mgr. 329. gr. þessa sáttmála og gilda þá ákvæðin um aukna samvinnu.

2. Embætti saksóknara Evrópusambandsins skal, í samstarfi við Evrópulögregluna ef við á, bera ábyrgð á að rannsaka, sækja til saka og draga fyrir dóm þá sem fremja afbrot sem skaða fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, eins og þeir eru skilgreindir í reglugerðinni sem kveðið er á um í 1. mgr., og hlutdeildarmenn þeirra. Embættið skal gegna skyldum saksóknara við þar til bæra dómstóla aðildarríkjanna í tengslum við slík afbrot.

3. Reglugerðirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu hafa að geyma almennar reglur um embætti saksóknara Evrópusambandsins, skilyrði um hvernig hann skuli haga störfum sínum, starfsreglur sem eiga við um starfsemi hans, ásamt reglum um það hvenær sönnunargögn teljast tæk fyrir dómi, sem og reglur um eftirlit dómstóla með þeim ráðstöfunum er varða málsmeðferð sem embættið gerir í tengslum við störf sín.

4. Leiðtogaráðinu er heimilt að samþykkja, á sama tíma eða síðar, ákvörðun um breytingu á 1. mgr., í því skyni að víkka út valdsvið embættis saksóknara Evrópusambandsins og láta það taka til alvarlegra afbrota sem teygja anga sína yfir landamæri, og um breytingu, í samræmi við það, á 2. mgr. að því er varðar þá sem fremja alvarleg afbrot, sem hafa áhrif í fleiri en einu aðildarríki, og hlutdeildarmenn þeirra. Leiðtogaráðið skal taka ákvörðun einróma að fengnu samþykki Evrópuþingsins og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

## 5. KAFLI

### LÖGREGLUSAMVINNA

#### 87. gr.

(áður 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Sambandið skal koma á lögreglusamvinnu milli lögbærra yfirvalda í öllum aðildarríkjunum, þ.m.t. lögreglu, tollyfirvalda og annarra sérhæfðra löggæslustofnana sem vinna að því að koma í veg fyrir, koma upp um og rannsaka refsiverða verknaði.

2. Með tilliti til 1. mgr. er Evrópuþinginu og ráðinu heimilt, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að ákveða ráðstafanir varðandi:

- a) öflun, geymslu, vinnslu, greiningu og skipti á viðeigandi upplýsingum,
- b) stuðning vegna þjálfunar starfsmanna og samvinnu um starfsmannaskipti, búnað og rannsóknir á aðferðum við að koma upp um afbrot,
- c) sameiginlegar rannsóknaraðferðir til að koma upp um alvarlegar tegundir skipulagðrar afbrotastarfsemi.

3. Ráðinu er heimilt, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að ákveða ráðstafanir varðandi samvinnu milli yfirvalda sem um getur í þessari grein. Ráðið skal taka ákvörðun einróma og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Liggi einróma ákvörðun ekki fyrir í ráðinu er hópi a.m.k. níu aðildarríkja heimilt að fara fram á að drögunum að ráðstöfununum verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal fresta málsmeðferð ráðsins. Náist samstaða skal leiðtogaráðið vísa drögunum aftur til ráðsins að umræðum loknum, innan fjögurra mánaða frá frestuninni, og lýkur þá frestun almennrar lagasetningarmeðferðar.

Ef ekki næst samkomulag og minnst níu aðildarríki óska eftir því að koma á aukinni samvinnu á grundvelli viðkomandi draga að ráðstöfunum skulu þau tilkynna það Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni innan sama frests. Í því tilviki skal litið svo á að fyrir liggi heimild til að hefja þá auknu samvinnu sem um getur í 2. mgr. 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1. mgr. 329. gr. þessa sáttmála og gilda þá ákvæðin um aukna samvinnu.

Sú sértæka málsmeðferð, sem kveðið er á um í annarri og þriðju undirgrein, á ekki við um gerðir sem teljast vera þróun á Schengen-réttarreglunum.

#### 88. gr.

(áður 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

1. Hlutverk Evrópulögreglunnar er að styðja við og efla aðgerðir á vegum lögregluþyrvalda og annarra löggæslustofnana í aðildarríkjunum og samstarf þeirra á milli við að koma í veg fyrir og berjast gegn alvarlegum afbrotum sem hafa áhrif á tvö aðildarríki eða fleiri, hryðjuverkum og öðrum tegundum afbrota sem hafa áhrif á sameiginlega hagsmuni er falla undir einhverja af stefnum Sambandsins.
2. Evrópuþingið og ráðið skulu ákveða skipulag Evrópulögreglunnar, starf hennar, verksvið og verkefni, með samþykkt reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Verkefnið geta verið:
  - a) öflun, geymsla, vinnsla, greining og skipti á upplýsingum, einkum frá yfirvöldum aðildarríkjanna, yfirvöldum þriðju landa eða þriðju aðilum,
  - b) samræming, skipulagning og framkvæmd rannsókna og aðgerða sem framkvæmdar eru í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum eða á vettvangi sameiginlegra rannsóknarteyma, og í samstarfi við Evrópsku réttaraðstoðina þar sem við á.

Í þessum reglugerðum skal einnig mæla fyrir um málsmeðferð við grannskoðun Evrópuþingsins á starfsemi Evrópulögreglunnar í samstarfi við þjóðþingin.

3. Aðgerðir Evrópulögreglunnar verða að fara fram í samráði við og með samþykki yfirvalda í því aðildarríki, einu eða fleirum, sem ræður yfir viðkomandi svæði. Einungis lögbær yfirvöld í aðildarríki hafa heimild til að beita þvingunarúrræðum.

#### 89. gr.

(áður 32. gr. sáttmálans um Evrópusambandið)

Ráðið skal, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, mæla fyrir um þau skilyrði og þær takmarkanir sem gilda um störf sem lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna, sem um getur í 82. og 87. gr., er heimilt að sinna á yfirráðasvæði annars aðildarríkis í samráði við yfirvöld þess ríkis og með samþykki þeirra. Ráðið skal taka ákvörðun einróma og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

## VI. BÁLKUR

## FLUTNINGASTARFSEMI

## 90. gr.

(áður 70. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í málaflokkum, sem heyra undir þennan bálk, skal unnið að markmiðum sáttmálanna á grundvelli sameiginlegrar stefnu í flutningamálum.

## 91. gr.

(áður 71. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Með tilliti til framkvæmdar 90. gr. og með hliðsjón af sérkennum flutningageirans skulu Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, mæla fyrir um:

- a) sameiginlegar reglur um millilandaflutninga til eða frá yferráðasvæði aðildarríkis eða um yferráðasvæði eins eða fleiri aðildarríkja,
- b) skilyrði fyrir því að flutningafyrirtæki, sem ekki hafa aðsetur í aðildarríki, megi veita þjónustu sína þar,
- c) ráðstafanir til að bæta öryggi í flutningum,
- d) önnur viðeigandi ákvæði.

2. Þegar ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr., eru samþykktar skal taka tillit til tilvika þar sem beiting þeirra gæti haft alvarleg áhrif á lífskjör og atvinnustig á tilteknum svæðum og nýtingu flutningatækja.

## 92. gr.

(áður 72. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þangað til ákvæðin sem um getur í 1. mgr. 91. gr. hafa verið sett er engu aðildarríki heimilt að breyta neinum þeim ákvæðum, sem giltu um flutningastarfsemi 1. janúar 1958 eða, þegar um er að ræða ríki sem gerist aðili að Sambandinu, á aðildardegi þeirra, þannig að þau verði beint eða óbeint óhagstæðari flutningsaðilum frá öðrum aðildarríkjum en innlendum flutningsaðilum, nema ráðið samþykki einróma ráðstöfun um veitingu undanþágu.

## 93. gr.

(áður 73. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðstoð er samrýmanleg sáttmálum þessum ef hún bætir úr þörf fyrir samræmingu á sviði flutninga eða í henni felst endurgjald fyrir að rækja tilteknar skyldur sem falla undir hugtakið opinber þjónusta.

## 94. gr.

(áður 74. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í sérhverri ráðstöfun, sem er gerð innan ramma sáttmálanna varðandi flutningsgjöld og -skilmála, skal tekið mið af fjárhagsaðstæðum flutningsaðila.

## 95. gr.

(áður 75. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Þegar um er að ræða flutninga innan Sambandsins skal bönnuð hvers konar mismunun sem kemur fram í því að flutningsaðilar leggi á mismunandi gjöld eða setji mismunandi skilmála við flutning sams konar vöru á sömu flutningaleiðum, allt eftir því hvert uppruna- eða ákvörðunarland viðkomandi vöru er.

2. Ákvæði 1. mgr. koma ekki í veg fyrir að Evrópuþingið og ráðið geti samþykkt aðrar ráðstafanir skv. 1. mgr. 91. gr.

3. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina, mæla fyrir um reglur um framkvæmd ákvæða 1. mgr.

Ráðið getur einkum sett nauðsynleg ákvæði til að gera stofnunum Sambandsins kleift að tryggja að reglunni, sem mælt er fyrir um í 1. mgr., sé fylgt og að notendur hafi fullan hag af henni.

4. Framkvæmdastjórnin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, rannsaka öll tilvik um mismunun sem falla undir 1. mgr. og skal, að höfðu samráði við hvert hlutaðeigandi aðildarríki, taka nauðsynlegar ákvarðanir innan ramma þeirra reglna sem settar eru í samræmi við ákvæði 3. mgr.

## 96. gr.

(áður 76. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríkjum er bannað að leggja á gjöld og setja skilmála er varða flutningastarfsemi innan Sambandsins, sem fela í einhverjum mæli í sér aðstoð eða vernd, einu eða fleiri fyrirtækjum eða atvinnugreinum í hag, nema framkvæmdastjórnin heimili það.



2. Framkvæmdastjórnin skal, að eigin frumkvæði eða að beiðni aðildarríkis, kanna gjöld þau og skilmála sem um getur í 1. mgr., annars vegar einkum með kröfur um æskilega efnahagsstefnu á einstökum landsvæðum í huga, svo og þarfir vanþróaðra svæða og erfiðleika svæða þar sem alvarlegt stjórn málaástand ríkir, og hins vegar með tilliti til áhrifa gjaldanna og skilmálanna á samkeppni milli mismunandi greina flutningastarfsemi.

Framkvæmdastjórnin skal taka nauðsynlegar ákvarðanir að höfðu samráði við hlutaðeigandi aðildarríki.

3. Bannið, sem um getur í 1. mgr., tekur ekki til gjalda sem ákveðin eru til að bregðast við samkeppni.

### 97. gr.

(áður 77. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Álögur eða gjöld, sem flutningsaðili innheimtir umfram flutningsgjöld vegna flutnings yfir landamæri, mega ekki vera hærri en sanngjarnt er með hliðsjón af raunverulegum kostnaði vegna hans.

Aðildarríkin skulu leitast við að draga smám saman úr slíkum kostnaði.

Framkvæmdastjórnin getur beint tilmælum til aðildarríkjanna varðandi framkvæmd þessarar greinar.

### 98. gr.

(áður 78. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði þessa bálks koma ekki í veg fyrir að gripið sé til ráðstafana í Sambandslýðveldinu Þýskalandi að því marki sem þörf er á slíkum ráðstöfunum til að bæta upp efnahagslegt óhagræði af völdum skiptingar Þýskalands fyrir atvinnuvegi á tilteknum svæðum Sambandslýðveldisins sem skiptingin snertir. Þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku Lissabonsáttmálans er ráðinu heimilt að samþykkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvörðun sem fellir þessa grein úr gildi.

### 99. gr.

(áður 79. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með framkvæmdastjórninni skal starfa ráðgjafarnefnd, skipuð sérfræðingum tilnefndum af stjórnvöldum aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal ráðfæra sig við nefndina um flutningamál hvenær sem hún telur ástæðu til.

### 100. gr.

(áður 80. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ákvæði þessa bálks skulu gilda um flutninga á járnbrautum, vegum og skipgengum vatnaleiðum.

2. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að mæla fyrir um viðeigandi ákvæði varðandi flutninga á sjó og í lofti, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þau skulu taka ákvörðun að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

## VII. BÁLKUR

### SAMEIGINLEGAR REGLUR UM SAMKEPPNI, SKATTLAGNINGU OG SAMRÆMINGU LAGA

#### 1. KAFLI

#### SAMKEPPNISREGLUR

##### 1. ÞÁTTUR

#### REGLUR SEM GILDA UM FYRIRTÆKI

##### 101. gr.

(áður 81. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Eftirfarandi skal bannað og talið ósamrýmanlegt innri markaðnum: allir samningar milli fyrirtækja, ákvarðanir samtaka fyrirtækja og samstilltar aðgerðir sem geta haft áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna og hafa að markmiði, eða af þeim leiðir, að komið sé í veg fyrir samkeppni, hún sé takmörkuð eða henni raskað á innri markaðnum, einkum samningar, ákvarðanir og aðgerðir:

- a) um beint eða óbeint verðsamráð að því er varðar kaup- eða söluverð eða önnur viðskiptakjör,
- b) sem takmarka eða stýra framleiðslu, mörkuðum, tækniþróun eða fjárfestingu,
- c) sem skipta mörkuðum eða birgðalindum,
- d) sem mismuna öðrum viðskiptaaðilum með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og veikja þannig samkeppnisstöðu þeirra,
- e) setja það skilyrði fyrir samningagerð að hinir viðsemjendurnir taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

2. Samningar og ákvarðanir, sem grein þessi bannar, eru sjálfkrafa ógild.

3. Ákveða má að ákvæðum 1. mgr. verði ekki beitt um:

- samninga eða flokka samninga milli fyrirtækja,
- ákvarðanir eða flokka ákvarðana af hálfu samtaka fyrirtækja,

— samstilltar aðgerðir eða flokka samstilltra aðgerða,

sem stuðla að bættri framleiðslu eða vörudreifingu eða efla tæknilegar og efnahagslegar framfarir, enda sé neytendum veitt sanngjörn hlutdeild í þeim ávinningi sem af þeim hlýst, án þess að:

- a) höft, sem óþörf eru til að hinum settu markmiðum verði náð, séu lögð á hlutaðeigandi fyrirtæki,
- b) slíkt veiti fyrirtækjunum færi á að koma í veg fyrir samkeppni að því er varðar verulegan hluta framleiðsluvaranna sem um er að ræða.

### 102. gr.

(áður 82. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Misnotkun eins eða fleiri fyrirtækja á markaðsráðandi stöðu á innri markaðnum, eða verulegum hluta hans, er ósamrýmanleg innri markaðnum og því bönnuð að því leyti sem hún kann að hafa áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

Slík misnotkun getur einkum falist í því að:

- a) beint eða óbeint sé krafist ósanngjarns kaup- eða söluverðs eða aðrir ósanngjarnir viðskiptaskilmálar settir,
- b) settar séu takmarkanir á framleiðslu, markaði eða tækniþróun, neytendum til tjóns,
- c) öðrum viðskiptaaðilum sé mismunað með ólíkum skilmálum í sams konar viðskiptum og samkeppnisstaða þeirra þannig veikt,
- d) sett sé það skilyrði fyrir samningagerð að viðsemjendur taki á sig viðbótarskuldbindingar sem tengjast ekki efni samninganna, hvorki í eðli sínu né samkvæmt viðskiptavenju.

### 103. gr.

(áður 83. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, mæla fyrir um viðeigandi reglugerðir eða tilskipanir til að koma til framkvæmda meginreglunum sem kveðið er á um í 101. og 102. gr.

2. Reglugerðum og tilskipunum sem um getur í 1. mgr. er einkum ætlað að:

- a) tryggja að bannið, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 101. gr. og í 102. gr., verði virt með því að kveða á um sektir og févítí,

- b) setja ítarlegar reglur um beitingu 3. mgr. 101. gr. með hliðsjón af nauðsyn þess að halda uppi skilvirku eftirliti annars vegar og einfalda stjórnsýslu eins og hægt er, hins vegar.
- c) kveða nánar á um gildissvið ákvæða 101. og 102. gr., ef þörf krefur, að því er hinar ýmsu atvinnugreinar snertir,
- d) skilgreina verksvið framkvæmdastjórnarinnar annars vegar og Dómstóls Evrópusambandsins hins vegar að því er varðar beitingu ákvæðanna sem mælt er fyrir um í þessari málsgrein,
- e) ákvarða tengsl landslaga og ákvæða þessa þáttar eða ákvæða sem samþykkt verða samkvæmt þessari grein.

*104. gr.*

(áður 84. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þar til ákvæði, sem samþykkt verða skv. 103. gr., öðlast gildi skulu yfirvöld í aðildarríkjunum úrskurða um lögmæti samninga, ákvarðana og samstilltra aðgerða og um misnotkun á markaðsráðandi stöðu á innri markaðnum í samræmi við landslög og ákvæði 101. gr., einkum 3. mgr., og 102. gr.

*105. gr.*

(áður 85. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Með fyrirvara um ákvæði 104. gr. skal framkvæmdastjórnin tryggja beitingu meginreglnanna sem mælt er fyrir um í 101. og 102. gr. Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði og í samvinnu við lögbær yfirvöld í aðildarríkjunum, sem skulu veita henni aðstoð sína, rannsaka tilvik þar sem grunur leikur á að meginreglur þessar séu brotnar. Komist hún að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða skal hún gera tillögur um viðeigandi ráðstafanir til að binda enda á það.
2. Ef ekki er bundinn endi á umrætt brot skal framkvæmdastjórnin skrá slíkt brot á meginreglunum í rökstuddri ákvörðun. Hún getur birt ákvörðun sína og heimilað aðildarríkjunum, með þeim skilyrðum og á þann hátt sem hún kveður nánar á um, að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að ráða bót á ástandinu.
3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja reglugerðir er varða flokka samninga sem ráðið hefur samþykkt reglugerð eða tilskipun um skv. b-lið 2. mgr. 103. gr.

*106. gr.*

(áður 86. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Eigi í hlut opinber fyrirtæki og fyrirtæki, sem aðildarríki veita sérstök réttindi eða einkarétt, skulu aðildarríkin hvorki gera né viðhalda nokkrum þeim ráðstöfunum sem fara í bága við reglur sáttmálanna, einkum reglur sem kveðið er á um í 18. gr. og 101.–109. gr.

2. Reglur sáttmálanna, einkum reglurnar um samkeppni, gilda um fyrirtæki sem falið er að veita þjónustu í almannafágu er hefur almenna efnahagslega þýðingu eða eru í eðli sínu fjáröflunareinkasölur, að því marki sem beiting þeirra kemur ekki í veg fyrir að þau geti að lögum eða í raun leyst af hendi þau sérstöku verkefni sem þeim eru falin. Þróun viðskipta má ekki raska í þeim mæli að það stríði gegn hagsmunum Sambandsins.

3. Framkvæmdastjórnin skal tryggja að ákvæðum þessarar greinar sé beitt og beina viðeigandi tilskipunum eða ákvörðunum til aðildarríkjanna, eftir því sem þörf krefur.

## 2. ÞÁTTUR

### RÍKISAÐSTOÐ

#### 107. gr.

(áður 87. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef ekki er kveðið á um annað í sáttmálunum er hvers kyns aðstoð, sem aðildarríki veitir eða veitt er af ríkisfjármunum og raskar eða er til þess fallin að raska samkeppni með því að ívilna ákveðnum fyrirtækjum eða framleiðslu ákveðinna vara, ósamrýmanleg innri markaðnum að því leyti sem hún hefur áhrif á viðskipti milli aðildarríkjanna.

2. Eftirtalið samrýmist innri markaðnum:

- a) aðstoð af félagslegum toga sem veitt er einstökum neytendum enda sé hún veitt án mismununar með tilliti til uppruna viðkomandi framleiðsluvara,
- b) aðstoð sem veitt er til að bæta tjón af völdum náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða,
- c) aðstoð sem veitt er til atvinnuvega á tilteknum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi, sem skipting Þýskalands snertir, að því marki sem þörf er á slíkri aðstoð til að bæta upp efnahagslegt óhagræði vegna skiptingarinnar. Þegar fimm ár eru liðin frá gildistöku Lissabonsáttmálans er ráðinu heimilt að samþykkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvörðun sem fellir þennan lið úr gildi.

3. Eftirtalið getur talist samrýmanlegt innri markaðnum:

- a) aðstoð til að efla hagþróun á svæðum þar sem líf skjör eru óvenju bágborin eða vinnuafli er verulega vannýtt og á svæðum sem um getur í 349. gr. með hliðsjón af atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum þeirra og efnahagslegri og félagslegri stöðu,
- b) aðstoð til að hrinda í framkvæmd mikilvægum sameiginlegum evrópskum hagsmunamálum eða ráða bót á alvarlegri röskun á efnahagslífi aðildarríkis,

- c) aðstoð til að greiða fyrir þróun ákveðinna greina efnahagslífsins eða ákveðinna efnahagssvæða enda hafi hún ekki svo óhagstæð áhrif á viðskiptaskilyrði að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum,
- d) aðstoð til að stuðla að varðveislu menningar og menningararfleifðar, enda hafi slík aðstoð ekki þau áhrif á viðskiptaskilyrði og samkeppni í Sambandinu að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum,
- e) aðstoð af öðru tagi samkvæmt ákvörðun ráðsins að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

### 108. gr.

(áður 88. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Framkvæmdastjórnin skal, í samvinnu við aðildarríkin, fylgjast stöðugt með öllum ríkisaðstoðarkerfum sem þar eru við lýði. Hún skal gera tillögur til einstakra aðildarríkja um hverjar þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru fyrir þróun og starfsemi innri markaðarins.

2. Komist framkvæmdastjórnin að því, eftir að hafa veitt öllum hlutaðeigandi færi á að skýra sjónarmið sín, að aðstoð veitt af ríki eða af ríkisfjármunum sé ekki samrýmanleg innri markaðnum með vísan til 107. gr. eða að slík aðstoð sé misnotuð skal hún setja hlutaðeigandi ríki ákveðinn frest til að fella niður slíka aðstoð eða breyta henni.

Ef hlutaðeigandi ríki hlítir ekki ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar innan tilskilins frests getur hún, eða annað hlutaðeigandi ríki vísað málinu beint til Dómstóls Evrópusambandsins þrátt fyrir ákvæði 258. og 259. gr.

Að beiðni aðildarríkis getur ráðið, ef sérstakar ástæður réttlæta það, ákveðið einróma að aðstoð, sem ríki veitir eða hyggst veita, teljist samrýmanleg innri markaðnum þrátt fyrir ákvæði 107. gr. eða reglugerðir sem kveðið er á um í 109. gr. Hafi framkvæmdastjórnin þegar hafið málsmeðferð samkvæmt fyrstu undirgrein þessarar málsgreinar vegna aðstoðarinnar hefur beiðni hlutaðeigandi aðildarríkis til ráðsins þau áhrif að meðferð málsins er frestað uns ráðið hefur tekið afstöðu til hennar.

Hafi ráðið hins vegar ekki tekið afstöðu innan þriggja mánaða frá því að álits þess var leitað skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í málinu.

3. Framkvæmdastjórninni skal tilkynnt um alla fyrirhugaða aðstoð og breytingar á henni nógu tímanlega til að hún geti lagt fram athugasemdir sínar. Telji hún aðstoðina ósamrýmanlega innri markaðnum með vísan til 107. gr. skal hún tafarlaust hefja málsmeðferðina sem kveðið er á um í 2. mgr. Hlutaðeigandi aðildarríki er ekki heimilt að framkvæma fyrirhugaðar ráðstafanir fyrr en sú málsmeðferð hefur leitt til endanlegrar niðurstöðu.

4. Framkvæmdastjórninni er heimilt að samþykkja reglugerðir er varða þá flokka ríkisaðstoðar sem ráðið hefur ákveðið, skv. 109. gr., að undanþiggja megi málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 3. mgr. þessarar greinar.

*109. gr.*

(áður 89. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðinu er heimilt að setja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, viðeigandi reglugerðir vegna beitingar 107. og 108. gr. og getur m.a. ákveðið með hvaða skilyrðum beita megi 3. mgr. 108. gr. og hvaða flokkar aðstoðar skuli undanþegnir áðurgreindri málsmeðferð.

2. KAFLI

SKATTAÁKVÆÐI

*110. gr.*

(áður 90. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Einstökum aðildarríkjum er óheimilt að leggja hvers kyns beinan eða óbeinan skatt innanlands á framleiðsluvörur annarra aðildarríkja umfram það sem beint eða óbeint er lagt á sams konar innlendar framleiðsluvörur.

Aðildarríkjunum er einnig óheimilt að leggja á framleiðsluvörur annarra aðildarríkja innlendan skatt sem er til þess fallinn að vernda óbeint aðrar framleiðsluvörur.

*111. gr.*

(áður 91. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þegar framleiðsluvörur eru fluttar út til yfirráðasvæðis annars aðildarríkis má endurgreiðsla á innlendum skatti ekki nema hærrí fjárhæð en skattinum sem þegar hefur verið lagður á þær beint eða óbeint.

*112. gr.*

(áður 92. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ekki má gefa eftir eða endurgreiða aðra skatta en veltuskatta, vörugjöld eða aðra óbeina skatta í tengslum við útflutning til annarra aðildarríkja og ekki má heldur leggja jöfnunargjald á innflutningsvörur frá einstökum aðildarríkjum nema ráðið hafi, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, samþykkt að heimila það um tíma.

*113. gr.*

(áður 93. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal, með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina, samþykkja ákvæði um samræmingu á löggjöf um veltuskatta, vörugjöld og aðra óbeina skatta, að því marki sem slík samræming er nauðsynleg til að tryggja stofnun og starfsemi innri markaðarins og til að koma í veg fyrir röskun á samkeppni.

## 3. KAFLI

## SAMRÆMING LAGA

*114. gr.*

(áður 95. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef ekki er kveðið á um annað í sáttmálunum gilda eftirfarandi ákvæði um hvernig ná skuli markmiðunum sem eru sett fram í 26. gr. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, samþykkja ráðstafanir til samræmingar á þeim ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum sem beinast að stofnun og starfsemi innri markaðarins.
2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um skattaákvæði, ákvæði um frjálsa för fólks eða ákvæði um réttindi og hagsmuni launafólks.
3. Framkvæmdastjórnin skal gera strangar kröfur í þeim tillögum sínum, sem kveðið er á um í 1. mgr. og lúta að heilsuvernd, öryggi, umhverfis- og neytendavernd, og taka í því efni tillit til nýjustu framfara samkvæmt vísindalegum staðreyndum. Evrópuþingið og ráðið munu einnig vinna að þessu markmiði, hvort á sínu valdsviði.
4. Álíti aðildarríki, eftir að Evrópuþingið og ráðið, ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstöfun til samræmingar, að óhjákvæmilegt sé að viðhalda innlendum ákvæðum, sem helgast af grundvallarþörfunum sem um getur í 36. gr. eða af sjónarmiðum um umhverfisvernd eða aðbúnað á vinnustað, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði og tilgreina ástæðurnar fyrir því að viðhalda þeim.
5. Enn fremur gildir, með fyrirvara um 4. mgr., að álíti aðildarríki, eftir að Evrópuþingið og ráðið, ráðið eða framkvæmdastjórnin hefur samþykkt ráðstöfun til samræmingar, að óhjákvæmilegt sé að innleiða innlend ákvæði, sem byggjast á nýjum vísindalegum gögnum er varða umhverfisvernd eða aðbúnað á vinnustað og helgast af vanda sem aðeins það ríki glímir við og kemur upp í kjölfar samþykktar á ráðstöfun til samræmingar, skal það tilkynna framkvæmdastjórninni um fyrirhuguð ákvæði og tilgreina ástæðurnar fyrir samþykkt þeirra.



6. Framkvæmdastjórnin skal, innan sex mánaða frá tilkynningunum sem um getur í 4. og 5. mgr., samþykkja eða hafna slíkum innlendum ákvæðum þegar hún hefur gengið úr skugga um hvort þau feli í sér leið til gerræðislegrar mismununar eða til þess að dulin höft séu lögð á viðskipti milli aðildarríkjanna og hvort þau hindri starfsemi innri markaðarins.

Liggi ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar ekki fyrir innan þessa frests skal litið svo á að innlendu ákvæðin, sem um getur í 4. og 5. mgr., hafi verið samþykkt.

Framkvæmdastjórnin getur tilkynnt viðkomandi aðildarríki að fresturinn, sem vísað er til í þessari málsgrein, kunnir að verða framlengdur um allt að sex mánuði þegar slíkt er réttlæt看legt vegna þess hve flókið málið er, enda sé heilsu manna engin hættu búin.

7. Ef aðildarríki fær heimild skv. 6. mgr. til að viðhalda eða taka upp innlend ákvæði sem víkja frá samræmingarráðstöfun skal framkvæmdastjórnin kanna þegar í stað hvort ástæða sé til að leggja til aðlögun á þeirri ráðstöfun.

8. Ef aðildarríki bendir á sérstakan vanda tengdan lýðheilsu á sviði þar sem þegar hafa verið gerðar ráðstafanir til samræmingar skal það vekja athygli framkvæmdastjórnarinnar á því og skal hún þegar í stað kanna hvort ástæða sé til að leggja til við ráðið viðeigandi ráðstafanir.

9. Þrátt fyrir málsmeðferðina, sem kveðið er á um í 258. og 259. gr., getur framkvæmdastjórnin eða aðildarríki leitað beint til Dómstóls Evrópusambandsins ef það telur að annað aðildarríki misnoti heimildir sem grein þessi veitir.

10. Samræmingarráðstafanir sem um getur hér að framan skulu, þar sem við á, hafa að geyma verndarákvæði er heimila aðildarríkjunum að gera ráðstafanir til bráðabirgða undir eftirliti Sambandsins af einhverjum þeim ástæðum, öðrum en efnahagslegum, sem tilgreindar eru í 36. gr.

### *115. gr.*

(áður 94. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um 114. gr. skal ráðið, með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina, gefa út tilskipanir um samræmingu laga og stjórnsýslufyrirmæla aðildarríkjanna sem hafa bein áhrif á stofnun eða starfsemi innri markaðarins.

### *116. gr.*

(áður 96. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Telji framkvæmdastjórnin að munur á ákvæðum laga og stjórnsýslufyrirmæla í aðildarríkjunum raski samkeppnis-kilyrðum á innri markaðnum og að koma verði í veg fyrir þá röskun skal hún ráðfæra sig við hlutaðeigandi aðildarríki.

Leiði samráðið ekki til samkomulags um að koma í veg fyrir röskunina skulu Evrópuþingið og ráðið gefa út nauðsynlegar tilskipanir í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Heimilt er að samþykkja aðrar viðeigandi ráðstafanir sem kveðið er á um í sáttmálunum.

*117. gr.*

(áður 97. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef ástæða er til að óttast að samþykkt eða breyting á ákvæði í lögum eða stjórnsýslufyrirmælum geti leitt til röskunar í skilningi 116. gr. skal aðildarríki, sem hefur hug á að hrinda slíkri ráðstöfun í framkvæmd, ráðfæra sig við framkvæmdastjórnina. Skal hún, að höfðu samráði við aðildarríkin, beina tilmælum til hlutaðeigandi ríkis um viðeigandi ráðstafanir til að komast hjá röskuninni.
2. Fari ríki, sem óskar eftir að setja eða breyta ákvæðum í landslögum, ekki að tilmælum sem framkvæmdastjórnin beinir til þess er öðrum aðildarríkjum ekki skylt að breyta ákvæðum sínum skv. 116. gr. til að koma í veg fyrir röskunina. Ákvæði 116. gr. eiga ekki við ef aðildarríkið, sem fer ekki að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar, veldur röskun sem er aðeins því sjálfu til tjóns.

*118. gr.*

Evrópuþingið og ráðið skulu, í tengslum við stofnun og starfsemi innri markaðarins og í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákveða ráðstafanir til að stofna til evrópsks hugverkaréttar og koma þannig á samræmdri vernd hugverkaréttinda alls staðar í Sambandinu, og til að koma á fót miðlægu fyrirkomulagi leyfisveitinga, samræmingar og eftirlits í Sambandinu.

Ráðið skal setja reglur um notkun tungumála í tengslum við evrópskan hugverkarétt með reglugerðum í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð. Ráðið skal taka ákvörðun einróma að höfðu samráði við Evrópuþingið.

## VIII. BÁLKUR

### STEFNA Í EFNAHAGS- OG PENINGAMÁLUM

*119. gr.*

(áður 4. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Með tilliti til þeirra markmiða, sem sett eru í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, fellur það undir starfsemi aðildarríkjanna og Sambandsins, svo sem kveðið er á um í sáttmálunum, að samþykkja efnahagsstefnu sem byggist á náinni samræmingu á efnahagsstefnum aðildarríkjanna, innri markaðnum og skilgreiningum á sameiginlegum markmiðum og framfylgja henni í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni.

2. Samhliða framangreindu, og svo sem kveðið er á um í sáttmálunum og í samræmi við þá málsmeðferð sem þar er lýst, skal starfsemin taka til upptöku eins sameiginlegs gjaldmiðils, evrunnar, og móttunar og framfylgdar sameiginlegrar stefnu í peninga- og gengismálum, með það að meginmarkmiði að halda verðlagi stöðugu svo og, með fyrirvara um það markmið, að styðja almennar efnahagsstefnur í Sambandinu í samræmi við meginregluna um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni.

3. Þessi starfsemi aðildarríkjanna og Sambandsins skal lúta eftirfarandi leiðbeinandi meginreglum: stöðugu verðlagi, traustum ríkisfjármálum og peningamarkaðsskilyrðum og sjálfbærum greiðslujöfnuði.

## 1. KAFLI

### EFNAHAGSSTEFNA

#### *120. gr.*

(áður 98. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu framfylgja efnahagsstefnum sínum á þann hátt að þær stuðli að markmiðum Sambandsins, eins og þau eru skilgreind í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og í samhengi við þær almennu viðmiðunarreglur sem um getur í 2. mgr. 121. gr. Aðildarríkin og Sambandið skulu fylgja meginreglunni um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni sem stuðlar að skilvirkri ráðstöfun fjármagns og meginreglunum í 119. gr.

#### *121. gr.*

(áður 99. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríkin skulu líta á efnahagsstefnur sínar sem sameiginlegt viðfangsefni og samræma þær á vettvangi ráðsins í samræmi við ákvæði 120. gr.

2. Ráðið skal, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni, útbúa drög að almennum viðmiðunarreglum varðandi efnahagsstefnur aðildarríkjanna og Sambandsins og skila leiðtogaráðinu skýrslu um niðurstöður sínar.

Leiðtogaráðið skal, á grundvelli skýrslu ráðsins, ræða niðurstöðu varðandi almennu viðmiðunarreglurnar um efnahagsstefnur aðildarríkjanna og Sambandsins.

Á grundvelli þessarar niðurstöðu skal ráðið samþykkja tilmæli með almennu viðmiðunarreglunum. Ráðið skal tilkynna Evrópuþinginu um tilmælin.

3. Til að tryggja nánari samræmingu á efnahagsstefnum og viðvarandi samleitni í efnahagsmálum aðildarríkjanna skal ráðið, á grundvelli skýrslna sem framkvæmdastjórnin leggur fram, hafa eftirlit með efnahagsþróun í hverju aðildarríki og í Sambandinu, svo og með því að efnahagsstefnurnar séu í samræmi við almennu viðmiðunarreglurnar sem um getur í 2. mgr., og sjá um að heildarmat fari fram með reglubundnum hætti.

Með tilliti til þessa marghliða eftirlits skulu aðildarríkin senda framkvæmdastjórninni upplýsingar um mikilvægar ráðstafanir sem þau gera varðandi efnahagsstefnur sínar og aðrar þær upplýsingar sem þau telja nauðsynlegar.

4. Leiði málsmeðferðin, sem um getur í 3. mgr., í ljós að efnahagsstefnur aðildarríkis samrýmist ekki þeim almennu viðmiðunarreglum sem um getur í 2. mgr., eða að hætta sé á að þær tefli í tvísýnu eðlilegri starfsemi efnahags- og myntbandalags getur framkvæmdastjórnin sent hlutaðeigandi aðildarríki viðvörðun. Ráðið getur ákveðið að beina nauðsynlegum tilmælum til hlutaðeigandi aðildarríkis að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni. Ráðið getur ákveðið að birta tilmæli sín opinberlega að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Ráðið skal taka ákvörðun, innan ramma þessarar málsgreinar, án tillits til atkvæðis fulltrúa hlutaðeigandi aðildarríkis í ráðinu.

Aukinn meirihluti annarra fulltrúa í ráðinu skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

5. Forseti ráðsins og framkvæmdastjórnin skulu gefa Evrópuþinginu skýrslu um niðurstöður marghliða eftirlits. Heimilt er að kalla forseta ráðsins fyrir þar til bæra nefnd Evrópuþingsins ef ráðið hefur birt tilmæli sín opinberlega.

6. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að samþykkja ítarlegar reglur um tilhögun marghliða eftirlits, sem um getur í 3. og 4. mgr., með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð.

### *122. gr.*

(áður 100. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ráðinu er heimilt, með fyrirvara um aðra málsmeðferð sem kveðið er á um í sáttmálunum, að ákveða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, og í anda samstöðu milli aðildarríkjanna, hvaða ráðstafanir eiga við í tilteknu efnahagsástandi, einkum ef upp koma alvarlegir erfiðleikar sem tengjast framboði á tilteknum framleiðsluvörum, ekki síst á sviði orkumála.

2. Ef aðildarríki á í erfiðleikum, eða mikil hætta er á að það lendi í alvarlegum erfiðleikum vegna náttúruhamfara eða óvenjulegra atburða sem ekki eru á valdi þess, getur ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, veitt hlutaðeigandi aðildarríki fjárhagsaðstoð Sambandsins með tilteknum skilyrðum. Forseti ráðsins skal tilkynna Evrópuþinginu um ákvörðunina.

*123. gr.*

(áður 101. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum í aðildarríkjunum (hér á eftir nefndir „seðlabankar aðildarríkjanna“) er óheimilt að veita stofnunum, aðilum, skrifstofum eða sérstofnunum Sambandsins, stjórnvöldum, svæðisyfirvöldum, staðaryfirvöldum eða öðrum opinberum yfirvöldum, öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt eða opinberum fyrirtækjum aðildarríkja yfirdráttarheimildir eða aðrar tegundir lánsheimilda og skal hið sama gilda um bein kaup Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkjanna á skuldageringum frá þeim.

2. Ákvæði 1. mgr. gilda ekki um lánastofnanir í eigu hins opinbera sem skulu fá sams konar fyrirgreiðslu hjá seðlabönkum aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu og einkareknar lánastofnanir fá varðandi framboð á varaförða.

*124. gr.*

(áður 102. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hver sú ráðstöfun er bönnuð sem byggist ekki á varfærnisjónarmiðum og veitir stofnunum, aðilum, skrifstofum eða sérstofnunum Sambandsins, stjórnvöldum, svæðisyfirvöldum, staðaryfirvöldum eða öðrum opinberum yfirvöldum, öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt eða opinberum fyrirtækjum aðildarríkjanna forgang að þjónustu fjármálastofnana.

*125. gr.*

(áður 103. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal ekki bera ábyrgð á eða taka á sig skuldbindingar stjórnvalda, svæðisyfirvalda, staðaryfirvalda eða annarra opinberra yfirvalda, annarra aðila sem heyra undir opinberan rétt eða opinberra fyrirtækja aðildarríkis, sbr. þó gagnkvæmar fjárhagslegar ábyrgðir vegna sameiginlegrar framkvæmdar tiltekins verkefnis. Aðildarríki skal ekki bera ábyrgð á eða taka á sig skuldbindingar stjórnvalda, svæðisyfirvalda, staðaryfirvalda eða annarra opinberra yfirvalda, annarra aðila sem heyra undir opinberan rétt eða opinberra fyrirtækja annars aðildarríkis, sbr. þó gagnkvæmar fjárhagslegar ábyrgðir vegna sameiginlegrar framkvæmdar tiltekins verkefnis.

2. Ef þörf krefur getur ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, kveðið nánar á um með hvaða hætti skuli framfylgja banninu sem um getur í 123. og 124. gr. og í þessari grein.

*126. gr.*

(áður 104. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríkin skulu forðast óhóflegan halla á fjármálum hins opinbera.

2. Framkvæmdastjórnin skal hafa eftirlit með þróun afkomu og skulda hins opinbera í aðildarríkjunum með það í huga að koma auga á alvarleg mistök. Hún skal einkum kanna hvort agi í stjórn fjármála sé fullnægjandi á grundvelli eftirfarandi tveggja viðmiðana:

a) hvort hlutfall milli áætlaðs eða raunverulegs halla á fjármálum hins opinbera og vergrar landsframleiðslu sé yfir tilteknu viðmiðunargildi nema:

— hlutfallið hafi minnkað umtalsvert og samfellt og náð stigi sem liggur nærri viðmiðunargildinu,

— eða, að öðrum kosti, að það gerist aðeins sjaldan og tímabundið að farið sé yfir viðmiðunargildið og hlutfallið haldist áfram nærri viðmiðunargildinu,

b) hvort hlutfall milli skulda hins opinbera og vergrar landsframleiðslu sé yfir tilteknu viðmiðunargildi nema hlutfallið minnki nægilega hratt og nálgist viðmiðunargildið á viðunandi hraða.

Viðmiðunargildin eru tilgreind í bókun um málsmeðferð vegna óhóflegs fjármálahalla sem fylgir með sáttmálunum.

3. Hafi aðildarríki ekki fullnægt kröfum samkvæmt annarri eða báðum þessum viðmiðunum skal framkvæmdastjórnin taka saman skýrslu um það. Í skýrslu framkvæmdastjórnarinnar skal taka tillit til þess hvort halli á fjármálum hins opinbera er umfram fjárfestingarkostnað hins opinbera og til allra viðeigandi þátta, þ.m.t. efnahagsástands og afkomu hins opinbera til meðallangs tíma.

Framkvæmdastjórnin getur líka tekið saman skýrslu ef hún telur að hætta sé á óhóflegum halla á fjármálum í aðildarríki enda þótt kröfum samkvæmt viðmiðununum sé fullnægt.

4. Efnahags- og fjármálanefndin skal skila álitum um skýrslu framkvæmdastjórnarinnar.

5. Telji framkvæmdastjórnin að halli á fjármálum í aðildarríki sé óhóflegur eða að hætta sé á slíku skal hún beina álitum til hlutaðeigandi aðildarríkis og tilkynna ráðinu um það.

6. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að teknu tilliti til athugasemda sem hlutaðeigandi aðildarríki kann að óska eftir að leggja fram, skera úr um hvort fjármálahalli sé óhóflegur að loknu heildarmati.

7. Komist ráðið að þeirri niðurstöðu, í samræmi við 6. mgr., að fjármálahalli sé óhóflegur skal það þegar í stað samþykka, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni, tilmæli til hlutaðeigandi aðildarríkis þess efnis að bundinn verði endi á ástandið innan tiltekins frests. Tilmælin skulu ekki birt opinberlega, sbr. þó ákvæði 8. mgr.

8. Komi í ljós að ekki hefur verið gripið til neinna árangursríkra aðgerða innan tilskilins frests, þrátt fyrir tilmælin, getur ráðið birt tilmælin opinberlega.

9. Hafi aðildarríki ítrekað hunsað tilmæli ráðsins getur ráðið tilkynnt aðildarríkinu að það verði að gera þær ráðstafanir til að draga úr fjármálahallanum, sem ráðið telur nauðsynlegar til þess að ráða bót á ástandinu, innan tiltekins frests.

Ráðið getur í slíkum tilvikum farið þess á leit við hlutaðeigandi aðildarríki að það leggi fram skýrslur í samræmi við sérstaka tímaáætlun svo það geti kannað hvað aðildarríkið hefur gert til að lagfæra ástandið.

10. Réttinn til að höfða mál, sem kveðið er á um í 258. og 259. gr., má ekki nýta innan ramma 1.–9. mgr. þessarar greinar.

11. Fari aðildarríki ekki að ákvörðun, sem tekin er í samræmi við 9. mgr., er ráðinu heimilt að ákveða að beita einni eða fleiri af eftirfarandi ráðstöfunum, eða styrkja þær, eftir atvikum:

- að krefjast þess að hlutaðeigandi aðildarríki birti viðbótarupplýsingar, sem ráðið tilgreinir, áður en það gefur út skuldabréf og verðbréf,
- að óska eftir því við Fjárfestingarbanka Evrópu að hann endurskoði lánastefnu sína gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki,
- að krefjast þess að hlutaðeigandi aðildarríki leggi viðeigandi fjárhæð, sem ekki ber vexti, inn til geymslu hjá Sambandinu þar til óhóflegur fjármálhalli hefur verið leiðréttur að mati ráðsins,
- að leggja á viðeigandi sektir.

Forseti ráðsins skal tilkynna Evrópuþinginu um ákvörðunina.

12. Ráðið skal fella úr gildi sumar eða allar ákvarðanir sínar, sem um getur í 6.–9. mgr. og 11. mgr., hafi óhóflegur fjármálhalli í hlutaðeigandi aðildarríki verið leiðréttur að mati ráðsins. Hafi ráðið áður birt tilmæli sín opinberlega skal það, um leið og ákvörðun skv. 8. mgr. hefur verið felld úr gildi, gefa út yfirlýsingu um að ekki sé lengur óhóflegur halli á fjármálum hlutaðeigandi aðildarríkis.

13. Þegar ráðið tekur ákvarðanir eða setur fram tilmæli, eins og um getur í 8., 9., 11. og 12. mgr., skal það fara að tilmælum framkvæmdastjórnarinnar.

Þegar ráðið gerir ráðstafanirnar, sem um getur í 6.–9., 11. og 12. mgr., skal það ekki taka tillit til atkvæðis fulltrúa hlutaðeigandi aðildarríkis í ráðinu.

Aukinn meirihluti annarra fulltrúa í ráðinu skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

14. Frekari ákvæði um framkvæmd málsmeðferðar samkvæmt þessari grein er að finna í bókuninni um málsmeðferð vegna óhóflegs fjármálahalla sem fylgir með sáttmálunum.

Ráðið skal samþykkja viðeigandi ákvæði sem koma skulu í stað bókunarinnar með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu.

Með fyrirvara um önnur ákvæði þessarar málsgreinar skal ráðið, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, mæla fyrir um ítarlegar reglur og skilgreiningar vegna beitingar ákvæða fyrrnefndrar bókunar.

## 2. KAFLI

### PENINGAMÁLASTEUFNA

#### *127. gr.*

(áður 105. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Helsta markmið seðlabankakerfis Evrópu skal vera að halda verðlagi stöðugu. Með fyrirvara um markmiðið um stöðugt verðlag skal seðlabankakerfi Evrópu styðja við almennar efnahagsstefnur í Sambandinu til að stuðla að þeim markmiðum Sambandsins sem mælt er fyrir um í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Seðlabankakerfi Evrópu skal fylgja meginreglunni um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni sem stuðlar að skilvirkri ráðstöfun fjármagns og meginreglunum í 119. gr.

2. Helstu verkefni seðlabankakerfis Evrópu skulu vera:

- að móta og framkvæma peningamálastefnu Sambandsins,
- að stunda gjaldeyrisviðskipti sem samrýmast ákvæðum 219. gr.,
- að varðveita opinberan gjaldeyrisforða aðildarríkjanna og stýra honum,
- að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa.

3. Þriðji undirliður 2. mgr. er með fyrirvara um að stjórnvöld aðildarríkjanna varðveiti rekstrarfjármuni í erlendum gjaldmiðlum og stýri þeim.

4. Hafa skal samráð við Seðlabanka Evrópu:

- um sérhverja gerð Sambandsins sem fyrirhuguð er og varðar valdsvið hans,
- af hálfu yfirvalda í aðildarríkjunum um hvers konar drög að lagaákvæði sem varðar valdsvið hans, þó með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 129. gr.

Seðlabanka Evrópu er heimilt að leggja álit á málefnum, sem varða valdsvið hans, fyrir hlutaðeigandi stofnanir, aðila, skrifstofur eða sérstofnanir Sambandsins eða yfirvöld í aðildarríkjunum.



5. Seðlabankakerfi Evrópu skal stuðla að því að lögbær yfirvöld geti með snurðulausum hætti framfylgt stefnum sínum varðandi varfærnisefirlit með lánastofnunum og stöðugleika fjármálakerfisins.

6. Ráðinu er heimilt, með setningu reglugerða í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að fela Seðlabanka Evrópu, með einróma ákvörðun og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu, sérstök verkefni er varða stefnur varðandi varfærnisefirlit með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum, að frátöldum váttryggingafélögum.

#### 128. gr.

(áður 106. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Seðlabanki Evrópu skal hafa einkarétt á að heimila útgáfu evruseðla í Sambandinu. Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna mega gefa út slíka peningaseðla. Einungis seðlar sem Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna gefa út skulu hafa stöðu löglegs greiðslumiðils innan Sambandsins.

2. Aðildarríkjunum er heimilt að láta slá mynt enda samþykki Seðlabanki Evrópu umfang myntsláttunnar. Ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu, að samþykkja ráðstafanir til að samræma tilgreint verðgildi og tækniforskriftir fyrir alla þá mynt sem setja á í umferð, að því marki sem nauðsynlegt er til að greiða fyrir snurðulausri umferð hennar í Sambandinu.

#### 129. gr.

(áður 107. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Seðlabankakerfi Evrópu skal lúta stjórn þeirra aðila innan Seðlabanka Evrópu sem fara með ákvarðanatöku, þ.e. bankaráði og framkvæmdastjórn.

2. Mælt er fyrir um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu (hér á eftir nefnd „stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu“) í bókun sem fylgir með sáttmálunum.

3. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að breyta gr. 5.1, 5.2, 5.3, 17, 18, 19.1, 22, 23, 24, 26, 32.2, 32.3, 32.4, 32.6, a-lið gr. 33.1 og 36 í stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Þau skulu taka ákvörðun annaðhvort að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina eða að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu.

4. Ráðið skal, annaðhvort að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu eða að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina, samþykkja ákvæðin sem um getur í gr. 4, 5.4, 19.2, 20, 28.1, 29.2, 30.4 og 34.3 í stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

*130. gr.*

(áður 108. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hvorki Seðlabanki Evrópu, seðlabanki aðildarríkis né fulltrúar aðila þeirra sem fara með ákvarðanatöku skulu, við beitingu valdheimilda sinna og við þau verkefni og skyldustörf sem þeim eru falin samkvæmt sáttmálunum og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, leita eftir eða taka við fyrirmælum frá stofnunum, aðilum, skrifstofum eða sérstofnunum Sambandsins, stjórnvöldum aðildarríkis eða öðrum aðila. Stofnanir, aðilar, skrifstofur eða sérstofnanir Sambandsins og stjórnvöld aðildarríkjanna skuldbinda sig til að virða þessa meginreglu og reyna ekki að hafa áhrif á fulltrúa þeirra aðila innan Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkjanna sem fara með ákvarðanatöku þegar þeir sinna verkefnum sínum.

*131. gr.*

(áður 109. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sérhvert aðildarríki skal tryggja að löggjöf landsins, að meðtöldum stofnsamþykktum seðlabanka þess, samrýmist sáttmálunum og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

*132. gr.*

(áður 110. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Við framkvæmd þeirra verkefna, sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin, skal Seðlabanki Evrópu, í samræmi við ákvæði sáttmálanna og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu:

- setja nauðsynlegar reglugerðir til að koma til framkvæmda þeim verkefnum sem eru tilgreind í fyrsta undirlíð í gr. 3.1 og í gr. 19.1, 22 og 25.2 í stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu í tilvikum sem mælt verður fyrir um í þeim gerðum ráðsins sem um getur í 4. mgr. 129. gr.
- taka nauðsynlegar ákvarðanir til að leysa af hendi þau verkefni sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin samkvæmt sáttmálunum og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu,
- setja fram tilmæli og skila álitum.

2. Seðlabanki Evrópu getur ákveðið að birta ákvarðanir sínar, tilmæli og álit opinberlega.

3. Seðlabanka Evrópu skal heimilt, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið samþykkir, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 4. mgr. 129. gr., að leggja fjársektir eða févítí á fyrirtæki sem standa ekki við skuldbindingar sem kveðið er á um í reglugerðum hans og ákvörðunum.

*133. gr.*

Með fyrirvara um valdsvið Seðlabanka Evrópu skulu Evrópuþingið og ráðið mæla fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir vegna notkunar evrunnar sem sameiginlegs gjaldmiðils, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Samþykkja skal slíkar ráðstafanir að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu.

## 3. KAFLI

## STOFNANAÁKVÆÐI

*134. gr.*

(áður 114. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Efnahags- og fjármálanefnd er hér með komið á fót í þeim tilgangi að stuðla að samræmingu á stefnum aðildarríkjanna að svo miklu leyti sem starfsemi innri markaðarins krefst þess.
2. Verkefni efnahags- og fjármálanefndarinnar skulu vera:
  - að skila álitum að beiðni ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði til að leggja fyrir þessar stofnanir,
  - að fylgjast með efnahagslegri og fjárhagslegri stöðu aðildarríkjanna og Sambandsins og gefa ráðinu og framkvæmdastjórninni reglulega skýrslu um þau mál, einkum varðandi fjárhagstengsl við þriðju lönd og alþjóðastofnanir,
  - að taka, með fyrirvara um 240. gr., þátt í undirbúningi þeirra starfa ráðsins sem um getur í 66. gr., 75. gr., 2., 3., 4. og 6. mgr. 121. gr., 122. gr., 124. gr., 125. gr., 126. gr., 6. mgr. 127. gr., 2. mgr. 128. gr., 3. og 4. mgr. 129. gr., 138. gr., 2. og 3. mgr. 140. gr., 143. gr., 2. og 3. mgr. 144. gr. og 219. gr. og annast önnur ráðgjafar- og undirbúningsstörf sem ráðið felur henni,
  - að kanna a.m.k. árlega stöðu mála varðandi fjármagnsflutninga og frjálsar greiðslur, í ljósi beitingar sáttmálanna og ráðstafana sem ráðið hefur samþykkt; athugunin skal taka til allra ráðstafana er lúta að fjármagnsflutningum og greiðslum; nefndin skal leggja fyrir framkvæmdastjórnina og ráðið skýrslu um niðurstöður athugunarinnar.

Aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu skulu hvert um sig tilnefna eigi fleiri en tvo fulltrúa í nefndina.

3. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu og nefndina, sem um getur í þessari grein, mæla fyrir um ítarleg ákvæði um samsetningu efnahags- og fjármálanefndarinnar. Forseti ráðsins skal tilkynna Evrópuþinginu um ákvörðunina.

4. Auk þeirra verkefna sem getið er í 2. mgr. skal nefndin, ef og á meðan einhver aðildarríki hafa enn undanþágu eins og um getur í 139. gr., fylgjast með stöðu peningamála í þessum ríkjum, fjárhagsstöðu þeirra, svo og almennu greiðslukerfi, og senda ráðinu og framkvæmdastjórninni reglulega skýrslu um þessi efni.

### 135. gr.

(áður 115. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið eða aðildarríki getur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún leggi fram tilmæli eða tillögu, eftir því sem við á, varðandi málefni sem falla undir gildissvið 4. mgr. 121. gr., 126. gr., að frátalinni 14. mgr., 138. gr., 1. mgr. 140. gr., fyrstu undirgrein 2. mgr. 140. gr., 3. mgr. 140. gr. og 219. gr. Framkvæmdastjórnin skal fjalla um beiðnina og leggja niðurstöður sínar fyrir ráðið tafarlaust.

## 4. KAFLI

### SÉRTÆK ÁKVÆÐI VARÐANDI AÐILDARRÍKI SEM HAFU EVRU SEM GJALDMIÐIL

### 136. gr.

1. Til þess að tryggja eðlilega starfsemi efnahags- og myntbandalags og í samræmi við viðeigandi ákvæði sáttmálanna skal ráðið samþykkja, í samræmi við viðeigandi málsmeðferð samkvæmt annaðhvort 121. eða 126. gr., að frátalinni málsmeðferðinni sem getið er í 14. mgr. 126. gr., sértækar ráðstafanir varðandi þau aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil í því skyni að:

- a) efla samræmingu og eftirlit með aga í stjórn fjármála,
- b) setja viðmiðunarreglur varðandi efnahagsstefnu ríkjanna en sjá jafnframt til þess að þær samrýmist þeim ráðstöfunum sem samþykktar hafa verið fyrir Sambandið í heild og sæti eftirliti.

2. Einungis fulltrúar þeirra aðildarríkja í ráðinu, sem hafa evru sem gjaldmiðil, skulu taka þátt í atkvæðagreiðslu um ráðstafanirnar sem settar eru fram í 1. mgr.

Aukinn meirihluti þessara fulltrúa skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

*137. gr.*

Í bókuninni um evruhópinn er mælt fyrir um fyrirkomulag funda ráðherra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil.

*138. gr.*

(áður 4. mgr. 111. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Til þess að tryggja stöðu evrunnar í alþjóðlega peningakerfinu skal ráðið samþykkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, ákvörðun um sameiginlega afstöðu í málum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir efnahags- og myntbandalag innan þar til bærra alþjóðlegra fjármálastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum um fjármál. Ráðið skal taka ákvörðun að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu.
2. Ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að samþykkja viðeigandi ráðstafanir til að tryggja samræmt fyrirsvar innan alþjóðlegra fjármálastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum um fjármál. Ráðið skal taka ákvörðun að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu.
3. Einungis fulltrúar þeirra aðildarríkja í ráðinu, sem hafa evru sem gjaldmiðil, skulu taka þátt í atkvæðagreiðslu um þær ráðstafanir sem um getur í 1. og 2. mgr.

Aukinn meirihluti þessara fulltrúa skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

## 5. KAFLI

## UMBREYTINGARÁKVÆÐI

*139. gr.*

1. Hér á eftir er vísað til þeirra aðildarríkja, sem ráðið hefur ekki tekið ákvörðun um hvort uppfylli nauðsynleg skilyrði fyrir því að taka upp evruna, sem „aðildarríkja með undanþágu“.
2. Eftirfarandi ákvæði sáttmálanna gilda ekki um aðildarríki með undanþágu:
  - a) samþykkt þeirra hluta almennra viðmiðunarreglna vegna efnahagsstefnu sem varða evrusvæðið almennt (2. mgr. 121. gr.),
  - b) þvingunarúrræði til að ráða bót á óhóflegum halla á fjármálum hins opinbera (9. og 11. mgr. 126. gr.),
  - c) markmið og verkefni seðlabankakerfis Evrópu (1.–3. mgr. og 5. mgr. 127. gr.),
  - d) útgáfa á evrum (128. gr.),
  - e) gerðir Seðlabanka Evrópu (132. gr.),

- f) ráðstafanir varðandi notkun evrunnar (133. gr.),
- g) myntsamningar og aðrar ráðstafanir er varða stefnu í gengismálum (219. gr.),
- h) tilnefning stjórnarmanna í framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu (2. mgr. 283. gr.),
- i) ákvarðanir um sameiginlega afstöðu í málum sem hafa sérstaka þýðingu fyrir efnahags- og myntbandalag innan þar til bærra alþjóðlegra fjármálastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum um fjármál (1. mgr. 138. gr.),
- j) ráðstafanir til að tryggja samræmt fyrirsvar innan alþjóðlegra fjármálastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum um fjármál (2. mgr. 138. gr.).

Í greinunum sem um getur í a- til j-lið er með hugtakinu „aðildarríki“ átt við aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil.

3. Aðildarríki með undanþágu og seðlabankar þeirra eru undanþegin réttindum og skyldum innan seðlabankakerfis Evrópu skv. IX. kafla stofnsamþykktar seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

4. Atkvæðisréttur fulltrúa aðildarríkja með undanþágu í ráðinu skal felldur tímabundið niður í tengslum við samþykkt ráðsins á ráðstöfunum sem um getur í greinunum sem taldar eru upp í 2. mgr. og að því er varðar eftirfarandi:

- a) tilmæli til aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil, innan ramma marghliða eftirlits, m.a. um áætlanir um stöðugleika og viðvaranir (4. mgr. 121. gr.),
- b) ráðstafanir vegna óhóflegs halla á fjármálum hins opinbera hjá þeim aðildarríkjum sem hafa evru sem gjaldmiðil (6., 7., 8., 12. og 13. mgr. 126. gr.).

Aukinn meirihluti annarra fulltrúa í ráðinu skal skilgreindur í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

*140. gr.*

(áður 1. mgr. 121. gr., annar málslíður 2. mgr. 122. gr. og 5. mgr. 123. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Framkvæmdastjórnin og Seðlabanki Evrópu skulu, eigi sjaldnar en á tveggja ára fresti eða að beiðni aðildarríkis með undanþágu, gefa ráðinu skýrslu um hvernig aðildarríkjum með undanþágu miðar við að efna skuldbindingar sínar um að koma efnahags- og myntbandalagi til framkvæmda. Í skýrslunum skal því m.a. lýst hve vel landslöggjöf hvers þessara aðildarríkja,

þ.m.t. stofnsamþykktir seðlabanka aðildarríkisins, samrýmist 130. og 131. gr. og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu. Í skýrslunum skal einnig kannað hvort náðst hafi víðtæk og viðvarandi samleitni, með hliðsjón af því í hvaða mæli hvert aðildarríki hefur uppfyllt eftirfarandi viðmiðanir:

- að ná miklum verðstöðugleika; þetta má ráða af því hvort verðbólguþig liggur nálægt verðbólguþigi þeirra þriggja ríkja sem náð hafa mestum verðstöðugleika,
- að ná sjálfbærni í fjármálum hins opinbera; þetta má ráða af því hvort hið opinbera hefur náð fjárhagsstöðu sem einkennist ekki af óhóflegum halla á fjármálum hins opinbera, eins og hann er ákvarðaður í samræmi við 6. mgr. 126. gr.,
- að halda sig innan eðlilegra vikmarka samkvæmt gengissamstarfi peningakerfis Evrópu í a.m.k. tvö ár án þess að fella gengið gagnvart evrunni,
- að viðvarandi samleitni aðildarríkis með undanþágu og þátttaka þess í gengissamstarfinu endurspeglar í langtímavöxtum.

Fjallað er nánar um viðmiðanirnar fjórar, sem um getur í þessari málsgrein, og gildistíma þeirra í bókun sem fylgir með sáttmálunum. Skýrslur framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu skulu einnig taka mið af árangri af samruna markaða, stöðu og þróun viðskiptajafnaðar og könnun á þróun launakostnaðar á einingu og annarra verðvísitalna.

2. Ráðið skal, að höfðu samráði við Evrópuþingið og að lokinni umfjöllun í leiðtogaráðinu, ákveða, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, hvaða aðildarríki með undanþágu uppfylla nauðsynleg skilyrði á grundvelli viðmiðana 1. mgr. og fella úr gildi undanþágur hlutaðeigandi aðildarríkja.

Ráðið skal taka ákvörðun að fengnum tilmælum aukins meirihluta fulltrúa þeirra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil. Þessir fulltrúar skulu taka ákvörðun innan sex mánaða frá því að ráðinu berst tillaga framkvæmdastjórnarinnar.

Aukinn meirihluti þessara fulltrúa skal skilgreindur eins og um getur í annarri undirgrein í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

3. Ef ákveðið er, í samræmi við málsmeðferðina í 2. mgr., að fella úr gildi undanþágu skal ráðið, með einróma samþykki fulltrúa þeirra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil og hlutaðeigandi aðildarríkis, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, festa gengi evrunnar með

óafturkræfum hætti gagnvart gengi gjaldmiðils hlutaðeigandi aðildarríkis og gera þær ráðstafanir aðrar sem nauðsynlegar eru til að taka upp evruna sem eina gjaldmiðil hlutaðeigandi aðildarríkis.

*141. gr.*

(áður 3. mgr. 123. gr. og fyrstu fimm undirliðir 2. mgr. 117. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef og á meðan einhver aðildarríki hafa enn undanþágu og með fyrirvara um 1. mgr. 129. gr. skal aðalráð Seðlabanka Evrópu, sem um getur í 44. gr. stofnsamþykktar seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, vera þriðji aðilinn innan Seðlabanka Evrópu sem fer með ákvarðanatöku.

2. Ef og á meðan einhver aðildarríki hafa enn undanþágu skal Seðlabanki Evrópu, að því er þau aðildarríki varðar:

- efla samstarf milli seðlabanka aðildarríkjanna,
- efla samræmingu á peningamálastefnum aðildarríkjanna með það að markmiði að tryggja stöðugt verðlag,
- hafa eftirlit með framkvæmd gengissamstarfs Evrópu,
- hafa samráð við seðlabanka aðildarríkjanna um þau málefni sem falla undir valdheimildir þeirra og hafa áhrif á stöðugleika fjármálastofnana og -markaða,
- hafa með höndum þau verkefni sem Peningasamvinnusjóður Evrópu annaðist áður og fluttust síðar til Peningamálastofnunar Evrópu.

*142. gr.*

(áður 1. mgr. 124. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sérhvert aðildarríki með undanþágu skal framfylgja gengisstefnu sinni með sameiginlega hagsmuni í huga. Aðildarríkin skulu í því skyni taka tillit til þeirrar reynslu sem fengist hefur innan ramma gengissamstarfsins.

*143. gr.*

(áður 119. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Eigi aðildarríki með undanþágu í erfiðleikum með greiðslujöfnuð eða alvarleg hættu er á að erfiðleikar skapist, hvort sem það stafar af heildarójafnvægi í greiðslujöfnuði eða því hvaða gjaldmiðli það hefur yfir að ráða, og einkum ef erfiðleikarnir eru til þess fallnir að stofna í hættu starfsemi innri markaðarins eða hindra að sameiginlegri viðskiptastefnu verði hrundið í framkvæmd, skal framkvæmdastjórnin þegar kanna stöðu ríkisins og þær ráðstafanir sem það hefur gert eða unnt er að gera af þess hálfu samkvæmt ákvæðum sáttmálanna, þannig að til allra tiltækra úrræða sé gripið. Framkvæmdastjórnin skal gera grein fyrir þeim ráðstöfunum sem hún mælir með að hlutaðeigandi ríki geri.



Ef aðgerðir aðildarríkis með undanþágu og ráðstafanir, sem framkvæmdastjórnin hefur lagt til, reynast ófullnægjandi til að sigrast á erfiðleikunum sem upp eru komnir eða eru yfirvofandi skal framkvæmdastjórnin, að höfðu samráði við efnahags- og fjármálanefndina, senda ráðinu tilmæli um að gagnkvæm aðstoð verði veitt og um viðeigandi aðferðir við það.

Framkvæmdastjórnin skal upplýsa ráðið reglulega um ástand og framvindu mála.

2. Ráðið skal veita slíka aðstoð; það skal ákveða skilyrði og tilhögun slíkrar aðstoðar með tilskipunum eða ákvörðunum, en aðstoðin getur m.a. falist í:

- a) sameiginlegum umleitunum gagnvart öðrum alþjóðastofnunum sem aðildarríki með undanþágu geta leitað til, eða innan þeirra,
- b) nauðsynlegum ráðstöfunum til að koma í veg fyrir að viðskipti beinist inn á lágtollasvæði þegar það aðildarríki með undanþágu, sem á í erfiðleikum, viðheldur eða tekur upp að nýju magntakmarkanir gagnvart þriðju löndum,
- c) lánveitingum annarra aðildarríkja í takmörkuðum mæli, með fyrirvara um samþykki þeirra.

3. Fallist ráðið ekki á að veita gagnkvæma aðstoð samkvæmt tilmælum framkvæmdastjórnarinnar, eða veitt aðstoð og aðrar ráðstafanir reynast ófullnægjandi, skal framkvæmdastjórnin heimila því aðildarríki með undanþágu, sem á í erfiðleikum, að grípa til verndarráðstafana með þeim skilyrðum og útfærslum sem hún ákveður.

Ráðið getur afturkallað slíka heimild og kveðið á um breytingar á þessum skilyrðum og tilhögun þeirra.

#### *144. gr.*

(áður 120. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Komi skyndilega upp vandi er varðar greiðslujöfnuð, og ákvörðun skv. 2. mgr. 143. gr. er ekki tekin tafarlaust, getur hlutaðeigandi aðildarríki með undanþágu gripið til nauðsynlegra fyrirbyggjandi verndarráðstafana. Ráðstafanirnar skulu hafa í för með sér eins litla röskun á starfsemi innri markaðarins og kostur er og mega ekki vera víðtækari en brýnasta nauðsyn krefur til að ráða bót á þeim skyndilega vanda sem komið hefur upp.

2. Framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum skal tilkynnt um slíkar verndarráðstafanir eigi síðar en þegar þær öðlast gildi. Framkvæmdastjórnin getur mælst til þess við ráðið að gagnkvæm aðstoð verði veitt skv. 143. gr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin hefur sett fram tilmæli og samráð hefur verið haft við efnahags- og fjármálanefndina getur ráðið ákveðið að ríkið skuli breyta þeim verndarráðstöfunum, sem um getur hér að framan, fresta þeim eða nema þær úr gildi.

## IX. BÁLKUR

## ATVINNUMÁL

## 145. gr.

(áður 125. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin og Sambandið skulu vinna að mótun samræmdrar áætlunar um atvinnumál, í samræmi við þennan bálk, og stuðla m.a. að því að fyrir hendi sé hæft, vel menntað og sveigjanlegt vinnuafli svo og vinnumarkaðir sem geta lagað sig að breyttum efnahagslegum aðstæðum, með það í huga að ná markmiðunum sem sett eru í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

## 146. gr.

(áður 126. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríkin skulu, á grundvelli atvinnustefna sinna, vinna að þeim markmiðum sem um getur í 145. gr. á þann veg að samrýmist þeim almennu viðmiðunarreglum varðandi efnahagsstefnur aðildarríkjanna og Sambandsins sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 121. gr.

2. Aðildarríkin skulu, með hliðsjón af hefðum í hverju landi að því er varðar ábyrgð aðila vinnumarkaðarins, líta á það sem sameiginlegt hagsmunamál að efla atvinnu og skulu samræma aðgerðir sínar í þessu tilliti innan ráðsins, í samræmi við ákvæði 148. gr.

## 147. gr.

(áður 127. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal stuðla að háu atvinnustigi með því að ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna og með því að styðja aðgerðir þeirra, og auka við þær ef nauðsyn krefur. Virða skal valdheimildir aðildarríkjanna í þessu sambandi.

2. Taka skal tillit til markmiðsins um hátt atvinnustig við mótun og framkvæmd stefna og starfsemi Sambandsins.

## 148. gr.

(áður 128. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Leiðtogaráðið skal ár hvert taka stöðu atvinnumála í Sambandinu til athugunar og samþykkja niðurstöður þar að lútandi á grundvelli sameiginlegrar ársskýrslu ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ráðið skal, á grundvelli niðurstaðna leiðtogaráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndina, svæðanefndina og atvinnumálanefndina sem um getur í 150. gr., semja á hverju ári viðmiðunarreglur sem aðildarríkin skulu taka tillit til í atvinnustefnum sínum. Þessar viðmiðunarreglur skulu samrýmast þeim almennu viðmiðunarreglum sem eru samþykktar skv. 2. mgr. 121. gr.

3. Hvert aðildarríki skal láta ráðinu og framkvæmdastjórninni í té ársskýrslu um helstu ráðstafanir sem gerðar hafa verið til að koma atvinnustefnu þess til framkvæmda með hliðsjón af viðmiðunarreglunum um atvinnumál sem um getur í 2. mgr.

4. Ár hvert skal ráðið, á grundvelli skýrslanna sem um getur í 3. mgr. og þegar því hefur borist álit atvinnumálanefndarinnar, láta fara fram athugun á framkvæmd atvinnustefna aðildarríkjanna með hliðsjón af viðmiðunarreglunum um atvinnumál. Ráðinu er heimilt, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni, að beina tilmælum til aðildarríkjanna ef það telur slíkt viðeigandi í ljósi athugunarinnar.

5. Ráðið og framkvæmdastjórnin skulu, á grundvelli niðurstaðna þessarar athugunar, leggja fyrir leiðtoga ráðið sameiginlega ársskýrslu um stöðu atvinnumála í Sambandinu og framkvæmd viðmiðunarreglnanna um atvinnumál.

#### 149. gr.

(áður 129. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, í samræmi við almenna lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, að samþykkja hvetjandi ráðstafanir til að ýta undir samstarf aðildarríkjanna og styðja aðgerðir þeirra í atvinnumálum með framtaksverkefnum sem miða að því að þróa upplýsingaskipti og miðlun bestu starfsvenja og setja fram samanburðargreiningu og ráðleggingar, auk þess að stuðla að nýstárlegum aðferðum og leggja mat á reynslu, einkum á grundvelli tilraunaverkefna.

Þessar ráðstafanir fela ekki í sér samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

#### 150. gr.

(áður 130. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal koma á fót, með einföldum meirihluta og að höfðu samráði við Evrópuþingið, atvinnumálanefnd sem hefur ráðgefandi hlutverk við að efla samræmingu á atvinnu- og vinnumarkaðsstefnum aðildarríkjanna. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

- að fylgjast með stöðu atvinnumála og atvinnustefnum aðildarríkjanna og Sambandsins,
- gefa út álit, með fyrirvara um 240. gr., að beiðni ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði og taka þátt í undirbúningi starfs ráðsins sem um getur í 148. gr.

Nefndin skal hafa samráð við aðila vinnumarkaðarins um þau skyldustörf sem í umboði hennar felast.

Hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina.

## X. BÁLKUR

## FÉLAGSMÁLASTEUFNA

## 151. gr.

(áður 136. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið og aðildarríkin skulu hafa það að markmiði, með vísan til félagslegra grundvallarréttinda, t.d. þeirra sem koma fram í félagsmálasáttmála Evrópu sem var undirritaður í Tórínó 18. október 1961 og í stofnskrá Bandalagsins um félagsleg grundvallarréttindi launþega frá 1989, að stuðla að aukinni atvinnu, bæta lífskjör og vinnuskilyrði þannig að unnt sé að jafna þau en halda jafnframt áfram umbótum, veita viðeigandi félagslega vernd, tryggja skoðanaskipti milli aðila vinnumarkaðarins, efla mannauðinn með það í huga að halda atvinnustigi háu, og vinna gegn útilokun þjóðfélagshópa.

Sambandið og aðildarríkin skulu í þessu skyni koma til framkvæmda ráðstöfunum sem taka mið af ólíkum venjum í aðildarríkjunum, einkum á sviði samningsbundinna tengsla, og þörfinni á því að viðhalda samkeppnishæfni atvinnulífs í Sambandinu.

Þau telja að slíka þróun muni bæði leiða af framkvæmd innri markaðarins, sem stuðla muni að auknu samræmi félagslegra kerfa, og af starfsháttum sem mælt er fyrir um í sáttmálunum og samræmingu á ákvæðum laga og stjórnisýslufyrirmæla.

## 152. gr.

Sambandið viðurkennir og styður hlutverk aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins og tekur mið af því hversu margbreytileg kerfi eru við lýði í aðildarríkjunum. Það skal greiða fyrir skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins en virða jafnframt sjálfræði þeirra.

Þríhliða leiðtogafundur um félagsmál, vöxt og atvinnu skal stuðla að skoðanaskiptum milli aðila vinnumarkaðarins.

## 153. gr.

(áður 137. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal, með það í huga að vinna að markmiðum 151. gr., styðja og auka við aðgerðir aðildarríkjanna í tengslum við eftirfarandi svið:

- a) umbætur, einkum á vinnuumhverfi, til að vernda heilsu og öryggi starfsmanna,
- b) vinnuskilyrði,
- c) félagslegt öryggi og félagslega vernd launafólks,
- d) vernd launafólks við uppsögn ráðningarsamnings,
- e) miðlun upplýsinga til starfsmanna og samráð við þá,

- f) fyrirsvor og sameiginlega hagsmunagæslu launafólks og vinnuveitenda, þ.m.t. sameiginlega ákvarðanatöku, sbr. þó 5. mgr.,
- g) ráðningarkjör ríkisborgara þriðju landa sem dvelja löglega á yfirráðasvæði Sambandsins,
- h) aðlögun einstaklinga sem eru útilokaðir frá vinnumarkaðnum, sbr. þó 166. gr.,
- i) jafnrétti karla og kvenna með tilliti til tækifæra á vinnumarkaði og meðferðar á vinnustað,
- j) baráttu gegn félagslegri útskúfun,
- k) nútímavæðingu félagsverndarkerfa, sbr. þó c-lið.

## 2. Evrópuþingið og ráðið geta í þessu skyni:

- a) samþykkt ráðstafanir í því skyni að ýta undir samstarf aðildarríkjanna á grundvelli framtaksverkefna sem miða að því að bæta þekkingu, þróa upplýsingaskipti og miðlun bestu starfsvenja, stuðla að nýstárlegum aðferðum og leggja mat á reynslu, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna,
- b) samþykkt, með setningu tilskipana á þeim sviðum sem um getur í a- til i-lið 1. mgr., lágmarkskröfur sem komið verði til framkvæmda í áföngum með hliðsjón af gildandi skilyrðum og tæknireglum í hverju aðildarríki. Í þessum tilskipunum skal reynt að komast hjá því að leggja á hömlur á sviði stjórnsýslu, fjármála eða löggjafar sem staðið gætu í vegi fyrir stofnun og vexti lítilla og meðalstórra fyrirtækja.

Evrópuþingið og ráðið skulu taka ákvarðanir í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Á þeim sviðum, sem um getur í c-, d-, f- og g-lið 1. mgr., skal ráðið taka einróma ákvörðun í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að höfðu samráði við Evrópuþingið og áðurgreindar nefndir.

Ráðið getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, tekið einróma ákvörðun um að almenn lagasetningarmeðferð skuli gilda um d-, f- og g-lið 1. mgr.

## 3. Aðildarríki getur falið aðilum vinnumarkaðarins, komi fram sameiginleg ósk um það, framkvæmd tilskipana sem eru samþykktar skv. 2. mgr. eða, þar sem við á, framkvæmd ákvörðunar ráðsins sem er samþykkt í samræmi við 155. gr.

Aðildarríkið skal í því tilviki sjá til þess að aðilar vinnumarkaðarins hafi, eigi síðar en daginn sem taka verður tilskipun eða ákvörðun upp í lög eða koma henni til framkvæmda, gert með samningi nauðsynlegar ráðstafanir, en hlutaðeigandi aðildarríki er skylt að grípa til nauðsynlegra ráðstafana sem gera því kleift, hvenær sem er, að tryggja þá niðurstöðu sem krafist er í tilskipuninni eða ákvörðuninni.

4. Ákvæði sem eru samþykkt samkvæmt þessari grein:

- eru með fyrirvara um rétt aðildarríkjanna til að ákveða grundvallarreglur almannatryggingakerfa sinna og mega ekki hafa veruleg áhrif á fjárhagslegan stöðugleika þeirra,
- skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari verndarráðstafanir sem samrýmast sáttmálunum.

5. Ákvæði þessarar greinar skulu ekki gilda um launakjör, félagafrelsi, verkfallsrétt eða rétt til að setja verkbann.

*154. gr.*

(áður 138. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Framkvæmdastjórnin skal stuðla að samráði milli aðila vinnumarkaðarins á vettvangi Sambandsins og gera allar viðeigandi ráðstafanir til að auðvelda skoðanaskipti þeirra á milli með því að tryggja báðum aðilum sambærilegan stuðning.
2. Í þessu skyni skal framkvæmdastjórnin ræða við aðila vinnumarkaðarins um hugsanleg stefnumið fyrir aðgerðir Sambandsins áður en hún leggur fram tillögur um félagsleg málefni.
3. Ef framkvæmdastjórnin lítur svo á, að slíku samráði loknu, að aðgerðir Sambandsins séu ráðlegar skal hún ráðfæra sig við aðila vinnumarkaðarins um fyrirhugaða tillögu. Aðilar vinnumarkaðarins skulu leggja fyrir framkvæmdastjórnina álit eða, ef við á, beina til hennar tilmælum.
4. Aðilar vinnumarkaðarins geta í tengslum við þær viðræður, sem um getur í 2. og 3. mgr., tilkynnt framkvæmdastjórninni að þeir óski eftir að hefja ferlið sem kveðið er á um í 155. gr. Ferlið skal ekki vara lengur en í níu mánuði nema hlutaðeigandi aðilar vinnumarkaðarins og framkvæmdastjórnin taki sameiginlega ákvörðun um að framlengja það tímabil.

*155. gr.*

(áður 139. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Óski aðilar vinnumarkaðarins eftir því geta skoðanaskipti þeirra á vettvangi Sambandsins leitt til samningsbundinna tengsla, þ.m.t. samninga.
2. Samningum, sem eru gerðir á vettvangi Sambandsins, skal komið til framkvæmda annaðhvort í samræmi við málsmeðferð og venjur aðila vinnumarkaðarins og aðildarríkjanna eða, í málum sem falla undir 153. gr., með ákvörðun ráðsins, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar á grundvelli sameiginlegrar óskar undirritunaraðilanna. Evrópuþingið skal upplýst um þetta.

Ráðið skal taka einróma ákvörðun ef viðkomandi samningur inniheldur eitt eða fleiri ákvæði sem falla undir eitt þeirra sviða þar sem einróma ákvörðun er áskilin skv. 2. mgr. 153. gr.

*156. gr.*

(áður 140. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Til þess að vinna að markmiðum 151. gr. og með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna skal framkvæmdastjórnin ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna og greiða fyrir samræmingu aðgerða þeirra í öllum félagslegum málefnum samkvæmt þessum kafla, einkum í málum er varða:

- atvinnu,
- vinnulöggjöf og vinnuskilyrði,
- starfsmenntun á grunn- og framhaldsstigi,
- félagslegt öryggi,
- forvarnir gegn vinnuslysum og atvinnusjúkdómum,
- hollustuhætti á vinnustað,
- félagafrelsi og réttinn til gerðar kjarasamninga milli launafólks og atvinnurekenda.

Í þessu tilliti skal framkvæmdastjórnin framkvæma rannsóknir, skila álitum og koma á samráði í nánú samstarfi við aðildarríkin, bæði að því er varðar vandamál á landsvísu og þau er alþjóðastofnanir láta sig varða, einkum á grundvelli framtaksverkefna sem miða að því að koma upp viðmiðunarreglum og vísam, skipuleggja miðlun bestu starfsvenja og leggja grunninn að nauðsynlegum þáttum reglubundins eftirlits og mats. Evrópuþingið skal að fullu upplýst um þetta.

Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við efnahags- og félagsmálanefndina áður en álitum er skilað samkvæmt þessari grein.

*157. gr.*

(áður 141. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Hvert aðildarríki skal tryggja beitingu meginreglunnar um jöfn laun karla og kvenna fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf.
2. Með „launum“ er í þessari grein átt við venjulegt grunn- eða lágmarkskaup ásamt öllum öðrum greiðslum, hvort heldur er í fé eða fríðu, sem launþegi fær beint eða óbeint frá vinnuveitanda sínum vegna starfa síns.

Með jöfnum launum án mismununar vegna kynferðis er átt við að:

- a) laun fyrir sömu ákvæðisvinnu skuli miðuð við sömu mælieiningu,

b) laun fyrir tímavinnu skuli vera hin sömu fyrir sams konar starf.

3. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, samþykkja ráðstafanir sem tryggja beitingu meginreglunnar um jöfn tækifæri og jafna meðferð karla og kvenna að því er varðar atvinnu og störf, þ.m.t. meginreglunnar um jöfn laun fyrir jafngild eða jafnverðmæt störf.

4. Með það fyrir augum að tryggja í reynd fullt jafnrétti karla og kvenna í atvinnulífinu skal meginreglan um jafna meðferð ekki hindra aðildarríkin í því að viðhalda eða samþykkja ráðstafanir sem eru til hagsbóta því kyninu sem er í minnihluta til að auðvelda því að stunda tiltekið starf eða til að koma í veg fyrir eða bæta upp lakari möguleika á starfsframa.

*158. gr.*

(áður 142. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu leitast við að viðhalda núverandi jafngildi milli reglna um launað orlof.

*159. gr.*

(áður 143. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal ár hvert taka saman skýrslu um hvernig miðar að ná markmiðum 151. gr., þ.m.t. um lýðfræðilega þróun í Sambandinu. Hún skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og efnahags- og félagsmálanefndinni skýrsluna.

*160. gr.*

(áður 144. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal, með einföldum meirihluta og að höfðu samráði við Evrópuþingið, koma á fót nefnd um félagslega vernd sem hefur ráðgefandi hlutverk við að efla samstarf milli aðildarríkjanna og við framkvæmdastjórnina um stefnur á sviði félagslegrar verndar. Verkefni nefndarinnar skulu vera:

- að fylgjast með stöðu félagsmála og þróun stefna aðildarríkjanna og Sambandsins á sviði félagslegrar verndar,
- að miðla upplýsingum, reynslu og bestu starfsvenjum milli aðildarríkjanna og gagnvart framkvæmdastjórninni,
- með fyrirvara um 240. gr., að taka saman skýrslur, gefa út álit eða annast hver þau verkefni önnur sem varða valdsvið hennar, að beiðni ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði.

Nefndin skal koma á viðeigandi tengslum við aðila vinnumarkaðarins þegar hún sinnir þeim skyldustörfum sem í umboði hennar felast.



Hvert aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu tilnefna tvo fulltrúa í nefndina.

*161. gr.*

(áður 145. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar til Evrópuþingsins skal sérstakur kafli helgaður þróun félagslegra aðstæðna innan Sambandsins.

Evrópuþingið getur farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún semji skýrslur um hvers kyns vandamál í tengslum við félagslegar aðstæður.

XI. BÁLKUR

**FÉLAGSMÁLASJÓÐUR EVRÓPU**

*162. gr.*

(áður 146. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í því skyni að fjölga atvinnutækifærum launafólks á innri markaðnum og stuðla með þeim hætti að bættum lífskjörum er hér með komið á fót, í samræmi við eftirfarandi ákvæði, Félagsmálasjóði Evrópu; hann skal hafa það hlutverk að greiða launafólki aðgang að störfum og auka hreyfanleika þess á milli staða og starfa innan Sambandsins og auðvelda aðlögun þess að breytingum á iðnháttum og framleiðsluferfum, einkum með starfsmenntun og endurmenntun.

*163. gr.*

(áður 147. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin fer með stjórn sjóðsins.

Hún nýtur við það aðstoðar nefndar sem skipuð er fulltrúum ríkisstjórna, stéttarféлага og samtaka vinnuveitenda undir formennsku eins af framkvæmdastjórunum.

*164. gr.*

(áður 148. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja framkvæmdarreglugerðir er varða Félagsmálasjóð Evrópu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

## XII. BÁLKUR

## MENNTUN, STARFSMENNTUN, ÆSKULÝÐSMÁL OG ÍPRÓTTIR

165. gr.

(áður 149. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal stuðla að auknum gæðum menntunar með því að ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, með því að styðja og auka við aðgerðir þeirra, en virða jafnframt að fullu ábyrgð þeirra á kennsluefni og skipulagi menntakerfa, svo og fjölbreytileika menningar og tungumála í ríkjunum.

Sambandið skal stuðla að framgangi íprótta í Evrópu og taka jafnframt tillit til sérstaks eðlis íprótta og þess að þær byggjast á sjálfbodaliðastarfi og gegna félagslegu og menntandi hlutverki.

2. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því að:

- þróa Evrópuþáttinn í menntastarfi, einkum með því að kenna og útbreiða tungumál aðildarríkjanna,
- ýta undir hreyfanleika nemenda og kennara, t.d. með því að stuðla að viðurkenningu háskóla á prófskírteinum og námstíma,
- stuðla að samvinnu milli menntastofnana,
- efla miðlun upplýsinga og reynslu varðandi málefni sem eru sameiginleg menntakerfum aðildarríkjanna,
- hvetja til ungmennaskipta og skipta á leiðbeinendum ungmenna í félagsleikni og hvetja ungt fólk til þátttöku í lýðræðislegu starfi í Evrópu,
- stuðla að þróun fjarnáms,
- þróa Evrópuþáttinn í ípróttastarfi með því að stuðla að því að sanngirni og heiðarleiki séu höfð að leiðarljósi í ípróttakeppnum og að samvinnu þeirra aðila sem bera ábyrgð á ípróttastarfi, svo og með því að standa vörð um líkamlega og siðferðilega friðhelgi ípróttafólks, einkum í yngsta aldurshópnum.

3. Sambandið og aðildarríkin skulu ýta undir samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir sem láta sig menntun og ípróttastarf varða, einkum Evrópuráðið.

4. Til að stuðla að því að markmið þessarar greinar náist:

- skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja hvetjandi ráðstafanir, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna,

— skal ráðið samþykkja tilmæli að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

### 166. gr.

(áður 150. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal hrinda í framkvæmd stefnu um starfsmenntun í því skyni að styðja og auka við aðgerðir aðildarríkjanna, en virða jafnframt að fullu ábyrgð aðildarríkjanna á kennsluefni og skipulagi starfsmenntunar.

2. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því að:

— auðvelda aðlögun að breytingum á iðnháttum, einkum með starfsmenntun og endurmenntun,

— bæta starfsmenntun á grunn- og framhaldsstigi til þess að auðvelda faglega aðlögun og enduraðlögun að vinnumarkaðnum,

— greiða fyrir aðgangi að starfsmenntun og stuðla að hreyfanleika kennara og nema, einkum ungs fólks,

— örva samstarf um starfsmenntun milli stofnana og fyrirtækja sem annast menntun og þjálfun,

— efla miðlun upplýsinga og reynslu varðandi þau málefni sem eru sameiginleg starfsmenntakerfum aðildarríkjanna.

3. Sambandið og aðildarríkin skulu ýta undir samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir sem láta sig starfsmenntun varða.

4. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, samþykkja ráðstafanir sem stuðla að markmiðum þessarar greinar, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna, og skal ráðið samþykkja tilmæli að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

## XIII. BÁLKUR

### MENNINGARMÁL

### 167. gr.

(áður 151. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal stuðla að því að menning aðildarríkjanna blómstri, jafnframt því að virða margbreytileika hennar eftir löndum og svæðum og halda á lofti sameiginlegri menningararfleifð.

2. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því að ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna og, ef nauðsyn krefur, styðja og auka við aðgerðir þeirra að því er varðar að:

- auka þekkingu á menningu og sögu þjóða Evrópu og efla miðlun hennar,
- varðveita og vernda mikilvæga menningararfleifð Evrópu,
- styrkja menningarsamskipti utan viðskiptahagsmuna,
- styðja sköpun á sviði bókmennta og lista, þar á meðal í hljóð- og myndmiðlum.

3. Sambandið og aðildarríkin skulu ýta undir samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir sem láta sig menningarmál varða, einkum Evrópuráðið.

4. Sambandið skal taka tillit til menningarlegra þátta í aðgerðum sínum samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálanna, einkum með það í huga að virða og efla menningarlega fjölbreytni í Sambandinu.

5. Til að stuðla að því að markmið þessarar greinar náist:

- skulu Evrópuþingið og ráðið samþykkja hvetjandi ráðstafanir, í samræmi við almenna lagasetningar meðferð og að höfðu samráði við svæðanefndina, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna,
- skal ráðið samþykkja tilmæli að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

## XIV. BÁLKUR

### LÝÐHEILSA

#### *168. gr.*

(áður 152. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Tryggja skal að heilsa manna njóti öflugrar verndar við mótun og framkvæmd allra stefna og aðgerða Sambandsins.

Aðgerðir Sambandsins, sem skulu koma til fyllingar stefnum aðildarríkjanna, skulu miða að því að bæta lýðheilsu, koma í veg fyrir líkamlega og geðræna vanheilsu og sjúkdóma og þá þætti sem eru skaðlegir líkamlegri heilsu og geðheilbrigði. Slíkar aðgerðir skulu einnig taka til baráttunnar gegn helstu heilbrigðisvandamálum með því að stuðla að rannsóknum á orsökum þeirra og smitleiðum og hvernig koma má í veg fyrir þau, til upplýsinga og menntunar á sviði heilbrigðismála og til vöktunar á alvarlegum heilsufarsógnum sem ná yfir landamæri, viðvörunar í tæka tíð og baráttu gegn þeim.

Sambandið skal ráðast í aðgerðir til fyllingar aðgerðum aðildarríkjanna til að draga úr heilsutapi vegna ávana- og fíknilyfja, þ.m.t. upplýsingar og forvarnir.

2. Sambandið skal ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna á sviðum sem um getur í þessari grein og, ef nauðsyn krefur, styðja aðgerðir þeirra. Það skal einkum ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna um betri samstillingu heilbrigðisþjónustu þeirra á svæðum sem ná yfir landamæri.

Aðildarríkin skulu, í samráði við framkvæmdastjórnina, samræma sín á milli stefnur sínar og áætlanir á sviðunum sem um getur í 1. mgr. Framkvæmdastjórninni er heimilt, í nánú samstarfi við aðildarríkin, að eiga hvers konar viðeigandi frumkvæði að því að stuðla að slíkri samræmingu, einkum á grundvelli framtaksverkefna sem miða að því að koma upp viðmiðunarreglum og vísam, skipuleggja miðlun bestu starfsvenja og leggja grunninn að nauðsynlegum þáttum reglubundins eftirlits og mats. Evrópuþingið skal að fullu upplýst um þetta.

3. Sambandið og aðildarríkin skulu ýta undir samstarf við þriðju lönd og alþjóðastofnanir sem láta sig lýðheilsu varða.

4. Í því skyni að takast á við sameiginleg viðfangsefni er varða öryggi skulu Evrópuþingið og ráðið, þrátt fyrir 5. mgr. 2. gr. og a-lið 6. gr. og í samræmi við k-lið 2. mgr. 4. gr., stuðla að markmiðunum sem um getur í þessari grein með því að samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina:

- a) ráðstafanir þar sem settar eru fram strangar kröfur um gæði og öryggi líffæra og efna úr mönnum, blóðs og afleiðna úr blóði; þessar ráðstafanir skulu ekki koma í veg fyrir að aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari verndarráðstafanir,
- b) ráðstafanir er varða heilbrigði dýra og dýraafurða og plöntuheilbrigði með það yfirlýsta markmið að vernda lýðheilsu,
- c) ráðstafanir þar sem settar eru fram strangar kröfur um gæði og öryggi lyfja og lækningatækja.

5. Evrópuþinginu og ráðinu er einnig heimilt að samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, hvetjandi ráðstafanir sem miða að því að vernda og bæta heilsu manna og einkum að berjast gegn helstu heilbrigðisvandamálum sem ná yfir landamæri, ráðstafanir til vöktunar á alvarlegum heilsufarsógunum sem ná yfir landamæri, viðvörunar í tæka tíð og baráttu gegn þeim, og ráðstafanir sem hafa það yfirlýsta markmið að vernda lýðheilsu með tilliti til tóbaks og misnotkunar áfengis, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

6. Ráðinu er heimilt, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að samþykkja tilmæli í þeim tilgangi sem lýst er í þessari grein.

7. Sambandið skal í aðgerðum sínum virða ábyrgð aðildarríkjanna á því að móta eigin stefnu í heilbrigðismálum og skipuleggja og veita heilbrigðisþjónustu og læknishjálp. Ábyrgð

aðildarríkjanna skal taka til stjórnunar á sviði heilbrigðisþjónustu og læknishjálpar og ráðstöfunar fjármagns til þeirrar þjónustu. Ráðstafanirnar, sem um getur í a-lið 4. mgr., skulu ekki hafa áhrif á ákvæði landslaga um líffæra- og blóðgjafir eða notkun líffæra og blóðs í læknisfræðilegum tilgangi.

## XV. BÁLKUR

### NEYTENDAVERND

#### *169. gr.*

(áður 153. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Til þess að stuðla að hagsmunum neytenda og tryggja öfluga neytendavernd skal Sambandið leggja sitt af mörkum til verndunar heilsu, öryggis og fjárhagslegra hagsmuna neytenda, auk þess að efla rétt þeirra til upplýsingar, menntunar og til að bindast samtökum í þeim tilgangi að standa vörð um hagsmuni sína.
2. Sambandið skal leggja sitt af mörkum til að markmiðin, sem um getur í 1. mgr., náist með samþykkt:
  - a) ráðstafana skv. 114. gr. í tengslum við tilkomu innri markaðarins,
  - b) ráðstafana sem styðja, koma til viðbótar og eru til eftirlits þeirri stefnu sem aðildarríkin fylgja.
3. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja ráðstafanirnar sem um getur í b-lið 2. mgr. í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina.
4. Ráðstafanir, sem eru samþykktar skv. 3. mgr., skulu ekki koma í veg fyrir að einstök aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari verndarráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu vera samrýmanlegar sáttmálunum. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þær.

## XVI. BÁLKUR

### SAMEVRÓPSK NET

#### *170. gr.*

(áður 154. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Í því skyni að vinna að markmiðunum, sem um getur í 26. og 174. gr., og til að gera borgurum Sambandsins, atvinnurekendum og svæðisbundnum og staðbundnum samfélögum kleift að njóta til fulls ávinnings af stofnun svæðis án innri landamæra, skal Sambandið stuðla að uppbyggingu og þróun grunnvirkja fyrir samevrópsk flutninga-, fjarskipta- og orkunet.

2. Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því, innan ramma opinna samkeppnismarkaða, að ýta undir samtengingu og rekstrarsamhæfi neta aðildarríkjanna, svo og aðgang að slíkum netum. Þær skulu einkum taka mið af nauðsyn þess að tengja eyjar, landlukt svæði og jaðarsvæði við miðlæg landsvæði Sambandsins.

*171. gr.*

(áður 155. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal, í því skyni að ná markmiðunum sem um getur í 170. gr.:
  - taka saman viðmiðunarreglur um markmið, forgangsatriði og meginlínur þeirra ráðstafana sem fyrirhugaðar eru á sviði samevrópskra neta; í viðmiðunarreglunum skal tilgreina verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum,
  - koma til framkvæmda hverjum þeim ráðstöfunum sem kunna að reynast nauðsynlegar til að tryggja rekstrarsamhæfi neta, einkum á sviði tæknilegrar stöðlunar,
  - hafa heimild til að styðja verkefni sem þjóna sameiginlegum hagsmunum, njóta stuðnings aðildarríkjanna og eru tilgreind í viðmiðunarreglunum sem um getur í fyrsta undirlið, einkum með hagkvæmniathugunum, lánatryggingum eða vaxtaniðurgreiðslum; Sambandinu er einnig heimilt að stuðla að fjármögnun tiltekinna verkefna í aðildarríkjunum á sviði samgönguvirkja fyrir tilstuðlan Samheldnisjóðsins sem komið er á fót skv. 177. gr.

Sambandið skal taka mið af því í starfsemi sinni hvort líklegt sé að verkefnin séu arðbær.

2. Aðildarríkin skulu, í samráði við framkvæmdastjórnina, samræma sín á milli stefnurnar sem þau fylgja hvert um sig og kunna að hafa umtalsverð áhrif á það hvort unnt er að ná markmiðunum sem um getur í 170. gr. Framkvæmdastjórnin getur, í náinni samvinnu við aðildarríkin, tekið viðeigandi frumkvæði að því að stuðla að slíkri samræmingu.

3. Sambandið getur ákveðið að starfa með þriðju löndum að því að stuðla að verkefnum sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og að tryggja rekstrarsamhæfi neta.

*172. gr.*

(áður 156. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja viðmiðunarreglur og aðrar ráðstafanir, sem um getur í 1. mgr. 171. gr., í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Viðmiðunarreglur og verkefni, sem þjóna sameiginlegum hagsmunum og varða yferráðasvæði tiltekins aðildarríkis, eru háð samþykki hlutaðeigandi aðildarríkis.

## XVII. BÁLKUR

## IÐNAÐUR

173. gr.

(áður 157. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið og aðildarríkin skulu sjá til þess að fyrir hendi séu nauðsynleg skilyrði til að iðnaður í Sambandinu sé samkeppnishæfur.

Aðgerðir þeirra í þessu skyni skulu, í samræmi við kerfi opinna samkeppnismarkaða, miða að því að:

- flýta fyrir aðlögun iðnaðar að breyttum atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum,
- stuðla að hagstæðu umhverfi fyrir frumkvöðlaverkefni og þróun fyrirtækja alls staðar í Sambandinu, einkum lítilla og meðalstórra fyrirtækja,
- stuðla að hagstæðu umhverfi fyrir samstarf milli fyrirtækja,
- gera kleift að auka nýtingu iðnframleiðslumöguleika sem leiðir af stefnum á sviði nýsköpunar, rannsókna og tækniþróunar.

2. Aðildarríkin skulu hafa samráð hvert við annað, í samvinnu við framkvæmdastjórnina, og samræma aðgerðir sínar ef nauðsyn krefur. Framkvæmdastjórnin getur haft viðeigandi frumkvæði að því að stuðla að slíkri samræmingu, einkum að því er varðar framtakaverkefni sem miða að því að koma upp viðmiðunarreglum og vísun, skipuleggja miðlun bestu starfsvenja og leggja grunninn að nauðsynlegum þáttum reglubundins eftirlits og mats. Evrópuþingið skal að fullu upplýst um þetta.

3. Sambandið skal stuðla að því að unnt sé að ná markmiðum 1. mgr. með stefnum sínum og starfsemi samkvæmt öðrum ákvæðum sáttmálanna. Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að ákveða, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, sértækar ráðstafanir til stuðnings aðgerðum aðildarríkjanna til að ná markmiðum 1. mgr., þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

Sambandið getur ekki notað þennan bálk sem grundvöll ráðstafana sem gætu leitt til samkeppnisröskunar eða innihalda skattaákvæði eða ákvæði er varða réttindi og hagsmunamál launafólks.



## XVIII. BÁLKUR

**EFNAHAGSLEG SAMHELDNI, FÉLAGSLEG SAMHELDNI OG SAMHELDNI MILLI SVÆÐA***174. gr.*

(áður 158. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið skal móta aðgerðir er miða að því að efla efnahagslega samheldni, félagslega samheldni og samheldni milli svæða og fylgja þeim eftir til að stuðla að samstilltri þróun Sambandsins sem heildar.

Sambandið skal einkum leitast við að draga úr mun á þróunarstigi hinna ýmsu svæða og bæta stöðu þeirra sem verst eru sett.

Af þessum svæðum skal athygli einkum beint að dreifbýlissvæðum, svæðum sem líða fyrir breytingar á iðnháttum og svæðum sem standa höllum fæti vegna náttúrufarslegra eða lýðfræðilegra þátta sem leiða til alvarlegra og varanlegra annmarka, s.s. afar strjálbýlum svæðum nyrst í álfunni, svo og eysvæðum, landamærasvæðum og fjallendum svæðum.

*175. gr.*

(áður 159. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu framfylgja efnahagsstefnum sínum og samræma þær sín á milli, einnig með það í huga að ná fram markmiðum 174. gr. Við mótun og framkvæmd stefna og aðgerða Sambandsins og framkvæmd innri markaðarins skal tekið tillit til markmiða 174. gr. og stuðlað að þeim. Sambandið skal einnig stuðla að þessum markmiðum með þeim aðgerðum sem framkvæmdar eru með tilstyrk uppbyggingarsjóðanna (þróunarsviðs Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar, Félagsmálasjóðs Evrópu og Byggðaðróunarsjóðs Evrópu), Fjárfestingarbanka Evrópu og annarra tiltækra fjármögnunarleiða.

Á þriggja ára fresti skal framkvæmdastjórnin leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið, ráðið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina um framþróun efnahagslegrar samheldni, félagslegrar samheldni og samheldni milli svæða og á hvern hátt hinar ýmsu leiðir, samkvæmt þessari grein, hafa stuðlað að henni. Viðeigandi tillögur skulu fylgja skýrslunni ef nauðsyn krefur.

Ef nauðsynlegt reynist að grípa til aðgerða utan sjóðanna er ráðinu heimilt, með fyrirvara um ráðstafanir sem ákveðnar eru innan ramma annarra stefna Sambandsins, að samþykkja slíkar aðgerðir í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

*176. gr.*

(áður 160. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Byggðaðróunarsjóði Evrópu er ætlað að vinna að því að ráða bót á helsta ójafnvægi milli svæða innan Sambandsins með þátttöku í þróun og endurskipulagningu atvinnu- og uppbyggingaskilyrða á svæðum sem dregist hafa aftur úr og með uppbyggingu nýrra atvinnuvega í iðnaðarhéruðum þar sem hnignunar gætir.

*177. gr.*

(áður 161. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um 178. gr. skulu Evrópuþingið og ráðið ákveða, með reglugerðum sem settar eru í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, verkefni, forgangsmarkmið og skipulag uppbyggingarsjóðanna, hugsanlega með þeim hætti að setja sjóðina undir einn hatt. Með sömu málsmeðferð skal setja almennar reglur um sjóðina og ákvæði sem eru nauðsynleg til að tryggja skilvirkni þeirra og samræmingu milli einstakra sjóða og við aðrar fjármögnunarleiðir sem fyrir hendi eru.

Samheldnisjóður, sem komið er á fót í samræmi við sömu málsmeðferð, skal leggja fjármagn til verkefna á sviði umhverfismála og grunnvirkja fyrir samevrópsk flutninganet.

*178. gr.*

(áður 162. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu setja framkvæmdarreglugerðir vegna Byggðaðróunarsjóðs Evrópu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Ákvæði 43. og 164. gr. gilda áfram, eftir því sem við á, að því er varðar þróunarsvið Þróunar- og ábyrgðarsjóðs evrópsks landbúnaðar og Félagsmálasjóð Evrópu.

**XIX. BÁLKUR****RANNSÓKNIR OG TÆKNIÞRÓUN OG GEIMURINN***179. gr.*

(áður 163. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal setja sér það markmið að styrkja undirstöður sínar á sviði vísinda og tækni með því að koma á evrópsku rannsóknasvæði þar sem vísindamenn, vísindaþekking og tækni geta farið eða flætt óhindrað um og stuðla að aukinni samkeppnishæfni þess, þ.m.t. í iðnaði, og ýta jafnframt undir þá rannsóknastarfsemi sem telst nauðsynleg samkvæmt öðrum köflum sáttmálanna.

2. Sambandið skal í þessu skyni veita fyrirtækjum alls staðar í Sambandinu, þ.m.t. litlum og meðalstórum fyrirtækjum, rannsóknarmiðstöðvum og háskólum, hvatningu í starfi þeirra að hágæðarannsóknnum og -tækniþróun; það skal styðja viðleitni þeirra til samstarfs, einkum með því að leggja áherslu á að vísindamenn geti átt samstarf yfir landamæri án hindrana, og gera fyrirtækjum kleift að hagnýta sér að fullu þá möguleika sem fylgja innri markaðinum, einkum með frjálsum aðgangi þeirra að opinberum útboðs- og verkkaupamarkaði, skilgreiningu sameiginlegra staðla og afnámi lagalegra og skattalegra hindrana.

3. Öll starfsemi Sambandsins, sem fram fer á grundvelli sáttmálanna á sviði rannsókna og tækniþróunar, þ.m.t. sýniverkefni, skulu ákveðin og þeim komið til framkvæmda í samræmi við ákvæði þessa bálks.

*180. gr.*

(áður 164. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Til að ná þessum markmiðum skal Sambandið sinna eftirfarandi starfsemi, sem kemur til fyllingar starfsemi í aðildarríkjunum:

- a) koma til framkvæmda áætlunum um rannsóknir, tækniþróun og sýniverkefni með því að stuðla að samvinnu við fyrirtæki, rannsóknarmiðstöðvar og háskóla, og á milli þeirra,
- b) stuðla að samstarfi við þriðju lönd og alþjóðastofnanir á sviði rannsókna, tækniþróunar og sýniverkefna í Sambandinu,
- c) miðla niðurstöðum rannsókna, tækniþróunar og sýniverkefna í Sambandinu og hagnýta þær,
- d) efla menntun og stuðla að hreyfanleika vísindamanna í Sambandinu.

*181. gr.*

(áður 165. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið og aðildarríkin skulu samræma starfsemi sína á sviði rannsókna og tækniþróunar til að tryggja gagnkvæmt samræmi milli stefna aðildarríkjanna og stefnu Sambandsins.

2. Framkvæmdastjórnin getur, í nánú samstarfi við aðildarríkið, haft viðeigandi frumkvæði að því að stuðla að samræmingunni sem um getur í 1. mgr., einkum að því er varðar framtaksverkefni sem miða að því að koma upp viðmiðunarreglum og vísum, skipuleggja miðlun bestu starfsvenja og leggja grunninn að nauðsynlegum þáttum reglubundins eftirlits og mats. Evrópuþingið skal að fullu upplýst um þetta.

*182. gr.*

(áður 166. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina, rammaáætlun til margra ára um alla starfsemi Sambandsins.

Í rammaáætluninni skal:

- setja fram þau markmið á sviði vísinda og tækni sem fyrirhugað er að ná með starfseminni sem kveðið er á um í 180. gr. og ákveða forgangsörð,

- lýsa meginatriðum slíkrar starfsemi,
  - ákveða hámark heildarfjárframlags Sambandsins til rammaáætlunarinnar og ítarlegar reglur um það, og sundurliða eftir einstökum greinum hinnar fyrirhuguðu starfsemi.
2. Rammaáætlunina skal aðlaga breyttum aðstæðum eða bæta við hana eftir því sem tilefni er til.
  3. Rammaáætluninni skal komið til framkvæmda með séráætlunum sem gerðar skulu innan hverrar greinar starfseminnar. Í hverri séráætlun skal kveðið nánar á um reglur um framkvæmd hennar, gildistíma og nauðsynlegt fjármagn. Samtala þeirra fjárhæða, sem teljast nauðsynlegar og fastsettar eru í séráætlunum, má ekki vera hærri en hámark heildarframlagsins sem kveðið er á um fyrir rammaáætlunina og einstakar greinar starfseminnar.
  4. Ráðið skal samþykkja séráætlanir í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina.
  5. Til viðbótar við fyrirhugaða starfsemi innan rammaáætlunar til margra ára skulu Evrópuþingið og ráðið ákveða nauðsynlegar ráðstafanir til að koma evrópska rannsóknarsvæðinu til framkvæmda, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina.

*183. gr.*

(áður 167. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Vegna framkvæmdar rammaáætlunar til margra ára skal Sambandið:

- setja reglur um þátttöku fyrirtækja, rannsóknarmiðstöðva og háskóla,
- setja reglur um miðlun rannsóknarniðurstaðna.

*184. gr.*

(áður 168. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Við framkvæmd rammaáætlunar til margra ára er heimilt að taka ákvarðanir um viðbótaráætlanir, sem aðeins sum aðildarríkjanna taka þátt í og leggja fé til, sbr. þó hugsanlegt framlag Sambandsins til þeirra.

Sambandið skal samþykkja reglur um viðbótaráætlanir, einkum að því er varðar miðlun þekkingar og aðgang annarra aðildarríkja.

*185. gr.*

(áður 169. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið getur, við framkvæmd rammaáætlunarinnar til margra ára, gert ráðstafanir, með samþykki hlutaðeigandi aðildarríkja, varðandi þátttöku í rannsóknar- og þróunaráætlunum sem nokkur aðildarríki vinna sameiginlega að, þ.m.t. þátttöku í því skipulagi sem komið er á til að vinna að verkefnum.

*186. gr.*

(áður 170. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið getur við framkvæmd rammaáætlunar til margra ára gert ráðstafanir vegna samstarfs um rannsóknir, tækniþróun og sýniverkefni við þriðju lönd eða alþjóðastofnanir.

Kveða má nánar á um tilhögun slíkrar samvinnu í samningum milli Sambandsins og hlutaðeigandi þriðju aðila.

*187. gr.*

(áður 171. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið getur sett á stofn sameiginleg fyrirtæki eða stofnanir af öðru tagi sem þörf er á til að koma áætlunum um rannsóknir, tækniþróun og sýniverkefni á vegum Sambandsins til framkvæmda á markvissan hátt.

*188. gr.*

(áður 172. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal samþykkja ákvæðin, sem um getur í 187. gr, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og efnahags- og félagsmálanefndina.

Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja ákvæðin, sem um getur í 183., 184. og 185. gr., í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina. Samþykkt viðbótaráætlana skal vera háð samþykki viðkomandi aðildarríkja.

*189. gr.*

1. Sambandið skal setja fram evrópska stefnu varðandi geimvísindaáætlanir til að stuðla að framförum á sviði vísinda og tækni, auka samkeppnishæfni iðnaðar og koma stefnum sínum í framkvæmd. Heimilt er, í þessu skyni, að stuðla að sameiginlegum framtaksverkefnum, styðja rannsóknir og tækniþróun og samræma aðgerðir sem eru nauðsynlegar vegna könnunar á geimnum og hagnýtingar hans.

2. Til að stuðla að markmiðunum sem um getur í 1. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákveða nauðsynlegar ráðstafanir, sem geta tekið á sig mynd evrópskrar geimferðaáætlunar, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.
3. Sambandið skal koma á viðeigandi samskiptum við Geimvísindastofnun Evrópu.
4. Þessi grein er með fyrirvara um önnur ákvæði þessa bálks.

*190. gr.*

(áður 173. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal senda Evrópuþinginu og ráðinu skýrslu í upphafi hvers árs. Í skýrslunni skulu koma fram upplýsingar um starfsemi á sviði rannsókna og tækniþróunar og miðlun niðurstaðna frá fyrra ári, ásamt vinnuáætlun fyrir yfirstandandi ár.

## XX. BÁLKUR

### UMHVERFISMÁL

*191. gr.*

(áður 174. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Stefna Sambandsins í umhverfismálum skal stuðla að því að eftirfarandi markmiðum verði náð:
  - að varðveita, vernda og bæta gæði umhverfisins,
  - að vernda heilsu manna,
  - að náttúruauðlindir séu nýttar af varúð og skynsemi,
  - að ráðstafanir séu gerðar á alþjóðavettvangi til að taka á svæðisbundnum eða alþjóðlegum umhverfisvanda, og einkum til að vinna gegn loftslagsbreytingum.
2. Stefna Sambandsins í umhverfismálum skal miða að viðtækri vernd að teknu tilliti til margbreytilegra aðstæðna á mismunandi svæðum í Sambandinu. Stefnan skal byggð á varúðarreglunni og meginreglum um forvarnir, að áhersla sé á úrbætur þar sem tjón á upptök sín, og að greiðsluskylda sé lögð á þann sem veldur mengun.

Í þessu tilliti skulu samræmingarráðstafanir vegna umhverfisverndarkrafna fela í sér, eftir því sem við á, verndarákvæði er heimilar aðildarríkjunum að gera bráðabirgðaráðstafanir af ástæðum er varða umhverfisvernd og eru ekki af efnahagslegum toga, að því tilskildu að reglum Sambandsins um eftirlit sé fylgt.

3. Við mótun stefnu sinnar í umhverfismálum skal Sambandið hafa hliðsjón af:

- fyrirbyggjandi vísinda- og tæknigögnum,
- umhverfisaðstæðum á mismunandi svæðum í Sambandinu,
- gagni því eða óhagræði sem leiða kann af aðgerðum eða aðgerðaleysi,
- efnahagslegri og félagslegri þróun Sambandsins í heild og jafnvægi í þróun á einstökum svæðum þess.

4. Sambandið og aðildarríkin skulu, hvert innan sinna valdheimilda, hafa samvinnu við þriðju lönd og víðeigandi alþjóðastofnanir. Kveða má á um tilhögun samvinnu Sambandsins í samningum milli Sambandsins og hlutaðeigandi þriðju aðila.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna til að ganga til viðræðna á vettvangi alþjóðlegra aðila og ganga frá alþjóðasamningum.

#### *192. gr.*

(áður 175. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu ákveða, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, til hvaða aðgerða Sambandið skuli grípa í því skyni að ná markmiðunum sem um getur í 191. gr.

2. Þrátt fyrir ákvarðanatökufærlið, sem kveðið er á um í 1. mgr., og með fyrirvara um 114. gr., skal ráðið, með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, samþykkja:

a) ákvæði sem varða einkum skattalega þætti,

b) ráðstafanir er lúta að:

- borgar- og byggðaskipulagi,

- notkunarstýringu vatnsauðlinda eða með beinum eða óbeinum hætti að framboði á slíkum auðlindum,

- landnýtingu, þó ekki meðhöndlun úrgangs,

c) ráðstafanir sem hafa umtalsverð áhrif á val aðildarríkis milli ólíkra orkugjafa og almenna tilhögun orkuafhendingar.

Ráðinu er heimilt, með einróma ákvörðun, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina, að láta almenna lagasetningarmeðferð gilda um málefnið sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja almennar aðgerðaáætlanir, þar sem fram koma forgangsmarkmiðin sem stefnt er að, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Samþykkja skal ráðstafanir, sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þessum áætlunum, samkvæmt skilmálum 1. eða 2. mgr., eftir því sem við á.

4. Fjármögnun og framkvæmd stefnu í umhverfismálum skal vera í höndum aðildarríkjanna, sbr. þó tilteknar ráðstafanir sem Sambandið samþykkir.

5. Leiði ráðstöfun, byggð á ákvæðum 1. mgr., til óeðlilegs kostnaðar fyrir yfirvöld í aðildarríki skal, með fyrirvara um meginregluna um að greiðsluskylda sé lögð á þann sem mengun veldur, mælt í henni fyrir um viðeigandi ráðstafanir á forni:

- tímabundinna undanþágna og/eða
- fjárstuðnings úr Samheldnisjóðnum sem komið er á fót skv. 177. gr.

*193. gr.*

(áður 176. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Verndarráðstafanir, sem samþykktar eru skv. 192. gr., skulu ekki koma í veg fyrir að einstök aðildarríki viðhaldi eða taki upp strangari verndarráðstafanir. Slíkar ráðstafanir skulu vera samrýmanlegar sáttmálunum. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um þær.

## XXI. BÁLKUR

### ORKUMÁL

*194. gr.*

1. Með tilliti til stofnunar og starfsemi innri markaðarins og með skírskotun til þarfarinnar á að varðveita og bæta umhverfið skal stefna Sambandsins í orkumálum miða að því, í anda samstöðu meðal aðildarríkjanna, að:

- a) tryggja starfsemi orkumarkaðarins,
- b) tryggja öryggi í orkuafhendingu í Sambandinu,
- c) auka orkunýtni og orkusparnað og stuðla að þróun nýrra og endurnýjanlegra orkugjafa og
- d) stuðla að samtengingu orkuneta.



2. Evrópuþingið og ráðið skulu, með fyrirvara um beitingu annarra ákvæða sáttmálanna, ákveða nauðsynlegar ráðstafanir til að ná markmiðum 1. mgr., í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð. Samþykkja skal slíkar ráðstafanir að höfðu samráði við efnahags- og félagsmálanefndina og svæðanefndina.

Slíkar ráðstafanir eru með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að ákvarða með hvaða skilyrðum orkulindir þess eru nýttar, hvaða orkugjafa það velur og almenna tilhögun orkuafhendingar, sbr. þó c-lið 2. mgr. 192. gr.

3. Þrátt fyrir 2. mgr. skal ráðið, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, ákveða einróma, og að höfðu samráði við Evrópuþingið, ráðstafanir sem um getur í henni þegar þær varða einkum skattalega þætti.

## XXII. BÁLKUR

### FERÐAÞJÓNUSTA

*195. gr.*

1. Sambandið skal ráðast í aðgerðir til fyllingar aðgerðum aðildarríkjanna á sviði ferðaþjónustu, einkum með því að stuðla að samkeppnishæfni fyrirtækja í þeirri grein í Sambandinu.

Í því tilliti skulu aðgerðir Sambandsins miða að því að:

- a) stuðla að því að komið verði á hagstæðu umhverfi fyrir uppbyggingu fyrirtækja í þessari atvinnugrein,
- b) ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna, einkum með miðlun góðra starfsvenja.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákveða sértækar ráðstafanir til fyllingar aðgerðum innan aðildarríkjanna sem miða að því að ná markmiðunum sem um getur í þessari grein, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

## XXIII. BÁLKUR

### ALMANNAVARNIR

*196. gr.*

1. Sambandið skal ýta undir samstarf milli aðildarríkjanna til að bæta skilvirkni þeirra kerfa sem eiga að hindra og veita vernd gegn náttúruhamförum og hamförum af mannavöldum.

Aðgerðir Sambandsins skulu miða að því að:

- a) styðja og koma til fyllingar aðgerðum aðildarríkjanna á vettvangi ríkis, svæða og sveitarfélaga að því er varðar forvarnir, undirbúning þeirra sem starfa að almannavörnum og viðbrögð við náttúruhamförum og hamförum af mannavöldum innan Sambandsins,
- b) stuðla að skjótvirkri og árangursríkri samvinnu almannavarnastofnana í aðildarríkjunum um verklega framkvæmd innan Sambandsins,
- c) stuðla að samræmi í alþjóðlegu starfi á sviði almannavarna.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákveða nauðsynlegar ráðstafanir til að vinna að markmiðunum sem um getur í 1. mgr., þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

## XXIV. BÁLKUR

### SAMVINNA Á SVIÐI STJÓRNSÝSLU

#### 197. gr.

1. Litið skal á skilvirka framkvæmd aðildarríkjanna á lögum Sambandsins, sem er nauðsynleg vegna eðlilegrar starfsemi Sambandsins, sem sameiginlegt hagsmunamál.

2. Sambandinu er heimilt að styðja viðleitni aðildarríkjanna til að bæta getu stjórnsýslunnar til að koma lögum Sambandsins til framkvæmda. Slík aðgerð getur til að mynda beinst að því að greiða fyrir upplýsingaskiptum og skiptum á opinberum starfsmönnum, svo og stuðningi við menntaáætlanir. Engu aðildarríki ber skylda til að færa sér í nyt slíkan stuðning. Evrópuþingið og ráðið skulu ákveða nauðsynlegar ráðstafanir í þessu skyni, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, þó ekki neins konar samræmingu á lögum og reglum aðildarríkjanna.

3. Þessi grein er með fyrirvara um skuldbindingar aðildarríkjanna um að koma lögum Sambandsins til framkvæmda svo og heimildir og skyldur framkvæmdastjórnarinnar. Hún er enn fremur með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna þar sem kveðið er á um samvinnu aðildarríkjanna og samvinnu aðildarríkjanna og Sambandsins á sviði stjórnsýslu.

## FJÓRÐI HLUTI

## TENGLAND OG YFIRRÁÐASVÆÐA HANDAN HAFSINS

## 198. gr.

(áður 182. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin samþykkja að þau lönd og yfirráðasvæði utan Evrópu, sem eru í sérstöku sambandi við Danmörku, Frakkland, Holland og Breska konungsríkið, hafi tengsl við Sambandið. Þessi lönd og yfirráðasvæði (hér á eftir kölluð „löndin og yfirráðasvæðin“) eru skráð í II. viðauka.

Tilgangurinn með slíkum tengslum er að efla efnahags- og félagsþróun landanna og yfirráðasvæðanna og koma á nánum efnahagstengslum milli þeirra og Sambandsins í heild.

Í samræmi við meginreglurnar, sem fram koma í inngangsorðum þessa sáttmála, er tengslum fyrst og fremst ætlað að þjóna hagsmunum íbúa landanna og yfirráðasvæðanna og efla velmegun þeirra og leiða þá þannig á braut þeirrar efnahags-, félags- og menningarþróunar sem þeir sækjast eftir.

## 199. gr.

(áður 183. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með tengslum er stefnt að eftirtöldum markmiðum:

1. Í viðskiptum sínum við löndin og yfirráðasvæðin skulu aðildarríkin veita þeim sömu kjör og gilda þeirra á milli samkvæmt sáttmálunum.
2. Í viðskiptum sínum við aðildarríki og hin löndin og yfirráðasvæðin skal hvert land eða yfirráðasvæði veita þeim sömu kjör og það veitir Evrópuríkinu sem það er í sérstöku sambandi við.
3. Aðildarríkin skulu leggja fram skerf til þeirra fjárfestinga sem þörf er á fyrir stigvaxandi uppbyggingu landanna og yfirráðasvæðanna.
4. Þegar um er að ræða fjárfestingar, sem Sambandið fjármagnar, er öllum einstaklingum og lögaðilum, sem hafa ríkisfang í aðildarríki eða einhverju landanna eða yfirráðasvæðanna, heimilt að taka þátt í útboðum um verk og aðdrætti með sömu kjörum.
5. Með fyrirvara um sérákvæði, sem mælt er fyrir um skv. 203. gr., skulu gilda í samskiptum aðildarríkjanna og landanna og yfirráðasvæðanna, án mismununar af nokkru tagi, þau ákvæði og sú málsmeðferð sem mælt er fyrir um í kaflanum um staðfesturétt að því er varðar rétt ríkisborgara þeirra og félaga eða fyrirtækja til að öðlast staðfestu.

*200. gr.*

(áður 184. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Í samræmi við bann við tollum milli aðildarríkja samkvæmt ákvæðum sáttmálanna er bannað að leggja tolla á innflutning til aðildarríkjanna á vörum sem eru upprunnar í löndunum og á yferráðasvæðunum.
2. Í samræmi við ákvæði 30. gr. er bannað að leggja tolla á vörur við innflutning frá aðildarríkjunum eða öðrum löndum og yferráðasvæðum til hvers þessara landa og yferráðasvæða.
3. Löndin og yferráðasvæðin geta þó lagt á þá tolla sem nauðsynlegir eru vegna uppbyggingar þeirra og iðnvæðingar eða fjáröflunartolla í þágu hins opinbera.

Tollar, sem um getur í undirgreininni hér að framan, mega ekki vera hærri en þeir tollar sem eru lagðir á vörur við innflutning frá því aðildarríki sem hvert land eða yferráðasvæði er í sérstöku sambandi við.

4. Ákvæði 2. mgr. gildir ekki um lönd og yferráðasvæði sem nota, vegna sérstakra alþjóðlegra skuldbindinga sinna, tollskrá sem ekki heimilar mismunandi tollmeðferð.
5. Ef lagðir eru á nýir tollar við innflutning til landanna eða yferráðasvæðanna eða gildandi tollum er breytt má það hvorki að lögum né í reynd leiða til beinnar eða óbeinnar mismununar gagnvart innflutningi frá hinum ýmsu aðildarríkjum.

*201. gr.*

(áður 185. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef tollur á vörur frá þriðja landi, sem fluttar eru inn til lands eða yferráðasvæðis, er á því stigi, eftir að ákvæðum 1. mgr. 200. gr. hefur verið beitt, að hætt er við að viðskipti beinist inn á lágtollasvæði aðildarríki til tjóns getur aðildarríkið beðið framkvæmdastjórnina um að leggja þær ráðstafanir til við hin aðildarríkin sem nauðsynlegar eru til úrbóta.

*202. gr.*

(áður 186. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Leiði ekki annað af ákvæðum um lýðheilsu, almannaoöryggi og allsherjarreglu skulu gerðir, sem eru samþykktar í samræmi við 203. gr., gilda um frjálsa för launafólks frá löndunum og yferráðasvæðunum innan aðildarríkjanna og frjálsa för launafólks frá aðildarríkjunum innan landanna og yferráðasvæðanna.

*203. gr.*

(áður 187. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal, með einróma ákvörðun og að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, mæla fyrir um ákvæði um ítarlegar reglur og málsmeðferð vegna tengsla landanna og yferráðasvæðanna við Sambandið á grundvelli fenginnar reynslu af tengslum landanna og yferráðasvæðanna við Sambandið og þeirra meginreglna sem settar eru fram í sáttmálunum. Samþykki ráðið viðkomandi ákvæði í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð skal það vera með einróma ákvörðun, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

*204. gr.*

(áður 188. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði 198.–203. gr. skulu gilda um Grænland, sbr. þó sértæk ákvæði um Grænland í bókuninni um sérstakt fyrirkomulag vegna Grænlands sem fylgir með sáttmálunum.

## FIMMTI HLUTI

**AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS**

## I. BÁLKUR

**ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS***205. gr.*

Framganga Sambandsins á alþjóðavettvangi, samkvæmt þessum hluta, skal samrýmast þeim meginreglum sem mælt er fyrir um í almennum ákvæðum 1. kafla V. bálks sáttmálans um Evrópusambandið, stuðla að markmiðunum sem þar koma fram og vera stýrt í samræmi við þau.

## II. BÁLKUR

**SAMEIGINLEG VIÐSKIPTASTEFNA***206. gr.*

(áður 131. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með myndun tollabandalags í samræmi við 28.–32. gr. skal Sambandið stuðla að, í þágu sameiginlegra hagsmuna, samstilltri þróun heimsviðskipta, afnámi í áföngum á höftum í alþjóðaviðskiptum og á beinni erlendri fjárfestingu og lækkun tolla ásamt því að draga úr öðrum hindrunum.

## 207. gr.

(áður 133. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sameiginlega viðskiptastefnan skal byggð á samræmdum meginreglum, einkum að því er varðar tollabreytingar, gerð tolla- og viðskiptasamninga um viðskipti með vörur og þjónustu og hugverkarétt í viðskiptum, beinar erlendar fjárfestingar, samræmdar ráðstafanir til að auka markaðsfrelsi, útflutningsstefnu og ráðstafanir til viðskiptaverndar, s.s. viðbrögð við undirboðum eða styrkjum. Framfylgja skal sameiginlegu viðskiptastefnunni innan ramma meginreglna og markmiða sem fylgt er í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, samþykkja ráðstafanir til skilgreiningar á ramma vegna framkvæmdar sameiginlegu viðskiptastefnunnar.

3. Ef ganga þarf til viðræðna og ganga frá samningum við eitt eða fleiri þriðju lönd eða alþjóðastofnanir gildir 218. gr., sbr. þó sérákvæði þessarar greinar.

Framkvæmdastjórnin skal beina tilmælum til ráðsins sem skal heimila henni að hefja nauðsynlegar viðræður. Það er á ábyrgð ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar að tryggja að þeir samningar, sem gerðir eru, samrýmist innri stefnum og reglum Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal stýra viðræðum í samráði við sérstaka nefnd sem ráðið skipar henni til aðstoðar í því efni og innan ramma þeirra tilskipana sem ráðið kann að beina til hennar. Framkvæmdastjórnin skal gera sérstöku nefndinni og Evrópuþinginu reglulega grein fyrir framgangi viðræðnanna.

4. Ráðið skal taka ákvarðanir með auknum meirihluta varðandi þær viðræður og þá samningagerð sem um getur í 3. mgr.

Að því er varðar samningaviðræður og samningagerð á sviði þjónustuviðskipta og hugverkaréttar í viðskiptum, svo og beinna erlendra fjárfestinga, skal ráðið taka einróma ákvörðun ef í slíkum samningum er að finna ákvæði um að innri reglur skuli samþykkja einróma.

Ráðið skal einnig taka ákvörðun einróma í tengslum við samningaviðræður og gerð samninga:

- a) á sviði þjónustuviðskipta er varða menningarstarfsemi og hljóð- og myndmiðlunarþjónustu ef slíkir samningar ógna fjölbreytileika menningar og tungumála í Sambandinu,
- b) á sviði þjónustuviðskipta er varða félagsþjónustu, fræðslustarfsemi og heilbrigðisþjónustu ef slíkir samningar ógna skipulagi aðildarríkjanna á slíkri þjónustu og grafa undan ábyrgð aðildarríkjanna á því að veita slíka þjónustu.

5. Samningaviðræður og gerð alþjóðasamninga á sviði flutningastarfsemi skulu vera með fyrirvara um VI. bálk þriðja hluta og 218. gr.

6. Beiting þeirra valdheimilda, sem veittar eru með þessari grein á sviði sameiginlegu viðskiptastefnunnar, skal ekki hafa áhrif á valdmörk milli Sambandsins og aðildarríkjanna og ekki leiða til samræmingar á ákvæðum laga og reglna aðildarríkjanna að því leyti sem sáttmálarnir útiloka slíka samræmingu.

### III. BÁLKUR

## SAMSTARF VIÐ ÞRIÐJU LÖND OG MANNÚÐARAÐSTOÐ

### 1. KAFLI

#### ÞRÓUNARSAMVINNA

#### 208. gr.

(áður 177. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Stefnu Sambandsins á sviði þróunarsamvinnu skal framfylgt innan ramma meginreglna og markmiða sem fylgt er í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Stefna Sambandsins á sviði þróunarsamvinnu og stefnur aðildarríkjanna skulu styðja hver aðra og koma hver annarri til fyllingar.

Meginmarkmið stefnu Sambandsins á sviði þróunarsamvinnu skal vera að draga úr fátækt og útrýma henni til langs tíma litið. Sambandið skal taka tillit til markmiða þróunarsamvinnu við framkvæmd þeirra stefna sinna sem líklegar eru til að hafa áhrif á þróunarlönd.

2. Sambandið og aðildarríkin skulu uppfylla þær skuldbindingar og hafa hliðsjón af þeim markmiðum sem þau hafa samþykkt á vettvangi Sameinuðu þjóðanna og annarra viðeigandi alþjóðastofnana.

#### 209. gr.

(áður 179. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar stefnu á sviði þróunarsamvinnu í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, og geta slíkar ráðstafanir varðað samstarfsáætlanir til margra ára við þróunarlönd eða áætlanir sem byggjast á þemanálgun.

2. Sambandinu er heimilt að gera hvers konar samninga við þriðju lönd og viðeigandi alþjóðastofnanir sem stuðla að markmiðunum sem um getur í 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 208. gr. þessa sáttmála.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna til að ganga til viðræðna á vettvangi alþjóðlegra aðila og ganga frá samningum.

3. Fjárfestingarbanki Evrópu skal stuðla að framkvæmd þeirra ráðstafana sem um getur í 1. mgr. samkvæmt þeim skilmálum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykkt hans.

*210. gr.*

(áður 180. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið og aðildarríkin skulu samræma stefnur sínar um þróunarsamvinnu og hafa samráð um þróunarverkefni, þ.m.t. innan alþjóðastofnana og á alþjóðlegum ráðstefnum, til að stuðla að því að aðgerðir þeirra komi hver annarri til fyllingar og séu skilvirkar. Þeim er heimilt að grípa til sameiginlegrar aðgerðar. Aðildarríkin skulu, ef nauðsyn krefur, leggja sitt af mörkum við framkvæmd aðstoðaráætlana Sambandsins.
2. Framkvæmdastjórnin getur haft viðeigandi frumkvæði að því að stuðla að samræmingunni sem um getur í 1. mgr.

*211. gr.*

(áður 181. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið og aðildarríkin skulu, hvert innan sinna valdheimilda, hafa samvinnu við þriðju lönd og viðeigandi alþjóðastofnanir.

## 2. KAFLI

## EFNAHAGSLEGT, FJÁRHAGSLEGT OG TÆKNILEGT SAMSTARF VIÐ ÞRIÐJU LÖND

*212. gr.*

(áður 181. gr. a stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal, með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna, einkum 208.–211. gr., eiga samstarf við þriðju lönd, önnur en þróunarlönd, í efnahagslegu, fjárhagslegu og tæknilegu tilliti, m.a. með aðstoð, einkum fjárhagsaðstoð. Slíkt samstarf skal samrýmast stefnu Sambandsins í þróunarmálum og skal fara fram innan ramma meginreglna og markmiða sem fylgt er í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Aðgerðir Sambandsins og aðgerðir aðildarríkjanna skulu styðja hver aðra og koma hver annarri til fyllingar.
2. Evrópuþingið og ráðið skulu samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir vegna framkvæmdar 1. mgr. í samræmi við almenna lagasetningarmedferð.
3. Sambandið og aðildarríkin skulu, hvert innan sinna valdheimilda, hafa samvinnu við þriðju lönd og viðeigandi alþjóðastofnanir. Kveða má á um tilhögun samvinnu Sambandsins í samningum milli Sambandsins og hlutaðeigandi þriðju aðila.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna til að ganga til viðræðna á vettvangi alþjóðlegra aðila og ganga frá alþjóðasamningum.



## 213. gr.

Þegar ástand í þriðja landi krefst tafarlausrar fjárhagsaðstoðar frá Sambandinu skal ráðið samþykkja nauðsynlegar ákvarðanir að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

## 3. KAFLI

## MANNÚÐARAÐSTOÐ

## 214. gr.

1. Aðgerðir Sambandsins á sviði mannúðaraðstoðar skulu vera innan ramma meginreglna og markmiða sem fylgt er í aðgerðum Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess. Slíkar aðgerðir skulu miða að því að veita fólki í þriðju löndum, sem er fórnarlömb náttúruhamfara eða hamfara af mannavöldum, aðstoð, hjálp og vernd, í sérstökum tilvikum, til að mæta þörf fyrir mannúðaraðstoð vegna þessara aðstæðna. Ráðstafanir Sambandsins og ráðstafanir aðildarríkjanna skulu styðja hver aðra og koma hver annarri til fyllingar.

2. Aðgerðir vegna mannúðaraðstoðar skulu vera í samræmi við meginreglur þjóðaréttar og meginreglurnar um óhlutdrægni, hlutleysi og bann við mismunun.

3. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, ákveða ráðstafanir til skilgreiningar á ramma um framkvæmd aðgerða Sambandsins á sviði mannúðaraðstoðar.

4. Sambandinu er heimilt að gera hvers konar samninga við þriðju lönd og viðeigandi alþjóðastofnanir sem stuðla að markmiðunum, sem um getur í 1. mgr. og í 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Fyrsta undirgrein er með fyrirvara um heimildir aðildarríkjanna til að ganga til viðræðna á vettvangi alþjóðalegra aðila og ganga frá samningum.

5. Komið skal á fót hjálparsveit evrópskra sjálfboðaliða í þeim tilgangi að skapa vettvang fyrir sameiginlegt framlag ungs fólks í Evrópu til mannúðaraðstoðar á vegum Sambandsins. Evrópuþingið og ráðið skulu ákvarða reglur og verklagsreglur fyrir starfsemi hjálparsveitarinnar með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð.

6. Framkvæmdastjórninni er heimilt að taka viðeigandi frumkvæði að samræmingu aðgerða Sambandsins og aðgerða aðildarríkjanna í því skyni að auka árangur af ráðstöfunum Sambandsins og aðildarríkjanna á sviði mannúðaraðstoðar og til þess að þær komi hver annarri enn frekar til fyllingar.

7. Sambandið skal tryggja að aðgerðir þess í þágu mannúðaraðstoðar séu samhæfðar og samræmdar aðgerðum alþjóðlegra stofnana og samtaka, einkum þeirra sem tilheyra Sameinuðu þjóðunum.

## IV. BÁLKUR

## TAKMARKANDI RÁÐSTAFANIR

## 215. gr.

(áður 301. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef kveðið er á um það í ákvörðun, sem er samþykkt í samræmi við 2. kafla V. bóls sáttmálans um Evrópusambandið, að stöðva skuli eða draga úr efnahagslegum og fjárhagslegum samskiptum við eitt þriðja land eða fleiri, að hluta til eða að öllu leyti, skal ráðið samþykkja nauðsynlegar ráðstafanir með auknum meirihluta, að fenginni sameiginlegri tillögu æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórnarinnar. Ráðið skal upplýsa Evrópuþingið um þetta.
2. Ef kveðið er á um það í ákvörðun, sem er samþykkt í samræmi við 2. kafla V. bóls sáttmálans um Evrópusambandið, er ráðinu heimilt að samþykkja takmarkandi ráðstafanir, samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 1. mgr., gagnvart einstaklingum eða lögaðilum og hópum eða aðilum öðrum en ríkjum.
3. Í gerðunum, sem um getur í þessari grein, skulu einnig vera nauðsynleg ákvæði um lagalega réttarvernd.

## V. BÁLKUR

## ALPJÓÐASAMNINGAR

## 216. gr.

1. Sambandinu er heimilt að gera samning við eitt eða fleiri þriðju lönd eða alþjóðastofnanir ef kveðið er á um það í sáttmálunum eða ef gerð samnings er nauðsynleg til að ná, innan ramma stefna Sambandsins, einhverju því markmiði sem um getur í sáttmálunum, eða ef slíkt er heimilað í lagalega bindandi gerð Sambandsins eða er líklegt til að hafa áhrif á sameiginlegar reglur eða breyta gildissviði þeirra.
2. Samningar, sem Sambandið gerir, eru bindandi fyrir stofnanir þess og aðildarríki.

## 217. gr.

(áður 310. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandinu er heimilt að gera samstarfssamninga við eitt eða fleiri þriðju lönd eða alþjóðastofnanir sem fela í sér gagnkvæm réttindi og skyldur, sameiginlegar aðgerðir og sérstaka málsmeðferð.

## 218. gr.

(áður 300. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Með fyrirvara um sértæk ákvæði, sem mælt er fyrir um í 207. gr., skulu samningaviðræður og gerð samninga milli Sambandsins og þriðju landa eða alþjóðastofnana fara fram í samræmi við eftirfarandi málsmeðferð.

2. Ráðið skal heimila að samningaviðræður verði teknar upp, samþykkja tilskipanir um samningaviðræður, heimila undirritun samninga og ganga frá þeim.
3. Framkvæmdastjórnin, eða æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum ef fyrirhugaður samningur varðar einungis eða einkum sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum, skal beina tilmælum til ráðsins sem skal samþykkja ákvörðun þar sem heimilað er að samningaviðræður verði teknar upp og samningamaður Sambandsins eða formaður samningahóps þess tilnefndur, eftir því hvert efni fyrirhugaðs samnings er.
4. Ráðið getur beint tilskipunum til samningamannsins og tilnefnt sérstaka nefnd sem hafa verður samráð við meðan á samningaviðræðum stendur.
5. Ráðið skal, að tillögu samningamannsins, samþykkja ákvörðun sem heimilar undirritun samningsins og, ef nauðsyn krefur, beitingu hans til bráðabirgða áður en til gildistöku kemur.
6. Ráðið skal, að tillögu samningamannsins, samþykkja ákvörðun um að gengið skuli frá samningi.

Að frátöldum þeim tilvikum þegar samningur varðar einungis sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum skal ráðið samþykkja ákvörðun um að gengið skuli frá samningi:

- a) að fengnu samþykki Evrópuþingsins þegar um er að ræða:
  - i. samstarfssamninga,
  - ii. samning um aðild Sambandsins að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis,
  - iii. samninga þar sem komið á fót sérstökum stofnanaramma með setningu reglna um samstarf,
  - iv. samninga sem hafa umtalsverð áhrif á fjárlög Sambandsins,
  - v. samninga sem taka til sviða sem falla annaðhvort undir almenna lagasetningarmeðferð eða sérstaka lagasetningarmeðferð, þegar samþykkis Evrópuþingsins er krafist.

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, þegar þörf er aðkallandi, að koma sér saman um frest til að ganga frá samþykki,
- b) að höfðu samráði við Evrópuþingið í öðrum tilvikum. Evrópuþingið skal skila álit sínu innan tiltekins frests sem ráðinu er heimilt að ákvarða eftir því hversu aðkallandi málið er. Ráðinu er heimilt að taka ákvörðun ef álit berst ekki áður en fresturinn er liðinn.

7. Þegar gengið er frá samningi getur ráðið, þrátt fyrir 5., 6. og 9. mgr., heimilað samningamanninum að samþykkja breytingar á samningnum fyrir hönd Sambandsins ef í samningnum er kveðið á um að þær skuli samþykktar með einfaldaðri málsmeðferð eða af hálfu aðila sem komið er á fót með samningnum. Ráðið getur skilyrt slíka heimild.

8. Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta á öllum stigum málsmeðferðar.

Það skal engu að síður taka einróma ákvörðun ef samningurinn varðar svið þar sem samþykkja þarf gerð Sambandsins einróma, svo og ef um er að ræða samstarfssamninga og samninga af því tagi, sem um getur í 212. gr., við ríki sem hafa sótt um aðild. Ráðið skal einnig taka einróma ákvörðun um samning um aðild Sambandsins að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis; ákvörðun um gerð slíks samnings skal öðlast gildi þegar aðildarríkin hafa samþykkt hann í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

9. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, samþykkja ákvörðun um að fresta beitingu samnings og um hvaða afstöðu Sambandið skuli taka á vettvangi aðila sem komið er á fót með samningi þegar þeim aðila er falið að setja gerðir sem hafa réttaráhrif, að frátöldum þeim gerðum sem fela í sér viðbætur eða breytingar á stofnanaramma samningsins.

10. Upplýsa skal Evrópuþingið tafarlaust og að fullu á öllum stigum málsmeðferðar.

11. Aðildarríki, Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni er heimilt að leita álits Dómstólsins á því hvort fyrirhugaður samningur samrýmist sáttmálunum. Sé álit Dómstólsins neikvætt getur fyrirhugaður samningur ekki öðlast gildi nema með breytingum eða með endurskoðun sáttmálanna.

### 219. gr.

(áður 1.–3. og 5. mgr. 111. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ráðinu er heimilt, þrátt fyrir 218. gr., að fengnum tilmælum frá annaðhvort Seðlabanka Evrópu eða framkvæmdastjórninni og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, að gera formlega samninga um gengisskráningarkerfi fyrir evruna gagnvart gjaldmiðlum þriðju landa, í þeirri viðleitni að ná samstöðu í samræmi við markmiðið um stöðugleika verðlags. Ráðið skal taka ákvörðun einróma, að höfðu samráði við Evrópuþingið og í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 3. mgr.

Ráðinu er heimilt, að fengnum tilmælum frá annaðhvort Seðlabanka Evrópu eða framkvæmdastjórninni og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu, að koma upp, breyta eða falla frá miðgengi evrunnar í gengisskráningarkerfinu, í þeirri viðleitni að ná samstöðu í samræmi við markmiðið um stöðugleika verðlags. Forseti ráðsins skal upplýsa Evrópuþingið um upptöku, breytingu eða niðurfellingu á miðgenginu.

2. Ef engu gengisskráningarkerfi af því tagi, sem um getur í 1. mgr., er til að dreifa fyrir einn eða fleiri gjaldmiðla þriðju landa er ráðinu heimilt, annaðhvort að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu eða að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu, að marka almenn stefnumið í gengisskráningarmálum gagnvart þessum gjaldmiðlum. Þessi almennu stefnumið skulu vera með fyrirvara um það grundvallarmarkmið Seðlabanka Evrópu að standa vörð um stöðugleika verðlags.

3. Þegar hefja þarf viðræður um gerð samninga um stjórn peninga- og gjaldeyrismála milli Sambandsins og eins eða fleiri þriðju ríkja eða alþjóðastofnana skal ráðið, þrátt fyrir 218. gr., ákveða fyrirkomulag slíkra viðræðna og samninga, að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu. Fyrirkomulagið skal tryggja að Sambandið tjái eina afstöðu. Framkvæmdastjórnin skal vera fullgildur aðili að samningaviðræðunum.

4. Aðildarríkjunum er heimilt, með fyrirvara um valdheimildir Sambandsins og samninga þess að því er varðar efnahags- og myntbandalag, að ganga til viðræðna á vettvangi alþjóðlegra aðila og ganga frá alþjóðasamningum.

## VI. BÁLKUR

### SAMSKIPTI SAMBANDSINS VIÐ ALÞJÓÐASTOFNANIR OG ÞRIÐJU LÖND OG SENDINEFNDIR SAMBANDSINS

*220. gr.*

(áður 302.-304. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið skal efna til allrar þeirrar samvinnu sem við á við stofnanir Sameinuðu þjóðanna og sérstofnanir þeirra, Evrópuráðið, Öryggis- og samvinnustofnun Evrópu (ÖSE) og Efnahags- og framfarastofnunina (OECD).

Sambandið skal einnig halda uppi viðeigandi samskiptum við aðrar alþjóðastofnanir.

2. Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórnin skulu hrinda þessari grein í framkvæmd.

*221. gr.*

1. Sendinefndir Sambandsins í þriðju löndum og hjá alþjóðastofnunum skulu koma fram fyrir hönd Sambandsins.

2. Sendinefndir Sambandsins skulu starfa undir stjórn æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum. Þær skulu hafa náið samstarf við sendi- og ræðisskrifstofur aðildarríkjanna.

## VII. BÁLKUR

## SAMSTÖÐUÁKVÆÐI

## 222. gr.

1. Sambandið og aðildarríki þess skulu taka höndum saman, í anda samstöðu, ef aðildarríki verður fyrir hryðjuverkaárás eða náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum. Sambandið skal nýta öll þau úrræði sem það hefur yfir að ráða, þar með talið hernaðarleg úrræði sem aðildarríki hafa látið því í té, til að:

- a) — koma í veg fyrir hryðjuverkaógn á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,
  - vernda lýðræðislegar stofnanir og óbreytta borgara fyrir hryðjuverkaárásum,
  - aðstoða aðildarríki á yfirráðasvæði þess, að beiðni stjórnvalda þess, ef til hryðjuverkaárásar kemur,
- b) aðstoða aðildarríki á yfirráðasvæði þess, að beiðni stjórnvalda þess, ef um náttúruhamfarir eða hamfarir af mannavöldum er að ræða.

2. Ef aðildarríki verður fyrir hryðjuverkaárás eða náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum skulu hin aðildarríkin aðstoða það að beiðni stjórnvalda þess. Í því skyni skulu aðildarríkin hafa samráð á vettvangi ráðsins.

3. Kveðið skal nánar á um framkvæmd Sambandsins á samstöðuákvæðinu í ákvörðun sem ráðið samþykkir að sameiginlegri tillögu framkvæmdastjórnarinnar og æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum. Tengist ákvörðunin varnarstarfi skal ráðið taka hana í samræmi við 1. mgr. 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Evrópuþingið skal upplýst um það.

Ráðið skal, að því er þessa málsgrein varðar og með fyrirvara um 240. gr., njóta aðstoðar stjórn mála- og öryggisnefndarinnar með stuðningi af skipulaginu, sem komið var á í tengslum við sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum, og nefndarinnar sem um getur í 71. gr; nefndirnar tvær skulu gefa út sameiginleg álit ef þörf er á.

4. Leiðtogaráðið skal meta reglulega þær hættur, sem steðja að Sambandinu, til þess að gera Sambandinu og aðildarríkjum þess kleift að grípa til árangursríkra aðgerða.

## SJÖTTI HLUTI

## STOFNANAÁKVÆÐI OG FJÁRHAGSÁKVÆÐI

## I. BÁLKUR

## STOFNANAÁKVÆÐI

## 1. KAFLI

## STOFNANIRNAR

## 1. ÞÁTTUR

## EVRÓPUÞINGIÐ

## 223. gr.

(áður 4. og 5. mgr. 190. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið skal semja tillögu þar sem mælt er fyrir um nauðsynleg ákvæði varðandi kjör þingmanna þess með beinum almennum kosningum er fari fram með sama hætti í öllum aðildarríkjunum eða í samræmi við meginreglur sem eru sameiginlegar öllum aðildarríkjunum.

Ráðið skal mæla fyrir um nauðsynleg ákvæði með einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að fengnu samþykki Evrópuþingsins, en það skal taka ákvörðun með stuðningi meirihluta allra þingmanna. Ákvæðin öðlast gildi þegar aðildarríkin hafa samþykkt þau í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

2. Evrópuþingið skal mæla fyrir um reglur og almenn skilyrði varðandi skyldur þingmanna með setningu reglugerða, að eigin frumkvæði, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, eftir að hafa leitað álits framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki ráðsins. Hvers kyns reglur og skilmála, sem varða skattlagningu þingmanna eða fyrrverandi þingmanna, skal samþykkja einróma í ráðinu.

## 224. gr.

(áður önnur undirgrein 191. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja reglugerðir með reglum um stjórn málaflokka á Evrópuvettvangi, sem um getur í 4. mgr. 10. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, einkum reglur um fjármögnun þeirra.

## 225. gr.

(áður önnur undirgrein 192. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið getur, með stuðningi meirihluta allra þingmanna, farið fram á að framkvæmdastjórnin leggi fram hvers konar viðeigandi tillögu um málefni þar sem það telur að gerð Sambandsins þurfi til framkvæmdar sáttmálunum. Leggi framkvæmdastjórnin ekki fram tillögu skal hún greina Evrópuþinginu frá ástæðum þess.

## 226. gr.

(áður 193. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþinginu er heimilt í tengslum við störf sín, að beiðni fjórðungs allra þingmanna, að koma á fót rannsóknarnefnd sem starfar tímabundið að rannsókn meintra brota eða óvandaðra stjórnsýsluhátta við framkvæmd laga Sambandsins, með fyrirvara um þær valdheimildir sem öðrum stofnunum eða aðilum eru veittar í sáttmálunum, nema meint málsatvik séu til skoðunar fyrir dómstólum og málarekstur standi enn yfir.

Rannsóknarnefndin skal lögð niður þegar hún hefur lagt fram skýrslu sína.

Evrópuþingið skal setja ítarleg ákvæði um beitingu rannsóknarheimildarinnar í reglugerðum sem það setur að eigin frumkvæði í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að fengnu samþykki ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar.

## 227. gr.

(áður 194. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sérhverjum borgara Sambandsins og sérhverjum einstaklingi eða lögaðila, sem hefur búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, skal heimilt að leggja beiðni fyrir Evrópuþingið, annaðhvort einn eða með öðrum borgurum eða aðilum, varðandi málefni sem fellur undir athafnasvið Sambandsins og hefur bein áhrif á hann sjálfan.

## 228. gr.

(áður 195. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið kýs umboðsmann Evrópusambandsins og skal hann hafa umboð til að taka við kvörtunum frá borgurum Sambandsins eða einstaklingum eða lögaðilum, sem hafa búsetu eða skráða skrifstofu í aðildarríki, vegna óvandaðra stjórnsýsluhátta stofnana, aðila, skrifstofa eða sérstofnana Sambandsins, með þeirri undantekningu að ekki er hægt að leggja fram kvörtun vegna meðferðar Dómstóls Evrópusambandsins á dómsvaldi sínu. Hann skal taka slíkar kvartanir til meðferðar og skila skýrslu vegna þeirra.

Umboðsmaðurinn skal, í samræmi við starfsskyldur sínar, gera athuganir ef hann telur ástæðu til, annaðhvort að eigin frumkvæði eða í framhaldi af kvörtun sem beint er til hans milliliðalaust eða með milligöngu þingmanns Evrópuþingsins, nema hin meintu málsatvik séu eða hafi verið til meðferðar hjá dómstólum.



Komist umboðsmaður að þeirri niðurstöðu að um óvandaða stjórnsluhætti hafi verið að ræða skal hann vísa málinu til viðeigandi stofnunar, aðila, skrifstofu eða sérstofnunar sem hefur þrjá mánuði til að greina honum frá sjónarmiðum sínum. Umboðsmaðurinn skal síðan senda Evrópuþinginu og viðkomandi stofnun, aðila, skrifstofu eða sérstofnun álit sitt. Aðilanum, sem bar fram kvörtunina, skal tilkynnt um niðurstöður slíkra athugana.

Umboðsmaðurinn skal leggja skýrslu um niðurstöður athugana sinna fyrir Evrópuþingið ár hvert.

2. Umboðsmaðurinn skal kjörinn að afloknum hverjum kosningum til Evrópuþingsins og skal sitja út kjörtímabil þess. Endurskipa má umboðsmanninn.

Dómstóllinn getur vikið umboðsmanninum úr starfi að beiðni Evrópuþingsins ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna skyldustörfum sínum eða hefur gerst sekur um alvarlegt misferli.

3. Umboðsmaðurinn skal vera algjörlega óháður öðrum í störfum sínum. Hann skal við skyldustörf sín hvorki leita eftir né taka við fyrirætlum frá nokkurri ríkisstjórn, stofnun, aðila eða skrifstofu. Umboðsmaðurinn má ekki hafa annað starf með höndum á skipunartíma sínum, hvort sem það er launað starf eða ekki.

4. Evrópuþingið skal mæla fyrir um reglur og almenn skilyrði varðandi skyldur umboðsmannsins, með setningu reglugerða að eigin frumkvæði í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, eftir að hafa leitað álits framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki ráðsins.

#### 229. gr.

(áður 196. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið skal koma saman til árlegs þinghalds. Það skal koma saman annan þriðjudag í mars án þess að sérstaklega sé til þess boðað.

Evrópuþingið getur komið saman til aukáþinghalds að ósk meirihluta allra þingmanna eða að ósk ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar.

#### 230. gr.

(áður önnur, þriðja og fjórða málsgrein 197. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin á rétt á að senda fulltrúa sína til setu á öllum fundum og fá þar áheyrn ef þeir svo óska.

Framkvæmdastjórnin skal svara munnlega eða skriflega spurningum sem Evrópuþingið eða þingmenn þess leggja fyrir hana.

Leiðtogaráðið og ráðið eiga rétt á áheyrn hjá Evrópuþinginu með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglum leiðtogaráðsins og ráðsins.

*231. gr.*

(áður 198. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef ekki er kveðið á um annað í sáttmálunum skal Evrópuþingið taka ákvarðanir með meirihluta greiddra atkvæða.

Í starfsreglunum skal tilgreint hve margir skuli sækja fund til að hann teljist ákvörðunarþær.

*232. gr.*

(áður 199. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið skal setja sér starfsreglur sem skulu samþykktar með meirihluta atkvæða þingmanna.

Umræður á Evrópuþinginu skulu birtar með þeim hætti sem kveðið er á um í sáttmálunum og í starfsreglum þess.

*233. gr.*

(áður 200. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Umræður á Evrópuþinginu um almenna ársskýrslu framkvæmdastjórnarinnar skulu fara fram í heyranda hljóði.

*234. gr.*

(áður 201. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef lögð er fram á Evrópuþinginu tillaga um vantraust vegna starfa framkvæmdastjórnarinnar skal það ekki greiða atkvæði um tillöguna fyrr en að minnsta kosti þrjú dagar eru liðnir og þá aðeins með opinni atkvæðagreiðslu.

Ef meirihluti allra þingmanna Evrópuþingsins samþykkir vantrauststillögu með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða skal framkvæmdastjórnin segja af sér sem heild og æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal segja af sér því starfi sem hann gegnir innan framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnarnir skulu sinna daglegum störfum áfram uns eftirmenn þeirra hafa verið skipaðir í samræmi við 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í tilvikum sem þessum skal skipunartími framkvæmdastjórnanna, sem skipaðir eru í stað þeirra, renna út á þeim degi sem skipunartími framkvæmdastjórnarinnar, sem gert var að segja af sér í heild sinni, hefði runnið út.

*2. ÞÁTTUR***LEIÐTOGARÁÐIÐ***235. gr.*

1. Í atkvæðagreiðslum getur hver sá sem á sæti í leiðtogaráðinu aðeins farið með atkvæði eins annars af þeim sem eiga þar sæti.

Ákvæði 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. þessa sáttmála gilda um leiðtogaráðið þegar það tekur ákvörðun með auknum meirihluta. Þegar leiðtogaráðið greiðir atkvæði um ákvörðun skulu forseti þess og forseti framkvæmdastjórnarinnar ekki taka þátt í atkvæðagreiðslunni.

Hjáseta þeirra, sem viðstaddir eru atkvæðagreiðslu eða hafa veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sitt, hindrar ekki samþykkt leiðtogaráðsins á ákvörðunum þar sem einróma samþykki er áskilið.

2. Heimilt er að bjóða forseta Evrópuþingsins áheyrn hjá leiðtogaráðinu.
3. Leiðtogaráðið skal taka ákvarðanir um málefni er lúta að málsmeðferð og samþykkt starfsreglna sinna með einföldum meirihluta
4. Leiðtogaráðið skal njóta aðstoðar aðalskrifstofu ráðsins.

*236. gr.*

Leiðtogaráðið skal samþykkja með auknum meirihluta:

- a) ákvörðun um gerð skrár yfir samsetningar ráðsins, aðrar en almenna ráðið og utanríkismálaráðið, í samræmi við 6. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,
- b) ákvörðun um formennsku í samsetningum ráðsins, öðrum en utanríkismálaráði, í samræmi við 9. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

### 3. ÞÁTTUR

#### RÁÐIÐ

*237. gr.*

(áður 204. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal koma saman samkvæmt fundarboði forseta ráðsins, sem sendir það út að eigin frumkvæði eða að ósk einhvers þess sem á sæti í því eða framkvæmdastjórnarinnar.

*238. gr.*

(áður 1. og 2. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Þar sem krafist er einfalds meirihluta skal ráðið taka ákvarðanir með meirihluta allra sem þar eiga sæti.
2. Ef ráðið tekur ekki ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal, þrátt fyrir 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skilgreina aukinn

meirihluta sem a.m.k. 72% þeirra sem sæti eiga í ráðinu, enda skipi meirihlutann fulltrúar aðildarríkja með íbúafjölda sem er a.m.k. 65% af íbúafjölda Sambandsins; gildir þetta frá 1. nóvember 2014 og með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í bókuninni um umbreytingarákvæði.

3. Frá 1. nóvember 2014 og með fyrirvara um ákvæðin sem mælt er fyrir um í bókuninni um umbreytingarákvæði skal skilgreina aukinn meirihluta með eftirfarandi hætti þegar þeir sem eiga sæti í ráðinu taka ekki allir þátt í atkvæðagreiðslu samkvæmt sáttmálunum:

a) Aukinn meirihluti skal skilgreindur sem a.m.k. 55% þeirra sem sæti eiga í ráðinu fyrir hönd aðildarríkja sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, enda skipi meirihlutann fulltrúar a.m.k. 65% af íbúafjölda þessara ríkja.

Til þess að minnihluti geti stöðvað framgang máls verður að skipa hann a.m.k. minnsti fjöldi þeirra sem eiga sæti í ráðinu og eru fulltrúar yfir 35% af íbúafjölda í aðildarríkjum sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, að viðbættum einum fulltrúa, en að öðrum kosti telst aukinn meirihluti hafa náðst.

b) Ef ráðið tekur ekki ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal, þrátt fyrir a-lið, skilgreina aukinn meirihluta sem a.m.k. 72% fulltrúa aðildarríkja sem taka þátt í atkvæðagreiðslunni, enda skipi meirihlutann fulltrúar a.m.k. 65% af íbúafjölda þessara ríkja.

4. Hjáseta þeirra, sem viðstaddir eru atkvæðagreiðslu eða hafa veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sitt, hindrar ekki samþykkt ráðsins á ákvörðunum þar sem einróma samþykki er áskilið.

#### 239. gr.

(áður 206. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í atkvæðagreiðslum getur hver sá sem á sæti í ráðinu aðeins farið með atkvæði eins annars af þeim sem eiga þar sæti.

#### 240. gr.

(áður 207. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Nefnd, sem skipuð skal fastafulltrúum ríkisstjórna aðildarríkjanna, skal falið að undirbúa störf ráðsins og vinna þau verkefni sem það felur henni. Nefndin getur samþykkt ákvarðanir sem varða málsmeðferð í þeim tilvikum sem kveðið er á um í starfsreglum ráðsins.

2. Ráðið skal njóta aðstoðar aðalskrifstofu undir forystu aðalframkvæmdastjóra sem skipaður er af ráðinu.

Ráðið skal ákveða skipulag aðalskrifstofunnar með einföldum meirihluta.

3. Ráðið skal taka ákvarðanir um málefni er lúta að málsmeðferð og samþykkt starfsreglna sinna með einföldum meirihluta.

*241. gr.*

(áður 208. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið getur, með einföldum meirihluta, farið þess á leit við framkvæmdastjórnina að hún annist hvers konar rannsóknir sem ráðið telur æskilegar til að ná hinum sameiginlegu markmiðum og leggi fyrir það viðeigandi tillögur. Leggi framkvæmdastjórnin ekki fram tillögu skal hún upplýsa ráðið um ástæður þess.

*242. gr.*

(áður 209. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal, með einföldum meirihluta og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina, setja reglur um störf þeirra nefnda sem kveðið er á um í sáttmálunum.

*243. gr.*

(áður 210. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal ákveða laun, greiðslur og lífeyri forseta leiðtogaráðsins, forseta framkvæmdastjórnarinnar, æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, framkvæmdastjórnanna, forseta, dómara og dómrítara Dómstóls Evrópusambandsins og aðalframkvæmdastjóra ráðsins. Það skal einnig ákveða hvers kyns greiðslur sem koma í stað þóknana.

*4. ÞÁTTUR*

## FRAMKVÆMDASTJÓRNIN

*244. gr.*

Í samræmi við 5. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skulu framkvæmdastjórnarnir valdir samkvæmt skiptikerfi sem komið er á með einróma ákvörðun leiðtogaráðsins á grundvelli eftirfarandi meginreglna:

- a) algjors jafnræðis skal gætt milli aðildarríkjanna varðandi það í hvaða röð og hversu lengi ríkisborgarar þeirra sitja sem framkvæmdastjórar; munurinn á heildarfjölda skipunartímabila ríkisborgara hvaða tveggja aðildarríkja sem er má því aldrei vera meiri en eitt,
- b) með fyrirvara um a-lið skal hver ný framkvæmdastjórn skipuð með þeim hætti að hún endurspegli með fullnægjandi hætti lýðfræðilega og landfræðilega stöðu allra aðildarríkjanna.

## 245. gr.

(áður 213. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnir skulu ekki gera neitt það sem ósamrýmanlegt er starfsskyldum þeirra. Aðildarríkin skulu virða sjálfstæði þeirra og mega ekki reyna að hafa áhrif á þá þegar þeir sinna verkefnum sínum.

Framkvæmdastjórnir mega ekki hafa annað starf með höndum á skipunartíma sínum, hvort sem það er launað starf eða ekki. Er þeir taka til starfa skulu þeir vinna heit að því að virða þær skyldur sem stöðu þeirra fylgja, bæði á skipunartímanum og eftir að honum er lokið, sérstaklega skulu þeir gæta ráðvæðni og þagmælsku ef þegin eru tiltekin störf eða hlunnindi að starfstímanum loknum. Séu skyldur þessar ekki virtar getur Dómstóllinn, að beiðni ráðsins, sem tekur þá ákvörðun með einföldum meirihluta, eða framkvæmdastjórnarinnar, eftir atvikum, vikið hlutaðeigandi framkvæmdastjóra úr stöðu sinni í samræmi við 247. gr. eða svipt hann rétti til lífeyris eða annarra samsvarandi hlunninda.

## 246. gr.

(áður 215. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef frá eru talin venjuleg mannskipti eða dauðsföll skal skyldustörfum framkvæmdastjóra ljúka þegar hann segir af sér eða honum er vikið frá störfum.

Þegar staða losnar vegna afsagnar, brottvikningar eða andláts skal ráðið, með samhljóða samkomulagi við forseta framkvæmdastjórnarinnar, að höfðu samráði við Evrópuþingið og í samræmi við viðmiðanirnar sem koma fram í annarri undirgrein 3. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skipa í hana nýjan framkvæmdastjóra af sama þjóðerni til loka skipunartíma þess sem lét af störfum.

Ráðið getur ákveðið einróma, að tillögu forseta framkvæmdastjórnarinnar, að ekki þurfi að skipa í slíka lausa stöðu, einkum þegar stutt er til loka skipunartíma framkvæmdastjórans.

Komi til afsagnar, brottvikningar eða andláts forsetans skal skipa annan í stöðu hans til loka skipunartíma hans. Beita skal málsmeðferðinni, sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 7. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þegar annar er skipaður í stað forsetans.

Komi til afsagnar, brottvikningar eða andláts æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal skipa annan í stöðu hans til loka skipunartíma hans, í samræmi við 1. mgr. 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Ef allir framkvæmdastjórnir segja af sér skulu þeir sitja áfram í embætti og sinna daglegum störfum þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað til loka skipunartíma þeirra í samræmi við 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

*247. gr.*

(áður 216. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóllinn getur, að beiðni ráðsins, sem tekur þá ákvörðun með einföldum meirihluta, eða framkvæmdastjórnarinnar, vikið framkvæmdastjóra frá störfum sem ekki fullnægir lengur skilyrðum til að gegna skyldustörfum sínum eða hefur gerst sekur um alvarlegt misferli.

*248. gr.*

(áður 2. mgr. 217. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um 4. mgr. 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal forseti framkvæmdastjórnarinnar skipuleggja þau verkefni sem hún hefur með höndum og úthluta þeim til framkvæmdastjóranna í samræmi við 6. mgr. 17. gr. þess sáttmála. Forsetinn getur endurúthlutað þessum verkefnum á skipunartíma framkvæmdastjórnarinnar. Framkvæmdastjórnarnir skulu inna af hendi þau skyldustörf, sem forsetinn felur þeim, undir hans stjórn.

*249. gr.*

(áður 2. mgr. 218. gr. og 212. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Framkvæmdastjórnin skal setja sér starfsreglur sem tryggja að hún og deildir hennar geti starfað. Hún skal sjá til þess að starfsreglurnar séu birtar opinberlega.
2. Framkvæmdastjórnin skal gefa út ár hvert almenna skýrslu um starfsemi Sambandsins, eigi síðar en mánuði áður en Evrópuþingið er sett.

*250. gr.*

(áður 219. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal taka ákvarðanir með meirihluta atkvæða framkvæmdastjóranna.

Í starfsreglum hennar skal tilgreint hve margir skuli sækja fund til að hann teljist ákvörðunarbær.

*5. ÞÁTTUR***DÓMSTÓLL EVRÓPUSAMBANDSINS***251. gr.*

(áður 221. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóllinn skal starfa í deildum eða yfirdeild í samræmi við reglur þar að lútandi í stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins.

Dómstóllinn getur einnig starfað fullskipaður í þeim tilvikum sem kveðið er á um í stofnsamþykktinni.

## 252. gr.

(áður 222. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóllinn skal njóta aðstoðar átta lögsögumanna. Fari Dómstóllinn fram á það er ráðinu, með einróma ákvörðun, heimilt að fjölga lögsögumönnum.

Lögsögumaður skal af fyllstu óhlutdrægni og sjálfstæði leggja fram, í opnu þinghaldi, rökstuddar tillögur í málum sem honum ber að koma að samkvæmt stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins.

## 253. gr.

(áður 223. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómara og lögsögumenn Dómstólsins skal velja úr hópi þeirra sem eru óvefengjanlega öðrum óháðir og uppfylla skilyrði til að skipa æðstu dómaraembætti í heimalöndum sínum eða lögmanna sem teljast afar hæfir; þeir skulu skipaðir með samhljóða samkomulagi ríkisstjórna aðildarríkjanna til sex ára í senn, að höfðu samráði við dómnefndina sem kveðið er á um í 255. gr.

Skipa skal að nýju í hluta embætta dómara og lögsögumanna á þriggja ára fresti í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins.

Dómarar skulu kjósa forseta Dómstólsins úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Hann má endurkjósa.

Endurskipa má dómara og lögsögumenn sem láta eiga af störfum.

Dómstóllinn skal skipa sér dómritara og setja reglur um störf hans.

Dómstóllinn skal setja sér starfsreglur. Reglurnar verða að hljóta samþykki ráðsins.

## 254. gr.

(áður 224. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Fjöldi dómara við Almenna dómstólinn skal ákveðinn í stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins. Kveða má á um það í stofnsamþykktinni að Almenni dómstóllinn njóti aðstoðar lögsögumanna.

Dómara Almenna dómstólsins skal velja úr röðum þeirra sem óvefengjanlega eru öðrum óháðir og teljast hæfir til að skipa æðri dómaraembætti. Þeir skulu skipaðir með samhljóða samkomulagi ríkisstjórna aðildarríkjanna til sex ára í senn að höfðu samráði við dómnefndina sem kveðið er á um í 255. gr. Skipta skal út hluta þeirra sem eiga sæti í dómstólnum á þriggja ára fresti. Heimilt er að endurskipa fráfarandi dómara.



Dómarar skulu kjósa forseta Almenna dómstólsins úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Hann má endurkjósa.

Almenni dómstóllinn skal skipa sér dómritara og setja reglur um störf hans.

Almenni dómstóllinn skal setja sér starfsreglur í samráði við Dómstólinn. Reglurnar verða að hljóta samþykki ráðsins.

Þau ákvæði sáttmálanna sem varða Dómstólinn skulu gilda um Almenna dómstólinn nema kveðið sé á um annað í stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins.

*255. gr.*

Áður en ríkisstjórnir aðildarríkjanna skipa dómara skv. 253. og 254. gr., skal dómnefnd komið á fót til að fjalla um hæfi umsækjenda til þess að gegna embætti dómara og lögsögumanns við Dómstólinn og Almenna dómstólinn.

Sjö nefndarmenn, kjörnir úr röðum fyrrverandi dómara við Dómstólinn og Almenna dómstólinn, dómara við æðstu dómstóla aðildarríkjanna og lögmanna sem teljast afar hæfir, skulu eiga sæti í dómnefndinni og skal Evrópuþingið tilnefna einn þeirra. Ráðið skal samþykkja ákvörðun um starfsreglur dómnefndarinnar svo og ákvörðun um skipun nefndarmanna. Hún tekur ákvarðanir að frumkvæði forseta Dómstólsins.

*256. gr.*

(áður 225. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Það fellur undir lögsögu Almenna dómstólsins að fara með og dæma í málum á fyrsta dómstigi sem um getur í 263., 265., 268., 270. og 272 gr., að undanskildum málum sem heyra undir sérdómstóla, sem komið er á fót skv. 257. gr., og málum sem heyra undir Dómstólinn samkvæmt stofnsamþykkt. Í stofnsamþykktinni má kveða á um að Almenni dómstóllinn fari með lögsögu í annars konar málum.

Skjóta má ákvörðunum Almenna dómstólsins, samkvæmt þessari málsgrein, til Dómstólsins, þó einungis um lagaatriði, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktinni.

2. Það fellur undir lögsögu Almenna dómstólsins að fara með og dæma í málum sem höfðuð eru vegna ákvarðana sérdómstólanna.

Dómstóllinn getur í sérstökum undantekningartilvikum endurskoðað ákvarðanir Almenna dómstólsins samkvæmt þessari málsgrein, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktinni, ef alvarleg hættu er á að þær hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins.

3. Það fellur undir lögsögu Almenna dómstólsins að fjalla um og taka ákvarðanir um álitamál sem borin eru upp til forúrskurðar skv. 267. gr. á sérstökum sviðum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktinni.

Þegar Almenni dómstóllinn telur að í málinu þurfi að taka ákvörðun um meginreglu sem líklegt er að hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins, getur hann vísað málinu til Dómstólsins.

Dómstóllinn getur í sérstökum undantekningartilvikum endurskoðað ákvarðanir Almenna dómstólsins um álitamál sem borin eru upp til forúrskurðar, með þeim skilyrðum og takmörkunum sem mælt er fyrir um í stofnsamþykktinni, ef alvarleg hættu er á að þær hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins.

### 257. gr.

(áður 225. gr. a stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið geta, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, komið á fót sérdómstólum sem starfa í tengslum við Almenna dómstólinn til að taka fyrir á fyrsta dómstigi tiltekna flokka mála sem höfðuð eru á sérstökum sviðum. Evrópuþingið og ráðið skulu taka ákvarðanir með setningu reglugerða, annaðhvort að tillögu framkvæmdastjórnarinnar að höfðu samráði við Dómstólinn eða að beiðni Dómstólsins að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

Í reglugerð um stofnun sérdómstóls skal mælt fyrir um skipulag dómstólsins og lögsögu sem honum er fengin.

Skjóta má ákvörðunum sérdómstóla til Almenna dómstólsins, þó einungis um lagaatriði eða, ef kveðið er á um það í reglugerðinni um stofnun sérdómstólsins, einnig um sönnunaratriði.

Dómara sérdómstólanna skal velja úr hópi þeirra sem óvefengjanlega eru öðrum óháðir og uppfylla skilyrði til að skipa dómaraembætti. Þeir skulu skipaðir með einróma ákvörðun ráðsins.

Sérdómstólarnir skulu setja sér starfsreglur í samráði við Dómstólinn. Reglurnar verða að hljóta samþykki ráðsins.

Þau ákvæði sáttmálanna sem varða Dómstól Evrópusambandsins og ákvæði stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins skulu gilda um sérdómstóla nema reglugerð um stofnun sérdómstólsins kveði á um annað. Ákvæði I. bálks stofnsamþykktarinnar og 64. gr. hennar skulu í öllu tilvikum gilda um sérdómstóla.

### 258. gr.

(áður 226. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Telji framkvæmdastjórnin að aðildarríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálunum skal hún skila rökstuddu álitinu þar að lútandi eftir að hlutaðeigandi ríki hefur verið gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir sínar.

Ef viðkomandi ríki hlítir ekki álitinu innan þess frests, sem framkvæmdastjórnin setur, getur hún farið með málið fyrir Dómstól Evrópusambandsins.

## 259. gr.

(áður 227. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríki, sem álitur að annað aðildarríki hafi ekki staðið við skuldbindingar sínar samkvæmt sáttmálunum, getur farið með málið fyrir Dómstól Evrópusambandsins.

Áður en aðildarríki höfðar mál gegn öðru aðildarríki vegna meintra brota á skuldbindingum samkvæmt sáttmálunum skal það fara með málið fyrir framkvæmdastjórnina.

Framkvæmdastjórnin skal skila rökstuddi álitu eftir að hvoru hlutaðeigandi ríki um sig hefur verið gefinn kostur á að skýra mál sitt og gera athugasemdir við málatilbúnað gagnaðilans, bæði munnlega og skriflega.

Það að framkvæmdastjórnin skili ekki álitu innan þriggja mánaða frá því er málið var lagt fyrir hana kemur ekki í veg fyrir að hægt sé að fara með málið fyrir Dómstólinn.

## 260. gr.

(áður 228. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Komist Dómstóll Evrópusambandsins að þeirri niðurstöðu að aðildarríki hafi ekki staðið við skuldbindingu samkvæmt sáttmálunum skal aðildarríkinu skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta dómi Dómstólsins.

2. Telji framkvæmdastjórnin að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki gert nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta dómi Dómstólsins getur hún farið með málið fyrir Dómstólinn eftir að hlutaðeigandi ríki hefur verið gefinn kostur á að leggja fram athugasemdir sínar. Hún skal tilgreina fjárhæð eingreiðslu eða févítis sem hún telur hæfilegt að hlutaðeigandi aðildarríki greiði miðað við aðstæður.

Ef Dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki farið að dómnum má hann leggja á það eingreiðslu eða févíti.

Þessi málsmeðferð er með fyrirvara um 259. gr.

3. Þegar framkvæmdastjórnin höfðar mál fyrir Dómstólnum skv. 258. gr. á grundvelli þess að hlutaðeigandi aðildarríki hafi ekki fullnægt þeirri skyldu sinni að tilkynna um ráðstafanir sínar til að taka upp í lög tilskipun sem samþykkt hefur verið samkvæmt lagasetningarmeðferð getur hún, þegar hún telur það viðeigandi, tilgreint fjárhæð eingreiðslu eða févítis sem hún telur hæfilegt að hlutaðeigandi aðildarríki greiði miðað við aðstæður.

Komist Dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að um brot hafi verið að ræða getur hann lagt á hlutaðeigandi aðildarríki eingreiðslu eða févíti allt að þeirri fjárhæð sem framkvæmdastjórnin tilgreinir. Greiðsluskyldan verður virk daginn sem tiltekinn er í dómi Dómstólsins.

## 261. gr.

(áður 229. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Reglugerðir, sem Evrópuþingið og ráðið samþykkja sameiginlega og ráðið samþykkir samkvæmt ákvæðum sáttmálanna, geta veitt Dómstól Evrópusambandsins ótakmarkaða lögsögu að því er varðar viðurlög sem kveðið er á um í slíkum reglugerðum.

## 262. gr.

(áður 229. gr. a stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna getur ráðið samþykkt einróma, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið, ákvæði sem veita Dómstóli Evrópusambandsins lögsögu í ágreiningsmálum um beitingu gerða sem samþykktar eru á grundvelli sáttmálanna og mynda evrópskan hugverkarétt, að því marki sem það ákveður. Ákvæðin öðlast gildi þegar aðildarríkin hafa samþykkt þau í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

## 263. gr.

(áður 230. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins skal sannreyna lögmæti lagagerða, gerða ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu, annarra en tilmæla og álita, og gerða Evrópuþingsins og leiðtogaráðsins sem ætlað er að hafa réttaráhrif gagnvart þriðju aðilum. Hann skal einnig sannreyna lögmæti gerða aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins sem ætlað er að hafa réttaráhrif gagnvart þriðju aðilum.

Í þessu skyni skal Dómstóllinn fara með lögsögu í málum sem aðildarríki, Evrópuþingið, ráðið eða framkvæmdastjórnin höfðar vegna vanhæfis, verulegra formgalla, brota gegn sáttmálunum eða réttarreglum er varða beitingu þeirra, eða valdniðslu.

Dómstóllinn skal með sömu skilyrðum fara með lögsögu í málum sem Endurskoðunarrétturinn, Seðlabanki Evrópu og svæðanefndin höfða í þeim tilgangi að verja heimildir sínar.

Sérhver einstaklingur eða lögaðili getur, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í fyrstu og annarri undirgrein, höfðað dómsmál vegna gerðar sem beint er til hans eða varðar beint sérstaka hagsmuni hans, og vegna stjórnsýslufyrirmæla sem varða hann beint og fela ekki í sér framkvæmdarráðstafanir.

Í gerðum, sem koma á fót aðilum, skrifstofum og sérstofnunum Sambandsins, má mæla fyrir um sérstök skilyrði og fyrirkomulag málsókna einstaklinga og lögaðila vegna gerða þessara aðila, skrifstofa og sérstofnana sem ætlað er að hafa réttaráhrif gagnvart þeim.

Mál samkvæmt þessari grein skal höfða innan tveggja mánaða frá því er ráðstöfunin var birt almenningi eða sóknaraðila eða, hafi ekki til þess komið, frá því er sóknaraðila barst vitneskja um hana.

264. gr.

(áður 231. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ef málsókn er á rökum reist lýsir Dómstóll Evrópusambandsins viðkomandi gerð ógilda.

Þó skal Dómstóllinn tilgreina, telji hann þess þörf, hvaða áhrif gerðin telst hafa áfram þrátt fyrir ógildinguna.

265. gr.

(áður 232. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Brjótí Evrópuþingið, leiðtogaáæðið, ráðið, framkvæmdastjórnin eða Seðlabanki Evrópu gegn sáttmálunum með athafnaleysi geta aðildarríkin og aðrar stofnanir Sambandsins höfðað mál fyrir Dómstóli Evrópusambandsins til staðfestingar á broti. Þessi grein gildir, með sömu skilyrðum, um athafnaleysi aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins.

Málshöfðun er því aðeins heimil að áður hafi verði skorað á hlutaðeigandi stofnun, aðila, skrifstofu eða sérstofnun að aðhafast. Hafi stofnunin, aðilinn, skrifstofan eða sérstofnunin ekki ákveðið afstöðu sína innan tveggja mánaða frá því að áskorunin var borin fram má höfða mál áður en liðnir eru aðrir tveir mánuðir.

Sérhver einstaklingur eða lögaðili getur farið með mál fyrir Dómstólinn, með þeim skilyrðum sem sett eru í undanfarandi málsgreinum, hafi stofnun, aðili, skrifstofa eða sérstofnun Sambandsins látið hjá líða að beina til aðilans gerð, að tilmælum og álitum undanskildum.

266. gr.

(áður 233. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hafi gerð stofnunar verið dæmd ógild eða athafnaleysi hennar lýst andstætt sáttmálunum er henni skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta dómi Dómstóls Evrópusambandsins.

Skylda þessi er með fyrirvara um skuldbindingu sem leiða kann af ákvæðum annarrar málsgreinar 340. gr.

## 267. gr.

(áður 234. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins skal fara með lögsögu til að kveða upp forúrskurði um:

- a) túlkun sáttmálanna,
- b) lögmæti og túlkun gerða stofnana, aðila, skrifstofa eða sérstofnana Sambandsins.

Komi slíkt álitafni upp fyrir dómi í aðildarríki, getur viðkomandi dómstóll óskað úrskurðar Dómstólsins um það ef talið er að slíkur úrskurður sé nauðsynlegur áður en dæmt er í því.

Komi slíkt álitafni upp í máli, sem bíður úrlausnar fyrir dómstóli í aðildarríki, og úrlausn hans sætir ekki málskoti samkvæmt landslögum skal fara með málið fyrir Dómstólinn.

Komi slíkt álitafni upp í máli, sem varðar gæslufanga og bíður úrlausnar fyrir dómstóli í aðildarríki, skal Dómstóll Evrópusambandsins taka ákvörðun svo fljótt sem verða má.

## 268. gr.

(áður 235. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins skal fara með lögsögu í skaðabótamálum samkvæmt annarri og þriðju málsgrein 340. gr.

## 269. gr.

Dómstóllinn skal einungis fara með lögsögu til að skera úr um lögmæti gerða sem leiðtogaráðið eða ráðið samþykkir skv. 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið að beiðni aðildarríkis, sem leiðtogaráðið eða ráðið hefur komist að niðurstöðu um að efni greinarinnar eigi við um, og þá einungis að því er varðar málsmeðferðarákvæði greinarinnar.

Leggja verður slíka beiðni fram innan mánaðar frá því að komist hefur verið að slíkri niðurstöðu. Dómstóllinn skal kveða upp dóm innan mánaðar frá dagsetningu beiðninnar.

## 270. gr.

(áður 236. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins skal fara með lögsögu í hverju því ágreiningsmáli sem upp kann að koma milli Sambandsins og starfsmanna þess, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglum embættismanna og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Sambandsins.

## 271. gr.

(áður 237. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins skal, með þeim takmörkunum sem greint er frá hér á eftir, fara með lögsögu í málum er varða:

- a) efndir aðildarríkjanna á skuldbindingum sínum samkvæmt stofnsamþykkt Fjárfestingarbanka Evrópu. Í þessu sambandi fer bankastjórnin með þær valdheimildir sem framkvæmdastjórninni eru veittar í 258. gr.,
- b) ákvarðanir bankaráðs Fjárfestingarbanka Evrópu. Í þessu sambandi getur sérhvert aðildarríki, framkvæmdastjórnin eða bankastjórnin höfðað mál að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 263. gr.,
- c) ákvarðanir stjórnar Fjárfestingarbanka Evrópu. Aðeins aðildarríkin og framkvæmdastjórnin geta höfðað mál vegna slíkra ákvarðana með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í 263. gr., og eingöngu vegna brota á málsmeðferðarreglum sem kveðið er á um í 2., 5., 6. og 7. mgr. 19. gr. stofnsamþykktar bankans,
- d) efndir seðlabanka aðildarríkjanna á skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálunum og stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu. Í þessu sambandi skulu valdheimildir bankaráðs Seðlabanka Evrópu gagnvart seðlabönkum aðildarríkjanna vera þær sömu og framkvæmdastjórninni eru veittar gagnvart aðildarríkjum í 258. gr. Ef Dómstóllinn kemst að þeirri niðurstöðu að seðlabanki aðildarríkis hafi ekki staðið við tiltekna skuldbindingu samkvæmt sáttmálunum er bankanum skylt að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hlíta dómi Dómstólsins.

## 272. gr.

(áður 238. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Samkvæmt gerðardómsákvæðum samninga, sem Sambandið hefur gert eða gerðir hafa verið fyrir hönd þess, skal Dómstóll Evrópusambandsins fara með lögsögu, hvort sem reglur opinbers réttar eða einkaréttar gilda um samninginn.

## 273. gr.

(áður 239. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóllinn skal fara með lögsögu í hvers kyns ágreiningi milli aðildarríkja um efni sáttmálanna, ef þeim ágreiningi er vísað til hans með sérstöku samkomulagi beggja aðila.

## 274. gr.

(áður 240. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ágreiningsmál, sem Sambandið er aðili að, skulu ekki af þeim sökum vera undanþegin lögsögu dómstóla aðildarríkjanna, nema Dómstóli Evrópusambandsins hafi verið falin lögsaga með sáttmálunum.

## 275. gr.

Dómstóll Evrópusambandsins skal hvorki fara með lögsögu að því er varðar ákvæði, sem taka til sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, né að því er varðar gerðir sem samþykktar eru á grundvelli þeirra ákvæða.

Það fellur engu að síður undir lögsögu Dómstólsins að fylgjast með því að farið sé að ákvæðum 40. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og dæma í málum sem höfðuð eru í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í fjórðu málsgrein 263. gr. þessa sáttmála, og lúta að því að sannreyna lögmæti ákvarðana um takmarkandi ráðstafanir gagnvart einstaklingum eða lögaðilum sem ráðið hefur samþykkt á grundvelli 2. kafla V. bálks sáttmálans um Evrópusambandið.

## 276. gr.

Þegar Dómstóll Evrópusambandsins beitir valdheimildum sínum varðandi ákvæði 4. og 5. kafla V. bálks þriðja hluta um svæði frelsis, öryggis og réttlætis skal hann ekki fara með lögsögu til að sannreyna lögmæti eða meðalhóf aðgerða lögreglu eða annarra löggæslustofnana aðildarríkjanna eða meðferðar aðildarríkjanna á þeim skyldum sínum að halda uppi lögum og reglu og standa vörð um innra öryggi.

## 277. gr.

(áður 241. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Enda þótt fresturinn, sem mælt er fyrir um í sjöttu málsgrein 263. gr., sé liðinn getur sérhver aðili að máli, er varðar gerð sem hefur almennt gildi og stofnun, aðili, skrifstofa eða sérstofnun Sambandsins hefur samþykkt, vísað til þess fyrir Dómstóli Evrópusambandsins að ástæður, sem um getur í annarri málsgrein 263. gr., hindri beitingu gerðarinnar.

## 278. gr.

(áður 242. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Málshöfðun fyrir Dómstóli Evrópusambandsins skal ekki hafa áhrif til frestunar. Dómstóllinn getur þó frestað beitingu hinnar umdeildu gerðar ef hann telur aðstæður krefjast þess.

## 279. gr.

(áður 243. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómstóll Evrópusambandsins getur mælt fyrir um nauðsynlegar tímabundnar ráðstafanir í hverju því máli sem vísað er til hans.



*280. gr.*

(áður 244. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Dómar Dómstóls Evrópusambandsins skulu vera fullnustuhæfir með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 299. gr.

*281. gr.*

(áður 245. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Mæla skal fyrir um stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins í sérstakri bókun.

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt að breyta ákvæðum stofnsamþykktarinnar í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, að undanskildum I. bálki og 64. gr. Evrópuþingið og ráðið skulu taka slíka ákvörðun annaðhvort að beiðni Dómstólsins og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina eða að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Dómstóllinn.

*6. PÁTTUR*

## SEÐLABANKI EVRÓPU

*282. gr.*

1. Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna skulu mynda seðlabankakerfi Evrópu (ESCB). Seðlabanki Evrópu skal stýra peningamálastefnu Sambandsins, ásamt seðlabönkum þeirra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil og mynda evrukerfið.
2. Seðlabankakerfi Evrópu skal lúta stjórn þeirra aðila innan Seðlabanka Evrópu sem fara með ákvarðanatöku. Meginmarkmið seðlabankakerfis Evrópu skal vera að viðhalda stöðugu verðlagi. Með fyrirvara um það markmið skal það styðja við almenna efnahagsstefnu í Sambandinu til að stuðla að markmiðum Sambandsins.
3. Seðlabanki Evrópu skal hafa réttarstöðu lögaðila. Hann einn getur heimilað útgáfu á evrum. Hann skal vera sjálfstæður við beitingu valds síns og við fjársýslu sína. Stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins og ríkisstjórnir aðildarríkjanna skulu virða þetta sjálfstæði.
4. Seðlabanki Evrópu skal samþykkja þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að koma verkefnum sínum til framkvæmda í samræmi við 127.-133. gr., 138. gr. og skilyrðin sem mælt er fyrir um í stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu. Þau aðildarríki, sem ekki hafa evru sem gjaldmiðil, og seðlabankar þeirra skulu áfram hafa vald yfir peningamálum sínum í samræmi við þessar sömu greinar.
5. Hafa skal samráð við Seðlabanka Evrópu um allar fyrirhugaðar gerðir Sambandsins og allar tillögur að reglusetningu á landsvísu á þeim sviðum sem heyra undir hann, og hann getur gefið út álit.

## 283. gr.

(áður 112. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Bankaráð Seðlabanka Evrópu skal skipað stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu og bankastjórum seðlabanka þeirra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil.
2. Framkvæmdastjórnin skal skipuð forseta, varaforseta og fjórum öðrum stjórnarmönnum.

Leiðtogaráðið skal, að fengnum tilmælum frá ráðinu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og bankaráð Seðlabanka Evrópu, skipa með auknum meirihluta forseta, varaforseta og aðra stjórnarmenn í framkvæmdastjórnina úr hópi einstaklinga sem njóta viðurkenningar og hafa starfsreynslu í peninga- eða bankamálum.

Skipunartími þeirra skal vera átta ár og hann er ekki endurnýjanlegur.

Aðeins ríkisborgarar aðildarríkjanna geta átt sæti í framkvæmdastjórninni.

## 284. gr.

(áður 113. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Forseta ráðsins og einum framkvæmdastjórnanna er heimilt að sitja fundi bankaráðs Seðlabanka Evrópu án atkvæðisréttar.

Forseti ráðsins má leggja fyrir bankaráð Seðlabanka Evrópu tillögur til umfjöllunar.

2. Forseta Seðlabanka Evrópu skal boðið að taka þátt í fundum ráðsins þegar það fjallar um málefni sem varða markmið og verkefni seðlabankakerfis Evrópu.
3. Seðlabanki Evrópu skal senda Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni, svo og leiðtogaráðinu, ár hvert skýrslu um starfsemi seðlabankakerfis Evrópu og peningamálastefnuna á fyrra og yfirstandandi ári. Forseti Seðlabanka Evrópu skal leggja skýrsluna fyrir ráðið og Evrópuþingið sem kann að efna til almennrar umræðu af því tilefni.

Forseti Seðlabanka Evrópu og aðrir stjórnarmenn í framkvæmdastjórninni geta, að beiðni Evrópuþingsins eða að eigin frumkvæði, fengið áheyrn hjá þar til bærum nefndum Evrópuþingsins.

## 7. ÞÁTTUR

## ENDURSKOÐUNARRÉTTURINN

## 285. gr.

(áður 246. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Endurskoðunarrétturinn skal sjá um endurskoðun á reikningum Sambandsins.

Hann skal skipaður einum ríkisborgara frá hverju aðildarríki. Þeir skulu vera algjörlega óháðir öðrum í störfum sínum í þágu almennra hagsmuna Sambandsins.

## 286. gr.

(áður 247. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Þeir sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum skulu valdir úr hópi manna sem starfa eða hafa starfað, hver í sínu heimalandi, á vegum sjálfstæðra endurskoðunaraðila eða eru sérstaklega hæfir til að gegna embættinu. Þeir skulu óvefengjanlega vera öðrum óháðir.

2. Þeir sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum skulu skipaðir til sex ára. Ráðið skal, að höfðu samráði við Evrópuþingið, samþykkja skipan réttarins í samræmi við tillögur sem hvert aðildarríki gerir. Heimilt er að endurnýja skipunartíma þeirra sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum.

Þeir skulu kjósa forseta Endurskoðunarréttarins úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Endurkjósa má forsetann.

3. Þeir sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum skulu við skyldustörf sín hvorki leita eftir né taka við fyrirmælum frá ríkisstjórnnum né öðrum. Þeir skulu ekki aðhafast neitt það sem ósamrýmanlegt er starfsskyldum þeirra.

4. Þeir sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum mega ekki hafa annað starf með höndum á skipunartíma sínum, hvort sem það er launað starf eða ekki. Er þeir taka til starfa skulu þeir vinna heit að því að virða þær skyldur sem stöðu þeirra fylgja, bæði á skipunartímanum og eftir að honum er lokið, sérstaklega skulu þeir gæta ráðvendni og þagmælsku ef þegin eru tiltekin störf eða hlunnindi að starfstímanum loknum.

5. Þegar frá eru talin venjuleg mannaskipti eða dauðsföll skal skyldustörfum þeirra sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum ljúka þegar hann segir af sér eða honum er vikið frá störfum með ákvörðun Dómstólsins skv. 6. mgr.

Í stöðu sem þannig losnar skal skipa til loka skipunartíma þess manns sem lét af störfum.

Þeir sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum skulu gegna starfi sínu áfram þar til aðrir hafa verið skipaðir í þeirra stað, nema um brottvikningu hafi verið að ræða.

6. Einungis er heimilt að svipta þá sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum embætti sínu eða lífeyrisrétti eða öðrum hlunnindum í þeirra stað ef Dómstóllinn úrskurðar að beiðni Endurskoðunarréttarins að viðkomandi fullnægi ekki lengur nauðsynlegum skilyrðum eða standist kröfur sem fylgja starfinu.

7. Ráðið skal ákveða ráðningarkjör forseta Endurskoðunarréttarins og þeirra sem eiga sæti í honum, einkum laun, greiðslur og lífeyri. Það skal einnig ákveða hvers kyns greiðslur sem koma í stað þóknana.

8. Ákvæði í bókuninni um sérrettindi og friðhelgi Evrópusambandsins, sem eiga við um dómara við Dómstól Evrópusambandsins, gilda einnig um þá sem eiga sæti í Endurskoðunarréttinum.

### 287. gr.

(áður 248. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Endurskoðunarrétturinn skal fara yfir alla tekju- og útgjaldareikninga Sambandsins. Hann skal einnig fara yfir alla tekju- og útgjaldareikninga allra aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins, að því marki sem stofnsamþykktir þeirra eru því ekki til fyrirstöðu.

Endurskoðunarrétturinn skal láta Evrópuþinginu og ráðinu í té yfirlýsingu um að reikningar séu réttir og að þau viðskipti, sem að baki þeim búa, séu lögmæt og rétt að formi til, og skal hún birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Yfirlýsingunni getur fylgt sérstakt mat á hverju og einu af meginathafnasviðum Sambandsins.

2. Endurskoðunarrétturinn skal kanna hvort tekjur hafi borist og útgjöld verið greidd með lögmætum og formlega réttum hætti og hvort stjórnun fjármála hafi verið traust. Í tengslum við þessa könnun skal hann einkum greina frá hvers konar frávikum frá formlega réttri framkvæmd.

Hvað tekjur snertir skal endurskoðunin bæði byggð á skuldbindingum og því sem raunverulega hefur verið greitt til Sambandsins.

Hvað útgjöld snertir skal endurskoðunin bæði byggð á fjárskuldbindingum Evrópusambandsins og þeim greiðslum sem það hefur innt af hendi.

Endurskoðun getur farið fram áður en reikningum viðkomandi fjárhagsárs er lokað.

3. Endurskoðun skal byggð á bókhaldsgögnum og fara fram, eftir því sem þörf krefur, á vettvangi í öðrum stofnunum Sambandsins, í húsakynnum aðila, skrifstofa eða sérstofnana sem sýsla með tekjur eða útgjöld fyrir hönd Sambandsins, og í aðildarríkjunum, þar með talið í húsakynnum sérhvers einstaklings eða lögaðila sem þiggur greiðslur á grundvelli fjárlaga. Í aðildarríkjunum skal endurskoðunin fara fram í samráði við endurskoðunaraðila ríkjanna eða, hafi þeir ekki nauðsynlegar valdheimildir, við lögbær yfirvöld í viðkomandi ríki. Endurskoðunarrétturinn og endurskoðunaraðilar aðildarríkjanna skulu vinna saman á grundvelli gagnkvæms trausts og á þann hátt að sjálfstæði þeirra sé virt. Þessir endurskoðunaraðilar eða lögbæru yfirvöld skulu tilkynna Endurskoðunarréttinum hvort þau hyggjast taka þátt í endurskoðuninni.

Aðrar stofnanir Sambandsins, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir, sem sýsla með tekjur eða útgjöld fyrir hönd Sambandsins, hver sá einstaklingur eða lögaðili, sem þiggur greiðslur á grundvelli fjárlaga og endurskoðunaraðilar aðildarríkjanna, eða, hafi þeir ekki nauðsynlegar valdheimildir, lögbær yfirvöld í viðkomandi ríki, skulu afhenda Endurskoðunarréttinum, ef hann óskar þess, hvert það skjal eða upplýsingar sem eru honum nauðsynleg til að sinna störfum sínum.

Réttur Endurskoðunarréttarins til að afla upplýsinga hjá Fjárfestingarbanka Evrópu er varða umsýslu bankans með útgjöld og tekjur Sambandsins, skal vera samkvæmt samkomulagi milli réttarins, bankans og framkvæmdastjórnarinnar. Náist ekki samkomulag skal rétturinn engu að síður hafa aðgang að nauðsynlegum upplýsingum til að endurskoða þau útgjöld og þær tekjur Sambandsins sem bankinn sýslar með.

4. Endurskoðunarrétturinn skal taka saman ársskýrslu eftir að hverju fjárhagsári hefur verið lokað. Skýrslan skal send öðrum stofnunum Sambandsins og birt í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins ásamt svörum stofnananna við athugasemdum Endurskoðunarréttarins.

Endurskoðunarrétturinn getur einnig hvenær sem er lagt fram athugasemdir um einstök álitæfni, einkum í formi sérstakra skýrslna, og skilað álitum að beiðni annarrar stofnunar Sambandsins.

Meirihluta dómara í Endurskoðunarréttinum þarf til að samþykkja ársskýrslur, sérstakar skýrslur og álit hans. Þó má stofna deildir innan hans til þess að samþykkja ákveðna flokka skýrslna eða álita með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglum hans.

Rétturinn skal aðstoða Evrópuþingið og ráðið við framkvæmd valdheimilda sinna til eftirlits með framkvæmd fjárlaga.

Endurskoðunarrétturinn skal setja sér starfsreglur. Reglurnar verða að hljóta samþykki ráðsins.

## 2. KAFLI

### RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS, SAMÞYKKTARFERLI OG ÖNNUR ÁKVÆÐI

#### 1. ÞÁTTUR

### RÉTTARGERÐIR SAMBANDSINS

#### 288. gr.

(áður 249. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Við beitingu valdheimilda Sambandsins skulu stofnanirnar samþykkja reglugerðir, tilskipanir, ákvarðanir, tilmæli og álit.

Reglugerð skal hafa almennt gildi. Hún er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Tilskipun skal vera bindandi fyrir sérhvert aðildarríki sem henni er beint til, að því er markmið hennar varðar, en yfirvöldum í hverju ríki skal í sjálfsvald sett á hvern hátt og með hvaða leiðum þeim markmiðum verður náð.

Ákvörðun skal vera bindandi í heild sinni. Þegar tilgreint er í ákvörðun til hverra henni er beint skal hún einungis binda viðkomandi.

Tilmæli og álit skulu ekki vera bindandi.

#### 289. gr.

1. Almenn lagasetningarmeðferð skal vera fólgin í því að Evrópuþingið og ráðið samþykki sameiginlega reglugerð, tilskipun eða ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Þessi málsmeðferð er skilgreind í 294. gr.
2. Í sérstökum tilvikum, sem kveðið er á um í sáttmálunum, skal reglugerð, tilskipun eða ákvörðun samþykkt af hálfu Evrópuþingsins með þátttöku ráðsins eða af hálfu ráðsins með þátttöku Evrópuþingsins, og nefnist þetta sérstök lagasetningarmeðferð.
3. Réttargerðir, sem samþykktar eru með lagasetningarmeðferð, skulu teljast lagagerðir.
4. Í sérstökum tilvikum, sem kveðið er á um í sáttmálunum, er heimilt að samþykkja lagagerðir að frumkvæði hóps aðildarríkja eða Evrópuþingsins, að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu eða að beiðni Dómstólsins eða Fjárfestingarbanka Evrópu.

#### 290. gr.

1. Með lagagerð er heimilt að framselja framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir, aðrar en lagagerðir, sem hafa almennt gildi, til að auka við eða breyta vissum atriðum sem ekki teljast grundvallaratriði í viðkomandi lagagerð.

Í lagagerðunum skal skilmerkilega mælt fyrir um markmið þeirra, inntak og umfang, svo og tímamörk á framsali valds. Grundvallaratriði viðkomandi sviðs skulu einvörðungu háð ákvæðum í lagagerðinni og getur framsal valds af þeim sökum ekki tekið til þeirra.

2. Í lagagerðum skal skilmerkilega mælt fyrir um skilyrði fyrir framsalinu, en þau geta verið sem hér segir:
  - a) Evrópuþingið eða ráðið getur ákveðið að afturkalla framsalið,
  - b) framselda gerðin skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan þess frests sem settur er í lagagerðinni.

Með tilliti til ákvæða a- og b-liðar skal ákvörðun Evrópuþingsins tekin með stuðningi meirihluta allra þingmanna og ákvörðun ráðsins með auknum meirihluta.

3. Lýsingarorðið „framseld“ skal setja í titil framseldra gerða.

## 291. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja allar ráðstafanir samkvæmt landslögum sem nauðsynlegar eru til að koma lagalega bindandi gerðum Sambandsins til framkvæmda.
2. Þegar þörf er samræmdra skilyrða til að koma lagalega bindandi gerðum til framkvæmda skulu þær gerðir veita framkvæmdastjórninni eða ráðinu, í sérstökum tilhlýðilega rökstuddum tilvikum og í þeim tilvikum sem mælt er fyrir um í 24. og 26. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, framkvæmdarvald.
3. Með tilliti til 2. mgr. skulu Evrópuþingið og ráðið, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, mæla fyrirfram fyrir um reglur og almennar meginreglur um tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu.
4. Í titli framkvæmdargerða skal standa forskeytið „framkvæmdar-“ eða orðin „til framkvæmdar“.

## 292. gr.

Ráðið skal samþykkja tilmæli. Það skal taka ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar í öllum þeim tilvikum sem sáttmálarnir kveða á um að það skuli samþykkja gerðir að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvörðun skal tekin einróma á þeim sviðum þar sem slíkt er áskilið til samþykktar gerðum Sambandsins. Framkvæmdastjórnin skal samþykkja tilmæli, svo og Seðlabanki Evrópu í þeim tilteknu tilvikum sem kveðið er á um í sáttmálunum.

## 2. ÞÁTTUR

## MÁLSMEDFERÐ VIÐ SAMÞYKKT GERÐA OG ANNARRA ÁKVÆÐA

## 293. gr.

(áður 250. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Þegar ráðið tekur ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, í samræmi við sáttmálana, getur það aðeins breytt tillögunni með einróma ákvörðun, nema í þeim tilvikum sem um getur í 10. og 13. mgr. 294. gr., 310. gr., 312. gr., 314. gr. og annarri málsgrein 315. gr.
2. Þar til ráðið hefur tekið ákvörðun má framkvæmdastjórnin breyta tillögu sinni hvenær sem er á meðan málsmeðferð til samþykktar á gerð Sambandsins stendur yfir.

## 294. gr.

(áður 251. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Neðangreind málsmeðferð gildir þegar vísað er í sáttmálunum til almennrar lagasetningarmeðferðar við samþykkt gerðar.
2. Framkvæmdastjórnin skal leggja tillögu fyrir Evrópuþingið og ráðið.

*Fyrsta umræða*

3. Evrópuþingið skal ákveða afstöðu sína eftir fyrstu umræðu og tilkynna hana ráðinu.
4. Ef ráðið fellst á afstöðu Evrópuþingsins skal hlutaðeigandi gerð samþykkt með því orðalagi sem samrýmist afstöðu Evrópuþingsins.
5. Fallist ráðið ekki á afstöðu Evrópuþingsins skal það taka afstöðu eftir fyrstu umræðu og tilkynna hana Evrópuþinginu.
6. Ráðið skal upplýsa Evrópuþingið að fullu um ástæður þeirrar afstöðu sem það samþykkti eftir fyrstu umræðu. Framkvæmdastjórnin skal upplýsa Evrópuþingið að fullu um afstöðu sína.

*Önnur umræða*

7. Hafi Evrópuþingið innan þriggja mánaða frá slíkri tilkynningu:
  - a) fallist á afstöðu ráðsins eftir fyrstu umræðu eða ekki tekið ákvörðun skal viðkomandi gerð talin samþykkt með því orðalagi sem samrýmist afstöðu ráðsins,
  - b) hafnað afstöðu ráðsins eftir fyrstu umræðu, með stuðningi meirihluta allra þingmanna, skal fyrirhuguð gerð ekki teljast samþykkt,
  - c) komið fram með breytingartillögum á afstöðu ráðsins við fyrstu umræðu, með stuðningi meirihluta allra þingmanna, skal hinn breytti texti sendur ráðinu og framkvæmdastjórninni, og skal framkvæmdastjórnin skila álitum á breytingartillögum.
8. Hafi ráðið innan þriggja mánaða frá því að það tók við breytingum Evrópuþingsins, og með auknum meirihluta:
  - a) fallist á allar breytingarnar skal viðkomandi gerð teljast samþykkt,
  - b) ekki fallist á allar breytingarnar skal forseti ráðsins, í samráði við forseta Evrópuþingsins, kveðja sáttanefndina saman til fundar innan sex vikna.
9. Ráðið skal taka ákvörðun einróma um breytingar sem framkvæmdastjórnin hefur skilað neikvæðu álitum.

*Sáttaumleitani*

10. Sáttanefnd skal skipuð aðilum sem eiga sæti í ráðinu eða fulltrúum þeirra og jafnmörgum fulltrúum Evrópuþingsins og skal hafa það hlutverk að ná samkomulagi um sameiginlegan texta, með auknum meirihluta þeirra sem sæti eiga í ráðinu eða fulltrúa þeirra og meirihluta þeirra sem eru fulltrúar Evrópuþingsins, innan sex vikna frá því að hún var kvödd saman, á grundvelli afstöðu Evrópuþingsins annars vegar og ráðsins hins vegar eftir aðra umræðu.



11. Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í málsmeðferð sáttanefndar og taka frumkvæði eftir því sem nauðsyn krefur til þess að sætti megi ólíka afstöðu Evrópuþingsins annars vegar og ráðsins hins vegar.

12. Samþykki sáttanefnd ekki sameiginlegan texta innan sex vikna frá því að hún var kvödd saman skal fyrirhuguð gerð ekki teljast samþykkt.

### *Þriðja umræða*

13. Samþykki sáttanefndin sameiginlegan texta innan þessa frests skulu Evrópuþingið, sem skal taka ákvörðun með meirihluta greiddra atkvæða, og ráðið, sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, hvort um sig hafa sex vikur frá því að samþykki var veitt til að samþykkja viðkomandi gerð í samræmi við sameiginlega textann. Geri þau það ekki skal fyrirhuguð gerð ekki teljast samþykkt.

14. Þriggja mánaða fresturinn og sex vikna fresturinn, sem um getur í þessari grein, skulu að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins framlengdir um allt að einn mánuð hvað fyrra tímabilið varðar og tvær vikur hvað síðara tímabilið varðar.

### *Sérákvæði*

15. Þegar lagagerð er, í þeim tilvikum sem kveðið er á um í sáttmálunum, lögð fram til almennrar lagasetningarmeðferðar að frumkvæði hóps aðildarríkja, að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu eða að beiðni Dómstólsins, skulu 2. mgr., annar málslíður 6. mgr. og 9. mgr. ekki gilda.

Í slíkum tilvikum skulu Evrópuþingið og ráðið senda fyrirhugaða gerð til framkvæmdastjórnarinnar ásamt afstöðu sinni eftir fyrstu og aðra umræðu. Evrópuþingið eða ráðið geta óskað álits framkvæmdastjórnarinnar hvenær sem er meðan á málsmeðferð stendur, en framkvæmdastjórnin getur einnig gefið út álit að eigin frumkvæði. Hún getur einnig tekið þátt í störfum sáttanefndarinnar í samræmi við 11. mgr. telji hún það nauðsynlegt.

295. gr.

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu hafa samráð sín á milli og koma sér saman um tilhögun samstarfs sín í milli. Í því skyni er þeim heimilt, í samræmi við sáttmálana, að gera samstarfssamninga milli stofnana sem geta verið bindandi.

296. gr.

(áður 253. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þegar ekki er tilgreint í sáttmálunum hvers konar gerð skuli samþykkja skulu stofnanirnar ákveða það í hverju tilviki fyrir sig í samræmi við viðeigandi málsmeðferð og meðalhófsregluna.

Í réttargerðum skal tilgreina ástæður sem liggja þeim til grundvallar og vísa til hvers konar tillagna, frumkvæðis, tilmæla, beiðna eða álita sem eru áskilin samkvæmt sáttmálunum.

Þegar Evrópuþingið og ráðið hafa til meðferðar drög að lagagerðum skulu þau ekki samþykkja gerðir sem ekki er gert ráð fyrir samkvæmt þeirri lagasetningarmeðferð sem gildir á viðkomandi sviði.

297. gr.

(áður 254. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Lagagerðir sem samþykktar eru með almennri lagasetningarmeðferð skulu undirritaðar af forseta Evrópuþingsins og forseta ráðsins.

Lagagerðir sem samþykktar eru með sérstakri lagasetningarmeðferð skulu undirritaðar af forseta þeirrar stofnunar sem samþykkti þær.

Lagagerðir skulu birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær öðlast gildi á þeim degi sem tilgreindur er í þeim eða á tuttugasta degi frá birtingu ef gildistökdagur er ekki tilgreindur.

2. Gerðir, sem ekki eru lagagerðir og eru samþykktar í formi reglugerða eða tilskipana, eða ákvarðana þar sem ekki er tilgreint til hverra þeim er beint, skulu undirritaðar af forseta stofnunarinnar sem samþykkti þær.

Reglugerðir og tilskipanir, sem beint er til allra aðildarríkjanna, sem og ákvarðanir þar sem ekki er tilgreint til hverra þeim er beint, skulu birtar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins. Þær öðlast gildi á þeim degi sem tilgreindur er í þeim eða á tuttugasta degi frá birtingu ef gildistökdagur er ekki tilgreindur.

Aðrar tilskipanir, svo og ákvarðanir þar sem tilgreint er til hverra þeim er beint, skulu tilkynntar þeim sem þeim er beint til og öðlast gildi við slíka tilkynningu.

298. gr.

1. Stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins skulu við framkvæmd verkefna sinna njóta stuðnings opinna, skilvirkra og sjálfstæðrar evrópskrar stjórnsýslu.

2. Evrópuþingið og ráðið skulu, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, setja ákvæði í þessu skyni, í samræmi við þær starfsmannareglur og þá ráðningarskilmála sem samþykkt eru á grundvelli 336. gr.

299. gr.

(áður 256. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Gerðir ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Seðlabanka Evrópu sem leggja fjárskuldbindingar á aðra aðila en ríki skulu vera fullnustuhæfar.

Fullnustan skal fara fram í samræmi við gildandi reglur um meðferð einkamála í ríkinu þar sem fullnustan fer fram. Fullnustuúrskurður skal fylgja ákvörðuninni með því eina formaskilyrði að það að ákvörðun hafi verið tekin af þar til bærum aðila sé staðfest af því yfirvaldi sem stjórnvöld hvers aðildarríkis tilnefna í þessu skyni og senda framkvæmdastjórninni og Dómstóli Evrópusambandsins tilkynningu um.

Þegar þessum formsatriðum hefur verið fullnægt að beiðni hlutaðeigandi aðila má hinn sami láta fullnustu fara fram í samræmi við landslög með því að fara með málið beint fyrir lögbært yfirvald.

Fullnustunni verður einungis frestað með úrskurði dómstólsins. Dómstólar hlutaðeigandi ríkis hafa þó lögsögu varðandi kvartanir um að ekki sé staðið að fullnustunni með eðlilegum hætti.

### 3. KAFLI

#### RÁÐGJAFARNEFNDIR SAMBANDSINS

##### *300. gr.*

1. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu njóta aðstoðar efnahags- og félagsmálanefndar og svæðanefndar og hafa þær ráðgefandi hlutverk.
2. Í efnahags- og félagsmálanefndinni skulu eiga sæti fulltrúar samtaka vinnuveitenda, launþega og annarra aðila sem koma fram fyrir hönd borgaralegs samfélags, nánar tiltekið á sviðum sem varða félagslega og hagræna þætti, málefni borgaranna, fagleg málefni og menningarmál.
3. Í svæðanefndinni skulu eiga sæti fulltrúar svæðisyfirvalda og staðaryfirvalda sem hafa annaðhvort verið kosnir til starfa fyrir svæðisyfirvöld eða staðaryfirvöld eða bera pólitíska ábyrgð gagnvart kjörnu þingi.
4. Fulltrúar í efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni skulu ekki lúta neinum fyrirmælum. Þeir skulu vera algjörlega óháðir öðrum í störfum sínum í þágu almennra hagsmuna Sambandsins.
5. Ráðið skal endurskoða með reglulegu millibili reglurnar, sem um getur í 2. og 3. mgr. um skipan nefndanna, með hliðsjón af efnahagslegri, félagslegri og lýðfræðilegri þróun innan Sambandsins. Ráðið skal samþykkja ákvarðanir í þessu skyni að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

##### *1. ÞÁTTUR*

#### EFNAHAGS- OG FÉLAGSMÁLANEFNDIN

##### *301. gr.*

(áður 258. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Nefndarmenn í efnahags- og félagsmálanefndinni skulu ekki vera fleiri en 350.

Ráðið skal samþykkja einróma ákvörðun um skipan nefndarinnar að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Ráðið skal ákveða þóknun til nefndarmanna.

*302. gr.*

(áður 259. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Nefndarmenn skulu skipaðir til fimm ára. Ráðið skal samþykkja skrá yfir þá sem eiga sæti í nefndinni sem skal tekin saman í samræmi við tillögur sem hvert aðildarríki gerir. Heimilt er að endurnýja skipunartíma nefndarmanna.
2. Ráðið skal taka ákvörðun að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina. Það getur leitað álits evrópskra aðila sem eru í forsvari fyrir efnahagsleg og félagsleg málefni og málefni borgaralegs samfélags sem starfsemi Sambandsins varðar.

*303. gr.*

(áður 260. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Nefndin skal kjósa sér formann og starfsmenn til tveggja og hálfes árs úr hópi nefndarmanna.

Hún setur sér starfsreglur.

Formaður nefndarinnar skal kalla hana saman að beiðni Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar. Hún getur einnig komið saman að eigin frumkvæði.

*304. gr.*

(áður 262. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu leita álits nefndarinnar ef kveðið er á um það í sáttmálunum. Þessum stofnunum er heimilt að leita álits nefndarinnar þegar þær telja það viðeigandi. Nefndinni er heimilt að gefa út álit að eigin frumkvæði þegar hún telur það viðeigandi.

Telji Evrópuþingið, ráðið eða framkvæmdastjórnin það nauðsynlegt skulu þau setja nefndinni frest til að gefa út álit sitt og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður frá þeim degi er formanninum berst tilkynning um hann. Að fresti liðnum skal málið tekið fyrir hvort sem álitíð hefur borist eða ekki.

Senda skal Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni álit nefndarinnar, ásamt skýrslu um meðferð málsins.

*2. ÞÁTTUR**SVÆÐANEFNDIN**305. gr.*

(áður önnur, þriðja og fjórða málsgrein 263. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Nefndarmenn í svæðanefndinni skulu ekki vera fleiri en 350.

Ráðið skal samþykkja einróma ákvörðun um skipan nefndarinnar að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

Nefndarmenn skulu skipaðir til fimm ára, auk jafnmargra varamanna. Heimilt er að endurnýja skipunartíma þeirra. Ráðið skal samþykkja skrá yfir þá sem eiga sæti í nefndinni og varamenn, sem skal tekin saman í samræmi við tillögur sem hvert aðildarríki gerir. Skipunartíma nefndarmanna skal ljúka sjálfkrafa þegar umboðið, sem um getur í 3. mgr. 300. gr. og réð tilnefningu þeirra, rennur út og skulu þá aðrir koma í þeirra stað til loka skipunartímans í samræmi við sömu málsmeðferð. Nefndarmenn mega ekki vera jafnframt þingmenn á Evrópuþinginu.

*306. gr.*

(áður 264. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Svæðanefndin skal kjósa sér formann og starfsmenn til tveggja og hálfis árs í senn úr hópi nefndarmanna.

Hún setur sér starfsreglur.

Formaður nefndarinnar skal kalla hana saman að beiðni Evrópuþingsins, ráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar. Hún getur einnig komið saman að eigin frumkvæði.

*307. gr.*

(áður 265. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu leita álits svæðanefndarinnar ef kveðið er á um það í sáttmálunum og í öllum öðrum tilvikum þegar einhver þessara stofnana telur það viðeigandi, einkum ef um er að ræða samstarf yfir landamæri.

Telji Evrópuþingið, ráðið eða framkvæmdastjórnin það nauðsynlegt skulu þau setja nefndinni frest til að skila álit og skal hann ekki vera skemmri en einn mánuður frá þeim degi er formanninum berst tilkynning um hann. Að fresti liðnum skal málið tekið fyrir hvort sem álit er hefur borist eða ekki.

Þegar leitað hefur verið álits efnahags- og félagsmálanefndarinnar skv. 304. gr. skulu Evrópuþingið, ráðið eða framkvæmdastjórnin upplýsa svæðanefndina um það. Líti svæðanefndin svo á að sérstakir hagsmunir svæðis séu í húfi er henni heimilt að gefa út álit um það efni.

Nefndinni er heimilt að gefa út álit að eigin frumkvæði þegar hún telur það viðeigandi.

Senda skal Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni álit nefndarinnar, ásamt skýrslu um meðferð málsins.

## 4. KAFLI

## FJÁRFESTINGARBANKI EVRÓPU

## 308. gr.

(áður 266. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Fjárfestingarbanki Evrópu skal hafa réttarstöðu lögaðila.

Aðilar að Fjárfestingarbanka Evrópu eru aðildarríkin.

Stofnsamþykkt Fjárfestingarbanka Evrópu fylgir með sáttmálunum í bókun. Ráðinu er heimilt að breyta stofnsamþykkt bankans með einróma ákvörðun í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, að beiðni Fjárfestingarbanka Evrópu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina, eða að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Fjárfestingarbanka Evrópu.

## 309. gr.

(áður 267. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hlutverk Fjárfestingarbanka Evrópu er að stuðla að jafnri og hnökralausri þróun innri markaðarins til hagsbóta fyrir Sambandið og getur hann í þeim tilgangi leitað til fjármagnsmarkaðarins og nýtt eigið fjármagn. Bankinn skal í því skyni veita lán og ábyrgðir, án þess að leita hagnaðar, til að greiða fyrir fjármögnun eftirtalinna verkefna á öllum sviðum atvinnulífsins:

- a) uppbyggingar á landsvæðum sem eru á eftir í þróun,
- b) endurnýjunar eða aðlögunar í fyrirtækjum eða þróunar nýrrar starfsemi sem þörf verður á vegna stofnunar eða starfsemi innri markaðarins, ef verkefni þessi eru svo umfangsmikil eða þess eðlis að þau verða ekki að fullu fjármögnuð með þeim ólíku aðferðum sem eru tiltækar í einstökum aðildarríkjum,
- c) verkefna sem mörg aðildarríki hafa sameiginlega hagsmuni af en eru svo umfangsmikil eða þess eðlis að þau verða ekki að fullu fjármögnuð með þeim ólíku aðferðum sem eru tiltækar í einstökum aðildarríkjum.

Bankinn skal í störfum sínum greiða fyrir fjármögnun fjárfestingaráætlana sem njóta aðstoðar uppbyggingarsjóðanna og annarra fjármögnunarleiða Sambandsins.

## II. BÁLKUR

**FJÁRHAGSÁKVÆÐI***310. gr.*

(áður 268. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Áætla skal alla tekju- og útgjaldaliði Sambandsins fyrir hvert fjárhagsár og geta þeirra í fjárlögum þess.

Evrópuþingið og ráðið skulu ákveða árleg fjárlög Sambandsins í samræmi við 314. gr.

Jafnvægi skal vera á milli tekna og útgjalda í fjárlögunum.

2. Veita skal heimild vegna útgjaldaliða á fjárlögum fyrir eitt fjárhagsár í senn í samræmi við reglugerðina sem um getur í 322. gr.

3. Áður en stofnað er til þeirra útgjalda, sem færð eru á fjárlög, skal samþykkja lagalega bindandi gerð Sambandsins sem myndar lagagrundvöll fyrir ráðstafanir þess og samsvarandi útgjöld í samræmi við reglugerðina sem um getur í 322. gr., með þeim undantekningum sem kveðið er á um í þeim lögum.

4. Með það að markmiði að viðhalda aga í stjórn fjármála skal Sambandið ekki samþykkja neina þá gerð, sem líklegt má telja að hafi umtalsverð áhrif á fjárlögin, án þess að tryggt sé að Sambandið geti fjármagnað þau útgjöld sem fylgja slíkri gerð með eigin tekjum og í samræmi við þann fjárhagsramma til margra ára sem um getur í 312. gr.

5. Fjárlögum skal komið til framkvæmda í samræmi við meginregluna um trausta fjármálastjórnun. Aðildarríkin skulu vinna með Sambandinu að því að tryggja að fjárveitingar sem færðar eru á fjárlög séu notaðar í samræmi við þessa meginreglu.

6. Sambandið og aðildarríkin skulu, í samræmi við 325. gr., sporna gegn svikum og öðru ólöglegu athæfi sem skaðar fjárhagslega hagsmuni Sambandsins.

## 1. KAFLI

**EIGIN TEKJUR SAMBANDSINS***311. gr.*

(áður 269. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið skal afla sér nauðsynlegra tekna til að ná markmiðum sínum og fylgja eftir stefnum sínum.

Fjárlögin skulu fjármögnuð að fullu með eigin tekjum, með fyrirvara um aðrar tekjulindir.

Ráðið skal samþykkja einróma ákvörðun, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Evrópuþingið, þar sem mælt er fyrir um ákvæði er varða tekjuöflunarkerfi Sambandsins. Í þessu samhengi er því heimilt að stofna nýja tekjuflokka og fella niður gildandi tekjuflokka. Ákvörðunin öðlast ekki gildi fyrir en aðildarríkin hafa samþykkt hana í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.

Ráðið skal, með setningu reglugerða í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, mæla fyrir um framkvæmdarráðstafanir vegna tekjuöflunarkerfis Sambandsins, að svo miklu leyti sem kveðið er á um slíkt í ákvörðuninni sem er samþykkt á grundvelli þriðju málsgreinar. Ráðið skal taka ákvörðun að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

## 2. KAFLI

### FJÁRHAGSRAMMI TIL MARGRA ÁRA

#### 312. gr.

1. Fjárhagsrammi til margra ára skal tryggja að útgjöld Sambandsins þróist á skipulegan hátt og haldist innan tekjuramma þess.

Hann skal settur til a.m.k. fimm ára.

Árleg fjárlög Sambandsins skulu vera í samræmi við þennan fjárhagsramma til margra ára.

2. Ráðið skal samþykkja reglugerð, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, þar sem mælt er fyrir um fjárhagsramma til margra ára. Ráðið skal taka einróma ákvörðun, að fengnu samþykki Evrópuþingsins með stuðningi meirihluta allra þingmanna.

Leiðtogaráðinu er heimilt að samþykkja einróma ákvörðun sem heimilar ráðinu að taka ákvörðun með auknum meirihluta við samþykkt reglugerðarinnar sem um getur í fyrstu undirgrein.

3. Í fjárhagsrammanum skal ákvarða fyrir hvert ár efri mörk fjárhagsskuldbindinga í hverjum útgjaldaflökki og hámarksfjárhæð greiðsluskuldbindinga. Útgjaldaflokkar skulu vera fremur fáir og svara til helstu athafnasviða Sambandsins.

Í fjárhagsrammanum skal mælt fyrir um hver þau ákvæði önnur sem þörf er á til að árleg fjárlagagerð gangi snurðulaust fyrir sig.

4. Hafi ráðið ekki samþykkt reglugerð um nýjan fjárhagsramma áður en fyrri fjárhagsrammi fellur úr gildi skal framlengja gildistíma hámarksfjárhæða og annarra ákvæða, sem voru í gildi á síðasta ári fjárhagsrammans, þar til slík gerð hefur verið samþykkt.



5. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu gera hverja þá ráðstöfun sem þörf er á til að greiða fyrir samþykkt fjárhagsrammans á meðan málsmeðferðin, sem leiðir til samþykktar hans, stendur yfir.

### 3. KAFLI

#### ÁRLEG FJÁRLÖG SAMBANDSINS

##### 313. gr.

(áður 1. mgr. 272. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Fjárhagsárið skal vera frá 1. janúar til 31. desember.

##### 314. gr.

(áður 2.–10. mgr. 272. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð, ákveða árleg fjárlög Sambandsins á grundvelli eftirfarandi ákvæða:

1. Sérhver stofnun, að Seðlabanka Evrópu frátöldum, skal leggja fram fyrir 1. júlí áætlun um útgjöld sín á komandi fjárhagsári. Framkvæmdastjórnin skal setja þessar áætlanir saman í fjárlagafrumvarp þar sem fram kunna að koma ólíkar áætlanir.

Í fjárlagafrumvarpinu skulu koma fram áætlaðar tekjur og áætluð útgjöld.

2. Framkvæmdastjórnin skal leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið tillögu að fjárlagafrumvarpi eigi síðar en 1. september árið áður en fjárlögin eiga að koma til framkvæmda.

Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta fjárlagafrumvarpinu við málsmeðferð eða fram að þeim tíma að sáttanefndin, sem um getur í 5. mgr., er kvödd saman.

3. Ráðið skal taka afstöðu til fjárlagafrumvarpsins og senda Evrópuþinginu eigi síðar en 1. október árið áður en fjárlögin eiga að koma til framkvæmda. Ráðið skal upplýsa Evrópuþingið að fullu um ástæður afstöðu sinnar.

4. Hafi Evrópuþingið innan fjörutíu og tveggja daga frá slíkri tilkynningu:

- a) samþykkt afstöðu ráðsins teljast fjárlögin samþykkt,
- b) ekki tekið ákvörðun skal litið svo á að fjárlögin hafi verið samþykkt,
- c) samþykkt breytingar með stuðningi meirihluta allra þingmanna skal senda breytt frumvarp til ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar. Forseti Evrópuþingsins skal þegar í stað boða til fundar í

sáttanefndinni í samráði við forseta ráðsins. Ef ráðið upplýsir Evrópuþingið hins vegar, innan tíu daga frá því að því barst frumvarpið, um að það hafi samþykkt allar breytingar skal ekki kveðja sáttanefndina saman.

5. Sáttanefnd skal skipuð aðilum sem eiga sæti í ráðinu eða fulltrúum þeirra og jafnmörgum fulltrúum Evrópuþingsins og skal hafa það hlutverk að ná samkomulagi um sameiginlegan texta, með auknum meirihluta þeirra sem sæti eiga í ráðinu eða fulltrúa þeirra og meirihluta þeirra sem eru fulltrúar Evrópuþingsins, innan tuttugu og eins dags frá því að hún var kvödd saman á grundvelli afstöðu Evrópuþingsins annars vegar og ráðsins hins vegar.

Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í málsmeðferð sáttanefndar og taka frumkvæði eftir því sem nauðsyn krefur til þess að setta megi ólíka afstöðu Evrópuþingsins annars vegar og ráðsins hins vegar.

6. Komist sáttanefndin að samkomulagi um sameiginlegan texta innan þess tuttugu og eins dags frests sem um getur í 5. mgr., skulu Evrópuþingið og ráðið hvort um sig hafa fjórtán daga frá samþykktinni til að samþykkja sameiginlega textann.

7. Gerist það innan þess fjórtán daga frests sem um getur í 6. mgr.:

- a) að bæði Evrópuþingið og ráðið samþykki sameiginlega textann eða taki ekki ákvörðun, eða að önnur þessara stofnana samþykki sameiginlega textann en hin taki ekki ákvörðun, skal litið svo á að fjárlögin hafi verið samþykkt endanlega á grundvelli sameiginlega textans,
- b) að bæði Evrópuþingið með stuðningi meirihluta allra þingmanna og ráðið hafni sameiginlega textanum, eða að önnur þessara stofnana hafni sameiginlega textanum og hin taki ekki ákvörðun, skal framkvæmdastjórnin leggja fram nýtt fjárlagafrumvarp,
- c) að Evrópuþingið, með stuðningi meirihluta allra þingmanna, hafni sameiginlega textanum en ráðið samþykki hann skal framkvæmdastjórnin leggja fram nýtt fjárlagafrumvarp, eða
- d) að Evrópuþingið samþykki sameiginlega textann en ráðið hafni honum er Evrópuþinginu heimilt, innan fjórtán daga frá höfnun ráðsins og með stuðningi meirihluta allra þingmanna og þremur fimmtu hlutum greiddra atkvæða, að ákveða að staðfesta sumar eða allar breytingarnar sem um getur í c-lið 4. mgr. Ef einhver af breytingum Evrópuþingsins er ekki staðfest skal litið svo á að afstaðan, sem samþykkt er í sáttanefndinni, gildi um þann fjárlagalið sem breytingin varðar. Litið skal svo á að fjárlögin séu endanlega samþykkt á þessum grundvelli.

8. Ef sáttanefndin kemst ekki að samkomulagi um sameiginlegan texta innan þess tuttugu og eins dags frests sem um getur í 5. mgr., skal framkvæmdastjórnin leggja fram nýtt fjárlagafrumvarp.

9. Þegar lokið er þeirri málsmeðferð, sem kveðið er á um í þessari grein, skal forseti Evrópuþingsins lýsa því yfir að fjárlögin hafi verið endanlega samþykkt.

10. Sérhver stofnun skal beita þeim heimildum sem grein þessi veitir henni, í samræmi við sáttmálana og gerðir sem eru samþykktar á grundvelli þeirra, með sérstakri áherslu á ákvæðin um eigin tekjur Sambandsins og jafnvægi milli tekna og útgjalda.

### 315. gr.

(áður 273. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hafi fjárlög ekki verið samþykkt endanlega við upphaf fjárhagsárs er heimilt, í samræmi við ákvæði reglugerða sem settar eru skv. 322. gr., að verja mánaðarlega til hvers kafla í fjárlögum fjárhæð sem nemur allt að einum tólfta hluta fjárveitinga á fjárlögum næstliðins fjárhagsárs; þessi fjárhæð skal þó ekki vera hærri en sem nemur einum tólfta hluta þeirra fjárveitinga sem gert er ráð fyrir í sama kafla í fjárlagafrumvarpinu.

Ráðið getur, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að því tilskildu að virt séu önnur skilyrði sem mælt er fyrir um í fyrstu málsgrein, heimilað útgjöld umfram einn tólfta hluta í samræmi við þær reglugerðir sem settar eru skv. 322. gr. Ráðið skal senda Evrópuþinginu ákvörðunina þegar í stað.

Í ákvörðuninni, sem um getur í annarri málsgrein, skal mælt fyrir um nauðsynlegar ráðstafanir er varða fjármagn til að tryggja beitingu þessarar greinar, í samræmi við gerðirnar sem um getur í 311. gr.

Ákvörðunin skal öðlast gildi þrjátíu dögum eftir samþykkt hennar nema Evrópuþingið ákveði, með stuðningi meirihluta allra þingmanna, að draga úr viðkomandi útgjöldum áður en þessi frestur er liðinn.

### 316. gr.

(áður 271. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Flytja má fjárveitingar, sem ætlaðar eru til annars en standa undir kostnaði við starfsmannahald og ekki hafa verið nýttar í lok fjárhagsárs, milli ára með þeim skilyrðum, sem mælt skal fyrir um skv. 322. gr., en þó aðeins til næsta fjárhagsárs.

Fjárveitingar skulu flokkaðar í kafla eftir eðli eða tilgangi útgjaldaliða og skipt upp í undirkafla í samræmi við reglugerðirnar sem eru settar skv. 322. gr.

Útgjöld Evrópuþingsins, leiðtogaráðsins og ráðsins, framkvæmdastjórnarinnar og Dómstóls Evrópusambandsins skulu tilgreind í sérstökum hlutum fjárlaga en þó má viðhafa sérstakt fyrirkomulag um tiltekna sameiginlega útgjaldaliði.

## 4. KAFLI

## FRAMKVÆMD FJÁRLAGA OG STAÐFESTING REIKNINGA

## 317. gr.

(áður 274. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal annast framkvæmd fjárlaga í samstarfi við aðildarríkin, í samræmi við ákvæði reglugerða sem eru settar skv. 322. gr., á eigin ábyrgð og innan marka fjárveitinga og með hliðsjón af meginreglunni um trausta fjármálastjórnun. Aðildarríkin skulu vinna með framkvæmdastjórninni að því að tryggja að fjárveitingarnar séu notaðar í samræmi við meginregluna um trausta fjármálastjórnun.

Í reglugerðunum skal mælt fyrir um eftirlits- og endurskoðunarskyldu aðildarríkjanna vegna framkvæmdar fjárlaganna og ábyrgð þeirra í þessu samhengi. Þar skal einnig mælt fyrir um skyldur og ítarlegar reglur að því er varðar hverja stofnun og þátttöku hennar í umsýslu eigin útgjalda.

Framkvæmdastjórnin getur, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem kveðið er á um í reglugerðum sem settar eru skv. 322. gr., flutt fjárveitingar milli einstakra kafla fjárlaga eða milli einstakra undirkafla.

## 318. gr.

(áður 275. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin skal ár hvert leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið reikninga næstliðins fjárhagsárs er varða framkvæmd fjárlaga. Hún skal einnig leggja þar fram yfirlit yfir eignir og skuldir Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin skal einnig leggja fyrir Evrópuþingið og ráðið matskýrslu um fjármál Sambandsins á grundvelli þess árangurs sem náðst hefur, einkum í tengslum við athugasemdir Evrópuþingsins og ráðsins skv. 319. gr.

## 319. gr.

(áður 276. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið skal, að fengnum tilmælum ráðsins, staðfesta reikninga framkvæmdastjórnarinnar vegna fjárlagaframkvæmdarinnar. Ráðið og síðan Evrópuþingið skulu í þessu skyni taka til skoðunar reikningana, yfirlit yfir eignir og skuldir og matskýrsluna sem um getur í 318. gr., ársskýrslu Endurskoðunarréttarins ásamt svörum þeirra stofnana sem endurskoðunin snýr að við athugasemdum Endurskoðunarréttarins, yfirlýsinguna, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 287. gr., og þær sérskýrslur Endurskoðunarréttarins sem máli skipta.

2. Evrópuþinginu er heimilt að fara fram á að framkvæmdastjórnin geri grein fyrir útgjaldastýringu eða starfrækslu fjármálaeftirlitskerfa áður en það staðfestir reikninga framkvæmdastjórnarinnar eða í öðrum tilgangi sem varðar beitingu valdheimilda þess á sviði framkvæmdar fjárlaga. Framkvæmdastjórnin skal láta Evrópuþinginu í té nauðsynlegar upplýsingar sem það fer fram á.

3. Framkvæmdastjórnin skal gera allt, sem í hennar valdi stendur, til að bregðast við athugasemdum í ákvörðunum um staðfestingu reikninga, öðrum athugasemdum Evrópuþingsins um útgjaldastýringu og athugasemdum sem fylgja tilmælum ráðsins um staðfestingu reikninga.

Framkvæmdastjórnin skal, að beiðni Evrópuþingsins eða ráðsins, gefa skýrslu um þær ráðstafanir sem gerðar hafa verið í ljósi þessara athugasemda, og einkum um fyrirmæli sem gefin hafa verið deildum sem hafa með höndum framkvæmd fjárlaga. Þessar skýrslur skal einnig senda til Endurskoðunarréttarins.

## 5. KAFLI

### SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI

#### 320. gr.

(áður 277. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Setja skal fjárhagsramma til margra ára og árleg fjárlög fram í evrum.

#### 321. gr.

(áður 278. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin getur flutt eignir sínar í gjaldmiðli eins aðildarríkis yfir í gjaldmiðil annars aðildarríkis, eftir því sem þörf krefur til að nýta megi féð í þágu verkefna er heyra undir sáttmálana, enda tilkynni hún það lögbærum yfirvöldum þeirra aðildarríkja sem málið varðar. Framkvæmdastjórnin skal forðast slíkar yfirfærslur eftir föngum ef hún hefur yfir reiðufé eða lausafé að ráða í gjaldmiðlunum sem hún þarf á að halda.

Samskipti framkvæmdastjórnarinnar við hvert aðildarríki skulu vera með milligöngu yfirvalds sem aðildarríkið tilnefnir. Framkvæmdastjórnin skal leita til seðlabanka í hlutaðeigandi aðildarríki eða annarrar fjármálastofnunar, sem það ríki viðurkennir, við framkvæmd viðskipta sinna.

#### 322. gr.

(áður 279. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við Endurskoðunarréttinn, samþykkja með setningu reglugerða:

- a) fjárhagsreglur þar sem mælt er sérstaklega fyrir um verklagsreglur við fjárlagagerð og framkvæmd fjárlaga og birtingu og endurskoðun reikninga,

b) reglur um eftirlit með ábyrgð aðila sem fara með fjármál, einkum þeirra sem fara með greiðsluheimildir og þeirra sem annast bókhaldsstjórn.

2. Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Endurskoðunarréttinn, mæla fyrir um aðferðir og verklagsreglur sem fylgja skal þegar fjárlagatekjur eru fengnar framkvæmdastjórninni til ráðstöfunar, samkvæmt tilhögun eigin tekna Sambandsins, og ákveða hvaða ráðstöfunum skuli beitt til að afla reiðufjár ef þörf krefur.

### 323. gr.

Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin skulu sjá til þess að til reiðu séu þeir fjármunir sem þörf er á til að Sambandið geti uppfyllt lagalegar skuldbindingar sínar gagnvart þriðju aðilum.

### 324. gr.

Boða skal, að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, til reglubundinna funda forseta Evrópuþingsins, forseta ráðsins og forseta framkvæmdastjórnarinnar sem liðar í fjárlagagerð samkvæmt þessum bálki. Forsetarnir skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að efla samráð og sætta sjónarmið stofnananna sem þeir stýra til að greiða fyrir framkvæmd þessa bálks.

## 6. KAFLI

### BARÁTTA GEGN SVIKUM

### 325. gr.

(áður 280. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Sambandið og aðildarríkin skulu sporna gegn svikum og öðru ólöglegu athæfi sem skaðar fjárhagslega hagsmuni Sambandsins með því að gera ráðstafanir í samræmi við þessa grein sem hamla gegn slíku og veita árangursríka vernd í aðildarríkjunum og fyrir allar stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins.

2. Aðildarríkin skulu gera sömu ráðstafanir til að sporna gegn svikum, sem skaða fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, og þau gera til að sporna gegn svikum sem skaða fjárhagslega hagsmuni þeirra sjálfra.

3. Aðildarríkin skulu, með fyrirvara um önnur ákvæði sáttmálanna, samræma þær aðgerðir sínar sem miða að því að vernda fjárhagslega hagsmuni Sambandsins gegn svikum. Þau skulu í þessu skyni skipuleggja ásamt framkvæmdastjórninni náð og reglubundið samstarf milli lögbærra yfirvalda.

4. Evrópuþingið og ráðið skulu, að höfðu samráði við Endurskoðunarréttinn, samþykkja í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð nauðsynlegar ráðstafanir á sviði forvarna og baráttu gegn svikum sem skaða fjárhagslega hagsmuni Sambandsins, með það í huga að veita árangursríka og sambærilega vernd í aðildarríkjunum og fyrir allar stofnanir, aðila, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins.

5. Framkvæmdastjórnin skal í samvinnu við aðildarríkin senda Evrópuþinginu og ráðinu ár hvert skýrslu um þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar til framkvæmdar þessari grein.

### III. BÁLKUR

#### AUKIN SAMVINNA

##### 326. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hvers konar aukin samvinna verður að eiga sér stað í samræmi við sáttmálana og lög Sambandsins.

Slík samvinna skal ekki grafa undan innri markaðnum eða efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða. Hún má ekki leiða til hindrunar eða mismununar í viðskiptum milli aðildarríkja né heldur raska samkeppni milli þeirra.

##### 327. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Í hvers konar aukinni samvinnu skal virða valdheimildir, réttindi og skyldur þeirra aðildarríkja sem taka ekki þátt í henni. Þau aðildarríki skulu ekki standa í vegi fyrir framkvæmd slíkrar samvinnu af hálfu aðildarríkja sem taka þátt í henni.

##### 328. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aukin samvinna, sem komið er á, skal vera opin öllum aðildarríkjum, enda uppfylli þau öll skilyrði fyrir þátttöku sem mælt er fyrir í ákvörðun um að heimila samvinnuna. Þeim skal einnig heimilt að hefja þátttöku í samvinnunni hvenær sem er síðar, enda fari þau að ákvæðum gerða sem hafa þegar verið samþykktar innan þess ramma, auk þess að uppfylla fyrrgreind skilyrði.

Framkvæmdastjórnin og þau aðildarríki, sem taka þátt í aukinni samvinnu, skulu vinna að því að fá eins mörg aðildarríki til þátttöku og unnt er.

2. Framkvæmdastjórnin og, þar sem við á, æðsti talsmaður sameiginlegrar stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skulu upplýsa Evrópuþingið og ráðið reglubundið um það með hvaða hætti aukin samvinna þróast.

## 329. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Þau aðildarríki, sem óska eftir því að koma á aukinni samvinnu sín á milli á einu þeirra sviða sem falla undir sáttmálana, að frátöldum þeim sviðum þar sem Sambandið fer með óskiptar valdheimildir og sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, skulu beina beiðni til framkvæmdastjórnarinnar og tilgreina gildissvið og markmið fyrirhugaðrar aukinnar samvinnu. Framkvæmdastjórninni er heimilt að leggja fyrir ráðið tillögu þess efnis. Leggi framkvæmdastjórnin ekki fram slíka tillögu skal hún upplýsa hlutaðeigandi aðildarríki um ástæður þess.

Ráðið skal veita heimild til að taka upp þá auknu samvinnu sem um getur í fyrstu undirgrein, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

2. Beina skal til ráðsins beiðni þeirra aðildarríkja sem óska eftir því að koma á aukinni samvinnu sín á milli innan ramma sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum. Beiðnin skal send áfram til æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum sem skal gefa álit sitt á því hvort fyrirhuguð aukin samvinna samrýmist sameiginlegri stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, og til framkvæmdastjórnarinnar sem skal m.a. gefa álit sitt á því hvort fyrirhuguð aukin samvinna samrýmist öðrum stefnum Sambandsins. Þá skal beiðnin send Evrópuþinginu til upplýsingar.

Heimild til að taka upp aukna samvinnu skal veitt með einróma ákvörðun ráðsins.

## 330. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Öllum þeim sem eiga sæti í ráðinu er heimilt að taka þátt í umfjöllun en einungis fulltrúar þeirra aðildarríkja sem taka þátt í aukinni samvinnu skulu greiða atkvæði.

Einróma ákvörðun telst fengin með atkvæðum fulltrúa þátttöku aðildarríkjanna eingöngu.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur í samræmi við 3. mgr. 238. gr.

## 331. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Aðildarríki sem óskar eftir þátttöku í aukinni samvinnu, sem þegar hefur verið tekin upp á einu þeirra sviða sem um getur í 1. mgr. 329. gr., skal tilkynna ráðinu og framkvæmdastjórninni þá fyrirætlun sína.

Framkvæmdastjórnin skal staðfesta þátttöku viðkomandi aðildarríkis innan fjögurra mánaða frá viðtöku tilkynningarinnar. Hún skal, ef nauðsyn krefur, staðfesta að skilyrði fyrir þátttöku hafi verið uppfyllt og samþykkja hverjar þær umbreytingarráðstafanir sem reynast nauðsynlegar með hliðsjón af beitingu þeirra gerða sem hafa þegar verið samþykktar innan ramma aukinnar samvinnu.



Telji framkvæmdastjórnin hins vegar að skilyrði fyrir þátttöku hafi ekki verið uppfyllt skal hún gefa til kynna hvernig standa beri að því að uppfylla skilyrðin, og setja frest til endurskoðunar á beiðninni. Hún skal taka beiðnina til umfjöllunar að nýju við lok frestsins í samræmi við málsmeðferðina sem lýst er í annarri undirgrein. Líti framkvæmdastjórnin svo á að skilyrði fyrir þátttöku hafi enn ekki verið uppfyllt er viðkomandi aðildarríki heimilt að vísa málinu til ráðsins sem skal taka ákvörðun um beiðnina. Ákvörðun ráðsins skal tekin í samræmi við 330. gr. Því er enn fremur heimilt að samþykkja þær umbreytingarráðstafanir sem um getur í annarri undirgrein að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

2. Aðildarríki sem óskar eftir þátttöku í aukinni samvinnu, sem þegar hefur verið tekin upp innan ramma sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, skal tilkynna ráðinu, æðsta talsmanni stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og framkvæmdastjórninni þá fyrirætlun sína.

Ráðið skal staðfesta þátttöku viðkomandi aðildarríkis að höfðu samráði við æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og þegar það hefur gengið úr skugga um, ef nauðsyn krefur, að skilyrði fyrir þátttöku hafi verið uppfyllt. Ráðinu er einnig heimilt, að tillögu talsmannsins, að samþykkja hverjar þær umbreytingarráðstafanir sem reynast nauðsynlegar með hliðsjón af beitingu þeirra gerða sem hafa þegar verið samþykktar innan ramma aukinnar samvinnu. Telji ráðið hins vegar að skilyrði fyrir þátttöku hafi ekki verið uppfyllt skal það gefa til kynna hvernig standa beri að því að uppfylla þessi skilyrði og setja frest til endurskoðunar á þátttökubeiðninni.

Ráðið skal taka einróma ákvörðun í samræmi við 330. gr. að því er þessa málsgrein varðar.

### 332. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríki, sam taka þátt í aukinni samvinnu, skulu bera kostnað sem framkvæmd hennar hefur í för með sér, annan en stjórnsýslukostnað stofnananna, nema allir þeir sem eiga sæti í ráðinu taki einróma ákvörðun um annað og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

### 333. gr.

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef kveðið er á um það í einhverju því ákvæði sáttmálanna, sem beita má í tengslum við aukna samvinnu, að ráðið skuli taka ákvörðun einróma er því heimilt að samþykkja, með einróma ákvörðun í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í 330. gr., að ákvörðun skuli tekin með auknum meirihluta.

2. Ef kveðið er á um það í einhverju því ákvæði sáttmálanna, sem beita má í tengslum við aukna samvinnu, að ráðið skuli samþykkja gerðir samkvæmt sérstakri lagasetningarmeðferð er því heimilt að samþykkja, með einróma ákvörðun í samræmi við fyrirkomulagið sem mælt er fyrir um í 330. gr., að ákvörðun skuli tekin samkvæmt almennri lagasetningarmeðferð. Ráðið skal taka ákvörðun að höfðu samráði við Evrópuþingið.

3. Ákvæði 1. og 2. mgr. skulu ekki gilda um ákvarðanir sem tengjast hernaðar- eða varnarstarfi.

*334. gr.*

(áður 27. gr. a–27. gr. e, 40. gr.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og áður 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið og framkvæmdastjórnin skulu sjá til þess að samræmi sé í starfsemi sem fram fer í tengslum við aukna samvinnu og að slík starfsemi samrýmist stefnum Sambandsins og skulu þau hafa með sér samvinnu í því skyni.

**SJÖUNDI HLUTI**

**ALMENN ÁKVÆÐI OG LOKAÁKVÆÐI**

*335. gr.*

(áður 282. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið skal hafa, í hverju aðildarríkjanna, það rétt hæfi og gerhæfi sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum; það getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og átt aðild að málarekstri. Framkvæmdastjórnin skal koma fram fyrir hönd Sambandsins í slíkum tilvikum. Sérhver stofnun Sambandsins skal þó koma fram fyrir hönd þess sem sjálfstætt stjórnvald að því er varðar málefni sem falla undir verksvið hennar.

*336. gr.*

(áður 283. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Evrópuþingið og ráðið skulu, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, mæla fyrir um starfsmannareglur embættismanna Sambandsins og ráðningarskilmála annarra starfsmanna Sambandsins.

*337. gr.*

(áður 284. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Framkvæmdastjórnin getur, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið ákveður með einföldum meirihluta í samræmi við ákvæði sáttmálanna, aflað þeirra upplýsinga og framkvæmt þær kannanir sem þörf er á til að hún geti innt af hendi þau störf sem henni eru falin.

*338. gr.*

(áður 285. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Evrópuþingið og ráðið skulu, með fyrirvara um 5. gr. bókunar um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, samþykkja í samræmi við almenna lagasetningarmedferð ráðstafanir um gerð hagskýrslna, þegar slíkt er nauðsynlegt til að Sambandið geti sinnt starfsemi sinni.

2. Við gerð hagskýrslna Sambandsins skal gæta óhlutdrægni, áreiðanleika, hlutlægni, vísindalegs fræðilegs sjálfstæðis, hagkvæmni og trúnaðarkvaða; hagskýrslugerðin má ekki leiða til óhóflegrar byrði fyrir rekstraraðila.

*339. gr.*

(áður 287. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Þeir sem eiga sæti í stofnunum Sambandsins, nefndarmenn, embættismenn og aðrir starfsmenn þess skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra, einkum upplýsingar um fyrirtæki, viðskiptatengsl þeirra eða kostnaðarþætti.

*340. gr.*

(áður 288. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Um skaðabótaábyrgð Sambandsins innan samninga fer að þeim lögum sem gilda um viðkomandi samning.

Að því er varðar skaðabótaábyrgð utan samninga skal Sambandið bæta það tjón, sem stofnanir þess eða starfsmenn kunna að valda við skyldustörf sín, í samræmi við sameiginlegar almennar meginreglur í löggjöf aðildarríkjanna.

Þrátt fyrir ákvæði annarrar málsgreinar skal Seðlabanki Evrópu bæta það tjón, sem hann eða starfsmenn hans kunna að valda við skyldustörf sín, í samræmi við sameiginlegar almennar meginreglur í löggjöf aðildarríkjanna.

Um persónulega ábyrgð starfsmanna gagnvart Sambandinu fer eftir ákvæðum starfsmannareglna, sem gilda um þá, eða ráðningarskilmála þeirra.

*341. gr.*

(áður 289. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ríkisstjórnir aðildarríkjanna skulu ákveða með samhljóða samkomulagi hvar stofnanir Sambandsins skuli hafa aðsetur sitt.

*342. gr.*

(áður 290. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ráðið skal, með setningu reglugerða, taka einróma ákvörðun um hvaða reglur skuli gilda um notkun tungumála í stofnunum Sambandsins, sbr. þó ákvæði stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins.

## 343. gr.

(áður 291. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sambandið skal njóta sérréttinda og friðhelgi á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í þeim mæli sem starfsemi þess krefst, samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í bókun frá 8. apríl 1965 um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins. Hið sama gildir um Seðlabanka Evrópu og Fjárfestingarbanka Evrópu.

## 344. gr.

(áður 292. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skuldbinda sig til að leita ekki lausnar á deilumáli um túlkun eða beitingu sáttmálanna á annan hátt en þann sem kveðið er á um í þeim.

## 345. gr.

(áður 295. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sáttmálarnir hafa engin áhrif á reglur aðildarríkjanna um skipan eignarréttar.

## 346. gr.

(áður 296. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ákvæði sáttmálanna skulu ekki hindra beitingu eftirfarandi reglna:

- a) engu aðildarríki er skylt að veita upplýsingar ef það telur það andstætt mikilvægum öryggishagsmunum sínum,
- b) aðildarríki getur gert hverjar þær ráðstafanir sem það telur nauðsynlegar til að vernda mikilvæga öryggishagsmuni sína og snúa að framleiðslu á eða viðskiptum með vopn, skotfæri og hergögn; slíkar ráðstafanir mega ekki raska samkeppnisskilyrðum á innri markaðnum að því er varðar framleiðsluvörur sem ekki eru sérstaklega ætlaðar til hernaðar.

2. Ráðinu er heimilt, með einróma ákvörðun sem tekin er að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að gera breytingar á skránni, sem það samþykkti 15. apríl 1958, yfir vörur sem ákvæði b-liðar 1. mgr. gilda um.

## 347. gr.

(áður 297. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Aðildarríkin skulu hafa samráð sín á milli um að taka í sameiningu þau skref sem þörf kann að vera á til að koma í veg fyrir að röskun verði á innri markaðnum vegna ráðstafana sem aðildarríki þarf að grípa til þegar alvarlegar innanlandserjur ógna lögum og reglu, á stríðstímum eða þegar mikill órói í alþjóðamálum veldur ófriðarhættu, eða til að uppfylla skyldur sem það kann að hafa tekið á sig til að gæta friðar og alþjóðaöryggis.

*348. gr.*

(áður 298. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Leiði ráðstafanir, sem gerðar eru við þær aðstæður sem um getur í 346. og 347. gr., til röskunar á samkeppnisaðstæðum á innri markaðnum skal framkvæmdastjórnin kanna, ásamt hlutaðeigandi ríki, hvernig aðlaga megi ráðstafanirnar þeim reglum sem kveðið er á um í sáttmálunum.

Þrátt fyrir málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í 258. og 259. gr., getur framkvæmdastjórnin eða aðildarríki leitað beint til Dómstólsins ef það telur að annað aðildarríki misnoti heimildirnar sem kveðið er á um í 346. og 347. gr. Dómstóllinn skal kveða upp dóm sinn fyrir luktum dyrum.

*349. gr.*

(áður önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 299. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Með hliðsjón af atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum og efnahagslegri og félagslegri stöðu á Gvadelúpeyjum, Frönsku Gvæjana, Martíník, Réunion, Sankti Bartolómeusar-eyjum, Sankti Martins-eyjum, Asoreyjum, Madeira og Kanaríeyjum, sem standa höllum fæti sökum þess að um er að ræða afskekkt eyjasamfélög sem einkennast af smæð, erfiðum staðháttum og veðurfari og efnahag sem reiðir sig á fáar framleiðsluvörur, en varanlegt eðli og samanlögð áhrif þessara þátta setja þróun þeirra miklar skorður, skal ráðið samþykkja, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, sértækar ráðstafanir sem miða einkum að því að ákveða með hvaða skilyrðum ákvæðum sáttmálanna, m.a. sameiginlegum stefnum, skuli beitt gagnvart þessum svæðum. Þegar ráðið samþykkir sértækar ráðstafanir af þessu tagi í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð skal það einnig taka slíka ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið.

Ráðstafanir samkvæmt fyrstu málsgrein varða einkum svið á borð við stefnu í tollamálum og viðskiptum, stefnu í skattamálum, frísvæði, landbúnaðar- og sjávarútvegsstefnu, skilyrði fyrir framboði á hráefnum og nauðsynlegum neysluvörum, ríkisaðstoð og skilyrði fyrir aðgangi að uppbyggingarsjóðum og þverlægum áætlunum Sambandsins.

Ráðið skal samþykkja ráðstafanir samkvæmt fyrstu málsgrein með hliðsjón af sérstökum einkennum ystu svæðanna og takmörkunum sem þau búa við, án þess þó að grafa undan áreiðanleika og festu í réttarkerfi Sambandsins, þ.m.t. innri markaðnum og sameiginlegu stefnunum.

## 350. gr.

(áður 306. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði sáttmálanna skulu ekki koma í veg fyrir tilvist eða áframhaldandi mótun svæðisbandalaga milli Belgíu og Lúxemborgar annars vegar og Belgíu, Lúxemborgar og Hollands hins vegar, að því marki sem markmiðum þessara svæðisbandalaga verður ekki náð með beitingu sáttmálanna.

## 351. gr.

(áður 307. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Ákvæði sáttmálanna eru með fyrirvara um réttindi og skyldur sem leiðir af samningum sem voru gerðir fyrir 1. janúar 1958 eða, að því er varðar umsóknarríki, fyrir gildistöku dag aðildar þeirra, milli eins eða fleiri aðildarríkja annars vegar og eins eða fleiri þriðju landa hins vegar.

Að því leyti, sem slíkir samningar samrýmast ekki sáttmálunum, skulu hlutaðeigandi aðildarríki gera allar viðeigandi ráðstafanir til að eyða hvers kyns misræmi. Aðildarríkin skulu liðsinna hvert öðru í þessu skyni, þegar þörf krefur, og taka sameiginlega afstöðu eftir því sem við á.

Við beitingu samninga eins og þeirra sem um getur í fyrstu málsgrein skulu aðildarríkin taka tillit til þess að órjúfanlegur þáttur í að koma Sambandinu á fót er það hagræði sem hvert þeirra um sig veitir með sáttmálunum og það er þar með órjúfanlega samofið því að sameiginlegum stofnunum er komið á fót, þeim veittar heimildir og að öll hin aðildarríkin veiti sama hagræði.

## 352. gr.

(áður 308. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

1. Ef aðgerð komi af hálfu Sambandsins reynist nauðsynleg til að ná einhverjum af þeim markmiðum sem eru sett fram í sáttmálunum, innan ramma þeirra stefna sem þar eru mótaðar, og sáttmálarnir veita ekki nauðsynlegar heimildir, skal ráðið samþykkinga einróma viðeigandi ráðstafanir, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki Evrópuþingsins. Þegar ráðið samþykkir ráðstafanir af þessu tagi í samræmi við sérstaka lagasetningarmeðferð skal það einnig taka ákvörðun einróma að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að fengnu samþykki Evrópuþingsins.

2. Framkvæmdastjórnin skal vekja athygli þjóðþinganna á tillögum sem byggjast á þessari grein á grundvelli málsmeðferðarinnar sem er notuð til að fylgjast með beitingu nálægðarreglunnar og um getur í 3. mgr. 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

3. Ráðstafanir samkvæmt þessari grein mega ekki fela í sér samræmingu á lögum eða reglum aðildarríkjanna í þeim tilvikum þegar sáttmálarnir útiloka slíka samræmingu.

4. Ákvæði þessarar greinar geta ekki legið til grundvallar því að ná markmiðum sem lúta að sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum, og í gerðum, sem samþykktar eru samkvæmt þessari grein, skal virða þær takmarkanir sem kveðið er á um í annarri málsgrein 40. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

## 353. gr.

Ákvæði 7. mgr. 48. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skulu ekki gilda um eftirfarandi greinar:

- þriðju og fjórðu málsgrein 311. gr.,
- fyrstu undirgrein 2. mgr. 312. gr.,
- 352. gr. og
- 354. gr.

## 354. gr.

(áður 309. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Við beitingu 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið um tímabundna sviptingu tiltekinna réttinda sem fylgja aðild að Sambandinu skal fulltrúi hlutaðeigandi aðildarríkis í leiðtogaráðinu eða ráðinu ekki taka þátt í atkvæðagreiðslu og ekki skal telja hlutaðeigandi aðildarríki með við útreikning á þriðjungi eða fjórum fimmtu þeirra aðildarríkja sem um getur í 1. og 2. mgr. þeirrar greinar. Hjáseta þeirra, sem viðstaddir eru atkvæðagreiðslu eða hafa veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sitt, hindrar ekki samþykkt ákvarðana sem um getur í 2. mgr. þeirrar greinar.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur í samræmi við b-lið 3. mgr. 238. gr. þessa sáttmála með tilliti til samþykktar ákvarðana sem um getur í 3. og 4. mgr. 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

Þegar ráðið tekur ákvörðun með auknum meirihluta á grundvelli ákvæðis í sáttmálunum, í kjölfar ákvörðunar um tímabundna sviptingu atkvæðisréttar sem er samþykkt skv. 3. mgr. 7. sáttmálans um Evrópusambandið, skal sá aukni meirihluti skilgreindur í samræmi við b-lið 3. mgr. 238. gr. þessa sáttmála eða, ef ráðið tekur ákvörðun að tillögu framkvæmdastjórnarinnar eða æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr.

Evrópuþingið skal, að því er varðar 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, taka ákvörðun með tveimur þriðju hlutum greiddra atkvæða sem svarar til meirihluta allra þingmanna.

## 355. gr.

(áður fyrsta undirgrein 2. mgr. 299. gr. og 3.–6. mgr. 299. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Um gildissvæði sáttmálanna skulu gilda eftirfarandi ákvæði, auk ákvæða 52. gr. sáttmálans um Evrópusambandið:

1. Ákvæði sáttmálanna skulu gilda um Gvadelúpeyjar, Frönsku Gvæjana, Martiník, Réunion, Sankti Bartolómeusar-eyjar, Sankti Martins-eyjar, Asoreyjar, Madeira og Kanaríeyjar í samræmi við 349. gr.
2. Hin sérstaka tilhögun tengsla, sem lýst er í fjórða hluta, skal gilda um þau lönd og yfirráðasvæði handan hafsinns sem skráð eru í II. viðauka.

Sáttmálarnir gilda ekki um þau lönd og yfirráðasvæði handan hafsins, sem eru í sérstöku sambandi við Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands og er ekki getið í áðurgreindri skrá.

3. Ákvæði sáttmálanna skulu gilda um þau evrópsku yfirráðasvæði sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir.
4. Ákvæði sáttmálanna skulu gilda um Álandseyjar í samræmi við ákvæðin í bókun 2 við lögum um skilmála vegna aðildar Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar.
5. Þrátt fyrir 52. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1.–4. mgr. þessarar greinar:
  - a) gilda sáttmálarnir ekki um Færeyjar,
  - b) gilda sáttmálarnir ekki um svæðin Akrotiri og Dhekelia á Kýpur þar sem Breska konungsríkið fer með yfirráð, nema að því marki sem nauðsynlegt er til að tryggja framkvæmd fyrirkomulagsins sem lýst er í bókun um svæði á Kýpur þar sem Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands fer með yfirráð sem fylgir með lögum um skilmála fyrir aðild Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu að Evrópusambandinu og í samræmi við skilmála þeirrar bókunar,
  - c) gilda sáttmálarnir aðeins um Ermarsundseyjar og Mön að því marki sem nauðsynlegt er til að koma til framkvæmda því fyrirkomulagi varðandi eyjarnar, sem kveðið er á um í sáttmálanum um aðild nýrra aðildarríkja Efnahagsbandalags Evrópu og Kjarnorkubandalags Evrópu sem undirritaður var hinn 22. janúar 1972.
6. Leiðtogaráðinu er heimilt, að frumkvæði hlutaðeigandi aðildarríkis, að samþykkja ákvörðun sem breytir stöðu danskra, franskra eða hollenskra landa eða yfirráðasvæða, sem um getur í 1. og 2. mgr., gagnvart Sambandinu. Leiðtogaráðið skal taka ákvörðun einróma að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina.

356. gr.

(áður 312. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Sáttmáli þessi er gerður til ótakmarkaðs tíma.

357. gr.

(áður 313. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins)

Hinir háu samningsaðilar skulu fullgilda sáttmála þennan í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar. Fullgildingarskjöl skulu afhent ríkisstjórn Lýðveldisins Ítalíu til vörslu.



Sáttmáli þessi öðlast gildi á fyrsta degi næsta mánaðar eftir að síðasta undirritunarríkið hefur lagt fram fullgildingarskjal sitt. Ef það er lagt fram þegar skemmra er til næstu mánaðamóta en 15 dagar öðlast sáttmálinn þó ekki gildi fyrr en á fyrsta degi annars mánaðar eftir að skjalið er lagt fram.

358. gr.

Ákvæði 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið gilda um þennan sáttmála.

ÞESSU TIL STAÐFESTU hafa undirritaðir fulltrúar, sem til þess hafa fullt umboð, undirritað sáttmála þennan.

Gjört í Róm tuttugasta og fimmta dag marsmánaðar á árinu nítján hundruð fimmtíu og sjö.

*(Skrá yfir undirritunaraðila er ekki birt hér)*

—



## **BÓKANIR**



## BÓKUN 1

## UM HLUTVERK ÞJÓÐÞINGA Í EVRÓPUSAMBANDINU

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUGFAST að sá háttur, sem þjóðþingin hafa á eftirliti með ríkisstjórnnum sínum í tengslum við starfsemi Sambandsins, ræðst af sérstakri stjórnskipun og stjórnskipunarvenjum hvers aðildarríkis,

SEM HAFA HUG Á að hvetja þjóðþingin til aukinnar þátttöku í starfsemi Evrópusambandsins og gera þeim betur kleift að láta í ljós álit á drögum að lagagerðum Sambandsins og öðrum málefnum sem þau láta sig sérstaklega varða.

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

## I. BÁLKUR

## UPPLÝSINGAR SEM SENDA BER ÞJÓÐÞINGUM

*1. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal senda þjóðþingunum beint umsagnarskjöl sín (græn- og hvítbækur og orðsendingar) um leið og þau eru birt. Framkvæmdastjórnin skal einnig senda þjóðþingunum ársáætlun um lagasetningu, auk annarra gagna er varða áætlanir um lagasetningu eða stefnu, á sama tíma og þessi gögn eru send Evrópuþinginu og ráðinu.

*2. gr.*

Senda skal þjóðþingunum drög að lagagerðum sem hafa verið lögð fyrir Evrópuþingið og ráðið.

Í þessari bókun merkir hugtakið „drög að lagagerðum“ tillögur frá framkvæmdastjórninni, tillögur að frumkvæði hóps aðildarríkja, tillögur að frumkvæði Evrópuþingsins, beiðnir frá Dómstólnum, tilmæli frá Seðlabanka Evrópu og beiðnir frá Fjárfestingarbanka Evrópu sem miða að samþykkt lagagerðar.

Framkvæmdastjórnin skal senda þjóðþingunum beint drög sín að lagagerðum á sama tíma og þau eru send Evrópuþinginu og ráðinu.

Evrópuþingið skal senda þjóðþingunum beint drög sín að lagagerðum.

Ráðið skal senda þjóðþingunum þau drög að lagagerðum sem koma frá hópi aðildarríkja, Dómstólnum, Seðlabanka Evrópu eða Fjárfestingarbanka Evrópu.

*3. gr.*

Í samræmi við málsmeðferðina, sem mælt er fyrir um í bókun um beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar, geta þjóðþingin sent forsetum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar rökstutt álit um það hvort drög að lagagerð samrýmist nálægðarreglunni.

Ef drög að lagagerð koma frá hópi aðildarríkja skal forseti ráðsins senda ríkisstjórnnum þessara aðildarríkja rökstudda álitið eða álitin.

Ef drög að lagagerð koma frá Dómstólnum, Seðlabanka Evrópu eða Fjárfestingarbanka Evrópu skal forseti ráðsins senda viðkomandi stofnun eða aðila rökstudda álitið eða álitin.

*4. gr.*

Átta vikur skulu líða frá því að drögum að lagagerð er komið á framfæri við þjóðþingin á opinberum tungumálum Sambandsins þar til þau eru sett inn á dagskrárdrög ráðsins til samþykktar eða til samþykktar á afstöðu samkvæmt lagasetningarmeðferð. Í brýnum tilvikum má þó veita undanþágu frá þessu og skal þá tilgreina ástæður fyrir því í gerðinni eða í afstöðu ráðsins. Að brýnum og rökstuddum tilvikum frátöldum er óheimilt að ganga frá samkomulagi um drög að lagagerð á þessum átta vikum. Að brýnum og rökstuddum tilvikum frátöldum skulu líða tíu dagar frá því að drög að lagagerð eru sett inn á dagskrárdrög ráðsins þar til afstaða er samþykkt.

*5. gr.*

Dagskrár og niðurstöður funda ráðsins, þ.m.t. fundargerðir frá fundum þar sem ráðið fjallar um drög að lagagerðum, skulu sendar þjóðþingunum beint á sama tíma og þær eru sendar ríkisstjórnnum aðildarríkjanna.

*6. gr.*

Þegar leiðtogaráðið hyggst beita fyrstu eða annarri undirgrein 7. mgr. 48. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal tilkynna þjóðþingunum um það frumkvæði leiðtogaráðsins eigi síðar en sex mánuðum áður en ákvörðun er samþykkt.

*7. gr.*

Endurskoðunarrétturinn skal senda þjóðþingunum ársskýrslu sína til upplýsingar á sama tíma og hún er send Evrópuþinginu og ráðinu.

## 8. gr.

Ef þjóðþing starfar ekki í einni deild gilda 1.–7. gr. um allar deildir þjóðþingsins.

## II. BÁLKUR

**ÞINGSAMSTARF**

## 9. gr.

Evrópuþingið og þjóðþingin skulu í sameiningu ákveða hvernig standa skuli að því að skipuleggja og efla skilvirkt og reglubundið samstarf þinga innan Sambandsins.

## 10. gr.

Ráðstefna þingnefnda um málefni Sambandsins getur lagt fyrir Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina allt tillag sem hún telur viðeigandi. Ráðstefnan skal auk þess stuðla að miðlun upplýsinga og bestu starfsvenja milli þjóðþinga og Evrópuþingsins, þ.m.t. milli fagnefnda þeirra. Hún getur einnig haldið ráðstefnur með þingunum um tiltekin málefni, s.s. málefni sem varða sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum. Þjóðþingin eru ekki bundin af tillagi frá ráðstefnunni og það ákvarðar ekki afstöðu þeirra.

---

## BÓKUN 2

## UM BEITINGU NÁLÆGÐARREGLUNNAR

## OG MEÐALHÓFSREGLUNNAR

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFI HUG Á að tryggja að ákvarðanir séu teknar eins nálægt borgurum Sambandsins og mögulegt er,

SEM EINSETJA SÉR að setja skilyrði fyrir beitingu nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar, sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, og koma á kerfi eftirlits með beitingu þessara meginreglna,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Hver stofnun skal tryggja að nálægðarreglunni og meðalhófsreglunni, sem mælt er fyrir um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, sé jafnan fylgt.

*2. gr.*

Áður en framkvæmdastjórnin leggur fram tillögu um lagagerð skal hún efna til víðtæks samráðs. Við samráðið skal, eftir því sem við á, taka tillit til svæðisbundinna og staðbundinna þátta fyrirhugaðrar aðgerðar. Í brýnum undantekningartilvikum efnir framkvæmdastjórnin ekki til slíks samráðs. Hún skal rökstyðja þá ákvörðun í tillögu sinni.

*3. gr.*

Í þessari bókun merkir hugtakið „drög að lagagerðum“ tillögur frá framkvæmdastjórninni, tillögur að frumkvæði hóps aðildarríkja, tillögur að frumkvæði Evrópuþingsins, beiðnir frá Dómstólnum, tilmæli frá Seðlabanka Evrópu og beiðnir frá Fjárfestingarbanka Evrópu sem miða að samþykkt lagagerðar.

*4. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal senda þjóðþingunum drög sín að lagagerðum ásamt breytingum á drögum á sama tíma og þessi gögn eru send löggjafa Sambandsins.

Evrópuþingið skal senda þjóðþingunum drög sín að lagagerðum ásamt breytingum á drögum.

Ráðið skal senda þjóðþingunum þau drög að lagagerðum sem koma frá hópi aðildarríkja, Dómstólnum, Seðlabanka Evrópu eða Fjárfestingarbanka Evrópu, ásamt breytingum á drögum.



Við samþykkt skal senda þjóðþingunum löggjafarákvarðanir Evrópuþingsins og afstöðu ráðsins.

5. gr.

Rökstyðja skal drög að lagagerðum með vísan til nálægðarreglunnar og meðalhófsreglunnar. Sérhverjum drögum að lagagerð skal fylgja ítarleg greinargerð sem gerir kleift að meta hvort nálægðarreglunni og meðalhófsreglunni sé fylgt. Í greinargerðinni skal koma fram mat á fjárhagslegum áhrifum tillögunnar og, þegar um tilskipun er að ræða, afleiðingum hennar að því er varðar ákvæði sem aðildarríkjunum ber að innleiða, þ.m.t. í svæðisbundinni löggjöf ef þörf krefur. Rökstyðja skal þá niðurstöðu að markmiðum Sambandsins verði betur náð á vettvangi þess með eigindlegum og, þar sem því verður við komið, meginlegum viðmiðunum. Í drögum að lagagerðum skal taka tillit til þess að halda verður í lágmarki, og í réttu hlutfalli við sett markmið, byrðum sem lagðar eru á Sambandið, ríkisstjórnir, svæðis- eða staðaryfirvöld, atvinnurekendur og almenning, hvort sem þær eru fjárhagslegs eða stjórnsýslulegs eðlis.

6. gr.

Sérhvert þjóðþing og sérhver deild þjóðþings getur, innan átta vikna frá afhendingu draga að lagagerð á opinberum tungumálum Sambandsins, sent forsetum Evrópuþingsins, ráðsins og framkvæmdastjórnarinnar rökstutt álit með skýringu á því hvers vegna það telur drögin ekki samrýmast nálægðarreglunni. Það er undir hverju þjóðþingi eða hverri deild þjóðþings komið að hafa samráð, ef við á, við svæðisþing sem hafa löggjafarvald.

Ef drög að lagagerð koma frá hópi aðildarríkja skal forseti ráðsins senda álitnið til ríkistjórna þeirra aðildarríkja.

Ef drög að lagagerð koma frá Dómstólnum, Seðlabanka Evrópu eða Fjárfestingarbanka Evrópu skal forseti ráðsins senda álitnið til viðkomandi stofnunar eða aðila.

7. gr.

1. Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnin og, ef við á, hópur aðildarríkja, Dómstóllinn, Seðlabanki Evrópu eða Fjárfestingarbanki Evrópu, ef drögin að lagagerð koma frá þeim, skulu taka tillit til rökstuddra álita sem þjóðþing eða deild þjóðþings láta frá sér fara.

Hvert þjóðþing skal hafa tvö atkvæði sem er skipt niður á grundvelli skipulags þjóðþingsins. Þegar þingið starfar í tveimur deildum skal hvor deild um sig hafa eitt atkvæði.

2. Endurskoða ber drög að lagagerð ef minnst einn þriðji hluti allra atkvæða, sem þjóðþingunum er úthlutað í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr., er að baki rökstuddum álitum um að drögin samrýmist ekki nálægðarreglunni. Þessi mörk skulu vera einn fjórði hluti þegar um er að ræða drög að lagagerð sem eru lögð fram á grundvelli 76. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis.

Að slíkri endurskoðun lokinni getur framkvæmdastjórnin eða, ef við á, hópur aðildarríkja, Dómstóllinn, Seðlabanki Evrópu eða Fjárfestingarbanki Evrópu, ef drögin að lagagerð koma frá þeim, ákveðið að halda drögunum til streitu, breyta þeim eða afturkalla þau. Ákvörðunin skal rökstudd.

3. Tillaga að lagagerð skal einnig endurskoðuð, innan ramma almennrar lagasetningarmeðferðar, ef a.m.k. einfaldur meirihluti þeirra atkvæða, sem þjóðþingum er úthlutað í samræmi við aðra undirgrein 1. mgr., er að baki rökstuddum álitum um að tillagan samrýmist ekki nálægðarreglunni. Að slíkri endurskoðun lokinni getur framkvæmdastjórnin ákveðið að halda tillögunni til streitu, breyta henni eða afturkalla hana.

Ef framkvæmdastjórnin kýs að halda tillögu sinni til streitu skal hún setja fram, í rökstuddum álitum, ástæður þess að hún telur að tillagan samrýmist nálægðarreglunni. Senda skal löggjafa Sambandsins þetta rökstudda álit til umfjöllunar í málsmeðferðinni, ásamt rökstuddu álitum þjóðþinganna:

- a) áður en fyrstu umræðu er lokið skal löggjafinn (Evrópuþingið og ráðið) athuga hvort tillaga að nýrri löggjöf samrýmist nálægðarreglunni, að teknu sérstöku tilliti til þess rökstuðnings, sem meirihluti þjóðþinga lætur í ljós og deilir, og rökstudds álits framkvæmdastjórnarinnar,
- b) telji löggjafinn, með 55% meirihluta þeirra sem eiga sæti í ráðinu eða meirihluta atkvæða í Evrópuþinginu, að viðkomandi tillaga að nýrri löggjöf samrýmist ekki nálægðarreglunni skal ekki taka hana til frekari umfjöllunar.

#### 8. gr.

Dómstóll Evrópusambandsins skal hafa lögsögu í málum, sem aðildarríkin höfða í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eða tilkynna um í samræmi við eigið réttarkerfi fyrir hönd eigin þjóðþinga eða deilda þeirra, á þeirri forsendu að lagagerð brjóti í bága við nálægðarregluna.

Svæðanefndin getur einnig höfðað slík mál varðandi lagagerðir, í samræmi við reglurnar sem mælt er fyrir um í áðurnefndri grein, ef kveðið er á um það í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins að hafa skuli samráð við hana við samþykkt þeirra.

*9. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal ár hvert leggja skýrslu fyrir leiðtogaráðið, Evrópuþingið, ráðið og þjóðþingin um beitingu 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Þessa árlegu skýrslu ber einnig að senda efnahags- og félagsmálanefndinni og svæðanefndinni.

---

## BÓKUN 3

**UM STOFNSAMÞYKKT DÓMSTÓLS EVRÓPUSAMBANDSINS**

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA HUG Á að mæla fyrir um stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins sem kveðið er á um í 281. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

*1. gr.*

Dómstóli Evrópusambandsins skal komið á fót og skal hann starfa í samræmi við ákvæði sáttmálanna, stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu (KBE-sáttmálans) og þessarar stofnsamþykktar.

## I. BÁLKUR

**DÓMARAR OG LÖGSÖGUMENN***2. gr.*

Áður en dómari tekur við embætti skal hann, í opnu þinghaldi, sverja eið fyrir Dómstólnum um að gegna störfum sínum án hlutdrægni og af samviseksemi og gæta trúnaðar varðandi umfjöllun Dómstólsins um niðurstöðu mála.

*3. gr.*

Dómarar skulu njóta friðhelgi fyrir málsóknum. Eftir að þeir láta af embætti skulu þeir áfram njóta friðhelgi vegna allra athafna sinna í starfi, þ.m.t. vegna orða í ræðu eða riti.

Dómstóllinn getur felld niður þessa friðhelgi með ákvörðun fullskipaðs dómstóls. Varði slík ákvörðun dómara við Almenna dómstólinn eða sérdómstól skal Dómstóllinn taka ákvörðun að höfðu samráði við viðkomandi dómstól.

Hafi friðhelgi verið felld niður og sakamál verið höfðað á hendur dómara skal í hverju aðildarríkjana eingöngu rétta í máli hans fyrir dómstóli sem er til þess bær að dæma dómara í æðstu dómaraembættum landsins.

Ákvæði 11.–14. gr. og 17. gr. bókunar um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins skulu gilda um dómara, lögsögumenn, dómritara og aðstoðarframsögumenn Dómstóls Evrópusambandsins, sbr. þó ákvæði undanfarandi málsgreina er varða friðhelgi dómara fyrir málsóknum.

*4. gr.*

Dómarar mega hvorki gegna störfum á vettvangi stjórn mála né stjórn sýslu.

Þeir skulu ekki hafa annað starf með höndum, hvort sem það er launað starf eða ekki, nema því aðeins að ráðið hafi sérstaklega veitt til þess undanþágu með einföldum meirihluta.

Er þeir taka við embætti skulu þeir vinna heit að því að virða þær skyldur sem embætti þeirra fylgja, bæði á skipunartímanum og eftir að honum er lokið, sérstaklega skulu þeir gæta ráðvendni og þagmælsku ef þegin eru tiltekin störf eða hlunnindi að starfstímanum loknum.

Öll vafamál í þessum efnum skulu leyst með ákvörðun dómstólsins. Varði slík ákvörðun dómara við Almenna dómstólinn eða sérdómstól skal Dómstóllinn taka ákvörðun að höfðu samráði við viðkomandi dómstól.

*5. gr.*

Ef frá eru talin venjuleg mannaskipti eða dauðsföll skal skyldustörfum dómara ljúka þegar hann segir af sér.

Segi dómari af sér skal afsagnarbréf hans stílað á forseta Dómstólsins sem sendir það áfram til forseta ráðsins. Við þessa tilkynningu losnar sæti dómara.

Dómari skal halda áfram að gegna embætti þar til eftirmaður hans tekur við störfum, nema í því tilviki er 6. gr. gildir.

*6. gr.*

Einungis er heimilt að svipta dómara embætti sínu eða lífeyrisrétti eða öðrum hlunnindum í þeirra stað ef það er samdóma álit dómara og lögsögumanna Dómstólsins að dómari fullnægi ekki lengur nauðsynlegum skilyrðum eða standist kröfur sem fylgja starfinu. Hlutaðeigandi dómari skal ekki taka þátt í slíkri umfjöllun. Ef um er að ræða dómara við Almenna dómstólinn eða við sérdómstól skal Dómstóllinn taka ákvörðun að höfðu samráði við viðkomandi dómstól.

Dómritari Dómstólsins skal skýra forseta Evrópuþingsins og forseta framkvæmdastjórnarinnar frá ákvörðun Dómstólsins og tilkynna hana til forseta ráðsins.

Ef um er að ræða ákvörðun um að svipta dómara embætti sínu losnar sæti dómara við þessa síðarnefndu tilkynningu.

*7. gr.*

Dómari sem kemur í stað dómara er situr ekki út skipunartíma sinn skal skipaður til loka skipunartíma fyrirrennara hans.

*8. gr.*

Ákvæði 2.–7. gr. gilda um lögsögumenn.

## II. BÁLKUR

## SKIPULAG DÓMSTÓLSINS

*9. gr.*

Nýir dómara skulu skipaðir í hluta dómaraembættanna á þriggja ára fresti og skulu þá til skiptis skipaðir 14 og 13 dómara.

Nýir lögsögumenn skulu skipaðir í hluta embættanna á þriggja ára fresti og skulu þá hverju sinni skipaðir fjórir lögsögumenn.

*10. gr.*

Dómritari skal sverja eið fyrir Dómstólnum um að gegna störfum sínum án hlutdrægni og af samviskusemi og gæta trúnaðar varðandi umfjöllun Dómstólsins um niðurstöðu mála.

*11. gr.*

Dómstóllinn skal sjá til þess að staðgengill verði fenginn í stað dómritarans geti hann ekki sinnt störfum sínum í Dómstólnum.

*12. gr.*

Embættismenn og aðrir starfsmenn skulu ráðnir að Dómstólnum til að hann geti starfað. Þeir skulu vera ábyrgir gagnvart dómritaranum sem starfar undir stjórn forsetans.

*13. gr.*

Evrópuþinginu og ráðinu er heimilt, að beiðni Dómstólsins og í samræmi við almenna lagasetningarmedferð, að kveða á um tilnefningu aðstoðarframsögumanna og setja reglur um störf þeirra. Í samræmi við skilyrði, sem mælt er fyrir um í starfsreglunum, má kalla aðstoðarframsögumenn til þátttöku í undirbúningsrannsóknum í málum sem eru til meðferðar hjá Dómstólnum og samstarfs við dómara sem er framsögumaður.

Til embættis aðstoðarframsögumanna skal velja þá sem óvefengjanlega eru öðrum óháðir og hafa menntun og hæfi á sviði lögfræði; þeir skulu skipaðir af ráðinu samkvæmt ákvörðun sem tekin er með einföldum meirihluta. Þeir skulu sverja eið fyrir Dómstólnum um að gegna störfum sínum án hlutdrægni og af samviskusemi og gæta trúnaðar varðandi umfjöllun Dómstólsins um niðurstöðu mála.

*14. gr.*

Dómarar, lögsögumenn og dómritari skulu búa á þeim stað er Dómstóllinn hefur aðsetur sitt.

*15. gr.*

Starfstími Dómstólsins skal vera samfelldur. Dómstóllinn skal ákveða hve lengi réttarhlé stendur yfir með tilhlýðilegu tilliti til umfangs þeirra mála sem bíða úrlausnar.

*16. gr.*

Dómstóllinn skal starfa í deildum með þremur og fimm dómurum. Dómarar kjósa forseta deilda úr sínum hópi. Forsetar deilda með fimm dómurum eru kosnir til þriggja ára. Þá má endurkjósa einu sinni.

Yfirdeild skal skipuð 13 dómurum. Forseti Dómstólsins skal veita henni forstöðu. Í yfirdeildinni skulu einnig eiga sæti forsetar deilda með fimm dómurum svo og aðrir dómarar sem skulu skipaðir í samræmi við skilyrðin sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

Dómstóllinn skal koma saman í yfirdeild ef aðildarríki eða stofnun Evrópusambandsins, sem er aðili máls, fer fram á það.

Dómstóllinn skal sitja fullskipaður ef mál eru höfðuð fyrir honum á grundvelli 2. mgr. 228. gr., 2. mgr. 245. gr., 247. gr. eða 6. mgr. 286. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Telji Dómstóllinn að mál, sem er höfðuð fyrir honum, hafi sérstaklega mikla þýðingu getur hann einnig ákveðið, að fengnu álit lögsögumanns, að vísa málinu til fullskipaðs Dómstóls.

*17. gr.*

Ákvarðanir Dómstólsins eru ekki gildar nema fjöldi dómara, sem sitja í dómnum, standi á oddatölu.

Ákvarðanir deilda með þremur eða fimm dómurum eru ekki gildar nema þrír dómarar sitji í dómnum.

Ákvarðanir yfirdeildar eru ekki gildar nema níu dómarar sitji í dómnum.

Ákvarðanir fullskipaðs Dómstóls eru ekki gildar nema 15 dómarar sitji í dómnum.

Í forföllum eins af dómurum tiltekinnar deildar er heimilt að kalla til dómara annarrar deildar í samræmi við skilyrði sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

*18. gr.*

Dómara eða lögsögumanni er óheimilt að taka þátt í afgreiðslu máls sem hann hefur áður hlutast til um sem umboðsmaður eða ráðgjafi eða komið fram fyrir hönd einhvers málsaðilans eða hann hefur verið kallaður til í því sem dómari í dómstóli, rannsóknarnefnd eða með öðrum hætti.

Ef dómari eða lögsögumaður álitur einhverra hluta vegna að hann eigi ekki að taka þátt í að dæma eða athuga tiltekið mál skal hann tilkynna forseta það. Ef forsetinn álitur einhverra hluta vegna að dómari eða lögsögumaður ætti ekki að sitja í dómi eða leggja sitt af mörkum í tilteknu máli skal hann tilkynna honum það.

Skorið skal úr um þau vafamál sem upp koma við beitingu þessarar greinar með ákvörðun Dómstólsins.

Málsaðili getur ekki farið fram á breytingu á skipan Dómstólsins eða einherrar deildar hans á grundvelli þjóðernis dómara eða þess að enginn dómari af sama þjóðerni og málsaðilinn sitji í dómnum eða deildinni.

## III. BÁLKUR

**MÁLSMEDFERÐ FYRIR DÓMSTÓLNUM***19. gr.*

Umboðsmaður, skipaður fyrir hvert mál, skal vera í fyrirsvari fyrir aðildarríkin og stofnanir Sambandsins gagnvart Dómstólnum; umboðsmaðurinn getur haft sér til aðstoðar ráðgjafa eða lögmann.

Ríkin, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en eru ekki aðildarríki, svo og Eftirlitsstofnun EFTA, sem um getur í þeim samningi, skulu njóta fyrirsvars á sama hátt.

Lögmaður skal vera í fyrirsvari fyrir aðra málsaðila.

Einungis lögmaður, sem hefur heimild til að flytja mál fyrir dómstóli aðildarríkis eða annars ríkis sem er aðili að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, má vera í fyrirsvari fyrir málsaðila eða aðstoða hann fyrir Dómstólnum.

Umræddir umboðsmenn, ráðgjafar og lögmenn skulu, þegar þeir koma fyrir Dómstólinn, njóta nauðsynlegra réttinda og friðhelgi til að þeir geti gegnt skyldustörfum sínum samkvæmt þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

Dómstóllinn skal hafa þær heimildir sem venja er að veita dómstólum gagnvart ráðgjöfum og lögmönnum sem koma fyrir hann, með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

Háskólakennarar, sem eru ríkisborgarar í aðildarríki, skulu hafa sömu réttindi fyrir Dómstólnum og grein þessi veitir lögmönnum ef þeir hafa heimild til að flytja mál fyrir dómstólum í því aðildarríki samkvæmt lögum þess.



## 20. gr.

Málsmeðferð fyrir Dómstólnum skal vera með tvennum hætti: skrifleg og munnleg.

Skrifleg málsmeðferð felst í að miðla stefnum, greinargerðum, málsvörnum og athugasemdum, og svörum ef einhver eru, svo og öllum pappírnum og skjölum til stuðnings eða staðfestum endurritum af þeim til málsaðila og þeirra stofnana Sambandsins sem tóku ákvarðanirnar sem deilt er um.

Dómritari skal sjá um að miðla þessum gögnum í þeirri röð og innan þess frests sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

Munnleg málsmeðferð felst í því að lesa skýrslu dómara sem er framsögumaður, hlýða á málflutning umboðsmanna, ráðgjafa og lögmanna og tillögur lögsögumanns, svo og skýrslutöku af vitnum og sérfræðingum ef svo ber undir.

Telji Dómstóllinn að engin ný lagaatriði komi fram í málinu getur hann ákveðið, að fengnu álitum lögsögumanns, að dæmt skuli í málinu án þess að lögsögumaður leggi fram tillögur.

## 21. gr.

Mál skal lagt fyrir Dómstólinn með skriflegri stefnu sem sendist til dómritara. Í stefnu skal koma fram nafn og fast heimilisfang sóknaraðila og staða undirritunaraðila, nafn málsaðila sem stefna beinist að, efni deilunnar, kröfugerð og stutt lýsing á málsástæðum og lagarökum sem stefnan byggist á.

Stefnunni skal fylgja, eftir því sem við á, sú ráðstöfun sem krafist er ógildingar á eða, séu málavextir eins og um getur í 265. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skjalfest staðfesting á því hvaða dag skorað var á stofnunina að hefjast handa, í samræmi við þá grein. Ef skjölin eru ekki lögð fram með stefnunni skal dómritari fara fram á það við hlutaðeigandi málsaðila að hann geri það innan hæfilegs tíma; þó missir málsaðili ekki rétt sinn ef skjölin eru lögð fram eftir að tímafresturinn sem var ætlaður til að hefja málsmeðferð rennur út.

## 22. gr.

Fara skal með mál, sem fellur undir gildissvið 18. gr. KBE-sáttmálans, fyrir Dómstólinn með málskoti sem beint er til dómritara. Í málskotinu skal koma fram nafn og fast heimilisfang sóknaraðila, staða undirritunaraðila, vísun til þeirrar ákvörðunar sem sætir málskoti, nöfn hinna stefndu, efni deilunnar, röksemdir og stutt lýsing á ástæðum til málskotsins.

Málskotinu skal fylgja staðfest afrit af þeirri ákvörðun gerðarnefndar sem ágreiningur ríkir um.

Vísi Dómstóllinn málskotinu frá skal ákvörðun gerðarnefndar í málinu vera endanleg.

Ógildi Dómstóllinn ákvörðun gerðarnefndar er heimilt, eftir því sem við á, að leggja málið aftur fyrir gerðarnefnd, að frumkvæði eins málsaðilanna. Gerðarnefndin skal bundin af ákvörðunum Dómstólsins um lagaatriði.

## 23. gr.

Í málum, sem falla undir gildissvið 267. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal dómstóll í aðildarríki, sem ákveður að fresta málsmeðferð og vísa máli til Dómstólsins, tilkynna Dómstólnum um þá ákvörðun. Dómritari Dómstólsins skal síðan tilkynna ákvörðunina málsaðilum, aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni, svo og þeirri stofnun, aðila, skrifstofu eða sérstofnun Sambandsins sem samþykkti gerðina sem ágreiningur stendur um varðandi lögmæti eða túlkun.

Innan tveggja mánaða frá því að tilkynningin var lögð fram hafa málsaðilar, aðildarríkin, framkvæmdastjórnin og, eftir því sem við á, sú stofnun, aðili, skrifstofa eða sérstofnun, sem samþykkti gerðina sem ágreiningur stendur um varðandi lögmæti eða túlkun, heimild til að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir Dómstólinn.

Í málum, sem falla undir gildissvið 267. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal dómritari Dómstólsins enn fremur tilkynna ríkjum, sem eiga aðild að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en eru ekki aðildarríki, og Eftirlitsstofnun EFTA, sem um getur í þeim samningi, um ákvörðun innlenda dómstólsins og er þeim heimilt að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir Dómstólinn innan tveggja mánaða frá tilkynningunni, svo fremi málið heyri undir gildissvið þess samnings.

Sé kveðið á um það í samningi um tiltekið efni, sem ráðið hefur gert við eitt eða fleiri ríki utan Evrópusambandsins, að þessi ríki eigi rétt á að leggja fram greinargerðir eða skriflegar athugasemdir ef dómstóll aðildarríkis vísar álitafni, sem fellur undir gildissvið þess samnings, til Dómstólsins til forúrskurðar, skal einnig tilkynna þessum ríkjum um ákvörðun dómstóls aðildarríkisins er varðar umrætt álitafni. Þessum ríkjum er heimilt að leggja greinargerðir eða skriflegar athugasemdir fyrir Dómstólinn innan tveggja mánaða frá slíkri tilkynningu.

23. gr. a (<sup>1</sup>)

Í starfsreglunum er heimilt að kveða á um hraða málsmeðferð og, þegar um er að ræða forúrskurð sem varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, flýtimeðferð.

Málsmeðferð af því tagi getur falið í sér styttri frest til að leggja fram greinargerð eða skriflegar athugasemdir en kveðið er á um í 23. gr. og, þrátt fyrir fjórðu málsgrein 20. gr., að málið sé afgreitt án þess að lögsögumaður leggi fram tillögur.

Að því er varðar flýtimeðferðina má auk þess kveða á um takmörkun á fjölda þeirra málsaðila og annarra hagsmunaaðila, sem um getur í 23. gr., sem mega leggja fram greinargerðir eða skriflegar athugasemdir og að skriflegum þætti málsmeðferðarinnar verði sleppt í afar brýnum málum.

(<sup>1</sup>) Greinin bætist við með ákvörðun 2008/79/EB, KBE (Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 42).

*24. gr.*

Dómstóllinn getur áskilið að málsaðilar leggi fram öll skjöl og veiti allar þær upplýsingar sem hann kys. Formleg skráning skal gerð vegna neitunar.

Dómstóllinn getur einnig áskilið að aðildarríki og stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir, sem eiga ekki hlut að máli, veiti allar þær upplýsingar sem dómstóllinn telur nauðsynlegar í málinu.

*25. gr.*

Dómstóllinn getur hvenær sem er falið einstaklingi, stofnun, yfirvaldi, nefnd eða öðrum aðila, sem hann velur, að gefa sérfræðiálit.

*26. gr.*

Vitnaleiðslur skulu fara fram með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

*27. gr.*

Að því er varðar vitni sem ekki mætir fyrir dómi skal Dómstóllinn hafa þær heimildir sem alla jafna eru veittar dómstólum og getur lagt á fjársekt með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

*28. gr.*

Heimilt er að láta vitni og sérfræðinga sverja eið í samræmi við starfsreglurnar eða með þeim hætti sem mælt er fyrir um í lögum í landi vitnisins eða sérfræðingsins.

*29. gr.*

Dómstóllinn getur fyrirskipað að vitni eða sérfræðingur gefi skýrslu fyrir dómstóli á þeim stað er hann hefur fasta búsetu.

Senda skal skipun lögbærum dómstóli til framkvæmdar með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum. Skila skal skjölum sem tekin eru saman samkvæmt réttarbeiðnum til Dómstólsins með sömu skilyrðum.

Dómstóllinn skal bera kostnaðinn, með fyrirvara um rétt til að innheimta hann, eftir því sem við á, af málsaðilum.

*30. gr.*

Rjúfi vitni eða sérfræðingur eið skal aðildarríki fara með slíkt brot á sama hátt og brot gegn dómstóli sínum sem fer með lögsögu í einkamálum. Að beiðni Dómstólsins skal hlutaðeigandi aðildarríki sækja brotlega aðilann til saka fyrir lögbærum dómstóli þess.

*31. gr.*

Dómþing skulu háð í heyranda hljóði nema Dómstóllinn ákveði annað að eigin frumkvæði eða að beiðni málsaðila og hafi til þess gildar ástæður.

*32. gr.*

Dómstóllinn getur tekið skýrslu af sérfræðingum, vitnum eða málsaðilum sjálfum meðan á dómþingi stendur. Þó mega hinir síðarnefndu aðeins ávarpa Dómstóllinn fyrir milligöngu fulltrúa sinna.

*33. gr.*

Við hvert dómþing skal rita fundargerð sem forseti og dómritari undirrita.

*34. gr.*

Forsetinn skal koma á málaskrá.

*35. gr.*

Umfjöllun dómara Dómstólsins skal vera og haldast leynileg.

*36. gr.*

Dómar skulu rökstuddir. Þar skulu koma fram nöfn þeirra dómara sem tóku þátt í umfjöllun málsins.

*37. gr.*

Forseti og dómritari skulu undirrita dóma. Þá skal lesa upp á dómþingi í opnu þinghaldi.

*38. gr.*

Dómstóllinn skal dæma um málskostnað.

*39. gr.*

Dómsforseta er heimilt, með styttri málsmeðferð sem getur, að því marki sem nauðsynlegt er, verið frábrugðin sumum þeirra reglna sem er að finna í þessari stofnsamþykkt og mælt skal fyrir um í starfsreglunum, að úrskurða samkvæmt beiðni að fresta skuli beitingu gerðar, eins og kveðið er á um í 278. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 157. gr. KBE-sáttmálans, eða að fyrirskipa skuli tímabundnar ráðstafanir skv. 279. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða að fresta skuli fullnustu í samræmi við fjórðu málsgrein 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða þriðju málsgrein 164. gr. KBE-sáttmálans.

Í forföllum forseta skal annar dómari taka sæti hans með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsreglunum.

Úrskurður forseta eða dómara, sem tekur sæti hans, skal vera til bráðabirgða og skal á engan hátt hafa áhrif á ákvörðun Dómstólsins um efnisatriði málsins.

*40. gr.*

Aðildarríki og stofnanir Sambandsins geta gengið inn í mál fyrir Dómstólnum.

Sama rétt hafa aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins svo og aðrir þeir sem geta sýnt fram á að þeir hafi hagsmuna að gæta við úrlausn máls er lagt hefur verið fyrir Dómstólinn. Einstaklingar og lögaðilar mega ekki ganga inn í mál sem rekið er milli aðildarríkja, milli stofnana Sambandsins eða milli aðildarríkja annars vegar og stofnana Sambandsins hins vegar.

Með fyrirvara um aðra málsgrein geta ríkin, sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið en eru ekki aðildarríki, og Eftirlitsstofnun EFTA, sem um getur í þeim samningi, gengið inn í mál fyrir Dómstólnum svo fremi málið heyri undir gildissvið þess samnings.

Meðalgöngustefna skal takmarkast við stuðning við kröfugerð eins af málsaðilum.

*41. gr.*

Leggi varnaraðili ekki fram skriflega málsvörn, eftir að honum hefur verið löglega stefnt, skal hann hljóta útivistardóm. Heimilt er að leggja fram andmæli gegn dóminum innan eins mánaðar frá því að hann er birtur. Andmælin skulu ekki verða til þess að fallið sé frá fullnustu útivistardómsins nema Dómstóllinn ákveði annað.

*42. gr.*

Aðildarríkin, stofnanir, aðilar, skrifstofur og sérstofnanir Sambandsins, svo og einstaklingar eða lögaðilar, geta, í þeim málum og samkvæmt þeim skilyrðum sem kveðið er á um í starfsreglunum, komið á málsókn þriðja aðila til að hnekkja dómi sem fallið hefur án þess að þeir hafi fengið að leggja mál sitt fyrir, ef dómurinn skerðir rétt þeirra.

*43. gr.*

Leiki vafi á um merkingu eða gildissvið dóms skal Dómstóllinn túlka hann að beiðni málsaðila eða stofnunar Sambandsins sem sýnt getur fram á að hafa hagsmuna að gæta.

*44. gr.*

Einungis er heimilt að fara fram á endurupptöku dóms hjá Dómstólnum ef í ljós koma upplýsingar sem hafa úrslitaáhrif og voru Dómstólnum ókunnar þegar dómurinn var kveðinn upp og málsaðila þeim er fer fram á endurupptöku.

Endurupptaka skal hefjast á úrskurði Dómstólsins um að í ljós hafi komið nýjar upplýsingar þess eðlis að skoða megi málið að nýju og að á þeim grundvelli megi verða við beiðninni.

Óheimilt er að fara fram á endurupptöku hafi tíu ár liðið frá því að dómurinn var kveðinn upp.

*45. gr.*

Kveðið skal á um sérstaka fresti vegna fjarlægðar í starfsreglunum.

Útrunninn tímafrestur skal ekki verða til þess að hafa áhrif á rétt viðkomandi málsaðila ef hann getur sannað að fyrir því séu ófyrirsjáanlegar eða óviðráðanlegar ástæður.

*46. gr.*

Óheimilt skal vera að höfða mál gegn Sambandinu vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga eftir að fimm ár eru liðin frá því að atvikið sem um er að ræða átti sér stað. Málshöfðunarfrestur telst rofinn ef mál er höfðað fyrir Dómstólnum eða málsaðili sá er hefur verið gert rangt til kærir til stofnunar Sambandsins áður en málarekstur hefst. Í síðara tilvikinu verður að höfða mál innan tveggja mánaða frestsins sem kveðið er á um í 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins; ákvæði annarrar málsgreinar 265. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda eftir því sem við á.

Ákvæði þessarar greinar gilda einnig um málshöfðun gegn Seðlabanka Evrópu vegna skaðabótaábyrgðar utan samninga.

**IV. BÁLKUR****ALMENNI DÓMSTÓLLINN***47. gr.*

Ákvæði fyrstu málsgreinar 9. gr., 14. og 15. gr., fyrstu, annarrar, fjórðu og fimmtu málsgrein 17. gr. og 18. gr. gilda um Almenna dómstóllinn og dómara hans.

Ákvæði fjórðu málsgreinar 3. gr. og 10., 11. og 14. gr. gilda um dómritara Almenna dómstólsins að breyttu breytanda.

*48. gr.*

Almenni dómstóllinn skal skipaður 27 dómurum.

## 49. gr.

Heimilt er að kveðja dómara Almenna dómstólsins til að gegna störfum lögsögumanns.

Til að auðvelda Almenna dómstólnum að gegna hlutverki sínu skal lögsögumaður af fyllstu óhlutdrægni og sjálfstæði leggja fram, í opnu þinghaldi, rökstuddar tillögur um tiltekin mál sem Almenni dómstóllinn fær til meðferðar.

Í starfsreglum Almenna dómstólsins skal mæla fyrir um viðmiðanir við val á slíkum málum, auk málsmeðferðar sem viðhafa skal þegar lögsögumaður er kvaddur til.

Dómara, sem er kvaddur til að gegna störfum lögsögumanns í tilteknu máli, er ekki heimilt að taka þátt í að dæma það.

## 50. gr.

Almenni dómstóllinn skal starfa í deildum með þremur eða fimm dómurum. Dómarar kjósa forseta deilda úr sínum hópi. Forsetar deilda með fimm dómurum eru kosnir til þriggja ára. Þá má endurkjósa einu sinni.

Í starfsreglunum skal kveðið á um skipan deilda og úthlutun mála til þeirra. Í tilteknum málum, sem kveðið skal á um í starfsreglunum, getur Almenni dómstóllinn setið fullskipaður eða með einum dómara.

Í starfsreglunum má einnig kveða á um að Almenni dómstóllinn geti komið saman í yfirdeild í þeim málum og með þeim skilyrðum sem þar eru tilgreind.

## 51. gr.

Þrátt fyrir regluna, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 256. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal Dómstóllinn fara einn með lögsögu í málum, sem um getur í 263. og 265. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þegar aðildarríki höfðar slík mál vegna:

- a) gerðar Evrópuþingsins eða ráðsins, eða gerðar sem báðar þessar stofnanir hafa samþykkt sameiginlega, eða vegna þess að þessar stofnanir hafa látið hjá líða að taka ákvörðun, þó ekki vegna:
  - ákvarðana sem ráðið tekur samkvæmt þriðju undirgrein 2. mgr. 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
  - gerða ráðsins sem eru samþykktar á grundvelli reglugerðar ráðsins varðandi ráðstafanir til verndar viðskiptum í skilningi 207. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,
  - gerða ráðsins þar sem ráðið beitir framkvæmdarvaldi í samræmi við aðra málsgrein 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

- b) gerðar framkvæmdastjórnarinnar eða vegna þess að hún hefur látið hjá líða að taka ákvörðun samkvæmt fyrstu málsgrein 331. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Dómstóllinn skal einnig fara einn með lögsögu í málum, sem um getur í sömu greinum, þegar stofnun Sambandsins höfðar þau vegna gerðar Evrópuþingsins, ráðsins, beggja þessara stofnana sameiginlega eða framkvæmdastjórnarinnar, eða vegna þess að þessar stofnanir hafa látið hjá líða að taka ákvörðun, eða þegar stofnun Sambandsins höfðar þau vegna gerðar Seðlabanka Evrópu eða vegna þess að hann hefur látið hjá líða að taka ákvörðun.

52. gr.

Forseti Dómstólsins og forseti Almenna dómstólsins skulu ákveða, með samhljóða samkomulagi, með hvaða skilyrðum embættismenn og aðrir starfsmenn sem ráðnir eru að Dómstólnum, skuli inna af hendi þjónustu við Almenna dómstólinn til að hann geti starfað. Tilteknir embættismenn eða aðrir starfsmenn skulu vera ábyrgir gagnvart dómritara Almenna dómstólsins sem starfar undir stjórn forseta Almenna dómstólsins.

53. gr.

Málsmeðferð fyrir Almenna dómstólnum fellur undir III. bálk.

Mæla skal fyrir um frekari og ítarlegri ákvæði í starfsreglum hans eftir því sem nauðsyn ber til. Í starfsreglunum má víkja frá fjórðu málsgrein 40. gr. og 41. gr. í því skyni að taka tillit til sérstakra aðstæðna sem eiga við um málsókn á sviði hugverkaréttinda.

Þrátt fyrir fjórðu málsgrein 20. gr. getur lögsögumaður lagt fram rökstuddar tillögur sínar skriflega.

54. gr.

Ef stefna eða önnur málsskjöl, sem beint er til Almenna dómstólsins, berast dómritara Dómstólsins vegna mistaka skal hann tafarlaust senda þau dómritara Almenna dómstólsins; sama gildir ef stefna eða önnur málsskjöl, sem beint er til Dómstólsins, berast dómritara Almenna dómstólsins vegna mistaka: skal hann þá tafarlaust senda þau dómritara Dómstólsins.

Komist Almenni dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hann fari ekki með lögsögu til að fjalla um og dæma mál sem fellur undir lögsögu Dómstólsins, skal hann vísa því til Dómstólsins; sama gildir ef Dómstóllinn kemst að raun um að dómsmál falli undir lögsögu Almenna dómstólsins en þá skal hann vísa því til Almenna dómstólsins og við það getur sá dómstóll ekki afsalað sér lögsögu.

Ef Dómstóllinn og Almenni dómstóllinn fá til sín mál sem varða sama sakarefni, sama túlkunaratriði eða þar sem lögætti sömu gerðar er dregið í efa, er Almenna dómstólnum heimilt, eftir að hafa hlýtt á málflutning málsaðila, að fresta málsmeðferðinni þar til Dómstóllinn hefur kveðið upp dóm eða, ef um er að ræða dómsmál sem er höfðað á grundvelli 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að afsala sér lögsögu til þess að Dómstóllinn geti dæmt í slíkum málum. Við sömu aðstæður er Dómstólnum einnig heimilt að fresta meðferð máls sem liggur fyrir honum; skal þá málsmeðferð fyrir Almenna dómstólnum haldið áfram.

Ef aðildarríki og stofnun Sambandsins vefengja sömu gerð skal Almenni dómstóllinn afsala sér lögsögu til þess að Dómstóllinn geti dæmt í málinu.



## 55. gr.

Dómritari Almenna dómstólsins skal tilkynna öllum málsaðilum, og jafnframt öllum aðildarríkjum og stofnunum Sambandsins, jafnvel þótt þau hafi ekki gengið inn í málið fyrir Almenna dómstólnum, um endanlegar ákvarðanir Almenna dómstólsins, ákvarðanir sem einungis taka til efnisatriða að hluta og ákvarðanir sem taka til formsatriða varðandi kröfur á grundvelli vanhæfis eða frávísunarkröfur.

## 56. gr.

Heimilt er að skjóta til Dómstólsins endanlegum ákvörðunum Almenna dómstólsins svo og þeim ákvörðunum hans sem einungis taka til efnisatriða að hluta og ákvörðunum sem taka til formsatriða varðandi kröfur á grundvelli vanhæfis eða frávísunarkröfur, innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um ákvörðun sem er tilefni málskots.

Hver sá málsaðili, sem hefur tapað máli, í heild eða að hluta, hefur heimild til málskots. Aðilar sem hafa gengið inn í mál aðrir en aðildarríkin og stofnanir Sambandsins hafa þó aðeins heimild til slíks málskots ef ákvörðun Almenna dómstólsins varðar þá beint.

Að undanskildum málum er varða deilur milli Sambandsins og starfsmanna þess hafa aðildarríkin og stofnanir Sambandsins, sem ekki gengu inn í mál fyrir Almenna dómstólnum, einnig heimild til málskots. Hlutaðeigandi aðildarríki og stofnanir skulu þá hafa sömu réttarstöðu og aðildarríkin og stofnanirnar sem gengu inn í málið á fyrsta dómstigi.

## 57. gr.

Hafni Almenni dómstóllinn beiðni aðila um að ganga inn í mál hefur hlutaðeigandi aðili heimild til málskots til Dómstólsins innan tveggja vikna frá því að tilkynnt er um að beiðninni sé hafnað.

Málsaðilum er heimilt að skjóta til Dómstólsins sérhverri ákvörðun Almenna dómstólsins, sem tekin er skv. 278. eða 279. gr. eða fjórðu málsgrein 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða 157. gr. eða þriðju málsgrein 164. gr. KBE-sáttmálans, innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um hana.

Málskotið, sem um getur í fyrstu tveimur málsgreinum þessarar greinar, skal tekið fyrir og afgreitt samkvæmt málsmeðferðinni sem um getur í 39. gr.

## 58. gr.

Málskot til Dómstólsins skal takmarkast við lagaatriði. Það getur einungis byggst á því að lögsaga liggi ekki hjá Almenna dómstólnum, að málsmeðferðarreglur hafi verið brotnar fyrir Almenna dómstólnum, á þann hátt að skaði hagsmuni málskotsaðila, og að Almenni dómstóllinn hafi brotið lög Sambandsins.

Málskot má ekki eingöngu varða fjárhæð málskostnaðar og hver skuli greiða hann.

*59. gr.*

Ef ákvörðun Almenna dómstólsins er skotið til Dómstólsins skal málsmeðferð fyrir honum skiptast í skriflegan og munnlegan hluta. Með þeim skilyrðum, sem mælt er fyrir um í starfsreglunum, getur Dómstóllinn fallið frá munnlegu málsmeðferðinni að fenginni umsögn lögsögumanns og eftir að hafa hlýtt á málflutning málsaðila.

*60. gr.*

Málskot skal ekki hafa áhrif til frestunar, sbr. þó 278. og 279. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 157. gr. KBE-sáttmálans.

Þrátt fyrir 280. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu ákvarðanir Almenna dómstólsins um að lýsa reglugerð ógilda einungis öðlast gildi þegar fresturinn, sem um getur í fyrstu málsgrein 56. gr. þessarar stofnsamþykktar, er liðinn eða, ef ákvörðun sætir málskoti innan þess tíma, daginn sem málskoti er vísað frá, með fyrirvara um rétt málsaðila til að sækja til Dómstólsins um tímabundna frestun á réttaráhrifum ógiltu reglugerðarinnar eða aðra tímabundna ráðstöfun á grundvelli 278. og 279. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða 157. gr. KBE-sáttmálans.

*61. gr.*

Ef málskot á við rök að styðjast skal Dómstóllinn hnekkja ákvörðun Almenna dómstólsins. Dómstóllinn getur sjálfur kveðið upp endanlegan dóm í málinu, sé það tilbúið til dómtöku, eða vísað því aftur til Almenna dómstólsins til dóms.

Sé máli vísað aftur til Almenna dómstólsins er sá dómstóll bundinn af lagaatriðum í ákvörðun Dómstólsins.

Þegar málskot aðildarríkis eða stofnunar Sambandsins, sem ekki gekk inn í málið fyrir Almenna dómstólnum, á við rök að styðjast getur Dómstóllinn, telji hann það nauðsynlegt, tilgreint hvaða áhrif af ákvörðun Almenna dómstólsins, sem hnekk var, skuli teljast endanleg að því er málsaðila varðar.

*62. gr.*

Í þeim málum, sem kveðið er á um í 2. og 3. mgr. 256. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, getur fyrsti lögsögumaður lagt til að Dómstóllinn endurskoði ákvörðun Almenna dómstólsins ef hann telur alvarlega hættu á að hún hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins.

Leggja skal tillöguna fram innan eins mánaðar frá því að ákvörðun Almenna dómstólsins er kveðin upp. Dómstóllinn skal ákveða innan eins mánaðar frá því að tillaga berst frá fyrsta lögsögumanni hvort endurskoða skuli ákvörðunina.

*62. gr. a*

Dómstóllinn skal kveða upp úrskurð um þau álitaefni, sem tekin eru til endurskoðunar, með flýtimeðferð á grundvelli málsskjala sem Almenni dómstóllinn framsendir.

Aðilar, sem um getur í 23. gr. þessarar stofnsamþykktar, svo og aðilar að máli fyrir Almenna dómstólnum, í þeim tilvikum sem um getur í 2. mgr. 256. gr. stofnsáttmála Evrópubandalaganna, hafa tiltekinn frest til að leggja fyrir Dómstólinn greinargerðir eða skriflegar athugasemdir um álitaeftni sem tekin hafa verið til endurskoðunar.

Dómstóllinn getur ákveðið að hefja munnlega málsmeðferð áður en hann kveður upp úrskurð.

*62. gr. b*

Í þeim málum, sem kveðið er á um í 2. mgr. 256. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu tillögur um endurskoðun og ákvarðanir um að hefja endurskoðun ekki hafa áhrif til frestunar, sbr. þó 278. og 279. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Komist Dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Almenna dómstólsins hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins skal hann vísa málinu aftur til Almenna dómstólsins og skal hann vera bundinn af lagaatriðum í ákvörðun Dómstólsins; Dómstólnum er heimilt að tilgreina hvaða áhrif af ákvörðun Almenna dómstólsins, sem hnekkt var, skuli teljast endanleg að því er málsaðila varðar. Ef lyktir málsins, að teknu tilliti til niðurstöðu endurskoðunarinnar, ráðast hins vegar af ályktunum um málsatvik sem ákvörðun Almenna dómstólsins byggðist á, skal Dómstóllinn kveða upp endanlegan dóm.

Í þeim málum, sem kveðið er á um í 3. mgr. 256. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu svör Almenna dómstólsins við þeim álitaeftnum, sem hann fær til meðferðar, öðlast gildi þegar liðnir eru þeir frestir sem mælt er fyrir um í annari málsgrein 62. gr., nema því aðeins að fyrir liggja tillaga um endurskoðun eða ákvörðun um að hefja endurskoðun. Ef ákveðið er að hefja endurskoðun skulu þau svör, sem tekin eru til endurskoðunar, öðlast gildi að henni lokinni nema Dómstóllinn ákveði annað. Komist Dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Almenna dómstólsins hafi áhrif á samræmi eða samkvæmni laga Sambandsins skulu svör Dómstólsins við álitaeftnum, sem tekin eru til endurskoðunar, koma í stað svara Almenna dómstólsins.

IV. BÁLKUR A

**SÉRDÓMSTÓLAR**

*62. gr. c*

Ákvæði um lögsögu, skipan, skipulag og málsmeðferð sérdómstóla, sem komið er á fót skv. 257. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er að finna í viðauka við þessa stofnsamþykkt.

V. BÁLKUR

**LOKAÁKVÆÐI**

*63. gr.*

Starfsreglur Dómstólsins og Almenna dómstólsins skulu hafa að geyma öll nauðsynleg ákvæði til beitingar þessari stofnsamþykkt og, ef þess gerist þörf, koma henni til fyllingar.

*64. gr.*

Reglur um tungumálanotkun við Dómstólinn skulu settar með reglugerð ráðsins sem það skal samþykkja einróma. Reglugerðina skal samþykkja annaðhvort að beiðni Dómstólsins og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina og Evrópuþingið eða að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Dómstólinn og Evrópuþingið.

Þar til þessar reglur hafa verið samþykktar skulu ákvæði starfsreglna Dómstólsins og starfsreglna Almenna dómstólsins um tungumálanotkun gilda áfram. Þrátt fyrir 253. og 254. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er einungis heimilt að breyta þessum ákvæðum eða fella þau úr gildi með einróma samþykki ráðsins.

---

*I. VIÐAUKI*
**STARFSMANNADÓMSTÓLL EVRÓPUSAMBANDSINS***1. gr.*

Starfsmannadómstóll Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur „Starfsmannadómstóllinn“) skal fara með lögsögu á fyrsta dómstigi í deilum milli Sambandsins og starfsmanna þess, sbr. 270. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, þ.m.t. deilum milli allra aðila eða sérstofnana og starfsmanna þeirra þar sem Dómstóll Evrópusambandsins fer með lögsögu.

*2. gr.*

Starfsmannadómstóllinn skal skipaður sjö dómurum. Fari Dómstóllinn fram á það er ráðinu, sem tekur ákvörðun með auknum meirihluta, heimilt að fjölga dómurum.

Dómarar skulu skipaðir til sex ára. Heimilt er að endurskipa fráfarandi dómara.

Ef embætti losnar skal skipa nýjan dómara til sex ára.

*3. gr.*

1. Dómarar eru skipaðir af ráðinu, sem tekur ákvörðun í samræmi við fjórðu málsgrein 257. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að höfðu samráði við nefndina sem kveðið er á um í þessari grein. Við skipun dómara skal ráðið sjá til þess að jafnvægi ríki í skipan Starfsmannadómstólsins með því að ráða ríkisborgara aðildarríkja á eins breiðum grundvelli og unnt er hvað varðar landfræðilega stöðu aðildarríkjanna og ólík réttarkerfi þeirra.

2. Sérhverjum borgara Sambandsins, sem fullnægir skilyrðunum sem mælt er fyrir um í fjórðu málsgrein 257. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er heimilt að leggja fram umsókn. Ráðið skal, að fengnum tilmælum frá Dómstólnum, ákvarða skilyrði og fyrirkomulag sem gilda um afhendingu og meðferð slíkra umsókna.

3. Setja skal á fót nefnd með sjö nefndarmönnum sem valdir eru úr hópi fyrrum dómara Dómstólsins og Almenna dómstólsins og lögmanna sem teljast afar hæfir. Ráðið skal, að fengnum tillögum frá forseta Dómstólsins, setja reglur um setu í nefndinni og starfsemi hennar.

4. Nefndin skal gefa álit sitt á hæfi umsækjenda til að gegna embætti dómara við Starfsmannadómstólinn. Nefndin skal láta skrá yfir umsækjendur, sem hafa þá reynslu af háttsettum störfum sem æskilegust telst, fylgja álitinu. Í skránni skulu tilgreindir a.m.k. tvöfalt fleiri umsækjendur en dómaraembættin sem ráðinu er ætlað að skipa í.

4. gr.

1. Dómararnir skulu kjósa forseta Starfsmannadómstólsins úr sínum hópi til þriggja ára í senn. Hann má endurkjósa.
2. Starfsmannadómstóllinn skal starfa í deildum með þremur dómurum. Hann getur í tilteknum tilvikum, sem eru tiltekin í starfsreglum hans, setið fullskipaður eða í deild með fimm dómurum eða einum dómara.
3. Forseti Starfsmannadómstólsins skal stýra fullskipuðum dómstóli og deild með fimm dómurum. Forsetar deilda með þremur dómurum skulu tilnefndir eins og kveðið er á um í 1. mgr. Ef forseti Starfsmannadómstólsins er settur í deild með þremur dómurum skal hann stýra þeirri deild.
4. Í starfsreglunum skal kveðið á um lögsögu og ákvörðunarbæran meirihluta fullskipaðs dómstóls, auk skipanar deilda og úthlutunar mála til þeirra.

5. gr.

Ákvæði 2.–6. gr., 14. gr., 15. gr., fyrstu, annarrar og fimmtu málsgreinar 17. gr. og 18. gr. stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins gilda um Starfsmannadómstólinn og dómara hans.

Eiðinn, sem um getur í 2. gr. stofnsamþykktarinnar, skal sverja fyrir Dómstólnum og skal Dómstóllinn taka ákvarðanir, sem um getur í 3., 4. og 6. gr. hennar, að höfðu samráði við Starfsmannadómstólinn.

6. gr.

1. Starfsmannadómstóllinn skal njóta stuðnings stoðdeilda Dómstólsins og Almenna dómstólsins. Forseti Dómstólsins, eða forseti Almenna dómstólsins ef við á, skal ákveða, með samhljóða samkomulagi við forseta Starfsmannadómstólsins, með hvaða skilyrðum embættismenn og aðrir starfsmenn sem ráðnir eru að Dómstólnum eða Almenna dómstólnum skuli inna af hendi þjónustu við Starfsmannadómstólinn til að hann geti starfað. Tilteknir embættismenn eða aðrir starfsmenn skulu vera ábyrgir gagnvart dómritara Starfsmannadómstólsins sem starfar undir stjórn forseta þess dómstóls.
2. Starfsmannadómstóllinn skal skipa sér dómritara og setja reglur um störf hans. Ákvæði fjórðu málsgreinar 3. gr. og 10., 11. og 14. gr. stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins gilda um dómritara Starfsmannadómstólsins.

7. gr.

1. Málsmeðferð fyrir Starfsmannadómstólnum fellur undir III. bálk stofnsamþykktar Dómstóls Evrópusambandsins, að frátalinni 22. og 23. gr. Mæla skal fyrir um frekari og ítarlegri ákvæði í starfsreglunum eftir því sem nauðsyn ber til.
2. Ákvæði um tungumálanotkun við Almenna dómstólinn gilda um Starfsmannadómstólinn.
3. Skriflegur hluti málsmeðferðar skal taka til afhendingar stefnu og greinargerðar varnaraðila nema Starfsmannadómstóllinn ákveði að þörf sé á að aftur verði skipst á skriflegum málflutnings skjölum. Í því tilviki er Starfsmannadómstólnum heimilt, með samþykki málsaðila, að kveða upp dóm án munnlegrar málsmeðferðar.

4. Á öllum stigum málsmeðferðar, einnig strax eftir að stefna hefur verið afhent, getur Starfsmannadómstóllinn kannað möguleikana á að sátt náist í deilunni og reynt að greiða fyrir slíkri sátt.
5. Starfsmannadómstóllinn skal ákveða málskostnað. Með fyrirvara um sértæk ákvæði í starfsreglunum skal þeim málsaðila sem tapar gert að greiða málskostnað ef dómstóllinn ákveður það.

*8. gr.*

1. Ef stefna eða önnur málsskjöl, sem er beint til Starfsmannadómstólsins, eru lögð fram hjá dómritara Dómstólsins eða Almenna dómstólsins vegna mistaka skal hann senda þau tafarlaust til dómritara Starfsmannadómstólsins. Jafnframt, ef stefna eða önnur málsskjöl, sem er beint til Dómstólsins eða Almenna dómstólsins, eru lögð fram hjá dómritara Starfsmannadómstólsins vegna mistaka skal hann senda þau tafarlaust til dómritara Dómstólsins eða Almenna dómstólsins.
2. Komist Starfsmannadómstóllinn að þeirri niðurstöðu að hann hafi ekki lögsögu til að fara með og dæma mál, sem fellur undir lögsögu Dómstólsins eða Almenna dómstólsins, skal hann vísa því til Dómstólsins eða Almenna dómstólsins. Á sama hátt, komist Dómstóllinn eða Almenni dómstóllinn að þeirri niðurstöðu að dómsmál falli undir lögsögu Starfsmannadómstólsins, skal hann vísa því til Starfsmannadómstólsins en við það getur sá dómstóll ekki afsalað sér lögsögu.
3. Ef Starfsmannadómstóllinn og Almenni dómstóllinn fá til sín mál þar sem reynir á sama túlkunaratriði eða lögmæti sömu gerðar er dregið í efa er Starfsmannadómstólnum heimilt, eftir að hafa hlýtt á málflutning málsaðila, að fresta málsmeðferð þar til Almenni dómstóllinn hefur kveðið upp dóm.

Ef Starfsmannadómstóllinn og Almenni dómstóllinn fá til sín mál, þar sem sakarefni er það sama, skal Starfsmannadómstóllinn afsala sér lögsögu til þess að Almenni dómstóllinn geti dæmt í þeim.

*9. gr.*

Heimilt er að skjóta til Almenna dómstólsins endanlegum ákvörðunum Starfsmannadómstólsins svo og þeim ákvörðunum hans sem einungis taka til efnisatriða að hluta eða ákvörðunum sem taka til formsatriða varðandi kröfur sem byggjast á því að lögsaga sé ekki fyrir hendi eða frávísunarkröfur, innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um ákvörðun sem er tilefni málskots.

Hver sá málsaðili, sem hefur tapað máli, í heild eða að hluta, hefur heimild til málskots. Aðilar sem hafa gengið inn í mál aðrir en aðildarríkin og stofnanir Sambandsins hafa þó því aðeins heimild til málskots að ákvörðun Starfsmannadómstólsins varði þá beint.

*10. gr.*

1. Hafni Starfsmannadómstóllinn beiðni aðila um að ganga inn í mál hefur hlutaðeigandi aðili heimild til málskots til Almenna dómstólsins innan tveggja vikna frá því að tilkynnt er um að beiðninni sé hafnað.
2. Málsaðilum er heimilt að skjóta sérhverri ákvörðun Starfsmannadómstólsins, sem tekin er skv. 278. eða 279. gr. eða fjórðu málsgrein 299. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða 157. gr. eða þriðju málsgrein 164. gr. KBE-sáttmálans, til Almenna dómstólsins innan tveggja mánaða frá því að tilkynnt er um hana.
3. Forseta Almenna dómstólsins er heimilt, með skyndimeðferð sem kann að vera frábrugðin sumum reglunum í þessum viðauka að svo miklu leyti sem nauðsynlegt er og sem mæla skal fyrir um í starfsreglum Almenna dómstólsins, að dæma í málum sem skotið er til hans í samræmi við 1. og 2. mgr.

*11. gr.*

1. Málskot til Almenna dómstólsins skal takmarkast við lagaatriði. Það getur einungis byggst á því að lögsaga liggi ekki hjá Starfsmannadómstólnum, broti á málsmeðferðarreglum fyrir Starfsmannadómstólnum sem hefur skaðleg áhrif á hagsmuni málskotsaðila og broti Starfsmannadómstólsins á lögum Sambandsins.
2. Málskot má ekki eingöngu varða fjárhæð málskostnaðar og hver skuli greiða hann.

*12. gr.*

1. Málskot til Almenna dómstólsins skal ekki hafa áhrif til frestunar, sbr. þó 278. og 279. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða 157. gr. KBE-sáttmálans.
2. Ef ákvörðun Starfsmannadómstólsins er skotið til Almenna dómstólsins skal málsmeðferð fyrir honum vera að hluta skrifleg og að hluta munnleg. Í samræmi við skilyrðin, sem mælt er fyrir um í starfsreglunum, getur Almenni dómstóllinn fallið frá munnlegu málsmeðferðinni eftir að hafa hlýtt á málsaðila.

*13. gr.*

1. Ef málskot á við rök að styðjast skal Almenni dómstóllinn hnekkja ákvörðun Starfsmannadómstólsins og dæma sjálfur í málinu. Hann skal vísa málinu aftur til Starfsmannadómstólsins til að kveða upp endanlegan dóm sé það ekki tilbúið til dómtöku.
  2. Sé máli vísað aftur til Starfsmannadómstólsins er sá dómstóll bundinn af lagaatriðum í ákvörðun Almenna dómstólsins.
-

## BÓKUN 4

**UM STOFNSAMÞYKKT SEÐLABANKAKERFIS EVRÓPU OG SEÐLABANKA EVRÓPU**

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA HUG Á að mæla fyrir um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu, eins og kveðið er á um í annarri málsgrein 129. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

## I. KAFLI

## SEÐLABANKAKERFI EVRÓPU

*1. gr.*

**Seðlabankakerfi Evrópu**

Í samræmi við 1. mgr. 282. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna mynda seðlabankakerfi Evrópu. Seðlabanki Evrópu og seðlabankar þeirra aðildarríkja, sem hafa evru sem gjaldmiðil, mynda evrukerfið.

Seðlabankakerfi Evrópu og Seðlabanki Evrópu skulu sinna verkefnum sínum og reka starfsemi sína í samræmi við ákvæði sáttmálanna og þessarar stofnsamþykktar.

## II. KAFLI

## MARKMIÐ OG VERKEFNI SEÐLABANKAKERFIS EVRÓPU

*2. gr.*

**Markmið**

Í samræmi við 1. mgr. 127. gr. og 2. mgr. 282. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er meginmarkmið seðlabankakerfis Evrópu að viðhalda stöðugu verðlagi. Að svo miklu leyti sem það hefur ekki áhrif á markmið um verðstöðugleika skal kerfið styðja við almenna efnahagsstefnu í Sambandinu til að stuðla að markmiðum Sambandsins, eins og mælt er fyrir um í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Seðlabankakerfi Evrópu skal fylgja meginreglunni um opið markaðshagkerfi með frjálsri samkeppni sem stuðlar að skilvirkri ráðstöfun fjármagns og meginreglunum í 119. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.



## 3. gr.

**Verkefni**

3.1. Í samræmi við 2. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eru helstu verkefni seðlabankakerfis Evrópu:

- að skilgreina og framkvæma peningamálastefnu Sambandsins,
- að eiga gjaldeyrisviðskipti sem samrýmast ákvæðum 219. gr. þess sáttmála,
- að varðveita og stýra opinberum gjaldeyrisforða aðildarríkjanna,
- að stuðla að snurðulausum rekstri greiðslukerfa.

3.2. Í samræmi við 3. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal þriðji undirliður gr. 3.1 ekki hafa áhrif á rétt stjórnvalda aðildarríkjanna til að varðveita rekstrarfjármuni í erlendum gjaldmiðlum og stýra þeim.

3.3. Í samræmi við 5. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal seðlabankakerfi Evrópu stuðla að því að lögbær yfirvöld geti með snurðulausum hætti framfylgt stefnum sínum varðandi varfærnisefirlit með lánastofnunum og stöðugleika fjármálakerfisins.

## 4. gr.

**Ráðgefandi hlutverk**

Í samræmi við 4 mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

a) skal samráð haft við Seðlabanka Evrópu:

- um sérhverja gerð Sambandsins sem fyrirhuguð er og varðar valdsvið hans,
- af hálfu yfirvalda í aðildarríkjunum um hvers konar drög að lagaákvæði sem varðar valdsvið hans, þó með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 41. gr.,

b) Seðlabanka Evrópu er heimilt að leggja álit á málefnum, sem varða valdsvið hans, fyrir stofnanir, aðila, skrifstofur eða sérstofnanir Sambandsins eða yfirvöld í aðildarríkjunum.

## 5. gr.

**Söfnun tölulegra upplýsinga**

5.1. Til að geta sinnt verkefnum seðlabankakerfis Evrópu skal Seðlabanki Evrópu safna, með aðstoð seðlabanka aðildarríkjanna, nauðsynlegum tölulegum upplýsingum, annaðhvort frá lögbærum yfirvöldum í aðildarríkjunum eða beint frá aðilum atvinnulífsins. Hann skal hafa samstarf um þetta við stofnanir, aðila, skrifstofur eða sérstofnanir Sambandsins, lögbær yfirvöld aðildarríkjanna eða þriðju landa og alþjóðastofnanir.

5.2. Seðlabankar aðildarríkjanna skulu sinna þeim verkefnum sem lýst er í gr. 5.1, eftir því sem unnt er.

5.3. Seðlabanki Evrópu skal, ef nauðsyn krefur, stuðla að samræmingu á reglum og venjum sem gilda um söfnun, samantekt og dreifingu tölulegra upplýsinga sem falla innan valdheimilda hans.

5.4. Ráðið skal ákveða, í samræmi við málsmeðferðina í 41. gr., hvaða einstaklingar og lögaðilar eru tilkynningarskyldir, tilhögun trúnaðarkvaða og viðeigandi reglur um framfylgd.

6. gr.

### **Alþjóðasamstarf**

6.1. Seðlabanki Evrópu skal ákveða hvernig fyrirsvári fyrir seðlabankakerfið skuli háttað í alþjóðasamstarfi sem varðar verkefni sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin.

6.2. Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna, með samþykki hans, geta tekið þátt í starfi á vegum alþjóðlegra peningamálastofnana.

6.3. Ákvæði gr. 6.1 og 6.2 eru með fyrirvara um 138. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## **III. KAFLI**

### **SKIPULAG SEÐLABANKAKERFIS EVRÓPU**

7. gr.

### **Sjálfstæði**

Í samræmi við 130. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu hvorki Seðlabanki Evrópu, seðlabanki aðildarríkis né fulltrúar aðila þeirra sem fara með ákvarðanatöku, leita eftir eða taka við, við beitingu valdheimilda sinna og við þau verkefni og skyldustörf sem þeim eru falin samkvæmt sáttmálunum og þessari stofnsamþykkt, fyrirmælum frá stofnunum, aðilum, skrifstofum eða sérstofnunum Sambandsins, stjórnvöldum aðildarríkis eða öðrum aðila. Stofnanir, aðilar, skrifstofur eða sérstofnanir Sambandsins og stjórnvöld aðildarríkjanna skuldbinda sig til að virða þessa meginreglu og reyna ekki að hafa áhrif á fulltrúa þeirra aðila innan Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkjanna, sem fara með ákvarðanatöku, við störf sín.

8. gr.

### **Meginregla**

Seðlabankakerfi Evrópu lýtur stjórn þeirra aðila innan Seðlabanka Evrópu sem fara með ákvarðanatöku.

## 9. gr.

**Seðlabanki Evrópu**

9.1. Seðlabanki Evrópu, sem hefur réttarstöðu lögaðila í samræmi við 3. mgr. 282. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal hafa það réttshæfi og gerhæfi í hverju aðildarríki sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum; hann getur m.a. aflað og ráðstafað fasteignum og lausafé og átt aðild að málarekstri.

9.2. Seðlabanki Evrópu skal sjá til þess að þeim verkefnum, sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin skv. 2., 3. og 5. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sé komið til framkvæmda, annaðhvort með eigin starfsemi samkvæmt þessari stofnsamþykkt eða á vettvangi seðlabanka aðildarríkja samkvæmt gr. 12.1 og 14. gr.

9.3. Bankaráð og framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu eru þeir aðilar sem fara með ákvarðanatöku innan hans, í samræmi við 1. mgr. 129. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## 10. gr.

**Bankaráðið**

10.1. Bankaráðið skal, í samræmi við 1. mgr. 283. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skipað stjórnarmönnum í framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu og bankastjórum seðlabanka þeirra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil.

10.2. Hver fulltrúi í bankaráðinu fer með eitt atkvæði. Frá og með þeim degi sem fjöldi fulltrúa í bankaráðinu fer yfir 21 skal hver stjórnarmaður í framkvæmdastjórninni fara með eitt atkvæði og fjöldi seðlabankastjóra, sem hafa atkvæðisrétt, skal vera 15. Úthluta skal atkvæðisrétti hinna síðarnefndu og skiptast á um hann sem hér segir:

- frá og með þeim degi sem fjöldi seðlabankastjóra fer yfir 15, og þar til hann er orðinn 22, skal skipta seðlabankastjórunum í tvo hópa og fer skiptingin eftir því hversu stór hlutur aðildarríkis viðkomandi seðlabanka er í samanlagðri vergri landsframleiðslu á markaðsvirði og í samanlögðum niðurstöðutölum efnahagsreiknings peningastofnana í aðildarríkjum sem hafa evru sem gjaldmiðil. Vægi hlutar í samanlagðri vergri landsframleiðslu á markaðsvirði skal vera 5/6 og vægi hlutar í samanlögðum niðurstöðutölum efnahagsreiknings peningastofnananna skal vera 1/6. Í fyrsta hópi skulu vera fimm seðlabankastjórar og í öðrum hópi aðrir seðlabankastjórar. Seðlabankastjórnir í fyrsta hópi skulu ekki hafa atkvæðisrétt sjaldnar en þeir sem eru í öðrum hópi. Fyrsti hópur skal hafa fjögur atkvæði en annar hópur ellefu atkvæði, sbr. þó undanfarandi málslið,
- frá og með þeim degi sem fjöldi seðlabankastjóra er orðinn 22 skal skipta seðlabankastjórunum í þrjú hópa samkvæmt áðurnefndri viðmiðun. Í fyrsta hópi skulu vera fimm seðlabankastjórar og skulu þeir hafa fjögur atkvæði. Í öðrum hópi skal vera helmingur allra seðlabankastjóranna, námundað upp að næstu tölu ef svo ber undir, og skulu þeir hafa átta atkvæði. Í þriðja hópi skulu vera þeir seðlabankastjórar sem eftir eru og skulu þeir hafa þrjú atkvæði,

- innan hvers hóps hafa seðlabankastjórnarnir atkvæðisrétt í jafnlangan tíma,
- við útreikning á hlut í samanlagðri vergri landsframleiðslu á markaðsvirði gildir gr. 29.2. Reikna skal út samanlagðar niðurstöðutölur efnahagsreiknings peningastofnananna eftir þeim tölfræðilega ramma sem gildir í Sambandinu þegar útreikningurinn er gerður,
- þegar samanlagðri vergri landsframleiðslu á markaðsvirði er breytt í samræmi við gr. 29.3 og hvenær sem seðlabankastjórum fjölgar skal aðlaga stærð og/eða skipan hópanna í samræmi við framangreindar meginreglur,
- bankaráðið skal, með ákvörðun tveggja þriðju hluta allra fulltrúa sinna, hvort sem þeir hafa atkvæðisrétt eða ekki, gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til framkvæmdar framangreindum meginreglum og getur ákveðið að fresta því að taka skiptikerfið í notkun fram til þess dags þegar fjöldi seðlabankastjóra fer yfir 18.

Atkvæðisréttar skal neytt í eigin persónu. Þrátt fyrir þessa reglu er heimilt að mæla fyrir um það í starfsreglunum sem um getur í gr. 12.3 að fulltrúar í bankaráði megi greiða atkvæði með notkun fjarfundabúnaðar. Í starfsreglunum skal enn fremur kveða á um að fulltrúi í bankaráði geti, í forföllum um langa hríð, tilnefnt varamann í sinn stað.

Ákvæði málsgreinanna hér að framan eru með fyrirvara um atkvæðisrétt allra fulltrúa í bankaráði, hvort sem þeir hafa atkvæðisrétt eða ekki, samkvæmt gr. 10.3, 40.2 og 40.3.

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari stofnsamþykkt tekur bankaráðið ákvarðanir með einföldum meirihluta atkvæðisbærra fulltrúa. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði forseta úrslitum.

Bankaráðið er ákvörðunarþætt ef a.m.k. tveir þriðju hlutar þeirra fulltrúa, sem hafa atkvæðisrétt, sitja fund. Ef bankaráðið er ekki ákvörðunarþætt getur forseti boðað til aukafundar þar sem taka má ákvarðanir án tillits til reglunnar um ákvörðunarþættan meirihluta.

10.3. Við ákvarðanir, sem eru teknar skv. 28., 29., 30., 32. og 33. gr., skulu atkvæði í bankaráðinu vegin í samræmi við hlut seðlabanka aðildarríkis í skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu. Atkvæði stjórnarmanna í framkvæmdastjórninni hafa ekkert vægi. Ákvörðun telst samþykkt með auknum meirihluta ef sá meirihluti stendur fyrir a.m.k. tvo þriðju hluta af skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu og a.m.k. helming hluthafanna. Í forföllum seðlabankastjóra getur hann tilnefnt varamann til að greiða atkvæði sitt.

10.4. Fundirnir eru háðir trúnaðarkvöðum. Bankaráðið getur ákveðið að birta niðurstöður úr umfjöllunum sínum.

10.5. Bankaráðið skal koma saman a.m.k. tíu sinnum á ári.

*11. gr.***Framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu**

11.1. Í samræmi við fyrstu undirgrein 2. mgr. 283. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal framkvæmdastjórnin skipuð forseta, varaforseta og fjórum öðrum stjórnarmönnum.

Stjórnarmenn skulu vinna skyldustörf sín í fullu starfi. Þeir mega ekki hafa annað starf með höndum, hvort sem það er launað starf eða ekki, nema því aðeins að bankaráðið hafi sérstaklega veitt til þess undanþágu.

11.2. Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 283. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal leiðtogaráðið, að fengnum tilmælum frá ráðinu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og bankaráðið, skipa með auknum meirihluta forseta, varaforseta og aðra stjórnarmenn í framkvæmdastjórnina úr hópi einstaklinga sem njóta viðurkenningar og hafa starfsreynslu í peninga- eða bankamálum.

Skipunartími þeirra skal vera átta ár og hann er ekki endurnýjanlegur.

Aðeins ríkisborgarar aðildarríkjanna geta átt sæti í framkvæmdastjórninni.

11.3. Ráðningarkjör stjórnarmanna í framkvæmdastjórninni, einkum laun, lífeyrir og aðrar almannatryggingabætur, skulu falla undir samninga við Seðlabanka Evrópu og vera ákveðin af bankaráðinu að tillögu nefndar sem er skipuð þremur mönnum sem bankaráðið tilnefnir og þremur mönnum sem ráðið tilnefnir. Stjórnarmenn í framkvæmdastjórninni skulu ekki hafa atkvæðisrétt um málefni sem um getur í þessari málsgrein.

11.4. Dómstóllinn getur, að beiðni bankaráðsins eða framkvæmdastjórnarinnar, vikið stjórnarmanni í framkvæmdastjórninni frá störfum ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna skyldustörfum sínum eða hefur gerst sekur um alvarlegt misferli.

11.5. Sérhver stjórnarmaður í framkvæmdastjórninni, sem er viðstaddur fund, skal hafa atkvæðisrétt og fara með eitt atkvæði í því skyni. Ef ekki er kveðið á um annað tekur framkvæmdastjórnin ákvarðanir með einföldum meirihluta greiddra atkvæða. Falli atkvæði jafnt ræður atkvæði forseta úrslitum. Tilhögun atkvæðagreiðslu skal tilgreind í starfsreglunum sem um getur í gr. 12.3.

11.6. Framkvæmdastjórnin skal bera ábyrgð á daglegum störfum Seðlabanka Evrópu.

11.7. Ef sæti losnar í framkvæmdastjórninni skal skipa nýjan stjórnarmann í samræmi við gr. 11.2.

*12. gr.***Ábyrgðarsvið aðila sem fara með ákvarðanatöku**

12.1. Bankaráðið skal samþykkja þær viðmiðunarreglur og taka þær ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til að tryggja framkvæmd verkefna sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin í sáttmálunum og þessari stofnsamþykkt. Bankaráðið skal móta peningamálastefnu Sambandsins, þ.m.t., eins og við á, ákvarðanir um áfangamarkmið peningastefnu, stýrivexti og varaforða í seðlabankakerfi Evrópu, og setja nauðsynlegar viðmiðunarreglur um framkvæmd ákvarðana.

Framkvæmdastjórnin skal koma peningamálastefnunni til framkvæmda í samræmi við þær viðmiðunarreglur og ákvarðanir sem bankaráðið samþykkir. Í því skyni skal framkvæmdastjórnin veita seðlabönkum aðildarríkjanna nauðsynlegar leiðbeiningar. Þar að auki getur bankaráðið ákveðið að veita framkvæmdastjórninni tiltekna valdheimildir.

Seðlabanki Evrópu skal, með fyrirvara um ákvæði þessarar greinar, fela seðlabönkum aðildarríkjanna að annast viðskipti sem eru hluti af verkefnum seðlabankakerfis Evrópu, að því marki sem telst mögulegt og viðeigandi.

12.2. Framkvæmdastjórnin skal annast undirbúning funda bankaráðsins.

12.3. Bankaráðið skal setja sér starfsreglur þar sem kveðið er á um innra skipulag Seðlabanka Evrópu og þeirra aðila hans sem fara með ákvarðanatöku.

12.4. Bankaráðið skal gegna ráðgefandi hlutverki eins og um getur í 4. gr.

12.5. Bankaráðið skal taka þær ákvarðanir sem um getur í 6. gr.

*13. gr.***Forseti**

13.1. Forsetinn, eða varaforsetinn í forföllum hans, skal stýra bankaráði og framkvæmdastjórn Seðlabanka Evrópu.

13.2. Með fyrirvara um 38. gr. skal forsetinn, eða sá sem hann tilnefnir, vera í fyrirsvari fyrir Seðlabanka Evrópu út á við.

*14. gr.***Seðlabankar aðildarríkjanna**

14.1. Í samræmi við 131. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal sérhvert aðildarríki tryggja að löggjöf þess, að meðtöldum stofnsamþykktum seðlabanka þess, samrýmist sáttmálunum og þessari stofnsamþykkt.

14.2. Í stofnsamþykktum seðlabanka aðildarríkjanna skal m.a. kveðið á um að skipunartími seðlabankastjóra seðlabanka aðildarríkis skuli vera a.m.k. fimm ár.

Eingöngu má leysa seðlabankastjóra frá embætti ef hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna skyldustörfum sínum eða hefur gerst sekur um alvarlegt misferli. Slíka ákvörðun getur hlutaðeigandi seðlabankastjóri eða bankaráðið borið undir Dómstólinn með vísan til brots á ákvæðum sáttmálanna eða réttarreglu er varðar beitingu þeirra. Slíkt mál skal höfða, eftir atvikum, innan tveggja mánaða frá því er ákvörðunin er birt eða sóknaraðila tilkynnt um hana eða, hafi ekki til þess komið, frá því er sóknaraðila berst vitneskja um hana.

14.3. Seðlabankar aðildarríkjanna eru óaðskiljanlegur hluti af seðlabankakerfi Evrópu og skulu starfa í samræmi við viðmiðunarreglur og fyrirmæli Seðlabanka Evrópu. Bankaráðið skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að farið sé að leiðbeiningum og fyrirmælum Seðlabanka Evrópu og krefjast þess að fá aðgang að öllum nauðsynlegum upplýsingum.

14.4. Seðlabankar aðildarríkjanna geta sinnt öðrum viðfangsefnum en þeim sem eru tilgreind í þessari stofnsamþykkt nema bankaráðið ákveði, með tveimur þriðju hluta greiddra atkvæða, að slíkt stríði gegn markmiðum og verkefnum seðlabankakerfis Evrópu. Slík störf skulu unnin á ábyrgð seðlabanka aðildarríkjanna og fyrir þeirra reikning og teljast ekki hluti af starfsemi seðlabankakerfis Evrópu.

## 15. gr.

### Skýrslugjafarskylda

15.1. Seðlabanki Evrópu skal semja og birta skýrslur um starfsemi seðlabankakerfis Evrópu a.m.k. ársfjórðungslega.

15.2. Samstæðureikningsskil seðlabankakerfis Evrópu skulu birt vikulega.

15.3. Í samræmi við 3. mgr. 284. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal Seðlabanki Evrópu senda Evrópuþinginu, ráðinu og framkvæmdastjórninni, svo og leiðtogaráðinu, ár hvert skýrslu um starfsemi seðlabankakerfis Evrópu og peningamálastefnuna á fyrra og yfirstandandi ári.

15.4. Þeir sem þess óska geta fengið skýrslur og reikningsskil, sem um getur í þessari grein, endurgjaldslaust.

## 16. gr.

### Peningaseðlar

Bankaráðið skal, í samræmi við 1. mgr. 128. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hafa einkarétt á að heimila útgáfu evruseðla í Sambandinu. Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna mega gefa út slíka peningaseðla. Einungis seðlar sem Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna gefa út skulu hafa stöðu löglegs greiðslumiðils innan Sambandsins.

Seðlabanki Evrópu skal, eftir því sem unnt er, virða venjur um útgáfu og hönnun peningaseðla.

## IV. KAFLI

## HLUTVERK OG STARFSEMI SEÐLABANKAKERFIS EVRÓPU Í PENINGAMÁLUM

*17. gr.***Reikningar í Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna**

Til þess að stunda starfsemi sína geta Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna opnað reikninga fyrir lánastofnanir, opinbera aðila og aðra markaðsaðila og samþykkt eignir sem veð, þ.m.t. skráð verðbréf.

*18. gr.***Opin markaðs- og lánastarfsemi**

18.1. Til þess að ná markmiðum seðlabankakerfis Evrópu og sinna verkefnum þess geta Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna:

- starfað á fjármálamörkuðum með því að kaupa og selja kröfur og markaðsverðbréf með afhendingu (tafarlaust eða framvirkt) eða með endurhverfum viðskiptum og með því að lána eða fá lánaðar kröfur og markaðsverðbréf, hvort sem er í evrum eða öðrum gjaldmiðli, þ.m.t. eðalmálma,
- átt lánaviðskipti við lánastofnanir og aðra markaðsaðila, þar sem lán eru veitt gegn fullnægjandi veði.

18.2. Seðlabanki Evrópu skal setja almennar meginreglur um opna markaðs- og lánastarfsemi sem hann eða seðlabankar aðildarríkjanna stunda, þ.m.t. um tilkynningu varðandi það með hvaða skilyrðum þeir geta stofnað til slíkra viðskipta.

*19. gr.***Bindiskylda**

19.1. Seðlabanki Evrópu getur krafist þess að lánastofnanir með staðfestu í aðildarríkjunum bindi tilteknar lágmarksfjárhæðir á reikningi í Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna með markmið peningamálastefnu fyrir augum, sbr. þó 2. gr. Bankaráðið getur sett reglur um útreikning og ákvörðun á tilskilinni bindifjárhæð. Sé bindiskyldan ekki virt getur Seðlabanki Evrópu ákveðið refsivexti og önnur viðurlög sem hafa sambærileg áhrif.

19.2. Við beitingu þessarar greinar skal ráðið, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 41. gr., fastsetja bindigrunn bindiskyldunnar og hæsta leyfilega hlutfall milli bindifjárhæðar og bindigrunns, ásamt því að ákveða viðeigandi viðurlög, sé bindiskyldan ekki virt.



## 20. gr.

**Önnur stýritæki í peningamálum**

Bankaráðið getur ákveðið, með tveimur þriðju hluta greiddra atkvæða, að nota aðrar aðferðir sem það telur henta sem stýritæki í peningamálum, með fyrirvara um 2. gr.

Ráðið skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 41. gr., skilgreina gildissvið slíkra aðferða ef þær fela í sér skuldbindingar fyrir þriðja aðila.

## 21. gr.

**Starfsemi er varðar opinbera aðila**

21.1. Í samræmi við 123. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna óheimilt að veita stofnunum, aðilum, skrifstofum eða sérstofnunum Sambandsins, stjórnvöldum, svæðisyfirvöldum, staðaryfirvöldum eða öðrum opinberum yfirvöldum, öðrum aðilum sem heyra undir opinberan rétt eða opinberum fyrirtækjum aðildarríkja yfirdráttarheimildir eða aðrar tegundir lánsheimilda og skal hið sama gilda um bein kaup Seðlabanka Evrópu eða seðlabanka aðildarríkjanna á skuldagerningum frá þeim.

21.2. Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna er heimilt að hafa með höndum fjármálalegt umboð fyrir þá aðila sem um getur í gr. 21.1.

21.3. Ákvæði þessarar greinar gilda ekki um lánastofnanir í eigu hins opinbera og skulu þær njóta af hálfu seðlabanka aðildarríkjanna og Seðlabanka Evrópu sömu fyrirgreiðslu og einkareknar lánastofnanir varðandi framboð af varaforða frá seðlabönkum.

## 22. gr.

**Greiðslujöfnunarkerfi og greiðslukerfi**

Seðlabanki Evrópu og seðlabankar aðildarríkjanna mega láta í té aðstöðu og Seðlabanki Evrópu má setja reglur til að tryggja skilvirkan og traustan rekstur greiðslujöfnunarkerfa og greiðslukerfa innan Sambandsins og gagnvart öðrum löndum.

## 23. gr.

**Starfsemi gagnvart öðrum löndum**

Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna er heimilt að:

- stofna til tengsla við seðlabanka og fjármálastofnanir í öðrum löndum svo og, eftir því sem við á, við alþjóðastofnanir,
- kaupa og selja, með tafarlausri afhendingu eða framvirkt, allar tegundir eigna í erlendum gjaldeyri og eðalmálma; hugtakið „eignir í erlendum gjaldeyri“ skal ná yfir verðbréf og allar aðrar eignir á hvaða formi sem er, í gjaldmiðli lands eða í reiknieiningum,

- varðveita eignir sem um getur í þessari grein og stýra þeim,
- stunda hvers kyns bankaviðskipti við þriðju lönd og alþjóðastofnanir, þ.m.t. lántökur og lánveitingar.

24. gr.

### **Önnur starfsemi**

Auk þeirrar starfsemi, sem leiðir af verkefnum þeirra, er Seðlabanka Evrópu og seðlabönkum aðildarríkjanna heimilt að stunda viðskipti í þágu eigin stjórnslu eða fyrir hönd starfsfólks.

## V. KAFLI

### VARFÆRNISEFTIRLIT

25. gr.

#### **Varfærnisefirlit**

25.1. Seðlabanki Evrópu má bjóða ráðinu, framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum aðildarríkjanna ráðgjöf og þessir aðilar geta leitað álits hjá honum um gildissvið og framkvæmd löggjafar Sambandsins að því er varðar varfærnisefirlit með lánastofnunum og stöðugleika fjármálakerfisins.

25.2. Í samræmi við þær reglugerðir ráðsins, sem samþykktar eru á grundvelli 6. mgr. 127. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er Seðlabanka Evrópu heimilt að sinna sértækum verkefnum í tengslum við stefnu á sviði varfærnisefirlits með lánastofnunum og öðrum fjármálastofnunum, að undanskildum váttryggingafélögum.

## VI. KAFLI

### FJÁRHAGSÁKVÆÐI SEÐLABANKAKERFIS EVRÓPU

26. gr.

#### **Reikningskil**

26.1. Fjárhagsár Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna skal hefjast fyrsta dag janúarmánaðar og því skal ljúka síðasta dag desembermánaðar.

26.2. Framkvæmdastjórnin skal færa ársreikninga Seðlabanka Evrópu í samræmi við meginreglur sem bankaráðið setur. Bankaráðið skal samþykkja ársreikninga og skulu þeir birtir að því loknu.

26.3. Framkvæmdastjórnin skal, með tilliti til greiningar- og rekstrarþarfa, færa samstæðuefnahagsreikning seðlabankakerfis Evrópu, sem samanstendur af þeim eignum og skuldum seðlabanka aðildarríkjanna sem falla innan seðlabankakerfis Evrópu.

26.4. Við beitingu þessarar greinar skal bankaráðið setja nauðsynlegar reglur um stöðlun reikningshalds og reikningsskila í tengslum við viðskipti sem seðlabankar aðildarríkjanna stunda.

27. gr.

### **Endurskoðun**

27.1. Óháðir utanaðkomandi endurskoðendur, sem bankaráðið mælir með og ráðið samþykkir, skulu endurskoða reikninga Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna. Endurskoðendurnir skulu hafa fulla heimild til að skoða allar bækur og reikninga Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna og fá aðgang að öllum upplýsingum um viðskipti þeirra.

27.2. Ákvæði 287. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda eingöngu um athugun á því hversu skilvirk stjórn Seðlabanka Evrópu er í rekstrarlegu tilliti.

28. gr.

### **Hlutfé Seðlabanka Evrópu**

28.1. Hlutfé Seðlabanka Evrópu skal vera 5 milljarðar evra. Heimilt er að auka hlutféð um fjárhæð sem bankaráðið ákveður með auknum meirihluta sem kveðið er á um í gr. 10.3, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið setur samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 41. gr.

28.2. Seðlabönkum aðildarríkjanna skal einum heimilt að skrá sig fyrir og eiga hlutfé í Seðlabanka Evrópu. Hlutfjárskrift skal ákveðin samkvæmt dreifingarlyklinum sem er ákveðinn í samræmi við 29. gr.

28.3. Bankaráðið skal ákveða, með þeim aukna meirihluta sem kveðið er á um í gr. 10.3, að hve miklu leyti og á hvaða hátt greiða skuli hlutféð inn.

28.4. Með fyrirvara um gr. 28.5 skal óheimilt að framselja, veðsetja eða gera aðför í hlut seðlabanka aðildarríkjanna í skráðu hlutfé Seðlabanka Evrópu.

28.5. Ef dreifingarlyklinum, sem um getur í 29. gr., er breytt skulu seðlabankar aðildarríkjanna millifæra hlutfé sín á milli að því marki sem er nauðsynlegt til að tryggja að dreifing hlutfjár svári til breytta lykilsins. Bankaráðið skal ákveða skilmála og skilyrði slíkra millifærslna.

## 29. gr.

**Dreifingarlykill fyrir hlutafjárskrift**

29.1. Dreifingarlykill fyrir hlutafjárskrift í Seðlabanka Evrópu, sem var ákveðinn í fyrsta sinn 1998 í tengslum við stofnsetningu seðlabankakerfis Evrópu, skal ákvarða með því að úthluta hverjum seðlabanka aðildarríkis vægi í þessum lykli sem svarar til samtölu:

- 50% af hlut viðkomandi aðildarríkis í íbúafjölda Sambandsins á næstsíðasta ári fyrir stofnun seðlabankakerfis Evrópu,
- 50% af hlut viðkomandi aðildarríkis í vergri landsframleiðslu Evrópusambandsins á markaðsvirði, samkvæmt skráningu á síðustu fimm árum fyrir næstsíðasta ár fyrir stofnun seðlabankakerfis Evrópu.

Hundraðshlutana skal námunda að næsta margfeldi af 0,0001 prósentustigum.

29.2. Framkvæmdastjórnin skal leggja til þau tölulegu gögn sem ber að nota við beitingu þessarar greinar, í samræmi við reglur sem ráðið samþykkir samkvæmt málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 41. gr.

29.3. Vægið, sem seðlabönkum aðildarríkjanna er úthlutað, skal leiðrétt fimmta hvert ár eftir stofnun seðlabankakerfis Evrópu, á hliðstæðan hátt og mælt er fyrir um í gr. 29.1. Leiðrétti dreifingarlykillinn tekur gildi fyrsta dag næsta árs.

29.4. Bankaráðið skal gera allar aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar þessarar greinar.

## 30. gr.

**Yfirlýsing á eignum í gjaldeyrisforða til Seðlabanka Evrópu**

30.1. Með fyrirvara um 28. gr. skulu seðlabankar aðildarríkjanna leggja Seðlabanka Evrópu til eignir í gjaldeyrisforða, allt að fjárhæð sem jafngildir 50 milljörðum evra, sem má þó ekki samanstanda af gjaldmiðlum aðildarríkjanna, evrum, gjaldeyrisstöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn eða sérstökum dráttarréttindum (SDR). Bankaráðið skal ákveða hversu stóran hluta forðans skuli greiða til Seðlabanka Evrópu í tengslum við stofnun hans og hve háar fjárhæðir skuli greiða síðar. Seðlabanki Evrópu skal hafa fullan rétt til að varðveita þann gjaldeyrisforða sem yfirlýsing er til hans og stýra honum og til að nota forðann í þeim tilgangi sem lýst er í þessari stofnsamþykkt.

30.2. Framlag seðlabanka hvers aðildarríkis skal vera í réttu hlutfalli við hlut bankans í skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu.

30.3. Seðlabanki Evrópu skal bóka framlag seðlabanka hvers aðildarríkis sem kröfu sem svarar til framlags bankans. Bankaráðið skal ákveða nafnverð og ávöxtun slíkra krafna.

30.4. Seðlabanka Evrópu er heimilt að innkalla eignir í gjaldeyrisforða, í samræmi við gr. 30.2, umfram mörkin sem eru sett í gr. 30.1, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið setur í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 41. gr.

30.5. Seðlabanka Evrópu er heimilt að varðveita gjaldeyrisstöðu við Alþjóðagjaldeyrissjóðinn og sérstök dráttarréttindi og stýra þeim og ákveða samnýtingu slíkra eigna.

30.6. Bankaráðið skal gera allar aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar þessarar greinar.

### 31. gr.

#### **Eignir seðlabanka aðildarríkjanna í gjaldeyrisforða**

31.1. Seðlabönkum aðildarríkjanna skal heimilt að stunda viðskipti til að fullnægja skuldbindingum sínum gagnvart alþjóðastofnunum í samræmi við 23. gr.

31.2. Öll önnur viðskipti með eignir í gjaldeyrisforða, sem sitja eftir í seðlabönkum aðildarríkjanna eftir yfirfærslurnar sem um getur í 30. gr., svo og viðskipti aðildarríkjanna með rekstrarfjármuni í erlendum gjaldmiðlum umfram tiltekin mörk, sem ákveðin skulu innan ramma gr. 31.3, skulu háð samþykki Seðlabanka Evrópu til að tryggja samræmi við gengis- og peningamálastefnu Sambandsins.

31.3. Bankaráðið skal gefa út viðmiðunarreglur í því skyni að auðvelda slík viðskipti.

### 32. gr.

#### **Ráðstöfun peningalegra tekna seðlabanka aðildarríkjanna**

32.1. Þeim tekjum seðlabanka aðildarríkjanna, sem renna til þeirra við framkvæmd verkefna í tengslum við peningamálastefnu seðlabankakerfis Evrópu (hér á eftir nefndar „peningalegar tekjur“), skal ráðstafað í lok hvers fjárhagsárs í samræmi við ákvæði þessarar greinar.

32.2. Fjárhæð peningalegra tekna seðlabanka hvers aðildarríkis svarar til árlegra tekna hans af eignum sem haldið er á móti peningaseðlum í umferð og skuldbindingum vegna innlána lánastofnana. Seðlabankar aðildarríkjanna skulu halda þessum eignum sérgreindum í samræmi við viðmiðunarreglur sem bankaráðinu ber að setja.

32.3. Telji bankaráðið, eftir að evran er tekin upp, að uppbygging efnahagsreiknings seðlabanka aðildarríkjanna sé með þeim hætti að ekki sé unnt að beita ákvæðum gr. 32.2 getur það ákveðið, með auknum meirihluta og þrátt fyrir gr. 32.2, að peningalegar tekjur skuli reiknaðar samkvæmt annarri aðferð á tímabili sem ekki má vera lengra en fimm ár.

32.4. Fjárhæð peningalegra tekna seðlabanka hvers aðildarríkis skal lækkuð um fjárhæð sem svarar til vaxtanna sem viðkomandi seðlabanki greiðir af skuldbindingum vegna innlána lánastofnana í samræmi við 19. gr.

Bankaráðinu er heimilt að ákveða að bæta skuli seðlabönkum aðildarríkjanna kostnað þeirra í tengslum við útgáfu peningaseðla eða, í undantekningartilvikum, sérstakt tap í tengslum við viðskipti fyrir hönd seðlabankakerfis Evrópu í þágu peningamálastefnu. Bætur skulu vera á því formi sem bankaráðið telur viðeigandi; slíkar fjárhæðir má jafna með peningalegum tekjum seðlabanka aðildarríkjanna.

32.5. Samtölu peningalegra tekna seðlabanka aðildarríkjanna skal skipt á milli þessara banka í samræmi við greiddan hlut þeirra í hlutfé Seðlabanka Evrópu, með fyrirvara um ákvarðanir sem bankaráðið kann að taka samkvæmt gr. 33.2.

32.6. Greiðslujöfnun og uppgjör jafnaðarreikninga, sem leiðir af ráðstöfun peningalegra tekna, skal vera á hendi Seðlabanka Evrópu í samræmi við viðmiðunarreglur sem bankaráðið setur.

32.7. Bankaráðið skal gera allar aðrar ráðstafanir sem eru nauðsynlegar vegna beitingar þessarar greinar.

### 33. gr.

#### Ráðstöfun hreins hagnaðar og hreins taps Seðlabanka Evrópu

33.1. Hreinan hagnað Seðlabanka Evrópu skal yfirfæra sem hér segir:

- a) fjárhæð samkvæmt ákvörðun bankaráðsins sem má ekki vera umfram 20% af hreinum hagnaði, skal yfirfærð í almennan varasjóð með þeim takmörkunum að ekki sé farið yfir 100% af hlutfénu,
- b) hreinum hagnaði, sem þá er eftir, skal dreift til hlutfjáreigenda Seðlabanka Evrópu í samræmi við greiddan hlut þeirra.

33.2. Ef Seðlabanki Evrópu skilar tapi má jafna það með almennum varasjóði bankans og, ef nauðsyn krefur, samkvæmt ákvörðun bankaráðsins, með peningalegum tekjum viðkomandi fjárhagsárs í hlutfalli við og upp að þeim fjárhæðum sem úthlutað er til seðlabanka aðildarríkjanna í samræmi við gr. 32.5.

## VII. KAFLI

### ALMENN ÁKVÆÐI

#### 34. gr.

#### Réttargerðir

34.1. Seðlabanki Evrópu skal, í samræmi við 132. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins:

- gefa út reglugerðir, eftir því sem nauðsyn krefur, til framkvæmdar verkefnum sem eru skilgreind í fyrsta undirlið gr. 3.1, í gr. 19.1, 22 eða 25.2 og í tilvikum sem mælt verður fyrir um í þeim gerðum ráðsins sem um getur í 41. gr.,
- taka ákvarðanir sem eru nauðsynlegar til framkvæmdar þeim verkefnum sem seðlabankakerfi Evrópu eru falin í sáttmálunum og þessari stofnsamþykkt,
- setja fram tilmæli og skila álitum.

34.2. Seðlabanki Evrópu getur ákveðið að birta ákvarðanir sínar, tilmæli og álit opinberlega.

34.3. Seðlabanka Evrópu skal heimilt, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem ráðið samþykkir samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 41. gr., að leggja fjársektir eða févítí á fyrirtæki sem standa ekki við skuldbindingar samkvæmt reglugerðum hans og ákvörðunum.

35. gr.

**Eftirlit dómstóla og skyld mál**

35.1. Dómstóll Evrópusambandsins getur tekið til endurskoðunar eða túlkunar aðgerðir eða aðgerðarleysi Seðlabanka Evrópu í þeim málum og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins. Seðlabanka Evrópu er heimilt að höfða dómsmál í þeim málum og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í sáttmálanum.

35.2. Þar til bærir dómstólar í aðildarríkjunum skulu skera úr deilum milli Seðlabanka Evrópu annars vegar og lánveitenda hans, skuldara eða annars aðila hins vegar, nema Dómstóli Evrópusambandsins hafi verið fengin lögsaga.

35.3. Seðlabanki Evrópu skal falla undir bótaábyrgð samkvæmt því sem kveðið er á um í 340. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Seðlabankar aðildarríkjanna skulu bera skaðabótaábyrgð samkvæmt viðeigandi landslögum.

35.4. Samkvæmt gerðardómsákvæðum samninga, sem Seðlabanki Evrópu hefur gert eða gerðir hafa verið fyrir hans hönd, skal Dómstóll Evrópusambandsins fara með lögsögu hvort sem reglur opinbers réttar eða einkaréttar gilda um samninginn.

35.5. Ákvörðun Seðlabanka Evrópu um að höfða mál fyrir Dómstóli Evrópusambandsins skal tekin af bankaráðinu.

35.6. Dómstóll Evrópusambandsins fer með lögsögu í deilum um það hvort seðlabankar aðildarríkjanna standa við skuldbindingar samkvæmt sáttmálanum og þessari stofnsamþykkt. Ef Seðlabanki Evrópu telur að seðlabanki aðildarríkis hafi ekki staðið við skuldbindingu samkvæmt sáttmálanum og þessari stofnsamþykkt skal hann skila rökstuddu álitinu um málið eftir að hafa gefið viðkomandi seðlabanka aðildarríkis færi á að leggja fram athugasemdir. Ef viðkomandi seðlabanki aðildarríkis fer ekki að álitinu innan þess tímabils, sem Seðlabanki Evrópu mælir fyrir um, getur sá síðarnefndi farið með málið fyrir Dómstól Evrópusambandsins.

36. gr.

**Starfsfólk**

36.1. Bankaráðið skal mæla fyrir um ráðningarkjör starfsfólks Seðlabanka Evrópu, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

36.2. Dómstóll Evrópusambandsins fer með lögsögu í öllum deilum sem upp kunna að koma milli Seðlabanka Evrópu og starfsmanna hans, með þeim takmörkunum og skilyrðum sem mælt er fyrir um í ráðningarkjörum þeirra.

37. gr. (áður 38. gr.)

### **Þagnarskylda**

37.1. Þeir sem eiga sæti í stjórnnum og ráðum Seðlabanka Evrópu og seðlabanka aðildarríkjanna, sem og starfsmenn þeirra, skulu bundnir þagnarskyldu, sem helst enda þótt þeir láti af störfum, um vitneskju sem á að fara leynt í starfi þeirra.

37.2. Hver sá sem hefur aðgang að upplýsingum, sem falla undir löggjöf Sambandsins um þagnarskyldu, skal heyra undir þá löggjöf.

38. gr. (áður 39. gr.)

### **Undirritunaraðilar**

Seðlabanki Evrópu skal vera lagalega skuldbundinn gagnvart þriðju aðilum fyrir tilstilli forsetans eða tveggja stjórnarmanna í framkvæmdastjórninni eða með undirritun tveggja starfsmanna Seðlabanka Evrópu sem forsetinn hefur veitt fullt umboð til undirritunar af hálfu Seðlabanka Evrópu.

39. gr. (áður 40. gr.)

### **Sérréttindi og friðhelgi**

Seðlabanki Evrópu skal njóta sérréttinda og friðhelgi á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna í þeim mæli sem starfsemi hans krefst og með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins.

## **VIII. KAFLI**

### **BREYTING Á STOFNSAMÞYKKTINNI OG LÖGGJÖF HENNI TIL FYLLINGAR**

40. gr. (áður 41. gr.)

#### **Einfölduð málsmeðferð vegna breytinga**

40.1. Í samræmi við 3. mgr. 129. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er Evrópuþinginu og ráðinu heimilt að taka ákvörðun, í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð, um breytingu á gr. 5.1, 5.2, 5.3, 17, 18, 19.1, 22, 23, 24, 26, 32.2, 32.3, 32.4 og 32.6, a-lið gr. 33.1 og 36. gr. í þessari stofnsamþykkt, annaðhvort að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við framkvæmdastjórnina eða að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Seðlabanka Evrópu.

40.2. Heimilt er að breyta gr. 10.2 með einróma ákvörðun leiðtogaráðsins, annaðhvort að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina eða að fengnum tilmælum frá framkvæmdastjórninni og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu. Þessi ákvæði öðlast ekki gildi fyrr en aðildarríkin hafa samþykkt þau í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar.



40.3. Tilmæli Seðlabanka Evrópu samkvæmt þessari grein krefjast einróma ákvörðunar bankaráðsins.

*41. gr. (áður 42. gr.)*

### **Löggjöf til fyllingar**

Í samræmi við 4. mgr. 129. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal ráðið, annaðhvort að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið og Seðlabanka Evrópu eða að fengnum tilmælum frá Seðlabanka Evrópu og að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina, samþykkja ákvæðin sem um getur í gr. 4, 5.4, 19.2, 20, 28.1, 29.2, 30.4 og 34.3 í þessari stofnsamþykkt.

## **IX. KAFLI**

### **UMBREYTINGARÁKVÆÐI OG ÖNNUR ÁKVÆÐI ER VARÐA SEÐLABANKAKERFI EVRÓPU**

*42. gr. (áður 43. gr.)*

#### **Almenn ákvæði**

42.1. Undanþágan, sem um getur í 139. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, felur í sér að eftirfarandi greinar í þessari stofnsamþykkt hafa ekki í för með sér nein réttindi eða skuldbindingar hlutaðeigandi aðildarríkja: 3, 6, 9.2, 12.1, 14.3, 16, 18, 19, 20, 22, 23, 26.2, 27, 30, 31, 32, 33, 34 og 49.

42.2. Seðlabankar aðildarríkja með undanþágu, sem um getur í 1. mgr. 139. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu halda valdheimildum sínum á sviði peningamálastefnu samkvæmt landslögum.

42.3. Í samræmi við 139. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er með hugtakinu „aðildarríki“ átt við „aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil“ í eftirfarandi greinum þessarar stofnsamþykktar: 3, 11.2 og 19.

42.4. Með hugtakinu „seðlabankar aðildarríkjanna“ er átt við „seðlabanka aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil“ í eftirfarandi greinum þessarar stofnsamþykktar: 9.2, 10.2, 10.3, 12.1, 16, 17, 18, 22, 23, 27, 30, 31, 32, 33.2 og 49.

42.5. Með hugtakinu „hluthafar“ er átt við „seðlabanka aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil“ í gr. 10.3 og 33.1.

42.6. Með hugtakinu „skráð hlutafé Seðlabanka Evrópu“ er átt við „hlutafé Seðlabanka Evrópu skráð af seðlabönkum aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil“ í gr. 10.3 og 30.2.

43. gr. (áður 44. gr.)

### **Tímabundin verkefni Seðlabanka Evrópu**

Seðlabanki Evrópu skal taka við þeim verkefnum sem Peningamálastofnun Evrópu annaðist áður og um getur í 2. mgr. 141. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og enn þarf að inna af hendi eftir upptöku evrunnar vegna undanþágna eins aðildarríkis eða fleiri.

Seðlabanki Evrópu skal veita ráðgjöf við undirbúning niðurfellingar á þeim undanþágum sem tilgreindar eru í 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

44. gr. (áður 45. gr.)

### **Aðalráð Seðlabanka Evrópu**

44.1. Með fyrirvara um 3. mgr. 129. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal stofna aðalráð sem þriðja aðila innan Seðlabanka Evrópu sem fer með ákvarðanatöku.

44.2. Aðalráðið skipa forseti og varaforseti Seðlabanka Evrópu og bankastjórar seðlabanka aðildarríkjanna. Öðrum stjórnarmönnum framkvæmdastjórnar er heimilt að taka þátt í fundum aðalráðsins án atkvæðisréttar.

44.3. Skyldustörf aðalráðsins eru tilgreind í 46. gr. þessarar stofnsamþykktar.

45. gr. (áður 46. gr.)

### **Starfsreglur aðalráðsins**

45.1. Forseti Seðlabanka Evrópu, eða varaforseti í forföllum hans, skal stýra aðalráði Seðlabanka Evrópu.

45.2. Forseta ráðsins og framkvæmdastjóra frá framkvæmdastjórninni er heimilt að taka þátt í fundum aðalráðsins án atkvæðisréttar.

45.3. Forsetinn skal undirbúa fundi aðalráðsins.

45.4. Aðalráðið skal, þrátt fyrir gr. 12.3, setja sér starfsreglur.

45.5. Seðlabanki Evrópu skal sjá aðalráðinu fyrir skrifstofuaðstöðu og starfsliði.

46. gr. (áður 47. gr.)

### **Skyldustörf aðalráðsins**

46.1. Aðalráðið skal:

- annast þau verkefni sem um getur í 43. gr.,
- leggja sitt af mörkum til að sinna því ráðgjafarhlutverki sem um getur í 4. gr. og gr. 25.1.

46.2. Aðalráðið skal aðstoða við:

- söfnun tölulegra upplýsinga eins og um getur í 5. gr.,
- skýrslugjöf Seðlabanka Evrópu eins og um getur í 15. gr.,
- setningu nauðsynlegra reglna til beitingar 26. gr. eins og um getur í gr. 26.4,
- framkvæmd allra annarra ráðstafana til beitingar 29. gr., eins og um getur í gr. 29.4,
- ákvörðun ráðningarkjara starfsfólks Seðlabanka Evrópu eins og um getur í 36. gr.

46.3. Aðalráðið skal stuðla að nauðsynlegum undirbúningi þess að festa gengi gjaldmiðla aðildarríkja með undanþágu gagnvart evrunni, eins og um getur í 3. mgr. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

46.4. Forseti Seðlabanka Evrópu skal tilkynna aðalráðinu ákvarðanir bankaráðsins.

*47. gr. (áður 48. gr.)*

### **Umbreytingarákvæði varðandi hlutafé Seðlabanka Evrópu**

Í samræmi við gr. 29.1 skal hverjum seðlabanka aðildarríkis úthlutað vægi í dreifingarlykli fyrir hlutafjáraskrift í Seðlabanka Evrópu. Þrátt fyrir gr. 28.3 skulu seðlabankar aðildarríkja með undanþágu ekki greiða skráð hlutafé sitt inn nema aðalráðið ákveði, með meirihluta sem stendur fyrir a.m.k. tvo þriðju hluta af skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu og a.m.k. helming hluthafanna, að skylt sé að greiða tiltekið lágmarkshlutfall sem framlag til rekstrarkostnaðar Seðlabanka Evrópu.

*48. gr. (áður 49. gr.)*

### **Greiðslufrestur vegna hlutafjár, varaforða og annars eiginfjár Seðlabanka Evrópu**

48.1. Hafi undanþága seðlabanka aðildarríkis verið felld úr gildi skal hann greiða inn jafnstóran hluta af skráðu hlutafé sínu í Seðlabanka Evrópu og seðlabankar annarra aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil og yfirfæra eignir í gjaldeyrisforða til Seðlabanka Evrópu í samræmi við gr. 30.1. Fjárhæðin, sem ber að yfirfæra, skal ákvörðuð með því að margfalda virði eigna í gjaldeyrisforða, sem þegar hafa verið yfirfærðar til Seðlabanka Evrópu í samræmi við gr. 30.1, á gangvirði evru með hlutfallinu milli fjölda hluta sem viðkomandi seðlabanki aðildarríkis hefur skráð sig fyrir og fjölda hluta sem hinir seðlabankarnir hafa þegar greitt inn.

48.2. Auk greiðslunnar, sem inna ber af hendi í samræmi við gr. 48.1, skal hlutaðeigandi seðlabanki leggja fram skerf til varaforða Seðlabanka Evrópu, til eiginfjárráðstöfunar sem samsvarar varaforða og til þeirrar fjárhæðar sem enn er eftir að ákveða að verja til varaforðans og ráðstöfunar í samræmi við stöðu rekstrarreiknings 31. desember árið fyrir afturköllun undanþágunnar.

Fjárhæðin, sem greiða ber, skal ákvörðuð með því að margfalda fjárhæð varaforðans samkvæmt framangreindri skilgreiningu og samþykktum efnahagsreikningi Seðlabanka Evrópu, með hlutfallinu milli fjölda hluta sem viðkomandi seðlabanki hefur skráð sig fyrir og fjölda hluta sem hinir seðlabankarnir hafa þegar greitt inn.

48.3. Þegar eitt eða fleiri lönd gerast aðildarríki og seðlabankar þeirra verða hluti af seðlabankakerfi Evrópu leiðir það sjálfkrafa til aukningar á skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu og á fjárhæðum eigna í gjaldeyrisforða sem færa má til hans. Aukningin skal ákvörðuð með því að margfalda viðkomandi fjárhæðir, eins og þær reiknast þá, með hlutfallinu milli vægis þeirra seðlabanka aðildarríkja sem eru að ganga inn og vægis seðlabanka sem þegar eiga aðild að seðlabankakerfi Evrópu, í dreifingarlykli fyrir hlutafjárskráningu miðað við aukið hlutafé. Vægi hvers seðlabanka í dreifingarlyklinum skal reiknað út hliðstætt við gr. 29.1 og í samræmi við gr. 29.2. Viðmiðunartímabil tölulegra gagna skulu vera hin sömu og notuð voru við síðustu fimm ára aðlögun vægisins samkvæmt gr. 29.3.

*49. gr. (áður 52. gr.)*

### **Skipti á peningaseðlum í gjaldmiðlum aðildarríkjanna**

Eftir að gengi hefur verið fest með óafturkræfum hætti í samræmi við 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal bankaráðið gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að tryggja að peningaseðlum, sem gefnir hafa verið út í gjaldmiðlum með gengi sem fest hefur verið með óafturkræfum hætti, sé skipt í seðlabönkum aðildarríkjanna á nafnverði.

*50. gr. (áður 53. gr.)*

### **Gildissvið umbreytingarákvæða**

Ákvæði 42.–47. gr. gilda ef og svo framarlega sem einhver aðildarríki hafa enn undanþágu.

---

## BÓKUN 5

## UM STOFNSAMÞYKKT FJÁRFESTINGARBANKA EVRÓPU

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að mæla fyrir um stofnsamþykkt Fjárfestingarbanka Evrópu sem kveðið er á um í 308. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Fjárfestingarbanki Evrópu, sem komið er á fót með 308. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins (hér á eftir nefndur „bankinn“), er hér með stofnaður; hann skal sinna verkefnum sínum og starfsemi í samræmi við ákvæði sáttmálanna og þessarar stofnsamþykktar.

*2. gr.*

Verkefni bankans eru skilgreind í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*3. gr.*

Aðilar að bankanum skulu vera aðildarríkin, í samræmi við 308. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*4. gr.*

1. Hlutfé bankans skal vera 232 392 989 000 evrur sem aðildarríkin skulu skráð fyrir sem hér segir:

|                     |                |
|---------------------|----------------|
| Þýskaland           | 37 578 019 000 |
| Frakkland           | 37 578 019 000 |
| Ítalía              | 37 578 019 000 |
| Breska konungsríkið | 37 578 019 000 |
| Spánn               | 22 546 811 500 |
| Belgía              | 10 416 365 500 |
| Holland             | 10 416 365 500 |
| Svíþjóð             | 6 910 226 000  |
| Danmörk             | 5 274 105 000  |
| Austurríki          | 5 170 732 500  |
| Pólland             | 4 810 160 500  |
| Finnland            | 2 970 783 000  |

|              |               |
|--------------|---------------|
| Grikkland    | 2 825 416 500 |
| Portúgal     | 1 820 820 000 |
| Tékkland     | 1 774 990 500 |
| Ungverjaland | 1 679 222 000 |
| Írland       | 1 318 525 000 |
| Rúmenía      | 1 217 626 000 |
| Slóvakía     | 604 206 500   |
| Slóvenía     | 560 951 500   |
| Búlgaríá     | 410 217 500   |
| Litháen      | 351 981 000   |
| Lúxemborg    | 263 707 000   |
| Kýpur        | 258 583 500   |
| Lettland     | 214 805 000   |
| Eistland     | 165 882 000   |
| Malta        | 98 429 500    |

Aðildarríkin skulu einungis vera ábyrg fyrir þeim hluta hlutafjárins sem þau eru skráð fyrir og stendur ógreiddur.

2. Innganga nýs aðila skal leiða til aukningar á skráðu hlutafé sem svarar til þess hlutafjár sem nýi aðilinn leggur til.
3. Bankaráði er heimilt að taka einróma ákvörðun um að auka skráð hlutafé.
4. Óheimilt er að framselja, veðsetja eða gera aðför í hlut aðila í skráðu hlutafé.

#### 5. gr.

1. Aðildarríkin skulu greiða inn að meðaltali 5% af því skráða hlutafé sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 4. gr.
2. Ef skráð hlutafé er aukið skal bankaráð taka einróma ákvörðun um það hlutfall sem greitt skal inn og tilhögun greiðslunnar. Greiðsla í reiðufé skal eingöngu vera í evrum.
3. Bankastjórnin getur farið fram á að eftirstöðvar af skráðu hlutafé verði greiddar inn að því marki sem þurfa þykir til að bankinn geti staðið við skuldbindingar sínar.

Hvert aðildarríki skal reiða fram þessa greiðslu í hlutfalli við hlut sinn í skráðu hlutafé.

## 6. gr.

(áður 8. gr.)

Bankinn lýtur stjórn bankaráðs, bankastjórnar og stjórnarnefndar.

## 7. gr.

(áður 9. gr.)

1. Bankaráðið skal skipað ráðherrum sem aðildarríkin tilnefna.
2. Bankaráðið skal setja fram almenn fyrirmæli um lánastefnu bankans, í samræmi við markmið Evrópusambandsins. Bankaráðið skal sjá til þess að fyrirmælin komi til framkvæmda.
3. Bankaráðið skal enn fremur:
  - a) ákveða hvort auka skuli skráð hlutafé í samræmi við 3. mgr. 4. gr. og 2. mgr. 5. gr.,
  - b) með tilliti til 1. mgr. 9. gr., mæla fyrir um meginreglur um fjármögnunarstarfsemi sem fram fer innan ramma verkefna bankans,
  - c) beita heimildum í 9. og 11. gr. er varða skipun og brottvikningu stjórnarmanna í bankastjórn og stjórnarnefnd og þeim heimildum sem kveðið er á um í 1. mgr. 11. gr.,
  - d) ákveða hvort veita skuli fé til fjárfestingastarfsemi sem fer fram, að öllu eða einhverju leyti, utan yferráðasvæðis aðildarríkjanna í samræmi við 1. mgr. 16. gr.,
  - e) samþykkja ársskýrslu bankastjórnar,
  - f) samþykkja árlegan efnahagsreikning og rekstrarreikning,
  - g) beita öðrum heimildum og sinna öðrum verkefnum sem það hefur samkvæmt þessari stofnsamþykkt,
  - h) setja bankanum starfsreglur.
4. Bankaráðið skal vera til þess bært, innan ramma sáttmálans og þessarar stofnsamþykktar, að taka einróma ákvarðanir um að stöðva rekstur bankans tímabundið og, ef svo ber undir, um að hann skuli tekinn til skiptameðferðar.

## 8. gr.

(áður 10. gr.)

Ef ekki er kveðið á um annað í þessari stofnsamþykkt skulu ákvarðanir bankaráðs teknar með meirihluta atkvæða. Sá meirihluti verður að standa fyrir a.m.k. 50% af skráðu hlutafé.

Til að ná auknum meirihluta skal krafist að minnsta kosti 18 atkvæða samanlagt og 68% af skráðu hlutafé.

Hjáseta þeirra, sem viðstaddir eru atkvæðagreiðslu eða hafa veitt öðrum umboð til að fara með atkvæði sitt, hindrar ekki samþykkt ákvarðana þar sem einróma samþykki er áskilið.

## 9. gr.

(áður 11. gr.)

1. Bankastjórnin skal taka ákvarðanir um að veita fé, einkum í formi lána og ábyrgða, og um lánsfjáröflun; hún skal ákveða vexti á veittum lánum ásamt þóknun og öðrum gjöldum. Henni er heimilt, á grundvelli ákvarðana sem eru teknar með auknum meirihluta, að fela tiltekin verkefni sín stjórnarnefndinni. Hún skal ákveða skilmála og skilyrði fyrir slíkri verkskipan og hafa umsjón með framkvæmd hennar.

Bankastjórnin skal sjá til þess að bankinn sé vel rekinn; hún skal tryggja að bankanum sé stjórnað í samræmi við ákvæði sáttmálanna og þessarar stofnsamþykktar og almenn fyrirmæli sem bankaráð setur fram.

Í lok fjárhagsárs skal bankastjórnin leggja skýrslu fyrir bankaráðið og birta hana þegar hún hefur verið samþykkt.

2. Bankastjórnin skal skipuð tuttugu og átta stjórnarmönnum og átján varamönnum.

Stjórnarmennirnir skulu skipaðir af bankaráði til fimm ára og skal hvert aðildarríki tilnefna einn og framkvæmdastjórnin einn.

Bankaráðið skal skipa varamenn stjórnar til fimm ára sem hér segir:

- tveir varamenn skulu tilnefndir af Sambandslýðveldinu Þýskalandi,
- tveir varamenn skulu tilnefndir af Lýðveldinu Frakklandi,
- tveir varamenn skulu tilnefndir af Lýðveldinu Ítalíu,
- tveir varamenn skulu tilnefndir af Hinu sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands,
- einn varamaður skal tilnefndur með samhljóða samkomulagi Konungsríkisins Spánar og Lýðveldisins Portúgals,



- einn varamaður skal tilnefndur með samhljóða samkomulagi Konungsríkisins Belgíu, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar og Konungsríkisins Hollands,
- tveir varamenn skulu tilnefndir með samhljóða samkomulagi Konungsríkisins Danmerkur, Lýðveldisins Grikklands, Írlands og Rúmeníu,
- tveir varamenn skulu tilnefndir með samhljóða samkomulagi Lýðveldisins Eistlands, Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Litháens, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Finnlands og Konungsríkisins Svíþjóðar,
- þrír varamenn skulu tilnefndir með samhljóða samkomulagi Lýðveldisins Búlgaríu, Lýðveldisins Tékklands, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Póllands, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu,
- einn varamaður skal tilnefndur af framkvæmdastjórninni.

Bankastjórnin skal fá til liðs við sig sex sérfræðinga án atkvæðisréttar: þrjá fulltrúa og þrjá varamenn.

Heimilt er að endurskipa stjórnarmenn og varamenn.

Í starfsreglunum skal mæla fyrir um fyrirkomulag á þátttöku í fundum bankastjórnar og ákvæði um varamenn og tilkvadda sérfræðinga.

Formaður stjórnarnefndarinnar, eða einn varaformannanna í fjarveru hans, skal stýra fundum bankastjórnar án atkvæðisréttar.

Sjálfstæði og hæfni þeirra sem veljast í bankastjórn, verður að vera hafin yfir allan vafa; þeir skulu einungis bera ábyrgð gagnvart bankanum.

3. Bankaráð getur einungis vikið stjórnarmanni frá þegar hann uppfyllir ekki lengur skilyrði til að gegna skyldustörfum sínum; slík ákvörðun skal tekin með auknum meirihluta.

Ef ársskýrslan er ekki samþykkt skal bankastjórnin segja af sér.

4. Sæti, sem losnar sökum dauðsfalls, úrsagnar, brottvikningar eða hópúrsagnar, skal manna í samræmi við 2. mgr. Ef skipt er um stjórnarmann situr staðgengill hans til loka skipunartíma hans nema endurskipað sé í alla bankastjórnina.

5. Bankaráð skal ákveða þóknun til stjórnarmanna í bankastjórn. Bankaráð skal mæla fyrir um hvaða athafnir samrýmast ekki skyldum stjórnarmanns eða varamanns.

*10. gr.*

(áður 12. gr.)

1. Hver stjórnarmaður skal hafa eitt atkvæði í bankastjórn. Honum er jafnan heimilt að fela öðrum atkvæði sitt samkvæmt nánari reglum sem mælt skal fyrir um í starfsreglum bankans.
2. Ef ekki er kveðið á um annað í þessari stofnsamþykkt skulu ákvarðanir bankastjórnar teknar af a.m.k. einum þriðja hluta þeirra aðila sem hafa atkvæðisrétt og standa fyrir a.m.k. 50% af skráðu hlutafé. Til að ná auknum meirihluta skal krafist að minnsta kosti 18 atkvæða samanlagt og 68% af skráðu hlutafé. Í starfsreglum bankans skal mælt fyrir um þann ákvörðunarbæra meirihluta sem er nauðsynlegur til að ákvarðanir bankastjórnar teljist gildar.

*11. gr.*

(áður 13. gr.)

1. Stjórnarnefndin skal skipuð formanni og átta varaformönnum sem bankaráð tilnefdir til sex ára að tillögu bankastjórnar.

Skipan þeirra skal vera endurnýjanleg. Bankaráði er heimilt að breyta fjölda stjórnarmanna í stjórnarnefndinni með einróma ákvörðun.

2. Að tillögu bankastjórnar, sem samþykkt hefur verið með auknum meirihluta, er bankaráði heimilt, einnig með auknum meirihluta, að víkja manni úr stjórnarnefndinni.
3. Stjórnarnefndin skal hafa með höndum dagleg störf bankans undir stjórn formanns og eftirliti bankastjórnar.

Hún skal undirbúa ákvarðanir bankastjórnarinnar, sér í lagi ákvarðanir um lánsfjáröflun og veitingu fjár, einkum í formi lána og ábyrgða; hún skal sjá til þess að ákvörðunum sé komið til framkvæmda.

4. Stjórnarnefndin skal með meirihlutaákvörðun skila álitum sínum á tillögum um lánsfjáröflun og veitingu fjár, einkum í formi lána og ábyrgða.
5. Bankaráð skal ákvarða þóknun til þeirra sem sitja í stjórnarnefndinni og mæla fyrir um hvaða athafnir samrýmast ekki skyldum þeirra.
6. Formaðurinn, eða einn varaformannanna í forföllum hans, skal koma fram fyrir hönd bankans í dómsmálum og öðrum málum.
7. Starfsmenn bankans skulu starfa undir stjórn formannsins. Hann skal annast ráðningar starfsmanna og uppsagnir. Við val á starfsfólki skal ekki einungis taka tillit til þess hvernig viðkomandi hentar í starfið og hæfis hans heldur einnig til jafnvægis milli fulltrúatölu ríkisborgara aðildarríkjanna. Í starfsreglum skal koma fram hvaða stofnun er til þess bær að samþykkja ákvæði sem gilda skulu um starfsfólk.

8. Stjórnarnefndin og starfsfólk bankans skulu einungis bera ábyrgð gagnvart bankanum og vera algjörlega óháð í störfum sínum.

*12. gr.*

(áður 14. gr.)

1. Nefnd sex manna, sem bankaráð skipar á grundvelli hæfis þeirra, skal ganga úr skugga um að starfsemi bankans sé í samræmi við bestu bankavenjur og bera ábyrgð á endurskoðun reikninga hans.
2. Nefndin, sem um getur í 1. mgr., skal ganga úr skugga um það ár hvert að rétt hafi verið staðið að aðgerðum bankans og bókhaldi. Í þessu skyni skal hún ganga úr skugga um að aðgerðir bankans hafi samrýmst formsatriðum og málsmeðferð sem mælt er fyrir um í þessari stofnsamþykkt og starfsreglunum.
3. Nefndin, sem um getur í 1. mgr., skal staðfesta að reikningsskilin og allar fjárhagslegar upplýsingar í ársreikningum bankastjórnarinnar gefi sanna og trúverðuga mynd af fjárhagsstöðu bankans að því er varðar bæði eignir og skuldir, og af árangri af aðgerðum hans og af sjóðstreymi á uppgjörssárinu.
4. Í starfsreglunum skal tilgreina kröfur um hæfi nefndarmanna og setja skilmála og skilyrði fyrir starfsemi nefndarinnar.

*13. gr.*

(áður 15. gr.)

Samskipti bankans við hvert aðildarríki skulu vera með milligöngu yfirvalds sem aðildarríkið tilnefnir. Bankinn skal leita til seðlabanka í hlutaðeigandi aðildarríki eða annarra fjármálastofnana, sem það ríki viðurkennir, við framkvæmd viðskipta sinna.

*14. gr.*

(áður 16. gr.)

1. Bankinn skal eiga samstarf við allar alþjóðastofnanir sem starfa á sviðum samsvarandi þeim sem hann sinnir.
2. Bankinn skal leitast við að koma á viðeigandi tengslum með það fyrir augum að koma á samstarfi við banka- og fjármálastofnanir í þeim löndum sem starfsemi hans teygir sig til.

*15. gr.*

(áður 17. gr.)

Að beiðni aðildarríkis eða framkvæmdastjórnarinnar eða að eigin frumkvæði skal bankaráð túlka eða auka við þau fyrirmæli sem mælt er fyrir um skv. 7. gr. þessarar stofnsamþykktar, í samræmi við sömu ákvæði og giltu um samþykkt þeirra.

## 16. gr.

(áður 18. gr.)

1. Innan ramma þess hlutverks sem bankanum er fengið í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skal hann veita fé, einkum í formi lána og ábyrgða, til aðila að bankanum eða til einkarekinna eða opinberra fyrirtækja vegna fjárfestinga á yfirráðasvæðum aðildarríkjanna, að því marki sem fjármagn fæst ekki annars staðar á eðlilegum kjörum.

Bankanum er þó heimilt, með ákvörðun sem bankaráð tekur með auknum meirihluta að tillögu bankastjórnar, að veita fé til fjárfestinga að öllu eða einhverju leyti utan yfirráðasvæða aðildarríkjanna.

2. Að svo miklu leyti sem unnt er skulu lán eingöngu veitt með því skilyrði að aðrar fjáröflunarleiðir séu einnig notaðar.

3. Við lánveitingu til fyrirtækis eða samtaka, annars en aðildarríkis, skal bankinn setja sem skilyrði fyrir láninu annaðhvort ábyrgð frá aðildarríkinu þar sem fjárfest verður eða aðrar fullnægjandi ábyrgðir eða fjárhagslegan styrk skuldara.

Í samræmi við meginreglurnar, sem bankaráð setur skv. b-lið 3. mgr. 7. gr., skal bankastjórnin að auki, ef slíkt telst nauðsynlegt vegna framkvæmdar verkefna sem kveðið er á um í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, setja með auknum meirihluta skilmála og skilyrði fyrir fjármögnunarstarfsemi sem hefur sérstaka áhættustefnu og telst þar af leiðandi til sérstakrar starfsemi.

4. Bankanum er heimilt að ábyrgjast lán sem einkarekin eða opinber fyrirtæki eða önnur samtök semja um vegna verkefna sem kveðið er á um í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

5. Samanlögð fjárhæð útistandandi lána og ábyrgða, sem bankinn veitir, skal aldrei fara yfir 250% af skráðu hlutafé hans, varasjóðum, óráðstöfuðu eiginfé eða rekstrarafgangi. Samtölu viðkomandi liða skal lækka sem nemur fjárhæð sem er jafnhá hvers konar hlutafjárþátttöku af hálfu bankans, hvort sem hún er inngreidd eða ekki.

Fjárhæð, sem greidd er út vegna hlutafjárþátttöku bankans, má í engu tilviki vera hærri en sem nemur greiddum hluta af skráðu hlutafé hans, varasjóðum, óráðstöfuðu eiginfé eða rekstrarafgangi.

Í undantekningartilvikum skal ráðstafa tilteknu fjárframlagi úr varasjóðum til sérstakrar starfsemi bankans, eftir því sem bankaráð og bankastjórn ákveða í samræmi við 3. mgr.

Þessi málsgrein gildir einnig um samstæðureikningsskil bankans.

6. Bankinn skal verja sig gegn gengisáhættu með því að setja þá skilmála í lána- og ábyrgðarsamninga sem hann telur viðeigandi.

*17. gr.*

(áður 19. gr.)

1. Vexti af lánum, sem bankinn veitir, svo og þóknun og önnur gjöld skal laga að ríkjandi aðstæðum á fjármagnsmarkaði og reikna þannig að tekjur af þeim geri bankanum kleift að standa við skuldbindingar, greiða kostnað, mæta áhættu og byggja upp varasjóð eins og kveðið er á um í 22. gr.
2. Bankinn skal ekki samþykkja neina vaxtalækkun. Ef lækkun vaxta virðist æskileg með tilliti til þeirrar tegundar fjárfestingar, sem á að fjármagna, getur hlutaðeigandi aðildarríki eða annar aðili veitt styrk upp í vaxtagreiðsluna að svo miklu leyti sem slíkt samrýmist 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*18. gr.*

(áður 20. gr.)

Bankinn skal virða eftirfarandi meginreglur í fjármögnunarstarfsemi sinni:

1. Hann skal sjá til þess að fjármunir hans séu notaðir eins skynsamlega og unnt er í þágu Sambandsins.

Hann má einungis veita lán eða ábyrgðir:

- a) ef vextir og afskriftir greiðast af rekstrarhagnaði, þegar um er að ræða fjárfestingar fyrirtækja í framleiðslugeiranum, eða, þegar um er að ræða aðrar fjárfestingar, annaðhvort með skuldbindingu ríkisins, þar sem fjárfest er, eða með einhverjum öðrum hætti og
- b) ef framkvæmd fjárfestingarinnar stuðlar almennt að meiri framleiðni í atvinnulífinu og uppbyggingu innri markaðarins.

2. Hann skal hvorki eignast hlut í fyrirtæki né taka ábyrgð á stjórn þess nema það sé nauðsynlegt til að tryggja réttindi bankans við endurheimt krafna.

Í samræmi við meginreglurnar, sem bankaráð setur skv. b-lið 3. mgr. 7. gr., skal bankastjórnin þó, ef slíkt telst nauðsynlegt vegna framkvæmdar verkefna sem kveðið er á um í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, setja með auknum meirihluta, skilmála og skilyrði fyrir hlutafjárþátttöku í atvinnufyrirtæki, alla jafna sem viðbót við lán eða ábyrgð, að svo miklu leyti sem þess er þörf til að fjármagna fjárfestingu eða áætlun.

3. Honum er heimilt að ráðstafa kröfum sínum á fjármagnsmarkaði og getur í því skyni farið fram á það við skuldara sína að þeir gefi út skuldabréf eða önnur verðbréf.

4. Hvorki bankinn né aðildarríkin skulu setja sem skilyrði að fjármunir, sem bankinn lánar, verði notaðir í tilteknu aðildarríki.
5. Bankinn getur sett það skilyrði fyrir lánveitingum að alþjóðleg útboð verði haldin.
6. Bankinn skal ekki að neinu leyti fjármagna fjárfestingu í aðildarríki sem er henni andvígt.
7. Sem viðbót við lánastarfsemi sína getur bankinn veitt tækniaðstoð í samræmi við skilmála og skilyrði sem bankaráð setur, með ákvörðun sem tekin er með auknum meirihluta og í samræmi við þessa stofnsamþykkt.

*19. gr.*

(áður 21. gr.)

1. Hvaða fyrirtæki, opinber aðili eða einkaaðili sem er getur sótt um fjármögnun beint til bankans. Umsóknir má einnig leggja fram með milligöngu framkvæmdastjórnarinnar eða aðildarríkisins þar sem fjárfest verður.
  2. Umsóknir, sem eru lagðar fram með milligöngu framkvæmdastjórnarinnar, skulu lagðar fyrir aðildarríkið, þar sem fjárfest verður, til álitsgjafar. Umsóknir, sem eru lagðar fram með milligöngu aðildarríkis, skulu lagðar fyrir framkvæmdastjórnina til álitsgjafar. Umsóknir, sem fyrirtæki leggur fram milliliðalaust, skulu lagðar fyrir hlutaðeigandi aðildarríki og framkvæmdastjórnina.
- Hlutaðeigandi aðildarríki og framkvæmdastjórnin skulu skila álitum innan tveggja mánaða. Berist ekkert svar innan þess tíma er bankanum heimilt að gera ráð fyrir að engin andmæli séu við umræddri fjárfestingu.
3. Bankastjórnin skal úrskurða um fjármögnunarstarfsemi sem stjórnarnefndin leggur til.
  4. Stjórnarnefndin skal kanna hvort fjármögnunarstarfsemi, sem hún fær til umfjöllunar, samrýmist ákvæðum þessarar stofnsamþykktar, einkum 16. og 18. gr. Lýsi stjórnarnefndin sig hlynnta fjármögnunarstarfseminni skal hún leggja samsvarandi tillögu fyrir bankastjórnina; nefndin getur látið fyrirvara um þau skilyrði sem hún telur nauðsynleg fylgja jákvæðu álitum. Lýsi stjórnarnefndin sig andvíga veitingu fjárens skal hún leggja viðeigandi skjöl ásamt álitum sínum fyrir bankastjórnina.
  5. Ef stjórnarnefndin skilar neikvæðu álitum er bankastjórninni ekki heimilt að samþykkja fjármögnun nema með einróma ákvörðun.
  6. Ef framkvæmdastjórnin skilar neikvæðu álitum er bankastjórninni ekki heimilt að samþykkja fjármögnun nema með einróma ákvörðun og hjásetu þess stjórnarmanns, sem framkvæmdastjórnin hefur tilnefnt.

7. Ef bæði stjórnarnefndin og framkvæmdastjórnin skila neikvæðu álitum er bankastjórninni ekki heimilt að samþykkja fjármögnunina.

8. Ef rétt þykir að endurskipuleggja fjármögnunarstarfsemi, sem varðar samþykktu fjárfestingu, í því skyni að vernda réttindi og hagsmuni bankans skal stjórnarnefndin tafarlaust grípa til þeirra neyðarráðstafana sem hún telur nauðsynlegar, enda sé bankastjórninni tilkynnt um þær án tafar.

## 20. gr.

(áður 22. gr.)

1. Bankinn skal fá að láni á fjármagnsmörkuðum þá fjármuni sem eru nauðsynlegir til að koma verkefnum hans til framkvæmda.

2. Bankanum er heimilt að taka lán á fjármagnsmörkuðum aðildarríkjanna í samræmi við lagaákvæði sem gilda um þá markaði.

Lögbær yfirvöld í aðildarríki með undanþágu í skilningi 1. mgr. 139. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins geta því aðeins sett sig á móti þessu að ástæða sé til að óttast alvarlega röskun á fjármagnsmarkaði þess ríkis.

## 21. gr.

(áður 23. gr.)

1. Bankanum er heimilt að nota á eftirfarandi hátt alla tiltæka fjármuni sem hann hefur ekki þörf fyrir þá þegar til að standa við skuldbindingar sínar:

- a) honum er heimilt að fjárfesta á peningamörkuðum,
- b) honum er heimilt, með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 18. gr., að kaupa og selja verðbréf,
- c) honum eru heimil öll önnur fjármálaviðskipti sem rúmast innan markmiða hans.

2. Með fyrirvara um ákvæði 23. gr. skal bankanum óheimilt, við stýringu eigin fjárfestinga, að eiga verðmunarviðskipti með gjaldeyri sem ekki eru beinlínis nauðsynleg lánastarfsemi hans eða til að standa við skuldbindingar vegna tekinnna lána eða samþykktra ábyrgða.

3. Bankinn skal, á þeim sviðum sem falla undir þessa grein, hafa samráð við lögbær yfirvöld eða seðlabanka hlutaðeigandi aðildarríkis.

## 22. gr.

(áður 24. gr.)

1. Byggja skal upp í áföngum varasjóð sem getur orðið allt að 10% af skráðu hlutafé. Ef skuldbindingar bankans gefa tilefni til þess er bankastjórninni heimilt að leggja fé í frekari varasjóði. Þar til uppbyggingu varasjóðs er að fullu lokið skal stækka hann með:

- a) vöxtum af lánum sem bankinn veitir af fjárhæðum sem aðildarríkjunum ber að greiða upp skv. 5. gr.,
- b) vöxtum af lánum sem bankinn veitir af fjármunum sem fást með endurgreiðslu lánanna sem um getur í a-lið,

að því marki sem þessar tekjur eru ekki nauðsynlegar til að standa undir skuldbindingum bankans eða útgjöldum hans.

2. Fjárfesta skal fjármuni varasjóðsins þannig að þeir séu tiltækir hvenær sem er til ráðstöfunar í samræmi við markmið sjóðsins.

## 23. gr.

(áður 25. gr.)

1. Bankanum skal heimilt hvenær sem er að færa fjármuni sína yfir í gjaldmiðil aðildarríkis, sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil, í þeim tilgangi að framkvæma viðskipti sem samrýmast því hlutverki sem honum er falið í 309. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að teknu tilliti til ákvæða 21. gr. þessarar stofnsamþykktar. Bankinn skal forðast slíkar yfirfærslur eftir föngum ef hann hefur yfir reiðufé eða lausafé að ráða í þeim gjaldmiðli sem hann þarf á að halda.

2. Bankanum er ekki heimilt að skipta þeim fjármunum sínum, sem eru í gjaldmiðli aðildarríkis sem ekki hefur evru sem gjaldmiðil, í gjaldmiðil þriðja lands án samþykkis hlutaðeigandi aðildarríkis.

3. Bankanum er heimilt að ráðstafa að vild því hlutafé sem greitt hefur verið inn svo og gjaldeyri sem er fenginn að láni á mörkuðum utan Sambandsins.

4. Aðildarríkin skuldbinda sig til að hafa tiltækan fyrir skuldara bankans þann gjaldeyri sem er nauðsynlegur til að endurgreiða höfuðstól og vexti lána sem bankinn hefur veitt eða ábyrgst vegna fyrirhugaðra fjárfestinga á yfirráðasvæði þeirra.



*24. gr.*

(áður 26. gr.)

Ef aðildarríki stendur ekki við skuldbindingar sem leiðir af þessari stofnsamþykkt, einkum þá skyldu að greiða sinn hlut af skráðu hlutafé eða greiða vexti og afborganir af lánum sem það hefur tekið, getur bankaráð ákveðið, með auknum meirihluta, að fresta veitingu lána eða ábyrgða til þess aðildarríkis eða ríkisborgara þess.

Slíkar ákvarðanir skulu hvorki leysa það ríki né ríkisborgara þess undan skuldbindingum gagnvart bankanum.

*25. gr.*

(áður 27. gr.)

1. Ef bankaráð ákveður að leggja starfsemi bankans niður um tíma skal þegar í stað hætta allri starfsemi nema þeirri sem er nauðsynleg til að tryggja viðeigandi nýtingu, verndun og varðveislu eigna bankans og uppgjör skulda hans.

2. Komi til skiptameðferðar skal bankaráð tilnefna skiptastjóra og gefa þeim fyrirmæli um framkvæmd skiptameðferðar. Það skal sjá til þess að réttindi starfsfólks séu varin.

*26. gr.*

(áður 28. gr.)

1. Bankinn skal hafa, í hverju aðildarríkjanna, það rétt hæfi og gerhæfi sem löggjöf þess framast veitir lögaðilum; hann getur m.a. aflað og afsalað sér fasteignum og lausafé og átt aðild að málarekstri.

2. Eignir bankans skulu vera undanþegnar hvers kyns kröfum um afhendingu eða eignarnám.

*27. gr.*

(áður 29. gr.)

Þar til bærir dómstólar aðildarríkjanna skulu skera úr deilum milli bankans annars vegar og lánveitenda hans, skuldara eða annars aðila hins vegar nema Dómstóli Evrópusambandsins hafi verið falin lögsaga. Bankanum er heimilt, í hvers konar samningi, að setja inn gerðardómsákvæði.

Bankinn skal hafa heimilisfang í hverju aðildarríki. Honum er þó heimilt að tilgreina sérstakt heimilisfang í samningum.

Eignir og fjármunir bankans skulu ekki vera andlag aðfarar eða haldlagningar nema með ákvörðun dómstóls.

## 28. gr.

(áður 30. gr.)

1. Bankaráðið getur ákveðið einróma að stofna dótturfélög eða aðrar einingar sem skulu hafa réttarstöðu lögaðila og fjárhagslegt sjálfræði.
2. Bankaráðið skal samþykkja einróma stofnsamþykkir þeirra aðila sem um getur í 1. mgr. Í þeim skal einkum skilgreina markmið þeirra, skipulag, hlutfé, aðild, aðsetur, tekjustofna, leiðir til íhlutunar og fyrirkomulag endurskoðunar, auk tengsla þeirra við stofnanir bankans.
3. Bankanum skal heimilt að taka þátt í rekstri þessara aðila og leggja til fé í skráð hlutfé þeirra, allt að þeirri fjárhæð sem bankaráð ákvarðar einróma.
4. Bókun um sérréttindi og friðhelgi Evrópusambandsins gildir um aðila, sem um getur í 1. mgr., að svo miklu leyti sem þeir falla undir lög Sambandsins, um fulltrúa stofnana þeirra þegar þeir gegna störfum sem slíkir og um starfsfólk, með sömu skilmálum og skilyrðum og eiga við um bankann.  
  
Arður, söluhagnaður og aðrar tekjur af slíkum aðilum, sem aðrir aðilar en Evrópusambandið og bankinn eiga rétt á, skulu þó áfram falla undir skattaákvæði í gildandi löggjöf.
5. Dómstóll Evrópusambandsins skal, innan þeirra marka sem mælt er fyrir um hér á eftir, fara með lögsögu í deilum um ráðstafanir sem stofnanir aðila, sem fellur undir lög Sambandsins, samþykkja. Fulltrúar slíks aðila eða aðildarríki geta höfðað mál vegna slíkra ráðstafana með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í 263. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.
6. Bankaráð getur ákveðið einróma að veita starfsfólki aðila, sem fellur undir lög Sambandsins, sömu ráðningarkjör og gilda í bankanum, í samræmi við viðeigandi innri málsmeðferð.

---

## BÓKUN 6

**UM AÐSETUR STOFNANANNA OG TILTEKINNA AÐILA, SKRIFSTOFA, SÉRSTOFNANA OG ÞJÓNUSTUDEILDA EVRÓPUSAMBANDSINS**

FULLTRÚAR RÍKISSTJÓRNA AÐILDARRÍKJANNA,

SEM Hafa HLIÐSJÓN AF 341. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 189. gr. stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu,

SEM Hafa HUGFASTA OG STAÐFESTA ákvörðun frá 8. apríl 1965 og með fyrirvara um ákvarðanir um aðsetur þeirra stofnana, aðila, skrifstofa, sérstofnana og þjónustudeilda sem koma til síðar,

Hafa ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

*Stök grein*

- a) Evrópuþingið skal hafa aðsetur í Strassborg þar sem halda skal hina tólf mánaðarlegu allsherjarfundi, þ.m.t. fjárlagafundi. Aðrir allsherjarfundir skulu haldnir í Brussel. Nefndir Evrópuþingsins skulu koma saman í Brussel. Aðalskrifstofa Evrópuþingsins og þjónustudeildir þess skulu vera áfram í Lúxemborg.
- b) Ráðið skal hafa aðsetur í Brussel. Ráðið skal halda fundi sína í Lúxemborg í apríl, júní og október.
- c) Framkvæmdastjórnin skal hafa aðsetur í Brussel. Þjónustudeildirnar, sem um getur í 7., 8. og 9. gr. ákvörðunarinnar frá 8. apríl 1965, skulu vera í Lúxemborg.
- d) Dómstóll Evrópusambandsins skal hafa aðsetur í Lúxemborg.
- e) Endurskoðunarrétturinn skal hafa aðsetur í Lúxemborg.
- f) Efnahags- og félagsmálanefndin skal hafa aðsetur í Brussel.
- g) Svæðanefndin skal hafa aðsetur í Brussel.
- h) Fjárfestingarbanki Evrópu skal hafa aðsetur í Lúxemborg.
- i) Seðlabanki Evrópu skal hafa aðsetur í Frankfurt.
- j) Evrópska lögregluskrifstofan (Evrópulögreglan) skal hafa aðsetur í Haag.

## BÓKUN 7

## UM SÉRRÉTTINDI OG FRIDHELGI EVRÓPUSAMBANDSINS

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA Í HUGA, í samræmi við 343. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 191. gr. stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu (KBE), að Evrópusambandið og Kjarnorkubandalag Evrópu skulu njóta sérréttinda og friðhelgi á yfirráðasvæði aðildarríkjanna í þeim mæli sem starfsemi þeirra krefst,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

## I. KAFLI

## EIGNIR, SJÓÐIR, FJÁRMUNIR OG REKSTUR EVRÓPUSAMBANDSINS

*1. gr.*

Húsnæði og byggingar Sambandsins skulu njóta friðhelgi. Húsnæðið og byggingarnar skulu undanþegin leit, kröfu um afhendingu, eignaupptöku eða eignarnámi. Eignir og fjármunir Sambandsins skulu ekki falla undir neina þvingunarráðstöfun, hvort sem er af stjórnsýslulegum eða lagalegum toga, án heimildar Dómstólsins.

*2. gr.*

Skjalasöfn Sambandsins skulu njóta friðhelgi.

*3. gr.*

Sambandið, fjármunir þess, tekjur og aðrar eignir skulu undanþegin öllum beinum sköttum.

Ríkisstjórnir aðildarríkjanna skulu, þar sem því verður við komið, gera viðeigandi ráðstafanir til að greiða eða endurgreiða óbeina skatta eða söluskatta sem eru innifaldir í verði lausafjár og fasteigna, þegar Sambandið gerir umtalsverð innkaup til opinberra nota og skattar af þessu tagi eru hluti af verðinu. Ákvæðum þessum skal þó ekki beitt með þeim hætti að þau leiði til röskunar á samkeppni innan Sambandsins.

Engin undanþága skal veitt vegna skatta og gjalda sem greiða verður fyrir almannþjónustu.

## 4. gr.

Sambandið skal undanþegið öllum tollum og innflutnings- og útflutningsbönum og -höftum að því er varðar vörur sem eru ætlaðar til opinberra nota: vörur, sem eru fluttar inn á þeim grundvelli, skal ekki láta af hendi, hvort sem er gegn greiðslu eður ei, á yferráðasvæði þess lands þangað sem þær hafa verið fluttar nema með þeim skilyrðum sem ríkisstjórn þess lands samþykkir.

Sambandið skal einnig undanþegið öllum tollum og innflutnings- og útflutningsbönum og -höftum að því er varðar útgefið efni á vegum þess.

## II. KAFLI

## ORÐSENDINGAR OG FERÐABRÉF

## 5. gr.

(áður 6. gr.)

Að því er varðar opinberar orðsendingar og sendingu allra skjala skulu stofnanir Sambandsins njóta á yferráðasvæði hvers aðildarríkis þeirrar meðferðar sem það ríki veitir sendiskrifstofum.

Ekki skal ritskoða opinber bréfaskipti eða aðrar opinberar orðsendingar stofnana Sambandsins.

## 6. gr.

(áður 7. gr.)

Heimilt er að ferðabréf, á því formi sem ráðið, sem tekur ákvörðun með einföldum meirihluta, mælir fyrir um og yfirvöld aðildarríkjanna viðurkenna sem gilt ferðaskjal, sé gefið út af forstöðumönnum stofnana Sambandsins til fulltrúa stofnananna eða starfsmanna þeirra stofnana. Ferðabréf þessi skulu gefin út til embættismanna og annarra starfsmanna með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í starfsmannareglum embættismanna og ráðningarskilmálum annarra starfsmanna Sambandsins.

Framkvæmdastjórnin getur gert samninga þess efnis að ferðabréfin skuli viðurkennd sem gild ferðaskjöl á yferráðasvæði þriðju landa.

## III. KAFLI

## ÞINGMENN EVRÓPUÞINGSINS

## 7. gr.

(áður 8. gr.)

Ekki má setja neina takmörkun, hvorki stjórnsýslulega né af öðrum toga, á frjálsa för þingmanna Evrópuþingsins sem ferðast til eða frá fundarstað Evrópuþingsins.

Að því er varðar toll- og gjaldeyriseftirlit skulu þingmenn Evrópuþingsins fá:

- a) sömu aðstöðu hjá ríkisstjórn sinni og háttsettum embættismönnum býðst þegar þeir sinna tímabundnum opinberum erindagjörðum erlendis,
- b) sömu aðstöðu hjá ríkisstjórn annarra aðildarríkja og fulltrúum erlendra ríkisstjórna býðst þegar þeir sinna tímabundnum opinberum erindagjörðum.

8. gr.

(áður 9. gr.)

Þingmenn Evrópuþingsins skulu ekki sæta neinni rannsókn, haldi eða málsókn vegna skoðana sem þeir láta í ljós eða vegna atkvæða sem þeir greiða við skyldustörf sín.

9. gr.

(áður 10. gr.)

Á fundum Evrópuþingsins skulu þingmenn þess njóta:

- a) á yfirráðasvæði eigin ríkis, þeirrar friðhelgi sem þingmönnum þeirra er veitt,
- b) á yfirráðasvæði annarra aðildarríkja, friðhelgi fyrir haldi og málsóknum.

Friðhelgi gildir einnig um þingmenn á ferðum þeirra til og frá fundarstað Evrópuþingsins.

Ekki er hægt að krefjast friðhelgi þegar þingmaður verður uppvís að því að fremja afbrot og hún getur ekki komið í veg fyrir að Evrópuþingið neyti réttar síns til þess að svipta einn af þingmönnum sínum friðhelgi.

#### IV. KAFLI

#### FULLTRÚAR AÐILDARRÍKJA SEM TAKA ÞÁTT Í STARFI STOFNANA EVROPUSAMBANDSINS

10. gr.

(áður 11. gr.)

Fulltrúar aðildarríkja, sem taka þátt í starfi stofnana Sambandsins, ráðgjafar þeirra og tæknisérfræðingar skulu njóta hefðbundinna séréttinda, friðhelgi og aðstöðu við skyldustörf sín og á ferðum sínum til og frá fundarstað.

Grein þessi gildir einnig um fulltrúa ráðgjafarnefnda Sambandsins.

## V. KAFLI

## EMBÆTTISMENN OG AÐRIR STARFSMENN EVRÓPUSAMBANDSINS

*11. gr.*

(áður 12. gr.)

Embættismenn og aðrir starfsmenn Sambandsins skulu á yfirráðasvæði hvers aðildarríkis, án tillits til þjóðernis:

- a) njóta friðhelgi fyrir málsóknum vegna athafna sinna í starfi, þ.m.t. vegna orða í ræðu eða riti, með fyrirvara um ákvæði sáttmálanna er varða annars vegar reglurnar um ábyrgð embættismanna og annarra starfsmanna gagnvart Sambandinu og hins vegar lögsögu Dómstóls Evrópusambandsins í deilum milli Sambandsins og embættismanna þess og annarra starfsmanna. Þeir skulu njóta þessarar friðhelgi áfram eftir að þeir láta af störfum,
- b) vera undanþegnir, ásamt mökum og aðstandendum á framfæri þeirra, takmörkunum sem gilda um innflytjendur og formsatriðum við skráningu útlendinga,
- c) njóta sömu aðstöðu að því er varðar gjaldmiðils- eða gjaldeyrisreglur og venjulega er veitt embættismönnum alþjóðastofnana,
- d) njóta þess réttar að flytja tollfrjálst inn húsgögn sín og persónulega muni þegar þeir taka við stöðu sinni í fyrsta sinn í viðkomandi ríki og þess réttar að flytja út aftur tollfrjálst húsgögn sín og persónulega muni þegar þeir láta af störfum í því landi, í báðum tilvikum með þeim skilyrðum sem ríkisstjórn landsins, þar sem réttarins er neytt, telur nauðsynleg,
- e) eiga rétt á að flytja inn tollfrjálst bifreið til einkanota, sem er annaðhvort keypt í landinu þar sem þeir höfðu síðast búsetu eða landinu þar sem þeir eru ríkisborgarar með þeim skilmálum sem ríkja á heimamarkaði í því landi, og að flytja hana út aftur tollfrjálst, í báðum tilvikum með þeim skilyrðum sem ríkisstjórn landsins, þar sem réttarins er neytt, telur nauðsynleg.

*12. gr.*

(áður 13. gr.)

Embættismenn og aðrir starfsmenn Sambandsins skulu greiða skatt til þess af launum og þóknunum, sem Sambandið greiðir þeim, í samræmi við skilyrði og málsmeðferð sem Evrópuþingið og ráðið setja með reglugerðum í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð og að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir.

Þeir skulu undanþegnir sköttum í aðildarríkjunum á laun og þóknanir sem Sambandið greiðir þeim.

*13. gr.*

(áður 14. gr.)

Við álagningu tekjuskatts, eignarskatts og erfðafjárskatts og við beitingu samninga um að komast hjá tvísköttun, sem gerðir eru milli aðildarríkja Sambandsins, skulu embættismenn og aðrir starfsmenn Sambandsins sem taka upp, eingöngu í tengslum við skyldustörf sín í þjónustu þess, búsetu á yfirráðasvæði annars aðildarríkis en landsins þar sem þeir eiga lögheimili í skattalegu tilliti á þeim tíma sem þeir koma til starfa hjá Sambandinu, teljast, bæði í landinu sem þeir eru í reynd búsettir í og í landinu þar sem þeir eiga lögheimili í skattalegu tilliti, hafa haldið lögheimili í síðarnefnda landinu, að því tilskildu að það sé aðili að Sambandinu. Þetta ákvæði gildir einnig um maka, að því marki sem hann er ekki sjálfur í launuðu starfi, og um börn á framfæri og í umsjá þeirra einstaklinga sem um getur í þessari grein.

Lausafé, sem tilheyrir einstaklingum sem um getur í fyrri málsgrein og er á yfirráðasvæði landsins sem þeir dvelja í, skal undanþegið erfðafjárskatti í því landi; slíkar eignir skulu, við mat á slíkum skatti, teljast vera í landinu þar sem lögheimilið er í skattalegu tilliti, með fyrirvara um rétt þriðju landa og mögulega beitingu ákvæða alþjóðasamninga um tvísköttun.

Við beitingu ákvæða þessarar greinar skal ekki tekið tillit til lögheimila sem eru eingöngu stofnuð vegna starfa hjá öðrum alþjóðastofnunum.

*14. gr.*

(áður 15. gr.)

Evrópuþingið og ráðið skulu, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við hlutaðeigandi stofnanir, mæla fyrir um kerfi almannatryggingabóta fyrir embættismenn og aðra starfsmenn Sambandsins.

*15. gr.*

(áður 16. gr.)

Evrópuþingið og ráðið skulu, með setningu reglugerða í samræmi við almenna lagasetningarmedferð og að höfðu samráði við aðrar hlutaðeigandi stofnanir, ákvarða um hvaða flokka embættismanna og annarra starfsmanna Sambandsins ákvæði 11. gr., 12. gr. (önnur málsgrein) og 13. gr. gilda, að öllu leyti eða að hluta.

Upplýsingar um nöfn, stöðu og heimilisföng embættismanna og annarra starfsmanna, sem teljast til slíkra flokka, skal senda reglulega til ríkisstjórna aðildarríkjanna.



## VI. KAFLI

SÉRRÉTTINDI OG FRÍÐHELGI SENDINEFNDA ÞRIÐJU LANDA GAGNVART  
EVRÓPUSAMBANDINU*16. gr.*

(áður 17. gr.)

Aðildarríkið, sem Sambandið hefur aðsetur í, skal veita sendinefndum þriðju landa gagnvart Sambandinu hefðbundna friðhelgi sendierindreka og sérréttindi.

## VII. KAFLI

## ALMENN ÁKVÆÐI

*17. gr.*

(áður 18. gr.)

Sérréttindi, friðhelgi og aðstaða skal eingöngu veitt embættismönnum og öðrum starfsmönnum Sambandsins ef það er í þágu þess.

Sérhverri stofnun Sambandsins skal vera skylt að svipta embættismenn eða aðra starfsmenn friðhelgi, sem þeim hefur verið veitt, hvar sem sú stofnun telur að svipting þeirrar friðhelgi stríði ekki gegn hagsmunum Sambandsins.

*18. gr.*

(áður 19. gr.)

Við beitingu þessarar bókunar skulu stofnanir Sambandsins eiga samstarf við lögbær yfirvöld í hlutaðeigandi aðildarríkjum.

*19. gr.*

(áður 20. gr.)

Ákvæði 11.–14. gr. og 17. gr. gilda um forseta leiðtogaáráðsins.

Þau gilda einnig um framkvæmdastjóra í framkvæmdastjórninni.

*20. gr.*

(áður 21. gr.)

Ákvæði 11.–14. gr. og 17. gr. gilda um dómara, lögsögumenn, dómritara og aðstoðarframsögumenn við Dómstól Evrópusambandsins, sbr. þó ákvæði 3. gr. bókunarinnar um stofnsamþykkt Dómstóls Evrópusambandsins varðandi friðhelgi dómara og lögsögumanna fyrir málsóknum.

*21. gr.*

(áður 22. gr.)

Bókun þessi gildir einnig um Fjárfestingarbanka Evrópu, fulltrúa stofnana hans, starfsfólk hans og þá fulltrúa aðildarríkjanna sem taka þátt í starfsemi hans, sbr. þó ákvæði bókunarinnar um stofnsamþykkt bankans.

Fjárfestingarbanki Evrópu skal auk þess, þegar aukning verður á stofnfé hans, undanþeginn hvers kyns skattlagningu eða álagningu af svipuðum toga og ýmsum formsatriðum, sem þessu kunna að tengjast, í ríkinu þar sem bankinn hefur aðsetur. Á sama hátt skulu slit bankans eða það að bankinn sé lagður niður ekki leiða til neinnar álagningar. Þá skal ekki leggja neinn veltuskatt á þá starfsemi bankans eða stofnana hans sem fer fram í samræmi við stofnsamþykkt hans.

*22. gr.*

(áður 23. gr.)

Bókun þessi gildir einnig um Seðlabanka Evrópu, fulltrúa stofnana hans og starfsfólk hans, sbr. þó ákvæði bókunarinnar um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

Seðlabanki Evrópu skal auk þess, þegar aukning verður á stofnfé hans, undanþeginn hvers kyns skattlagningu eða álagningu af svipuðum toga og ýmsum formsatriðum, sem þessu kunna að tengjast, í ríkinu þar sem bankinn hefur aðsetur. Ekki skal leggja neinn veltuskatt á þá starfsemi bankans eða stofnana hans sem er rekin í samræmi við stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu.

---

## BÓKUN 8

**VARÐANDI 2. MGR. 6. GR. SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ UM AÐ  
EVRÓPUSAMBANDIÐ GERIST AÐILI AÐ EVRÓPUSÁTTMÁLANUM UM VERNDUN  
MANNRÉTTINDA OG MANNFRELSIS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Í samningi er varðar aðild Evrópusambandsins að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis (hér á eftir nefndur „mannréttinasáttmáli Evrópu“), sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skal gert ráð fyrir að sérstök einkenni Sambandsins og laga Sambandsins haldist, einkum að því er varðar:

- a) sérstakt fyrirkomulag vegna mögulegrar þátttöku Sambandsins í eftirlitsstofnunum mannréttinasáttmála Evrópu,
- b) nauðsynlega tilhögun til að tryggja að málum ríkja utan Sambandsins og einstökum kærumálum sé réttilega beint til aðildarríkja og/eða Sambandsins eftir því sem við á.

*2. gr.*

Samningurinn, sem um getur í 1. gr., skal tryggja að aðild Sambandsins hafi ekki áhrif á valdheimildir þess eða valdsvið stofnana þess. Tryggja skal að ekkert í honum hafi áhrif á stöðu aðildarríkja í tengslum við mannréttinasáttmála Evrópu, einkum að því er varðar samningsviðauka við hann, ráðstafanir aðildarríkja sem víkja frá mannréttinasáttmálanum í samræmi við 15. gr. hans og fyrirvara sem aðildarríki gera við mannréttinasáttmálann í samræmi við 57. gr. hans.

*3. gr.*

Ekkert í samningnum, sem um getur í 1. gr., skal hafa áhrif á 344. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## BÓKUN 9

**UM ÁKVÖRÐUN RÁÐSINS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FRAMKVÆMD 4. MGR. 16. GR. SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ OG 2. MGR. 238. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS Á TÍMABILINU FRÁ 1. NÓVEMBER 2014 TIL 31. MARS 2017 ANNARS VEGAR OG FRÁ OG MEÐ 1. APRÍL 2017 HINS VEGAR**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM TAKA TILLIT TIL grundvallarþýðingar þess að hafa náð samkomulagi um ákvörðun ráðsins um framkvæmd 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins á tímabilinu frá 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017 annars vegar og frá og með 1. apríl 2017 hins vegar (hér á eftir nefnd „ákvörðunin“) í tengslum við samþykkt Lissabonsáttmálans,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*Stök grein*

Áður en ráðið fjallar um drög, sem miða annaðhvort að því að breyta eða fella úr gildi ákvörðunina eða einhver ákvæði hennar eða að breyta óbeint gildissviði hennar eða merkingu með því að breyta annarri réttargerð Sambandsins, skal leiðtogaráðið taka umrædd drög til bráðabirgðaumfjöllunar og taka ákvörðun samhljóða í samræmi við 4. mgr. 15. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

---

## BÓKUN 10

**UM VARANLEGT, SKIPULEGT SAMSTARF SEM KOMIÐ ER Á MEÐ 42. GR.  
SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

MEÐ HLIÐSJÓN AF 6. mgr. 42. gr. og 46. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

SEM HAFNA HUGFAST að Sambandið fylgir sameiginlegri stefnu í utanríkis- og öryggismálum sem byggist á vaxandi samleitni í aðgerðum aðildarríkja,

SEM HAFNA HUGFAST að sameiginleg stefna í öryggis- og varnarmálum er óaðskiljanlegur hluti sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum; að hún tryggir Sambandinu athafnagetu á grundvelli borgaralegra og hernaðarlegra kosta; að Sambandinu er heimilt að nýta þá utan Sambandsins til verkefna, sem um getur í 43. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, sem snúa að því að sinna friðargæslu, fyrirbyggja átök og efla alþjóðaöryggi í samræmi við meginreglur sáttmála Sameinuðu þjóðanna; að þessi verkefni skulu unnin á grundvelli getu sem aðildarríkin láta í té í samræmi við meginregluna um einn herafla,

SEM HAFNA HUGFAST að sameiginleg stefna Sambandsins í öryggis- og varnarmálum hefur ekki áhrif á sérstakt eðli stefnu tiltekinnna aðildarríkja í öryggis- og varnarmálum,

SEM HAFNA HUGFAST að í sameiginlegri stefnu Sambandsins í öryggis- og varnarmálum eru virtar þær skuldbindingar sem aðildarríki, sem sjá sameiginlegum varnarhagsmunum sínum borgið innan Atlantshafsbandalagsins, hafa samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum, sem verður áfram grundvöllur að sameiginlegum vörnum þeirra ríkja sem eru aðilar að því, og að hún samrýmist sameiginlegri stefnu í öryggis- og varnarmálum sem mörkuð er á þeim vettvangi,

SEM ERU SANNFÆRÐIR UM að ákveðnara hlutverk Sambandsins í öryggis- og varnarmálum muni stuðla að endurnýjuðu og efldu Atlantshafsbandalagi í samræmi við Berlín-Plús-fyrirkomulagið,

SEM ERU STAÐRÁÐNIR Í að tryggja að Sambandið hafi fulla burði til að rísa undir ábyrgð sinni innan alþjóðasamfélagsins,

SEM VIÐURKENNA að stofnanir Sameinuðu þjóðanna geta farið fram á aðstoð Sambandsins við áriðandi framkvæmd á verkefnum sem falla undir VI. og VII. kafla sáttmála Sameinuðu þjóðanna,

SEM VIÐURKENNA að aðildarríkin munu þurfa að gera átak til að efla getu sína til þess að efla öryggis- og varnarmálastefnuna,

SEM ERU MEÐVITAÐIR um að hlutaðeigandi aðildarríki þurfa að grípa til markvissra aðgerða til að þróa evrópsku öryggis- og varnarmálastefnuna yfir á næsta stig,

SEM HAFNA HUGFAST mikilvægi þess að æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum taki fullan þátt í verkefnum er varða varanlegt, skipulegt samstarf,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Varanlegt, skipulegt samstarf, sem um getur í 6. mgr. 42. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, skal vera opið öllum aðildarríkjum sem skuldbinda sig frá gildistökudegi Lissabonsáttmálans til að:

- a) efla enn frekar varnargetu sína með því að hvert ríki þróa framlag sitt og þátttöku, eftir því sem við á, í fjölþjóðlegum liðum, í helstu Evrópuáætlunum um búnað og í starfsemi stofnunar á sviði þróunar varnargetu, rannsókna, innkaupa og vopnabúnaðar (Varnarmálastofnunar Evrópu)
- b) hafa eigi síðar en árið 2010 getu til að leggja til, annaðhvort á vettvangi hvers ríkis fyrir sig eða sem hluta af fjölþjóðlegum hersveitum og einkum að beiðni stofnunar Sameinuðu þjóðanna, átakasveitir til sérstakra verkefna, sem eru skipulagðar til að starfa sem orrustusveitir með stuðningi, þ.m.t. flutningi og birgðastjórnun, færar um að ljúka á fimm til þrjátíu dögum þeim verkefnum sem um getur í 43. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og hafa úthald til 30 daga til að byrja með en sem hægt er að framlengja í a.m.k. 120 daga.

*2. gr.*

Til að ná þeim markmiðum, sem mælt er fyrir um í 1. gr., skulu aðildarríki, sem taka þátt í varanlegu, skipulegu samstarfi, skuldbinda sig til að:

- a) starfa saman frá gildistöku Lissabonsáttmálans með það í huga að ná samþykktum markmiðum varðandi útgjöld til varnarbúnaðar og til að endurskoða þessi markmið reglulega í ljósi ástands öryggismála og alþjóðlegrar ábyrgðar Sambandsins,
- b) samræma sín á milli varnarbúnað, eftir því sem unnt er, einkum með samhæfðri greiningu á hernaðarþörf sinni, með samnýtingu og, eftir því sem við á, með því að sérhæfa varnarúrræði sín og varnargetu og með því að hvetja til samvinnu á sviði þjálfunar og birgðastjórnunar,
- c) grípa til raunhæfra ráðstafana sem miða að því að herafli verði í auknum mæli tiltækur, samhæður, sveigjanlegur og hreyfanlegur, einkum með því að skilgreina sameiginleg markmið varðandi þær skuldbindingar er tengjast herafli, þ.m.t. að endurskoða, ef við á, ákvarðanatökufærli í hverju landi fyrir sig,
- d) vinna saman að því að tryggja að gripið verði til nauðsynlegra ráðstafana, m.a. með fjölþjóðlegum aðgerðum, og með fyrirvara um verkefni í þessu tilliti innan Atlantshafsbandalagsins, til að ráða bót á þeim göllum sem koma í ljós innan ramma kerfis til þróunar getu (Capability Development Mechanism),

- e) taka, ef við á, þátt í þróun stórra sameiginlegra eða evrópskra áætlana um búnað innan vébanda Varnarmálastofnunar Evrópu.

*3. gr.*

Varnarmálastofnun Evrópu skal stuðla að reglulegu mati á framlagi þátttökuáðildarríkja með tilliti til getu, einkum framlagi í samræmi við viðmiðanir sem settar verða m.a. á grundvelli 2. gr., og skila skýrslu þar að lútandi a.m.k. einu sinni á ári. Matið getur verið grundvöllur að tilmælum ráðsins og ákvörðunum sem eru samþykktar í samræmi við 46. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

---

## BÓKUN 11

**UM 42. GR. SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFNA Í HUGA þörfina á að koma ákvæðum 2. mgr. 42. gr. sáttmálans um Evrópusambandið til framkvæmda að fullu,

SEM HAFNA Í HUGA að stefna Sambandsins í samræmi við 42. gr. skal ekki hafa áhrif á sérstakt eðli stefnu tiltekinna aðildarríkja í öryggis- og varnarmálum en í henni skulu skuldbindingar þeirra aðildarríkja virtar sem sjá sameiginlegum varnarhagsmunum sínum borgið innan Atlantshafsbandalagsins (NATO) samkvæmt Norður-Atlantshafssamningnum og hún skal samrýmast sameiginlegri stefnu í öryggis- og varnarmálum sem mörkuð er á þeim vettvangi,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skal fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Evrópusambandið skal, ásamt Vestur-Evrópusambandinu, ákveða fyrirkomulag aukinnar samvinnu milli þessara aðila.

---



## BÓKUN 12

## UM MÁLSMEÐFERÐ VEGNA ÓHÓFLEGS FJÁRMÁLAHALLA

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að mæla nánar fyrir um þá málsmeðferð vegna óhóflegs fjármálahalla sem um getur í 126. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

## 1. gr.

Viðmiðunargildin, sem um getur í 2. mgr. 126. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, eru:

- 3% fyrir hlutfallið milli áætlaðs eða raunverulegs halla á fjármálum hins opinbera og vergrar landsframleiðslu á markaðsvirði,
- 60% fyrir hlutfallið milli skulda hins opinbera og vergrar landsframleiðslu á markaðsvirði.

## 2. gr.

Í 126. gr. fyrrnefnds sáttmála og í þessari bókun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- „hið opinbera“: almenn stjórnvöld, þ.e. stjórnvöld ríkis, svæðisbundin eða staðbundin stjórnvöld og almannatryggingasjóðir, að frátöldum atvinnurekstri, eins og hann er skilgreindur í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu,
- „halli“: hrein lántaka eins og hún er skilgreind í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu,
- „fjárfesting“: verg fjármunamyndun eins og hún er skilgreind í evrópska þjóðhagsreikningakerfinu,
- „skuld“: útistandandi heildarskuldir á nafnverði í lok árs að frádregnum innbyrðis skuldum innan og milli undirgeira hins opinbera eins og það er skilgreint í fyrsta undirliði.

## 3. gr.

Til þess að tryggja skilvirgni málsmeðferðar vegna óhóflegs halla á fjármálum skulu stjórnvöld aðildarríkjanna bera ábyrgð, samkvæmt þessari málsmeðferð, á halla á fjármálum hins opinbera, eins og

hann er skilgreindur í fyrsta undirlið 2. gr. Aðildarríkin skulu sjá til þess að málsmeðferð þeirra hvers um sig á sviði fjárlaga geri þeim kleift að standa við þær skuldbindingar sínar á þessu sviði sem leiðir af þessum sáttmálum. Aðildarríkin skulu greina framkvæmdastjórninni á réttum tíma og reglulega frá áætluðum og raunverulegum halla og umfangi skulda þeirra.

*4. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal láta í té þau tölulegu gögn sem nota á vegna beitingar þessarar bókunar.

---

## BÓKUN 13

## UM VIÐMIÐANIR VARÐANDI SAMLEITNI

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að mæla fyrir um ítarlegar viðmiðanir varðandi samleitni sem Sambandið skal miða við þegar það tekur ákvarðanir um að fella niður undanþágur aðildarríkja, sem hafa undanþágu, skv. 140 gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Samkvæmt viðmiðuninni um verðstöðugleika, sem um getur í fyrsta undirlið 1. mgr. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal verðlagsþróun í aðildarríki vera með þeim hætti að ætla megi að hún standist til lengri tíma og meðalverðbólga síðustu 12 mánaða fyrir athugun ekki vera meiri en 1½ prósentustigi hærri en verðbólgan í þeim allt að þremur aðildarríkjum sem náð hafa mestum verðstöðugleika. Verðbólga skal mæld með neysluverðsvísitölu á sambærilegum grunni með tilliti til ólíkra skilgreininga í löndunum.

*2. gr.*

Samkvæmt viðmiðuninni um afkomu hins opinbera, sem um getur í öðrum undirlið 1. mgr. 140. gr. fyrirnefnds sáttmála, skal ráðið, á þeim tíma þegar athugunin fer fram, ekki hafa skorið úr um óhóflegan fjármálahalla skv. 6. mgr. 126. gr. fyrirnefnds sáttmála.

*3. gr.*

Samkvæmt viðmiðuninni um þátttöku í gengissamstarfi innan peningakerfis Evrópu, sem um getur í þriðja undirlið 1. mgr. 140. gr. fyrirnefnds sáttmála, skal aðildarríki hafa virt eðlileg vikmörk, sem gert er ráð fyrir í gengissamstarfi innan peningakerfis Evrópu, án verulegs þrýstings,

a.m.k. síðustu tvö árin fyrir athuginina. Einkum skal aðildarríkið ekki hafa fellt tvíhliða miðgengi gjaldmiðils síns gagnvart evrunni að eigin frumkvæði á sama tímabili.

*4. gr.*

Viðmiðunin um samleitni vaxta, sem um getur í fjórða undirlið 1. mgr. 140. gr. fyrrnefnds sáttmála, merkir að á eins árs tímabili áður en athuginin var gerð hafi meðalnafnvextir aðildarríkis til langs tíma ekki verið hærri en sem nemur tveimur prósentustigum í þeim allt að þremur aðildarríkjum sem náð hafa mestum verðstöðugleika. Vextir skulu mældir á grundvelli langtímaríkisskuldabréfa eða sambærilegra verðbréfa, að teknu tilliti til ólíkra skilgreininga í löndunum.

*5. gr.*

Framkvæmdastjórnin skal útvega þau tölfræðilegu gögn sem nota á við beitingu þessarar bókunar.

*6. gr.*

Ráðið skal, með einróma ákvörðun, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópuþingið, Seðlabanka Evrópu og efnahags- og fjármálanefndina, samþykkja viðeigandi ákvæði þar sem mælt er fyrir um ítarlegar viðmiðanir um samleitni, sem um getur í 1. mgr. 140. gr. fyrrnefnds sáttmála, sem koma þá í stað þessarar bókunar.

---

## BÓKUN 14

## UM EVRUHÓPINN

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFU HUG Á að bæta skilyrði til aukins hagvaxtar í Evrópusambandinu og þróa, í því skyni, enn nánara samræmi í efnahagsstefnum innan evrusvæðisins,

SEM ERU MEÐVITAÐIR um að nauðsynlegt er að mæla fyrir um sérákvæði til að efla viðræður milli þeirra aðildarríkja, sem hafa evru sem gjaldmiðil, þar til evran verður orðin gjaldmiðill allra aðildarríkja Sambandsins,

HAFU ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Ráðherrar þeirra aðildarríkja, sem hafa evru sem gjaldmiðil, skulu koma saman á óformlegum fundum. Fundirnir skulu haldnir eftir því sem nauðsyn krefur til að fjalla um álitamál sem upp koma í tengslum við þá sérstöku ábyrgð sem þeir deila með sér að því er varðar sameiginlega gjaldmiðilinn. Framkvæmdastjórnin skal taka þátt í fundunum. Þjóða skal Seðlabanka Evrópu að taka þátt í fundunum en undirbúning þeirra annast fulltrúar þeirra ráðherra sem bera ábyrgð á fjármálum aðildarríkja sem hafa evru sem gjaldmiðil og fulltrúar framkvæmdastjórnarinnar.

*2. gr.*

Ráðherrar aðildarríkjanna, sem hafa evru sem gjaldmiðil, skulu kjósa formann til tveggja og hálfis árs í senn með meirihluta atkvæða þessara aðildarríkja.

---

## BÓKUN 15

**UM TILTEKIN ÁKVÆÐI ER VARÐA HIÐ SAMEINNAÐA KONUNGRÍKI STÓRA-  
BRETLANDS OG NORÐUR-ÍRLANDS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM VIÐURKENNA að Breska konungsríkinu skuli hvorki bera skylda til né skuli það vera bundið af því að taka upp evruna án þess að ríkisstjórn þess og þing hafi tekið um það sérstaka ákvörðun,

SEM HAFA TIL HLÍÐSJÓNAR að ríkisstjórn Breska konungsríkisins tilkynnti ráðinu hinn 16. október 1996 og 30. október 1997 um þá fyrirætlun sína að taka ekki þátt í þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalagsins,

SEM VEITA ATHYGLI þeirri aðferð ríkisstjórnar Breska konungsríkisins að fjármagna lánsfjárförf sína með sölu á skuldagerningum til einkageirans,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

1. Breska konungsríkið skal ekki vera skuldbundið til að taka upp evruna nema það tilkynni ráðinu þá ætlun sína.
2. Ákvæði 3.–8. og 10. mgr. gilda um Breska konungsríkið með tilliti til tilkynningar Breska konungsríkisins til ráðsins hinn 16. október 1996 og 30. október 1997.
3. Breska konungsríkið skal halda valdheimildum sínum á sviði peningamálastefnu samkvæmt landslögum.
4. Ákvæði annarrar málsgreinar 119. gr., 1., 9. og 11. mgr. 126. gr., 1.–5. mgr. 127. gr., 128. gr., 130. gr., 131. gr., 132. gr., 133. gr., 138. gr., 3. mgr. 140 gr., 219. gr., 2. mgr. 282. gr., að undanskildum fyrsta og síðasta málslíð, 5. mgr. 282. gr. og 283. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda ekki um Breska konungsríkið. Hið sama gildir um 2. mgr. 121. gr. þessa sáttmála að því er varðar samþykkt þeirra hluta almennu viðmiðunarreglnanna um efnahagsstefnu sem varða evrusvæðið almennt. Í þessum ákvæðum skulu vísanir til Sambandsins eða aðildarríkjanna ekki taka til Breska konungsríkisins og vísanir til seðlabanka aðildarríkjanna ekki taka til Englandsbanka.
5. Breska konungsríkið skal reyna að komast hjá óhóflegum halla á fjármálum hins opinbera.

Ákvæði 143. og 144. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gilda áfram um Breska konungsríkið. Ákvæði 4. mgr. 134. gr. og 142. gr. gilda um Breska konungsríkið eins og það hefði undanþágu.

6. Atkvæðisréttur Breska konungsríkisins skal falla niður varðandi gerðir ráðsins sem um getur í greinunum sem taldar eru upp í 4. mgr. og í þeim tilvikum sem um getur í fyrstu undirgrein 4. mgr. 139. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Í þessu skyni gildir önnur undirgrein 4. mgr. 139. gr. sáttmálans.

Breska konungsríkið skal heldur ekki hafa rétt til að taka þátt í tilnefningu formanns, varaformanns og annarra fulltrúa framkvæmdastjórnar Seðlabanka Evrópu samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 283. gr. fyrrnefnds sáttmála.

7. Ákvæði 3., 4., 6., 7., 9.2., 10.1., 10.3., 11.2., 12.1., 14., 16., 18.–20., 22., 23., 26., 27., 30.–34. og 49. gr. bókunar um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu („stofnsamþykktin“) gilda ekki um Breska konungsríkið.

Í þessum greinum skulu vísanir til Sambandsins eða aðildarríkjanna ekki taka til Breska konungsríkisins og vísanir til seðlabanka aðildarríkjanna ekki taka til Englandsbanka.

Vísanir í gr. 10.3 og 30.2. í stofnsamþykktinni um skráð hlutafé Seðlabanka Evrópu skulu ekki taka til skráðs hlutafjár Englandsbanka.

8. Ákvæði 1. mgr. 141. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og 43.–47. gr. stofnsamþykktarinnar gilda óháð því hvort eitthvert aðildarríkjanna hafi undanþágu, með fyrirvara um eftirfarandi breytingar:

- a) Tilvísanir í 43. gr. um verkefni Seðlabanka Evrópu og Peningamálastofnunar Evrópu skulu taka til þeirra verkefna sem enn þarf að ljúka í þriðja áfanga ef Breska konungsríkið ákveður að taka ekki upp evruna.
- b) Seðlabanki Evrópu skal, auk þeirra verkefna sem um getur í 46. gr., veita ráðgjöf og stuðla að undirbúningi ákvarðana ráðsins að því er varðar Breska konungsríkið sem teknar eru í samræmi við a- og c-lið 9. mgr.
- c) Englandsbanki skal greiða inn hlut sinn í skráðu hlutafé Seðlabanka Evrópu, sem framlag til rekstrarkostnaðar hans á sama grundvelli og seðlabankar aðildarríkja með undanþágu.

9. Breska konungsríkið getur hvenær sem er tilkynnt ráðinu þá fyrirætlan sína að taka upp evruna. Í því tilviki:

- a) hefur Breska konungsríkið einungis heimild til að taka upp evruna að því tilskildu að það uppfylli nauðsynleg skilyrði. Ráðið skal, að beiðni Breska konungsríkisins og með þeim skilyrðum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 1. og 2. mgr. 140. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, ákveða hvort það uppfyllir nauðsynleg skilyrði.
- b) Englandsbanki skal greiða inn skráð hlutafé sitt og yfirfæra eignir í gjaldeyrisforða til Seðlabanka Evrópu og leggja fram til gjaldeyrisforða hans á sama grundvelli og seðlabanki aðildarríkis þar sem undanþágan hefur verið felld úr gildi.

- c) Ráðið skal, samkvæmt þeim skilyrðum og í samræmi við þá málsmeðferð sem mælt er fyrir um í 3. mgr. 140. gr. fyrrnefnds sáttmála, taka allar aðrar nauðsynlegar ákvarðanir til að gera Breska konungsríkinu kleift að taka upp evruna.

Taki Breska konungsríkið upp evruna samkvæmt ákvæðum þessarar bókunar skulu ákvæði 3.–8. mgr. falla úr gildi.

10. Þrátt fyrir ákvæði 123. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og gr. 21.1 í stofnsamþykktinni er ríkisstjórn Breska konungsríkisins heimilt að njóta áfram þeirrar lánaþyrngreiðslu sem hún hefur hjá Englandsbanka svo framarlega sem Breska konungsríkið taki ekki upp evruna.

---



## BÓKUN 16

## UM TILTEKIN ÁKVÆÐI ER VARÐA DANMÖRKU

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM TAKA TILLIT TIL þess að í dönsku stjórnarskránni eru ákvæði sem geta falið í sér að halda skuli þjóðaratkvæðagreiðslu í Danmörku áður en Danmörk afsalar sér undanþágu sinni,

SEM TAKA TILLIT TIL þess að ríkisstjórn Danmerkur tilkynnti ráðinu hinn 3. nóvember 1993 þá fyrirætlan sína að taka ekki þátt í þriðja áfanga Efnahags- og myntbandalagsins,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

1. Danmörk skal hafa undanþágu á grundvelli tilkynningar dönsku ríkisstjórnarinnar til ráðsins hinn 3. nóvember 1993. Undanþágan hefur þau áhrif að allar greinar og ákvæði sáttmálanna og stofnsamþykktar seðlabankakerfis Evrópu, þar sem vísað er til undanþágu, skulu gilda um Danmörku.
2. Einungis skal hefja þá málsmeðferð, sem um getur í 140. gr., að því er varðar niðurfellingu á undanþágunni, að beiðni Danmerkur.
3. Verði undanþágan felld úr gildi eiga ákvæði þessarar bókunar ekki lengur við.

---

## BÓKUN 17

## UM DANMÖRKU

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFU HUG Á að leysa tiltekin vandamál er varða Danmörku,

HAFU ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Ákvæði 14. gr. bókunarinnar um stofnsamþykkt seðlabankakerfis Evrópu og Seðlabanka Evrópu skal ekki hafa áhrif á rétt Seðlabanka Danmerkur til þess að annast fyrirbyggjandi verkefni er varða þá hluta Konungsríkisins Danmerkur sem eru ekki hluti af Evrópusambandinu.

---

## BÓKUN 18

**UM FRAKKLAND**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að taka tillit til tiltekins atriðis er varðar Frakkland,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Frakkland mun halda einkarétti til peningaútgáfu í Nýju-Kaledóníu, Frönsku Pólýnesíu og á Wallis- og Fútúnaeyjum samkvæmt þeim skilmálum sem kveðið er á um í frönskum lögum og hefur eitt rétt til að fastsetja jafngengi CFP-frankans.

---

## BÓKUN 19

**UM SCHENGEN-RÉTTARREGLURNAR SEM HAFI VERIÐ FELLDAR INN Í RAMMA  
EVROPUSAMBANDSINS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að samningarnir um afnám í áföngum á eftirliti á sameiginlegum landamærum, sem aðildarríki Evrópusambandsins undirrituðu í Schengen 14. júní 1985 og 19. júní 1990, ásamt tengdum samningum og þeim reglum sem samþykktar voru á grundvelli þessara samninga, hafa verið felldir inn í ramma Evrópusambandsins með Amsterdamsáttmálanum frá 2. október 1997,

SEM HAFI HUG Á að varðveita Schengen-réttarreglurnar eins og þær hafa þróast frá gildistöku Amsterdamsáttmálans og þróa þessar réttarreglur til þess að stuðla að því að markmiðum um að leggja borgurum Sambandsins til svæði frelsis, öryggis og réttlætis án innri landamæra verði náð,

SEM TAKA MIÐ AF sérstöðu Danmerkur,

SEM TAKA MIÐ AF því að Írland og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands taka ekki þátt í öllum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna; engu að síður þarf að gera þessum aðildarríkjum kleift að samþykkja önnur ákvæði þessara réttarreglna að öllu eða einhverju leyti,

SEM VIÐURKENNA að af þeim sökum sé nauðsynlegt að nýta ákvæði sáttmálanna um nánari samvinnu milli sumra aðildarríkja,

SEM TAKA MIÐ AF nauðsyn þess að halda sérstöku sambandi við lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noreg þar eð bæði ríkin, ásamt þeim norrænu ríkjum sem eru aðilar að Evrópusambandinu, eru bundin af ákvæðum Norræna vegabréfasambandsins,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Konungsríkið Belgía, Lýðveldið Búlgaría, Lýðveldið Tékkland, Konungsríkið Danmörk, Sambandslýðveldið Þýskaland, Lýðveldið Eistland, Lýðveldið Grikkland, Konungsríkið Spánn, Lýðveldið Frakkland, Lýðveldið Ítalía, Lýðveldið Kýpur, Lýðveldið Lettland, Lýðveldið Litháen, Stórhertogadæmið Lúxemborg, Lýðveldið Ungverjaland, Malta, Konungsríkið Holland, Lýðveldið Austurríki, Lýðveldið Pólland, Lýðveldið Portúgal, Rúmenía, Lýðveldið Slóvenía, Lýðveldið Slóvakía, Lýðveldið Finnland og Konungsríkið Svíþjóð skulu hafa heimild til að koma á nánari samvinnu sín á milli á þeim sviðum sem ákvæðin, sem mynda Schengen-réttarreglurnar, ná yfir og sem ráðið hefur skilgreint. Samvinnan skal fara fram innan stofnana- og lagaramma Evrópusambandsins og samræmast viðeigandi ákvæðum sáttmálanna.

## 2. gr.

Schengen-réttarreglurnar gilda um aðildarríkin sem um getur í 1. gr., með fyrirvara um 3. gr. aðildarlaganna frá 16. apríl 2003 og 4. gr. aðildarlaganna frá 25. apríl 2005. Ráðið kemur í stað framkvæmdanefndarinnar sem komið var á fót með Schengen-samningunum.

## 3. gr.

Þátttaka Danmerkur í samþykkt ráðstafana sem teljast vera þróun á Schengen-réttarreglunum, ásamt framkvæmd þessara ráðstafana og beitingu þeirra gagnvart Danmörku, skal falla undir gildissvið viðeigandi ákvæða bókunarinnar um stöðu Danmerkur.

## 4. gr.

Írland og Hið sameinaða konungsríki Stóra-Bretlands og Norður-Írlands geta óskað eftir því hvenær sem er að taka þátt í sumum eða öllum ákvæðum Schengen-réttarreglnanna.

Ráðið skal taka ákvörðun um beiðnina með einróma samþykki fulltrúa þess sem um getur í 1. gr. og fulltrúa ríkisstjórnar hlutaðeigandi ríkis.

## 5. gr.

1. Tillögur og framtaksverkefni, sem byggjast á Schengen-réttarreglunum, skulu vera með fyrirvara um viðeigandi ákvæði sáttmálanna.

Hafi annaðhvort Írland eða Breska konungsríkið í þessu samhengi ekki tilkynnt ráðinu skriflega innan hæfilegs frests að það óski eftir því að taka þátt skal litið svo á að leyfið, sem um getur í 329. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, hafi verið veitt aðildarríkjunum sem um getur í 1. gr. og Írlandi og Breska konungsríkinu ef annað þeirra óskar eftir að hefja þátttöku á viðkomandi samstarfssviðum.

2. Enda þótt annaðhvort Írland eða Breska konungsríkið teljist hafa sent frá sér tilkynningu samkvæmt ákvörðun á grundvelli 4. gr. má það engu að síður senda ráðinu skriflega tilkynningu innan þriggja mánaða um að það óski ekki eftir því að taka þátt í slíkri tillögu eða framtaksverkefni. Í því tilviki skal Írland eða Breska konungsríkið ekki taka þátt í samþykkt þeirra. Frá og með síðari tilkynningunni skal málsmeðferð til samþykktar ráðstöfuninni, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, frestað tímabundið þar til málsmeðferðinni, sem sett er fram í 3. eða 4. mgr., er lokið eða þar til tilkynningin er afturkölluð, hvenær sem er á meðan sú málsmeðferð stendur yfir.

3. Að því er varðar aðildarríki, sem hefur lagt fram tilkynningu eins um getur í 2. mgr., falla allar ákvarðanir, sem ráðið tekur skv. 4. gr., úr gildi að því marki sem ráðið telur nauðsynlegt, frá og með þeim degi þegar fyrirhugaðar ráðstafanir öðlast gildi og samkvæmt þeim skilyrðum sem ákveðin verða í ákvörðun sem ráðið tekur með auknum meirihluta að tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Sú ákvörðun skal tekin í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir: ráðið skal leitast við að viðhalda

eins víðtækri þátttöku hlutaðeigandi aðildarríkja og kostur er án þess að það hafi alvarleg áhrif á hve hagnýtir hinir ýmsu hlutar Schengen-réttarreglnanna eru í framkvæmd en virða jafnframt sambengið milli þeirra. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram tillögu sína eins fljótt og auðið er eftir tilkynninguna sem um getur í 2. mgr. Ráðið skal, ef þörf krefur eftir að hafa boðað til tveggja funda í röð, taka ákvörðun innan fjögurra mánaða frá tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

4. Hafi ráðið ekki samþykkt ákvörðunina áður en fjögurra mánaða tímabilinu lýkur getur aðildarríki tafarlaust óskað eftir því að málinu verði vísað til leiðtogaráðsins. Í því tilviki skal leiðtogaráðið taka ákvörðun í samræmi við viðmiðanirnar sem um getur í 3. mgr. á næsta fundi sínum, með auknum meirihluta, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar.

5. Hafi ráðið, eða leiðtogaráðið eftir atvikum, ekki samþykkt ákvörðun sína við lok málsmeðferðarinnar, sem er sett fram í 3. eða 4. mgr., skal tímabundin frestun málsmeðferðar til að samþykkja ráðstöfunina, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, falla úr gildi. Ef fyrirnefnd ráðstöfun er síðan samþykkt skal sérhver ákvörðun, sem ráðið tekur skv. 4. gr. frá og með gildistöku þeirrar ráðstöfunar, falla úr gildi gagnvart hlutaðeigandi aðildarríki að því marki og samkvæmt þeim skilyrðum sem framkvæmdastjórnin ákveður, nema fyrirnefnt aðildarríki hafi dregið tilkynningu sína, sem um getur í 2. mgr., til baka áður en ráðstöfunin var samþykkt. Framkvæmdastjórnin skal taka ákvörðun eigi síðar en á þeim degi þegar þessi ráðstöfun er samþykkt. Þegar framkvæmdastjórnin tekur ákvörðun sína skal hún fara að þeim viðmiðunum sem um getur í 3. mgr.

#### 6. gr.

Lýðveldið Ísland og Konungsríkið Noregur skulu koma að framkvæmd Schengen-réttarreglnanna og frekari þróun þeirra. Samþykkja skal viðeigandi málsmeðferð þar að lútandi í samningi sem ráðið gerir, með einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í því og nefndir eru í 1. gr., við þessi ríki. Í slíkum samningi skulu vera ákvæði um framlag Íslands og Noregs vegna fjárhagslegra afleiðinga af framkvæmd þessarar bókunar.

Ráðið skal, með einróma ákvörðun, gera sérstakan samning við Ísland og Noreg um að koma á réttindum og skyldum milli Írlands og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands annars vegar, og Íslands og Noregs hins vegar, á þeim sviðum Schengen-réttarreglnanna sem taka til þessara ríkja.

#### 7. gr.

Að því er varðar viðræður vegna inngöngu nýrra aðildarríkja í Evrópusambandið skal líta á Schengen-réttarreglurnar og frekari ráðstafanir, sem stofnanirnar gera innan gildissviðs þeirra, sem réttarreglur sem öll umsóknarríki verða að samþykkja að fullu.

## BÓKUN 20

**UM BEITINGU ÁKVÆÐINNA ÞÁTTA 26. GR. SÁTTMÁLANS UM  
STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS GAGNVART BRESKA  
KONUNGRÍKINU OG ÍRLANDI**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að ráða fram úr tilteknum álitamálum sem varða Breska konungsríkið og Írland,

SEM HAFA HLIÐSJÓN af því að í mörg ár hefur verið við lýði sérstakt fyrirkomulag vegna ferða milli Breska konungsríkisins og Írlands,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Þrátt fyrir 26. og 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, önnur ákvæði þess sáttmála eða sáttmálans um Evrópusambandið, ráðstafanir sem eru samþykktar á grundvelli þessara sáttmála, eða alþjóðasamninga sem Sambandið eða Sambandið og aðildarríki þess gera við eitt eða fleiri þriðju ríki, skal Breska konungsríkinu heimilt, eftir því sem það telur nauðsynlegt, að hafa eftirlit á landamærum ásamt öðrum aðildarríkjum með einstaklingum, sem óska eftir að koma til Breska konungsríkisins, í þeim tilgangi að:

- a) ganga úr skugga um hvort ríkisborgarar aðildarríkja og einstaklingar á framfæri þeirra, sem nýta sér rétt sinn samkvæmt lögum Sambandsins, sem og ríkisborgarar annarra ríkja sem hafa fengið slíkan rétt með samningi sem Breska konungsríkið er bundið af, eigi rétt á að koma til Breska konungsríkisins, og
- b) ákvarða hvort veita eigi öðrum einstaklingum leyfi til að koma til Breska konungsríkisins.

Ekkert í 26. og 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða í neinu öðru ákvæði þess sáttmála eða í sáttmálanum um Evrópusambandið eða í neinni annarri ráðstöfun, sem samþykkt er á grundvelli þeirra, skal hafa áhrif á rétt Breska konungsríkisins til að taka upp eða framkvæma slíkt eftirlit. Tilvísanir til Breska konungsríkisins í þessari grein ná til yferráðasvæða þar sem Breska konungsríkið ber ábyrgð á samskiptum við önnur ríki.

*2. gr.*

Breska konungsríkið og Írland mega áfram ákveða fyrirkomulag sín á milli sem varðar för fólks milli yferráðasvæða þeirra („sameiginlega ferðasvæði“) en verða þó að virða til fulls þann rétt fólks sem um getur í a-lið fyrstu málsgreinar 1. gr. þessarar bókunar.

Í samræmi við það skulu ákvæði 1. gr. þessarar bókunar gilda um Írland með sömu skilmálum og skilyrðum og eiga við um Breska konungsríkið, svo lengi sem slíku fyrirkomulagi er viðhaldið. Ekkert í 26. og 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða í neinu öðru ákvæði þess sáttmála eða í sáttmálanum um Evrópusambandið eða í neinni annarri ráðstöfun, sem samþykkt er á grundvelli þeirra, skal hafa áhrif á slíkt fyrirkomulag.

*3. gr.*

Hin aðildarríkin skulu hafa rétt til þess, við landamæri sín eða á hvaða komustað sem er, að hafa slíkt eftirlit með einstaklingum sem óska eftir að koma inn á yfirráðasvæði þeirra frá Breska konungsríkinu eða yfirráðasvæðum, þar sem það ber ábyrgð á samskiptum við önnur ríki, í sama tilgangi og þeim sem kemur fram í 1. gr. þessarar bókunar, eða frá Írlandi, svo framarlega sem ákvæði 1. gr. þessarar bókunar gilda um Írland.

Ekkert í 26. og 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eða í neinu öðru ákvæði þess sáttmála eða í sáttmálanum um Evrópusambandið eða í neinni annarri ráðstöfun, sem samþykkt er á grundvelli þeirra, skal hafa áhrif á rétt annarra aðildarríkja til að taka upp eða framkvæma slíkt eftirlit.

---



## BÓKUN 21

**UM STÖÐU BRESKA KONUNGRÍKISINS OG ÍRLANDS AÐ ÞVÍ ER VARÐAR SVÆÐI  
FRELSIS, ÖRYGGIS OG RÉTTLÆTIS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUG Á að ráða fram úr tilteknum álitamálum sem varða Breska konungsríkið og Írland,

SEM HAFA HLIDSJÓN af bókuninni um beitingu ákveðinna þátta 26. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins gagnvart Breska konungsríkinu og Írlandi,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Breska konungsríkið og Írland skulu, með fyrirvara um 3. gr., ekki taka þátt í samþykkt ráðsins á fyrirhuguðum ráðstöfunum skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í ráðinu, að undanskildum fulltrúum ríkisstjórna Breska konungsríkisins og Írlands, skal vera áskilið fyrir ákvarðanir ráðsins sem samþykkja verður einróma.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur, að því er þessa grein varðar, í samræmi við 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*2. gr.*

Í ljósi 1. gr. og með fyrirvara um 3., 4. og 6. gr. skulu engin ákvæði V. bálks þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, engar ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þeim bálki, engin ákvæði alþjóðasamnings sem Evrópusambandið gerir samkvæmt þeim bálki og engin ákvörðun Dómstólsins um túlkun slíks ákvæðis eða ráðstöfunar vera bindandi gagnvart Breska konungsríkinu eða Írlandi eða gilda þar; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á nokkurn hátt hafa áhrif á valdheimildir, réttindi og skyldur þessara ríkja; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á nokkurn hátt hafa áhrif á réttarreglur Bandalagsins eða Sambandsins eða verða hluti af lögum Sambandsins eins og þau gilda gagnvart Breska konungsríkinu eða Írlandi.

*3. gr.*

1. Breska konungsríkið og Írland geta tilkynnt forseta ráðsins skriflega, innan þriggja mánaða eftir að tillaga eða frumkvæði hefur verið lagt fyrir ráðið skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, að þau óski eftir því að taka þátt í samþykkt og beitingu slíkra fyrirhugaðra ráðstafana og skal það ríki þá hafa heimild til þess.

Einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í ráðinu, að undanskildum þeim aðila sem ekki hefur lagt fram slíka tilkynningu, skal vera áskilið fyrir ákvarðanir ráðsins sem samþykkja verður einróma. Ráðstöfun, sem samþykkt er á grundvelli þessarar málsgreinar, skal vera bindandi gagnvart hverju því aðildarríki sem tók þátt í samþykkt hennar.

Mæla skal fyrir um skilyrði fyrir þátttöku Breska konungsríkisins og Írlands í mati varðandi þau svið, sem falla undir V. bálk þriðja hluta þess sáttmála, í ráðstöfunum sem eru samþykktar skv. 70. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Aukinn meirihluti skal skilgreindur, að því er þessa grein varðar, í samræmi við 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

2. Ef ekki er hægt að samþykkja ráðstöfun, sem um getur í 1. mgr., innan hæfilegs tíma með þátttöku Breska konungsríkisins eða Írlands getur ráðið samþykkt slíka ráðstöfun í samræmi við 1. gr. án þátttöku Breska konungsríkisins eða Írlands. Í því tilviki gildir 2. gr.

#### 4. gr.

Breska konungsríkið eða Írland getur, hvenær sem er eftir að ráðið samþykkir ráðstöfun skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tilkynnt ráðinu og framkvæmdastjórninni að það óski eftir að samþykkja ráðstöfunina. Í því tilviki skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 331. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gilda að breyttu breytanda.

#### 4. gr. a

1. Ákvæði þessarar bókunar gilda, að því er Breska konungsríkið og Írland varðar, einnig um ráðstafanir sem lagðar eru til eða samþykktar skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og breyta gildandi ráðstöfun sem þau eru bundin af.

2. Ákvarði ráðið hins vegar, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að óframkvæmanlegt muni reynast fyrir hin aðildarríkin eða Evrópusambandið að beita gildandi ráðstöfun í breyttri útgáfu ef Breska konungsríkið eða Írland taka ekki þátt í henni, getur það hvatt hin síðarnefndu til að leggja fram tilkynningu skv. 3. eða 4. gr. Tveggja mánaða viðbótarfrestur hefst, að því er 3. gr. varðar, frá og með þeim degi þegar ráðið tekur slíka ákvörðun.

Hafi Breska konungsríkið eða Írland ekki lagt fram tilkynningu skv. 3. eða 4. gr. við lok tveggja mánaða frestsins, sem er liðinn frá ákvörðun ráðsins, skal gildandi ráðstöfun ekki lengur vera bindandi eða gilda að því er það varðar nema hlutaðeigandi aðildarríki hafi lagt fram tilkynningu skv. 4. gr. áður en breytingarráðstöfunin tók gildi. Þetta skal taka gildi á þeim degi þegar breytingarráðstöfunin tekur gildi eða við lok tveggja mánaða frestsins, hvort heldur kemur síðar.

Ráðið skal, að því er þessa málsgrein varðar, taka ákvörðun, eftir ítarlega umfjöllun, með auknum meirihluta fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt eða hafa tekið þátt í samþykkt breytingarráðstöfunarinnar. Skilgreina skal aukinn meirihluta ráðsins í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Ráðinu er einnig heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að ákveða með auknum meirihluta að Breska konungsríkið eða Írland skuli taka á sig beinar fjárhagslegar afleiðingar, ef um þær er að ræða, sem nauðsynlega og óhjákvæmilega leiðir af því að það tekur ekki lengur þátt í ráðstöfuninni sem er í gildi.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 4. gr.

*5. gr.*

Aðildarríki, sem er ekki bundið af ráðstöfun, sem er samþykkt skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal ekki taka á sig neinar fjárhagslegar afleiðingar aðrar en umsýslukostnað stofnananna nema allir þeir sem sæti eiga í ráðinu taki einróma ákvörðun um annað að höfðu samráði við Evrópuþingið.

*6. gr.*

Ef Breska konungsríkið eða Írland er bundið af ráðstöfun, sem ráðið samþykkti skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í tilvikum sem um getur í þessari bókun, skulu viðeigandi ákvæði sáttmálanna gilda um það ríki í tengslum við þá ráðstöfun.

*6. gr. a*

Breska konungsríkið og Írland skulu ekki vera bundin af þeim reglum sem mælt er fyrir um á grundvelli 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og varða vinnslu aðildarríkja á persónuupplýsingum vegna starfsemi sem fellur undir gildissvið 4. eða 5. kafla V. bálks þriðja hluta þess sáttmála, ef Breska konungsríkið og Írland eru ekki bundin af reglum um fyrirkomulag dómsmálasamstarfs í sakamálu eða lögreglusamvinnu sem útheimtir að farið sé að ákvæðum sem mælt er fyrir um á grundvelli 16. gr.

*7. gr.*

Ákvæði 3. gr., 4. gr. og 4. gr. a skulu ekki hafa áhrif á bókunina um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins.

*8. gr.*

Írland getur tilkynnt ráðinu skriflega að það óski ekki lengur eftir því að heyra undir ákvæði þessarar bókunar. Í því tilviki gilda almenn ákvæði sáttmálans um Írland.

*9. gr.*

Þessi bókun gildir ekki um 75. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er Írland varðar.

---

## BÓKUN 22

## UM STÖÐU DANMERKUR

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUGFASTA ákvörðun þjóðhöfðingja og leiðtoga ríkisstjórna, sem komu saman á vegum leiðtogaráðsins í Edinborg 12. desember 1992, um tiltekin vandamál sem Danmörk vakti máls á varðandi sáttmálann um Evrópusambandið,

SEM TAKA MIÐ AF stöðu Danmerkur að því er varðar ríkisborgararétt, Efnahags- og myntbandalagið, varnarstefnu og dóms- og innanríkismál, eins og mælt er fyrir um í Edinborgarákvörðuninni,

SEM ERU MEÐVITAÐIR um að áframhaldandi gildi þeirra lagareglna, sem eru upprunnar í Edinborgarákvörðuninni, mun takmarka verulega þátttöku Danmerkur á mikilvægum sviðum Evrópusambandsins og að það þjóni best hagsmunum Sambandsins að tryggja að réttarreglurnar á svæði frelsis, öryggis og réttlætis séu heildstæðar,

SEM VILJA af þeim sökum setja lagaramma sem gerir Danmörku kleift að taka þátt í samþykkt ráðstafana sem tillaga er gerð um á grundvelli V. bálks þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, og fagna þeirri fyrirætlun Danmerkur að nýta sér þann möguleika, þegar færi gefst, í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að Danmörk mun ekki koma í veg fyrir að önnur aðildarríki þrói samstarf sitt frekar að því er varðar ráðstafanir sem eru ekki bindandi gagnvart Danmörku,

SEM HAFA Í HUGA 3. gr. bókunarinnar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

## I. HLU TI

*1. gr.*

Danmörk skal ekki taka þátt í samþykkt ráðsins á fyrirhuguðum ráðstöfunum skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í ráðinu, að undanskildum fulltrúa ríkisstjórnar Danmerkur, skal vera áskilið fyrir ákvarðanir ráðsins sem samþykkja verður einróma.

Að því er þessa grein varðar skal skilgreina aukinn meirihluta í samræmi við 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

*2. gr.*

Engin ákvæði V. bólkis þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, engar ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þeim bólk, engin ákvæði alþjóðasamnings sem Evrópusambandið gerir samkvæmt þeim bólk og engin ákvörðun Dómstóls Evrópusambandsins um túlkun slíks ákvæðis eða ráðstöfunar, eða nein ráðstöfun sem er breytt eða hægt er að breyta samkvæmt þeim bólk, skulu vera bindandi gagnvart Danmörku eða gilda þar; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á neinn hátt hafa áhrif á valdheimildir, réttindi og skyldur Danmerkur; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á neinn hátt hafa áhrif á réttarreglur Bandalagsins eða Sambandsins eða verða hluti af lögum Sambandsins eins og þau gilda gagnvart Danmörku. Einkum skulu gerðir Evrópusambandsins á sviði lögreglusamvinnu og dómsmálasamstarfs í sakamállum, sem eru samþykktar fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans og sem hefur verið breytt, vera áfram bindandi gagnvart Danmörku og gilda þar óbreyttar.

*2. gr. a*

Ákvæði 2. gr. þessarar bókar gilda einnig um þær reglur, sem mælt er fyrir um á grundvelli 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og varða vinnslu aðildarríkjanna á persónuupplýsingum vegna starfsemi sem fellur undir 4. eða 5. kafla V. bólkis þriðja hluta þess sáttmála.

*3. gr.*

Ráðstafanir, sem um getur í 1. gr., skulu ekki hafa neinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Danmörku aðrar en umsýslukostnað stofnananna.

*4. gr.*

1. Innan sex mánaða frá því að ráðið hefur tekið ákvörðun um tillögu eða framtaksverkefni, sem byggist á Schengen-réttarreglunum og fellur undir þennan hluta, skal Danmörk ákveða hvort ráðstöfunin verði felld inn í landslög. Verði það ákveðið mun þessi ráðstöfun skapa skyldu að þjóðarétti milli Danmerkur og hinna aðildarríkjanna sem eru bundin af ráðstöfuninni.

2. Ef Danmörk ákveður að grípa ekki til þeirra ráðstafana, sem um getur í 1. mgr., munu aðildarríkin sem eru bundin af ráðstöfuninni og Danmörk íhuga viðeigandi ráðstafanir.

## II. HLUTI

*5. gr.*

Að því er varðar ráðstafanir, sem ráðið samþykkti skv. 1. mgr. 26. gr., 42. gr. og 43.–46. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, tekur Danmörk ekki þátt í útfærslu og framkvæmd ákvarðana og aðgerða Evrópusambandsins sem tengjast varnarstarfi. Því skal Danmörk ekki taka þátt í samþykkt

þeirra. Danmörk mun ekki koma í veg fyrir að önnur aðildarríki þróa samstarf sitt frekar á þessu sviði. Danmörk skal hvorki vera skuldbundin til að greiða rekstrarútgjöld vegna slíkra ráðstafana né til að leggja Evrópusambandinu til hernaðargetu.

Einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í ráðinu, að undanskildum fulltrúa ríkisstjórnar Danmerkur, skal vera áskilið fyrir gerðir ráðsins sem samþykkja verður einróma.

Að því er þessa grein varðar skal skilgreina aukinn meirihluta í samræmi við 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

### III. HLUTI

#### 6. gr.

Ákvæði 1., 2. og 3. gr. gilda ekki um ráðstafanir þar sem tiltekin eru þau þriðju lönd þar sem ríkisborgararnir verða að hafa vegabréfsáritun við för yfir ytri landamæri aðildarríkjanna eða ráðstafanir sem varða fyrirmynd að samræmdum vegabréfsáritunum.

### IV. HLUTI

#### 7. gr.

Danmörk getur hvenær sem er, í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar, tilkynnt hinum aðildarríkjunum að landið óski ekki lengur eftir því að nýta sér þessa bókun, í heild eða að hluta. Ef svo ber undir mun Danmörk beita að fullu öllum viðeigandi ráðstöfunum sem eru í gildi og gerðar eru innan ramma Evrópusambandsins.

#### 8. gr.

1. Danmörk getur hvenær sem er, með fyrirvara um 7. gr. og í samræmi við stjórnskipunarreglur sínar, tilkynnt hinum aðildarríkjunum að frá og með fyrsta degi næsta mánaðar eftir tilkynninguna skuli ákvæði viðaukans vera efni I. hluta. Í því tilviki skal endurtölusetja 5.–8. gr.

2. Sex mánuðum eftir gildistöku tilkynningarinnar, sem um getur í 1. mgr., skulu allar réttarreglur Schengen og ráðstafanir sem samþykktar eru og byggjast á þessum réttarreglum, sem bundu Danmörku fram að þeim tíma að þjóðarétti, vera bindandi gagnvart Danmörku sem lög Sambandsins.

## VIÐAUKI

### 1. gr.

Með fyrirvara um 3. gr. skal Danmörk ekki taka þátt í samþykkt ráðsins á fyrirhuguðum ráðstöfunum skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einróma samþykki þeirra sem eiga sæti í ráðinu, að undanskildum fulltrúa ríkisstjórnar Danmerkur, skal vera áskilið fyrir gerðir ráðsins sem samþykkja verður einróma.

Að því er þessa grein varðar skal skilgreina aukinn meirihluta í samræmi við 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

### 2. gr.

Samkvæmt 1. gr. og með fyrirvara um 3., 4. og 8. gr. skulu engin ákvæði V. bálks þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, engar ráðstafanir sem samþykktar eru samkvæmt þeim bálki, engin ákvæði alþjóðasamnings sem Evrópusambandið gerir samkvæmt þeim bálki, engin ákvörðun Dómstóls Evrópusambandsins um túlkun slíkra ákvæða eða ráðstafana, vera bindandi eða gilda gagnvart Danmörku; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á neinn hátt hafa áhrif á valdheimildir, réttindi og skyldur Danmerkur; og ekkert slíkt ákvæði, ráðstöfun eða ákvörðun skal á neinn hátt hafa áhrif á réttarreglur Bandalagsins eða Sambandsins eða verða hluti af lögum Sambandsins eins og þau gilda gagnvart Danmörku.

### 3. gr.

1. Danmörk getur, innan þriggja mánaða frá því að tillaga eða framtakaverkefni er lagt fyrir ráðið skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tilkynnt forseta ráðsins skriflega að landið hafi hug á að taka þátt í samþykki og beitingu slíkrar fyrirhugaðrar ráðstöfunar og skal Danmörk þá hafa heimild til þess.

2. Ef ekki er hægt að samþykkja ráðstöfun, sem um getur í 1. mgr., innan hæfilegs tíma með þátttöku Danmerkur getur ráðið samþykkt ráðstöfunina, sem um getur í 1. mgr., í samræmi við 1. gr. án þátttöku landsins. Í því tilviki gildir 2. gr.

### 4. gr.

Danmörk getur, hvenær sem er eftir að ráðstöfun hefur verið samþykkt skv. V. bálk þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, tilkynnt ráðinu og framkvæmdastjórninni að landið hafi hug á að samþykkja ráðstöfunina. Í því tilviki skal málsmeðferðin, sem kveðið er á um í 1. mgr. 331. gr. þess sáttmála, gilda að breyttu breytanda.

### 5. gr.

1. Ákvæði þessarar bókunar gilda, að því er Danmörku varðar, einnig um ráðstafanir sem tillaga er gerð um eða eru samþykktar skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og breyta gildandi ráðstöfununum sem landið er bundið af.

2. Ráðið getur hins vegar hvatt Danmörku til að senda tilkynningu í samræmi við 3. eða 4. gr. þegar það hefur ákvarðað, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að taki landið ekki þátt í breytingu á gildandi ráðstöfun verði



beiting þeirrar ráðstöfunar óframkvæmanleg fyrir hin aðildarríkin eða Evrópusambandið. Tveggja mánaða viðbótarfrestur hefst, að því er 3. gr. varðar, frá og með þeim degi þegar ráðið tekur slíka ákvörðun.

Ef Danmörk hefur ekki lagt fram tilkynningu skv. 3. eða 4. gr. við lok tveggja mánaða frestsins, sem er liðinn frá ákvörðun ráðsins, skal gildandi ráðstöfun ekki lengur vera bindandi eða gilda að því er landið varðar nema það hafi lagt fram tilkynningu skv. 4. gr. áður en breytingarráðstöfunin tók gildi. Þetta skal koma til framkvæmda á þeim degi þegar breytingarráðstöfunin tekur gildi eða við lok tveggja mánaða frestsins, hvort heldur kemur síðar til.

Ráðið skal, að því er þessa málsgrein varðar, taka ákvörðun, eftir ítarlega umfjöllun, með auknum meirihluta fulltrúa þeirra aðildarríkja sem taka þátt eða hafa tekið þátt í samþykkt breytingarráðstöfunarinnar. Skilgreina skal aukinn meirihluta ráðsins í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

3. Ráðinu er heimilt, að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar, að ákveða með auknum meirihluta að Danmörk skuli taka á sig beinar fjárhagslegar afleiðingar, ef um þær er að ræða, sem nauðsynlega og óhjákvæmilega leiðir af því að landið tekur ekki lengur þátt í ráðstöfuninni sem er í gildi.

4. Ákvæði þessarar greinar gilda með fyrirvara um 4. gr.

#### 6. gr.

1. Leggja skal fram tilkynningu skv. 4. gr. eigi síðar en sex mánuðum eftir að ráðstöfun, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, hefur verið samþykkt endanlega.

Ef Danmörk leggur ekki fram tilkynningu í samræmi við 3. eða 4. gr. varðandi ráðstöfun, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, munu þau aðildarríki, sem eru bundin af þeirri ráðstöfun, og Danmörk fíhuga viðeigandi ráðstafanir.

2. Tilkynning skv. 3. gr. um ráðstöfun, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, skal óafturkallanlega teljast vera tilkynning skv. 3. gr. að því er varðar frekari tillögur eða framtaksverkefni sem til stendur að byggja á þeirri ráðstöfun, að því marki sem slík tillaga eða framtaksverkefni byggist á Schengen-réttarreglunum.

#### 7. gr.

Danmörk skal ekki vera bundin af þeim reglum, sem mælt er fyrir um á grundvelli 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og varða vinnslu aðildarríkja á persónuupplýsingum vegna starfsemi sem fellur undir gildissvið 4. eða 5. kafla V. bóls þriðja hluta þess sáttmála, ef Danmörk er ekki bundin af reglum um fyrirkomulag dómsmálasamstarfs í sakamálum eða lögreglusamvinnu sem útheimtir að farið sé að ákvæðum sem grundvallast á 16. gr.

#### 8. gr.

Ef Danmörk er bundin af ráðstöfun, sem ráðið samþykkti skv. V. bóli þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, í tilvikum sem um getur í þessum hluta, skulu viðeigandi ákvæði sáttmálanna gilda um Danmörku í tengslum við þá ráðstöfun.

#### 9. gr.

Ef Danmörk er ekki bundin af ráðstöfun, sem er samþykkt skv. V. bóli þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal sú ráðstöfun ekki hafa neinar fjárhagslegar afleiðingar fyrir Danmörku aðrar en umsýslukostnað stofnananna nema allir þeir sem sæti eiga í ráðinu ákveði annað einróma að höfðu samráði við Evrópuþingið.

## BÓKUN 23

**UM SAMSKIPTI AÐILDARRÍKJANNA VIÐ ÖNNUR RÍKI AÐ ÞVÍ ER VARÐAR FÖR YFIR  
YTRI LANDAMÆRI**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM TAKA MIÐ AF þörf aðildarríkjana til að tryggja skilvirka landamæravörslu við ytri landamæri sín, í samstarfi við þriðju lönd eftir því sem við á,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Ákvæði b-liðar 2. mgr. 77. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, er varða ráðstafanir vegna farar yfir ytri landamæri, skulu ekki hafa áhrif á valdheimildir aðildarríkja til þess að ganga til sammingsviðræðna eða gera samninga við þriðju lönd svo fremi þau fari að lögum Sambandsins og öðrum viðeigandi alþjóðasamningum.

---

## BÓKUN 24

**UM HÆLI TIL HANDA RÍKISBORGURUM AÐILDARRÍKJA EVRÓPUSAMBANDSINS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS að Sambandið viðurkennir, í samræmi við 1. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, þau réttindi, það frelsi og þær meginreglur sem kveðið er á um í sáttmálanum um grundvallarréttindi,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS að grundvallarréttindin, sem tryggð eru með Evrópasáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, eru hluti af lögum Sambandsins sem almennar meginreglur skv. 3. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS að Dómstóll Evrópusambandsins fer með lögsögu til að tryggja að Sambandið fari að lögnum við túlkun og beitingu 1. og 3. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS að skv. 49. gr. sáttmálans verður sérhvert Evrópuríki, þegar það sækir um aðild að Sambandinu, að virða þau gildi sem eru sett fram í 2. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

SEM HAFA Í HUGA að með 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er tekin upp aðferð til að fella tímabundið niður viss réttindi þegar aðildarríki virðir þessi gildi að vettugi gróflega og ítrekað,

SEM HAFA HUGFAST að sérhver ríkisborgari aðildarríkis nýtur, sem borgari Sambandsins, sérstakrar stöðu og verndar sem aðildarríkin skulu tryggja í samræmi við ákvæði annars hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

SEM HAFA Í HUGA að með sáttmálanum er komið á svæði án innri landamæra og öllum borgurum Sambandsins veittur réttur til frjálstrar farar og dvalar á yfirráðasvæði aðildarríkjanna,

SEM VILJA koma í veg fyrir að rétturinn til hælís verði notaðar í öðrum en upprunalegum tilgangi þeirra,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS að þessi bókun virðir tilgang og markmið Genfarsáttmálans um réttarstöðu flóttamanna frá 28. júlí 1951,

HAGA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*Stök grein*

Með tilliti til þeirrar verndar sem grundvallarréttindi og frelsi njóta í aðildarríkjum Evrópusambandsins skulu aðildarríki líta hvert á annað sem öruggt upprunaland í lagalegu tilliti og í reynd í tengslum við hælismálefni. Í samræmi við það má einungis taka umsókn ríkisborgara aðildarríkis um hæli til meðferðar eða lýsa hana tæka til meðferðar hjá öðru aðildarríki í eftirfarandi tilvikum:

- a) ef aðildarríkið, þar sem umsækjandi er ríkisborgari, færir sér í nyt, eftir gildistöku Amsterdamsáttmálans, ákvæði 15. gr. Evrópusáttmálans um verndun mannréttinda og mannfrelsis til þess að víkja frá skuldbindingum sínum samkvæmt sáttmálanum á yfirráðasvæði sínu,
- b) ef málsmeðferðin, sem um getur í 1. mgr. 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, er hafin og þar til ráðið eða, eftir því sem við á, leiðtogaráðið tekur ákvörðun hvað þetta snertir að því er varðar aðildarríkið þar sem umsækjandi er ríkisborgari,
- c) ef ráðið hefur samþykkt ákvörðun í samræmi við 1. mgr. 7. gr. sáttmálans um Evrópusambandið varðandi aðildarríkið sem umsækjandinn hefur ríkisborgararétt í eða ef leiðtogaráðið hefur samþykkt ákvörðun í samræmi við 2. mgr. 7. gr. þess sáttmála varðandi aðildarríkið þar sem umsækjandinn er ríkisborgari,
- d) ef aðildarríki ákveður slíkt einhliða að því er varðar umsókn ríkisborgara annars aðildarríkis; í því tilviki skal ráðinu tafarlaust tilkynnt um það; við meðferð umsóknar skal litið svo á að hún sé greinilega örökstudd án þess að það hafi á nokkurn hátt áhrif á vald aðildarríkisins til ákvarðanatöku.

## BÓKUN 25

**UM BEITINGU SAMEIGINLEGRA VALDHEIMILDA**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*Stök grein*

Þegar Evrópusambandið hefur gripið til aðgerða á tilteknu sviði gildir sú beiting valdheimildar aðeins um þá þætti sem falla undir viðkomandi gerð Sambandsins en ekki um allt sviðið, sbr. 2. mgr. 2. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins um sameiginlegar valdheimildir.

---

## BÓKUN 26

## UM ÞJÓNUSTU Í ALMANNAÞÁGU

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA HUG Á að leggja áherslu á mikilvægi þjónustu í almannaðágu,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi túlkunarákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Sameiginleg gildi Sambandsins að því er varðar þjónustu í almannaðágu, sem hefur almenna efnahagslega þýðingu í skilningi 14. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, fela einkum í sér:

- lykilhlutverk og víðtækt ákvörðunarvald lands-, svæðis- og staðaryfirvalda til að veita, semja um og skipuleggja þjónustu í almannaðágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu, eins nærri þörfum notenda og mögulegt er,
- fjölbreytni að því er varðar ólíkar tegundir þjónustu í almannaðágu sem hefur almenna efnahagslega þýðingu og mun á þörfum og forgangi notenda sem gæti skapast af ólíkum landfræðilegum, félagslegum eða menningarlegum aðstæðum,
- mikil gæði, öryggi og viðuráðanlegt verð, jafna meðferð og að almennur aðgangur sé efldur sem og réttindi notenda.

*2. gr.*

Ákvæði sáttmálanna hafa ekki á nokkurn hátt áhrif á valdheimildir aðildarríkja til að veita, semja um og skipuleggja þjónustu í almannaðágu sem er ekki af efnahagslegum toga.

---

## BÓKUN 27

**UM INNRI MARKAÐINN OG SAMKEPPNI**

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA Í HUGA að innri markaðurinn felur í sér kerfi sem tryggir að samkeppni raskist ekki, eins og segir í 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið,

HAFA KOMIÐ SÉR SAMAN UM:

að Sambandið skuli grípa til aðgerða í þessu skyni, ef nauðsyn krefur, samkvæmt ákvæðum sáttmálanna, þ.m.t. skv. 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Þessi bókun skal fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

---

## BÓKUN 28

**UM EFNAHAGSLEGA SAMHELDNI, FÉLAGSLEGA SAMHELDNI OG SAMHELDNI  
MILLI SVÆÐA**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUGFAST að meðal markmiða 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er að stuðla að efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða sem og samstöðu milli aðildarríkjanna og að fyrrnefnd samheldni er eitt af þeim sviðum sem fellur undir valdheimildir sem Sambandið deilir með aðildarríkjunum og er talin upp í c-lið 2. mgr. 4. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins,

SEM HAFA HUGFAST að ákvæði þriðja hluta XVIII. bóls um efnahagslega samheldni, félagslega samheldni og samheldni milli svæða leggja í heild sinni lagalegan grundvöll að því að styrkja og þróa frekar aðgerðir Sambandsins á sviði efnahagslegrar samheldni, félagslegrar samheldni og samheldni milli svæða, þ.m.t. að stofnun nýs sjóðs,

SEM HAFA HUGFAST að í ákvæðum 177. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er fyrirhugað að stofna Samheldnisjóð,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að Fjárfestingarbanki Evrópu lánar háar fjárhæðir í þágu fátækari landsvæða sem verða æ hærri,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að vilji er til meiri sveigjanleika á fyrirkomulagi við úthlutun úr uppbyggingarsjóðunum,

SEM VEITA ÞVÍ ATHYGLI að vilji er til að hafa þátttöku Sambandsins misjafnlega umfangsmikla í áætlunum og verkefnum í tilteknum löndum,

SEM VEITA ATHYGLI tillögunni um að taka meira tillit til hlutfallslegrar hagsældar aðildarríkjanna í tekjuöflunarkerfinu,

SEM ÁRÉTTA mikilvægi þess að stuðla að efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða til þess að Sambandið nái að þróast til fulls og árangur þess verði varanlegur,

SEM ÁRÉTTA þá sannfæringu sína að uppbyggingarsjóðirnir skuli áfram eiga umtalsverðan þátt í því að markmiðum Sambandsins á sviði samheldni verði náð,

SEM ÁRÉTTA þá sannfæringu sína að Fjárfestingarbanki Evrópu skuli áfram verja meirihluta fjármagns síns til eflingar efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða og lýsa yfir vilja sínum til að endurskoða fjárför Fjárfestingabanka Evrópu um leið og nauðsyn krefur í þeim tilgangi,

SEM ERU EINHUGA UM að Samheldnisjóðurinn veiti fjárframlög frá Sambandinu til verkefna á sviði umhverfismála og samevrópskra neta í aðildarríkjum þar sem verg þjóðarframleiðsla á mann nemur minna en 90% af meðaltali innan Sambandsins og þar sem fyrir hendi er áætlun sem leiðir til þess að skilyrði fyrir efnahagslegri samleitni verði uppfyllt, sbr. 126. gr.,



SEM LÝSA YFIR þeirri fyrirætlun sinni að leyfa meiri sveigjanleika í úthlutun fjármagns úr uppbyggingarsjóðunum til sérstakra þarfa sem falla ekki undir gildandi reglur um uppbyggingarsjóðina,

SEM LÝSA YFIR vilja sínum til að hafa þátttöku Sambandsins misjafnlega umfangsmikla í áætlunum og verkefnum uppbyggingarsjóðanna þannig að komast megi hjá því að auka óhóflega fjárveitingar í aðildarríkjum þar sem velmegun er minni,

SEM VIÐURKENNA þörfina á að fylgjast reglubundið með því hvernig miðar að því að ná efnahagslegri samheldni, félagslegri samheldni og samheldni milli svæða og lýsa yfir vilja sínum til að taka allar nauðsynlegar ráðstafanir þar að lútandi til athugunar,

SEM LÝSA YFIR þeirri fyrirætlun sinni að taka tillit til þess í tekjuöflunarkerfinu hversu aflögufær einstök aðildarríki eru og kanna leiðir til að leiðrétta, gagnvart aðildarríkjum þar sem velmegun er minni, þá þætti í núverandi tekjuöflunarkerfi sem leiða til afturfarar,

ERU EINHUGA UM að þessi bókun skuli fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

---

## BÓKUN 29

## UM ÚTVARPSÞJÓNUSTU Í ALMANNAÞÁGU Í AÐILDARRÍKJUNUM

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA Í HUGA að útvarpsþjónusta í almannaðágu í aðildarríkjunum tengist með beinum hætti lýðræðislegum, félagslegum og menningarlegum þörfum hvers samfélags og þörfinni á að varðveita fjölhyggju fjölmiðla,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi túlkunarákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Ákvæði sáttmálanna skulu vera með fyrirvara um valdheimildir aðildarríkjanna til að fjármagna útvarpsþjónustu í almannaðágu að svo miklu leyti sem slík fjármögnun er veitt útvarpsfélögum til að uppfylla þær kröfur um opinbera þjónustu sem til þeirra eru gerðar og hafa verið skilgreindar og skipulagðar af hverju aðildarríki, og að svo miklu leyti sem slík fjármögnun hefur ekki áhrif á viðskiptakjör og samkeppni í Sambandinu að því marki að stríði gegn sameiginlegum hagsmunum, þó þannig að tekið sé tillit til kvaða um að veita þessa opinberu þjónustu.

---

## BÓKUN 30

**UM BEITINGU SÁTTMÁLA EVRÓPUSAMBANDSINS UM GRUNDVALLARRÉTTINDI  
GAGNVART PÓLLANDI OG BRESKA KONUNGSRÍKINU**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ í 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið viðurkennir Sambandið þau réttindi, frelsi og meginreglur sem kveðið er á um í sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ sáttmálanum skal beitt í fullu samræmi við ákvæði fyrrnefndrar 6. gr. og VII. bálks í sjálfum sáttmálanum,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ samkvæmt fyrrnefndri 6. gr. skulu dómstólar í Póllandi og Breska konungsríkinu beita sáttmálanum og túlka hann í fullu samræmi við skýringarnar sem um getur í þeirri grein,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ í sáttmálanum er hvort tveggja kveðið á um réttindi og meginreglur,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ í sáttmálanum er bæði að finna ákvæði borgaralegs og stjórnmalalegs eðlis og ákvæði efnahagslegs og félagslegs eðlis,

AÐ TEKNU TILLITI TIL ÞESS AÐ í sáttmálanum eru áréttuð þau réttindi, það frelsi og þær meginreglur sem Evrópusambandið viðurkennir, og þessi réttindi gerð sýnilegri án þess að skapa ný réttindi eða meginreglur,

SEM HAFU HUGFASTAR skyldur Póllands og Breska konungsríkisins samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og lögum Sambandsins almennt,

SEM VEITA ATHYGLI vilja Póllands og Breska konungsríkisins til að skýra vissa þætti í beitingu sáttmálans,

SEM HAFU HUG Á, af þeim sökum, að skýra beitingu sáttmálans með tilliti til laga og stjórnsýslufyrirmæla Póllands og Breska konungsríkisins og að hve miklu leyti hægt er að byggja á honum í Póllandi og Breska konungsríkinu,

SEM ÁRÉTTA að tilvísanir í þessari bókun til framkvæmdar á sértækum ákvæðum sáttmálans hafa engin áhrif á framkvæmd annarra ákvæða sáttmálans,

SEM ÁRÉTTA að þessi bókun hefur ekki áhrif á beitingu sáttmálans gagnvart öðrum ríkjum,

SEM ÁRÉTTA að þessi bókun hefur ekki áhrif á aðrar skyldur Póllands og Breska konungsríkisins samkvæmt sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og lögum Sambandsins almennt,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

1. Sáttmálinn veitir hvorki Dómstóli Evrópusambandsins né neinum öðrum dómstóli eða úrskurðaraðila í Póllandi eða Breska konungsríkinu aukið úrlausnarvald um það hvort lög og stjórnsýslufyrirmæli, venjur eða aðgerðir Póllands eða Breska konungsríkisins samrýmist þeim grundvallarréttindum, því frelsi og þeim meginreglum sem hann áréttar.

2. Einkum, og til að taka af öll tvímæli, er ekkert í IV. bálki sáttmálans sem skapar lagaleg réttindi sem gilda í Póllandi eða Breska konungsríkinu, nema að því marki sem Pólland eða Breska konungsríkið hefur veitt slík réttindi í landslögum sínum.

*2. gr.*

Að því marki sem ákvæði sáttmálans vísa til landslaga og venja gilda þau aðeins um Pólland eða Breska konungsríkið að því leyti sem þau réttindi og meginreglur, sem hann hefur að geyma, eru viðurkennd í lögum og venjum Póllands eða Breska konungsríkisins.

---

## BÓKUN 31

**UM INNFLUTNING TIL EVRÓPUSAMBANDSINS Á JARÐOLÍUAFURÐUM SEM ERU  
HREINSAÐAR Á HOLLENSKU ANTILLUM**

HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA HUG Á að kveða nánar á um það viðskiptakerfi sem notað er við innflutning til Evrópusambandsins á jarðolíuafurðum sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

Bókun þessi gildir um jarðolíuafurðir sem falla undir vöruliði nr. 27.10, 27.11, 27.12, úr 27.13 (paraffínvax, jarðolíuvax eða vax úr olíuleirsteini og leifar úr paraffíni) og 27.14 í Brussel-tollnafnaskránni og eru fluttar inn til notkunar í aðildarríkjunum.

*2. gr.*

Aðildarríkin skuldbinda sig til að láta jarðolíuafurðir, sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum, njóta þeirra tollfríðinda sem leiðir af tengslum þess lands við Sambandið, með þeim skilyrðum sem kveðið er á um í þessari bókun. Ákvæði þessi gilda án tillits til þess hvaða upprunareglum aðildarríkin beita.

*3. gr.*

1. Komist framkvæmdastjórnin að raun um, að beiðni aðildarríkis eða að eigin frumkvæði, að innflutningur til Sambandsins á jarðolíuafurðum, sem hreinsaðar eru á Hollensku Antillum, samkvæmt því kerfi sem kveðið er á um í 2. gr. hér að framan, veldur raunverulegum erfiðleikum á markaði eins aðildarríkis eða fleiri skal hún mæla fyrir um að hlutaðeigandi aðildarríkjum beri að innleiða, hækka eða endurinnleiða toll á umræddan innflutning, í þeim mæli og svo lengi sem kann að vera nauðsynlegt til að takast á við það ástand. Tollar, sem þannig eru innleiddir, hækkaðir eða endurinnleiddir, mega ekki vera hærri en tollar sem lagðir eru á sömu framleiðsluvörur gagnvart þriðju löndum.

2. Ákvæðum 1. mgr. má þó alltaf beita þegar innflutningur til Sambandsins á jarðolíuafurðum, sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum, hefur náð tveimur milljónum tonna á ári.

3. Tilkynna skal ráðinu um ákvarðanir framkvæmdastjórnarinnar í samræmi við 1. og 2. mgr., þ.m.t. ákvarðanir um að hafna beiðni aðildarríkis. Ráðið getur, að beiðni hvaða aðildarríkis sem er, fjallað um ákvarðanirnar og er heimilt að breyta þeim eða afturkalla hvenær sem er.

4. gr.

1. Telji aðildarríki að innflutningur jarðolíuafurða, sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum, annaðhvort beint eða um annað aðildarríki samkvæmt kerfinu sem kveðið er á um í 2. gr. hér að framan, valdi raunverulegum erfiðleikum á markaði þess og að grípa þurfi til tafarlausra aðgerða til að takast á við þá getur það ákveðið, að eigin frumkvæði, að leggja tolla á slíkan innflutning sem mega þó ekki vera hærri en tollar sem lagðir eru á sömu framleiðsluvörur gagnvart þriðju löndum. Ríkið skal tilkynna framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína og skal það ákveða innan eins mánaðar hvort þeim ráðstöfunum, sem ríkið hefur gripið til, skuli viðhaldið, breytt eða þær felldar niður. Ákvæði 3. mgr. 3. gr. gilda um slíka ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.

2. Ef það magn jarðolíuafurða sem er hreinsað á Hollensku Antillum og er flutt inn til aðildarríkis eða aðildarríkja Evrópusambandsins, annaðhvort beint eða um annað aðildarríki samkvæmt kerfinu sem kveðið er á um í 2. gr. hér að framan, fer á almanaksárinu yfir tonnafjöldann, sem er birtur í viðaukanum við þessa bókun, skulu þær ráðstafanir, sem það eða þau aðildarríki gera á yfirstandandi ári í samræmi við 1. mgr., teljast réttlætanager; framkvæmdastjórnin skal, eftir að hafa fullvissað sig um að þeim tonnafjölda hafi verið náð, skrá með formlegum hætti þær ráðstafanir sem hafa verið gerðar. Í því tilviki skulu hin aðildarríkin láta það ógert að leggja málið formlega fyrir ráðið.

5. gr.

Ákveði Sambandið að beita magntakmörkunum gagnvart jarðolíuafurðum, án tillits til þess hvaðan þær eru fluttar inn, er einnig heimilt að beita takmörkunum gagnvart innflutningi slíkra afurða frá Hollensku Antillum. Í því tilviki skal veita Hollensku Antillum sömu fríðindameðferð og þriðju löndum.

6. gr.

1. Ráðið skal með einróma ákvörðun, að höfðu samráði við Evrópuþingið og framkvæmdastjórnina, endurskoða 2.–5. gr. þegar sameiginleg skilgreining á uppruna jarðolíuafurða frá þriðju löndum og samstarfslöndum er samþykkt eða ákvarðanir eru teknar á grundvelli sameiginlegrar viðskiptastefnu fyrir umræddar framleiðsluvörur eða þegar sameiginleg stefna í orkumálum er ákveðin.

2. Hvað sem öðru líður skulu Hollensku Antillur engu að síður halda, á viðeigandi formi, sambærilegum fríðindum við slíka endurskoðun fyrir tvær og hálf milljón tonna af jarðolíuafurðum hið minnsta.

3. Heimilt er, ef þörf krefur, að sundurliða skuldbindingar Evrópusambandsins um sambærileg fríðindi, sem um getur í 2. mgr. þessarar greinar, eftir löndum með hliðsjón af þeim tonnafjölda sem er tilgreindur í viðaukanum við þessa bókun.

## 7. gr.

Við framkvæmd þessarar bókunar ber framkvæmdastjórninni að fylgja því mynstri sem fyrir hendi er varðandi innflutning á jarðolíuafurðum, sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum, til aðildarríkjanna. Aðildarríkin skulu senda, eftir þeim stjórnsýsluleiðum sem framkvæmdastjórnin mælir með, allar gagnlegar upplýsingar í þessu tilliti til framkvæmdastjórnarinnar sem skal sjá um að miðla þeim.

---

 VIÐAUKI VIÐ BÓKUNINA

Hinir háu samningsaðilar hafa, með tilliti til framkvæmdar 2. mgr. 4. gr. bókunar um innflutning til Evrópusambandsins á jarðolíuafurðum sem eru hreinsaðar á Hollensku Antillum, ákveðið að magnið, sem er tvær milljónir tonna af jarðolíuafurðum frá Antillum, skuli skiptast á milli aðildarríkjanna sem hér segir:

|   |                |
|---|----------------|
| Þýskaland .....                             | 625 000 tonn   |
| Efnahagssamband Belgíu og Lúxemborgar ..... | 200 000 tonn   |
| Frakkland .....                             | 75 000 tonn    |
| Ítalía .....                                | 100 000 tonn   |
| Holland .....                               | 1 000 000 tonn |

---

## BÓKUN 32

## UM ÖFLUN EIGNA Í DANMÖRKU

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFU HUG Á að leysa tiltekin vandamál er varða Danmörku,

HAFU ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Danmörk getur haldið gildandi löggjöf um öflun annars heimilis þrátt fyrir ákvæði sáttmálanna.

---



## BÓKUN 33

**UM 157. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skal fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

Við beitingu 157. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins skulu bætur samkvæmt almannatryggingakerfi einstakra starfsgreina ekki teljast vera tekjur ef og að svo miklu leyti sem unnt er að rekja þær til starfstímabila fyrir 17. maí 1990, nema um sé að ræða launþega eða aðstandendur þeirra sem eru réttshafar sem hafa hafið málsókn fyrir þann dag eða lagt fram jafngilda kröfu í samræmi við gildandi landslög.

---

## BÓKUN 34

## UM SÉRSTAKT FYRIRKOMULAG VEGNA GRÆNLANDS

*Stök grein*

1. Meðferð við innflutning til Sambandsins á framleiðsluvörum, sem eru upprunnar á Grænlandi og falla undir sameiginlegt markaðskerfi fyrir fiskafurðir, skal jafnframt því að fylgja kerfi innri markaðarins fela í sér undanþágur frá innflutningstollum og gjöldum sem hafa samsvarandi áhrif og frá magntakmörkunum eða ráðstöfunum sem hafa samsvarandi áhrif ef möguleikar Sambandsins að því er varðar aðgang að fiskimiðum Grænlands, samkvæmt samningi milli Sambandsins og stjórnvalda sem fara með málefni Grænlands, eru fullnægjandi að mati Sambandsins.
  2. Allar ráðstafanir, sem varða fyrirkomulag innflutnings á slíkum afurðum, þ.m.t. þær sem varða samþykkt á þess konar ráðstöfunum, skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 43. gr. stofnsáttmála Evrópusambandsins.
-

## BÓKUN 35

**UM GR. 40.3.3 Í STJÓRNARSKRÁ ÍRLANDS**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

HAFI ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skal fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

Ekkert í sáttmálunum, í stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu eða í sáttmálum eða gerðum, sem breyta þeim sáttmálum eða bæta við þá, skal hafa áhrif á beitingu gr. 40.3.3 í stjórnarskrá Írlands.

---

## BÓKUN 36

**UM UMBREYTINGARÁKVÆÐI**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM TAKA TILLIT TIL ÞESS AÐ nauðsynlegt er að mæla fyrir um umbreytingarákvæði vegna skipulagningar umskiptanna frá ákvæðum sáttmálanna um stofnanir, sem giltu fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans, til ákvæðanna í þeim sáttmála,

HAFNA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið, sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu:

*1. gr.*

Í þessari bókun er með hugtakinu „sáttmálarnir“ átt við sáttmálann um Evrópusambandið, sáttmálann um starfshætti Evrópusambandsins og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu.

## I. BÁLKUR

**ÁKVÆÐI UM EVRÓPUÞINGIÐ**

*2. gr.*

Í samræmi við aðra undirgrein 2. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skal leiðtogaráðið samþykkja ákvörðun þar sem skipan Evrópuþingsins er ákvörðuð tímanlega áður en kosið er til Evrópuþings 2009.

Til loka þingtímabilsins 2004–2009 skal skipan Evrópuþingsins og fjöldi kjörinna fulltrúa til þess vera sá sami og á gildistöku Lissabonsáttmálans.

## II. BÁLKUR

**ÁKVÆÐI UM AUKINN MEIRIHLUTA**

*3. gr.*

1. Í samræmi við 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið skulu ákvæði þeirrar málsgreinar og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem varða skilgreiningu á auknum meirihluta í leiðtogaráðinu og ráðinu, öðlast gildi 1. nóvember 2014.

2. Þegar samþykkja á ákvörðun með auknum meirihluta, á tímabilinu frá 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017, getur fulltrúi í ráðinu farið fram á að hún verði samþykkt í samræmi við aukinn meirihluta eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. Í því tilviki gilda ákvæði 3. og 4. mgr.

3. Eftirfarandi ákvæði gilda til 31. október 2014, sbr. þó aðra undirgrein 1. mgr. 235. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Ef aukins meirihluta er krafist við ákvarðanir leiðtoga ráðsins og ráðsins skulu atkvæðin vega sem hér segir:

|           |    |                     |    |
|-----------|----|---------------------|----|
| Belgía    | 12 | Lúxemborg           | 4  |
| Búlgarí   | 10 | Ungverjaland        | 12 |
| Tékkland  | 12 | Malta               | 3  |
| Danmörk   | 7  | Holland             | 13 |
| Þýskaland | 29 | Austurríki          | 10 |
| Eistland  | 4  | Pólland             | 27 |
| Írland 7  |    | Portúgal            | 12 |
| Grikkland | 12 | Rúmenía             | 14 |
| Spánn     | 27 | Slóvenía            | 4  |
| Frakkland | 29 | Slóvakía            | 7  |
| Ítalía    | 29 | Finnland            | 7  |
| Kýpur     | 4  | Svíþjóð             | 10 |
| Lettland  | 4  | Breska konungsríkið | 29 |
| Litháen   | 7  |                     |    |

Ákvarðanir skulu samþykktar með minnst 255 greiddum atkvæðum sem svarar til meirihluta fulltrúa ef sáttmálarnir kveða á um að þær skuli samþykktar að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar. Ákvarðanir skulu, í öðrum tilvikum, teljast samþykktar með minnst 255 atkvæðum og skulu a.m.k. tveir þriðju hlutar fulltrúanna greiða atkvæði.

Þegar leiðtogaráðið eða ráðið samþykkir ákvörðun með auknum meirihluta getur fulltrúi í leiðtogaráðinu eða ráðinu farið fram á athugun á því hvort aðildarríkin, sem mynda aukinn meirihluta, séu fulltrúar a.m.k. 62% heildaríbúafjölda Sambandsins. Ef svo reynist ekki vera skal ákvörðunin ekki samþykkt.

4. Í þeim tilvikum, samkvæmt sáttmálunum, þegar þeir sem eiga sæti í ráðinu taka ekki allir þátt í atkvæðagreiðslu, nánar tiltekið í þeim tilvikum þar sem vísað er til aukins meirihluta eins og hann er skilgreindur í 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skal skilgreina aukinn meirihluta, til 31. október 2014, sem sama hlutfall veginna atkvæða og sama hlutfall fjölda þeirra sem eiga sæti í ráðinu og, ef við á, sama hundraðshluta íbúafjölda hlutaðeigandi aðildarríkja og mælt er fyrir um í 3. mgr. þessarar greinar.

### III. BÁLKUR

#### ÁKVÆÐI UM SAMSETNINGAR RÁÐSINS

##### 4. gr.

Þar til ákvörðunin, sem um getur í fyrstu undirgrein 6. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, öðlast gildi er ráðinu heimilt að koma saman í þeim samsetningum sem mælt er fyrir um í annarri og þriðju undirgrein þeirrar málsgreinar, sem og í öðrum þeim samsetningum er fram koma í skrá sem fastsett er með ákvörðun almenna ráðsins sem tekin er með einföldum meirihluta.

## IV. BÁLKUR

**ÁKVÆÐI UM FRAMKVÆMDASTJÓRNINA, Þ.M.T. ÆÐSTA TALSMANN STEFNU SAMBANDSINS Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM**

## 5. gr.

Þeir framkvæmdastjórar, sem gegna embætti á gildistökudegi Lissabonsáttmálans, skulu gegna því áfram þar til skipunartíma þeirra lýkur. Þó lýkur skipunartíma þess framkvæmdastjóra, sem er af sama þjóðerni og æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, á þeim degi þegar talsmaðurinn er skipaður.

## V. BÁLKUR

**ÁKVÆÐI UM AÐALFRAMKVÆMDASTJÓRA RÁÐSINS, ÆÐSTA TALSMANN STEFNU SAMBANDSINS Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM OG AÐSTOÐARFRAMKVÆMDASTJÓRA RÁÐSINS**

## 6. gr.

Skipunartíma aðalframkvæmdastjóra ráðsins, æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og aðstoðarframkvæmdastjóra ráðsins skal ljúka á gildistökudegi Lissabonsáttmálans. Ráðið skal skipa aðalframkvæmdastjóra í samræmi við 2. mgr. 240. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

## VI. BÁLKUR

**ÁKVÆÐI UM RÁÐGJAFARNEFNDR**

## 7. gr.

Þar til ákvörðunin, sem um getur í 301. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi skal skipting fulltrúa efnahags- og félagsmálanefndarinnar vera sem hér segir:

|           |    |              |    |
|-----------|----|--------------|----|
| Belgía    | 12 | Spánn        | 21 |
| Búlgarí   | 12 | Frakkland    | 24 |
| Tékkland  | 12 | Ítalía       | 24 |
| Danmörk   | 9  | Kýpur        | 6  |
| Þýskaland | 24 | Lettland     | 7  |
| Eistland  | 7  | Litháen      | 9  |
| Írland    | 9  | Lúxemborg    | 6  |
| Grikkland | 12 | Ungverjaland | 12 |

|            |    |                     |    |
|------------|----|---------------------|----|
| Malta      | 5  | Slóvenía            | 7  |
| Holland    | 12 | Slóvakía            | 9  |
| Austurríki | 12 | Finnland            | 9  |
| Pólland    | 21 | Svíþjóð             | 12 |
| Portúgal   | 12 | Breska konungsríkið | 24 |
| Rúmenía    | 15 |                     |    |

## 8. gr.

Þar til ákvörðunin, sem um getur í 305. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, öðlast gildi skal skipting fulltrúa svæðanefndarinnar vera sem hér segir:

|           |    |                     |    |
|-----------|----|---------------------|----|
| Belgía    | 12 | Ungverjaland        | 12 |
| Búlgaría  | 12 | Malta               | 5  |
| Tékkland  | 12 | Holland             | 12 |
| Danmörk   | 9  | Austurríki          | 12 |
| Þýskaland | 24 | Pólland             | 21 |
| Eistland  | 7  | Portúgal            | 12 |
| Írland    | 9  | Rúmenía             | 15 |
| Grikkland | 12 | Slóvenía            | 7  |
| Spánn     | 21 | Slóvakía            | 9  |
| Frakkland | 24 | Finnland            | 9  |
| Ítalía    | 24 | Svíþjóð             | 12 |
| Kýpur     | 6  | Breska konungsríkið | 24 |
| Lettland  | 7  |                     |    |
| Litháen   | 9  |                     |    |
| Lúxemborg | 6  |                     |    |

## VII. BÁLKUR

**UMBREYTINGARÁKVÆÐI UM GERÐIR SEM ERU SAMÞYKKTAR Á GRUNDEVILLI V. OG VI. BÁLKS SÁTTMÁLANS UM EVRÓPUSAMBANDIÐ FYRIR GILDISTÖKU LISSABONSÁTTMÁLANS**

## 9. gr.

Réttaráhrif gerða stofnana, aðila, skrifstofa og sérstofnana Sambandsins, sem eru samþykktar á grundvelli sáttmálans um Evrópusambandið fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans, skulu haldast þar til þessar gerðir eru felldar úr gildi, ógildar eða þeim er breytt við framkvæmd á sáttmálunum. Það sama gildir um samninga sem aðildarríkin gera sín á milli á grundvelli sáttmálans um Evrópusambandið.

## 10. gr.

1. Sem umbreytingarráðstöfun og með tilliti til gerða Sambandsins á sviði lögreglusamstarfs og dómsmálasamstarfs í sakamálum, sem voru samþykktar fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans, skulu heimildir stofnananna vera sem hér segir á gildistökuþegi þess sáttmála: heimildir framkvæmdastjórnarinnar, skv. 258. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skulu ekki gilda en heimildir Dómstóls Evrópusambandsins, skv. VI. bálki sáttmálans

um Evrópusambandið, í þeirri útgáfu sem var í gildi fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans, skulu vera óbreyttar, þ.m.t. þær sem voru samþykktar skv. 2. mgr. 35. gr. fyrirnefnds sáttmála um Evrópusambandið.

2. Breyting á gerð, sem um getur í 1. mgr., felur í sér að beita má heimildum stofnananna, sem um getur í þeirri málsgrein, eins og kveðið er á um í sáttmálunum að því er varðar breyttu gerðina vegna þeirra aðildarríkja sem sú gerð gildir um.

3. Í öllum tilvikum skal umbreytingarráðstöfunin, sem um getur í 1. mgr., falla úr gildi fimm árum eftir gildistökudag Lissabonsáttmálans.

4. Eigi síðar en sex mánuðum áður en umbreytingartímabilinu, sem um getur í 3. mgr., lýkur getur Breska konungsríkið tilkynnt ráðinu að það samþykki ekki, að því er varðar gerðirnar sem um getur í 1. mgr., heimildir stofnananna sem um getur í 1. mgr., eins og kveðið er á um í sáttmálunum. Í því tilviki að Breska konungsríkið hafi sent frá sér slíka tilkynningu skulu allar gerðir, sem um getur í 1. mgr., hætta að taka til þess ríkis frá og með lokum umbreytingartímabilsins sem um getur í 3. mgr. Þessi undirgrein gildir ekki að því er varðar breyttar gerðir, sem gilda um Breska konungsríkið, eins og um getur í 2. mgr.

Ráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar um nauðsynlegar fylgiráðstafanir og umbreytingarráðstafanir. Breska konungsríkið skal ekki taka þátt í samþykkt þessarar ákvörðunar. Skilgreina skal aukinn meirihluta ráðsins í samræmi við a-lið 3. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Ráðinu er einnig heimilt að samþykkja með auknum meirihluta að fenginni tillögu framkvæmdastjórnarinnar ákvörðun um að Breska konungsríkið skuli taka á sig beinar fjárhagslegar afleiðingar, ef um þær er að ræða, sem óhjákvæmilega og óumflýjanlega leiðir af því að það tekur ekki lengur þátt í þessum gerðum.

5. Breska konungsríkið getur, hvenær sem er eftir á, tilkynnt ráðinu um þá ósk sína að taka þátt í gerðum sem ekki gilda lengur um það samkvæmt fyrstu undirgrein 4. mgr. Í því tilviki gilda viðeigandi ákvæði bókunarinnar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins eða bókunarinnar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, eftir því sem við á. Heimildir stofnananna að því er varðar þær gerðir skulu vera þær sem kveðið er á um í sáttmálunum. Stofnanir Sambandsins og Breska konungsríkið skulu, þegar starfað er samkvæmt viðkomandi bókunum, leitast við að koma aftur á sem víðtækastri þátttöku Breska konungsríkisins í réttarreglum Sambandsins á svæði frelsis, öryggis og réttlætis án þess að það hafi alvarleg áhrif á hve raunsætt er að hrinda hinum ýmsu hlutum þeirra í framkvæmd en virða jafnframt samfellu þeirra.



## BÓKUN 37

**UM FJÁRHAGSLEGAR AFLEIÐINGAR ÞESS AÐ SÁTTMÁLINN UM KOLA- OG STÁLBANDALAG EVRÓPU RENNUR ÚR GILDI OG UM RANNSÓKNASJÓÐ FYRIR KOLA- OG STÁLIÐNAÐINN**

HINIR HÁU SAMNINGSADILAR,

SEM HAFA HUGFAST að allar eignir og skuldir Kola- og stálbandalags Evrópu, eins og þær stóðu 23. júlí 2002, voru yfirfærðar til Evrópubandalagsins 24. júlí 2002,

SEM TAKA MIÐ AF því að vilji er til þess að nota þessa fjármuni til rannsókna í atvinnugreinum sem tengjast kola- og stáliðnaðinum og því er nauðsynlegt að kveða á um tilteknar sérreglur í því skyni,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins:

*1. gr.*

1. Hreinar eignir umfram skuldir, eins og þær koma fram á efnahagsreikningi Kola- og stálbandalags Evrópu frá 23. júlí 2002, með fyrirvara um hækkun eða lækkun sem kann að leiða af slitameðferð, skulu teljast eignir sem verja á til rannsókna í þeim atvinnugreinum sem tengjast kola- og stáliðnaði, sem nefnist „Kola- og stálbandalag Evrópu í slitameðferð“. Þegar slitum er lokið skulu þær nefnast „eignir Rannsóknasjóðs fyrir kola- og stáliðnaðinn“.

2. Tekjum af þessum eignum, sem nefnast „Rannsóknasjóður fyrir kola- og stáliðnaðinn“, skal eingöngu varið til rannsókna í atvinnugreinum sem tengjast kola- og stáliðnaðinum sem falla ekki undir rammaáætlunina um rannsóknir, í samræmi við ákvæði þessarar bókunar og gerðir sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

*2. gr.*

Ráðið skal, í samræmi við sérstaka lagasetningarmedferð og að fengnu samþykki Evrópupingsins, samþykkja öll nauðsynleg ákvæði til framkvæmdar þessari bókun, þ.m.t. grundvallarreglur.

Ráðið skal, að tillögu framkvæmdastjórnarinnar og að höfðu samráði við Evrópupingið, samþykkja ráðstafanir sem koma á fjárhagslegum viðmiðunarreglum til margra ára um stýringu eigna Rannsóknasjóðsins fyrir kola- og stáliðnaðinn og tæknilegum viðmiðunarreglum fyrir rannsóknaráætlun Rannsóknasjóðs fyrir kola- og stáliðnaðinn.

*3. gr.*

Ákvæði sáttmálanna gilda nema kveðið sé á um annað í þessari bókun og þeim gerðum sem samþykktar eru á grundvelli hennar.

---

**VIÐAUKAR**



## I. VIÐAUKI

SKRÁ SEM UM GETUR Í 38. GR. SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI  
EVROPUSAMBANDSINS

| (1)<br>Númer í<br>Brussel-tollnafnaskránni | (2)<br>Vörulýsing  |
|--|--|
| 1. kafli                                   | Lifandi dýr  |
| 2. kafli                                   | Kjöt og ætir hlutar af dýrum   |
| 3. kafli                                   | Fiskur, krabbadýr og lindýr  |
| 4. kafli                                   | Mjólkurafurðir; fuglaegg; náttúrlegt hunang  |
| 5. kafli                                   |  |
| 05.04                                      | Þarmar, blöðrur og magar úr dýrum (þó ekki úr fiski), heilt og í stykkjum  |
| 05.15                                      | Vörur úr dýraríkinu, ót.a.; dauð dýr í 1. eða 3. kafla, óhæf til manneldis   |
| 6. kafli                                   | Lifandi tré og aðrar plöntur; blómlaukar, rætur og þess háttar; afskorin blóm og lauf til skrauts                            |
| 7. kafli                                   | Matjurtir og tiltekna rætur og hnýði   |
| 8. kafli                                   | Ætir ávextir og hnetur; hýði af melónum eða sítrusávöxtum  |
| 9. kafli                                   | Kaffi, te og krydd, þó ekki maté (í nr. 09.03)   |
| 10. kafli                                  | Korn   |
| 11. kafli                                  | Malaðar vörur; malt og sterkja; glúten; inúlín   |
| 12. kafli                                  | Olíufræ og olíurík aldin; ýmiss konar sáðkorn, fræ og aldin; plöntur til notkunar í iðnaði og til lyfja; hálmur og fóður     |
| 13. kafli                                  |  |
| úr 13.03                                   | Pektín   |
| 15. kafli                                  |  |
| 15.01                                      | Svínafeiti („lard“) og önnur brædd svínafeiti; brædd alifuglafita  |
| 15.02                                      | Óbrædd fita af dýrum af nautgripaætt, kindum eða geitum; tólg (þ.m.t. eðalfita („premier jus“)) úr þessari fitu              |
| 15.03                                      | Svínafeitisterín, oleósterín og tólgarsterín; svínaolía, oleóolía og tólgarolía, ekki gert að fleyti, eða unnið á annan hátt |
| 15.04                                      | Feiti og olía, úr fiski eða sjávarspendýrum, einnig hreinsuð   |
| 15.07                                      | Órokgjörn matjurtaolía, fljótandi eða föst, hreinsuð   |
| 15.12                                      | Dýra- eða jurtafeiti og -olía, hert, einnig hreinsuð, en ekki frekar unnin   |

| (1)<br>Númer í Brussel-<br>tollnafnaskránni | (2)<br>Vörulýsing   |
|---|---|
| 15.13                                       | Smjörlíki, svínafeitilíki og önnur unnin matarfeiti   |
| 15.17                                       | Leifar sem falla til við meðhöndlun á fituefnum eða vaxi úr dýrum eða plöntum   |
| 16. kafli                                   | Framleiðsla úr kjöti, fiski, krabbadýrum eða lindýrum   |
| 17. kafli                                   |   |
| 17.01                                       | Rófusykur og reysrykur, í föstu formi   |
| 17.02                                       | Annar sykur; sykursíróp; gervihunang (einnig blandað náttúrlegu hunangi); karamel   |
| 17.03                                       | Melassi, einnig aflitaður   |
| 17.05 (*)                                   | Sykur, síróp og melassi sem bragð- eða litarefni hafa verið látin í (þ.m.t. vanillusykur eða vanillín), þó ekki ávaxtasafi sem sykur hefur verið látinn í að einhverju leyti  |
| 18. kafli                                   |   |
| 18.01                                       | Kakaóbaunir, heilar eða muldar, hráar eða brenndar  |
| 18.02                                       | Kakaóskurn, kakaóhýði, kakaóskæni og kakaóúrgangur  |
| 20. kafli                                   | Framleiðsla úr matjurtum, ávöxtum eða öðrum plöntuhlutum  |
| 22. kafli                                   |   |
| 22.04                                       | Þrúguþykkni, í gerjun eða þar sem gerjun er stöðvuð með öðrum hætti en íblöndun alkóhóls  |
| 22.05                                       | Vín úr nýjum þrúgum; þrúguþykkni sem gerjun hefur verið stöðvuð í með íblöndun alkóhóls   |
| 22.07                                       | Aðrar gerjaðar drykkjarvörur (t.d. eplavín, peruvín, mjöður)  |
| úr 22.08 (*) úr 22.09 (*)                   | Etanól eða hreinn vínandi, einnig mengaður, að hvaða styrkleika sem er, unninn úr landbúnaðarafurðum sem eru skráðar í I. viðauka, þó ekki líkjörar eða aðrir áfengir drykkir eða áfengisblöndur (kallað „vatnssneyddir kjarnar“) til framleiðslu á drykkjarvörum |
| 22.10 (*)                                   | Edik og edikslíki   |
| 23. kafli                                   | Leifar og úrgangur frá matvælaframleiðslu; unnið skepnufóður  |
| 24. kafli                                   |   |
| 24.01                                       | Óunnið tóbak, tóbaksúrgangur  |
| 45. kafli                                   |   |
| 45.01                                       | Náttúrlegur korkur, óunninn, mulinn, kurlaður eða malaður korkur; korkúrgangur  |

| (1)<br>Númer í Brussel-<br>tollnafnaskránni | (2)<br>Vörulýsing  |
|---|--|
| 54. kafli                                   |  |
| 54.01                                       | Hör óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hörruddi og hörúrgangur (þ.m.t. teygð eða tætt snifsi)                                     |
| 57. kafli                                   |  |
| 57.01                                       | Hampur (cannabis sativa), óunninn eða forunninn en ekki spunninn; hampruddi og hampurúrgangur (þ.m.t. teygð eða tætt snifsi eða reipi) |

(\*) Færsla sem bætt var við með 1. gr. reglugerðar ráðs Efnahagsbandalags Evrópu nr. 7a frá 18. desember 1959 (Stjtið. EB nr. 7, 30.1.1961, bls. 71/61).

*II. VIÐAUKI*

**LÖND OG YFIRRÁÐASVÆÐI HANDAN HAFSINS SEM ÁKVÆÐI FJÓRÐA  
HLUTA SÁTTMÁLANS UM STARFSHÆTTI EVRÓPUSAMBANDSINS  
GILDA UM**

- Grænland,
- Nýja-Kaledónía og hjálendur,
- Franska Pólýnesía,
- Frönsku suðlægu landsvæðin og landsvæðin í Suður-Íshafi,
- Wallis- og Fútúnaeyjar,
- Mayotte,
- Saint-Pierre og Miquelon,
- Arúba,
- Hollensku Antillur:
  - Bonaire,
  - Curaçao,
  - Saba,
  - Sankti ESTATÍUSEY,
  - Sankti Martin,
- Angvilla,
- Cayman-eyjar,
- Falklandseyjar,
- Suður-Georgía og Suður-Sandvíkureyjar,
- Montserrat,
- Pitcairn,
- Sankti Helena og hjálendur,
- Breska yfirráðasvæðið í Suður-Íshafi,
- Bresku Indlandshafseyjar,
- Turks- og Caicos-eyjar,
- Bresku Jómfrúaeyjar,
- Bermúdaeyjar.



## **YFIRLÝSINGAR**

**SEM FYLGJA MEÐ LOKAGERÐ RÍKJARÁÐSTEFNUNNAR  
ÞAR SEM LISSABONSÁTTMÁLINN VAR SAMÞYKKTUR,**

*en hann var undirritaður 13. desember 2007*



## A. YFIRLÝSINGAR SEM VARÐA ÁKVÆÐI SÁTTMÁLANNA

### 1. Yfirlýsing vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi

Sáttmáli Evrópusambandsins um grundvallarréttindi, sem hefur bindandi réttaráhrif, er staðfesting á þeim grundvallarréttindum sem eru tryggð í Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis og leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna.

Sáttmálinn rýmkar ekki gildissvið laga Sambandsins umfram valdheimildir Sambandsins, með honum er ekki stofnað til nýrra valdheimilda eða verkefna Sambandsins og hann felur ekki í sér breytingar á valdheimildum og verkefnum, eins og þau eru ákveðin í sáttmálanum.

### 2. Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 6. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Ráðstefnan er á einu máli um að aðild Sambandsins að Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis verði að haga með þeim hætti að ekki sé hróflað við sérkennum laga Sambandsins. Í þessu sambandi veitir ráðstefnan athygli þeim reglubundnu skoðanaskiptum sem eiga sér stað milli Dómstóls Evrópusambandsins og Mannréttindadómstóls Evrópu, en slík skoðanaskipti gætu eflst þegar Sambandið gerist aðili að þeim samningi.

### 3. Yfirlýsing vegna ákvæða 8. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Af hálfu Sambandsins verður tekið tillit til séraðstæðna smárikja sem eru í sérstökum tengslum við það vegna nálægðar.

### 4. Yfirlýsing varðandi skipan Evrópuþingsins

Viðbótarsætinu á Evrópuþinginu verður úthlutað Ítalíu.

### 5. Yfirlýsing varðandi pólitískan stuðning leiðtogaráðsins við drög að ákvörðun um skipan Evrópuþingsins

Leiðtogaráðið mun veita pólitískan stuðning endurskoðuðum drögum að ákvörðun um skipan Evrópuþingsins kjörtímabilið 2009–2014, sem verða byggð á tillögu Evrópuþingsins.

**6. Yfirlýsing vegna ákvæða 5. og 6. mgr. 15. gr., 6. og 7. mgr. 17. gr. og 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið**

Við val á einstaklingum til að gegna embætti forseta leiðtogaráðsins, forseta framkvæmdastjórnarinnar og æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal taka tilhlýðilegt tillit til þess að nauðsynlegt er að virða landfræðilega og lýðfræðilega fjölbreytni í Sambandinu og aðildarríkjum þess.

**7. Yfirlýsing vegna ákvæða 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir yfir að ákvörðun, sem varðar framkvæmd 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, verður samþykkt í ráðinu daginn sem Lissabonsáttmálinn er undirritaður og öðlast hún gildi á gildistökudegi þess sáttmála. Drög að ákvörðuninni fara hér á eftir:

Drög að ákvörðun ráðsins

um framkvæmd 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins frá 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017 annars vegar og frá 1. apríl 2017 hins vegar

**RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,**

*að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Samþykkja ber ákvæði sem gera kleift að skipta snurðulaust úr kerfi ákvarðanatöku með auknum meirihluta í ráðinu, eins og það er skilgreint í 3. mgr. 3. gr. bókunar um umbreytingarákvæði, sem gildir allt til 31. október 2014, yfir í atkvæðagreiðslukerfið sem kveðið er á um í 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og kemur til framkvæmda 1. nóvember 2014, að meðtöldum sértækum ákvæðum sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 3. gr. framangreindrar bókunar og gilda á umbreytingartímabili til 31. mars 2017.
- 2) Hafa ber hugfast að venja er að ráðið geri sitt ítrasta til að efla lýðræðislegan grundvöll ákvarðana sem teknar eru með auknum meirihluta.

## ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

### 1. þáttur

Ákvæði sem beita skal á tímabilinu 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017

#### 1. gr.

Ef fram koma á tímabilinu 1. nóvember 2014 til 31. mars 2017 andmæli frá þeim sem eiga sæti í ráðinu og eru fulltrúar fyrir:

- a) a.m.k. þrjá fjórðu hluta þess íbúafjölda eða
- b) a.m.k. þrjá fjórðu hluta þeirra aðildarríkja,

sem þarf til að mynda minnihluta til að stöðva framgang mála samkvæmt fyrstu undirgrein 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið eða 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gegn því að ráðið samþykki gerð með auknum meirihluta, skal ráðið taka málið til umfjöllunar.

#### 2. gr.

Þegar fjallað er um málið skal ráðið gera allt sem í valdi þess stendur til að finna, innan hæfilegs tíma og með fyrirvara um lögboðna fresti sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins, viðunandi lausn á athugunarefnum sem þeir sem eiga sæti í ráðinu bera upp og um getur í 1. gr.

#### 3. gr.

Í þessu skyni skal forseti ráðsins, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við starfsreglur ráðsins, taka frumkvæði að hverjum þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að greiða fyrir viðtækara samkomulagi í ráðinu. Þeir sem eiga sæti í ráðinu skulu veita forsetanum aðstoð.

### 2. þáttur

Ákvæði sem beita skal frá 1. apríl 2017

#### 4. gr.

Ef fram koma frá og með 1. apríl 2017 andmæli frá þeim sem eiga sæti í ráðinu og eru fulltrúar fyrir:

- a) a.m.k. 55% þess íbúafjölda eða
- b) a.m.k. 55% þeirra aðildarríkja

sem þarf til að mynda minnihluta til að stöðva framgang mála, samkvæmt fyrstu undirgrein 4. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið eða 2. mgr. 238. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, gegn því að ráðið samþykki gerð með auknum meirihluta, skal ráðið taka málið til umfjöllunar.

*5. gr.*

Þegar fjallað er um málið skal ráðið gera allt sem í þess valdi stendur til að finna, innan hæfilegs tíma og með fyrirvara um lögboðna fresti sem mælt er fyrir um í lögum Sambandsins, viðunandi lausn á athugunarefnum sem þeir sem eiga sæti í ráðinu bera upp og um getur í 4. gr.

*6. gr.*

Í þessu skyni skal forseti ráðsins, með aðstoð framkvæmdastjórnarinnar og í samræmi við starfsreglur ráðsins, taka frumkvæði að hverjum þeim verkefnum sem nauðsynleg eru til að greiða fyrir víðtækara samkomulagi í ráðinu. Þeir sem eiga sæti í ráðinu skulu veita forsetanum aðstoð.

*3. þáttur*

Gildistaka

*7. gr.*

Þessi ákvörðun öðlast gildi á gildistökuþegi Lissabonsáttmálans.

**8. Yfirlýsing varðandi hagnýtar ráðstafanir sem skal gera þegar Lissabonsáttmálinn öðlast gildi að því er varðar formennsku í leiðtogaráðinu og utanríkismálaráðinu**

Fari svo að Lissabonsáttmálinn öðlist gildi eftir 1. janúar 2009 beinir ráðstefnan því til lögbærra yfirvalda aðildarríkisins, sem fer með sex mánaða formennsku ráðsins á þeim tíma, annars vegar, og kjörins forseta leiðtogaráðsins og skipaðs æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, hins vegar, að gerðar verði, í samráði við ríkið sem fer með formennsku næstu sex mánuði á eftir, þær sértæku ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til að yfirfærsla formennsku í leiðtogaráðinu og utanríkismálaráðinu geti átt sér stað efnislega og skipulagslega með skilvirkum hætti.

## 9. Yfirlýsing vegna ákvæða 9. mgr. 16 gr. sáttmálans um Evrópusambandið að því er varðar ákvörðun leiðtogaráðsins um hvernig fara skuli með formennsku í ráðinu

Ráðstefnan lýsir yfir að ráðið skuli hefja undirbúning að ákvörðun um reglur um framkvæmd ákvörðunarinnar um hvernig fara skuli með formennsku í ráðinu um leið og Lissabonsáttmálinn er undirritaður og veita henni pólitískt samþykki innan sex mánaða. Drög að ákvörðun leiðtogaráðsins, sem verður samþykkt á gildistökuþingi fyrrnefnds sáttmála, fer hér á eftir:

Drög að ákvörðun leiðtogaráðsins um hvernig fara skuli með formennsku í ráðinu

### 1. gr.

1. Fyrir fram ákveðnir hópar þriggja aðildarríkja skulu gegna formennsku í ráðinu, að undanskilinni þeirri samsetningu sem fer með utanríkismál, í 18 mánuði. Hóparnir skulu skipaðir fulltrúum aðildarríkjanna til skiptis á jafnræðisgrundvelli, að teknu tilliti til þess hversu ólík þau eru svo og jafnvægis milli landsvæða innan Sambandsins.

2. Þeir sem tilheyra hópnum skulu skiptast á um að gegna formennsku, hver um sig í sex mánuði, í öllum samsetningum ráðsins, að undanskilinni þeirri sem fer með utanríkismál. Aðrir í hópnum skulu aðstoða formanninn við hvers konar skyldustörf á grundvelli sameiginlegrar áætlunar. Þeim sem tilheyra hópnum er heimilt að ákveða annað fyrirkomulag sín á milli.

### 2. gr.

Fulltrúi þess aðildarríkis, sem fer fyrir almenna ráðinu, skal gegna formennsku í nefnd fastafulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna.

Æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum skal gegna formennsku í stjórn mála- og öryggisnefndinni.

Sá aðili að hópnum, sem gegnir formennsku í viðkomandi samsetningu, skal vera formaður þeirra aðila sem annast undirbúning fyrir starf hinna ýmsu samsetninga ráðsins, þó ekki þeirrar sem fer með utanríkismál, nema annað sé ákveðið í samræmi við 4. gr.

### 3. gr.

Almenna ráðið skal tryggja, í samstarfi við framkvæmdastjórnina, að starf mismunandi samsetninga ráðsins sé samræmt og samfellt innan ramma áætlana til margra ára. Aðildarríkin, sem fara með formennsku, skulu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir sem varða skipulag og snurðulausa starfsemi ráðsins með aðstoð aðalskrifstofu ráðsins.

## 4. gr.

Ráðið skal samþykka ákvörðun um ráðstafanir til framkvæmdar þessari ákvörðun.

#### 10. Yfirlýsing vegna ákvæða 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Ráðstefnan telur að þegar ekki sitja lengur í framkvæmdastjórninni ríkisborgarar frá öllum aðildarríkjunum skuli framkvæmdastjórnin huga sérstaklega að þörfinni á að tryggja fullt gagnsæi í samskiptum við öll aðildarríkin. Í samræmi við þetta skal framkvæmdastjórnin hafa náði samráð við öll aðildarríkin hvort sem ríkisborgari frá þeim á sæti í framkvæmdastjórninni eða ekki og huga í því tilliti sérstaklega að þörfinni á að deila upplýsingum með öllum aðildarríkjunum og leita samráðs við þau.

Þá telur ráðstefnan að framkvæmdastjórninni beri að gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að tekið sé fullt tillit til pólitísku, félagslegs og efnahagslegs veruleika í öllum aðildarríkjunum, þ.m.t. þeim sem ekki eiga fulltrúa í framkvæmdastjórninni. Með þessum ráðstöfunum skal m.a. tryggt að tekið sé mið af stöðu þessara ríkja þegar viðeigandi skipulag er tekið upp.

#### 11. Yfirlýsing vegna ákvæða 6. og 7. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Ráðstefnan telur að í samræmi við ákvæði sáttmálanna beri Evrópuþingið og leiðtogaráðið sameiginlega ábyrgð á að ferlið, sem leiðir til kjörs forseta framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins, gangi greiðlega fyrir sig. Áður en leiðtogaráðið tekur ákvörðun munu því fulltrúar Evrópuþingsins og leiðtogaráðsins efna til nauðsynlegs samráðs innan þess ramma sem talinn er best við hæfi. Í samræmi við fyrstu undirgrein 7. mgr. 17. gr. verður í samráði þessu einkum hugað að bakgrunni þeirra sem tilnefndir eru til að gegna stöðu forseta framkvæmdastjórnarinnar að teknu tilliti til kosninganna til Evrópuþingsins. Ákveða má síðar tilhögun þessa samráðs með samhljóða samkomulagi Evrópuþingsins og leiðtogaráðsins.

#### 12. Yfirlýsing vegna ákvæða 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

1. Ráðstefnan lýsir yfir að komið verði á viðeigandi tengslum við Evrópuþingið við undirbúning tilnefningar æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, en hún mun fara fram þegar Lissabonsáttmálinn öðlast gildi, í samræmi við 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 5. gr. bókunar um umbreytingarákvæði, og skal skipunartími hans vera frá þeim degi allt til loka skipunartíma þeirrar framkvæmdastjórnar sem starfar á þeim tíma.

2. Þá hefur ráðstefnan hugfast að æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum verður skipaður í samræmi við ákvæði 17. og 18. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, en skipunartími hans hefst í nóvember 2009 samtímis og til jafnlengdar skipunartíma næstu framkvæmdastjórnar.



### 13. Yfirlýsing varðandi sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum

Ráðstefnan leggur áherslu á að þau ákvæði sáttmálans um Evrópusambandið, sem taka til sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. stofnunar embættis æðsta talsmanns stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og stofnunar utanríkisþjónustu Evrópusambandsins, hafa ekki áhrif á núverandi skyldur aðildarríkjanna, hvorki í tengslum við mótun og framfylgd utanríkisstefnu né að því er varðar fyrirvar hvers þeirra um sig í þriðju löndum og gagnvart alþjóðastofnunum.

Þá hefur ráðstefnan hugfast að ákvæðin, sem gilda um sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum, hafa ekki áhrif á sérstakt eðli stefnu aðildarríkjanna í öryggis- og varnarmálum.

Hún leggur áherslu á að Evrópusambandið og aðildarríki þess verða áfram bundin af ákvæðum sáttmála Sameinuðu þjóðanna, sérstaklega þeirri frumskyldu öryggisráðsins og þeirra ríkja, sem eiga sæti í því, að viðhalda friði og öryggi á alþjóðavettvangi.

### 14. Yfirlýsing varðandi sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum

Til viðbótar hinum sértæku reglum og þeirri sértæku málsmeðferð, sem um getur í 1. mgr. 24. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, leggur ráðstefnan áherslu á að ákvæðin um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum, þ.m.t. í tengslum við æðsta talsmann stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum og utanríkisþjónustu Evrópusambandsins, munu ekki hafa áhrif á gildandi lagagrundvöll, ábyrgð eða valdheimildir hvers aðildarríkis í tengslum við mótun og framfylgd eigin utanríkisstefnu, stjórnarereindrekstrar, samskipta við þriðju lönd og þátttöku í alþjóðastofnunum, þ.m.t. aðild aðildarríkis að öryggisráði Sameinuðu þjóðanna.

Þá veitir ráðstefnan því athygli að ákvæðin um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum veita framkvæmdastjórninni ekki nýjar valdheimildir til að taka ákvarðanir né heldur auka þau hlutverk Evrópuþingsins.

Ráðstefnan hefur einnig hugfast að ákvæðin, sem gilda um sameiginlega stefnu í öryggis- og varnarmálum, hafa ekki áhrif á sérstakt eðli stefnu aðildarríkjanna í öryggis- og varnarmálum.

### 15. Yfirlýsing vegna ákvæða 27. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Ráðstefnan lýsir yfir að jafnskjótt og Lissabonsáttmálinn verður undirritaður skuli aðalframkvæmdastjóri ráðsins, æðsti talsmaður stefnu Sambandsins í utanríkis- og öryggismálum, framkvæmdastjórnin og aðildarríkin hefja undirbúningsvinnu vegna utanríkisþjónustu Evrópusambandsins.

## 16. Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið

Ráðstefnan telur að sá möguleiki að þýða sáttmálana á tungumálin, sem um getur í 2. mgr. 55. gr., stuðli að markmiði fjórðu undirgreinar 3. mgr. 3. gr. um að virða auðinn sem er fólgin í margbreytileika menningar og tungumála í Sambandinu. Ráðstefnan staðfestir í þessu samhengi stuðning Sambandsins við menningarlegan fjölbreytileika í Evrópu og að það mun áfram huga sérstaklega að þessum tungumálum og öðrum tungumálum.

Ráðstefnan leggur til að þau aðildarríki, sem hafa hug á að notfæra sér möguleikann sem um getur í 2. mgr. 55. gr., tilkynni ráðinu innan sex mánaða frá undirritun Lissabonsáttmálans á hvaða tungumál, eitt eða fleiri, sáttmálarnir verða þýddir.

## 17. Yfirlýsing varðandi forgang

Ráðstefnan hefur hugfast að í samræmi við viðtekna dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins ganga sáttmálarnir og sú löggjöf, sem Sambandið hefur samþykkt á grundvelli sáttmálanna, frammar lögum aðildarríkjanna samkvæmt þeim skilyrðum sem tilgreind eru í fyrrnefndri dómaframkvæmd.

Ráðstefnan hefur einnig ákveðið að láta fylgja þessari lokagerð, sem viðauka, álit lögfræðipjónustu ráðsins um forgang laga Evrópubandalagsins, eins og það er sett fram í skjali 11197/07 (JUR 260):

*„Álit lögfræðipjónustu ráðsins*

*frá 22. júní 2007*

*Af dómaframkvæmd Dómstólsins leiðir að forgangur EB-löggjafar er grundvallarregla í Bandalagsrétti. Samkvæmt Dómstólnum er þessi meginregla óaðskiljanlegur þáttur í hinu sérstaka eðli Evrópubandalagsins. Þegar dómur var fyrst kveðinn upp samkvæmt þessari dómaframkvæmd (Costa gegn ENEL, 15. júlí 1964, mál 6/641 <sup>(1)</sup>) voru forgangssáhrif ekki nefnd í sáttmálanum. Þetta er óbreytt enn þann dag í dag. Enda þótt meginreglan um forgangssáhrif verði ekki felld inn í nýja sáttmálann breytir það hvorki því að meginreglan er fyrir hendi né gildandi dómaframkvæmd Dómstólsins.*

<sup>(1)</sup> „Af því leiðir (...) að sökum sérstaks eðlis réttarins, sem leiðir af sáttmálanum sem sjálfstæðri réttarheimild, gæti hann ekki vikið fyrir ákvæðum landslaga án þess að glata sérkennum sínum sem Bandalagsréttur og án þess að lagagrundvöllur Bandalagsins sjálfs væri dreginn í efa.“ “

## 18. Yfirlýsing varðandi afmörkun valdheimilda

Ráðstefnan leggur áherslu á að aðildarríkin fara með allar valdheimildir sem ekki eru veittar Sambandinu í sáttmálanum, í samræmi við kerfið sem ræður skiptingu valdheimilda milli Sambandsins og aðildarríkjanna og kveðið er á um í sáttmálanum um Evrópusambandið og sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins.

Þegar Sambandinu og aðildarríkjunum eru veittar sameiginlegar valdheimildir á tilteknu sviði í sáttmálunum skulu aðildarríkin beita valdheimildum sínum ef Sambandið hefur ekki beitt valdheimildum sínum eða ákveðið að hætta að beita þeim. Síðari aðstæðurnar koma upp þegar viðkomandi stofnanir ESB ákveða að fella úr gildi lagagerð, einkum til að tryggja betur en áður að ætíð sé farið að nálægðarreglunni og meðalhófsreglunni. Ráðið getur, að frumkvæði eins aðila að ráðinu eða fleiri (fulltrúa aðildarríkjanna) og í samræmi við 241. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, farið þess á leit að framkvæmdastjórnin leggi fram tillögur um niðurfellingu lagagerðar. Ráðstefnan fagnar þeirri yfirlýsingu framkvæmdastjórnarinnar að hún muni huga sérstaklega að slíkum beiðnum.

Jafnframt geta fulltrúar ríkisstjórna aðildarríkjanna ákveðið á ríkjaráðstefnu, í samræmi við hefðbundna málsmeðferð við endurskoðun skv. 2.–5. mgr. 48. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, að breyta sáttmálunum sem Evrópusambandið byggist á, m.a. í því skyni að auka eða draga úr valdheimildum sem Sambandinu eru veittar í fyrirnefndum sáttmálum.

#### **19. Yfirlýsing vegna ákvæða 8. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan er á einu máli um að í almennri viðleitni sinni til að koma í veg fyrir ójöfnuð milli kvenna og karla skuli Sambandið hafa það að markmiði í mismunandi stefnumálum sínum að vinna bug á hvers konar heimilisofbeldi. Aðildarríkjunum ber að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að hindra og refsa fyrir glæpsamlega háttsemi af því tagi og styðja og vernda þolendur slíks verknaðar.

#### **20. Yfirlýsing vegna ákvæða 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir yfir að þegar reglur um vernd persónuupplýsinga, sem setja ber á grundvelli 16. gr., geta haft bein áhrif á þjóðaröryggi beri að taka tilhlýðilegt tillit til þessara sérstöku aðstæðna. Hún hefur hugfast að sú löggjöf, sem nú er í gildi (sjá einkum tilskipun 95/46/EB), felur í sér sérstakar undanþágur í þessu tilliti.

#### **21. Yfirlýsing varðandi vernd persónuupplýsinga á sviði dómsmálasamstarfs í sakamálum og lögreglusamstarfs**

Ráðstefnan viðurkennir að nauðsynlegt gæti reynst að setja sértækar reglur um vernd persónuupplýsinga og frjálsa miðlun slíkra upplýsinga á sviði dómsmálasamstarfs í sakamálum og lögreglusamstarfs á grundvelli 16. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, vegna sérstaks eðlis þessara málasviða.

**22. Yfirlýsing vegna ákvæða 48. og 79. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan telur að ef drög að lagagerð á grundvelli 2. mgr. 79. gr. hefðu áhrif á mikilvæga þætti almannatryggingakerfis í aðildarríki, þ.m.t. gildissvið þess, kostnað eða fjárhagslegt skipulag eða fjárhagslegt jafnvægi kerfisins eins og það er sett fram í annarri mgr. 48. gr., yrði tilhlýðilegt tillit tekið til hagsmuna þess aðildarríkis.

**23. Yfirlýsing vegna ákvæða annarrar málsgreinar 48. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan hefur hugfast að leiðtogaráðið skal, þegar þannig stendur á, taka ákvarðanir samhljóða í samræmi við 4. mgr. 15. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

**24. Yfirlýsing varðandi réttarstöðu Evrópusambandsins sem lögaðila**

Ráðstefnan staðfestir að þótt Sambandið hafi réttarstöðu lögaðila heimilar það Sambandinu ekki á nokkurn hátt að setja löggjöf eða aðhafast umfram þær valdheimildir sem aðildarríkin veita því í sáttmálunum.

**25. Yfirlýsing vegna ákvæða 75. og 215. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan hefur hugfast að virðing fyrir grundvallarréttindum og mannfrelsi felur einkum í sér að tilhlýðilegt tillit sé tekið til þess að réttur hlutaðeigandi einstaklinga eða aðila til sanngjarnrar málsmeðferðar sé verndaður og virtur. Í þessu skyni, og til að tryggja fullnægjandi eftirlit dómstóla með ákvörðunum um að einstaklingur eða aðili sæti takmarkandi ráðstöfunum, verða slíkar ákvarðanir að grundvallast á skýrum og ótvíræðum viðmiðunum. Þær viðmiðanir skal sníða að séreinkennum hverrar takmarkandi ráðstöfunar.

**26. Yfirlýsing um að aðildarríki taki ekki þátt í ráðstöfun sem grundvallast á V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir yfir að þegar aðildarríki kýs að taka ekki þátt í ráðstöfun, sem byggist á V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, mun ráðið fjalla ítarlega um mögulegar afleiðingar og áhrif þess að hlutaðeigandi aðildarríki taki ekki þátt í ráðstöfuninni.

Þá getur sérhvertt aðildarríki farið þess á leit að framkvæmdastjórnin taki stöðu mála til athugunar á grundvelli 116. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

Málsgreinarnar hér að framan eru með fyrirvara um rétt aðildarríkis til að vísa málinu til leiðtogaráðsins.

**27. Yfirlýsing vegna ákvæða annarrar undirgreinar 1. mgr. 85. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan telur að í þeim reglugerðum, sem um getur í annarri undirgrein 1. mgr. 85. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, skuli tekið tillit til þeirra reglna og starfsvenja sem gilda um upphaf rannsókna sakamála í viðkomandi landi.

**28. Yfirlýsing vegna ákvæða 98. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan veitir því athygli að beita skal ákvæðum 98. gr. í samræmi við núverandi framkvæmd. Túlka ber setninguna: „þörf er á slíkum ráðstöfunum til að bæta upp efnahagslegt óhagræði af völdum skiptingar Þýskalands fyrir atvinnuvegi á tilteknum svæðum Sambandslýðveldisins sem skiptingin snertir“ í samræmi við gildandi dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins.

**29. Yfirlýsing vegna ákvæða c-liðar 2. mgr. 107. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan veitir því athygli að túlka ber c-lið 2. mgr. 107. gr. í samræmi við gildandi dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins að því er varðar beitingu þessara ákvæða í tengslum við aðstoð sem veitt er á tilteknum svæðum í Sambandslýðveldinu Þýskalandi sem fyrrum skipting Þýskalands snertir.

**30. Yfirlýsing vegna ákvæða 126. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan staðfestir, með tilliti til 126. gr., að auknir vaxtarmöguleikar og trygging fyrir traustri afkomu hins opinbera séu hinar tvær grunnstoðir í stefnu Sambandsins og aðildarríkjanna á sviði efnahagsmála og fjárveitinga. Samningurinn um stöðugleika og vöxt er mikilvægt verkfæri til að ná þessum markmiðum.

Ráðstefnan áréttar að hún skuldbindur sig til að fylgja ákvæðum um samninginn um stöðugleika og vöxt sem mynda ramma um samræmingu á stefnum aðildarríkjanna á sviði ríkisútgjalda.

Ráðstefnan staðfestir að fyrirkomulag, sem byggist á reglum, er besta tryggingin fyrir því að skuldbindingum sé framfylgt og að öll aðildarríki hljóti sams konar meðferð.

Innan þessa ramma áréttar ráðstefnan einnig skuldbindingu sína að því er varðar markmið Lissabonáætlunarinnar: atvinnusköpun, umbætur á atvinnu- og uppbyggingarskilyrðum og félagsleg samheldni.

Evrópusambandið stefnir að jafnvægi í hagvexti og stöðugu verðlagi. Forgangsroðun í stefnum á sviði efnahagsmála og ríkisútgjalda þarf því að miðast við að ná fram efnahagslegum umbótum, efla nýsköpun og samkeppnishæfni og auka fjárfestingar einkaaðila og einkaneyslu þegar hagvöxtur er lítill. Þetta þarf að koma fram í þeirri afstöðu sem ræður ákvörðunum um fjárveitingar á vettvangi

aðildarríkjanna og Sambandsins, einkum að því er varðar endurskipulagningu tekna og útgjalda hins opinbera og að teknu tilliti til aga í stjórn fjármála í samræmi við sáttmálana og samninginn um stöðugleika og vöxt.

Viðfangsefni á sviði ríkisútgjalda og efnahagsmála, sem aðildarríkin standa frammi fyrir, undirstrika mikilvægi traustrar stefnu í ríkisfjármálum gegnum alla efnahagssveifluna.

Ráðstefnan er einhuga um að aðildarríkin skuli nýta tímabil efnahagslegs bata til að styrkja fjármál hins opinbera og bæta afkomu hins opinbera. Markmiðið er að smám saman náist fram afgangur á fjárlögum á uppgangstímum en þannig skapast nauðsynlegt svigrúm til að takast á við efnahagslegar niðursveiflur sem stuðlar að sjálfbærni í fjármálum hins opinbera til lengri tíma litið.

Aðildarríkin telja sig mega vænta tillagna frá framkvæmdastjórninni og frekara framlags frá aðildarríkjunum með tilliti til þess að styrkja og skýra framkvæmd samningsins um stöðugleika og vöxt. Aðildarríkin munu gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að auka vaxtarmöguleika hagkerfa sinna. Bætt samræming efnahagsstefna gæti stutt þetta markmið. Þessi yfirlýsing er með fyrirvara um umræður sem geta átt sér stað í framtíðinni um samninginn um stöðugleika og vöxt.

### **31. Yfirlýsing vegna ákvæða 156. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan staðfestir að þau stefnumál, sem lýst er í 156. gr., falla í grundvallaratriðum undir valdheimildir aðildarríkjanna. Ráðstafanir til hvatningar og til að stuðla að samræmingu, sem gera ber á vettvangi Sambandsins samkvæmt þessari grein, skulu vera til fyllingar. Hlutverk þeirra er að styrkja samstarf milli aðildarríkjanna en ekki að samræma kerfi ríkjanna. Þær eru með fyrirvara um tryggingar og venjubundna framkvæmd í hverju aðildarríki að því er varðar ábyrgð aðila vinnumarkaðarins.

Þessi yfirlýsing hefur ekki áhrif á ákvæði sáttmálanna er varða veitingu valdheimilda til Evrópusambandsins, þ.m.t. á sviði félagsmála.

### **32. Yfirlýsing vegna ákvæða c-liðar 4. mgr. 168. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir því yfir að ráðstafanirnar, sem samþykkja ber skv. c-lið 4. mgr. 168. gr., verða að taka mið af sameiginlegum viðfangsefnum á sviði öryggismála og hafa það að markmiði að setja stranga gæða- og öryggisstaðla ef landsstaðlar, sem hafa áhrif á innri markaðinn, kæmu að öðrum kosti í veg fyrir að markmið um öfluga heilsuvernd manna næðust.

### 33. Yfirlýsing vegna ákvæða 174. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Ráðstefnan telur að vísun 174. gr. til eysvæða geti tekið til eyríkja í heild sinni með þeim fyrirvara að nauðsynlegum viðmiðunum sé fullnægt.

### 34. Yfirlýsing vegna ákvæða 179. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Ráðstefnan er einhuga um að í aðgerðum Sambandsins á sviði rannsókna og tækniþróunar beri að virða grundvallarstefnumið aðildarríkjanna og hvaða rannsóknastefnumiðum þau kjósa að fylgja.

### 35. Yfirlýsing vegna ákvæða 194. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Ráðstefnan telur að 194. gr. hafi ekki áhrif á rétt aðildarríkjanna til að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja afhendingu orku samkvæmt skilyrðunum sem kveðið er á um í 347. gr.

### 36. Yfirlýsing vegna ákvæða 218. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins varðandi rétt aðildarríkjanna til að taka upp viðræður um og ganga frá alþjóðasamningum er varða svæði frelsis, öryggis og réttlætis

Ráðstefnan staðfestir að aðildarríkjunum er heimilt að ganga til samningaviðræðna og ganga frá samningum við þriðju lönd eða alþjóðastofnanir á þeim sviðum sem falla undir 3., 4. og 5. kafla í V. bálki þriðja hluta, enda séu slíkir samningar í samræmi við lög Sambandsins.

### 37. Yfirlýsing vegna ákvæða 222. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins

Með fyrirvara um ráðstafanir, sem Sambandið hefur samþykkt til að standa við þá skuldbindingu sína að sýna samstöðu aðildarríki sem verður fyrir hryðjuverkaárás, náttúruhamförum eða hamförum af mannavöldum, er engu ákvæði 222. gr. ætlað að hafa áhrif á rétt annars aðildarríkis til að fara þær leiðir sem það telur henta best til að standa við þá skuldbindingu að sýna viðkomandi aðildarríki samstöðu.

**38. Yfirlýsing vegna ákvæða 252. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar fjölda lögsögumanna við Dómstólinn**

Ráðstefnan lýsir yfir að fari Dómstólinn fram á það, í samræmi við fyrstu málsgrein 252. gr. í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, að lögsögumönnum verði fjölgað um þrjá (og verði ellefu í stað átta) mun ráðið fallast einróma á slíka fjölgun.

Í því tilviki fellst ráðstefnan á að Pólland skuli hafa fastan lögsögumann, eins og þegar á við um Þýskaland, Frakkland, Ítalíu, Spán og Breska konungsríkið, og taka þá ekki lengur þátt í skiptikerfinu og að núverandi skiptikerfi skuli taka til fimm lögsögumanna í stað þriggja.

**39. Yfirlýsing vegna ákvæða 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan tekur mið af þeirri fyrirætlan framkvæmdastjórnarinnar að hafa áfram samráð við sérfræðinga, sem aðildarríkin tilnefna, við gerð draga að framseldum gerðum á sviði fjármálaþjónustu í samræmi við viðtekna venju.

**40. Yfirlýsing vegna ákvæða 329. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir yfir að aðildarríki geta gefið til kynna, þegar þau óska eftir því að koma á aukinni samvinnu, hvort þau ætla þegar á því stigi að nýta sér ákvæði 333. gr., sem kveður á um rýmkun atkvæðagreiðslu með auknum meirihluta, eða notast við almenna lagasetningarmeðferð.

**41. Yfirlýsing vegna ákvæða 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan lýsir yfir að vísunin til markmiða Sambandsins í 1. mgr. 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er vísun til markmiðanna, sem sett eru í 2. og 3. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, svo og markmiðanna í 5. mgr. 3. gr. sama sáttmála, sem varða aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess samkvæmt fimmta hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Því er útilokað að aðgerð, sem grundvallast á 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, miði einungis að markmiðunum sem sett eru í 1. mgr. 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í þessu samhengi veitir ráðstefnan því athygli að skv. 1. mgr. 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið er ekki heimilt að samþykkja lagagerðir á sviði sameiginlegrar stefnu í utanríkis- og öryggismálum.



#### **42. Yfirlýsing vegna ákvæða 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Ráðstefnan leggur áherslu á að samkvæmt viðtekinni dómaframkvæmd Dómstóls Evrópusambandsins getur 352. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins, sem er óaðskiljanlegur hluti stofnanakerfis sem byggist á meginreglunni um veittar valdheimildir, ekki verið grundvöllur þess að víkka gildissvið valdheimilda Sambandsins út fyrir þann almenna ramma sem leiðir af ákvæðum sáttmálanna í heild, einkum þeim sem skilgreina verkefni og starfsemi Sambandsins. Aldrei er hægt að byggja á greininni til að samþykkja ákvæði sem hefðu í reynd þau áhrif að breyta sáttmálunum án þess að fylgt sé þeirri málsmeðferð, sem kveðið er á um í því skyni í sömu sáttmálum.

#### **43. Yfirlýsing vegna ákvæða 6. mgr. 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Hinir háu samningsaðilar eru á einu máli um að leiðtoga ráðið muni taka ákvörðun, skv. 6. mgr. 355. gr., sem hefur í för með sér breytingu á stöðu Mayotte með tilliti til Sambandsins í því skyni að gera þetta yferráðasvæði að ysta svæði í skilningi 1. mgr. 355. gr. og 349. gr., þegar yfirvöld í Frakklandi tilkynna leiðtoga ráðinu og framkvæmdastjórninni að sú þróun, sem nú er hafin og snýr að stöðu eyjarinnar innan Frakklands, sé komin nógu langt til að leyfa það.

## B. YFIRLÝSINGAR SEM VARÐA BÓKANIR ER FYLGJA MEÐ SÁTTMÁLUNUM

### 44. Yfirlýsing vegna ákvæða 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins

Ráðstefnan veitir því athygli að þótt aðildarríki hafi tilkynnt, skv. 2. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins, að það vilji ekki eiga þátt í tillögu eða framtaksverkefni þá sé hægt að afturkalla tilkynninguna hvenær sem er áður en ráðstöfunin, sem byggist á Schengen-réttarreglunum, er samþykkt.

### 45. Yfirlýsing vegna ákvæða 2. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins

Ráðstefnan lýsir yfir að þegar Breska konungsríkið eða Írland lætur ráðið vita um þá fyrirætlan sína að taka ekki þátt í ráðstöfun, sem byggist á einhverjum þeim hluta Schengen-réttarreglnanna sem landið tekur þátt í, mun ráðið fjalla ítarlega um hugsanleg áhrif þess að aðildarríkið taki ekki þátt í þeirri ráðstöfun. Umfjöllunin innan ráðsins skal fara fram í ljósi þeirra upplýsinga sem framkvæmdastjórnin hefur veitt um tengslin milli tillögunnar og Schengen-réttarreglnanna.

### 46. Yfirlýsing vegna ákvæða 3. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins

Ráðstefnan hefur hugfast að taki ráðið ekki ákvörðun eftir fyrstu efnislegu umfjöllun um málið er framkvæmdastjórninni heimilt að leggja fram breytta tillögu til frekari efnislegrar endurskoðunar ráðsins innan fjögurra mánaða frests.

### 47. Yfirlýsing vegna ákvæða 3., 4. og 5. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins

Ráðstefnan veitir því athygli að í skilyrðunum, sem sett skulu í ákvörðuninni sem um getur í 3., 4. eða 5. mgr. 5. gr. bókunar um Schengen-réttarreglurnar sem hafa verið felldar inn í ramma Evrópusambandsins, getur falist að hlutaðeigandi aðildarríki skuli taka á sig beinar fjárhagslegar byrðar, ef um þær er að ræða, sem leiðir nauðsynlega og óhjákvæmilega af því að ríkið hættir þátttöku í sumum eða öllum þeim réttarreglum sem um getur í sérhverri ákvörðun sem ráðið tekur skv. 4. gr. fyrrnefndrar bókunar.

#### 48. Yfirlýsing vegna ákvæða bókunar um stöðu Danmerkur

Ráðstefnan veitir því athygli, að því er varðar réttargerðir sem ráðið skal samþykkja eitt og sér eða ásamt Evrópuþinginu og fela í sér ákvæði sem gilda um Danmörku, auk ákvæða sem taka ekki til Danmerkur vegna þess að þau byggja á lagaheimild sem fellur undir I. hluta bókunar um stöðu Danmerkur, að Danmörk lýsir yfir að landið muni ekki nota atkvæðisrétt sinn til að hindra samþykki ákvæða sem ekki gilda um Danmörku.

Þá veitir ráðstefnan því athygli að Danmörk lýsir yfir, á grundvelli yfirlýsingar ráðstefnunnar vegna ákvæða 222. gr., að þátttaka Danmerkur í aðgerðum eða réttargerðum skv. 222. gr. fari fram í samræmi við I. og II. hluta bókunar um stöðu Danmerkur.

#### 49. Yfirlýsing varðandi Ítalíu

Ráðstefnan veitir því athygli að í bókun um Ítalíu, sem fylgdi með stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu 1957, eins og honum var breytt við samþykkt sáttmálans um Evrópusambandið, er eftirfarandi lýst yfir:

„HINIR HÁU SAMNINGSAÐILAR,

SEM HAFA HUG Á að leysa tiltekin vandamál er varða Ítalíu,

HAFA ORÐIÐ ÁSÁTTIR UM eftirfarandi ákvæði sem skulu fylgja með þessum sáttmála:

##### AÐILDARRÍKI BANDALAGSINS

VEITA ÞVÍ ATHYGLI að ríkisstjórn Ítalíu fylgir tíu ára áætlun um eflingu atvinnulífsins með það að markmiði að lagfæra misvægi í ítölsku efnahagslífi, m.a. með því að byggja upp grunnvirki á þeim svæðum Suður-Ítalíu og ítölsku eyjanna sem eru skemmra komin í þróun og skapa ný störf til að útrýma atvinnuleysi,

HAFA HUGFAST að meginreglur og markmið þessarar áætlunar ríkisstjórnar Ítalíu hafa verið tekin til skoðunar og samþykkt af hálfu samtaka um alþjóðasamstarf sem aðildarríkin eiga aðild að,

VIÐURKENNA að það er sameiginlegt hagsmunamál þeirra að markmið ítölsku áætlunarinnar náist,

SAMÞYKKJA að beina þeim tilmælum til stofnana Bandalagsins að þær beiti öllum þeim aðferðum og hvers kyns málsmeðferð, sem kveðið er á um í þessum sáttmála, og nýti m.a. fjármagn frá Fjárfestingarbanka Evrópu og Félagsmálasjóði Evrópu, eftir því sem við á, til þess að auðvelda ríkisstjórn Ítalíu framkvæmd þessa verkefnis,

LÍTA SVO Á að við beitingu þessa sáttmála verði stofnanir Bandalagsins að taka mið af því átaki sem stendur fyrir dyrum í ítölsku efnahagslífi á komandi árum, og að æskilegt sé að komast hjá hættulegu álagi á hagkerfi landsins, einkum að því er varðar greiðslujöfnuð og atvinnustig, sem gæti teft beitingu sáttmálans í tvísýnu á Ítalíu,

VIÐURKENNA að við beitingu 109. gr. H og 109. gr. I þurfi að gæta þess að ráðstafanir, sem ríkisstjórn Ítalíu reynist nauðsynlegt að gera, hafi ekki áhrif á framgang áætlunar hennar um viðgang atvinnulífsins og bætt lífskjör íbúanna.“

#### **50. Yfirlýsing vegna ákvæða 10. gr. bókunar um umbreytingarákvæði**

Ráðstefnan hvetur Evrópuþingið, ráðið og framkvæmdastjórnina til að leitast við að samþykkja, á valdsviði hvarrar stofnunar fyrir sig, í tilvikum þar sem það á við og eins og framast er kostur innan þess fimm ára frests sem um getur í 3. mgr. 10. gr. bókunar um umbreytingarákvæði, réttargerðir sem breyta eða koma í stað þeirra gerða sem um getur í 1. mgr. 10. gr. þeirrar bókunar.

## C. YFIRLÝSINGAR AÐILDARRÍKJANNA

### 51. Yfirlýsing Konungsríkisins Belgíu varðandi þjóðþing

Belgía tekur fram, með tilliti til þeirra valdheimilda sem Sambandið fer með, að í samræmi við stjórnskipunarlög landsins starfar ekki aðeins fulltrúadeild og öldungadeild sambandsþingsins, heldur einnig þing málsvæðanna og héraðanna sem hluti af þjóðþingsskipan landsins eða deildum þjóðþingsins.

### 52. Yfirlýsing Konungsríkisins Belgíu, Lýðveldisins Búlgaríu, Sambandslýðveldisins Pýskalands, Lýðveldisins Grikklands, Konungsríkisins Spánnar, Lýðveldisins Ítalíu, Lýðveldisins Kýpur, Lýðveldisins Litháens, Stórhertogadæmisins Lúxemborgar, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Möltu, Lýðveldisins Austurríkis, Lýðveldisins Portúgals, Rúmeníu, Lýðveldisins Slóveníu og Lýðveldisins Slóvakíu varðandi tákn Evrópusambandsins

Belgía, Búlgaría, Pýskaland, Grikkland, Spánn, Ítalía, Kýpur, Litháen, Lúxemborg, Ungverjaland, Malta, Austurríki, Portúgal, Rúmenía, Slóvenía og Slóvakía lýsa yfir að fáninn með tólf gylltum stjörnum sem mynda hring á bláum grunni, lofsöngurinn sem sóttur er í „Óðinn til gleðinnar“ úr níundu sífóníu Ludwigs van Beethoven, einkunnarorðin „sameinuð í fjölbreytileika“, evran sem gjaldmiðill Evrópusambandsins og Evrópudagurinn 9. maí verða áfram í þessum löndum tákn samfélags borgara í Evrópusambandinu og tengsla þeirra við það.

### 53. Yfirlýsing Lýðveldisins Tékklands vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi

1. Lýðveldið Tékkland hefur hugfast að ákvæðum sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi er beint til stofnana og aðila Evrópusambandsins með tilhlýðilegu tilliti til nálægðarreglunnar og skiptingar valdheimilda milli Evrópusambandsins og aðildarríkja þess eins og áréttað er í yfirlýsingu (nr. 18) varðandi afmörkun valdheimilda. Lýðveldið Tékkland leggur áherslu á að ákvæðum sáttmálans er einungis beint til aðildarríkjanna við framkvæmd þeirra á lögum Sambandsins en ekki við setningu og framkvæmd landslaga óháð lögum Sambandsins.

2. Lýðveldið Tékkland leggur einnig áherslu á að sáttmálinn rýmkar ekki gildissvið laga Sambandsins og veitir Sambandinu ekki nýjar valdheimildir. Hann takmarkar ekki gildissvið landslaga og setur gildandi valdheimildum landsyfirvalda á þessu sviði ekki skorður.

3. Lýðveldið Tékkland leggur áherslu á, að svo miklu leyti sem sáttmálinn viðurkennir grundvallarréttindi og meginreglur, eins og þau leiðir af sameiginlegum stjórnskipunarhefðum aðildarríkjanna, að þau réttindi og meginreglur verði að túlka í samræmi við þær hefðir.

4. Þá leggur Lýðveldið Tékkland áherslu á að ekkert í sáttmálanum megi túlka með þeim hætti að það takmarki eða vinni gegn mannréttindum og mannfrelsi sem viðurkennd eru, á hverju sviði, í lögum Sambandsins og í alþjóðasamningum sem Sambandið eða öll aðildarríkin eru aðilar að, þ.m.t. Evrópusáttmálanum um verndun mannréttinda og mannfrelsis, og í stjórnarskrám aðildarríkjanna.

**54. Yfirlýsing Sambandslýðveldisins Þýskalands, Írlands, Lýðveldisins Ungverjalands, Lýðveldisins Austurríkis og Konungsríkisins Svíþjóðar**

Þýskaland, Írland, Ungverjaland, Austurríki og Svíþjóð veita því athygli að meginákvæðum sáttmálans um stofnun Kjarnorkubandalags Evrópu hefur ekki verið breytt í veigamiklum atriðum frá því að hann tók gildi og að nauðsynlegt er að uppfæra þau. Af þeim sökum lýsa löndin stuðningi við þá hugmynd að boðað verði til ráðstefnu fulltrúa ríkisstjórna aðildarríkjanna eins fljótt og verða má.

**55. Yfirlýsing Konungsríkisins Spánar og Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands**

Sáttmálarnir gilda um Gíbraltar sem evrópskt yfirráðasvæði sem aðildarríki fer með utanríkismál fyrir. Í þessu felst ekki breyting á afstöðu hlutaðeigandi aðildarríkja hvors um sig.

**56. Yfirlýsing Írlands vegna ákvæða 3. gr. bókunar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis**

Írland staðfestir skuldbindingu sína við Sambandið sem svæði frelsis, öryggis og réttlætis þar sem grundvallarréttindi og ólík réttarkerfi og lagahefðir aðildarríkjanna eru virt og borgararnir njóta fyllsta öryggis.

Samkvæmt því er Írland staðráðið í að neyta þess réttar síns, skv. 3. gr. bókunar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, að taka þátt í samþykkt ráðstafana skv. V. bálki þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins eftir því sem unnt er.

Írland mun einkum taka þátt í ráðstöfunum á sviði lögreglusamstarfs að svo miklu leyti sem unnt er.

Þá hefur Írland hugfast að skv. 8. gr. bókunarinnar getur það tilkynnt ráðinu skriflega að það óski ekki lengur eftir að heyra undir ákvæði bókunarinnar. Írland fyrirhugar að endurskoða framkvæmd þessa fyrirkomulags innan þriggja ára frá gildistöku Lissabonsáttmálans.

#### **57. Yfirlýsing Lýðveldisins Ítalíu varðandi skipan Evrópuþingsins**

Ítalía veitir því athygli að Evrópuþingið skal, skv. 10. og 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, vera skipað fulltrúum borgara Sambandsins og hlutfall þeirra skal fara stíglækkandi eftir því sem íbúafjöldinn er meiri.

Ítalía veitir því einnig athygli að á grundvelli 9. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 20. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins er sérhver ríkisborgari aðildarríkis jafnframt borgari Sambandsins.

Af þessum sökum telur Ítalía, með fyrirvara um ákvörðun varðandi löggjafartímabilið 2009–2014, að allar ákvarðanir, sem leiðtogaráðið samþykkir um skipan Evrópuþingsins að frumkvæði Evrópuþingsins og með samþykki þess, skuli vera í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í fyrstu undirgrein 2. mgr. 14. gr.

#### **58. Yfirlýsing Lýðveldisins Lettlands, Lýðveldisins Ungverjalands og Lýðveldisins Möltu varðandi rithátt heitis sameiginlega gjaldmiðilsins í sáttmálunum**

Með fyrirvara um samræmdan rithátt heitis sameiginlegs gjaldmiðils Evrópusambandsins, sem um getur í sáttmálunum, á peningaseðlum og mynt, lýsa Lettland, Ungverjaland og Malta yfir að ritháttur heitis sameiginlega gjaldmiðilsins, þ.m.t. þær myndir heitisins sem notaðar eru í lettneskri, ungverskri og maltneskri útgáfu sáttmálanna, hefur engin áhrif á þær reglur sem gilda um ritun lettnesku, ungversku og maltnesku.

#### **59. Yfirlýsing Konungsríkisins Hollands vegna ákvæða 312. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Konungsríkið Holland mun veita samþykki sitt fyrir ákvörðun samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 312. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins þegar Hollandi hefur verið séð fyrir viðunandi lausn vegna mjög neikvæðrar nettógreiðslustöðu, með tilliti til fjárlaga Sambandsins, með endurskoðun á ákvörðuninni sem um getur í þriðju málsgrein 311. gr. sáttmálans.

**60. Yfirlýsing Konungsríkisins Hollands vegna ákvæða 355. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Konungsríkið Holland lýsir yfir að einungis verði haft frumkvæði að ákvörðun, eins og um getur í 6. mgr. 355. gr., í þeim tilgangi að breyta stöðu Hollensku Antilla og/eða Arúba að því er varðar Sambandið, á grundvelli ákvörðunar sem er tekin í samræmi við sáttmálann fyrir Konungsríkið Holland.

**61. Yfirlýsing Lýðveldisins Póllands vegna ákvæða sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi**

Sáttmálinn hefur á engan hátt áhrif á rétt aðildarríkja til að setja lög sem lúta að almennu siðgæði, fjölskyldurétti, svo og verndun mannglegrar reisnar og virðingu fyrir líkamlegri og siðferðilegri friðhelgi mannsins.

**62. Yfirlýsing Lýðveldisins Póllands vegna ákvæða bókunar um beitingu sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi gagnvart Póllandi og Breska konungsríkinu**

Pólland lýsir yfir, með hliðsjón af þeirri hefð sem tengist félagslegu hreyfingunni „Samstöðu“ og mikilvægu framlagi hennar til baráttunnar fyrir félagslegum réttindum og réttindum launafólks, að það virði að öllu leyti félagsleg réttindi og réttindi launafólks, eins og þau eru ákvörðuð í lögum Evrópusambandsins, einkum þau sem eru áréttuð í IV. bálki sáttmála Evrópusambandsins um grundvallarréttindi.

**63. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands varðandi skilgreiningu á hugtakinu „ríkisborgarar“**

Að því er varðar sáttmálana og stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu og hverja þá gerð sem leiðir af þessum sáttmálum eða er enn í gildi samkvæmt þeim ítrekar Breska konungsríkið yfirlýsingu sína frá 31. desember 1982 varðandi skilgreiningu á hugtakinu „ríkisborgarar“, með þeirri undantekningu að vísun til hugtaksins „borgarar breskra yfírráðasvæða“ merkir „borgarar breskra yfírráðasvæða handan hafsin“.

**64. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands varðandi kosningarétt í kosningum til Evrópuþingsins**

Breska konungsríkið veitir því athygli að 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og öðrum ákvæðum sáttmálanna er ekki ætlað að breyta grundvelli kosningaréttar í kosningum til Evrópuþingsins.



**65. Yfirlýsing Hins sameinaða konungsríkis Stóra-Bretlands og Norður-Írlands vegna ákvæða  
75. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins**

Breska konungsríkið styður að fullu öflugar aðgerðir að því er varðar samþykkt fjárhagslegra viðurlaga í þeim tilgangi að koma í veg fyrir og berjast gegn hryðjuverkum og áþekkri háttsemi. Því lýsir Breska konungsríkið yfir að það hyggst neyta réttar síns, skv. 3. gr. bókunar um stöðu Breska konungsríkisins og Írlands að því er varðar svæði frelsis, öryggis og réttlætis, til að taka þátt í samþykkt allra tillagna sem lagðar eru fram skv. 75. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

---



## SAMSVÖRUNARTÖFLUR (\*)

### Sáttmálinn um Evrópusambandið

| Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið  | Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið         |
|---|---|
| I. BÁLKUR — SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI  | I. BÁLKUR — SAMEIGINLEG ÁKVÆÐI                        |
| 1. gr.  | 1. gr.  |
|   | 2. gr.  |
| 2. gr.  | 3. gr.  |
| 3. gr. (niðurfelld) <sup>(1)</sup>  |   |
|   | 4. gr.  |
|   | 5. gr. <sup>(2)</sup>                                 |
| 4. gr. (niðurfelld) <sup>(3)</sup>  |   |
| 5. gr. (niðurfelld) <sup>(4)</sup>  |   |
| 6. gr.  | 6. gr.  |
| 7. gr.  | 7. gr.  |
|   | 8. gr.  |
| II. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM BREYTINGU Á STOFNSÁTTMÁLA EFNAHAGSBANDALAGS EVRÓPU MEÐ ÞAÐ Í HUGA AÐ STOFNA EVRÓPUBANDALAGIÐ | II. BÁLKUR — ÁKVÆÐI SEM VARÐA MEGINREGLUR LÝÐRÆÐISINS |
| 8. gr. (niðurfelld) <sup>(5)</sup>  | 9. gr.  |
|   | 10. gr. <sup>(6)</sup>                                |

<sup>(1)</sup> Ákvæði 7. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins („TFEU“) og 1. mgr. 13. gr. og önnur undirgrein 3. mgr. 21. gr. sáttmálans um Evrópusambandið („TEU“) komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(2)</sup> Kemur í stað 5. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins („TEC“).

<sup>(3)</sup> Ákvæði 15. gr. komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(4)</sup> Ákvæði 2. mgr. 13. gr. komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(5)</sup> Með 8. gr. sáttmálans um Evrópusambandið, sem var í gildi fyrir gildistöku Lissabonsáttmálans (hér á eftir nefndur „núgildandi sáttmáli“) voru gerðar breytingar á stofnsáttmála Evrópubandalagsins. Þessar breytingar hafa verið felldar inn í síðarnefnda sáttmálann og 8. gr. felld úr gildi. Númer hennar er notað til þess að fella inn nýtt ákvæði.

<sup>(6)</sup> Í staðinn komi 4. mgr. fyrstu undirgreinar 191. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði.

(\*) Samsvörunartöflur sem um getur í 5. gr. Lissabonsáttmálans. Upphaflega miðdálkinum, sem er með númeraröð þess sáttmála, hefur verið sleppt.

| Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið                                | Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið |
|---|---|
|   | 11. gr.                                       |
|   | 12. gr.                                       |
| III. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM BREYTINGU Á STOFNSÁTTMÁLA KOLA- OG STÁLBANDALAGS EVRÓPU | III. BÁLKUR — STOFNANAÁKVÆÐI                  |
| 9. gr. (niðurfelld) <sup>(7)</sup>  | 13. gr.                                       |
|   | 14. gr. <sup>(8)</sup>                        |
|   | 15. gr. <sup>(9)</sup>                        |
|   | 16. gr. <sup>(10)</sup>                       |
|   | 17. gr. <sup>(11)</sup>                       |
|   | 18. gr.                                       |
|   | 19. gr. <sup>(12)</sup>                       |
| IV. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM BREYTINGU Á STOFNSÁTTMÁLA KJARNORKUBANDALAGS EVRÓPU      | IV. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM AUKNA SAMVINNU         |
| 10. gr. (niðurfelld) <sup>(13)</sup>  |   |
| 27. gr. a–27. gr. e (skipt út)  |   |
| 40.–40. gr. b (skipt út)  |   |
| 43.–45. gr. (skipt út)  | 20. gr. <sup>(14)</sup>                       |

<sup>(7)</sup> Með núgildandi 9. gr. sáttmálans um Evrópusambandið eru gerðar breytingar á stofnsáttmála Kola- og stálbandalags Evrópu. Sá síðarnefndi féll úr gildi 23. júlí 2002. Ákvæði 9. gr. falli úr gildi og annað ákvæði fellt inn með því númeri.

<sup>(8)</sup> — Ákvæði 1. og 2. mgr. koma í stað 189. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði;  
— ákvæði 1.–3. mgr. koma í stað 190. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði;  
— ákvæði 1. mgr. koma í stað fyrstu undirgreinar 192. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði;  
— ákvæði 4. mgr. koma í stað fyrstu undirgreinar 197. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði.

<sup>(9)</sup> Kemur í stað 4. gr. að því er varðar meginatriði.

<sup>(10)</sup> — Ákvæði 1. mgr. koma í stað fyrsta og annars undirliðar 202. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði; — ákvæði 2. og 9. mgr. koma í stað 203. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði — ákvæði 4. og 5. mgr. koma í stað 2. og 4. mgr. 205. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

<sup>(11)</sup> — Ákvæði 1. mgr. koma í stað 211. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði; — ákvæði 3. og 7. mgr. koma í stað 214. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði. — ákvæði 6. mgr. koma í stað 1., 3. og 4. mgr. 217. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði.

<sup>(12)</sup> Kemur í stað 220. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði. — fyrsta undirgrein 2. mgr. kemur í stað fyrstu undirgreinar 221. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði.

<sup>(13)</sup> Með núgildandi 10. gr. sáttmálans um Evrópusambandið eru gerðar breytingar á stofnsáttmála Kjarnorkubandalags Evrópu. Þessar breytingar eru felldar inn í Lissabonsáttmálann. Ákvæði 10. gr. falli úr gildi og annað ákvæði fellt inn með því númeri.

<sup>(14)</sup> Kemur einnig í stað 11. gr. og 11. gr. a í stofnsáttmála Evrópubandalagsins.

| Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið                       | Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið  |
|--|--|
| V. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM | V. BÁLKUR — ALMENN ÁKVÆÐI UM AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS OG SÉRTÆK ÁKVÆÐI UM SAMEIGINLEGA STEFNU Í UTANRÍKIS- OG ÖRYGGISMÁLUM |
|  | 1. kafli — Almenn ákvæði um aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess   |
|  | 21. gr.  |
|  | 22. gr.  |
|  | 2. kafli — Sértæk ákvæði um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum   |
|  | 1. þáttur — Sameiginleg ákvæði   |
|  | 23. gr.  |
| 11. gr.  | 24. gr.  |
| 12. gr.  | 25. gr.  |
| 13. gr.  | 26. gr.  |
|  | 27. gr.  |
| 14. gr.  | 28. gr.  |
| 15. gr.  | 29. gr.  |
| 22. gr. (flutt)  | 30. gr.  |
| 23. gr. (flutt)  | 31. gr.  |
| 16. gr.  | 32. gr.  |
| 17. gr. (flutt)  | 42. gr.  |
| 18. gr.  | 33. gr.  |
| 19. gr.  | 34. gr.  |
| 20. gr.  | 35. gr.  |
| 21. gr.  | 36. gr.  |
| 22. gr. (flutt)  | 30. gr.  |
| 23. gr. (flutt)  | 31. gr.  |
| 24. gr.  | 37. gr.  |

| Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið  | Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið                         |
|---|---|
| 25. gr.   | 38. gr.   |
|   | 39. gr.   |
| 47. gr. (flutt)   | 40. gr.   |
| 26. gr. (niðurfelld)  |   |
| 27. gr. (niðurfelld)  |   |
| 27. gr. a (skipt út) <sup>(15)</sup>  | 20. gr.   |
| 27. gr. b (skipt út) <sup>(15)</sup>  | 20. gr.   |
| 27. gr. c (skipt út) <sup>(15)</sup>  | 20. gr.   |
| 27. gr. d (skipt út) <sup>(15)</sup>  | 20. gr.   |
| 27. gr. e (skipt út) <sup>(15)</sup>  | 20. gr.   |
| 28. gr.   | 41. gr.   |
|   | 2. kafli — Ákvæði um sameiginlega stefnu í utanríkis- og öryggismálum |
| 17. gr. (flutt)   | 42. gr.   |
|   | 43. gr.   |
|   | 44. gr.   |
|   | 45. gr.   |
|   | 46. gr.   |
| <b>VI. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM LÖGREGLUSAMVINNU OG DÓMSMÁLASAMSTARF Í SAKAMÁLUM (niðurfelld) <sup>(16)</sup></b> |   |
| 29. gr. (skipt út) <sup>(17)</sup>  |   |
| 30. gr. (skipt út) <sup>(18)</sup>  |   |
| 31. gr. (skipt út) <sup>(19)</sup>  |   |

<sup>(15)</sup> Í stað núgildandi 27. gr. a–27. gr. e, um aukna samvinnu, komi einnig 326.–334. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(16)</sup> Í stað núgildandi ákvæða í VI. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, um lögreglusamvinnu og dómssamstarf í sakamálum, komi ákvæði 1., 4. og 5. kafla í IV. bálki (verður V. bálkur með númerabreytingu) þriðja hluta sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(17)</sup> Ákvæði 67. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

<sup>(18)</sup> Ákvæði 87. og 88. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

<sup>(19)</sup> Ákvæði 82., 83. og 85. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

| <b>Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið</b>                  | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið</b> |
|--|--|
| 32. gr. (skipt út) <sup>(20)</sup>                                       |  |
| 33. gr. (skipt út) <sup>(21)</sup>                                       |  |
| 34. gr. (niðurfelld)   |  |
| 35. gr. (niðurfelld)   |  |
| 36. gr. (skipt út) <sup>(22)</sup>                                       |  |
| 37. gr. (niðurfelld)   |  |
| 38. gr. (niðurfelld)   |  |
| 39. gr. (niðurfelld)   |  |
| 40. gr. (skipt út) <sup>(23)</sup>                                       | 20. gr.  |
| 40. gr. A (skipt út) <sup>(23)</sup>                                     | 20. gr.  |
| 40. gr. B (skipt út) <sup>(23)</sup>                                     | 20. gr.  |
| 41. gr. (niðurfelld)   |  |
| 42. gr. (niðurfelld)   |  |
| <b>VII. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM AUKNA SAMVINNU (skipt út) <sup>(24)</sup></b> | <b>IV. BÁLKUR — ÁKVÆÐI UM AUKNA SAMVINNU</b>         |
| 43. gr. (skipt út) <sup>(24)</sup>                                       | 20. gr.  |
| 43. gr. A (skipt út) <sup>(24)</sup>                                     | 20. gr.  |
| 43. gr. B (skipt út) <sup>(24)</sup>                                     | 20. gr.  |
| 44. gr. (skipt út) <sup>(24)</sup>                                       | 20. gr.  |
| 44. gr. A (skipt út) <sup>(24)</sup>                                     | 20. gr.  |
| 45. gr. (skipt út) <sup>(24)</sup>                                       | 20. gr.  |
| <b>VIII. BÁLKUR — LOKAÁKVÆÐI</b>   | <b>VI. BÁLKUR — LOKAÁKVÆÐI</b>                       |
| 46. gr. (niðurfelld)   |  |
|  | 47. gr.  |

<sup>(20)</sup> Ákvæði 89. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

<sup>(21)</sup> Ákvæði 72. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

<sup>(22)</sup> Ákvæði 71. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn.

<sup>(23)</sup> Í stað núgildandi 40. gr.–40. gr. B sáttmálans um Evrópusambandið, um aukna samvinnu, komi einnig 326.–334. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(24)</sup> Í stað núgildandi 43.–45. gr. og VII. bálki sáttmálans um Evrópusambandið, um aukna samvinnu, komi einnig 326.–334. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

| <b>Eldri númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið</b> | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um Evrópusambandið</b> |
|---|--|
| 47. gr. (skipt út)                                      | 40. gr.  |
| 48. gr.   | 48. gr.  |
| 49. gr.   | 49. gr.  |
|   | 50. gr.  |
|   | 51. gr.  |
|   | 52. gr.  |
| 50. gr. (niðurfelld)                                    |  |
| 51. gr.   | 53. gr.  |
| 52. gr.   | 54. gr.  |
| 53. gr.   | 55. gr.  |

### **Sáttmáli um starfshætti Evrópusambandsins**

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins</b> | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins</b> |
|---|--|
| <b>FYRSTI HLUTI — MEGINREGLUR</b>                         | <b>FYRSTI HLUTI — MEGINREGLUR</b>                                  |
| 1. gr. (niðurfelld)                                       |  |
|   | 1. gr.   |
| 2. gr. (niðurfelld) <sup>(25)</sup>                       |  |
|   | I. bálkur — Flokkar og svið valdheimilda Sambandsins               |
|   | 2. gr.   |
|   | 3. gr.   |
|   | 4. gr.   |
|   | 5. gr.   |
|   | 6. gr.   |
|   | II. bálkur — Almenn ákvæði   |

<sup>(25)</sup> Ákvæði 3. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.



| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins |
|--|---|
|  | 7. gr.  |
| 1. mgr. 3. gr. (niðurfelld) <sup>(26)</sup>        |   |
| 2. mgr. 3. gr.                                     | 8. gr.  |
| 4. gr. (flutt)                                     | 119. gr.  |
| 5. gr. (skipt út) <sup>(27)</sup>                  |   |
|  | 9. gr.  |
|  | 10. gr.   |
| 6. gr.   | 11. gr.   |
| 2. mgr. 153. gr. (flutt)                           | 12. gr.   |
|  | 13. gr. <sup>(28)</sup>                                     |
| 7. gr. (niðurfelld) <sup>(29)</sup>                |   |
| 8. gr. (niðurfelld) <sup>(30)</sup>                |   |
| 9. gr. (niðurfelld)                                |   |
| 10. gr. (niðurfelld) <sup>(31)</sup>               |   |
| 11. gr. (skipt út) <sup>(32)</sup>                 | 326.–334. gr.   |
| 11. gr. a (skipt út) <sup>(32)</sup>               | 326.–334. gr.   |
| 12. gr. (flutt)                                    | 18. gr.   |
| 13. gr. (flutt)                                    | 19. gr.   |
| 14. gr. (flutt)                                    | 26. gr.   |
| 15. gr. (flutt)                                    | 27. gr.   |
| 16. gr.  | 14. gr.   |
| 255. gr. (flutt)                                   | 15. gr.   |
| 286. gr. (flutt)                                   | 16. gr.   |

<sup>(26)</sup> Ákvæði 3.–6. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(27)</sup> Ákvæði 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn.

<sup>(28)</sup> Ákvæði bókunar um vernd og velferð dýra felld inn.

<sup>(29)</sup> Ákvæði 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(30)</sup> Ákvæði 13. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 1. mgr. 282. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(31)</sup> Ákvæði 3. mgr. 4. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(32)</sup> Ákvæði 20. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi einnig í staðinn.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br>Evrópubandalagsins        | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br>Evrópusambandsins        |
|--|---|
|  | 17. gr.   |
| ANNAR HLUTI —<br>SAMBANDSBORGARARÉTTUR                       | ANNAR HLUTI — BANN VIÐ MISMUNUN<br>OG SAMBANDSBORGARARÉTTUR           |
| 12. gr. (flutt)  | 18. gr.   |
| 13. gr. (flutt)  | 19. gr.   |
| 17. gr.  | 20. gr.   |
| 18. gr.  | 21. gr.   |
| 19. gr.  | 22. gr.   |
| 20. gr.  | 23. gr.   |
| 21. gr.  | 24. gr.   |
| 22. gr.  | 25. gr.   |
| ÞRIÐJI HLUTI — STEFNUR<br>BANDALAGSINS                       | ÞRIÐJI HLUTI — STEFNUR<br>SAMBANDSINS OG AÐGERÐIR Á<br>VETTvangi ÞESS |
|  | I. bálkur — Innri markaðurinn   |
| 14. gr. (flutt)  | 26. gr.   |
| 15. gr. (flutt)  | 27. gr.   |
| I. bálkur — Frjálsir vöruflutningar                          | II. bálkur — Frjálsir vöruflutningar                                  |
| 23. gr.  | 28. gr.   |
| 24. gr.  | 29. gr.   |
| 1. kafli — Tollabandalag                                     | 1. kafli — Tollabandalag  |
| 25. gr.  | 30. gr.   |
| 26. gr.  | 31. gr.   |
| 27. gr.  | 32. gr.   |
| X. bálkur í þriðja hluta, Tollasamvinna (flutt)              | 2. kafli — Tollasamvinna  |
| 135. gr. (flutt)   | 33. gr.   |
| 2. kafli — Bann við magntakmörkunum milli<br>aðildarríkjanna | 3. kafli — Bann við magntakmörkunum milli<br>aðildarríkjanna          |
| 28. gr.  | 34. gr.   |

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b>                                       | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b>                                 |
|---|--|
| 29. gr.   | 35. gr.  |
| 30. gr.   | 36. gr.  |
| 31. gr.   | 37. gr.  |
| <b>II. bólkur — Landbúnaður</b>   | <b>III. bólkur — Landbúnaður og sjávarútvegur</b>  |
| 32. gr.   | 38. gr.  |
| 33. gr.   | 39. gr.  |
| 34. gr.   | 40. gr.  |
| 35. gr.   | 41. gr.  |
| 36. gr.   | 42. gr.  |
| 37. gr.   | 43. gr.  |
| 38. gr.   | 44. gr.  |
| <b>III. bólkur — Frjáls för fólks, frjáls<br/>þjónustustarfsemi og frjálsir fjármagnsflutningar</b> | <b>IV. bólkur — Frjáls för fólks, frjáls<br/>þjónustustarfsemi og frjálsir<br/>fjármagnsflutningar</b> |
| <b>1. kafli — Launafólk</b>   | <b>1. kafli — Launafólk</b>  |
| 39. gr.   | 45. gr.  |
| 40. gr.   | 46. gr.  |
| 41. gr.   | 47. gr.  |
| 42. gr.   | 48. gr.  |
| <b>2. kafli — Staðfesturéttur</b>   | <b>2. kafli — Staðfesturéttur</b>  |
| 43. gr.   | 49. gr.  |
| 44. gr.   | 50. gr.  |
| 45. gr.   | 51. gr.  |
| 46. gr.   | 52. gr.  |
| 47. gr.   | 53. gr.  |
| 48. gr.   | 54. gr.  |
| 294. gr. ( <i>flutt</i> )   | 55. gr.  |
| <b>3. kafli — Þjónusta</b>  | <b>3. kafli — Þjónusta</b>   |
| 49. gr.   | 56. gr.  |

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br>Evrópubandalagsins  | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br>Evrópusambandsins |
|--|--|
| 50. gr.  | 57. gr.  |
| 51. gr.  | 58. gr.  |
| 52. gr.  | 59. gr.  |
| 53. gr.  | 60. gr.  |
| 54. gr.  | 61. gr.  |
| 55. gr.  | 62. gr.  |
| 4. kafli — Fjármagn og greiðslur   | 4. kafli — Fjármagn og greiðslur                               |
| 56. gr.  | 63. gr.  |
| 57. gr.  | 64. gr.  |
| 58. gr.  | 65. gr.  |
| 59. gr.  | 66. gr.  |
| 60. gr. (flutt)  | 75. gr.  |
| IV. bálkur — Vegabréfsáritanir, hæli, málefni<br>innflytjenda og önnur stefnumál í tengslum við<br>frjálsa för fólks | V. bálkur — Svæði frelsis, öryggis og réttlætis                |
|  | 1. kafli — Almenn ákvæði                                       |
| 61. gr.  | 67. gr. <sup>(33)</sup>  |
|  | 68. gr.  |
|  | 69. gr.  |
|  | 70. gr.  |
|  | 71. gr. <sup>(34)</sup>  |
| 1. mgr. 64. gr. (skipt út)   | 72. gr. <sup>(35)</sup>  |
|  | 73. gr.  |
| 66. gr. (skipt út)   | 74. gr.  |
| 60. gr. (flutt)  | 75. gr.  |
|  | 76. gr.  |

<sup>(33)</sup> Kemur einnig í stað núverandi 29. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

<sup>(34)</sup> Kemur í stað núverandi 36. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

<sup>(35)</sup> Kemur einnig í stað núverandi 33. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins         | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins                 |
|--|---|
|  | 2. kafli — Stefnur er varða landamæraeftirlit, hæli og málefni innflytjenda |
| 62. gr.  | 77. gr.   |
| 1. og 2. liður, 63. gr. og 2. mgr. 64. gr. <sup>(36)</sup> | 78. gr.   |
| 3. og 4. liður 63. gr.                                     | 79. gr.   |
|  | 80. gr.   |
| 1. mgr. 64. gr. (skipt út)                                 | 72. gr.   |
|  | 3. kafli — Dómsmálasamstarf í einkamálum                                    |
| 65. gr.  | 81. gr.   |
| 66. gr. (skipt út)   | 74. gr.   |
| 67. gr. (niðurfelld)                                       |   |
| 68. gr. (niðurfelld)                                       |   |
| 69. gr. (niðurfelld)                                       |   |
|  | 4. kafli — Dómsmálasamstarf í sakamálum                                     |
|  | 82. gr. <sup>(37)</sup>   |
|  | 83. gr. <sup>(37)</sup>   |
|  | 84. gr.   |
|  | 85. gr. <sup>(37)</sup>   |
|  | 86. gr.   |
|  | 5. kafli — Lögreglusamvinna   |
|  | 87. gr. <sup>(38)</sup>   |
|  | 88. gr. <sup>(38)</sup>   |
|  | 89. gr. <sup>(39)</sup>   |

<sup>(36)</sup> Í stað 1. og 2. liður 63. gr. EB-sáttmálans komi 1. og 2. mgr. 78. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins og í stað 2. mgr. 64. gr. komi 3. mgr. 78. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins.

<sup>(37)</sup> Kemur í stað núverandi 31. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

<sup>(38)</sup> Kemur í stað núverandi 30. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

<sup>(39)</sup> Kemur í stað núverandi 32. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b>                       | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b>               |
|---|--|
| V. bálkur — Flutningastarfsemi  | V. bálkur — Flutningastarfsemi   |
| 70. gr.   | 90. gr.  |
| 71. gr.   | 91. gr.  |
| 72. gr.   | 92. gr.  |
| 73. gr.   | 93. gr.  |
| 74. gr.   | 94. gr.  |
| 75. gr.   | 95. gr.  |
| 76. gr.   | 96. gr.  |
| 77. gr.   | 97. gr.  |
| 78. gr.   | 98. gr.  |
| 79. gr.   | 99. gr.  |
| 80. gr.   | 100. gr.   |
| VI. bálkur — Sameiginlegar reglur um<br>samkeppni, skattlagningu og samræmingu laga | VII. bálkur — Sameiginlegar reglur um<br>samkeppni, skattlagningu og samræmingu laga |
| 1. kafli — Samkeppnisreglur   | 1. kafli — Samkeppnisreglur  |
| 1. þáttur — Reglur sem gilda um fyrirtæki   | 1. þáttur — Reglur sem gilda um fyrirtæki  |
| 81. gr.   | 101. gr.   |
| 82. gr.   | 102. gr.   |
| 83. gr.   | 103. gr.   |
| 84. gr.   | 104. gr.   |
| 85. gr.   | 105. gr.   |
| 86. gr.   | 106. gr.   |
| 2. þáttur — Ríkisaðstoð   | 2. þáttur — Ríkisaðstoð  |
| 87. gr.   | 107. gr.   |
| 88. gr.   | 108. gr.   |
| 89. gr.   | 109. gr.   |
| 2. kafli — Skattaákvæði   | 2. kafli — Skattaákvæði  |

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b> | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b> |
|---|--|
| 90. gr.   | 110. gr.   |
| 91. gr.   | 111. gr.   |
| 92. gr.   | 112. gr.   |
| 93. gr.   | 113. gr.   |
| 3. kafli — Samræming laga                                     | 3. kafli — Samræming laga  |
| 95. gr. ( <i>flutt</i> )                                      | 114. gr.   |
| 94. gr. ( <i>flutt</i> )                                      | 115. gr.   |
| 96. gr.   | 116. gr.   |
| 97. gr.   | 117. gr.   |
|   | 118. gr.   |
| VII. bólkur — Stefna í efnahags- og peningamálum              | VIII. bólkur — Stefna í efnahags- og peningamálum                      |
| 4. gr. ( <i>flutt</i> )                                       | 119. gr.   |
| 1. kafli — Efnahagsstefna                                     | 1. kafli — Efnahagsstefna  |
| 98. gr.   | 120. gr.   |
| 99. gr.   | 121. gr.   |
| 100. gr.  | 122. gr.   |
| 101. gr.  | 123. gr.   |
| 102. gr.  | 124. gr.   |
| 103. gr.  | 125. gr.   |
| 104. gr.  | 126. gr.   |
| 2. kafli — Peningamálastefna                                  | 2. kafli — Peningamálastefna   |
| 105. gr.  | 127. gr.   |
| 106. gr.  | 128. gr.   |
| 107. gr.  | 129. gr.   |
| 108. gr.  | 130. gr.   |
| 109. gr.  | 131. gr.   |
| 110. gr.  | 132. gr.   |

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins                     | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins                |
|--|--|
| 1.–3. mgr. og 5. mgr. 111. gr. (flutt)                                 | 219. gr.   |
| 4. mgr. 111. gr. (flutt)   | 138. gr.   |
|  | 133. gr.   |
| 3. kafli — Stofnanaákvæði  | 3. kafli — Stofnanaákvæði  |
| 112. gr. (flutt)   | 283. gr.   |
| 113. gr. (flutt)   | 284. gr.   |
| 114. gr.   | 134. gr.   |
| 115. gr.   | 135. gr.   |
|  | 4. kafli — Sértæk ákvæði varðandi aðildarríki sem hafa evru sem gjaldmiðil |
|  | 136. gr.   |
|  | 137. gr.   |
| 4. mgr. 111. gr. (flutt)   | 138. gr.   |
| 4. kafli — Umbreytingarákvæði  | 5. kafli — Umbreytingarákvæði  |
| 116. gr. (niðurfelld)  |  |
|  | 139. gr.   |
| 1. mgr., sjötti undirliður 2. mgr. og 3.–9. mgr. 117. gr. (niðurfelld) |  |
| Fyrstu fimm undirliðir 2. mgr. 117. gr. (flutt)                        | 2. mgr. 141. gr.   |
| 1. mgr. 121. gr. (flutt)   | 140. gr. <sup>(40)</sup>   |
| annar málsliður 2. mgr. 122. gr. (flutt)                               |  |
| 5. mgr. 123. gr. (flutt)   |  |
| 118. gr. (niðurfelld)  |  |
| 3. mgr. 123. gr. (flutt)   | 141. gr. <sup>(41)</sup>   |
| fyrstu fimm undirliðir 2. mgr. 117. gr. (flutt)                        |  |

<sup>(40)</sup> — Texti 1. mgr. 140. gr. kemur í stað texta 1. mgr. 121. gr.

— Ákvæði 2. mgr. 140. gr. kemur í stað annars málsliðar 2. mgr. 122. gr.

— Ákvæði 3. mgr. 140. gr. kemur í stað 5. mgr. 123. gr.

<sup>(41)</sup> — Ákvæði 1. mgr. 141. gr. kemur í stað 3. mgr. 123. gr.

— Ákvæði 2. mgr. 141. gr. kemur í stað fyrstu fimm undirliða 2. mgr. 117. gr.



| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b>                  | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b> |
|--|--|
| <i>1. mgr. 124. gr. (flutt)</i>  | 142. gr.   |
| 119. gr.   | 143. gr.   |
| 120. gr.   | 144. gr.   |
| 1. mgr. 121. gr. (flutt)   | <i>1. mgr. 140. gr.</i>  |
| 2.–4. mgr. 121. gr. (niðurfelld)   |  |
| 1. mgr., fyrsti málsliður 2. mgr., 3., 4., 5. og 6. mgr. 122. gr. (niðurfellt) |  |
| Annar málsliður, 2. mgr. 122. gr. (flutt)                                      | <i>Fyrsta undirgrein 2. mgr. 140. gr.</i>                              |
| 1., 2. og 4. mgr. 123. gr. (niðurfelld)  |  |
| 3. mgr. 123. gr. (flutt)   | <i>1. mgr. 141. gr.</i>  |
| 5. mgr. 123. gr. (flutt)   | <i>3. mgr. 140. gr.</i>  |
| 1. mgr. 124. gr. (flutt)   | 142. gr.   |
| 2. mgr. 124. gr. (niðurfelld)  |  |
| VIII. bálkur — Atvinnumál  | IX. bálkur — Atvinnumál  |
| 125. gr.   | 145. gr.   |
| 126. gr.   | 146. gr.   |
| 127. gr.   | 147. gr.   |
| 128. gr.   | 148. gr.   |
| 129. gr.   | 149. gr.   |
| 130. gr.   | 150. gr.   |
| IX. bálkur — Sameiginleg viðskiptastefna (flutt)                               | <i>II. bálkur í fimmta hluta, Sameiginleg viðskiptastefna</i>          |
| 131. gr. (flutt)   | 206. gr.   |
| 132. gr. (niðurfelld)  |  |
| 133. gr. (flutt)   | 207. gr.   |
| 134. gr. (niðurfelld)  |  |
| X. bálkur — Tollasamvinna (flutt)  | <i>2. kafli II. bóls í þriðja hluta, Tollasamvinna</i>                 |

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b>           | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b> |
|---|--|
| 135. gr. (flutt)  | 33. gr.  |
| XI. bólkur — Félagsmálastefna, menntun,<br>starfsmenntun og æskulýðsmál | X. bólkur — Félagsmálastefna   |
| 1. kafli — Félagsleg ákvæði (niðurfelld)                                |  |
| 136. gr.  | 151. gr.   |
|   | 152. gr.   |
| 137. gr.  | 153. gr.   |
| 138. gr.  | 154. gr.   |
| 139. gr.  | 155. gr.   |
| 140. gr.  | 156. gr.   |
| 141. gr.  | 157. gr.   |
| 142. gr.  | 158. gr.   |
| 143. gr.  | 159. gr.   |
| 144. gr.  | 160. gr.   |
| 145. gr.  | 161. gr.   |
| 2. kafli — Félagsmálasjóður Evrópu                                      | XI. bólkur — Félagsmálasjóður Evrópu                                   |
| 146. gr.  | 162. gr.   |
| 147. gr.  | 163. gr.   |
| 148. gr.  | 164. gr.   |
| 3. kafli — Menntun, starfsmenntun og<br>æskulýðsmál                     | XII. bólkur — Menntun, starfsmenntun,<br>æskulýðsmál og íþróttir       |
| 149. gr.  | 165. gr.   |
| 150. gr.  | 166. gr.   |
| XII. bólkur — Menningarmál  | XIII. bólkur — Menningarmál  |
| 151. gr.  | 167. gr.   |
| XIII. bólkur — Lýðheilsa  | XIV. bólkur — Lýðheilsa  |
| 152. gr.  | 168. gr.   |
| XIV. bólkur — Neytendavernd   | XV. bólkur — Neytendavernd   |

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b> | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b>                 |
|---|--|
| 1., 3., 4. og 5. mgr. 153. gr.                                | 169. gr.   |
| 2. mgr. 153. gr. (flutt)                                      | 12. gr.  |
| XV. bálkur — Samevrópsk net                                   | XVI. bálkur — Samevrópsk net   |
| 154. gr.  | 170. gr.   |
| 155. gr.  | 171. gr.   |
| 156. gr.  | 172. gr.   |
| XVI. bálkur — Iðnaður   | XVII. bálkur — Iðnaður   |
| 157. gr.  | 173. gr.   |
| XVII. bálkur — Efnahagsleg og félagsleg<br>samheldni          | XVIII. bálkur — Efnahagsleg samheldni,<br>félagsleg samheldni og samheldni milli svæða |
| 158. gr.  | 174. gr.   |
| 159. gr.  | 175. gr.   |
| 160. gr.  | 176. gr.   |
| 161. gr.  | 177. gr.   |
| 162. gr.  | 178. gr.   |
| XVIII. bálkur — Rannsóknir og tækniþróun                      | XIX. bálkur — Rannsóknir og tækniþróun og<br>geimurinn                                 |
| 163. gr.  | 179. gr.   |
| 164. gr.  | 180. gr.   |
| 165. gr.  | 181. gr.   |
| 166. gr.  | 182. gr.   |
| 167. gr.  | 183. gr.   |
| 168. gr.  | 184. gr.   |
| 169. gr.  | 185. gr.   |
| 170. gr.  | 186. gr.   |
| 171. gr.  | 187. gr.   |
| 172. gr.  | 188. gr.   |
|   | 189. gr.   |

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins                                     | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins  |
|--|--|
| 173. gr.   | 190. gr.   |
| XIX. bólkur — Umhverfismál   | XX. bólkur — Umhverfismál  |
| 174. gr.   | 191. gr.   |
| 175. gr.   | 192. gr.   |
| 176. gr.   | 193. gr.   |
|  | XXI. bólkur — Orkumál  |
|  | 194. gr.   |
|  | XXII. bólkur — Ferðaþjónusta   |
|  | 195. gr.   |
|  | XXIII. bólkur — Almannavarnir  |
|  | 196. gr.   |
|  | XXIV. bólkur — Samvinna á sviði stjórnsýslu  |
|  | 197. gr.   |
| XX. bólkur — Þróunarsamvinna (flutt)   | <i>1. kafli III. bóls í fimmta hluta, Þróunarsamvinna</i>  |
| 177. gr. (flutt)   | 208. gr.   |
| 178. gr. (niðurfelld) <sup>(42)</sup>  |  |
| 179. gr. (flutt)   | 209. gr.   |
| 180. gr. (flutt)   | 210. gr.   |
| 181. gr. (flutt)   | 211. gr.   |
| XXI. bólkur — Efnahagslegt, fjárhagslegt og tæknilegt samstarf við þriðju lönd (flutt) | <i>2. kafli III. bóls í fimmta hluta, Efnahagslegt, fjárhagslegt og tæknilegt samstarf við þriðju lönd</i> |
| 181. gr. a (flutt)   | 212. gr.   |
| FJÓRÐI HLUTI — TENGLAND OG YFIRRÁÐASVÆÐA HANDAN HAFSINS                                | FJÓRÐI HLUTI — TENGLAND OG YFIRRÁÐASVÆÐA HANDAN HAFSINS  |
| 182. gr.   | 198. gr.   |
| 183. gr.   | 199. gr.   |

<sup>(42)</sup> Ákvæði annars málsliðar annarrar undirgreinar 1. mgr. 208. gr. sáttmáls um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins  | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins                 |
|---|---|
| 184. gr.  | 200. gr.  |
| 185. gr.  | 201. gr.  |
| 186. gr.  | 202. gr.  |
| 187. gr.  | 203. gr.  |
| 188. gr.  | 204. gr.  |
|   | FIMMTI HLUTI — AÐGERÐIR SAMBANDSINS GAGNVART RÍKJUM UTAN ÞESS               |
|   | I. bólkur — Almenn ákvæði um aðgerðir Sambandsins gagnvart ríkjum utan þess |
|   | 205. gr.  |
| <i>IX. bólkur í þriðja hluta, Sameiginleg viðskiptastefna (flutt)</i>                                       | II. bólkur — Sameiginleg viðskiptastefna                                    |
| <i>131. gr. (flutt)</i>   | 206. gr.  |
| <i>133. gr. (flutt)</i>   | 207. gr.  |
|   | III. bólkur — Samstarf við þriðju lönd og mannúðaraðstoð                    |
| <i>XX. bólkur í þriðja hluta, Þróunarsamvinna (flutt)</i>   | 1. kafli — Þróunarsamvinna  |
| <i>177. gr. (flutt)</i>   | 208. gr. <sup>(43)</sup>  |
| <i>179. gr. (flutt)</i>   | 209. gr.  |
| <i>180. gr. (flutt)</i>   | 210. gr.  |
| <i>181. gr. (flutt)</i>   | 211. gr.  |
| <i>XXI. bólkur í þriðja hluta, Efnahagslegt, fjárhagslegt og tæknilegt samstarf við þriðju lönd (flutt)</i> | 2. kafli — Efnahagslegt, fjárhagslegt og tæknilegt samstarf við þriðju lönd |
| <i>181. gr. a (flutt)</i>   | 212. gr.  |
|   | 213. gr.  |
|   | 3. kafli — Mannúðaraðstoð   |
|   | 214. gr.  |
|   | IV. bólkur — Takmarkandi ráðstafanir  |

<sup>(43)</sup> Annar málsliður annarrar undirgreinar 1. mgr. kemur í stað 178. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins í meginatriðum.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins  |
|--|--|
| 301. gr. (skipt út)                                | 215. gr.   |
|  | V. bálkur — Alþjóðasamningar   |
|  | 216. gr.   |
| 310. gr. (flutt)                                   | 217. gr.   |
| 300. gr. (skipt út)                                | 218. gr.   |
| 1.–3. mgr. og 5. mgr. 111. gr. (flutt)             | 219. gr.   |
|  | VI. bálkur — Samskipti Sambandsins við alþjóðastofnanir og þriðju lönd og sendinefndir Sambandsins |
| 302.–304. gr. (skipt út)                           | 220. gr.   |
|  | 221. gr.   |
|  | VII. bálkur — Samstöðuákvæði   |
|  | 222. gr.   |
| FIMMTI HLUTI — STOFNANIR BANDALAGSINS              | SJÖTTI HLUTI — STOFNANAÁKVÆÐI OG FJÁRHAGSÁKVÆÐI  |
| I. bálkur — Stofnanaákvæði                         | I. bálkur — Stofnanaákvæði   |
| 1. kafli — Stofnanirnar                            | 1. kafli — Stofnanirnar  |
| 1. þáttur — Evrópuþingið                           | 1. þáttur — Evrópuþingið   |
| 189. gr. (niðurfelld) <sup>(44)</sup>              |  |
| 1.–3. mgr. 190. gr. (niðurfelld) <sup>(45)</sup>   |  |
| 4. og 5. mgr. 190. gr.                             | 223. gr.   |
| 1. mgr. 191. gr. (niðurfelld) <sup>(46)</sup>      |  |
| Önnur málsgrein 191. gr.                           | 224. gr.   |
| 1. mgr. 192. gr. (niðurfelld) <sup>(47)</sup>      |  |
| Önnur málsgrein 192. gr.                           | 225. gr.   |
| 193. gr.   | 226. gr.   |

<sup>(44)</sup> Ákvæði 1. og 2. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(45)</sup> Ákvæði 1.–3. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(46)</sup> Ákvæði 4. mgr. 11. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(47)</sup> Ákvæði 1. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins</b> | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins</b> |
|---|--|
| 194. gr.  | 227. gr.   |
| 195. gr.  | 228. gr.   |
| 196. gr.  | 229. gr.   |
| Fyrsta málsgrein 197. gr. (niðurfelld) <sup>(48)</sup>    |  |
| Önnur, þriðja og fjórða málsgrein 197. gr.                | 230. gr.   |
| 198. gr.  | 231. gr.   |
| 199. gr.  | 232. gr.   |
| 200. gr.  | 233. gr.   |
| 201. gr.  | 234. gr.   |
|   | 2. þáttur — Leiðtogaráðið  |
|   | 235. gr.   |
|   | 236. gr.   |
| 2. þáttur — Ráðið   | 3. þáttur — Ráðið  |
| 202. gr. (niðurfelld) <sup>(49)</sup>                     |  |
| 203. gr. (niðurfelld) <sup>(50)</sup>                     |  |
| 204. gr.  | 237. gr.   |
| 2. og 4. mgr. 205. gr. (niðurfelld) <sup>(51)</sup>       |  |
| 1. og 3. mgr. 205. gr.                                    | 238. gr.   |
| 206. gr.  | 239. gr.   |
| 207. gr.  | 240. gr.   |
| 208. gr.  | 241. gr.   |
| 209. gr.  | 242. gr.   |
| 210. gr.  | 243. gr.   |
| 3. þáttur — Framkvæmdastjórnin                            | 4. þáttur — Framkvæmdastjórnin                                     |

<sup>(48)</sup> Ákvæði 4. mgr. 14. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(49)</sup> Ákvæði 1. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið og 290. og 291. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(50)</sup> Ákvæði 2. og 9. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(51)</sup> Ákvæði 4. og 5. mgr. 16. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins      | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins |
|---|---|
| 211. gr. (niðurfelld) <sup>(52)</sup>                   |   |
|   | 244. gr.  |
| 212. gr. (flutt)  | 2. mgr. 249. gr.  |
| 213. gr.  | 245. gr.  |
| 214. gr. (niðurfelld) <sup>(53)</sup>                   |   |
| 215. gr.  | 246. gr.  |
| 216. gr.  | 247. gr.  |
| 1., 3. og 4. mgr. 217. gr. (niðurfelld) <sup>(54)</sup> |   |
| 2. mgr. 217. gr.  | 248. gr.  |
| 1. mgr. 218. gr. (niðurfelld) <sup>(55)</sup>           |   |
| 2. mgr. 218. gr.  | 249. gr.  |
| 219. gr.  | 250. gr.  |
| 4. þáttur — Dómstóllinn                                 | 5. þáttur — Dómstóll Evrópusambandsins                      |
| 220. gr. (niðurfelld) <sup>(56)</sup>                   |   |
| Fyrsta málsgrein 221. gr. (niðurfelld) <sup>(57)</sup>  |   |
| Önnur og þriðja málsgrein 221. gr.                      | 251. gr.  |
| 222. gr.  | 252. gr.  |
| 223. gr.  | 253. gr.  |
| 224. gr. <sup>(58)</sup>                                | 254. gr.  |
|   | 255. gr.  |
| 225. gr.  | 256. gr.  |
| 225. gr. a  | 257. gr.  |

<sup>(52)</sup> Ákvæði 1. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(53)</sup> Ákvæði 3. og 7. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(54)</sup> Ákvæði 6. mgr. 17. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(55)</sup> Ákvæði 295. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(56)</sup> Ákvæði 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(57)</sup> Ákvæði fyrstu undirgreinar 2. mgr. 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(58)</sup> Í stað fyrsta málslíðar fyrstu undirgreinar komi önnur undirgrein 2. mgr. 19. gr. sáttmálans um Evrópusambandið að því er varðar meginatriði.



| Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br>Evrópubandalagsins | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br>Evrópusambandsins |
|---|--|
| 226. gr.  | 258. gr.   |
| 227. gr.  | 259. gr.   |
| 228. gr.  | 260. gr.   |
| 229. gr.  | 261. gr.   |
| 229. gr. a  | 262. gr.   |
| 230. gr.  | 263. gr.   |
| 231. gr.  | 264. gr.   |
| 232. gr.  | 265. gr.   |
| 233. gr.  | 266. gr.   |
| 234. gr.  | 267. gr.   |
| 235. gr.  | 268. gr.   |
|   | 269. gr.   |
| 236. gr.  | 270. gr.   |
| 237. gr.  | 271. gr.   |
| 238. gr.  | 272. gr.   |
| 239. gr.  | 273. gr.   |
| 240. gr.  | 274. gr.   |
|   | 275. gr.   |
|   | 276. gr.   |
| 241. gr.  | 277. gr.   |
| 242. gr.  | 278. gr.   |
| 243. gr.  | 279. gr.   |
| 244. gr.  | 280. gr.   |
| 245. gr.  | 281. gr.   |
|   | 6. þáttur — Seðlabanki Evrópu                                  |
|   | 282. gr.   |
| 112. gr. (flutt)                                      | 283. gr.   |

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins   | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins          |
|--|--|
| 113. gr. (flutt)   | 284. gr.   |
| 5. þáttur — Endurskoðunarrétturinn   | 7. þáttur — Endurskoðunarrétturinn                                   |
| 246. gr.   | 285. gr.   |
| 247. gr.   | 286. gr.   |
| 248. gr.   | 287. gr.   |
| 2. kafli — Sameiginleg ákvæði um ýmsar stofnanir   | 2. kafli — Réttargerðir Sambandsins, samþykktarferli og önnur ákvæði |
|  | 1. þáttur — Réttargerðir Sambandsins                                 |
| 249. gr.   | 288. gr.   |
|  | 289. gr.   |
|  | 290. gr. <sup>(59)</sup>   |
|  | 291. gr. <sup>(59)</sup>   |
|  | 292. gr.   |
|  | 2. þáttur — Málsmeðferð við samþykkt gerða og annarra ákvæða         |
| 250. gr.   | 293. gr.   |
| 251. gr.   | 294. gr.   |
| 252. gr. (niðurfelld)  |  |
|  | 295. gr.   |
| 253. gr.   | 296. gr.   |
| 254. gr.   | 297. gr.   |
|  | 298. gr.   |
| 255. gr. (flutt)   | 15. gr.  |
| 256. gr.   | 299. gr.   |
|  | 3. kafli — Ráðgjafarnefndir Sambandsins                              |
|  | 300. gr.   |
| 3. kafli — Efnahags- og félagsmálanefndin  | 1. þáttur — Efnahags- og félagsmálanefndin                           |
| <sup>(59)</sup> Kemur í stað þriðja undirliðar 202. gr. stofnsáttmála Evrópubandalagsins að því er varðar meginatriði. |  |

| <b>Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br/>Evrópubandalagsins</b>       | <b>Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br/>Evrópusambandsins</b> |
|---|--|
| 257. gr. (niðurfelld) <sup>(60)</sup>                               |  |
| Fyrsta, önnur og fjórða málsgrein 258. gr.                          | 301. gr.   |
| Þriðja málsgrein 258. gr. (niðurfelld) <sup>(61)</sup>              |  |
| 259. gr.  | 302. gr.   |
| 260. gr.  | 303. gr.   |
| 261. gr. (niðurfelld)   |  |
| 262. gr.  | 304. gr.   |
| 4. kafli — Svæðanefndin   | 2. þáttur — Svæðanefndin   |
| Fyrsta og fimmta málsgrein 263. gr. (niðurfelld)<br><sup>(62)</sup> |  |
| Önnur til fjórða málsgrein 263. gr.                                 | 305. gr.   |
| 264. gr.  | 306. gr.   |
| 265. gr.  | 307. gr.   |
| 5. kafli — Fjárfestingarbanki Evrópu                                | 4. kafli — Fjárfestingarbanki Evrópu                                   |
| 266. gr.  | 308. gr.   |
| 267. gr.  | 309. gr.   |
| II. bálkur — Fjárhagsákvæði   | II. bálkur — Fjárhagsákvæði  |
| 268. gr.  | 310. gr.   |
|   | 1. kafli — Eigin tekjur Sambandsins                                    |
| 269. gr.  | 311. gr.   |
| 270. gr. (niðurfelld) <sup>(63)</sup>                               |  |
|   | 2. kafli — Fjárhagsrammi til margra ára                                |
|   | 312. gr.   |
|   | 3. kafli — Árleg fjárlög Sambandsins                                   |

<sup>(60)</sup> Ákvæði 2. mgr. 300. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(61)</sup> Ákvæði 4. mgr. 300. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(62)</sup> Ákvæði 3. og 4. mgr. 300. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(63)</sup> Ákvæði 4. mgr. 310. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins |
|--|---|
| <i>1. mgr. 272. gr. (flutt)</i>                    | 313. gr.  |
| 271. gr. (flutt)                                   | 316. gr.  |
| 1. mgr. 272. gr. (flutt)                           | 313. gr.  |
| 2.–10. mgr. 272. gr.                               | 314. gr.  |
| 273. gr.   | 315. gr.  |
| 271. gr. (flutt)                                   | 316. gr.  |
|  | 4. kafli — Framkvæmd fjárlaga og staðfesting reikninga      |
| 274. gr.   | 317. gr.  |
| 275. gr.   | 318. gr.  |
| 276. gr.   | 319. gr.  |
|  | 5. kafli — Sameiginleg ákvæði                               |
| 277. gr.   | 320. gr.  |
| 278. gr.   | 321. gr.  |
| 279. gr.   | 322. gr.  |
|  | 323. gr.  |
|  | 324. gr.  |
|  | 6. kafli — Barátta gegn svikum                              |
| 280. gr.   | 325. gr.  |
|  | III. bólkur — Aukin samvinna                                |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 326. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 327. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 328. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 329. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 330. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 331. gr. <sup>(64)</sup>                                    |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>             | 332. gr. <sup>(64)</sup>                                    |

<sup>(64)</sup> Kemur einnig í stað núverandi 27. gr. a–27. gr. e, 40.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála<br>Evrópubandalagsins     | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti<br>Evrópusambandsins |
|---|--|
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>                    | 333. gr. <sup>(64)</sup>                                       |
| <i>11. gr. og 11. gr. a (skipt út)</i>                    | 334. gr. <sup>(64)</sup>                                       |
| <b>SJÖTTI HLUTI — ALMENN ÁKVÆÐI OG<br/>LOKAÁKVÆÐI</b>     | <b>SJÖUNDI HLUTI — ALMENN ÁKVÆÐI OG<br/>LOKAÁKVÆÐI</b>         |
| 281. gr. (niðurfelld) <sup>(65)</sup>                     |  |
| 282. gr.  | 335. gr.   |
| 283. gr.  | 336. gr.   |
| 284. gr.  | 337. gr.   |
| 285. gr.  | 338. gr.   |
| 286. gr. (skipt út)                                       | <i>16. gr.</i>   |
| 287. gr.  | 339. gr.   |
| 288. gr.  | 340. gr.   |
| 289. gr.  | 341. gr.   |
| 290. gr.  | 342. gr.   |
| 291. gr.  | 343. gr.   |
| 292. gr.  | 344. gr.   |
| 293. gr. (niðurfelld)                                     |  |
| 294. gr. (flutt)  | <i>55. gr.</i>   |
| 295. gr.  | 345. gr.   |
| 296. gr.  | 346. gr.   |
| 297. gr.  | 347. gr.   |
| 298. gr.  | 348. gr.   |
| 1. mgr. 299. gr. (niðurfelld) <sup>(66)</sup>             |  |
| Önnur, þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 299. gr.       | 349. gr.   |
| Fyrsta undirgrein, 2. mgr. og 3.–6. mgr. 299. gr. (flutt) | <i>355. gr.</i>  |

<sup>(64)</sup> Kemur einnig í stað núverandi 27. gr. a–27. gr. e, 40.–40. gr. b og 43.–45. gr. sáttmálans um Evrópusambandið.

<sup>(65)</sup> Ákvæði 47. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(66)</sup> Ákvæði 52. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

| Eldri númeraröð í stofnsáttmála Evrópubandalagsins               | Ný númeraröð í sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins |
|--|---|
| 300. gr. (skipt út)  | 218. gr.  |
| 301. gr. (skipt út)  | 215. gr.  |
| 302. gr. (skipt út)  | 220. gr.  |
| 303. gr. (skipt út)  | 220. gr.  |
| 304. gr. (skipt út)  | 220. gr.  |
| 305. gr. (skipt út)  |   |
| 306. gr.   | 350. gr.  |
| 307. gr.   | 351. gr.  |
| 308. gr.   | 352. gr.  |
|  | 353. gr.  |
| 309. gr.   | 354. gr.  |
| 310. gr. (flutt)   | 217. gr.  |
| 311. gr. (niðurfelld) <sup>(67)</sup>                            |   |
| <i>Fyrsta undirgrein, 2. mgr. og 3.–6. mgr. 299. gr. (flutt)</i> | 355. gr.  |
| 312. gr.   | 356. gr.  |
| Lokaákvæði   |   |
| 313. gr.   | 357. gr.  |
|  | 358. gr.  |
| 314. gr. (niðurfelld) <sup>(68)</sup>                            |   |

<sup>(67)</sup> Ákvæði 51. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.

<sup>(68)</sup> Ákvæði 55. gr. sáttmálans um Evrópusambandið komi í staðinn að því er varðar meginatriði.